ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 5

23. árgangur

28.1.2016

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2016/EES/05/01 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. apríl 2010 um endurskoðun á takmörkunum sem varða keðjustutt, klóruð paraffín sem tilgreind eru í XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 (2010/226/ESB) 1

2016/EES/05/02 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 351/2010 frá 23. apríl 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 862/2007 um hagskýrslur Bandalagsins um fólksflutninga og alþjóðlega vernd að því er varðar skilgreiningu á flokkum þegar hópuð eru saman fæðingarlönd, lönd fyrri vanalegrar búsetu, lönd næstu vanalegrar búsetu og ríkisföng 3

2016/EES/05/03 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi 6

2016/EES/05/04 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. júlí 2010 um að leysa Eistland undan tilteknum skuldbindingum um að beita tilskipunum ráðsins 66/402/EBE og 2002/57/EB að því er varðar *Avena strigosa* Schreb., *Brassica nigra* (L.) Koch og *Helianthus annuus* L. (2010/377/ESB) 25

2016/EES/05/05 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 822/2010 frá 17. september 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 198/2006 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1552/2005 um hagskýrslur um starfsþjálfun í fyrirtækjum, að því er varðar gögn sem safna skal, ásamt kröfum varðandi úrtöku, nákvæmni og gæði 26

2016/EES/05/06 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/144/EB frá 30. nóvember 2009 um tiltekna íhluti og eiginleika dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt. 41

2016/EES/05/07 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/411 frá 11. mars 2015 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um plúshlaðin fjölliðubindiefni með fjórgreind ammóníumsambönd sem blandað er í málningu og yfirborðsmeðferðarefni 179

2016/EES/05/08 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. nóvember 2006 um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til notkunar fyrir skammdrægan búnað (2006/771/EB). 181

2016/EES/05/09 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. nóvember 2006 um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar fyrir örmerkjabúnað sem er notaður á UHF-tíðnisviðinu (2006/804/EB) 186

2016/EES/05/10 Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 19. september 2005 um aðgreint bókhald og rekstrarbókhaldskerfi innan reglurammans um rafræn fjarskipti (2005/698/EB) 189

2016/EES/05/11 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013 frá 18. febrúar 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar á hiturum fyrir rými, sambyggðum hiturum, pökkum með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og pökkum með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku 195

2016/EES/05/12 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 80/2009 frá 14. janúar 2009 um hátternisreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2299/89. 277

2016/EES/05/13 Reglugerð ráðsins (EB) nr. 701/2006 frá 25. apríl 2006 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2494/95 að því er varðar þau tímabil sem verðkannanir vegna samræmdrar vísitölu neysluverðs skulu ná yfir 286

2016/EES/05/14 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 10/2008 frá 8. janúar 2008 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS) að því er varðar skilgreiningar, ítarlegar flokkanir og uppfærslu reglna um miðlun fyrir grunnkerfi evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um félagslega vernd og viðhengi um lífeyrisþega 288

2016/EES/05/15 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 177/2008 frá 20. febrúar 2008 um að setja sameiginlegan ramma fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93 298

2016/EES/05/16 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. desember 2013 um breytingu á ákvörðun 2006/771/EB um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til notkunar fyrir skammdrægan búnað og niðurfellingu á ákvörðun 2005/928/EB (2013/752/ESB) 309

2016/EES/05/17 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. desember 2011 um reglur um tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2004/107/EB og 2008/50/EB að því er varðar gagnkvæm skipti á upplýsingum og skýrslugjöf um gæði andrúmslofts (2011/850/ESB). 329

2016/EES/05/18 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. október 2014 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum (2014/704/ESB). 350

2016/EES/05/19 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1057 frá 1. júlí 2015 um breytingu á framkvæmdarákvörðun 2012/715/ESB um skrá yfir þriðju lönd með regluramma sem gildir um virk efni í mannalyf og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar sem tryggir lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu 353

2016/EES/05/20 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1014 frá 25. júní 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins 355

2016/EES/05/21 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/845 frá 27. maí 2015 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asoxýstróbín, klórantranilípról, sýantranilípról, díkamba, dífenókónasól, fenpýroxímat, flúdíoxóníl, glúfosínatammóníum, imasapik, imasapýr, indoxakarb, ísoxaflútól, mandíprópamíð, penþíópýrað, própíkónasól, pýrimetaníl, spírótetramat og trínexapak í eða á tilteknum afurðum 388

2016/EES/05/22 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/846 frá 28. maí 2015 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asetamípríð, ametóktradín, amísúlbróm, búpírímat, klófentesín, etefón, etirímól, flúópíkólíð, imasapik, própamókarb, pýraklóstróbín og táflúvalínat í eða á tilteknum afurðum 457

2016/EES/05/23 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/868 frá 26. maí 2015 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 2,4,5-T, barban, bínapakrýl, brómfosetýl, kamfeklór (toxafen), klórbúfam, klóroxúron, klósólínat, DNOC, díallat, dínóseb, dínóterb, díoxaþíón, etýlenoxíð, fentínasetat, fentínhýdroxíð, flúsýkloxúrón, flúsýtrínat, formóþíón, mekarbam, metakrífos, mónólínúron, fenótrín, prófam, pýrasófos, kínalfos, resmetrín, teknasen og vínklósólín í eða á tilteknum afurðum. 506

2016/EES/05/24 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/896 frá 11. júní 2015 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir *Trichoderma polysporum* af stofni IMI 206039, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofni ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni IMI 206040 og T11, *Trichoderma harzianum* af stofni T-22 og ITEM 908, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma asperellum* (stofn T34), *Trichoderma atroviride* af stofni I-1237, geraníól, þýmól, súkrósa, járnsúlfat (járn(III)súlfat), járnsúlfat (járn(II)súlfat) og fólínsýru í eða á tilteknum afurðum 577

2016/EES/05/25 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1040 frá 30. júní 2015 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asoxýstróbín, dímoxýstróbín, flúroxýpýr, metoxýfenósíð, metrafenón, oxadíargýl og tríbenúrón í eða á tilteknum afurðum 582

2016/EES/05/26 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1101 frá 8. júlí 2015 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir dífenókónasól, flúópíkólíð, flúópýram, ísópýrasam og pendímetalín í eða á tilteknum afurðum 629

2016/EES/05/27 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1200 frá 22. júlí 2015 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir amíðsúlfúrón, fenhexamíð, kresoxímmetýl, þíaklópríð og trífloxýstróbín í eða á tilteknum afurðum 656

2016/EES/05/28 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1609 frá 24. september 2015 um að samþykkja própíkónasól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 7 692

2016/EES/05/29 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1610 frá 24. september 2015 um að samþykkja *Pythium oligandrum* af stofni M1 sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 10 695

2016/EES/05/30 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1726 frá 28. september 2015 um að samþykkja 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 13. 698

2016/EES/05/31 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1727 frá 28. september 2015 um að samþykkja 5-klór-2-(4-klórfenoxý)fenól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2 og 4 701

2016/EES/05/32 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1728 frá 28. september 2015 um að samþykkja 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamat (IPBC) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 13 705

2016/EES/05/33 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1729 frá 28. september 2015 um að samþykkja kalíumsorbat sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 708

2016/EES/05/34 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1731 frá 28. september 2015 um að samþykkja medetómidín sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 711

2016/EES/05/35 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1221 frá 24. júlí 2015 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum á sviði tækni og vísinda 715

2016/EES/05/36 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1392 frá 13. ágúst 2015 um samþykki fyrir grunnefninu frúktósa, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 729

2016/EES/05/37 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1396 frá 14. ágúst 2015 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar virka efnið *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, eins og stofn AQ 713. 733

2016/EES/05/38 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1397 frá 14. ágúst 2015 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu flórasúlami, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 735

2016/EES/05/39 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 251/2014 frá 26. febrúar 2014 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á kryddblönduðum vínafurðum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 . . . 739

2016/EES/05/40 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 frá 26. júní 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun tölva og netþjóna 760

2016/EES/05/41 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2013 frá 3. maí 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar ryksugna 781

2016/EES/05/42 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2013 frá 8. júlí 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun ryksugna 804

2016/EES/05/43 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 801/2013 frá 22. ágúst 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1275/2008 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota með tilliti til aflþarfar þeirra í reiðuham eða þegar slökkt er á þeim og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 642/2009 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á sjónvörpum 815

2016/EES/05/44 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 812/2013 frá 18. febrúar 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar vatnshitara, geymslutanka fyrir heitt vatn og pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku 827

2016/EES/05/45 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 65/2014 frá 1. október 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar bakarofna og gufugleypa til heimilisnota 880

2016/EES/05/46 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 66/2014 frá 14. janúar 2014 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun bakarofna, helluborða og gufugleypa til heimilisnota 912

2016/EES/05/47 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. mars 2013 um viðmiðunarreglur fyrir aðildarríki vegna útreiknings á endurnýjanlegri orku frá varmadælum með mismunandi varmadælutækni skv. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB (2013/114/ESB) 927

2016/EES/05/48 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. október 2013 um breytingu á ákvörðun 2007/742/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur (2013/633/ESB). 936

2016/EES/05/49 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. febrúar 2010 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki (2010/115/ESB). 937

2016/EES/05/50 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 676/2006 frá 2. maí 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1980/2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skilgreiningar og uppfærslu á skilgreiningum. 942

2016/EES/05/51 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. febrúar 2012 um setningu reglna sem varða landsbundnar umbreytingaráætlanir sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði (2012/115/ESB). 943

2016/EES/05/52 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1391 frá 13. ágúst 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1200/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði að því er varðar reiknistuðla búfjáreininga og skilgreiningar á einkennum 957

2016/EES/05/53 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1730 frá 28. september 2015 um að samþykkja vetnisperoxíð sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 3, 4, 5 og 6 980

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/05/01**

frá 20. apríl 2010

um endurskoðun á takmörkunum sem varða keðjustutt, klóruð paraffín sem tilgreind eru í XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006

(tilkynnt með númeri C(2010) 1942)

(2010/226/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 5. mgr. 69. gr.,

að höfðu samráði við nefndina sem komið var á fót með 133 gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Konungsríkið Holland óskaði eftir því með bréfi dagsettu 4. júní 2009 að takmörkunin að því er varðar keðjustutt, klóruð paraffín, sem eru tilgreind sem færsla 42 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, skuli endurskoðuð og hefur lagt fram gögn því til stuðnings skv. 5. mgr. 69. gr. þeirrar reglugerðar. Holland lýsti því yfir að þessum efnum fylgi áhætta fyrir umhverfið, einkum ef þau eru sett í vörur, þ.m.t. gúmmívörur, byggingarefni (þéttiefni), textílefni og vörur meðhöndlaðar með málningu og þekjuefni, vegna uppgufunar, útskolunar og veðrunar á vistferli þeirra vara.

2) Í síðustu viðbót við áhættumatsskýrslu Evrópusambandsins ([2]), sem komið var á samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna ([3]), var komist að þeirri niðurstöðu að keðjustutt, klóruð paraffín uppfylli viðmiðin varðandi efni, sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð (PBT) og einnig var greind frekari umhverfisáhætta varðandi bakhúð textílefna og blöndun og umbreytingu gúmmís. Vegna þess að keðjustutt, klóruð paraffín eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð voru þau skilgreind sem sérlega varasöm efni og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

3) Með ákvörðun 2007/395/EB frá 7. júní 2007 um innlend ákvæði, sem Konungsríkið Holland hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans, varðandi notkun keðjustuttra, klóraðra paraffína ([4]) veitti framkvæmdastjórnin Hollandi leyfi til að viðhalda innlendum ákvæðum sínum um keðjustutt, klóruð paraffín sem voru strangari en ákvæðin um keðjustutt, klóruð paraffín í I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ([5]). Þessar gildandi og strangari takmarkanir að því er varðar keðjustutt, klóruð paraffín eru tilgreindar í orðsendingu frá framkvæmdastjórninni skv. 3. mgr. 67. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 ([6]) og Hollandi er heimilt að viðhalda þeim til 1. júní 2013.

4) Lagt hefur verið til að keðjustutt, klóruð paraffín verði færð á skrá í bókunina um þrávirk, lífræn efni, innan ramma samnings efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa, sem og í Stokkhólmssamninginn um þrávirk, lífræn efni. Þar eð slík færsla á skrá hefur enn ekki náðst þykir rétt að hefja endurskoðun á takmörkuninni að því er varðar keðjustutt, klóruð paraffín samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006, til að seinka ekki hugsanlegri samþykkt á viðeigandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

5) Samkvæmt 4. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skal Holland taka saman málsskjöl sem samrýmast kröfum XV. viðauka við þá reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 100, 22.4.2010, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 30.6.2011, bls. 37.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Áhættumatsskýrsla Evrópusambandsins — uppfærð útgáfa, ágúst 2008 — aðgengileg á: http://ecb.jrc.ec.europa.eu/.

([3]) Stjtíð. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 148, 9.6.2007, bls. 17.

([5]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.

([6]) Stjtíð. ESB C 130, 9.6.2009, bls. 3.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Takmörkunin að því er varðar keðjustutt, klóruð paraffín, sem eru tilgreind sem færsla 42 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, skal endurskoðuð í samræmi við málsmeðferðina sem er sett fram í 69. gr. þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna og Efnastofnunar Evrópu.

Gjört í Brussel 20. apríl 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Antonio TAJANI

varaforseti

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 351/2010 **2016/EES/05/02**

frá 23. apríl 2010

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 862/2007 um hagskýrslur Bandalagsins um fólksflutninga og alþjóðlega vernd að því er varðar skilgreiningu á flokkum þegar hópuð eru saman fæðingarlönd, lönd fyrri vanalegrar búsetu, lönd næstu vanalegrar búsetu og ríkisföng (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 862/2007 frá 11. júlí 2007 um hagskýrslur Bandalagsins um fólksflutninga og alþjóðlega vernd og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 311/76 um tölfræðilega skráningu erlends vinnuafls ([1]), einkum b-lið 2. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja sambærileika gagna frá ólíkum hagskýrslu- og stjórnsýsluheimildum í aðildarríkjunum og til að hægt sé að gera áreiðanleg yfirlit yfir allt Bandalagið verður að skilgreina flokka á sama hátt í öllum aðildarríkjunum þegar hópuð eru saman fæðingarlönd, lönd fyrri vanalegrar búsetu, lönd næstu vanalegrar búsetu og ríkisföng. Í reglugerð (EB) nr. 862/2007 er því gerð krafa um að framkvæmdastjórnin skilgreini ofangreinda flokka.

2) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um skilgreiningu á flokkum þegar hópuð eru saman fæðingarlönd, lönd fyrri fastrar búsetu, lönd næstu vanalegrar búsetu og ríkisföng, eins og gerð er krafa um í reglugerð (EB) nr. 862/2007.

2. gr.

Merking eftirfarandi hugtaka fyrir ofangreinda flokka er sem hér segir:

a) „land fyrri vanalegrar búsetu“: það land þar sem einstaklingur var með vanalega búsetu rétt áður en aðflutningur átti sér stað, án tillits til ríkisfangs eða fæðingarlands einstaklingsins,

b) „land næstu vanalegrar búsetu“: það land þar sem einstaklingur verður með næstu búsetu eftir brottflutning, án tillits til ríkisfangs eða fæðingarlands einstaklingsins,

c) „stig þróunar“: hlutfallslegt stig þróunar lands, eins og það er skilgreint út frá tölfræðilegum mælingum á lífslíkum, lestrar- og skriftarkunnáttu, menntunarstigi og vergri landsframleiðslu á mann,

d) „innfæddur“: einstaklingur sem fæddur var í landi núverandi vanalegrar búsetu, án tillits til ríkisfangs einstaklingsins,

e) „fæddur utanlands“: einstaklingur sem fæddur var utan lands núverandi vanalegrar búsetu, án tillits til ríkisfangs einstaklingsins.

3. gr.

Hópar fæðingarlanda, hópar landa fyrri vanalegrar búsetu, hópar landa næstu vanalegrar búsetu og hópar ríkisfanga sem aðildarríkjunum er skylt að senda gögn um til framkvæmdastjórnarinnar, eru skráðir í viðaukanum.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. apríl 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 104, 24.4.2010, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 16.12.2010, bls. 22.

([1]) Stjtíð. ESB L 199, 31.7.2007, bls. 23.

VIÐAUKI

Hópar landa og ríkisfanga eru eftirfarandi:

– grunnhópar,

– viðbótarhópar annarra landa og ríkisfanga utan Evrópusambandsins (ESB).

1. HELSTU LANDAHÓPAR

1.1. **Flokkað eftir ríkisfangi**

„Ríkisfang“ skal skilgreint í samræmi við d-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 862/2007.

Einstaklingi með ríkisfang í tveimur eða fleiri löndum skal aðeins úthlutað ríkisfangi eins lands og verður það ákvarðað með eftirfarandi forgangsröð:

1. skýrslugjafarland, eða, ef einstaklingur er ekki með ríkisfang skýrslugjafarlands,

2. annað aðildarríki ESB, eða, ef einstaklingur hefur ekki ríkisfang annars aðildarríkis ESB,

3. annað land utan Evrópusambandsins.

Ef einstaklingur hefur tvö eða fleiri ríkisföng aðildarríkja ESB, en hvorugt þeirra er skýrslugjafarland, skulu aðildarríkin ákvarða hvort þeirra er ríkisfangsland.

Þegar einstaklingur hefur tvö eða fleiri ríkisföng landa utan ESB, skulu aðildarríki ákvarða hvert þeirra eigi að vera ríkisfangslandið.

Gögnin sem mælt er fyrir um í i. lið a-liðar og i. lið c-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 862/2007 skulu vera aðgreind samkvæmt eftirfarandi hópum ríkisfanga:

– ríkisfang skýrslugjafarlands (ríkisborgarar),

– ríkisfang annars aðildarríkis ESB (aðrir ríkisborgarar ESB),

– ríkisföng annarra landa utan ESB (ríkisborgarar utan ESB), sem eru:

  – ríkisföng EFTA-landa,

  – ríkisföng umsóknarlanda,

  – ríkisföng annarra landa utan ESB,

– ríkisfang óþekkt.

Gögnin, sem mælt er fyrir um í i. lið b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 862/2007, skulu vera aðgreind samkvæmt eftirfarandi hópum ríkisfanga:

– ríkisfang skýrslugjafarlands (ríkisborgarar),

– ríkisfang annars aðildarríkis ESB (aðrir ríkisborgarar ESB),

– ríkisföng annarra landa utan ESB (ríkisborgarar utan ESB),

– ríkisfang óþekkt.

1.2. **Hópar fæðingarlanda**

„Fæðingarland“ skal skilgreint í samræmi við e-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 862/2007.

Gögnin, sem mælt er fyrir um í ii. lið a-liðar og ii. lið c-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 862/2007, skulu vera aðgreind samkvæmt eftirfarandi hópum fæðingarlanda:

– skýrslugjafarland (innfæddur),

– önnur aðildarríki ESB (fæddur utanlands ESB),

– utan ESB (fæddur í landi utan aðildarríkja ESB), sem eru:

  – EFTA-lönd,

  – umsóknarlönd,

  – önnur lönd utan ESB,

– fæðingarland óþekkt.

1.3. **Hópar landa fyrri vanalegrar búsetu**

Gögnin, sem mælt er fyrir um í iii. lið a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 862/2007, skulu vera aðgreind samkvæmt eftirfarandi hópum landa fyrri vanalegrar búsetu:

– Önnur aðildarríki ESB,

– utan ESB, sem eru:

  – EFTA-lönd,

  – umsóknarlönd,

  – önnur lönd utan ESB,

– óþekkt lönd fyrri vanalegrar búsetu.

1.4. **Hópar landa næstu vanalegrar búsetu**

Gögnin, sem mælt er fyrir um í iv. lið b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 862/2007, skulu vera aðgreind samkvæmt eftirfarandi hópum næstu vanalegrar búsetu:

– önnur aðildarríki ESB,

– utan ESB,

– óþekkt lönd næstu fastrar búsetu.

2. VIÐBÓTARHÓPAR ANNARRA LANDA OG RÍKISFANGA UTAN EVRÓPUSAMBANDSINS (ESB) EFTIR STIGI ÞRÓUNAR

Aðgreina skal einnig þau gögn sem tengjast öðrum löndum utan ESB og ríkisföngum utan ESB, sem mælt er fyrir um í i-lið a-liðar, i., ii. og iii. lið c-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 862/2007, í eftirfarandi flokka stigs þróunar:

– háþróuð lönd,

– meðalþróuð lönd,

– vanþróuð lönd.

3. SKRÁ YFIR HÓPA LANDA OG RÍKISFANGA

Fæðingarland, land fyrri vanalegrar búsetu og land næstu vanalegrar búsetu skulu vísa til þeirra landa sem skilgreind eru samkvæmt alþjóðlegum landamærum sem í gildi eru 1. janúar á viðmiðunarárinu.

Samsetning Evrópusambandsins, Fríverslunarsamtaka Evrópu og umsóknarlanda skal vera sú sem er í gildi 1. janúar á viðmiðunarárinu.

Framkvæmdastjórnin mun veita aðildarríkjunum skrár yfir þau lönd og ríkisföng sem eiga að vera í hverjum grunnflokki. Skrárnar yfir grunnflokkana skulu uppfærðar eins oft og þörf krefur.

Framkvæmdastjórnin mun veita aðildarríkjunum skrár yfir þau lönd og ríkisföng sem eiga að vera í hverjum viðbótarflokki vegna stigs þróunar. Skrárnar yfir viðbótarflokkana skulu uppfærðar eins oft og þörf krefur.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2008/101/EB **2016/EES/05/03**

frá 19. nóvember 2008

um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins ([4]) er komið á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins til að stuðla að því að dregið verði úr losun þeirra á kostnaðarhagkvæman og efnahagslega skilvirkan hátt.

2) Lokamarkmið rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC), sem var samþykkt af hálfu Evrópubandalagsins með ákvörðun ráðsins 94/69/EB([5]), er að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu stöðugum undir tilteknum gildum þannig að komið verði í veg fyrir hættulegar veðurfarsbreytingar af mannavöldum.

3) Á fundi leiðtogaráðsins í Brussel 8. og 9. mars 2007 var lögð áhersla á mikilvægi þess að ná því stefnumótandi markmiði að hitastig á heimsvísu hækki ekki um meira en 2° C miðað við það sem var fyrir iðnbyltinguna. Nýjustu niðurstöður vísindarannsókna, sem birtar voru í fjórðu matsskýrslu milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar (IPCC), sýna jafnvel enn skýrar fram á að neikvæð áhrif loftlagsbreytinga hafa sífellt alvarlegri áhættu í för með sér fyrir vistkerfi, matvælaframleiðslu og heilbrigði manna og öryggi og þau minnka líkur á að ná fram sjálfbærri þróun og þúsaldarmarkmiðum í þróunarmálum. Til að halda markmiðinu um 2° C innan seilingar þarf að koma á stöðugleika í styrkleika gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu við um 450 milljónarhluta jafngildiseininga koltvísýrings, sem hefur í för með sér að losun gróðurhúsalofttegunda verður að ná hámarki á næstu 10 til 15 árum og veruleg losun lofttegunda á heimsvísu verður að minnka fyrir árið 2050 um a.m.k. 50% miðað við losunina árið 1990.

4) Leiðtogaráðið lagði áherslu á að Evrópusambandið skuli einsetja sér að breyta Evrópu í afar orkunýtið hagkerfi með lítilli losun gróðurhúsalofttegunda og, þar til hnattrænt og ítarlegt samkomulag hefur verið gert eftir árið 2012, skuldbundið sig á tiltekinn og óháðan hátt til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins eigi síðar en árið 2020 niður í a.m.k. 20% niður fyrir losunina sem var árið 1990. Takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda vegna flugsamgangna er mikilvægt framlag í tengslum við þessa skuldbindingu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 8, 13.1.2009, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 7.4.2011, bls. 11.

([1]) Stjtíð. ESB C 175, 27.7 2007, bls. 47.

([2]) Stjtíð. ESB C 305, 15.12 2007, bls. 15.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 13. nóvember 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum), sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. apríl 2008 (Stjtíð. ESB C 122 E, 20.5.2008, bls. 19) og afstaða Evrópuþingsins frá 8. júlí 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum). Ákvörðun ráðsins frá 24. október 2008.

([4]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10. 2003, bls. 32.

([5]) Stjtíð. ESB L 33, 7.2. 1994, bls. 11.

5) Leiðtogaráðið lagði áherslu á að Evrópusambandið hafi einsett sér að ná hnattrænu heildarsamkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir árið 2012 sem væru áhrifarík, skilvirk og eðlileg viðbrögð af þeirri stærðargráðu sem nauðsynleg er til að takast á við loftslagsbreytingar. Sambandið studdi 30% minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda í Evrópusambandinu fyrir árið 2020 miðað við losunina árið 1990 sem framlag sitt til hnattræns heildarsamkomulags fyrir tímabilið eftir árið 2012, að því tilskildu að önnur iðnríki skuldbindi sig til sambærilegrar minnkunar á losun og efnahagslega þróaðri þróunarlönd leggi nægilega mikið af mörkum í samræmi við ábyrgð sína og getu hverju sinni. Sá góði árangur, sem náðist á 13. ráðstefnu aðildarríkja að UNFCCC á Balí í desember 2007, er Evrópusambandinu hvatning til að halda áfram að leiða samningaviðræður um metnaðarfullan alþjóðasamning sem hefur það markmið að hitastig á heimsvísu hækki ekki um meira en 2 °C. Evrópusambandið mun leitast við að tryggja að í slíkum alþjóðasamningi felist ráðstafanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna flugsamgangna, og í þessu tilfelli ætti framkvæmdastjórnin að taka til athugunar hvaða breytingar þurfi að gera á þessari tilskipun þar sem hún gildir um umráðendur loftfara.

6) Evrópuþingið samþykkti 14. febrúar 2007 ályktun um loftslagsbreytingar ([6]) þar sem vísað er til þess markmiðs að meðalhækkun hitastigs á heimsvísu verði ekki meiri en 2 °C miðað við það sem var fyrir iðnvæðingu, og þar sem Evrópusambandið er hvatt til að sinna áfram forystuhlutverki sínu í samningaviðræðunum í því markmiði að koma á fót alþjóðlegum ramma um loftslagsbreytingar eftir árið 2012 og viðhalda miklum metnaði í viðræðum við alþjóðlega samstarfsaðila Sambandsins í framtíðinni, og lögð var áhersla á nauðsyn þess að ná fram fyrir árið 2020 heildarminnkun á losun í öllum iðnríkjum sem nemur 30% miðað við losunina árið 1990 í því markmiði að ná fram 60 til 80% minnkun fyrir árið 2050.

7) Samkvæmt UNFCCC er öllum aðilum skylt að setja fram og framkvæma landsbundnar og, eftir því sem við á, svæðisbundnar áætlanir sem fela í sér ráðstafanir til að draga úr loftslagsbreytingum.

8) Samkvæmt Kýótóbókuninni við UNFCCC, sem samþykkt var fyrir hönd Evrópubandalagsins með ákvörðun ráðsins 2002/358/EB ([7]), er þess krafist að iðnríki leitist við að takmarka eða draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, sem ekki falla undir Montreal-bókunina og stafa af flugsamgöngum, á vettvangi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

9) Bandalagið er ekki aðili að Chicago-samningnum um alþjóðlegt almenningsflug (Chicago-samningurinn) frá 1944 en hins vegar eru öll aðildarríki aðilar að samningnum og Alþjóðaflugmálastofnuninni. Í samvinnu við önnur ríki innan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar halda aðildarríki áfram að styðja starf sem miðar að því að þróa ráðstafanir, m.a. markaðstengd stjórntæki, til að draga úr loftslagsbreytingum vegna flugsamgangna. Á sjötta fundi nefndar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um umhverfisvernd á sviði flugmála (ICAO Committee on Aviation Environmental Protection) árið 2004 var samþykkt að kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir, sem tengdist flugmálum sérstaklega og væri byggt á nýjum lagagerningi á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, væri ekki nægilega álitlegur kostur og því ekki vert huga frekar að því. Af þessum sökum samþykkti 35. þing Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem haldið var í september 2004, ályktun A35-5 þar sem ekki var lagður til nýr lagagerningur heldur hvatt til opinna viðskipta með losunarheimildir og að ríki geti tekið losun sem stafar af alþjóðlegum flugsamgöngum upp í kerfi sín fyrir viðskipti með losunarheimildir. Í viðbæti L við ályktun A36-22, sem samþykkt var á 36. þingi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í september 2007, eru samningsríki hvött til að hrinda ekki í framkvæmd kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir að því er varðar umráðendur loftfara í öðrum samningsríkjum nema á grundvelli gagnkvæms samkomulags milli ríkjanna. Með hliðsjón af því að í Chicago-samningnum er á skýran hátt viðurkenndur réttur hvers samningsaðila til að beita, án mismununar, eigin loftferðalögum og -reglum að því er varðar loftför allra ríkjanna gerðu aðildarríki Evrópubandalagsins og fimmtán önnur Evrópuríki fyrirvara við þessa ályktun og og áskildu sér rétt til þess, samkvæmt Chicago-samningnum, að samþykkja og beita markaðstengdum ráðstöfunum, án mismununar, gagnvart öllum umráðendum loftfara í öllum ríkjum sem bjóða flugþjónustu til yfirráðasvæðis þeirra, frá því eða innan þess.

10) Í sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála, sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB ([8]), er kveðið á um að Bandalagið skuli tilgreina og grípa til sértækra aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna flugsamgangna ef Alþjóðaflugmálastofnunin hefur ekki samþykkt slíkar aðgerðir eigi síðar en árið 2002. Í ályktunum sínum frá október 2002, desember 2003 og október 2004 hefur ráðið ítrekað hvatt framkvæmdastjórnina til að leggja til aðgerðir sem miða að því að draga úr loftslagsbreytingum sem stafa af millilandaflutningum í lofti.

11) Stefnu og ráðstöfunum skal hrundið í framkvæmd innan einstakra aðildarríkja og á vettvangi Bandalagsins í öllum geirum hagkerfis Bandalagsins til að draga megi eins mikið úr losun og þörf krefur. Ef áhrif loftslagsbreytinga vegna fluggeirans halda áfram að aukast með núverandi hraða munu þær vega verulega upp á móti skerðingu í öðrum geirum í tengslum við baráttuna gegn loftslagsbreytingum.

([6]) Stjtíð. ESB C 287 E, 29.11.2007, bls. 344.
([7]) Stjtíð. ESB L 130, 15.5. 2002, bls. 1.
([8]) Stjtíð. ESB L 242, 10.9. 2002, bls. 1.

12) Í orðsendingu sinni til ráðsins, Evrópuþingsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna og svæðanefndarinnar frá 27. september 2005, „Að draga úr loftslagsbreytingum vegna flugsamgangna“ („Reducing the Climate Change of Aviation“), setti framkvæmdastjórnin fram áætlun um að draga úr loftslagsáhrifum vegna þessara samgangna. Þar eð áætlunin var hluti af heildstæðum ráðstöfunum var í henni lagt til að flugsamgöngur féllu undir kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og kveðið á um stofnun vinnuhóps um flugsamgöngur með þátttöku allra hagsmunaaðila, sem væri þáttur í öðrum áfanga Evrópuáætlunarinnar um loftslagsbreytingar og verkefni hans væri að kanna leiðir til að fella flugsamgöngur inn í kerfi Bandalagsins. Í ályktunum sínum frá 2. desember 2005 féllst ráðið á það að frá efnahags- og umhverfissjónarmiðum virtist besta lausnin vera sú að fella fluggeirann undir kerfi Bandalagsins og það fór þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði fram lagafrumvarp þess efnis eigi síðar en í lok ársins 2006. Í ályktun sinni frá 4. júlí 2006 um að draga úr loftslagsbreytingum vegna flugsamgangna ([9]) viðurkenndi Evrópuþingið að viðskipti með losunarheimildir geti hugsanlega verið hluti af heildstæðum ráðstöfunum gegn áhrifum flugsamgangna á loftslag, séu þau útfærð á viðeigandi hátt.

13) Heildstæðar ráðstafanir skulu einnig fela í sér rekstrar- og tæknilegar ráðstafanir. Framfarir á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar samkvæmt áætluninni um samevrópska loftrýmið og SESAR-áætluninni gætu stuðlað að aukningu á heildarnýtni eldsneytis um allt að 12%. Rannsóknir á nýrri tækni, m.a. aðferðum til að bæta eldsneytisnýtni loftfara, geta dregið enn frekar úr losun vegna flugsamgangna.

14) Markmiðið með breytingunum, sem gerðar eru á tilskipun 2003/87/EB með þessari tilskipun, er að draga úr loftslagsbreytingum, sem rekja má til flugsamgangna, með því að fella losun frá flugstarfsemi inn í kerfi Bandalagsins.

15) Umráðendur loftfara hafa öðrum fremur beina stjórn á því hvaða tegundir loftfara eru í rekstri og hvernig þeim er flogið og skulu því bera ábyrgð á því að staðið sé við skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, m.a. þá skuldbindingu að vöktunaráætlun sé gerð, að losun sé vöktuð í samræmi við áætlunina og að gefin sé skýrsla um losunina. Auðkenni umráðanda loftfars getur verið ICAO-kennimerki eða annað viðurkennt kennimerki sem notað er til að auðkenna flugið. Ef auðkenni umráðanda loftfars er óþekkt skal líta á eiganda loftfarsins sem umráðanda þess nema hann færi sönnur á það á hver sé umráðandi loftfarsins.

([9]) Stjtíð. ESB C 303 E, 13.12.2006, bls. 119.

16) Til að komast hjá röskun á samkeppni og bæta skilvirkni í umhverfismálum skal losun frá allri flugumferð að og frá flugvöllum í Bandalaginu talin með frá og með árinu 2012.

17) Bandalagið og aðildarríki þess skulu halda áfram að leita eftir samkomulagi um hnattrænar ráðstafanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá flugsamgöngum. Kerfi Bandalagsins getur verið fyrirmynd að viðskiptum með losunarheimildir um allan heim. Bandalagið og aðildarríki þess skulu áfram halda sambandi við þriðju aðila við framkvæmd þessarar tilskipunar og hvetja þriðju lönd til að grípa til samsvarandi ráðstafana. Ef þriðja land samþykkir ráðstafanir sem hafa a.m.k. jafnmikil áhrif og þau sem þessi tilskipun hefur í för með sér í þá átt að draga úr loftslagsbreytingum vegna flugumferðar til Bandalagsins skal framkvæmdastjórnin, eftir að hafa ráðfært sig við þriðja landið, vega og meta þá kosti sem tiltækir eru til að samspil kerfis Bandalagsins og ráðstafana þriðja landsins verði sem ákjósanlegast. Með kerfum um viðskipti með losunarheimildir, sem verið er að þróa í þriðju löndum, er að skapast ákjósanlegt samspil við kerfi Bandalagsins m.t.t. umfangs flugsamgangna í þessum löndum. Tvíhliða samningar um tengingu kerfis Bandalagsins við önnur viðskiptakerfi í því skyni að búa til sameiginlegt kerfi eða um að höfð verði hliðsjón af samsvarandi ráðstöfunum til að komast hjá tvöfaldri lagasetningu gætu orðið skref í átt að hnattrænum samningi. Ef slíkir tvíhliða samningar eru gerðir getur framkvæmdastjórnin breytt því hvers konar flugstarfsemi fellur undir kerfi Bandalagsins og m.a. breytt heildarfjölda losunarheimildanna sem gefinn verður út til handa umráðendum loftfara.

18) Í samræmi við meginregluna um betri lagasetningu skulu tilteknar flugferðir vera undanskildar kerfi Bandalagsins. Til að komast enn frekar hjá óhóflegri stjórnsýslulegri byrði skulu umráðendur loftfars í flutningaflugi, sem fara færri en 243 flugferðir á þremur fjögurra mánaða tímabilum í röð, vera undanþegnir kerfi Bandalagsins. Þetta kæmi flugrekendum, sem sinna takmarkaðri þjónustu innan gildissviðs kerfis Bandalagsins, til góða, m.a. flugrekendum frá þróunarlöndum.

19) Í flugi fer fram losun á koltvísýringi, köfnunarefnisoxíðum, vatnsgufu og súlfat- og sótögnum og þannig hafa flugsamgöngur áhrif á loftslagið í heiminum. Milliríkjanefndin um loftslagsbreytingar (IPCC) hefur áætlað að heildaráhrif flugsamgangna á loftslag séu nú tvisvar til

fjórum sinnum meiri en áhrifin frá koltvísýringslosuninni einni. Nýleg rannsókn á vegum Bandalagsins gefur til kynna að heildaráhrif flugsamgangna á loftslag gætu verið u.þ.b. tvöfalt meiri en áhrif koltvísýrings eingöngu. Í hvorugri þessara áætlana er þó tekið tillit til áhrifa klósiga, en um þau ríkir mikil óvissa. Í samræmi við 2. mgr. 174. gr. sáttmálans byggist umhverfisstefna Bandalagsins á varúðarreglunni. Þar til frekari framfarir hafa orðið á sviði vísinda skal taka eins mikið tillit til allra áhrifa vegna flugsamgangna og unnt er. Um losun köfnunarefnisoxíðs verður fjallað í annarri löggjöf sem framkvæmdastjórnin mun gera tillögu um árið 2008. Stuðla skal að rannsóknum á myndun flugslóða og klósiga og takmarkandi ráðstöfunum, sem eru árangursríkar, m.a. ráðstöfunum á sviði rekstrar og tækni.

20) Til að komast hjá röskun á samkeppni skal mæla fyrir um samræmdar aðferðir við úthlutun í því skyni að ákvarða heildarfjölda þeirra losunarheimilda, sem gefa skal út, og úthluta heimildum til umráðenda loftfara. Tilteknu hlutfalli losunarheimilda verður úthlutað með uppboði í samræmi við reglur sem framkvæmdastjórnin setur. Koma skal á fót sérstökum varasjóði losunarheimilda til að tryggja nýjum umráðendum loftfara aðgang að markaðinum og aðstoða umráðendur loftfara ef fjöldi tonnkílómetra í starfsemi þeirra eykst hratt. Áfram skulu gefnar út losunarheimildir til þeirra umráðenda loftfara sem hætta rekstri þar til tímabilinu, sem losunarheimildir án endurgjalds hefur verið úthlutað fyrir, lýkur.

21) Rétt er að hlutfall losunarheimilda, sem eru gefnar út án endurgjalds til allra umráðenda loftfara sem taka þátt í kerfi Bandalagsins, verði að fullu samræmt til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir umráðendur loftfara, enda munu reglur eins aðildarríkis gilda um hvern umráðanda loftfars að því er varðar allt flug hans til ESB, innan þess og frá því, auk þess sem um hann gilda ákvæði um bann við mismunun í tvíhliða samningum um flugþjónustu við þriðju lönd.

22) Flugsamgöngur eiga sinn þátt í heildaráhrifum á loftslagsbreytingar af völdum starfsemi manna og takmarka má umhverfisáhrif af losun gróðurhúsalofttegunda frá loftförum með ráðstöfunum til að sporna við loftslagsbreytingum í ESB og þriðju löndum, einkum þróunarlöndum, og til að fjármagna rannsóknir og þróun m.t.t. takmörkunar og aðlögunar, einkum að því er varðar flugtækni og flutninga í lofti. Ákvarðanir um opinber útgjöld hvers lands um sig eru mál aðildarríkjanna, í samræmi við dreifræðisregluna. Án þess að það hafi áhrif á þá stöðu skal nota tekjur af uppboði á losunarheimildum, eða samsvarandi fjárhæð, svo fremi ráðandi meginreglur fjárlaga aðildarríkjanna, t.d. um einingu (unity) og algildi (universality), krefjist þess, til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, aðlagast áhrifum af loftslagsbreytingum í ESB og þriðju löndum og til að fjármagna rannsóknir og þróun til takmörkunar og aðlögunar, ásamt því að standa straum af stjórsýslukostnaði við kerfi Bandalagsins. Tekjum af uppboðum skal einnig varið til flutninga sem valda lítilli losun. Ágóðanum af uppboðunum skal einkum varið til að fjármagna framlög til alþjóðlega sjóðsins fyrir orkunýtni og endurnýjanlega orku og til ráðstafana til að koma í veg fyrir skógeyðingu og greiða fyrir aðlögun í þróunarlöndum. Þau ákvæði þessarar tilskipunar, sem varða ráðstöfun tekna, skulu ekki hafa áhrif á neinar ákvarðanir um ráðstöfun tekna af uppboðum á losunarheimildum í tengslum við almenna allsherjarendurskoðun á tilskipun 2003/87/EB.

23) Ákvæði um ráðstöfun fjár frá uppboðunum skulu tilkynnt framkvæmdastjórninni. Slíkar tilkynningar losa aðildarríki þó ekki undan þeirri skyldu, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að tilkynna um tilteknar, landsbundnar ráðstafanir. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á niðurstöður úr hvers kyns síðari tíma málsmeðferðum í tengslum við ríkisaðstoð sem kann að verða veitt í samræmi við 87. gr. og 88. gr. sáttmálans.

24) Til að auka kostnaðarhagkvæmni kerfis Bandalagsins skulu umráðendur loftfara geta notað einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar frá starfsemi sem er rekin á grundvelli verkefnistengdra aðgerða, upp að samræmdu hámarki, til að uppfylla skyldu sína um að skila inn losunarheimildum. Notkun eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga skal vera í samræmi við viðmiðanirnar fyrir viðurkenningu á notkun í kerfinu fyrir viðskipti sem settar eru fram í þessari tilskipun. Meðaltal hundraðshlutanna, sem aðildarríkin hafa tilgreint vegna notkunar eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga á fyrsta skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar, er u.þ.b. 15%.

25) Í ályktunum fundar leiðtogaráðsins í Brussel 13. og 14. mars 2008 féllst ráðið á, með skírskotun til hnattræns samhengis samkeppnismarkaða, að áhættan á kolefnisleka sé áhyggjuefni sem þurfi að greina og bregðast við sem fyrst í nýju tilskipuninni um kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir þannig að unnt verði að grípa til viðeigandi ráðstafana ef alþjóðlegar samningaviðræður reynast árangurslausar. Alþjóðasamningur sé enn besta leiðin til að fjalla um þetta efni.

26) Til að létta stjórnsýslubyrði af umráðendum loftfara skal eitt aðildarríki bera ábyrgð á hverjum umráðanda loftfars. Aðildarríkjum er gert að tryggja að umráðendur loftfara, sem fengu útgefið rekstrarleyfi í því aðildarríki, eða umráðendur loftfara, sem eru án rekstrarleyfis eða eru frá þriðju löndum og losun á þeirra vegum á viðmiðunarári má að mestu rekja til viðkomandi aðildarríkis, uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun. Ef umráðandi loftfars uppfyllir ekki kröfurnar í þessari tilskipun og aðrar ráðstafanir ábyrgðarríkisins til framfylgdar duga ekki til að tryggja að kröfurnar séu uppfylltar skulu aðildarríkin standa saman um aðgerðir. Ábyrgðarríkið skal því geta farið fram á það við framkvæmdastjórnina að hún ákveði að setja flugrekstrarbann innan Bandalagsins á viðkomandi umráðanda loftfara, eigi það ekki annars úrkosti.

27) Til að viðhalda heilleika bókhaldskerfisins fyrir kerfi Bandalagsins í ljósi þess að losun frá alþjóðlegu flugi fellur ekki undir skuldbindingar aðildarríkja samkvæmt Kýótóbókuninni skal einungis nota losunarheimildir, sem úthlutað hefur verið til fluggeirans, til að uppfylla þær skyldur sem lagðar eru á umráðendur loftfara um að skila inn losunarheimildum samkvæmt þessari tilskipun.

28) Til að tryggja að allir umráðendur loftfara fái sömu meðhöndlun skulu aðildarríki fylgja samræmdum reglum við stjórn á þeim umráðendum loftfara, sem þau bera ábyrgð á, í samræmi við tilteknar viðmiðunarreglur sem framkvæmdastjórnin tekur saman.

29) Til að vernda heilleika kerfis Bandalagsins í umhverfislegu tilliti skulu einingar, sem umráðendur loftfara skila inn, einungis reiknaðar með í tengslum við það hvort markmiðum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda er náð þar sem tillit er tekið til þessarar losunar.

30) Evrópustofnunin um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) býr e.t.v. yfir upplýsingum sem gætu gagnast aðildarríkjum eða framkvæmdastjórninni við að leysa af hendi þær skyldur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

31) Ákvæðin í kerfi Bandalagsins sem varða vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun og viðurlög við brotum rekstraraðila gilda einnig um umráðendur loftfara.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 173, 8.7.2010, bls. 73. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 30.6.2011, bls. 31.

([1]) Stjtíð. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309/66.

([2]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 822/2010 **2016/EES/05/05**

frá 17. september 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 198/2006 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1552/2005 um hagskýrslur um starfsþjálfun í fyrirtækjum, að því er varðar gögn sem safna skal, ásamt kröfum varðandi úrtöku, nákvæmni og gæði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1552/2005 frá 7. september 2005 um hagskýrslur um starfsmenntun í fyrirtækjum ([1]), einkum 7. gr. (3. mgr.), 8. gr. (2. mgr.) og 9. gr. (4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1552/2005 er settur sameiginlegur rammi fyrir evrópska hagskýrslugerð um starfsþjálfun í fyrirtækjum.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 198/2006 frá 3. febrúar 2006 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1552/2005 um hagskýrslur um starfsmenntun í fyrirtækjum ([2]) eru skilgreind þau sértæku gögn sem á að safna um fyrirtæki sem veita starfsþjálfun og þau sem ekki veita starfsþjálfun og með tilliti til mismunandi starfsþjálfunar, kröfur varðandi úrtöku og nákvæmni, gæðakröfur til þeirra gagna sem á að safna og snið gæðaskýrslnanna.

3) Í kjölfar gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) ([3]) skal samþykkja ítarlega 2. endurskoðun á atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, ásamt stærðarflokkum þangað sem hægt er að sundurliða niðurstöðurnar.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákvarða hvaða gögnum á að safna um fyrirtæki sem veita starfsþjálfun og um þau sem ekki veita starfsþjálfun og með tilliti til mismunandi starfsþjálfunar.

5) Samþykkja skal framkvæmdarráðstafanir varðandi gæðakröfur þeirra gagna sem á að safna og senda vegna gerðar evrópskra hagskýrslna um starfsþjálfun í fyrirtækjum, snið gæðaskýrslnanna og hvers konar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að meta eða auka gæði gagnanna.

6) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008 frá 23. apríl 2008 um gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun ([4]) eru skilgreind ný hagskýrslugögn um þátttöku fullorðinna einstaklinga í ævinámi (e. lifelong learning).

7) Rétt þykir að breyta skráningarkerfinu og kröfum varðandi úrtöku, nákvæmni og gæði í ljósi upplýsinga, sem skulu gerðar aðgengilegar með reglugerð (EB) nr. 452/2008, auk þess sem nauðsynlegt er að bæta gæði niðurstaðna um starfsþjálfun í fyrirtækjum og draga úr fyrirhöfn fyrirtækja við hagskýrslugerð.

8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 198/2006 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað I., II., III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 198/2006 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 246, 18.9.2010, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 30.6.2011, bls. 53.

([1]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 32, 4.2.2006, bls. 15.

([3]) Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 227.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. september 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

1. Í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 198/2006 komi eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

BREYTUR

Athugasemd við töflu:

Gildin „kjarnabreyta“ og „lykilbreyta“ í dálknum „flokkur breytu“ eru skýrð í III. viðauka. Gildið „ID“ merkir að breytan er „kennibreyta“ (verður að fylla út). Í dálknum „tegund breytu“ vísar gildið „QL“ til „eigindlegrar breytu“ af gerðinni Já/Nei, „QM“ vísar til fjölflokka „eigindlegrar breytu“, eins og lýst er í töflunni og „QT“ vísar til „megindlegrar breytu“. CVT vísar til starfsmiðaðrar símenntunar (e. Continuing Vocational Training). NACE vísar til atvinnustarfsemi samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.

1. **Breytur sem á að safna í öllum fyrirtækjum: úrtakseinkenni**

Heiti breytu	Flokkur breytu	Tegund breytu	Lýsing breytu
COUNTRY	ID		Landskóði
REGION	ID		Svæðakennsl flokkunar hagskýrslusvæða (NUTS) — 1. stig
REFYEAR	ID		Viðmiðunarár
RESPID	ID		Kenninúmer fyrirtækis
RESPWEIGHT	ID		Vægisstuðull Tveir aukastafir — Nota skal „.“ sem tugabrotstákn
RESPEXTRA1	ID		Viðbótarbreyta 1 (sjá III. viðauka)
RESPEXTRA2	ID		Viðbótarbreyta 2 (sjá III. viðauka)
RESPEXTRA3	ID		Viðbótarbreyta 3 (sjá III. viðauka)
SP_NACE	ID		Úrtaksáætlun – flokkur atvinnustarfsemi
SP_SIZE	ID		Úrtaksáætlun – stærðarflokkur
SP_NSTRA	ID		Úrtaksáætlun – fjöldi fyrirtækja í því lagi sem skilgreint er sem NACE_SP og SIZE_SP, þ.e. þýðið
SP_N	ID		Úrtaksáætlun – fjöldi fyrirtækja sem tekin er út úr úrtaksrammanum í því lagi sem skilgreint er sem NACE_SP og SIZE_SP
SP_SUB	ID		Hlutaúrtaksvísir, sýnir hvort fyrirtæki er í hlutaúrtaki
N_RESPST	ID		Fjöldi fyrirtækja sem svara í því lagi sem skilgreint er sem NACE_SP og SIZE_SP
N_EMPREG	ID		Fjöldi starfsmanna samkvæmt skránni
INTRESP	ID		Svörunarvísir (tegund úrtakseiningar)
INTMETHOD	ID		Gagnaöflunaraðferð
INTLANG	ID		Tungumál við gagnaöflun

2. **Breytur sem á að safna frá öllum fyrirtækjum: bakgrunnsupplýsingar**

Heiti breytu	Flokkur breytu	Tegund breytu	Lýsing breytu
A1	Kjarnabreyta	QL	Raunkóði atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE)
A2tot	Kjarnabreyta	QT	Heildarfjöldi starfsmanna 31. desember á viðmiðunarárinu
A2m		QT	Heildarfjöldi karlkyns starfsmanna 31. desember á viðmiðunarárinu
A2f		QT	Heildarfjöldi kvenkyns starfsmanna 31. desember á viðmiðunarárinu
A3	Lykilbreyta	QT	Heildarfjöldi starfsmanna 31. desember á næstliðnu ári
A4	Lykilbreyta	QT	Heildarfjöldi vinnustunda starfsmanna á viðmiðunarárinu
A5	Lykilbreyta	QT	Heildarlaunakostnaður (beinn + óbeinn) vegna allra starfsmanna á viðmiðunarárinu
A6		QL	Innleiðing á nýjum eða verulega endurbættum vörum eða þjónustu eða aðferðum við framleiðslu eða afhendingu vöru og þjónustu á viðmiðunarárinu.

3. **Breytur sem á að safna frá öllum fyrirtækjum: áætlanir um starfsmiðaða símenntun**

Heiti breytu	Flokkur breytu	Tegund breytu	Lýsing breytu
A7		QL	Eigin eða sameiginleg námsmiðstöð
A8		QL	Aðili eða deild innan fyrirtækisins sem ber ábyrgð á að skipuleggja starfsmiðaða símenntun
A9		QL	Mat á framtíðarþörf fyrirtækisins fyrir sérhæfingu
A10		QM	Viðbrögð við framtíðarþörf með
			starfsmiðaðri símenntun núverandi starfsfólks
			ráðningu nýs starfsfólks með hentuga menntun og hæfi, færni og hæfni
			ráðningu nýs starfsfólks ásamt sérstakri starfsþjálfun
			innri endurskipulagningu til að nýta betur færni og hæfni
A11a		QM	Endurskoðun á framtíðarþörf einstakra starfsmanna fyrir sérhæfingu og starfsþjálfun
			Já, einkum með skipulegum samtölum
			Já, en einkum með öðrum aðferðum
			Nei
A11b		QM	Endurskoðun á framtíðarþörf einstakra starfsmanna fyrir sérhæfingu og starfsþjálfun beinist einkum að
			starfsgreinum eða starfsgreinaflokkum

Heiti breytu	Flokkur breytu	Tegund breytu	Lýsing breytu
			Færni og hæfni
			Verkefni og verkþættir
			Formleg menntun og hæfi
A12		QM	Færni og hæfni sem er mikilvæg á næstu árum
			Almenn færni á sviði upplýsingatækni
			Starfsfærni á sviði upplýsingatækni
			Stjórnunarfærni
			Færni í hópvinnu, færni í þjónustu við viðskiptavini, félagsfærni
			Færni í úrlausn vandamála
			Færni í stjórnun skrifstofu
			Færni í erlendum tungumálum
			Tæknileg, hagnýt eða starfstengd færni
			Munnleg eða skrifleg samskiptafærni
			Færni í lestri, skrift og/eða reikningi
			Ekkert af þessu
			Veit ekki
A13		QL	Skipulag starfsmiðaðrar símenntunar hjá fyrirtækinu leiðir af sér skriflega starfsþjálfunaráætlun eða starfsemi
A14		QL	Árleg fjárhagsáætlun vegna starfsþjálfunar, þ.m.t. vegna starfsmiðaðrar símenntunar
A15		QL	Innlendar, geirabundnar eða annars konar samþykktir milli aðila á vinnumarkaði sem ná yfir framboð á starfsmiðaðri símenntun
A16a		QL	Fulltrúar/nefndir starfsmanna sem taka þátt í stjórnun starfsmiðaðrar símenntunar
A16b		QM	Þættir sem falla undir fulltrúa/nefndir starfsmanna
			Setning markmiða varðandi starfsþjálfun
			Setning viðmiðana varðandi val á þátttakendum eða sértækum markhópum
			Form/tegund starfsþjálfunar (t.d. eigin/utanaðkomandi námskeið; annað, s.s. starfsþjálfun á vinnustað undir leiðsögn)
			Inntak starfsþjálfunar
			Fjárhagsáætlun vegna starfsþjálfunar
			Val á utanaðkomandi veitendum starfsþjálfunar

Heiti breytu	Flokkur breytu	Tegund breytu	Lýsing breytu
			Úttekt/mat á árangri starfsþjálfunar
A17		QM	Upplýsingar um starfsmiðaða símenntun
			Upplýsingamiðstöðvar/-þjónusta hins opinbera og yfirvöld
			Veitendur starfsþjálfunar á vegum einkaaðila
			Fulltrúar starfsfólks
			Aðrir
			Slíkar upplýsingar ekki notaðar

4. **Breytur sem á að safna frá öllum fyrirtækjum: einkenni starfsmiðaðrar símenntunar**

Heiti breytu	Flokkur breytu	Tegund breytu	Lýsing breytu
B1a	Kjarnabreyta	QL	Framboð á eigin námskeiðum vegna starfsmiðaðrar símenntunar á viðmiðunarárinu
B1b	Kjarnabreyta	QL	Framboð á námskeiðum vegna starfsmiðaðrar símenntunar á vegum utanaðkomandi aðila á viðmiðunarárinu
B2a	Kjarnabreyta	QL	Framboð á starfsþjálfun á vinnustað undir leiðsögn á viðmiðunarárinu
		QT	*Fjöldi þátttakenda í starfsþjálfun á vinnustað undir leiðsögn*
B2b	Kjarnabreyta	QL	Framboð á verkaskiptum á viðmiðunarárinu
		QT	*Fjöldi þátttakenda: verkaskipti, skipti, tímabundin tilfærsla í starfi eða námsferðir*
B2c	Kjarnabreyta	QL	Þátttaka í ráðstefnum/vinnufundum á viðmiðunarárinu
		QT	*Fjöldi þátttakenda í ráðstefnum/vinnufundum*
B2d	Kjarnabreyta	QL	Þátttaka í náms- og gæðahringum á viðmiðunarárinu
		QT	*Fjöldi þátttakenda í náms- og gæðahringum*
B2e	Kjarnabreyta	QL	Áætluð starfsþjálfun með sjálfsnámi/rafrænu námi á viðmiðunarárinu
		QT	*Fjöldi þátttakenda í starfsþjálfun með sjálfsnámi/rafrænu námi*
B3		QL	Framboð á námskeiðum vegna starfsmiðaðrar símenntunar á næsta ári á undan viðmiðunarárinu
B4		QL	Framboð á annars konar starfsmiðaðri símenntun á næsta ári á undan viðmiðunarárinu
B5a		QL	Framlög til starfsmiðaðrar símenntunar á viðmiðunarárinu
		QT	*Fjárhæð framlaga til starfsmiðaðrar símenntunar (í evrum)*
B5b		QL	Tekjur af starfsmiðaðri símenntun á viðmiðunarárinu

Heiti breytu	Flokkur breytu	Tegund breytu	Lýsing breytu
		QT	*Fjárhæð tekna af starfsmiðaðri símenntun (í evrum)*
B6		QM	Ráðstafanir sem koma fyrirtækinu til góða
			Skattaívilnanir (skattafrádrættir, undanþágur frá skatti, skattaafslættir, skattaívilnun, frestun skattgreiðslu)
			Tekjur úr starfsmenntunarsjóðum (á lands- eða svæðisvísu, eftir geirum)
			Stuðningur ESB (t.d. Félagsmálasjóður Evrópu)
			Ríkisstyrkir
			Annað
			Ekkert af þessu

5. og 6. þáttur hér á eftir beinast að fyrirtækjum sem halda námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar á viðmiðunarárinu [(B1a eða B1b) = JÁ]

7. þáttur beinist að öllum fyrirtækjum sem bjóða starfsþjálfun á viðmiðunarárinu, þ.e.:

– *fyrirtækjum sem halda námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar á árinu 2010 [(B1a eða B1b) = YES], eða*

– *fyrirtækjum sem bjóða annars konar starfsmiðaða símenntun [(B2a eða B2b eða B2c eða B2d eða B2e) = JÁ]*

8. þáttur beinist að fyrirtækjum sem ekki bjóða starfsþjálfun.

5. **Breytur sem á að safna frá öllum fyrirtækjum sem héldu námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar: þátttakendur í starfsmiðaðri símenntun, viðfangsefni og veitendur**

Heiti breytu	Flokkur breytu	Tegund breytu	Lýsing breytu
C1tot	Lykilbreyta	QT	Heildarfjöldi þátttakenda í námskeiðum vegna starfsmiðaðrar símenntunar
C2m		QT	Þátttakendur í námskeiðum vegna starfsmiðaðrar símenntunar — karlar
C2f		QT	Þátttakendur í námskeiðum vegna starfsmiðaðrar símenntunar — konur
C3tot	Lykilbreyta	QT	Greiddar vinnustundir (í klst.) sem nýttar eru fyrir öll námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar
C3i		QT	Greiddar vinnustundir (í klst.) sem nýttar eru fyrir eigin námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar
C3e		QT	Greiddar vinnustundir (í klst.) sem nýttar eru fyrir utanaðkomandi námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar
C4		QT	Hlutfall þjálfunar í klukkustundum sem fer til skyldunámskeiða um heilbrigði og öryggi á vinnustað
C5		QL	Viðfangsefni
			Almenn færni á sviði upplýsingatækni
			Starfsfærni á sviði upplýsingatækni
			Stjórnunarfærni
			Færni í hópvinnu, færni í þjónustu við viðskiptavini, félagsfærni
			Færni í úrlausn vandamála
			Færni í stjórnun skrifstofu

Heiti breytu	Flokkur breytu	Tegund breytu	Lýsing breytu
			Færni í erlendum tungumálum
			Tæknileg, hagnýt eða starfstengd færni
			Munnleg eða skrifleg samskiptafærni
			Færni í lestri, skrift og/eða reikningi
			Ekkert af þessu
C5Main		QL	Meginviðfangsefni (að því er varðar fjölda kennslustunda)
C6		QL	Veitendur (utanaðkomandi námskeið)
			Skólar, framhaldsskólar, háskólar og aðrar æðri menntastofnanir
			Almennar menntastofnanir (sem hið opinbera fjármagnar eða stýrir, t.d. miðstöð fullorðinsfræðslu)
			Einkareknar fræðslustofnanir
			Einkafyrirtæki sem hafa annað að meginstarfsemi en fræðslu
			Samtök vinnuveitenda, verslunarráð, atvinnugreinasamtök
			Stéttarfélög
			Aðrir sem bjóða starfsþjálfun
C6Main		QL	Meginveitendur starfsþjálfunar (að því er varðar fjölda klukkustunda til þjálfunar)

6. **Breytur sem á að safna frá öllum fyrirtækjum sem héldu námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar: kostnaður vegna starfsmiðaðrar símenntunar**

Heiti breytu	Flokkur breytu	Tegund breytu	Lýsing breytu
C7a		QL	Þóknanir
		QT	*Kostnaður við námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar — þóknanir og greiðslur vegna námskeiða fyrir starfsmenn (í evrum)*
C7b		QL	Ferðakostnaður
		QT	*Kostnaður við námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar — greiðslur ferða- og dvalarkostnaðar (í evrum)*
C7c		QL	Launakostnaður vegna eigin kennara
		QT	*Kostnaður við námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar — launakostnaður vegna eigin kennara (í evrum)*
C7d		QL	Kostnaður vegna námsmiðstöðvar og kennsluefnis o.s.frv.
		QT	*Kostnaður við námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar — námsmiðstöð eða salir og námsefni fyrir námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar (í evrum)*
C7sub		QL	„Eingöngu millisamtala“ (engir undirflokkar)
	Lykilbreyta	*QT*	*Millisamtala kostnaðar vegna starfsmiðaðrar símenntunar (í evrum)*

Heiti breytu	Flokkur breytu	Tegund breytu	Lýsing breytu
PAC	Lykilbreyta	QT	Kostnaður vegna fjarveru starfsmanns (PAC) — skal reiknaður (PAC=C3tot*A5/A4 í evrum)
C7tot	Lykilbreyta	QT	Heildarkostnaður vegna starfsmiðaðrar símenntunar — skal reiknaður (C7sub + B5a – B5b) (í evrum)

7. **Breytur sem á að safna frá öllum fyrirtækjum sem héldu námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar eða bjóða annars konar starfsmiðaða símenntun: gæði starfsmiðaðrar símenntunar, árangur og erfiðleikar**

Heiti breytu	Flokkur breytu	Tegund breytu	Lýsing breytu
D1		QM	Þættir sem teljast tryggja gæði starfsmiðaðrar símenntunar
			Vottun utanaðkomandi veitenda (t.d. notkun landsskráa)
			Símenntun eigin kennara
			Starfsmiðuð símenntun og vottun er byggð á viðurkenndum landsbundnum/ geirabundnum stöðlum eða römmum
			Aðrir
			Engir sérstakir þættir tilgreindir
D2a		QM	Mat á árangri aðgerða í starfsmiðaðri símenntun
			Já, fyrir allar aðgerðir
			Já, fyrir sumar aðgerðir
			Nei, staðfesting á þátttöku nægir
D2b		QM	Matsaðferðir
			Útgáfa skírteinis að loknu skriflegu eða verklegu prófi
			Ánægjukönnun meðal þátttakenda
			Mat á atferli þátttakenda eða frammistöðu í tengslum við markmið starfsþjálfunar
			Mat/mæling á áhrifum starfsþjálfunar á frammistöðu viðkomandi deilda eða fyrirtækisins alls
			Annað
D3		QM	Þættir sem takmörkuðu framboð á starfsmiðaðri símenntun á viðmiðunarárinu
			Engir takmarkandi þættir: sú starfsþjálfun sem boðin var fullnægði þörf fyrirtækisins
			Ráðning nýs starfsfólks með tilskilda menntun og hæfi, færni og hæfni
			Erfitt að meta þörf fyrir starfsþjálfun í fyrirtækinu
			Skortur á viðeigandi námskeiðum fyrir starfsmiðaða símenntun á markaðnum
			Hár kostnaður við námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar.
			Meiri áhersla á grunnstarfsmenntun (IVT) en starfsmiðaða símenntun

Heiti breytu	Flokkur breytu	Tegund breytu	Lýsing breytu
			Á undanförnum árum var hrundið af stað stórátaki varðandi starfsmiðaða símenntun
			Lítill tími aflögu hjá starfsfólki til þátttöku í starfsmiðaðri símenntun
			Aðrar ástæður

8. **Breytur sem á að safna frá öllum fyrirtækjum sem ekki veittu starfsmenntun: ástæður þess að starfsmiðuð símenntun var ekki í boði**

Heiti breytu	Flokkur breytu	Tegund breytu	Lýsing breytu
E1		QM	Ástæður þess að ekki var boðin starfsmiðuð símenntun á viðmiðunarárinu
			Menntun og hæfi, færni og hæfni sem fyrir var samsvaraði núverandi þörf fyrirtækisins
			Ráðning nýs starfsfólks með tilskilda menntun og hæfi, færni og hæfni var sett í forgang
			Erfitt að meta þörf fyrir starfsþjálfun í fyrirtækinu
			Skortur á viðeigandi námskeiðum fyrir starfsmiðaða símenntun á markaðnum
			Hár kostnaður við námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar.
			Meiri áhersla á grunnstarfsmenntun (IVT) en starfsmiðaða símenntun
			Á undanförnum árum var hrundið af stað stórátaki varðandi starfsmiðaða símenntun
			Enginn tími aflögu hjá starfsfólki til þátttöku í starfsmiðaðri símenntun
			Aðrar ástæður

9. **Breytur sem á að safna frá öllum fyrirtækjum: grunnstarfsmenntun**

Heiti breytu	Flokkur breytu	Tegund breytu	Lýsing breytu
F1tot	Kjarnabreyta	QT	Heildarfjöldi þeirra sem stunduðu grunnstarfsnám hjá fyrirtækinu á viðmiðunarárinu
F2		QM	Ástæður þess að grunnstarfsnám var boðið (ef F1Tot > 0)
			Að þjálfa verðandi starfsfólk í samræmi við þarfir fyrirtækisins
			Að velja bestu nemana til starfa í framtíðinni að lokinni grunnstarfsmenntun
			Að forðast hugsanlegt misræmi við þarfir fyrirtækisins við ráðningar starfsfólks utan frá
			Að nýta afkastagetu þeirra sem stunda grunnstarfsnám á meðan þeir eru í námi
			Annað (t.d. að gera fyrirtækið eftirsóknarverðara fyrir hugsanlegt starfsfólk)

Valkvæðar breytur

Aðildarríkin geta valið að senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) viðbótarbreytur á samhæfðu sniði eins og lýst er í „Evrópusambandshandbókinni“ sem um getur í 8. gr.“

2. Í stað II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 198/2006 komi eftirfarandi:

„II. VIÐAUKI

ÚRTAK

1. Fyrirtækjaskrár, sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 177/2008 um að setja sameiginlegan ramma fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar ([1]), skulu notaðar sem helsta heimild úrtaksrammans. Úr þessum úrtaksramma skal taka lagskipt úrtak fyrirtækja, sem er dæmigert fyrir landið.

2. Úrtakið skal lagskipt samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og stærðarflokkum, samkvæmt eftirfarandi lágmarksforskriftum:

   – Tuttugu flokkar úr atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE 2. endursk.) [B, C10-C12, C13-C15, C17-C18, C19-C23, C24-C25, C26-C28 og C33, C29-C30, C16+C31-32, D-E, F, G(45), G(46), G(47), I, H, J, K(64,65), K(66), L+M+N+R+S],

   – aðildarríkin geta valið að bæta við öðrum geirum og notað viðbótarflokka fyrir lagskiptinguna (t.d. O, P og Q),

   – þrír flokkar fyrirtækja eftir stærð, miðað við fjölda starfsmanna: (10-49) (50-249) (250 og þar yfir) fyrir lönd með færri en 50 milljónir íbúa,

   – sex flokkar fyrirtækja eftir stærð, miðað við fjölda starfsmanna: (10-19) (20-49) (50-249) (250-499) (500-999) (1000 og þar yfir) fyrir lönd með 50 milljónir íbúa og þar yfir.

3. Reikna skal stærð úrtaks þannig að hálf lengd 95% öryggisbilsins sé að hámarki 0,2 fyrir áætlaðar breytur, sem er hlutfall „fyrirtækja, sem veita starfsþjálfun“ (þegar tekið hefur verið tillit til brottfallsins), í hverjum hinna 60 þátta lagskiptingarinnar sem skilgreindir eru hér að framan (120 lagskiptir þættir fyrir lönd með 50 milljónir íbúa og þar yfir).

4. Nota má eftirfarandi formúlu til að ákvarða stærð úrtaksins:

$$n_h = 1/[c^2 \times te_h + 1/N_h] / r_h$$

   þar sem:

   r_h = áætlað svarhlutfall í lagflokki h

   c = hámarkslengd helmings öryggisbilsins

   te_h = áætlað hlutfall fyrirtækja sem veita þjálfun í lagflokki h

   N_h = heildarfjöldi fyrirtækja (sem veitir starfsþjálfun og þeirra sem gera það ekki) í lagflokki h

([1]) Stjtíð. ESB L 61, 5.3.2008, bls. 6.“

3. Í stað III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 198/2006 komi eftirfarandi:

„III. VIÐAUKI

Tilreikningsreglur og vægi færslu

Aðildarlöndum er skylt að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að draga úr brottfalli liða og eininga. Áður ern tilreikningur fer fram er löndum skylt að kosta kapps um að nota aðrar heimildir.

Kjarnabreytur, sem hvorki má vanta svar við né heimilt er að tilreikna gildi á, eru:

– A1, A2tot, B1a, B1b, B2a(QL), B2b(QL) B2c(QL), B2d(QL) B2e(QL), F1tot.

Lykilbreytur, þar sem reynt er í lengstu lög að komast hjá því að svör vanti og mælt er með tilreikningi fyrir, eru:

– A3, A4, A5, C1tot, C3tot, C7sub, C7tot, PAC.

Mælt er með tilreikningi vegna brottfalls liða innan eftirfarandi almennra marka:

1. Þegar í færslu er minna en 50% af framlögðum breytum skal að jafnaði líta á þá færslu sem brottfallseiningu.

2. Ekki skal heimila tilreikning fyrir stakan flokk í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.)/stærðarflokkun, ef gögn vantar yfir meira en 25% af megindlegum breytum hjá yfir 50% fyrirtækja sem svara.

3. Ekki skal tilreikna megindlegar breytur fyrir stakan flokk í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.)/stærðarflokkun, ef hlutfall fyrirtækja, sem svara þeirri tilteknu breytu, er undir 50%.

4. Ekki skal tilreikna eigindlegar breytur fyrir stakan flokk í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.)/stærðarflokkun, ef hlutfall fyrirtækja, sem svara þeirri tilteknu breytu, er undir 80%.

Megindlegar og eigindlegar breytur eru tilgreindar í I. viðauka.

Aðildarríkin skulu reikna vægi sem nota á við hverja gagnafærslu og senda ásamt öllum hjálparbreytum sem kunna að hafa verið notaðar við útreikninga á þessu vægi. Þessar hjálparbreytur skal skrá sem breyturnar RESPEXTRA1, RESPEXTRA2, RESPEXTRA3 eftir því sem nauðsyn krefur. Í gæðaskýrslunni skal gera nákvæma grein fyrir aðferðunum sem notaðar eru við að fastsetja vægið.“

4. Í stað V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 198/2006 komi eftirfarandi:

„V. VIÐAUKI

SNIÐ GÆÐASKÝRSLU

Aðildarríkin skulu leggja fram gæðaskýrslur, sem eru ritaðar samkvæmt stöðluðu sniði fyrir gerð gæðaskýrslu, sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) leggur til. Afrit af landsbundna spurningalistanum skal fylgja gæðaskýrslunni.

1. MIKILVÆGI

Framkvæmd könnunarinnar og að hve miklu leyti hagtöluupplýsingar uppfylla þarfir núverandi og hugsanlegra notenda. Þetta nær yfir lýsingu á notendum og einstaklingsbundnum þörfum þeirra ásamt mati á því að hve miklu leyti þessar þarfir eru uppfylltar.

2. NÁKVÆMNI

2.1. **Úrtaksskekkjur**

Hér kemur fram:

– Lýsing á úrtakssniði og úrtaki sem er tekið.

– Lýsing á útreikningum endanlegs vægis, þ.m.t. líkan fyrir brottfall og hjálparbreytur sem eru notaðar, metill sem er notaður, t.d. Horvitz-Thompson metillinn, dreifni matsins samkvæmt lögum úrtaksins, hugbúnaður fyrir dreifnimat, einkum skal gerð grein fyrir hjálparbreytum eða upplýsingum, sem liggja til grundvallar, til þess að Hagstofa Evrópusambandsins geti endurreiknað endanlegt vægi, þar sem þörf er á þessum upplýsingum til að gera dreifnimat.

– Ef um er að ræða greiningu á brottfalli, lýsing á bjögunum í úrtaki og niðurstöðum.

Töflur sem eiga að fylgja með (sundurliðaðar eftir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og stærðarflokkum samkvæmt úrtaksáætlun viðkomandi lands):

– Fjöldi fyrirtækja í úrtaksrammanum.

– Fjöldi fyrirtækja í úrtakinu.

Töflur sem eiga að fylgja með (sundurliðaðar eftir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og stærðarflokkum samkvæmt úrtaksáætlun viðkomandi lands, úthlutun er hins vegar samkvæmt könnunaratriðum fyrirtækisins sem í hlut á):

– Frávikstuðlar ([1]) fyrir eftirfarandi lykilhagtölur.

– Heildarfjöldi starfsmanna, heildarfjöldi fyrirtækja sem veitti starfsmiðaða símenntun, hlutfall allra fyrirtækja þar sem veitt er starfsmiðuð símenntun af heildarfjölda fyrirtækja.

– Heildarfjöldi fyrirtækja sem héldu námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar, hlutfall allra fyrirtækja sem héldu námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar af heildarfjölda fyrirtækja.

– Heildarfjöldi starfsmanna í fyrirtækjum sem héldu námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar, heildarfjöldi þátttakenda á námskeiðum vegna starfsmiðaðrar símenntunar, hlutfall heildarfjölda þátttakenda á námskeiðum vegna starfsmiðaðrar símenntunar af heildarfjölda starfsmanna, hlutfall heildarfjölda þátttakenda á námskeiðum vegna starfsmiðaðrar símenntunar af heildarfjölda starfsmanna í fyrirtækjum sem veittu starfsmiðaða símenntun.

– Heildarkostnaður við námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar.

– Heildarfjöldi fyrirtækja sem býður grunnstarfsnám, heildarfjöldi þeirra sem stunda grunnstarfsnám, hlutfall fyrirtækja sem bjóða grunnstarfsnám af heildarfjölda fyrirtækja.

2.2. **Aðrar skekkjur en úrtaksskekkjur**

2.2.1. *Þekjuskekkjur*

Hér kemur fram:

– Lýsing á skránni sem notuð er fyrir úrtakið og gæði hennar í heild, upplýsingar sem koma fram í skránni og hve oft hún er uppfærð.

– Skekkjur sem stafa af ósamræmi milli úrtaksrammans og markþýðisins og undirþýðisins (ofþekja, vanþekja, rangflokkun).

– Aðferðir sem notaðar eru til að afla þessara upplýsinga og skýringar á úrvinnslu rangflokkana.

Töflur sem eiga að fylgja með (sundurliðaðar eftir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og stærðarflokkum samkvæmt úrtaksáætlun viðkomandi lands, úthlutun er hins vegar samkvæmt könnunaratriðum fyrirtækisins sem í hlut á):

– Fjöldi fyrirtækja.

– Hlutfall fjölda fyrirtækja þar sem lögin sem um ræðir jafngilda lögum úrtaksins.

2.2.2. *Mælingarskekkjur*

Þar sem það á við, mat á skekkjum sem áttu sér stað á stigi gagnasöfnunar og orsakast t.d. af:

– Hönnun spurningalistans (niðurstöður forprófana eða rannsóknarstofuaðferða, aðferð við spurningar).

– Svarseiningu/svaranda að teknu tilliti til gagnaöflunaraðferðar sem notuð var (t.d. vandamál og aðferðir til að finna viðeigandi svaranda/svarendur í fyrirtækinu, minnisskekkjur, skekkjur við útfyllingu eyðublaða, aðstoð við svarendur). Þetta inniheldur lýsingu og mat á aðgerðum sem gripið er til, til þess að tryggja gæði upplýsinga sem tengjast „þátttakendum“ og til að tryggja að ekki sé safnað upplýsingum um „viðburði sem þátttaka var í“.

– Viðeigandi upplýsingakerfi og stjórnsýslugögn fyrir hendi/notuð í fyrirtækinu, t.d. samræming milli stjórnsýsluupplýsinga og þátta í könnuninni (viðmiðunartímabil, tiltækileiki einstakra gagna).

– Aðferðir sem notaðar eru til að fækka þess konar skekkjum, vandamál í tengslum við spurningalistann í heild eða í tengslum við einstakar spurningar.

2.2.3. *Úrvinnsluskekkjur*

Undir þetta fellur lýsing á gagnaleiðréttingarvinnslu, s.s. gagnavinnslukerfi og -búnaður sem er notaður, skekkjur við kóðun, ritfærslu, útreikning vægis og töflusetningu, gæðakönnun á heildar/deildarstigi og leiðréttingar og mistök við ritstýringu.

2.2.4. *Brottfallsskekkjur*

Undir þetta fellur mat á brottfallseiningum og brottfallsliðum ásamt lýsingu á aðgerðum sem gripið er til varðandi „hafa samband aftur“, sem og:

– Ítarleg skýrsla um tilreikningsaðferðir, þ.m.t. aðferðir við tilreikning og/eða endurútreikning vægis.

– Aðferðafræðilegar skýringar og niðurstöður brottfallsgreiningar eða aðrar aðferðir til að meta áhrif brottfalls.

Töflur sem eiga að fylgja með (sundurliðaðar eftir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og stærðarflokkum samkvæmt úrtaksáætlun viðkomandi lands, úthlutun er hins vegar samkvæmt könnunaratriðum fyrirtækisins sem í hlut á):

– Svarhlutfall eininga ([2]).

– Svarhlutfall liða ([3]) fyrir eftirfarandi, að því er varðar alla svarendur: Heildarfjöldi vinnustunda sem fall af öllum svarendum og heildarlaunakostnaður sem fall af öllum svarendum.

– Svarhlutfall liða fyrir eftirfarandi, að því er varðar fyrirtæki sem halda námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar:

  – Heildarfjöldi þátttakenda í námskeiðum, karla og kvenna, sem fall af fyrirtækjum sem halda námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar.

  – Heildarfjöldi klukkustunda á námskeiðum vegna starfsmiðaðrar símenntunar, fjöldi klukkustunda á námskeiðum vegna starfsmiðaðrar símenntunar, sem skipulögð eru innan og utan fyrirtækis, sem fall af fyrirtækjum sem halda námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar.

  – Heildarkostnaður við námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar sem fall af fyrirtækjum sem halda námskeið vegna starfsmiðaðrar símenntunar.

– Svarhlutfall liða fyrir eftirfarandi, að því er varðar fyrirtæki sem bjóða grunnstarfsnám: Heildarfjöldi þeirra sem stunda grunnstarfsnám sem fall af fyrirtækjum sem bjóða grunnstarfsnám.

3. TÍMANLEIKI OG RÉTT TÍMASETNING

Undir þetta fellur tafla með dagsetningum sem sýna hvenær eftirtaldir áfangar hófust og hvenær þeim lauk, s.s. vettvangsvinna (að teknu tilliti til mismunandi gagnaröflunaraðferða), ítrekun og eftirfylgni, prófun gagna og ritfærsla, frekari gilding og tilreikningur, brottfallskönnun (þar sem við á) og mat, sem og sending gagna til Hagstofu Evrópusambandsins og miðlun landsbundinna niðurstaðna.

4. AÐGENGI OG SKÝRLEIKI

Undir þetta fellur hvaða tegund niðurstaðna eru sendar til fyrirtækja, áætlun um miðlun niðurstaðna og afrit af aðferðafræðilegum skjölum í tengslum við hagskýrslur sem lagðar eru fram.

5. SAMANBURÐARHÆFI

Undir þetta falla frávik frá staðlaða evrópska spurningalistanum og skilgreiningar sem er að finna í handbókinni, sem um getur í 8. gr., ásamt lýsingu á tengslum við aðrar heimildir fyrir hagskýrslugerð (notkun tiltekinna gagna sem eru aðgengileg í skrám, könnun tengd annarri landsbundinni könnun).

6. SAMRÆMI

Undir þetta fellur samanburður á hagtölum um sama fyrirbæri eða lið úr öðrum könnunum eða heimildum og mat á samræmi við hagskýrslur um skipulag fyrirtækja fyrir fjölda starfsmanna sem fall af atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og stærðarflokkun.

Töflur sem eiga að fylgja með (sundurliðaðar eftir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og stærðarflokkum samkvæmt úrtaksáætlun viðkomandi lands, úthlutun er hins vegar samkvæmt könnunaratriðum fyrirtækisins sem í hlut á):

– Fjöldi starfsmanna úr hagskýrslum um skipulag fyrirtækja og fjöldi starfsmanna úr könnun um starfsmiðaða símenntun (CVTS).

– Hundraðshluti mismunar (CVTS3) (SBS — CVTS)/SBS.

7. KOSTNAÐUR OG FYRIRHÖFN

Undir þetta fellur athugun á fyrirhöfn og ávinningi í viðkomandi landi, t.d. með því að meta meðaltíma til að svara hverjum spurningalista, erfiðar spurningar og breytur, breytur sem hafa reynst best/verst til að lýsa starfsmiðaðri símenntun í viðkomandi landi, áætlaða eða raunverulega ánægju gagnanotenda í viðkomandi landi, mismunandi fyrirhöfn lítilla og stórra fyrirtækja og viðleitni til að draga úr fyrirhöfn.

([1]) Frávikstuðull er hlutfall kvaðratrótar af dreifni metils og meðalgildis. Það er metið sem hlutfall kvaðratrótarinnar af dreifni úrtaksins og áætlaðs gildis. Við mat á dreifni úrtaks þarf að taka mið af úrtakssniði og breytingum á lögum úrtaks.

([2]) Svarhlutfall einingar er hlutfallið af fjölda svarenda í könnun af fjölda spurningalista sem sendur var völdu þýði.

([3]) Svarhlutfall liða fyrir breytu er hlutfallið af fjölda tiltækra gagna af þeim gögnum sem vantar (sem jafngildir fjölda svarenda í könnuninni).“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/144/EB 2016/EES/05/06

frá 30. nóvember 2009

um tiltekna íhluti og eiginleika dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt

(kerfisbundin útgáfa) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 89/173/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tiltekna íhluta og eiginleika landbúnaðardráttarvéla á hjólum ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber að kerfisbinda tilskipunina.

2) Í tilskipun 89/173/EBE, sem er ein sértilskipana sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningarkerfið sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 74/150/EBE, en henni var skipt út með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum ([5]), er mælt fyrir um tækniforskriftir varðandi hönnun og smíði dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt að því er varðar tiltekna íhluti og eiginleika. Þessar tækniforskriftir varða samræmingu laga aðildarríkjanna til að gera kleift að EB-gerðarviðurkenningaraðferðin, sem kveðið er á um í tilskipun 2003/37/EB, eigi við um allar gerðir dráttarvéla. Af þessum sökum gilda ákvæðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/37/EB að því er varðar dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvagna þeirra og útskiptanleg, dregin tæki ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum, um þessa tilskipun.

3) Meðal tæknilegra krafna sem dráttarvélar verða að uppfylla samkvæmt landslögum eru ákvæði er varða mál og massa, hraðatakmarkara, hlífar fyrir aflrásaríhluti, útstæða hluta og hjól, hemlastjórnbúnað eftirvagna, framrúður og aðrar rúður, véltengi á milli dráttarvélar og eftirvagns og staðsetningu á lögboðnum merkiplötum og áletrunum á yfirbyggingu dráttarvélar og aðferð við að festa þær á.

4) Æskilegt er, að taka tillit til tæknilegu krafnanna sem samþykktar voru af efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE), í samsvarandi reglugerðum hennar sem fylgdu með í viðauka við samning efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluti sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og því að ganga að skilyrðunum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu viðurkenninga sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta ([6]).

5) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að taka tilskipanirnar, sem tilgreindar eru í B-hluta XII. viðauka, upp í landslög og beita þeim.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Í þessari tilskipun er „dráttarvél“ (fyrir landbúnað eða skógrækt) vélknúið ökutæki, á hjólum eða beltum, sem hefur a.m.k. tvo ása og er notagildi þess aðallega fólgið í dráttaraflinu þar sem það er sérstaklega hannað til þess að draga, ýta, flytja eða knýja tiltekin verkfæri, vélar eða eftirvagna til notkunar í landbúnaði eða skógrækt. Heimilt er að útbúa það fyrir farm- og fólksflutninga.

2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skilgreindar eru í 1. mgr. og hafa loftfyllta hjólbarða og hámarkshönnunarhraða á bilinu 6 til 40 km/klst.

2. gr.

1. Að því er varðar dráttarvélar sem eru í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, af ástæðum sem varða efnisatriði þessarar tilskipunar ekki:

a) synja um EB-gerðarviðurkenningu eða veitingu innlendrar gerðarviðurkenningar,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 28.7.2011, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB L 182, 4.8.2009, bls. 76.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 24. mars 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 26. nóvember 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 67, 10.3.1989, bls. 1.

([4]) Sjá A-hluta VII. viðauka.

([5]) Stjtíð. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.

([6]) Birt sem I. viðauki við ákvörðun ráðsins 97/836/EB (Stjtíð. EB L 346, 17.12.1997, bls. 78).

b) synja um að dráttarvél sé skráð eða að banna sölu hennar, að hún sé tekin í notkun eða notuð.

Þrátt fyrir ákvæði fyrstu undirgreinar um notkun dráttarvélarinnar er aðildarríkjum heimilt að beita áfram ákvæðum landslaga um dráttarmassa, einkum að því er varðar sérstakar notkunarkröfur sem farið skal eftir með hliðsjón af hæðarmuni í landslagi, innan marka þess dráttarmassa sem kemur fram í lið 2.2 í I. viðauka, svo framarlega sem það hefur ekki í för með sér breytingar á dráttarvélum eða landsbundna viðbótargerðarviðurkenningu.

2. Að því er varðar dráttarvélar sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, af ástæðum sem varða efnisatriði þessarar tilskipunar:

a) ekki veita EB-gerðarviðurkenningu,

b) hafa heimild til að synja um landsbundna gerðarviðurkenningu.

3. Að því er varðar nýjar dráttarvélar sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, af ástæðum sem varða efnisatriði þessarar tilskipunar:

a) líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum dráttarvélum í samræmi við ákvæði tilskipunar 2003/37/EB, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar,

b) hafa heimild til að neita að nýjar dráttarvélar verði skráðar, seldar eða teknar í notkun.

3. gr.

1. Aðildarríki skulu veita EB-gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir allar gerðir framrúðna eða annarra rúðna og/eða véltengja sem uppfylla smíða- og prófunarkröfurnar sem mælt er fyrir um í III. og/eða IV. viðauka hér á eftir.

2. Aðildarríki sem hefur veitt EB-gerðarviðurkenningu íhlutar skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sannprófa, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, í samvinnu við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum ef þess gerist þörf, að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð. Slík sannprófun skal eingöngu felast í skyndikönnunum.

4. gr.

Aðildarríkin skulu fyrir hverja gerð framrúðna eða annarra rúðna eða véltengja sem þau viðurkenna skv. 3. gr., gefa út handa framleiðanda dráttarvélarinnar, framrúðunnar eða véltengisins eða viðurkennds fulltrúa hans EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar sem samræmist dæmunum sem eru sýnd í III. eða IV. viðauka hér á eftir.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að notuð séu merki sem geta valdið því að gerð búnaðar sem hlotið hefur EB-gerðarviðurkenningu íhlutar skv. 3. gr. og búnaði af annarri gerð verði ruglað saman.

5. gr.

Aðildarríkjunum er óheimilt að banna að settar séu á markað framrúður og aðrar rúður eða véltengi af ástæðum sem varða smíði þeirra ef þau eru með EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar.

Þó er aðildarríki heimilt að banna að settar séu á markað framrúður og aðrar rúður eða véltengi sem eru með EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar ef þau eru ekki í samræmi við viðurkenndu gerðina.

Aðildarríkið skal þegar í stað tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um ráðstafanirnar sem það hefur gert og tilgreina ástæður fyrir ákvörðun sinni.

6. gr.

Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu innan eins mánaðar senda lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja afrit af gerðarviðurkenningarvottorðum íhluta, en fyrirmyndir að þeim er að finna í III. eða IV. viðauka, fyrir hverja gerð framrúðna eða annarra rúðna eða véltengja sem þau viðurkenna eða synja um að viðurkenna.

7. gr.

1. Ef aðildarríki sem hefur veitt EB-gerðarviðurkenningu íhlutar kemst að raun um að framrúður, aðrar rúður eða véltengi með eins EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar samrýmist ekki þeirri gerð sem það viðurkenndi, skal það gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð.

Lögbær yfirvöld þess aðildarríkis skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum um ráðstafanir sem gripið hefur verið til og geta, ef nauðsyn krefur, þar sem um er að ræða alvarlegan og endurtekinn skort á samræmi, leitt til afturköllunar á EB-gerðarviðurkenningu íhlutar.

Þessi yfirvöld skulu grípa til sams konar ráðstafana berist þeim tilkynning frá lögbærum yfirvöldum annars aðildarríkis um slíkt ósamræmi.

2. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu tilkynna hvert öðru innan eins mánaðar um sérhverja afturköllun á EB-gerðarviðurkenningu íhlutar og um ástæður fyrir slíkri ráðstöfun.

8. gr.

Allar ákvarðanir teknar samkvæmt ákvæðum, sem samþykkt eru til framkvæmdar þessari tilskipun og þar sem synjað er um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir framrúður eða véltengi eða hún dregin til baka eða bannað er að setja slíkan búnað á markað eða nota hann, skal rökstyðja ítarlega.

Ákvarðanir skulu tilkynntar hlutaðeigandi aðila og um leið skal kynna honum þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt gildandi lögum í aðildarríkjunum og þann frest sem hann hefur til þess.

9. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur I. – VI. viðauka að tækniframförum skal samþykkja samkvæmt þeirri málsmeðferð sem um getur í 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/37/EB.

10. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

11. gr.

Tilskipun 89/173/EBE, eins og henni var breytt með gerðunum sem eru tilgreindar í A-hluta VII. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar, sem tilgreindar eru í B-hluta VII. viðauka, í landslög og beita þeim.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VIII. viðauka.

12. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júní 2010.

13. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 30. nóvember 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins*
J. BUZEK	B. ASK
forseti.	*forseti.*

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. VIÐAUKI:	**Mál og dráttarmassi**
Viðbætir:	**Viðauki við EB-gerðarviðurkenningarvottorðið**
II. VIÐAUKI:	**Hraðatakmarkari og hlífar fyrir aflrásaríhluti, útstæða hluta og hjól**
Viðbætir:	**Viðauki við EB-gerðarviðurkenningarvottorðið**
III. VIÐAUKI A:	**Framrúður og aðrar rúður — Kröfur um búnað, skilgreiningar, umsókn um gerðarviðurkenningu íhlutar, gerðarviðurkenning íhlutar, merkingar, almennar forskriftir, prófanir og samræmi framleiðslu**
Viðbætir:	**Dæmi um gerðarviðurkenningarmerki íhlutar**
III. VIÐAUKI B:	**Tilkynning um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar, synjun á gerðarviðurkenningu íhlutar, rýmkun á gerðarviðurkenningu íhlutar og afturköllun á gerðarviðurkenningu íhlutar**
1. viðbætir:	**Framrúður úr hertu gleri**
2. viðbætir:	**Rúður úr einsleitu hertu gleri aðrar en framrúður**
3. viðbætir:	**Framrúður úr lagskiptu gleri**
4. viðbætir:	**Rúður úr lagskiptu gleri aðrar en framrúður**
5. viðbætir:	**Framrúður úr lagskiptu gleri (gler-plast)**
6. viðbætir:	**Rúður úr lagskiptu gleri (gler-plast), aðrar en framrúður**
7. viðbætir:	**Tvöfaldar rúður**
8. viðbætir:	**Atriðaskrá að því er varðar framrúður**
III. VIÐAUKI C:	**Almenn prófunarskilyrði**
III. VIÐAUKI D:	**Framrúður úr hertu gleri**
III. VIÐAUKI E:	**Rúður úr einsleitu hertu gleri aðrar en framrúður**
III. VIÐAUKI F:	**Venjulegar framrúður úr lagskiptu gleri**
III. VIÐAUKI G:	**Rúður úr lagskiptu gleri aðrar en framrúður**
III. VIÐAUKI H:	**Rúður úr unnu lagskiptu gleri**
III. VIÐAUKI I:	**Öryggisrúður með plasthúð á innra borði**
III. VIÐAUKI J:	**Framrúður úr lagskiptu gleri (gler-plast)**
III. VIÐAUKI K:	**Rúður úr lagskiptu gleri (gler-plast), aðrar en framrúður**
III. VIÐAUKI L:	**Tvöfaldar rúður**
III. VIÐAUKI M:	**Flokkun framrúðna fyrir gerðarviðurkenningarprófun íhlutar**
III. VIÐAUKI N:	**Mæling á bogahæð og stöðu höggpunkta**
III. VIÐAUKI O:	**Eftirlit með samræmi framleiðslu**
III. VIÐAUKI P:	**Viðauki við EB-gerðarviðurkenningarvottorðið**
IV. VIÐAUKI:	**Véltengi milli dráttarvélarinnar og eftirvagns og lóðrétt álag á tengipunktinn**
1. viðbætir:	**Teikningar af véltengiíhlutum**
2. viðbætir:	**Hreyfiprófunaraðferð**
3. viðbætir:	**Kyrrstöðuprófunaraðferð á tengibúnaði**
4. viðbætir:	**Gerðarviðurkenningarmerki íhlutar**
5. viðbætir:	**Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorði íhlutar**
6. viðbætir:	**Skilyrði fyrir veitingu EB-gerðarviðurkenningar**
7. viðbætir:	**Viðauki við EB-gerðarviðurkenningarvottorðið**

V. VIÐAUKI:	**Staðsetning á lögboðnum merkiplötum og áletrunum á yfirbyggingu dráttarvélar og aðferð við að festa þær á**
Viðbætir:	**Viðauki við EB-gerðarviðurkenningarvottorðið**
VI. VIÐAUKI:	**Hemlastjórnbúnaður eftirvagna og hemlatengi milli dráttarvélarinnar og eftirvagnanna**
Viðbætir:	**Viðauki við EB-gerðarviðurkenningarvottorðið**
VII. VIÐAUKI:	**A-hluti: Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar**
	B-hluti: Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjunum
VIII. VIÐAUKI:	**Samsvörunartafla**

I. VIÐAUKI

Mál og dráttarmassi

1. SKILGREININGAR

1.1. „**Lengd**“:

– lengd dráttarvélarinnar sem er mæld milli lóðréttu plananna hornrétt á lengdarás dráttarvélarinnar og í gegnum ystu punkta hennar, fyrir utan:

– spegla,

– ræsihandföng,

– stöðuhliðarljósker að framan eða á hliðum.

1.2. „**Breidd**“:

– breidd dráttarvélarinnar sem er mæld milli lóðréttu plananna samhliða lengdarási dráttarvélarinnar og í gegnum ystu punkta hennar, fyrir utan:

– spegla,

– stefnuljós,

– stöðuhliðarljósker að framan, til hliðar eða aftan; öll stöðuljósker,

– aflögun hjólbarða vegna þyngdar dráttarvélarinnar,

– íhluti sem leggja má saman svo sem upptakanleg ástig og sveigjanlegar aurhlífar.

1.3. „**Hæð**“:

– lóðrétt fjarlægð milli jarðar og þess staðar á dráttarvélinni sem er fjærst jörðu, fyrir utan loftnet. Þegar þessi hæð er ákvörðuð skal dráttarvélin vera búin nýjum hjólbörðum með mesta snúningsradíus sem framleiðandi þeirra gefur upp.

1.4. „**Leyfilegur dráttarmassi**“:

– massinn sem ákveðin gerð dráttarvélar getur dregið. Um getur verið að ræða dráttarmassa eins eftirvagns eða fleiri, landbúnaðartækja, eða tækja til skógarnytja. Greinarmunur er gerður á tæknilega leyfilegum dráttarmassa sem framleiðandi gefur upp og leyfilegum dráttarmassa sem mælt er fyrir um í lið 2.2 hér á eftir.

1.5. „**Dráttarbúnaður**“:

íhlutur dráttarvélarinnar sem er hannaður sem véltengi milli dráttarvélarinnar og eftirvagnsins.

1.6. „**Massi dráttarvélar án hleðslu tilbúinnar til aksturs (m_t)**“:

massinn eins og hann er skilgreindur í lið 2.1.1 í I. viðauka við tilskipun 2003/37/EB.

1.7. „**Tæknilega leyfilegur dráttarmassi**“:

– dráttarmassi án hemla,

– dráttarmassi með sjálfstæðri hemlun (samanber skilgreiningu í lið 1.12 í I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/432/EBE ([7])),

([7]) Tilskipun ráðsins frá 6. apríl 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hemlabúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum (Stjtíð. EB L 122, 8.5.1976, bls. 1).

– dráttarmassi með ýtihemlun (samanber skilgreiningu í lið 1.14 í I. viðauka við tilskipun 76/432/EBE),

– dráttarmassi með vökva- eða lofthemlun; slíkir hemlar geta verið af samtengdri, hálfsamtengdri eða ósamtengdri gerð (samanber skilgreiningu í liðum 1.9 og 1.10 í I. viðauka við tilskipun 76/432/EBE).

2. KRÖFUR

2.1. **Mál**

Hámarksmál dráttarvélar eru eftirfarandi:

2.1.1. lengd: 12 m,

2.1.2. breidd: 2,55 m (án tillits til bungu á hjólbörðum niður við jörðu),

2.1.3. Hæð: 4 m.

2.1.4. Mælingar til að sannprófa þessi mál fara fram svo sem hér segir:

– dráttarvélin er án hleðslu og tilbúin til aksturs eins og tilgreint er í lið 1.6,

– á jafnsléttu,

– dráttarvélin er kyrrstæð og slökkt á hreyflinum,

– hjólbarðar skulu vera nýir með eðlilegum þrýstingi samkvæmt tilmælum framleiðanda,

– dyr og gluggar skulu lokaðir,

– stýrishjól skal vera í beinni stöðu fram á við,

– engin landbúnaðartæki eða tæki til skógarnytja skulu áföst dráttarvélinni.

2.2. **Leyfilegur dráttarmassi**

2.2.1. Leyfilegur dráttarmassi skal ekki fara yfir:

2.2.1.1. þann tæknilega leyfilega dráttarmassa sem skilgreindur er í lið 1.7 og framleiðandi dráttarvélarinnar mælir með,

2.2.1.2. dráttarmassa sem mælt er fyrir um fyrir dráttarbúnað samkvæmt EB-gerðarviðurkenningu íhlutar.

2.2.2. Þegar aðildarríki beitir 2. mgr. 2. gr. skal tilgreina dráttarmassa í skráningarvottorði dráttarvélarinnar.

Viðbætir

FYRIRMYND

Heiti yfirvalds

VIÐAUKI VIÐ EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR DRÁTTARVÉLARGERÐ AÐ ÞVÍ ER VARÐAR MÁL OG DRÁTTARMASSA

(2. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum)

EB-gerðarviðurkenningarnúmer: .....

1. Íhlutur/íhlutir eða eiginleiki/eiginleikar:

1.1. Stærð:

1.1.1. lengd: .....m

1.1.2. breidd: .....m

1.1.3. hæð:.....m

1.2. Dráttarmassi:

1.2.1. dráttarmassi án hemla: .....kg

1.2.2. dráttarmassi með sjálfstæðri hemlun: .....kg

1.2.3. dráttarmassi með ýtihemlum: .....kg

1.2.4. dráttarmassi með hjálparhemlum (vökva- eða lofthemlum): .....kg

2. Tegund dráttarvélar eða firmaheiti framleiðanda:

.....

3. Gerð og ef við á verslunarheiti dráttarvélarinnar:

.....

4. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....

.....

5. Ef við á, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda

.....

.....

6. Dráttarvélin lögð fram til EB-gerðarviðurkenningar þann:

.....

7. Tækniþjónustan sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar:

.....

.....

8. Dagsetning skýrslu sem þjónustan gefur út:

.....

9. Númer skýrslu sem þjónustan gefur út:

.....

10. EB-gerðarviðurkenning er veitt/synjað er um EB-gerðarviðurkenningu að því er snertir mál og dráttarmassa (*):

11. Staður: .....

12. Dagsetning: .....

13. Undirskrift: .....

14. Eftirfarandi skjöl með EB-gerðarviðurkenningarnúmerinu, sem getið er hér að framan, fylgja þessu vottorði:

..... málsettar teikningar,

..... teikning eða ljósmynd af dráttarvélinni.

Þessi gögn skulu afhent lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja ef þau krefjast þess.

15. Athugasemdir:

.....

.....

(*) Strikið út eftir því sem við á.

II. VIÐAUKI

Hraðatakmarkari og hlífar fyrir aflrásaríhluti, útstæða hluta og hjól

1. HRAÐATAKMARKARI

1.1. Ef framleiðandi gerir ráð fyrir að dráttarvélin sé búin hraðatakmarkara skal hann settur í og hannaður á þann hátt að dráttarvélin uppfylli kröfurnar í tilskipun 2009/60/EB[8] um hámarkshönnunarhraða.

2. HLÍFAR FYRIR AFLRÁSARÍHLUTI, ÚTSTÆÐA HLUTA OG HJÓL

2.1. **Almennt**

2.1.1. Aflrásaríhluti, útstæða hluta og hjól dráttarvéla skal hanna, setja í og verja á þann hátt að komið sé í veg fyrir að menn slasist við eðlilegar notkunaraðstæður.

2.1.2. Talið er að kröfunum í lið 2.1.1 hafi verið fullnægt að uppfylltum kröfunum í lið 2.3. Aðrar lausnir en þær sem lýst er í lið 2.3 eru heimilaðar ef framleiðandi getur sýnt fram á að þær jafngildi a.m.k. kröfunum í lið 2.3.

2.1.3. Hlífðarbúnaður skal tryggilega festur við dráttarvélina. Með „tryggilega festur“ er átt við að einungis er unnt að fjarlægja slíkan búnað með verkfærum.

2.1.4. Skermar, lok og varnarhlífar, sem kunna að valda meiðslum þegar þeim er skellt, skulu gerðar á þann hátt að unnt sé að koma í veg fyrir að þær skellist fyrir slysni (t.d. með öryggisbúnaði eða viðeigandi festingu eða hönnun).

2.1.5. Með einum hlífðarbúnaði er unnt að verja marga hættulega staði. Þó er rétt að setja frekari hlífðarbúnað þegar stilli-, viðhalds- eða deyfibúnaður vegna rafsegulstruflana sem ekki er hægt að nota nema þegar vélin er í gangi undir þessum eina hlífðarbúnaði.

2.1.6. Festingarbúnaður (t.d. fjaðurbaulur eða speldi) fyrir

– festingar sem auðvelt er að losa (t.d. sætissplitti),

eða

– hlífðarbúnað sem unnt er að opna án verkfæra (t.d. vélarhlíf)

skal tryggilega festur annaðhvort við dráttarvélarfestinguna eða hlífðarbúnaðinn.

2.2. Skilgreiningar

2.2.1. Hlífðarbúnaður: búnaður sem er ætlaður til að verja hættulega hluta. Í skilningi þessarar tilskipunar nær hlífðarbúnaður til hlífa, loka eða varnargrinda.

2.2.1.1. „Hlíf“: hlífðarbúnaður sem er staðsettur beint framan við hættulega hlutann og annaðhvort einn og sér eða ásamt öðrum hlutum vélarinnar, er vörn gegn snertingu við hættulega hlutann frá öllum hliðum.

2.2.1.2. „Skermur“: hlífðarbúnaður sem er staðsettur beint framan við hættulega hlutann og er vörn gegn snertingu við hættulega hlutann frá þeirri hlið.

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/60/EB frá 13. júlí 2009 um hámarkshönnunarhraða og hleðslupalla fyrir dráttarvélar á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (kerfisbundin útgáfa) (Stjtíð. EB L 198, 30.7.2009, bls. 15).

2.2.1.3. „Varnargrind“: hlífðarbúnaður sem með grindum, grillum eða áþekkum búnaði heldur hættulega hlutanum í öruggri fjarlægð þannig að komið er í veg fyrir snertingu við hann.

2.2.2. „Hættulegur hluti“: allir þeir staðir sem vegna fyrirkomulags eða hönnunar á áföstum eða hreyfanlegum hlutum dráttarvélarinnar skapa hættu á áverkum. Hættulegir hlutir eru einkum þeir staðir þar sem menn geta klemmst, misst limi, skorið sig, stungið sig, fest inn í, krækst í og aðrir staðir sem geta læst um líkamshluta manna.

2.2.2.1. „Staður þar sem hætta er á að menn klemmist“: allir hættulegir staðir þar sem hlutar hreyfast í tengslum hver við annan eða við áfasta hluti á þann hátt að menn eða ákveðnir líkamshlutar þeirra geti klemmst.

2.2.2.2. „Staður þar sem hætta er á að limir klippist“: allir hættulegir staðir þar sem hlutar hreyfast hver gegn öðrum eða gegn öðrum hlutum á þann hátt að menn eða líkamshlutar þeirra geta klemmst eða klippst.

2.2.2.3. „Staður þar sem hætta er á að menn skeri sig, stingi sig eða festist“: allir hættulegir staðir þar sem hlutar, annaðhvort hreyfanlegir eða fastir, með hvössum brúnum, oddhvassir eða oddlausir geta valdið því að menn eða tilteknir líkamshlutar verði fyrir áverkum.

2.2.2.4. „Staður þar sem hætta er á að eitthvað krækist í“: allir hættulegir staðir þar sem oddhvassir hlutir sem skaga fram, tennur, pinnar, skrúfur og boltar, smurningsstaðir, ásar, ásendar eða aðrir hlutar sem hreyfast á þann hátt að menn eða tilteknir líkamshlutar eða föt kunna að krækjast í og dragast með.

2.2.2.5. „Staðir sem geta læst“: allir hættulegir staðir þar sem hlutir geta þrengt op með því að færast úr stað og þar sem menn geta fest sig eða föt sín.

2.2.3. „Seilingarfjarlægð“: hámarksfjarlægð sem menn eða tilteknir líkamshlutar þeirra geta náð til, upp á við, niður á við, inn á við, yfir, kringum eða í gegnum án þess að til þess séu notuð verkfæri (mynd 1).

2.2.4. „Öryggisfjarlægð“: fjarlægðin er samsvarar seilingarfjarlægð eða líkamsmálum að viðbættu öryggisbili (mynd 1).

2.2.5. „Stjórnbúnaður“: allur búnaður sem gerir kleift, þegar hann er virkjaður, að breyta ástandi eða notkun dráttarvélarinnar eða þess búnaðar sem við hana er tengdur.

2.2.6. „Venjuleg notkun“: notkun dráttarvélarinnar í þeim tilgangi sem framleiðandi fyrirhugar og notkun stjórnanda sem kann skil á eiginleikum dráttarvélarinnar og fer eftir upplýsingum varðandi notkun, þjónustu og öruggar starfsvenjur eins og framleiðandi mælir fyrir um í handbók fyrir stjórnendur og með merkingum á dráttarvélinni.

2.2.7. „Snerting fyrir slysni“: ófyrirséð snerting milli einstaklings og hættusvæðis sem stafar af athöfnum einstaklingsins við venjulega notkun dráttarvélarinnar og þjónustu við hana.“

2.3. **Öryggisfjarlægðir til að forðast snertingu við hættulega hluta**


2.3.1. Öryggisfjarlægð er mæld frá þeim stöðum þaðan sem dráttarvélinni er stjórnað og sem unnt er að ná til, við viðhald hennar og skoðun, einnig skal mæla fjarlægð frá jörðu. Með „viðhaldi og skoðun á dráttarvélinni“ er eingöngu átt við það starf sem ökumaður sjálfur innir af hendi í samræmi við notkunarleiðbeiningar. Þegar öryggisfjarlægð er ákveðin er grundvallarreglan sú að dráttarvélin sé í sama ástandi og hún var hönnuð fyrir og að engin verkfæri séu notuð til að ná til hættulega hlutans.

Í liðum 2.3.2.1 til 2.3.2.5 eru öryggisfjarlægðir ákvarðaðar. Á tilteknum sérsvæðum og fyrir tiltekna sérstaka íhluti er gert ráð fyrir viðeigandi öryggisstigum ef dráttarvélin uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í liðum 2.3.2.6 til 2.3.2.14.

2.3.2. Hlífar fyrir hættulegum stöðum

2.3.2.1. Seilingarfjarlægð upp á við

Öryggisbil upp á við er 2 500 mm (sjá mynd 1) miðað við standandi mann.



Mynd 1


2.3.2.2. Seilingarfjarlægð niður á við, seilingarfjarlægð fyrir ofan brún

Öryggisbil seilingarfjarlægðar fyrir ofan brún er:

a = fjarlægðin frá jörðu að hinum hættulega stað;

b = hæð brúnarinnar eða hlífðarbúnaðarins;

c = lárétt fjarlægð milli hættulega staðarins og brúnarinnar (sjá mynd 2).



Mynd 2

Fyrir seilingarfjarlægð niður á við og fyrir ofan brún skal virða öryggisfjarlægðirnar sem settar eru fram í töflu 1.

Tafla 1



(*mm*)



a: Fjarlægð til jarðar frá hinum hættulega stað	Hæð milli brúnar og hlífðarbúnaðar b							
	2400	2200	2000	1800	1600	1400	1200	1000
	Lárétt fjarlægð c frá hinum hættulega stað							
2400	—	100	100	100	100	100	100	100
2200	—	250	350	400	500	500	600	600
2000	—	—	350	500	600	700	900	1100
1800	—	—	—	600	900	900	1000	1100
1600	—	—	—	500	900	900	1000	1300
1400	—	—	—	100	800	900	1000	1300
1200	—	—	—	—	500	900	1000	1400
1000	—	—	—	—	300	900	1000	1400
800	—	—	—	—	—	600	900	1300
600	—	—	—	—	—	—	500	1200
400	—	—	—	—	—	—	300	1200
200	—	—	—	—	—	—	200	1100

2.3.2.3. Seilingarfjarlægð kringum

Öryggisbilið sem er gefið upp í töflu 2 hér á eftir skal a.m.k. virt ef líkamshlutinn sem um ræðir á ekki að geta snert hættulega staðinn. Með því að nota öryggisbil er gengið út frá því að þau aðalliðamót líkamshlutans sem um er að ræða hvíli tryggilega á brún hlífðarbúnaðarins. Ekki er talið að öryggisbilið hafi verið virt fyrr en að gengið hefur verið úr skugga um að þessi hluti líkamans geti alls ekki færst framar eða farið nær.

Tafla 2

Líkamshluti	Öryggis-fjarlægð	Mynd
Hönd Frá hnúalið að fingurgómum	≥ 120	
Hönd Frá úlnlið að fingurgómum	≥ 230	

Líkamshluti	Öryggis-fjarlægð	Skýringarmynd
Handleggur Frá olnboga að fingurgómum	≥ 550	
Handleggur Frá öxlum að fingurgómum	≥ 850	

2.3.2.4. Seilingarfjarlægð inn og í gegnum

Ef hugsanlega er hægt að ná til hættulegra hluta með því að fara inn eða í gegnum op er skylt að virða lágmarksöryggisfjarlægðirnar sem settar eru fram í töflum 3 og 4.




Hlutar sem hreyfast í tengslum hver við annan eða hreyfanlegir hlutar sem eru meðfram föstum hlutum teljast ekki hættulegir ef ekki er meira en 8 mm bil á milli þeirra.

Tafla 3

Öryggisfjarlægðir fyrir aflöng og samhliða op

a er minnsta breidd opsins.

b er öryggisbreiddin frá hættulega hlutanum.





Fingurgómar	Fingur		Hönd allt frá fingurgómi þumals	Handleggur	—
					
$4 < a \leq 8$	$8 < a \leq 12$	$12 < a \leq 20$	$20 < a \leq 30$	$30 < a \leq 135$ hámark	>135
$b \geq 15$	$b \geq 80$	$b \geq 120$	$b \geq 200$	$b \geq 850$	—

Tafla 4

Öryggisfjarlægð fyrir ferköntuð eða hringlaga op

a er breidd opsins, þvermál eða hliðarlengd.


b er öryggisbreiddin frá hættulega hlutanum.

Fingurgómar	Fingur		Hönd allt að rót þumals	Handleggur	—
					
$4 < a \leq 8$	$8 < a \leq 12$	$12 < a \leq 25$	$25 < a \leq 40$	$40 < a \leq 250$ hámark	250
$b \geq 15$	$b \geq 80$	$b \geq 120$	$b \geq 200$	$b \geq 850$	—

2.3.2.5. Öryggisfjarlægðir við staði þar sem hætta er á að menn klemmist

Staðir þar sem hætta er á að menn klemmist eru ekki álitnir hættulegir fyrir þann líkamshluta sem er sýndur ef öryggisfjarlægðin er ekki minni en sú sem kemur fram í töflu 5 og ef tryggt er að aðliggjandi, breiðari líkamshlutinn nái ekki inn.

Tafla 5


Líkamshluti	Líkami	Fótleggur	Fótur	Handleggur	Hönd, úlnliður, hnefi	Fingur
Öryggis-fjarlægðir	500	180	120		100	25
Skýringarmynd						

2.3.2.6. Stjórnbúnaður

Bilið milli tveggja fetla og opin sem stjórnbúnaður liggur gegnum teljast ekki til klemmi- eða klippistaða.

2.3.2.7. Þriggja punkta tenging að aftan

2.3.2.7.1. Aftan við plan sem liggur í gegnum miðjuplan snúningspunkta lyftistangarinnar í þriggja punkta tengibúnaði skal vera a.m.k. 25 mm öryggisbil milli hreyfanlegu hlutanna, fyrir hverja stöðu færslunnar n sem lyftibúnaðurinn fer í — að undanskilinni efstu og neðstu endastöðu 0,1 n - sem og 25 mm fjarlægð eða 30° lágmarkshorn fyrir hlutana sem skerast og orsaka breytingar á horninu (sjá mynd 3). Færslan n′, sem er stytt um 0,1 n að ofan og neðan, er skilgreind á eftirfarandi hátt (sjá mynd 4). Þar sem lægri dráttarstöng er virkjuð beint með lyftibúnaði ákvarðast viðmiðunarplanið af miðju lóðréttu þverplani þeirrar stangar.



Mynd 3

Skýringartexti:

A = Lyftiarmur


B = Neðri tengipunktur

C = Lyftistöng

D = Undirvagn dráttarvélar

E = Plan gegnum áslínu snúningspunkta lyftistangarinnar

F = Hreyfirými



Mynd 4

2.3.2.7.2. Fyrir færsluna n á vökvalyftibúnaðinum, er lægri staðan A á tengipunkti lægri dráttarstangarinnar takmörkuð af málinu „14“ samkvæmt ISO staðli 730, 1. hluta, frá desember 1994, en efri staðan B er takmörkuð af hámarksvökvafærslu. Færslan n′ samsvarar færslu n, sem er stytt um 0,1 n að ofan og neðan, og myndar lóðréttu fjarlægðina milli A′ and B′.

2.3.2.7.3. Kringum þversnið lyftistanganna skal enn fremur vera a.m.k. 25 mm öryggisbil innan færslunnar n′ miðað við næstu aðliggjandi hluta.

2.3.2.7.4. Ef um er að ræða þriggja punkta tengingu og notaður er tengibúnaður þar sem ekki er þörf á stjórnanda milli dráttarvélarinnar og tækisins sem tengt er við (t. d. þegar um er að ræða hraðtengi), gilda ákvæði liðar 2.3.2.7.3 ekki.

2.3.2.7.5. Í leiðarvísinum skal sérstaklega veita upplýsingar um hættulega staði framan við plan sem er skilgreint í fyrstu setningu í lið 2.3.2.7.1.

2.3.2.8. Þriggja punkta tenging að framan

2.3.2.8.1. Fyrir hverja stöðu færslunnar n sem lyftibúnaðurinn fer í — að undanskilinni efstu og neðstu endastöðu 0,1 n — skal vera a.m.k. 25 mm öryggisbil milli hreyfanlegu hlutanna ásamt 30° lágmarkshorni eða 25 mm öryggisbili þegar um er að ræða breytingu á horninu af völdum þeirra hluta sem skerast. Færslan n′, sem er stytt um 0,1 n að ofan og neðan er skilgreind á eftirfarandi hátt (sjá einnig mynd 4).


2.3.2.8.2. Fyrir færsluna n á vökvalyftibúnaðinum, er lægri staðan A á tengipunkti lægri dráttarstangarinnar takmörkuð af málinu „14“ samkvæmt ISO staðli 8759, 2. hluta, frá mars 1998, en efri staðan B er takmörkuð af hámarksvökvafærslu. Færslan n′ samsvarar færslu n, sem er stytt um 0,1 n að ofan og neðan, og myndar lóðréttu fjarlægðina milli A′ and B′.

2.3.2.8.3. Ef notaður er tengibúnaður (svo sem hraðtengi) fyrir dráttarstöngina á þriggja punkta tengingu að framan sem ekki krefst stjórnanda milli dráttarvélarinnar og tækisins sem tengt er við gilda kröfurnar í lið 2.3.2.8.1 ekki á svæði með 250 mm radíusi frá þeim punktum þar sem dráttarstangirnar tengjast dráttarvélinni. Kringum þversnið lyftistanganna skal samt sem áður vera a.m.k. 25 mm öryggisbil innan færslunnar n′ miðað við næstu aðliggjandi hluta.

2.3.2.9. Ökumannssæti og umhverfi

Þegar ökumaður situr skulu allir klemmi- og klippistaðir vera utan seilingar handa og fóta ökumannsins. Þessum kröfum er talið fullnægt að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

2.3.2.9.1. Sæti ökumannsins er stillt í miðstöðu bæði lárétt og lóðrétt. Seilingarfjarlægð ökumanns er skipt niður í svæði A og B. Miðpunktur í kúlufleti þessara svæða er 60 mm framan við og 580 mm ofan við málpunkt sætisins (sjá mynd 5). Svæði A er myndað úr kúlufleti með 550 mm þvermáli en svæði B er staðsett milli þessa svæðis og kúluflatar með 1 000 mm radíusi.



Mynd 5

2.3.2.9.2. Virða skal 120 mm öryggisfjarlægð á svæði A og 25 mm á svæði B nálægt klemmi- og klippistöðum eða a.m.k. 30° horn þegar um er að ræða hluta sem skerast á þann hátt að hornið breytist.


2.3.2.9.3. Á svæði A skal aðeins reikna með klemmi- og klippistöðum sem verða til af völdum hluta sem ytri orkugjafi kemur á hreyfingu.

2.3.2.9.4. Ef staðurinn er hættulegur vegna þess að grindarhlutar liggja að sætinu skal vera a.m.k. 25 mm öryggisfjarlægð milli grindarhlutans og sætisins. Enginn hættulegur staður er milli sætisbaksins og aðliggjandi grindarhluta fyrir aftan sætisbakið ef þessir aðliggjandi grindarhlutar eru sléttir og sætisbakið sjálft er ávalt og hvergi með hvössum brúnum.

2.3.2.10. Farþegasæti (ef það er til staðar)

2.3.2.10.1. Ef einhverjir hlutar geta verið hættulegir fyrir fætur skal gera ráðstafanir til að koma fyrir hlífðarbúnaði í hálfkúluradíusi frá fremri brún setunnar og niður á við.


2.3.2.10.2. Eins og lýst er í lið 2.3.2.9 (sjá mynd 6) skal verja hættulega staði á svæðum A og B innan kúluflatar með miðju 670 mm fyrir ofan miðja frambrún farþegasætisins.



Mynd 6

2.3.2.11. Dráttarvélar með lítilli sporvídd (dráttarvélar með sporvídd samkvæmt skilgreiningu í öðrum undirlið 1. gr. tilskipunar 87/402/EBE ([9])).

2.3.2.11.1. Þegar um er að ræða dráttarvélar með lítilli sporvídd gilda kröfurnar í lið 2.3.2.9 ekki um svæðið sem er staðsett neðan við plan með 45° afturhalla þvert á akstursstefnu í gegnum punkt staðsettan 230 mm fyrir aftan málpunkt sætisins (sjá mynd 7). Ef hættulegir staðir eru á þessu svæði er skylt að festa merkingar þar að lútandi á dráttarvélina.



Mynd 7


([9]) Tilskipun ráðsins 87/402/EBE frá 25. júní 1987 um veltigrindur framan við ökumannssæti á landbúnaðardráttarvélum á hjólum með lítilli sporvídd (Stjtíð. EB L 220, 8.8.1987, bls. 1).

2.3.2.11.2. Liðir II.1 og II.2 í I. viðauka við tilskipun 80/720 EBE([10]) gilda um aðgang að ökumannssætinu.

2.3.2.11.3. Liður I.6 í I. viðauka við tilskipun 80/720/EBE gildir um stjórnbúnað.

2.3.2.11.4. Verja skal mjög heita hluta útblásturskerfisins framan við viðmiðunarplan sem liggur hornrétt á lengdarás ökutækisins og gegnum miðju fetilsins sem enginn þungi hvílir á (tengsli og/eða akstursheimill) ef þeir eru innan 300 mm á efra svæðinu (700 mm frá jörðu) og innan 150 mm á lægra svæðinu (sjá mynd 8). Á hliðunum takmarkast svæðið sem verja á af útlínum dráttarvélarinnar og útlínum útblásturskerfisins.

Verja eða hitaeinangra skal mjög heita hluta útblásturskerfisins, sem eru undir fótstiginu þar sem staða þeirra er lóðrétt.



Mynd 8

2.3.2.12. Fyrirkomulag og merking á sveigjanlegum vökvaslöngum

2.3.2.12.1. Sveigjanlegum vökvaslöngum skal komið fyrir á þann hátt að engar vélrænar skemmdir eða hitaskemmdir geti orðið.

2.3.2.12.2. Auðvelt skal vera að bera kennsl á sveigjanlegar vökvaslöngur og þær merktar með óafmáanlegum upplýsingum:

– um merki framleiðanda slöngunnar,

– um framleiðsludag (framleiðsluár og mánuð),

– um hæsta leyfilegan yfirþrýsting á vökvanum við vinnu.

2.3.2.12.3. Vökvaslöngum sem eru í námunda við ökumannssæti eða farþegasæti skal komið fyrir eða þær varðar á þann hátt að ekki skapist hætta ef þær gefa sig.

2.3.2.13. Stýrisbúnaður og sveifluás

Hluta sem hreyfast miðað við hvern annan eða aðra áfasta hluta skal verja ef þeir liggja innan svæðisins sem er skilgreint í liðum 2.3.2.9 og 2.3.2.10.

Þegar um er að ræða dráttarvélar með liðstýringu skulu óafmáanlegar og greinilegar merkingar vera á því svæði báðum megin á dráttarvélinni, annaðhvort í mynd- eða textaformi, og skulu þær gefa til kynna að óheimilt sé að vera innan óvarða liðsvæðisins. Í leiðarvísinum skulu vera samsvarandi ábendingar.

([10]) Tilskipun ráðsins 80/702/EBE frá 24. júní 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi athafnarými, aðgang að ökumannssæti og dyr og glugga á landbúnaðardráttarvélum á hjólum (Stjtíð. EB L 194, 28.7.1980, bls. 1).

2.3.2.14. Drifsköft áföst dráttarvélinni


Drifsköft (til dæmis fyrir fjórhjóladrif) sem aðeins geta snúist meðan dráttarvélin er á ferð skal verja ef þau eru innan svæðisins sem er skilgreint í liðum 2.3.2.9 og 2.3.2.10.

2.3.2.15. Autt svæði kringum drifhjólin

2.3.2.15.1. Auða svæðið kringum hjólhlíf skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

2.3.2.15.2. Með „auðu svæði“ er átt við svæðið sem á að vera autt kringum hjólbarða drifhjólanna miðað við aðliggjandi hluta ökutækisins.

Auða svæði drifhjólanna, þegar þau eru búin stærstu hjólbarðagerð, skal svara til þeirra mála sem eru gefin upp á mynd 9 og töflu 6.



Mynd 9

Tafla 6

Staðlaðar dráttarvélar		Dráttarvélar með lítilli sporvídd	
a	*h*	*a*	*h*
mm	mm	mm	mm
40	60	15	30

Autt svæði, minna en það sem sýnt er á mynd 9 og töflu 6, er leyfilegt til viðbótar þeim svæðum sem um getur í liðum 2.3.2.9 og 2.3.2.10 þegar um er að ræða dráttarvélar með lítilli sporvídd þar sem hjólhlífarnar eru einnig notaðar til að skafa burt mold af hjólunum.

2.3.2.16. Heitir fletir

Setja skal hlíf fyrir eða einangra heita fleti sem stjórnandi getur náð til við venjulega notkun dráttarvélarinnar. Þetta á við um heita fleti sem eru nálægt þrepum, handriðum, handfestum og óaðskiljanlegum hlutum dráttarvélarinnar sem eru notaðir til að stíga upp í hana og mögulegt er að snerta fyrir slysni.

2.3.2.17. Hlífar yfir rafskaut rafgeyma

Ójarðtengd rafskaut verður að verja þannig að ekki verði skammhlaup fyrir slysni.

2.4. **Aðferð til að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis**

2.4.1. Almennt

Hér á eftir er lýst aðferðinni og búnaðinum sem er notaður til að ákvarða málpunkt sætis fyrir allar gerðir bólstraðra sæta.

2.4.2. Skilgreiningar

Málpunktur sætis (MPS):

Punktur á lóðrétta lengdarmiðjuplaninu á staðsetningarbúnaði fyrir málpunkt sætis, sem er sýndur á mynd 10 og er staðsettur á ökumannssætinu í samræmi við liði 2.4.4 og 2.4.6.

Málpunktur sætis er ákveðinn með viðmiðun við ökutækið og flyst ekki til þegar sætið er stillt og/eða þegar það fjaðrast.

2.4.3. Búnaður til að ákvarða málpunkt sætis (MPS)

Búnaðurinn til að ákvarða MPS skal vera í samræmi við mynd 10. Massi þessa búnaðar er 6 ± 1 kg og undirlag hans skal vera flatt og slétt.

2.4.4. Stilling sætis til að ákvarða málpunkt sætis (MPS)

Þegar unnt er að stilla sætið og fjöðrun þess skal það stillt á eftirfarandi hátt áður en málpunkturinn er ákvarðaður:

a) allar stillingar — fram/aftur, hæð og halli — skulu vera í miðjustöðu. Ef engin miðjustaða er fyrir hendi skal nota næstu stillingu við, fyrir ofan eða neðan miðjustöðu;

b) stillanlega fjöðrun skal stilla á þann hátt að fjöðrunin sé miðja vegu miðað við staðsetningarbúnaðinn í réttri stöðu og hlaðinn. Festa má fjöðrunina vélrænt í þessari stöðu á meðan málpunktur sætis (MPS) er ákvarðaður;

c) fjöðrun sem ekki er hægt að stilla skal læsa í lóðréttri stöðu sem næst með staðsetningarbúnaðinum í stöðu og hlaðinn;

d) ef áðurnefndar stillingar stangast á við sérstök fyrirmæli framleiðandans þá skal þeim fylgt á þann hátt að miðað sé við stillingu sem mælt er með fyrir 75 kg þungan ökumann.

Ath.: Ökumaður sem er 75 kg samsvarar um það bil staðsetningarbúnaðinum í stöðu á sætinu með 65 kg massa.

2.4.5. Ákvörðun á þremur viðmiðunarásum x′, y′, og z′ fyrir MPS

Hnitin skulu ákvörðuð sem hér segir:

a) festingargatið sem er í öftustu stöðu er staðsett á einni hlið sætisfestingarinnar,

b) ef ásinn í gegnum þetta gat er samhliða snúningsásnum sem er skilgreindur fyrir búnaðinn er hann ás y′, (snýr frá vinstri til hægri miðað við sitjandi ökumann — sjá mynd 11),

c) ef ásinn í gegnum þetta gat er samhliða lóðrétta planinu í gegnum miðlínu sætisins, þá er beina línan ás y′ samhliða tilgreindum snúningsási og liggur gegnum skurðpunktinn milli burðarplans sætisins og áss gatsins sem um getur hér að framan (sjá mynd 12),

d) í öllum öðrum tilvikum er y′ ásinn ákvarðaður í samræmi við mæliþætti fyrir sætið sem á að mæla,

e) ásar x′ og z′ eru skilgreindir sem skurðpunktar láréttu og lóðréttu plananna sem ganga í gegnum y′ og lóðrétta planið gegnum miðlínu sætisins. Ásar x′ og z′ skulu stefna fram á við og upp á við (sjá myndir 11 og 12).

2.4.6. Aðferð til að ákvarða málpunkt sætis (MPS)

Málpunktur sætis (MPS) er ákvarðaður með því að nota búnaðinn sem er sýndur á mynd 10 og á eftirfarandi hátt:

a) klæðisbútur er settur yfir setuna til að auðveldara sé að koma búnaðinum í rétta stöðu,

b) búnaðurinn er settur (án viðbótarmassa) á setuna með því að ýta honum aftur að sætisbakinu,

c) massa er bætt við þar til heildarmassi búnaðarins er orðinn 26 ± 1 kg í stað 6 ± 1 kg áður. Miðja lóðrétts þyngdarkrafts skal vera 40 mm framan við málpunktsmerki sætisins á lárétta hluta búnaðarins (sjá mynd 10),


d) um það bil 100 N láréttur kraftur er settur tvisvar á búnaðinn á málpunkt sætis eins og sýnt er á mynd 10,

e) á ný er massa bætt við þar til heildarmassi búnaðarins er orðinn 65 ± 1 kg í stað 26 ± 1 kg áður. Miðja lóðrétts krafts massans sem er bætt við skal vera 40 mm framan við málpunktsmerki sætisins á lárétta hluta búnaðarins (sjá mynd 10),


f) á báðum hliðum sætisins, á tveimur lóðréttum plönum jafnlangt frá lengdarmiðjulínu sætisins, skulu hnitin, eins og þau eru skilgreind í lið 2.4.5 fyrir skurðpunkta þessara plana á ási málpunkts sætis sem er ákvarðað af búnaðinum, mæld með ±1 mm nákvæmni.

Reiknuð meðaltalsgildi af mælingunum á plönunum tveimur eru skráð sem hnit málpunkts sætis,

g) skilyrðin, sem tengjast ákvörðunaraðferðinni og eru ólík aðferðinni í þessum viðauka eða kunna að orsaka skekkjur í niðurstöðum, skulu skráð sem og orsakir þeirra.




Mynd 10 — Búnaður til að ákvarða málpunkt sætis (MPS)



Mynd 11 — Ákvörðun á viðmiðunarásum fyrir MPS

(Ás festingargatsins samhliða snúningsási baks/læra)



Mynd 12 — Ákvörðun á þremur viðmiðunarásum MPS

(Ás festingargatsins samhliða lóðréttu plani í gegnum miðlínu sætisins)

Viðbætir

FYRIRMYND

Heiti yfirvalds

VIÐAUKI VIÐ EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR DRÁTTARVÉLARGERÐ AÐ ÞVÍ ER VARÐAR HRAÐATAKMARKARA OG HLÍFAR FYRIR AFLRÁSARÍHLUTI, ÚTSTÆÐA HLUTA OG HJÓL

(2. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum)

EB-gerðarviðurkenningarnúmer: .....

1. Íhlutur/íhlutir eða eiginleiki/eiginleikar:

1.1. hraðatakmarkari (ef hann er fyrir hendi)

1.2. hlífar fyrir aflrásareiningar, útstæða hluta og hjól

2. Tegund dráttarvélar (eða firmaheiti framleiðanda):

.....

.....

3. Gerð og ef við á verslunarheiti dráttarvélarinnar:

.....

.....

4. Nafn og heimilisfang framleiðanda:

.....

.....

5. Ef við á, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda

.....

.....

6. Lýsing á íhlut/íhlutum og/eða eiginleika/eiginleikum þeirra hluta sem nefndir eru í lið 1 hér að framan:

.....

7. Dráttarvélin lögð fram til EB-gerðarviðurkenningar þann:

.....

8. Tækniþjónustan sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar:

.....

.....

9. Dagsetning skýrslu sem þjónustan gefur út:

.....

10. Númer skýrslu sem þjónustan gefur út:

.....

11. EB-gerðarviðurkenning er veitt/synjað er um EB-gerðarviðurkenningu að því er snertir hraðatakmarkara og hlífar fyrir aflrásaríhluti, útstæða hluta og hjól (*):

12. Staður: .....

13. Dagsetning: .....

14. Undirskrift: .....

15. Eftirfarandi skjöl með EB-gerðarviðurkenningarnúmerinu, sem getið er hér að framan, fylgja þessu vottorði:

..... málsettar teikningar,

..... teikning eða ljósmynd af dráttarvélinni.

Þessi gögn skulu afhent lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja ef þau krefjast þess.

16. Athugasemdir:

.....

.....

.....

(*) Strikið út eftir því sem við á.

III. viðauki A

Framrúður og aðrar rúður — Kröfur um búnað, skilgreiningar, umsókn um gerðarviðurkenningu íhlutar, gerðarviðurkenning íhlutar, merkingar, almennar forskriftir, prófanir og samræmi framleiðslu

1. KRÖFUR UM BÚNAÐ

1.1. Dráttarvélar fyrir landbúnað og skógrækt geta að vali framleiðanda verið búnar:

1.1.1. framrúðum og öðrum rúðum en framrúðum sem eru í samræmi við ákvæði þessa viðauka,

1.1.2. framrúðum sem uppfylla kröfur um rúður aðrar en framrúður í þessum viðauka að undanskildum þeim kröfum sem liður 9.1.4.2 í III. viðauka C við þessa tilskipun tekur til (rúður með jöfnum ljósflæðistuðli undir 70%).

1.1.3. leyfilegt er að nota stíft plastgler í rúður aðrar en framrúður eins og samþykkt var í tilskipun ráðsins 92/22/EBE ([11]) eða í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43, 14. viðauka.

2. SKILGREININGAR

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

2.1. „rúða úr hertu gleri“: rúðuflötur úr einu glerlagi sem hefur verið sérstaklega unnið til að auka vélrænan styrk hans og stjórna sprungumynstri við brot,

2.2. „lagskipt rúða“: rúðuflötur úr tveimur eða fleiri glerlögum sem haldið er saman af einu eða fleiri millilögum úr plasti; lagskipta rúðan getur verið:

2.2.1. „venjuleg“ ef ekkert glerlaganna sem hún er samsett úr hefur verið unnið, eða

2.2.2. „unnið“ ef a.m.k. eitt glerlaganna sem hún er samsett úr hefur verið sérstaklega meðhöndlað til að auka vélrænan styrk þess og stjórna sprungumynstri við brot,

2.3. „plastklædd rúða úr öryggisgleri“: rúðuflötur samkvæmt skilgreiningu í lið 2.1 eða 2.2 með plastþynnu á innra yfirborði,

2.4. „lagskipt rúða úr öryggisgleri (gler-plast)“: rúðuflötur úr lagskiptu gleri, með einu glerlagi og einu eða fleiri lögum úr plasti þar af einu millilagi. Plastlögin skulu vera á innra borðinu þegar rúðan er sett í dráttarvélina,

2.5. „framrúðuhópur“: hópur sem í eru framrúður af mismunandi stærð og lögun sem eru rannsakaðar að því er varðar vélræna eiginleika, hvernig þær brotna og hvernig þær hegða sér við prófun á þoli gegn umhverfisáhrifum,

2.5.1. „flöt framrúða“: framrúða sem er án nafnboga og nær meira en 10 mm bogahæð á hvern lengdarmetra,

2.5.2. „bogaframrúða“: framrúða sem er með nafnboga og nær meira en 10 mm bogahæð á hvern lengdarmetra,

2.6. „tvöfaldur gluggi“: tveir fletir sem eru settir aðskildir í sama op dráttarvélarinnar,

2.7. „tvöföld rúða“: eining úr tveimur flötum sem eru varanlega settir saman í verksmiðjunni og aðskildir með einsleitu millirúmi,

2.7.1. „samhverf tvöföld rúða“: tvöföld rúða sem í eru tveir fletir af sömu gerð (hert eða lagskipt gler, o.s.frv.) er hafa sömu grundvallar- og fylgieiginleika,

([11]) Tilskipun ráðsins 92/22/EBE frá 31. mars 1992 um öryggisrúður og efni í rúður vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra (Stjtíð. L 129, 14.5.1992, bls. 11).

2.7.2. „ósamhverf tvöföld rúða“: tvöföld rúða sem í eru tveir fletir af ólíkri gerð (hert eða lagskipt gler, o.s.frv.) eða hafa ólíka grundvallar- og/eða fylgieiginleika,

2.8. „grundvallareiginleikar“: eiginleikar er breyta umtalsvert ljósfræðilegum- og/eða vélrænum eiginleikum rúðuflatar á þann hátt að þeir hafa umtalsverð áhrif á hvernig rúðuflöturinn virkar í dráttarvélinni. Þetta hugtak nær einnig til viðskiptaheitis eða vörumerkis,

2.9. „fylgieiginleikar“: eiginleikar sem geta breytt ljósfræðilegum- og/eða vélrænum eiginleikum rúðuflatar á þann hátt að það hafi umtalsverð áhrif á hvernig rúðuflöturinn virkar í dráttarvélinni. Umfang slíkrar breytingar er metið með hliðsjón af torveldistuðlum,

2.10. „torveldistuðlar“: flokkun í tvö stig sem notuð eru um breytingar sem verða í raun á hverjum fylgieiginleika. Breyting á stigi 1 í stig 2 gefur til kynna að þörf sé á frekari prófunum,

2.11. „mótaður flötur framrúðu“: minnsti rétthyrndur flötur glers sem unnt er að framleiða framrúðu úr,

2.12. „hallahorn framrúðu“: hornið sem lóðrétta og beina línan myndar sem tengir efstu og neðstu brún framrúðunnar, og liggja báðar þessar línur á lóðréttu plani meðfram lengdarási dráttarvélarinnar.

2.12.1. Mæling á hallahorni fer fram á dráttarvél án hleðslu á jafnsléttu.

2.12.2. Dráttarvélar búnar vökvaloft-, vökva- eða loftknúinni fjöðrun eða búnaði með sjálfvirkri stillingu fyrir bil frá jörðu miðað við hleðslu eru prófaðar við eðlilegar akstursaðstæður sem framleiðandi tilgreinir,

2.13. „bogahæð, h“: hámarksfjarlægð, mæld um það bil hornrétt á rúðuflötinn, milli innri flatar rúðunnar og plans sem liggur upp við brúnir rúðunnar (sjá III. viðauka N, mynd 1),

2.14. „gerð rúðuflatar“: rúðuflötur, eins og hann er skilgreindur í liðum 2.1 til 2.4, án verulegs mismunar að því er varðar m.a. grundvallar- og fylgieiginleikana sem nefndir eru í III. viðauka D til III. viðauka L.

2.14.1. Þrátt fyrir að breyting á grundvallareiginleikum feli í sér nýja gerð af vöru, er viðurkennt að í ákveðnum tilvikum þurfi breyting á lögun og máli ekki nauðsynlega að hafa í för með sér að fullkomin röð prófana sé framkvæmd. Fyrir ákveðnar prófanir sem eru tilgreindar í einstökum viðaukum er heimilt að setja rúðufleti saman í hóp ef það er auðsýnt að þeir hafi sambærilega grundvallareiginleika.

2.14.2. Rúðufletir sem eru frábrugðnir hver öðrum að því er varðar fylgieiginleika eingöngu teljast sömu gerðar; þó er heimilt að framkvæma tilteknar prófanir á sýnum af slíkum flötum ef skýrt er kveðið á um framkvæmd þeirra í prófunarforskriftunum,

2.15. „krappi, r“: nálgunargildi minnsta radíusar á boga framrúðunnar eins og hann er mældur þar sem boginn er mestur.

3. UMSÓKN UM GERÐARVIÐURKENNINGU ÍHLUTAR

3.1. Framleiðandi öryggisrúðunnar eða viðurkenndur fulltrúi hans leggur fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir hverja rúðugerð. Einungis er heimilt að sækja um í einu aðildarríki.

3.2. Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu fyrir hverja gerð öryggisrúðna skulu fylgja eftirfarandi skjöl í þríriti auk eftirfarandi upplýsinga:

3.2.1. tæknileg lýsing þ.m.t. allir grundvallar- og fylgieiginleikar, og

3.2.1.1. fyrir aðrar rúður en framrúður, teikningar, að hámarki A4 eða brotnar saman í þá stærð, er sýna:

– hámarksflatarmálið,

– minnsta hornið milli tveggja aðliggjandi hliða rúðunnar, og

– hámarksbogahæð, ef við á,

3.2.1.2. fyrir framrúður:

3.2.1.2.1. skrá yfir fyrirmyndir af framrúðum sem sótt er um gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir ásamt nafni dráttarvélarframleiðenda og gerð (gerðum) dráttarvéla,

3.2.1.2.2. teikningar í mælikvarðanum 1:10 og skýringarmyndir af framrúðunum og uppsetningu þeirra í dráttarvélarnar, nógu nákvæmar til að sýna:

3.2.1.2.2.1. stöðu framrúðunnar miðað við viðmiðunarpunktinn eins og skilgreint er í lið 1.2 í I. viðauka við tilskipun ráðsins 2008/2/EB ([12]),

3.2.1.2.2.2. hallahorn framrúðu,

3.2.1.2.2.3. stöðu og stærð svæðisins þar sem ljósfræðilegir eiginleikar eru sannprófaðir og, ef við á, þann flöt sem hefur fengið mismunandi herslu,

3.2.1.2.2.4. mótaðan flöt framrúðunnar,

3.2.1.2.2.5. hámarksbogahæð framrúðunnar, og

3.2.1.2.2.6. krappa framrúðunnar (eingöngu til að flokka framrúður í hópa),

3.2.1.3. fyrir tvöfalda rúðu, teikningar, að hámarki A4 eða brotnar saman í þá stærð, er sýna auk þeirra upplýsinga sem um getur í lið 3.2.1.1:

– gerð hverrar rúðu,

– gerð festingar (lífræn, gler-gler eða gler-málmur):

– nafnbreidd bilsins milli rúðnanna:

3.3. Að auki skal umsækjandi leggja fram nægilegan fjölda prófunarhluta og sýni af fullunnum rúðufleti fyrirmyndarinnar sem um ræðir og er fjöldinn ákveðinn í samráði við tækniþjónustuna sem sér um prófunina.

3.4. Lögbært yfirvald skal staðfesta að gerðar hafi verið fullnægjandi ráðstafanir til þess að tryggja að skilvirkt eftirlit sé með samræmi framleiðslu áður en gerðarviðurkenning íhlutar er veitt.

4. MERKINGAR

4.1. Allar öryggisrúður, þ.m.t. sýni og prófunarhlutar sem lagðir eru fram til gerðarviðurkenningar íhlutar skulu bera viðskiptaheiti eða vörumerki framleiðandans. Merkingar skulu auðlæsilegar og óafmáanlegar.

5. GERÐARVIÐURKENNING ÍHLUTAR

5.1. Ef sýnin sem eru lögð fram til gerðarviðurkenningar uppfylla kröfur 5. og 7. liðar hér á eftir er veitt viðurkenning fyrir samsvarandi gerðir af öryggisrúðu.

5.2. Gerðarviðurkenningarnúmeri er úthlutað fyrir hverja gerð samkvæmt skilgreiningum í viðaukum III E, III G, III K og III L eða, þegar um framrúður er að ræða, fyrir hvern hóp sem fær viðurkenningu. Fyrstu tveir tölustafirnir (sem stendur 00 fyrir tilskipun 89/173/EEC í upprunalegu formi) gefa til kynna röð breytinga sem samsvara nýjustu tæknibreytingum sem gerðar eru á tilskipun 89/173/EBE, eins og henni er skipt út fyrir þessa tilskipun, þegar viðurkenningin er gefin út. Aðildarríki er óheimilt að úthluta annarri gerð eða hópi öryggisrúðna sama númeri.

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/2/EB frá 15. janúar 2008 um sjónsvið og rúðuþurrkur á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (kerfisbundin útgáfa) (Stjtíð. L 24, 29.1.2008, bls. 30).

5.3. Gerðarviðurkenning íhlutar eða rýmkun eða synjun á viðurkenningu fyrir gerð af öryggisrúðu samkvæmt þessari tilskipun er komið á framfæri við aðildarríkin með tilkynningu sem er samin í samræmi við fyrirmyndina í III. viðauka B við þessa tilskipun og viðbæta hennar.

5.3.1. Að því er varðar framrúður skal skjal fylgja auglýsingu um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar þar sem allar fyrirmyndir framrúðna í hópnum sem hlotið hafa viðurkenningu eru skráðar ásamt eiginleikum hópsins í samræmi við 8. viðbæti við III. viðauka B.

5.4. Auk merkingarinnar sem er tilgreind í lið 4.1 skal EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar fest á áberandi hátt á allar öryggisrúður og tvöfaldar rúður í samræmi við gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun. Einnig er heimilt að festa á þær öll viðurkenningarmerki íhlutar sem veitt eru sérstaklega fyrir hverja rúðu með tvöföldu gleri.

Þetta gerðarviðurkenningarmerki samanstendur af:

5.4.1. rétthyrningi utan um lágstafinn „e“ en á eftir honum komi auðkennisnúmer aðildarríkisins sem veitt hefur viðurkenninguna ([13]),

5.4.2. gerðarviðurkenningarnúmeri íhlutar hægra megin við rétthyrninginn sem um getur í lið 5.4.1.

5.5. Eftirfarandi viðbótartákn eru fest á nálægt EB-gerðarviðurkenningarmerkinu:

5.5.1. þegar um er að ræða framrúður:

I: fyrir hert gler (I/P ef það er klætt) ([1]),

II: fyrir venjulegt lagskipt gler (II/P ef það er klætt) ([2]),

III: fyrir unnið lagskipt gler (III/P ef það er klætt) ([3]),

IV: fyrir lagskipt gler (gler-plast),

5.5.2. V: þegar um er að ræða aðrar rúður en framrúður sem heyra undir ákvæði liðar 9.1.4.2 í III. viðauka C,

5.5.3. VI: þegar um er að ræða tvöfaldar rúður,

5.5.4. T: þegar um er að ræða framrúður sem uppfylla kröfur um rúður aðrar en framrúður, að undanskildum þeim sem liður 9.1.4.2 í III. viðauka C tekur til (rúðufletir með jafnan ljósflæðistuðul undir 70%). Þegar um er að ræða framrúður sem eru í samræmi við kröfur um rúður aðrar en framrúður er þó einungis heimilt að merkja með tákninu „T“ eftir að líkan af höfði hefur verið prófað samkvæmt skilgreiningu í lið 3.3.2 í III. viðauka G við þessa tilskipun og með 4,0 + 25 mm/ – 0 mm fallhæð.

5.6. EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar og táknið skulu vera auðlæsileg og óafmáanleg.

5.7. Í viðbætinum við þennan viðauka eru dæmi um sýnishorn af gerðarviðurkenningarmerkjum íhlutar.

6. ALMENNAR KRÖFUR

6.1. Allir rúðufletir og sérstaklega þeir sem eru ætlaðir til framleiðslu á framrúðum skulu vera í það háum gæðaflokki að lítil hætta sé á að menn slasist ef glerið brotnar. Glerið skal vera nægilega sterkt til að þola óhöpp sem kunna að verða í eðlilegri umferð, og einnig áhrif andrúmslofts og hita, efnafræðilegrar virkni, bruna og slits.

6.2. Öryggisglerið skal þar að auki vera hæfilega gagnsætt og má ekki afmynda á neinn merkjanlegan hátt þá hluti sem horft er á út um framrúðuna eða valda litabreytingum á umferðarmerkjum eða -ljósum. Ef glerið brotnar verður ökumaður að geta séð veginn það vel að hann nái að hemla og stöðva dráttarvélina á öruggan hátt.

([13]) 1 fyrir Þýskaland, 2 fyrir Frakkland, 3 fyrir Ítalíu, 4 fyrir Holland, 5 fyrir Svíþjóð, 6 fyrir Belgíu, 7 fyrir Ungverjaland, 8 fyrir Tékkland, 9 fyrir Spán, 11 fyrir Breska konungsríkið, 12 fyrir Austurríki, 13 fyrir Lúxemborg, 17 fyrir Finnland, 18 fyrir Danmörku, 19 fyrir Rúmeníu, 20 fyrir Pólland, 21 fyrir Portúgal, 23 fyrir Grikkland, 24 fyrir Írland, 26 fyrir Slóveníu, 27 fyrir Slóvakíu, 29 fyrir Eistland, 32 fyrir Lettland, 34 fyrir Búlgaríu, 36 fyrir Litháen, 49 fyrir Kýpur, 50 fyrir Möltu.

7. SÉRSTAKAR KRÖFUR

Allar gerðir af öryggisgleri skulu, samkvæmt þeim flokki sem þær tilheyra, vera í samræmi við eftirfarandi sérstakar kröfur:

7.1. að því er varðar framrúður úr hertu gleri, kröfurnar í III. viðauka D,

7.2. að því er varðar rúður úr einsleitu hertu gleri aðrar en framrúður, kröfurnar í III. viðauka E,

7.3. að því er varðar framrúður úr lagskiptu gleri, kröfurnar í III. viðauka F,

7.4. að því er varðar rúður úr lagskiptu gleri aðrar en framrúður, kröfurnar í III. viðauka G,

7.5. að því er varðar unnar framrúður úr lagskiptu gleri, kröfurnar í III. viðauka H,

7.6. að því er varðar plastklæddar öryggisrúður, kröfurnar í III. viðauka I, auk þeirra krafna sem máli skipta og taldar eru upp hér að framan,

7.7. að því er varðar framrúður úr lagskiptu gleri (gler-plast), kröfurnar í III. viðauka J,

7.8. að því er varðar rúður úr lagskiptu gleri (gler-plast) aðrar en framrúður, kröfurnar í III. viðauka K,

7.9. að því er varðar tvöfaldar rúður, kröfurnar í III. viðauka L.

8. PRÓFANIR

8.1. Mælt er fyrir um eftirfarandi prófanir:

8.1.1. Sundrun

Markmiðið með þessari prófun er:

8.1.1.1. að sannreyna hvort brot og glerflísar úr brotinni rúðu séu þannig að lítil hætta sé á að menn slasist, og

8.1.1.2. þegar um er að ræða framrúður, að athuga sjónsviðið eftir brot.

8.1.2. Vélrænn styrkur

8.1.2.1. Höggprófun með kúlu

Um er að ræða tvær prófanir, aðra þar sem notuð er 227 g kúla og hina þar sem notuð er 2 260 g kúla.

8.1.2.1.1. höggprófun með 227 g kúlu: markmiðið með þessari prófun er að meta viðloðun millilagsins í lagskipta glerinu og vélrænan styrk í einsleita herta glerinu.

8.1.2.1.2. höggprófun með 2260 g kúlu: markmiðið með þessari prófun er að meta þol lagskipta glersins gegn því að kúlan fari í gegn.

8.1.2.2. Prófun með líkani af höfði

Markmið með þessari prófun er að sannreyna hvort rúðan uppfylli kröfur um minnstu möguleg meiðsli ef höfuðið skellur á framrúðu, lagskiptum rúðum eða rúðum úr lagskiptu gleri (gler-plast), öðrum en framrúðum og einnig tvöföldum rúðum sem eru notaðar í hliðarrúður.

8.1.3. Þol gegn umhverfisáhrifum

8.1.3.1. Slitprófun

Markmiðið með þessari prófun er að ákvarða hvort slitþol öryggisrúðunnar fari yfir tilgreint gildi.

8.1.3.2. Hitaþolsprófun

Markmið þessarar prófunar er að sannreyna að engar loftbólur eða aðrir gallar myndist í millilagi lagskipta glersins eða í rúðu úr lagskiptu gleri (gler-plast), þegar það er haft í miklum hita í langan tíma.

8.1.3.3. Geislaþolsprófun

Markmiðið með þessari prófun er að ákvarða hvort ljósflæði í gegnum rúður úr lagskiptu gleri, rúður úr lagskiptu gleri (gler-plast) eða plastklæddu gleri minnki á marktækan hátt eftir að þær hafa verið hafðar undir geisla í langan tíma, eða hvort þær aflitist á marktækan hátt.

8.1.3.4. Rakaþolsprófun

Markmiðið með þessari prófun er að ákvarða hvort rúður úr lagskiptu gleri, rúður úr lagskiptu gleri (gler-plast) eða plastklæddu gleri þoli án marktækra breytinga rakt loft í langan tíma.

8.1.3.5. Þol gegn hitabreytingum

Markmiðið með þessari prófun er að ákvarða hvort plastefni sem eru notuð í öryggisrúður, samkvæmt skilgreiningu í liðum 2.3 og 2.4, þoli mjög háan hita í langan tíma án marktækra breytinga.

8.1.4. Ljósfræðilegir eiginleikar

8.1.4.1. Ljósflæðiprófun

Markmiðið með þessari prófun er að ákvarða hvort jafnt ljósflæði í gegnum öryggisrúðuna fari yfir tilgreint gildi.

8.1.4.2. Prófun á ljósfræðilegri bjögun

Markmiðið með þessari prófun er að sannreyna að hlutir sem horft er á út um framrúðuna afmyndist ekki í þeim mæli að þeir kunni að valda ökumanni óþægindum.

8.1.4.3. Prófun á aðskilnaði fylgimynda

Markmiðið með þessari prófun er að sannreyna að hornið sem skilur fylgimynd frá raunmynd fari ekki yfir tilgreint gildi.

8.1.4.4. Prófun á litgreiningu

Markmiðið með þessari prófun er að sannreyna að engin hætta sé á að litir breytist séð út um framrúðuna.

8.1.5. Prófun á brunaþoli

Markmið þessarar prófunar er að sannreyna að innra borð öryggisrúðunnar, samkvæmt skilgreiningum í liðum 2.3 og 2.4, brenni nægilega hægt.

8.1.6. Þol gegn íðefnum

Markmið með þessari prófun er að ákvarða hvort innra borð öryggisrúðu, samkvæmt skilgreiningum í liðum 2.3 og 2.4, þoli áhrif íðefna sem kunna að vera til staðar eða notuð í dráttarvélinni (t.d. hreinsiefni) án þess að taka breytingum.

8.2. **Prófanir fyrir rúðuflokka sem eru skilgreindir í liðum 2.1 til 2.4.**

8.2.1. Öryggisrúður skulu settar í prófanirnar sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

	Framrúður							Rúðufletir, aðrir en framrúður		
	Hert gler		Venjulegt lagskipt gler		Unnið lagskipt gler		Lagskipt gler (gler-plast)	Hert gler	Lagskipt gler	Lagskipt gler (gler-plast)
	I	I/P	II	II/P	III	III/P	IV			
Brot	D2	D2	—	—	H/4	H/4	—	E/2	—	—
Vélrænn styrkur:										
227 g kúla	—	—	F/4.3.	F/4.3.	F/4.3.	F/4.3.	F/4.3.	E/3.1.	G/4	G/4
2260 g kúla	—	—	F/4.2.	F/4.2.	F/4.2.	F/4.2.	—	—	—	—
Prófun með líkani af höfði ([1])	D/3	D/3	F/3	F/3	F/3	F/3	J/3	—	G/3 ([3])	K/3 ([3])
Slit:										
ytra borð	—	—	F/5.1.	F/5.1.	F/5.1.	F/5.1.	F/5.1.	—	F/5.1.	F/5.1.
innra borð	—	I/2	—	I/2	—	I/2	I/2	I/2 ([2])	I/2 ([2])	I/2
Hár hiti	—	—	C/5	C/5	C/5	C/5	C/5	—	C/5	C/5
Geislun	—	C/6	C/6	C/6	C/6	C/6	C/6	—	C/6	C/6
Raki	—	C/7	C/7	C/7	C/7	C/7	C/7	C/7 ([2])	C/7	C/7
Ljósflæði	C/9.1.	C/9.1.	C/9.1.	C/9.1.	C/9.1.	C/9.1.	C/9.1.	C/9.1.	C/9.1.	C/9.1.
Ljósfræðileg bjögun	C/9.2.	C/9.2.	C/9.2.	C/9.2.	C/9.2.	C/9.2.	C/9.2.	—	—	—
Fylgimynd	C/9.3.	C/9.3.	C/9.3.	C/9.3.	C/9.3.	C/9.3.	C/9.3.	—	—	—
Litgreining	C/9.4.	C/9.4.	C/9.4.	C/9.4.	C/9.4.	C/9.4.	C/9.4.	—	—	—
Þol gegn hitabreytingum	—	C/8	—	C/8	—	C/8	C/8	C/8 ([2])	C/8 ([2])	C/8
Brunaþol	—	C/10	—	C/10	—	C/10	C/10	C/10 ([2])	C/10 ([2])	C/10
Þol gegn íðefnum	—	C/11	—	C/11	—	C/11	C/11	C/11 ([2])	C/11 ([2])	C/11

([1]) Enn fremur skal framkvæma þessa prófun á tvöföldum rúðum skv. 3. lið í III. viðauka.
([2]) Svo fremi innri hliðin sé plastklædd.
([3]) Þessi prófun skal framkvæmd með 4 m + 25/ – 0 mm fallhæð í stað 1,5 m + 25/ – 0 mm þegar þessar rúður eru notaðar sem framrúður í dráttarvélar.
Ath.: Tilvísun eins og K/3 í töflunni vísar til III. viðauka K og 3. liðar í þeim viðauka þar sem viðkomandi prófun er lýst og kröfur vegna viðurkenningar tilgreindar.

8.2.2. Öryggisrúða hlýtur gerðarviðurkenningu íhlutar ef hún uppfyllir allar þær kröfur sem mælt er fyrir um í ákvæðum þar að lútandi í töflunni hér að framan.

9. BREYTINGAR EÐA RÝMKUN GERÐARVIÐURKENNINGAR FYRIR GERÐ AF ÖRYGGISRÚÐU

9.1. Allar breytingar á gerð öryggisrúðu, eða þegar um er að ræða framrúður, skulu allar viðbætur framrúðna við hóp tilkynntar stjórnsýslustofnun sem veitti gerðarviðurkenninguna fyrir þessa gerð af rúðum. Þessi stjórnsýslustofnun getur:

9.1.1. athugað hvort hætta sé á að breytingarnar sem gerðar hafa verið kunni að hafa umtalsverð óæskileg áhrif og, þegar um er að ræða framrúður, hvort nýja gerðin falli inn í þann hóp framrúðna sem hafa verið viðurkenndar og í öllum tilvikum hvort öryggisrúðan uppfylli ennþá tilskildar kröfur, eða

9.1.2. beðið um nýja prófunarskýrslu frá tækniþjónustunni sem sér um prófunina.

9.2. **Samskipti**

9.2.1. Staðfesting, synjun eða rýmkun á gerðarviðurkenningu íhlutar er tilkynnt aðildarríkjunum í samræmi við málsmeðferðina sem er tilgreind í lið 5.3.

9.2.2. Lögbær yfirvöld sem hafa rýmkað gerðarviðurkenningu íhlutar skulu setja raðnúmer á hverja tilkynningu er varðar rýmkunina.

10. SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU

10.1. Öryggisrúður sem hafa fengið gerðarviðurkenningu samkvæmt þessum viðauka og eftirfarandi viðaukum skulu framleiddar á þann hátt að þær séu í samræmi við viðurkennda gerð og uppfylli kröfurnar í 6., 7. og 8. lið.

10.2. Til að sannreyna að kröfurnar í lið 10.1 hafi verið uppfylltar skal hafa stöðugt eftirlit með framleiðslunni.

10.3. Handhafi gerðarviðurkenningar íhlutar skal einkum:

10.3.1. tryggja að kerfi til eftirlits með gæðum framleiðsluvörunnar sé fyrir hendi,

10.3.2. hafa aðgang að búnaði sem nauðsynlegur er til að hafa eftirlit með samræmi fyrir hverja viðurkennda gerð,

10.3.3. skrá upplýsingar um niðurstöður prófana og útbúa meðfylgjandi skjöl([14]) sem skulu vera til reiðu á tímabili sem ákveðið er í samráði við stjórnsýslustofnunina,

10.3.4. greina niðurstöður úr hverri prófun til að sannreyna og tryggja stöðugleika í eiginleikum framleiðsluvörunnar innan marka leyfilegra frávika í fjöldaframleiðslu,

10.3.5. tryggja að þær prófanir sem mælt er fyrir um í III. viðauka O fyrir hverja vörugerð séu framkvæmdar, og

10.3.6. ef sýnishorn eða prófunarhlutar eru ekki í samræmi við viðkomandi prófun, taka frekari sýni og prófa þau.

Gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma aftur á samræmi í viðkomandi framleiðslu.

10.4. Lögbæru yfirvaldi er hvernær sem er heimilt að sannreyna aðferðir við eftirlit með samræmi sem er viðhaft varðandi hverja framleiðslueiningu (sjá lið 1.3 í III. viðauka O).

10.4.1. Við hverja skoðun er skylt að sýna skoðunarmanni prófunargögn og framleiðsluskýrslur.

10.4.2. Skoðunarmanni er heimilt að taka sýni af handahófi sem prófa skal á rannsóknarstofu framleiðanda. Heimilt er að ákvarða lágmarksfjölda sýna í ljósi niðurstaðna af eigin athugunum framleiðandans.

10.4.3. Ef í ljós kemur að gæðastaðlar eru óviðunandi og að nauðsynlegt er að sannreyna gildi prófana sem eru gerðar samkvæmt lið 10.4.2, er skoðunarmanni heimilt að velja sýni sem skulu send tækniþjónustunni sem sá um prófun vegna gerðarviðurkenningar íhlutar.

10.4.4. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að framkvæma hverja þá prófun sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

10.4.5. Eðlileg tíðni skoðana er tvær á ári. Ef niðurstöður þessara skoðana eru ófullnægjandi meðan á þessum skoðunum stendur er lögbærum yfirvöldum skylt að tryggja að allar nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að koma samræmi framleiðslunnar á að nýju eins fljótt og auðið er.

([14]) Niðurstöður úr brotprófun eru skráðar jafnvel þótt ekki sé krafist ljósprents.

11. VIÐURLÖG VIÐ SKORTI Á SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU

11.1. Heimilt er að afturkalla áður veitta gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir öryggisgler samkvæmt þessari tilskipun ef kröfunum sem mælt er fyrir um í lið 10.1 er ekki fullnægt.

11.2. Ef aðildarríki afturkallar áður veitta viðurkenningu skal það þegar í stað tilkynna það öðrum aðildarríkjum með því að láta þeim í té eintak af gerðarviðurkenningarvottorði íhlutar og skal í lok vottorðsins standa með hástöfum, undirritað og dagsett: „GERÐARVIÐURKENNING ÍHLUTAR AFTURKÖLLUÐ“.

12. FRAMLEIÐSLU ENDANLEGA HÆTT

Ef handhafi gerðarviðurkenningar íhlutar hættir alveg að framleiða gerð öryggisglers sem viðurkennd er í samræmi við þessa tilskipun er honum skylt að tilkynna það því yfirvaldi sem veitti viðurkenninguna. Því yfirvaldi er aftur skylt að tilkynna það öðrum aðildarríkjum með því að láta þeim í té eintak af gerðarviðurkenningartilkynningu íhlutar í samræmi við fyrirmyndina í III. viðauka B.

13. NAFN OG HEIMILISFANG TÆKNIÞJÓNUSTUNNAR SEM SÉR UM GERÐARVIÐURKENNINGARPRÓFUN OG VIÐKOMANDI STJÓRNSÝSLUSTOFNANA


Hverju aðildarríki er skylt að láta öðrum aðildarríkjum í té nöfn og heimilisföng tækniþjónustunnar sem sér um prófanir vegna gerðarviðurkenningar íhlutar og stjórnsýslustofnana sem hafa veitt EB-gerðarviðurkenningu íhlutar og sem gerðarviðurkenningarvottorð íhlutar og vottorð um synjun eða afturköllun gerðarviðurkenningar útgefin í öðrum aðildarríkjum eru send til.

Viðbætir

DÆMI UM GERÐARVIÐURKENNINGARMERKI ÍHLUTAR


(Sjá lið 5.5 í III. viðauka A)

Framrúður úr hertu gleri:




Gerðarviðurkenningarmerkið hér að framan, fest á framrúðu úr hertu gleri, sýnir að viðkomandi íhlutur var viðurkenndur í Frakklandi (e2) samkvæmt þessari tilskipun undir gerðarviðurkenningarnúmeri íhlutar 001247.

Framrúða úr hertu plastklæddu gleri:




Gerðarviðurkenningarmerkið hér að framan, fest á framrúðu úr hertu plastklæddu gleri, sýnir að viðkomandi íhlutur var viðurkenndur í Frakklandi (e2) samkvæmt þessari tilskipun undir gerðarviðurkenningarnúmeri íhlutar 001247.

Venjulegar framrúður úr lagskiptu gleri




Gerðarviðurkenningarmerkið hér að framan, fest á venjulega framrúðu úr lagskiptu gleri, sýnir að viðkomandi íhlutur var viðurkenndur í Frakklandi (e2) samkvæmt þessari tilskipun undir gerðarviðurkenningarnúmeri íhlutar 001247.

Venjuleg lagskipt plastklædd framrúða:




Gerðarviðurkenningarmerkið hér að framan, fest á venjulega lagskipta plastklædda framrúðu, sýnir að viðkomandi íhlutur var viðurkenndur í Frakklandi (e2) samkvæmt þessari tilskipun undir gerðarviðurkenningarnúmeri íhlutar 001247.

Unnar, lagskiptar framrúður




Gerðarviðurkenningarmerkið hér að framan, fest á unna lagskipta framrúðu, sýnir að viðkomandi íhlutur var viðurkenndur í Frakklandi (e2) samkvæmt þessari tilskipun undir gerðarviðurkenningarnúmeri íhlutar 001247.

Framrúður úr lagskiptu gleri (gler-plast):




Gerðarviðurkenningarmerkið hér að framan, fest á framrúðu úr lagskiptu gleri (gler-plast), sýnir að viðkomandi íhlutur var viðurkenndur í Frakklandi (e2) samkvæmt þessari tilskipun undir gerðarviðurkenningarnúmeri íhlutar 001247.

Aðrar rúður en framrúður með jöfnum ljósflæðistuðli innan við 70%:




Gerðarviðurkenningarmerkið hér að framan, fest á aðrar rúður en framrúður og kröfurnar í 9.1.4.2 í III. viðauka C gilda um, sýnir að viðkomandi íhlutur var viðurkenndur í Frakklandi (e2) samkvæmt þessari tilskipun undir gerðarviðurkenningarnúmeri íhlutar 001247.

Tvöfaldar rúður með jöfnum ljósflæðistuðli innan við 70%:




Gerðarviðurkenningarmerkið hér að framan, fest á tvöfaldar rúður, sýnir að viðkomandi íhlutur var viðurkenndur í Frakklandi (e2) samkvæmt þessari tilskipun undir gerðarviðurkenningarnúmeri íhlutar 001247.

Aðrar rúður en framrúður sem eru notaðar sem framrúður í dráttarvélar:



Gerðarviðurkenningarmerkið hér að framan, fest á rúðuflöt, sýnir að viðkomandi íhlutur sem nota á sem framrúðu í dráttarvél var viðurkenndur í Frakklandi (e2) samkvæmt þessari tilskipun undir gerðarviðurkenningarnúmeri íhlutar 001247.

Aðrar rúður en framrúður með jöfnum ljósflæðistuðli 70% eða þar yfir:



Gerðarviðurkenningarmerkið hér að framan, fest á aðrar rúður en framrúður og kröfurnar í lið 9.1.4.1 í III. viðauka C gilda um, sýnir að viðkomandi íhlutur var viðurkenndur í Frakklandi (e2) samkvæmt þessari tilskipun undir gerðarviðurkenningarnúmeri íhlutar 001247.

III. VIÐAUKI B

Heiti yfirvalds

(hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm))

Tilkynning um

– EB-gerðarviðurkenningu íhlutar,

– synjun á gerðarviðurkenningu íhlutar,

– rýmkun á gerðarviðurkenningu íhlutar,

– afturköllun á gerðarviðurkenningu íhlutar ([1]) fyrir gerð öryggisrúðu samkvæmt tilskipun 2009/144/EB

EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar: ..... Rýmkun nr.:.....

1. Flokkur öryggisrúðu:

   . .....

2. Lýsing á rúðufletinum (sjá 1., 2., 3., 4., 5., 6., 7. viðbæti ([1])) og, þegar um er að ræða framrúður, skrána í samræmi við 8. viðbæti:

   ... .

   ... .

3. Viðskiptaheiti eða vörumerki:

   ... .

4. Nafn og heimilisfang framleiðanda:

   ... .

   ... .

5. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðandans (ef við á):

   ... .

6. Lagt fram til gerðarviðurkenningar íhlutar þann:

   ... .

7. Tækniþjónustan sem sér um prófanir vegna gerðarviðurkenningar íhlutar:

   ... .

8. Dagsetning prófunarskýrslu:

   ... .

9. Númer prófunarskýrslu:

   ... .

10. Gerðarviðurkenning íhlutar er veitt/synjað er um gerðarviðurkenningu íhlutar/gerðarviðurkenning íhlutar er rýmkuð/afturkölluð([1]):

    ... .

11. Ástæður fyrir rýmkun gerðarviðurkenningar:

... .

... .

... .

12. Athugasemdir:

... .

... .

... .

13. Staður: ... .

14. Dagsetning: ... .

15. Undirskrift: .....

16. Skrá yfir gerðarviðurkenningarskjöl íhlutar sem eru lögð fram hjá stjórnsýslustofnuninni sem veitir gerðarviðurkenninguna fylgir með; þessi skjöl er unnt að fá samkvæmt beiðni.

(1) Strikið út eftir því sem við á.

1. viðbætir

FRAMRÚÐUR ÚR HERTU GLERI

(Grundvallar- og fylgieiginleikar skv. III. viðauka D eða III viðauka I)

Gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar: ... . Rýmkun nr.:.....

Grundvallareiginleikar

– Flokkur lögunar: ... .
– Þykktarflokkur: ... .
– Nafnþykkt framrúðunnar: ... .
– Eðli og gerð plasthúðar: ... .
– Þykkt plasthúðar: ... .

Fylgieiginleikar

– Eðli efnisins (spegilgler, flotgler, rúðugler):
– Litur glersins: ... .
– Litur plasthúðar: ... .
– Innlagðir leiðarar (já/nei):.....
– Innlagðar sólvarnarfilmur (já/nei):.....

Athugasemdir:

.....

.....

.....

.....

.....

Hjálögð skjöl: skrá yfir framrúður (sjá 8. viðbæti).

2. viðbætir

RÚÐUR ÚR EINSLEITU HERTU GLERI AÐRAR EN FRAMRÚÐUR

(Grundvallar- og fylgieiginleikar skv. III. viðauka E eða III. viðauka I)

Gerðarviðurkenning íhlutar nr.: ... . Rýmkun nr.:.....

Grundvallareiginleikar

– Aðrar rúður en framrúður (já/nei):

– Framrúður fyrir dráttarvél/dráttarvélar: ... .

– Flokkur lögunar: ... .

– Eðli herslu: ... .

– Þykktarflokkur: ... .

– Eðli og gerð plasthúðar: ... .

Fylgieiginleikar

– Eðli efnisins (spegilgler, flotgler, rúðugler): ... .

– Litur glersins: ... .

– Litur plasthúðar: ... .

– Innlagðir leiðarar (já/nei):

– Innlagðar sólvarnarfilmur (já/nei):

Viðurkenndar viðmiðanir

– Stærsti flötur (slétt gler): .....

– Minnsta horn: .....

– Stærsti mótaði flötur (sveigt gler): .....

– Mesta bogahæð: .....

Athugasemdir:

.....

.....

.....

.....

.....

Hjálögð skjöl: skrá yfir framrúður (ef við á) (sbr. 8. viðbæti).

3. viðbætir

FRAMRÚÐUR ÚR LAGSKIPTU GLERI

(venjulegu, meðhöndluðu eða plasthúðuðu)

(Grundvallar- og fylgieiginleikar skv. III. viðauka F, H eða I)

Gerðarviðurkenning íhlutar nr.: ..... Rýmkun nr.:.....

Grundvallareiginleikar

– Fjöldi glerlaga: .....
– Fjöldi millilaga: .....
– Nafnþykkt framrúðunnar: .....
– Nafnþykkt millilags/millilaga: .....
– Sérstök meðferð glers: .....
– Eðli og gerð millilags/millilaga: .....
– Eðli og gerð plasthúðar: .....

Fylgieiginleikar

– Eðli efnisins (spegilgler, flotgler, rúðugler): .....
– Litur glersins (ólitað/litað): .....
– Litur plasthúðar (í heild/að hluta): .....
– Innlagðir leiðarar (já/nei):
– Innlagðar sólvarnarfilmur (já/nei):

Athugasemdir:

.....

.....

.....

.....

.....

Hjálögð skjöl: skrá yfir framrúður (sjá 8. viðbæti).

4. viðbætir

RÚÐUR ÚR LAGSKIPTU GLERI AÐRAR EN FRAMRÚÐUR

(Grundvallar- og fylgieiginleikar skv. III. viðauka G eða I)

Gerðarviðurkenning íhlutar nr.: ..... Rýmkun nr.:.....

Grundvallareiginleikar

– Aðrar rúður en framrúður (já/nei):

– Framrúður fyrir dráttarvél/dráttarvélar: .....

– Fjöldi glerlaga: .....

– Fjöldi millilaga: .....

– Þykktarflokkur: .....

– Nafnþykkt millilags eða millilaga: .....

– Sérstök meðferð glers: .....

– Eðli og gerð millilags eða millilaga: .....

– Eðli og gerð plasthúðar: .....

– Þykkt plasthúðar: .....

Fylgieiginleikar

– Eðli efnisins (spegilgler, flotgler, rúðugler): .....

– Litur millilags (í heild/að hluta): .....

– Litur glersins: .....

– Litur plasthúðar: .....

– Innlagðir leiðarar (já/nei):

– Innlagðar sólvarnarfilmur (já/nei):

Athugasemdir:

.....

.....

.....

.....

.....

Hjálögð skjöl: skrá yfir framrúður (ef við á) (sbr. 8. viðbæti).

5. viðbætir

FRAMRÚÐUR ÚR LAGSKIPTU GLERI (GLER-PLAST)

(Grundvallar- og fylgieiginleikar skv. III. viðauka J)

Gerðarviðurkenning íhlutar nr.: ..... Rýmkun nr.:.....

Grundvallareiginleikar

– Flokkur lögunar: .....
– Fjöldi plastfilmna: .....
– Nafnþykkt glersins: .....
– Unnið gler (já/nei):
– Nafnþykkt framrúðunnar: .....
– Nafnþykkt plastlags/plastlaga sem virka sem millilag/millilög: .....
– Eðli og gerð plastlags/plastlaga sem virka sem millilag/millilög: .....
– Eðli og gerð ytra plastlags: .....

Fylgieiginleikar

– Eðli efnisins (spegilgler, flotgler, rúðugler): .....
– Litur glersins: .....
– Litur plastlags/plastlaga (í heild/að hluta): .....
– Innlagðir leiðarar (já/nei):
– Innlagðar sólvarnarfilmur (já/nei):

Athugasemdir:

.....

.....

.....

.....

.....

Hjálögð skjöl: skrá yfir framrúður (sjá 8. viðbæti).

6. viðbætir

RÚÐUR ÚR LAGSKIPTU GLERI (GLER-PLAST) AÐRAR EN FRAMRÚÐUR

(Grundvallar- og fylgieiginleikar skv. III. viðauka K)

Gerðarviðurkenning íhlutar nr.: ..... Rýmkun nr.:.....

Grundvallareiginleikar

– Aðrar rúður en framrúður (já/nei):

– Framrúður fyrir dráttarvél/dráttarvélar: .....

– Fjöldi plastlaga: .....

– Þykkt gleríhlutarins: .....

– Unninn gleríhlutur (já/nei):

– Nafnþykkt rúðunnar: .....

– Nafnþykkt plastlags/plastlaga sem virka sem millilag/millilög: .....

– Eðli og gerð plastlags/plastlaga sem virka sem millilag/millilög: .....

– Eðli og gerð ytra plastlags: .....

Fylgieiginleikar

– Eðli efnisins (spegilgler, flotgler, rúðugler): .....

– Litur glersins (ólitað/litað): .....

– Litur plastlags/plastlaga (í heild/að hluta): .....

– Innlagðir leiðarar (já/nei):

– Innlagðar sólvarnarfilmur (já/nei):

Athugasemdir:

.....

.....

.....

.....

.....

Hjálögð skjöl: skrá yfir framrúður (ef við á) (sbr. 8. viðbæti).

7. viðbætir

TVÖFALDAR RÚÐUR

(Grundvallar- og fylgieiginleikar skv. III. viðauka L)

Gerðarviðurkenning íhlutar nr.: ..... Rýmkun nr.:.....

Grundvallareiginleikar

– Samsetning tvöfaldra rúðna (samhverf/ósamhverf): .....

– Nafnþykkt millibilsins: .....

– Samsetningaraðferð: .....

– Gerð hvers glers samkvæmt viðaukum III E, III G, III I, III K: .....

Hjálögð skjöl:

Eitt skjal fyrir tvo fleti samhverfrar tvöfaldrar rúðu í samræmi við viðaukann sem gildir um prófun rúðuflata og viðurkenningu.

Eitt skjal fyrir hvern rúðuflöt ósamhverfrar tvöfaldrar rúðu í samræmi við viðaukann sem gildir um prófun rúðuflata og viðurkenningu.

Athugasemdir:

.....

.....

.....

.....

.....

8. viðbætir

ATRIÐASKRÁ AÐ ÞVÍ ER VARÐAR FRAMRÚÐUR ([15])

Fyrir hverja framrúðu sem þessi gerðarviðurkenning íhlutar tekur til skulu a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

– Framleiðandi dráttarvélarinnar: ... .

– Dráttarvélargerð: ... .

– Mótaður flötur (F): ... .


– Bogahæð (h) .....

– Krappi (r): ... .


– Ísetningarhorn (a): .....

– Hnit málpunktsins (A, B, C) miðað við miðja efri brún framrúðunnar: ... .


Lýsing á framrúðukennistærðinni F



Staða framrúðunnar miðað við málpunktinn



Lýsing á framrúðukennistærðunum r og h



([15]) Þessi skrá skal fylgja 1., 2., (ef við á), 3. og 5. viðbæti við þennan viðauka.

III. VIÐAUKI C

Almenn prófunarskilyrði

1. BROTPRÓFANIR

1.1. Rúðuflöturinn sem á að prófa má ekki vera njörvaður niður; hins vegar er heimilt að festa hann á sams konar rúðuflöt með límbandi sem er límt yfir allar brúnir.

1.2. Til að brjóta rúðuna er notaður um það bil 75 g þungur hamar eða annað sambærilegt áhald. Krappageisli oddsins skal vera 0,2 ± 0,05 mm.

1.3. Ein prófun skal gerð á hverjum fyrirfram ákveðnum höggpunkti.

1.4. Rannsaka skal brotin út frá upptöku á ljósmyndapappír þar sem myndin byrjar að lýsast í síðasta lagi tíu sekúndum eftir högg og lýkur í síðasta lagi þremur mínútum eftir höggið. Einungis dekkstu línurnar sem sýna upphafsbrotið eru athugaðar. Rannsóknarstofan skal halda til haga ljósmyndum af brotunum.

2. HÖGGPRÓFUN MEÐ KÚLU

2.1. **Prófun með 227 g kúlu**

2.1.1. Búnaður


2.1.1.1. Kúla úr hertu stáli 227 ± 2 g og um það bil 38 mm í þvermál.

2.1.1.2. Búnaður sem gerir kleift að láta kúluna falla hindrunarlaust úr tiltekinni hæð, eða búnaður sem gerir mögulegt að láta kúluna ná hraða sem svarar til þess hraða sem hún gæti náð í frjálsu falli. Ef notaður er búnaður sem skýtur kúlunni út skulu leyfileg vikmörk hraðans vera ±1 % af þeim hraða sem svarar til hraðans í frjálsu falli.

2.1.1.3. Grindin sem sýnd er á mynd 1 er gerð úr tveimur stálrömmum með 15 mm breiðum sléttum samfallandi brúnum með um það bil 3 mm þykkum og 15 mm breiðum gúmmíþéttingum með hörkuna 50 IRHD.

Neðri ramminn hvílir á um það bil 150 mm háum stálkassa. Prófunarhlutanum er haldið föstum í efri rammanum sem er um það bil þriggja kílógramma þungur. Grindin er soðin á um það bil 13 mm þykka stálplötu sem hvílir á jörðu og ofan á henni er millilag úr um það bil 3 mm þykku gúmmíi með 50 IRHD hörku.

Mál í millimetrum



Mynd 1 — Grind fyrir kúluprófun

2.1.2. Prófunarskilyrði

– Hitastig: 20 ± 5 °C.

– Þrýstingur: milli 860 og 1060 mbör.

– Rakastig: 60 ± 20%.

2.1.3. Prófunarhluti

Prófunarhlutinn skal vera flatur ferningur með 300 + 10/– 0 mm hliðarmál.

2.1.4. Aðferð

Prófunarhlutinn er geymdur við tilgreint hitastig í a.m.k. fjórar klukkustundir fyrir prófunina.

Prófunarhlutinn er settur á grindina (liður 2.1.1.3). Flötur prófunarhlutans skal vera hornréttur á fallstefnu kúlunnar með leyfilegum vikmörkum innan við 3°.

Höggpunktur skal vera mest 25 mm frá miðju prófunarflatarins fyrir 6 m fallhæð eða minna, eða mest 50 mm frá miðju prófunarhlutans þegar um er að ræða meira en 6 m fallhæð. Kúlan skal falla á þann flöt prófunarhlutans sem er ytri hlið öryggisrúðunnar miðað við uppsetningu í dráttarvél. Kúlan skal ekki veita meira en eitt högg.

2.2. **Prófun með 2 260 g kúlu**

2.2.1. Búnaður

2.2.1.1. Kúla úr hertu stáli 2260 ± 20 g og um það bil 82 mm í þvermál.

2.2.1.2. Búnaður sem gerir kleift að láta kúluna falla hindrunarlaust úr tiltekinni hæð, eða búnaður sem gerir mögulegt að láta kúluna ná hraða sem svarar til þess hraða sem hún gæti náð í frjálsu falli. Ef notaður er búnaður sem skýtur kúlunni út skulu leyfileg vikmörk hraðans vera ±1 % af þeim hraða sem svarar til hraðans í frjálsu falli.

2.2.1.3. Grind samanber mynd 1 og eins og lýst er í lið 2.1.1.3.

2.2.2. Prófunarskilyrði

– Hitastig: 20 ± 5 °C.

– Þrýstingur: milli 860 og 1060 mbör.

– Rakastig: 60 ± 20%.

2.2.3. Prófunarhluti

Prófunarhlutinn skal vera flatur ferhyrningur með 300 + 10/– 0 mm hliðarmál eða skorinn út úr flatasta hluta framrúðunnar eða öðrum bogafleti öryggisglersins.

Einnig er heimilt að prófa alla framrúðuna eða annan bogaflöt öryggisglersins. Í því tilviki skal gæta þess að öryggisglerið og grindin snertist á réttan hátt.

2.2.4. Aðferð

Prófunarhlutinn er geymdur við tilgreint hitastig í a.m.k. fjórar klukkustundir fyrir prófunina.

Prófunarhlutinn er settur á grindina (liður 2.1.1.3). Flötur prófunarhlutans skal vera hornréttur á fallstefnu kúlunnar með leyfilegum vikmörkum innan við 3°.

Ef um er að ræða rúður úr lagskiptu gleri (gler-plast) er prófunarhlutinn klemmdur fastur á grindina.

Höggpunktur skal liggja mest 25 mm frá miðju prófunarflatarins. Kúlan skal falla á þann flöt prófunarhlutans sem er innra borð öryggisrúðunnar miðað við uppsetningu í ökutækinu. Kúlan skal ekki veita meira en eitt högg.


3. PRÓFUN MEÐ LÍKANI AF HÖFÐI

3.1. **Búnaður**

3.1.1. Líkan af höfði með kúlulaga eða hálfkúlulaga formi gert úr límtré úr harðviði klætt filtlagi sem taka má af og hugsanlega með þverstöng úr tré. Milli kúlulaga hlutans og þverstangarinnar er millistykki sem kemur í stað hálsins og á hinum enda þverstangarinnar uppsetningarstöng.

Mál eru í samræmi við mynd 2.

Heildarmassi búnaðarins er 10 ± 0,2 kg.



Mynd 2 — Þungi höfuðlíkansins

3.1.2. Búnaður sem gerir kleift að láta höfuðlíkanið falla hindrunarlaust úr tiltekinni hæð, eða búnaður sem gerir mögulegt að láta höfuðlíkanið ná hraða sem svarar til þess hraða sem það gæti náð í frjálsu falli.

Ef notaður er búnaður sem skýtur höfuðlíkaninu út skulu leyfileg vikmörk hraðans vera ±1% af þeim hraða sem svarar til hraðans í frjálsu falli.

3.1.3. Grind eins og sýnd er á mynd 3 til að prófa flata prófunarhluta. Grindin er gerð úr tveimur stálrömmum með 50 mm breiðum sléttum samfallandi brúnum með um það bil 3 mm þykkum og 15 ± 1 mm breiðum gúmmíþéttingum með hörkuna 70 IRHD.


Efri ramminn er festur við neðri rammann með a.m.k. átta boltum.

3.2. Prófunarskilyrði

3.2.1. Hitastig: 20 ± 5 °C.

3.2.2. Þrýstingur: milli 860 og 1060 mbör.

3.2.3. Rakastig: 60 ± 20%.



Mynd 3 — Grind fyrir prófanir með líkani af höfði

(1) Lágmarkssnúningsvægi sem mælt er með fyrir M 20 er 30 Nm.

3.3. **Aðferð**

3.3.1. Prófun á flötum prófunarhluta

Flötum prófunarhluta sem er 1100 + 5/– 2 mm langur og 500 + 5/– 2 mm breiður er haldið við jafnt hitastig við 20 ± 5 °C í a.m.k. fjórar klukkustundir fyrir prófunina. Prófunarhlutinn er festur á grindina (liður 3.1.3); boltarnir eru festir þannig að tryggt er að prófunarhlutinn færist ekki meira úr stað en sem nemur 2 mm á meðan prófunin fer fram. Flötur prófunarhlutans skal vera nánast hornréttur á fallstefnu líkansins af höfðinu. Höfuðlíkanið á að falla lengst 40 mm frá miðju prófunarflatarins á þann flöt prófunarhlutans sem er innra borð öryggisrúðunnar miðað við uppsetningu á dráttarvélinni og skal ekki veita meira en eitt högg.

Skipt er um filtlag á höggfleti eftir tólf prófanir.

3.3.2. Prófun á heilli framrúðu (eingöngu notuð þegar fallhæð er 1,5 mm eða minni)

Framrúðan er sett laus á grindina og er gúmmílagi með um það bil 70 IRHD hörku og 3 mm að þykkt komið fyrir á milli þannig að breidd snertiflatarins allt um kring sé um það bil 15 mm. Grindin er gerð úr föstu stykki sem samsvarar formi framrúðunnar þannig að höfuðlíkanið skellur á innra borðinu. Ef nauðsyn ber til skal klemma framrúðuna við grindina með viðeigandi búnaði. Grindin skal hvíla á föstum standi með gúmmílagi á milli sem er með 70 IRDH hörku og 3 mm að þykkt.

Yfirborð framrúðunnar skal vera nánast hornrétt á fallstefnu höfuðlíkansins.

Höfuðlíkanið skal falla á punkt á framrúðunni sem er lengst 40 mm frá miðju hennar á þann flöt prófunarhlutans sem er innra borð öryggisrúðunnar miðað við uppsetningu í ökutækinu og skal ekki veita meira en eitt högg.


Skipt er um filtlag á höggfleti eftir tólf prófanir.

4. SLITPRÓFUN

4.1. **Búnaður**

4.1.1. Slittæki ([16]), sýnt á skýringarmynd 4 og gert úr:

– láréttri snúningsskífu festri í miðjunni sem snýst rangsælis með 65 til 75 snúninga hraða á mínútu, og



Mynd 4 — Skýringarmynd af slittæki

– tveimur samhliða örmum með lóðum, hvor um sig búinn sérstöku slithjóli sem snýst hindrunarlaust á láréttum ási með kúlulegum; hvort hjól hvílir á prófunarhlutanum með 500 g þrýstingi.

Snúningsskífa slittækisins skal snúast reglulega, og nánast í saman plani (misvísunin frá þessu plani skal ekki vera meiri en ± 0,05 mm í 1,6 mm fjarlægð frá jaðri skífunnar). Hjólin skulu fest á þann hátt að þegar þau eru í snertingu við prófunarhlutann sem snýst þá skulu þau snúast í gagnstæða átt þannig að þau mynda þrýsting og slit eftir bogalínum á um það bil 30 cm^2 hring tvisvar við hvern snúning prófunarhlutans.

4.1.2. Slithjól ([17]), 45 til 50 mm að ummáli og 12,5 mm þykk úr sérstöku finmuldu slitefni greyptu í meðalharðan gúmmímassa. Hjólin skulu hafa hörkuna 72 ± 5 IRHD, eins og hún er mæld á fjórum stöðum með jöfnu millibili á miðlínu slityfirborðsins, en þrýstingurinn dreifist lóðrétt á þvermál hjólsins og álestur skal tekinn 10 sekúndum eftir að fullur þrýstingur hefur verið settur á.

Undirbúa skal slithjólin fyrir notkun með því að láta þau renna mjög hægt yfir flatt glerlag til að tryggja að yfirborð þeirra verði alveg slétt.

4.1.3. Ljósgjafi gerður úr ljósaperu með glóðarþræði í 1,5 mm × 1,5 mm × 3 mm samhliðungi. Rafspennan á glóðarþræði perunnar skal vera þannig að litahitastig sé 2856 ± 50 K. Þessari spennu skal haldið stöðugri við ± 1/1000. Mælitækið sem er notað til að athuga rafspennuna skal vera nægilega nákvæmt.

4.1.4. Ljóskerfi gert úr linsu með brennivídd, f, sem er a.m.k. 500 mm og leiðrétt fyrir litskekkju. Full ljósopsvídd linsunnar skal ekki fara yfir f/20. Bilið milli linsunnar og ljósgjafans er leiðrétt til að ná fram nánast samhliða ljósgeisla. Ljósopsþynnu er komið fyrir til að takmarka þvermál ljósgeislans svo að hann verði 7 ± 1 mm. Þessari ljósopsþynnu skal komið fyrir í 100 ± 50 mm fjarlægð frá linsunni á þeirri hlið sem snýr frá ljósgjafanum.

([16]) Tæki af þessari gerð er framleitt af Teledyne Taber (BNA).
([17]) Hentug slithjól fást hjá Teledyne Taber (BNA).


4.1.5. Tæki til að mæla ljósdreifingu (sjá mynd 5) gert úr ljósnema með heiltaksmælikúlu sem er 200 til 250 mm að þvermáli. Kúlan er búin inn- og útgangsopi fyrir ljósið. Inngangsopið skal vera kringlótt og með a.m.k. tvöfalt stærra þvermál en ljósgeislinn. Útgangsop kúlunnar er annaðhvort með ljósgildru eða endurvarpsstaðli í samræmi við vinnuaðferðina sem er lýst í lið 4.4.3 hér á eftir. Ljósgildran dregur í sig allt ljós þegar enginn prófunarhluti er í ljósgeislanum.

Ás ljósgeislans skal liggja gegnum miðju inn- og útgangsopsins. Þvermál, b, ljósútgangsins skal vera jafnt $2a \cdot \tan 4°$, þar sem a er þvermál kúlunnar.

Ljósneminn skal festur á þann hátt að ljós sem kemur beint frá inngangsopinu eða endurvarpsstaðlinum falli ekki á hann.

Innri hliðar heiltaksmælikúlunnar og endurvarpsstaðalsins skulu vera með næstum sams konar endurvarpi og vera mött og ónæm fyrir bylgjum. Frálag ljósnemans skal vera línulaga innan markanna ±2% á þeim ljósstyrkskvarða sem er notaður.

Hönnun tækisins skal vera slík að nál galvanímælisins sýni enga misvísun þegar kúlan er óupplýst. Með reglulegu millibili skal yfirfara allan búnaðinn með stöðluðum kvörðunarmálum með tilliti til skerðingar á skyggni. Ef skert skyggni er mælt með öðrum búnaði eða aðferðum en þeim sem lýst er hér að framan skal leiðrétta niðurstöðurnar ef þörf krefur, þannig að þær verði í samræmi við niðurstöðurnar sem fást með búnaðinum sem lýst er hér að framan.



Mynd 5 — Skyggnimælir

4.2. **Prófunarskilyrði**

4.2.1. Hitastig: 20 ± 5 °C.

4.2.2. Þrýstingur: milli 860 og 1060 mbör.

4.2.3. Rakastig: 60 ± 20%.

4.3. **Prófunarhlutar**

Prófunarhlutarnir skulu vera flatir ferningar með 100 mm hliðum og nánast sléttum, samhliða flötum og festingargati sem er 6,4 + 0,2/– 0 mm að þvermáli í miðjunni ef nauðsyn ber til.

4.4. **Aðferð**

Slitprófunin er framkvæmd á yfirborði prófunarhlutans sem er ytra borð öryggisrúðunnar þegar hún er uppsett í ökutækinu og einnig á innra borði þegar um er að ræða rúðuflöt með plasthúð.

4.4.1. Strax fyrir og eftir slitprófun er prófunarhlutinn hreinsaður á eftirfarandi hátt:

a) þveginn með línklút undir hreinu rennandi vatni,

b) skolaður með eimuðu eða steinefnalausu vatni,

c) þurrkaður með súrefni eða köfnunarefni.

d) allt vatn sem kann að sitja eftir er þerrað varlega af með rökum línklút. Ef nauðsyn ber til er prófunarhlutinn þurrkaður með því að pressa hann gætilega milli tveggja línklúta.

Forðast skal alla meðhöndlun með úthljóðsbúnaði. Eftir hreinsun skal eingöngu snerta prófunarhlutana með því að taka á endum þeirra og skulu þeir settir í geymslu til að koma í veg fyrir að yfirborð þeirra skemmist eða óhreinkist.

4.4.2. Prófunarhlutarnir skulu geymdir í a.m.k. 48 klukkustundir við hitastigið 20 ± 5°C og rakastig 60 ± 20%.

4.4.3. Prófunarhlutarnir eru settir þétt upp við inngangsop heiltaksmælikúlunnar. Hornið milli yfirborðsþverils og áss geislans skal ekki vera meira en 8°.

Fjórir eftirfarandi álestrar skulu teknir:

Álestur	Með prófunarhluta	Með ljósgildru	Með endurvarpsstaðli	Tilgreint magn
T_1	Nei	Nei	Já	Innfallandi ljós
T_2	Já	Nei	Já	Heildarljósmagn sem prófunarhlutinn hleypir í gegn
T_3	Nei	Já	Nei	Ljós sem tækið dreifir
T_4	Já	Já	Nei	Ljós sem tækið og prófunarhlutinn dreifir

Endurtaka skal álestrana T_1, T_2, T_3 og T_4 með mismunandi stöðu prófunarhlutans til að ákvarða einsleitni.

Heildarljósflæðistuðull $T_t = T_2/T_1$ er reiknaður út.

Ljósflæðidreifingarstuðull T_d er reiknaður út á eftirfarandi hátt:

$$T_d = (T_4 - T_3(T_2/T_1))/T_1$$

Hundraðshluti dreifingar skerts skyggnis eða ljóss eða hvortveggja er reiknaður út á eftirfarandi hátt:

$$(T_d/T_t) \times 100\%$$

Upprunalega skert skyggni prófunarhlutans er mælt á a.m.k. fjórum stöðum sem eru jafnlangt frá óslitna svæðinu samkvæmt framangreindri formúlu. Meðaltal niðurstaðnanna sem fást fyrir hvern prófunarhluta er reiknað út. Í stað fjögurra mælinga er unnt að reikna út meðalgildi með því að snúa prófunarhlutanum reglulega með þriggja snúninga hraða á sekúndu eða meira.

Fyrir hverja öryggisrúðu skulu framkvæmdar þrjár prófanir undir sama álagi. Skerðing á skyggni er notuð til að ákvarða slit undir yfirborðinu, eftir að slitprófun hefur verið framkvæmd á henni.

Ljósið sem slitbrautin gefur frá sér er mælt a.m.k. á fjórum stöðum sem eru jafnlangt frá brautinni samkvæmt framangreindri formúlu. Meðaltal niðurstaðnanna sem fást fyrir hvern prófunarhluta er reiknað út. Í stað fjögurra mælinga er unnt að reikna út meðalgildi með því að snúa prófunarhlutanum reglulega með þriggja snúninga hraða á sekúndu eða meira.

4.5. Slitprófunin skal eingöngu framkvæmd ef rannsóknarstofan sem framkvæmir prófunina álítur hana nauðsynlega, að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem hún hefur yfir að ráða. Að frátöldu efni úr gler-plasti eru t.d. breytingar á millilaginu eða þykkt efnisins ekki nauðsynleg forsenda þess að frekari prófanir fari fram.

4.6. **Torveldistuðlar fylgieiginleika**

Fylgieiginleikar eru ekki teknir með.

5. PRÓFUN VIÐ HÁTT HITASTIG

5.1. **Aðferð**

Þrjú prófunarsýni eða þrír prófunarhlutar a.m.k. 300 mm × 300 mm, sem rannsóknarstofan tekur af þremur framrúðum eða þremur rúðum öðrum en framrúðum, eftir því sem við á, þar sem ein hliðin samsvarar efri brún rúðunnar, eru hitaðar upp í 100°C.

Þessu hitastigi er haldið í tvær klukkustundir og síðan eru prófunarsýnin kæld niður í stofuhita. Ef báðir ytri fletir öryggisrúðunnar eru úr ólífrænu efni er heimilt að framkvæma prófunina með því að setja prófunarsýnin lóðrétt ofan í sjóðandi vatn í tiltekinn tíma og skal gæta þess að varast óæskilegt hitaálag. Ef sýnin eru skorin úr framrúðum skal ein brún hvers slíks prófunarsýnis vera hluti af brún framrúðunnar.

5.2. **Torveldistuðlar fylgieiginleika**

	Litlaus	*Litað*
Litur millilagsins:	1	2

Aðrir fylgieiginleikar eru ekki teknir með.

5.3. **Túlkun niðurstaðna**

5.3.1. Niðurstöður prófunar á þoli gegn háum hita teljast jákvæðar ef loftbólur eða aðrir ágallar hafa ekki myndast meira en 15 mm frá óskornum enda eða 25 mm frá skornum enda prófunarhlutans eða sýnisins, eða meira en 10 mm frá sprungum sem kunna að myndast á meðan prófun stendur yfir.

5.3.2. Röð prófunarhluta eða sýna sem lögð eru fram til gerðarviðurkenningar íhluta telst fullnægja kröfum hvað háhitaþolsprófun varðar að uppfylltu öðru eftirfarandi skilyrða:

5.3.2.1. niðurstöður allra prófana eru fullnægjandi, eða

5.3.2.2. niðurstaða einnar prófunar er ófullnægjandi, en niðurstöður frekari prófana sem hafa verið framkvæmdar á nýrri röð prófunarhluta eða sýna eru fullnægjandi.

6. GEISLAÞOLSPRÓFUN

6.1. **Prófunaraðferð**

6.1.1. Búnaður

6.1.1.1. Ljósgjafi gerður úr kvikasilfurslampa með miðlungsþrýstingi úr kvarsperu sem ekki framleiðir óson; peran er með lóðréttum ási. Nafnmál lampans eru 360 mm að lengd sinnum 9,5 mm í þvermál. Lengd ljósbogans er 300 ± 4 mm. Lampinn skal vera 750 ± 50 W.

Heimilt er að nota alla aðra ljósgjafa sem hafa sömu áhrif og lampinn sem lýst er hér að framan. Til að sannreyna að áhrif annars ljósgjafa séu þau sömu skal gera samanburð með því að mæla orkumagn bylgjulengdar á sviðinu 300 til 450 nm, allar aðrar bylgjulengdir eru útilokaðar með þar til gerðum síum. Aðrir ljósgjafar eru síðan notaðir með þessum síum.

Þegar um er að ræða öryggisrúður þar sem ekki er um að ræða viðunandi samsvörun milli þessarar prófunar og notkunarskilyrða er nauðsynlegt að endurskoða prófunarskilyrðin.

6.1.1.2. Spennubreytir fyrir aflgjafa og þéttir sem getur séð lampanum (liður 6.1.1.1) fyrir byrjunarspennu sem er minnst 1 100V og 500 ± 50 V vinnsluspennu.

6.1.1.3. Búnaður til að halda og snúa prófunarsýnunum á hraða sem er milli 1 og 5 snún/mín um ljósgjafann sem hafður er fyrir miðju til að tryggja jafna lýsingu.

6.1.2. Prófunarhlutar

6.1.2.1. Stærð prófunarhlutanna skal vera 76 mm x 300 mm.

6.1.2.2. Prófunarhlutarnir eru skornir á rannsóknarstofunni úr efsta hluta rúðnanna þannig:

– að efsta brún prófunarhlutans, þegar um er að ræða aðrar rúður en framrúður, falli saman við efstu brún rúðnanna,

– að efsta brún prófunarhlutans, þegar um er að ræða framrúður, falli saman við efri brún svæðisins sem athugað er með tilliti til jafns flæðistuðuls og ákvarðað í samræmi við lið 9.1.2.2 í þessum viðauka

6.1.3. Aðferð

Jafn ljósflæðistuðull er athugaður í þremur prófunarhlutum í samræmi við liði 9.1.1 til 9.1.2 í þessum viðauka. Hluti hvers sýnis er varinn geislum og síðan er sýnið sett í prófunarbúnað þannig að lengdin er samhliða ási lampans og í 230 mm fjarlægð frá þessum ási. Hitastigi sýnanna er haldið við 45 ± 5°C á meðan prófun stendur yfir. Sá flötur prófunarsýnisins sem er ytra borð rúðu í dráttarvélinni skal snúa að lampanum. Fyrir þá lampagerð sem tilgreind er í lið 6.1.1.1. skal lýsingin vara 100 klukkustundir.

Eftir lýsingu skal á ný mæla jafna ljósflæðistuðulinn á þeim flötum sem hafa verið lýstir á hverjum prófunarhluta.

6.1.4. Hver prófunarhluti eða sýni (þrjú samtals) eru sett undir geisla í samræmi við aðferðina hér að framan þannig að geislunin á hvern punkt af prófunarhlutanum eða sýninu á millilagið sem notað er hafi sömu áhrif og sólargeislar við 1 400 W/m^2 í 100 klukkustundir.

6.2. **Torveldistuðlar fylgieiginleika**

	Litlaus	*Litað*
Litur glersins	2	1
Litur millilagsins	1	2

Aðrir fylgieiginleikar eru ekki teknir með.

6.3. **Túlkun niðurstaðna**

6.3.1. Niðurstöður geislaþolsprófunar teljast fullnægjandi að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

6.3.1.1. heildarljósflæðistuðull, mældur í samræmi við lið 9.1.1 til 9.1.2 í þessum viðauka, fer ekki niður fyrir 95% af upphafsgildi fyrir ljósgeislun og aldrei neðar en:

6.3.1.1.1. 70% þegar um aðrar rúður en framrúður er að ræða sem uppfylla kröfur varðandi sjónsvið ökumanns til allra átta,

6.3.1.1.2. 75% þegar um er að ræða framrúður innan þess svæðis þar sem athuga á jafnan ljósflæðistuðul eins og skilgreint er í lið 9.1.2.2 hér á eftir.

6.3.1.2. Örlítil litun má hins vegar koma fram á prófunarhlutanum eða sýninu eftir ljósgeislun þegar það er skoðað á hvítum bakgrunni en engir aðrir gallar mega sjást.

6.3.2. Röð prófunarhluta eða sýna sem lögð er fram til gerðarviðurkenningar íhlutar telst fullnægja kröfum að því er varðar geislaþol að uppfylltu öðru eftirfarandi skilyrða:

6.3.2.1. niðurstöður allra prófananna eru fullnægjandi, eða

6.3.2.2. niðurstaða einnar prófunar er ófullnægjandi, en niðurstöður frekari prófana sem hafa verið framkvæmdar á nýrri röð prófunarhluta eða sýna eru fullnægjandi.

7. RAKAÞOLSPRÓFUN

7.1. **Aðferð**

Þremur sýnum eða prófunarhlutum sem eru a.m.k. 300 mm x 300 mm er haldið lóðrétt í tvær vikur í lokuðu íláti við 50 ± 2°C og rakastigið 95% ± 4% ([18]).

Prófunarhlutarnir eru undirbúnir þannig:

– að minnsta kosti ein brún prófunarhlutans falli að upprunalegri brún rúðunnar

– ef fleiri prófunarhlutar eru prófaðir á sama tíma skal gera ráð fyrir hæfilegu bili milli þeirra.

Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að dropi sem þéttist á veggjum eða lofti prófunarherbergisins falli á prófunarsýnin.

7.2. **Torveldistuðlar fylgieiginleika**

	Litlaus	*Litað*
Litur millilagsins	1	2

Aðrir fylgieiginleikar eru ekki teknir með.

7.3. **Túlkun niðurstaðna**

7.3.1. Öryggisrúðan telst fullnægja kröfum að því er varðar rakaþol ef ekki verður vart við merkjanlegar breytingar meira en 10 mm frá óskornum brúnum eða meira en 15 mm frá skornum brúnum eftir tvær klukkustundir í umhverfishita á venjulegum og unnum lagskiptum rúðum og eftir 48 klukkustundir í umhverfishita á rúður úr plastklæddu gleri eða plastgleri.

7.3.2. Röð prófunarhluta eða sýna sem lögð eru fram til gerðarviðurkenningar íhlutar telst fullnægja kröfum að því er varðar rakaþol að uppfylltu öðru eftirfarandi skilyrða:

7.3.2.1. niðurstöður allra prófana eru fullnægjandi,

7.3.2.2. niðurstaða einnar prófunar er ófullnægjandi, en niðurstöður frekari prófana sem hafa verið framkvæmdar á nýrri röð sýna eru fullnægjandi.

8. ÞOL GEGN HITABREYTINGUM

8.1. **Prófunaraðferð**

Tveimur prófunarhlutum, 300 x 300 mm, er komið fyrir í lokuðu herbergi í sex klukkustundir við -40 ± 5°C, síðan er þeim komið fyrir við umhverfishitastigið 23 ±°C í klukkustund eða þar til þeir hafa náð jöfnum hita. Þeir eru síðan settir í loftstreymi við 72 ± 2 °C í þrjár klukkustundir. Þeir eru rannsakaðir eftir að hafa verið settir í umhverfislofthitann 23 ± 2 °C hitastig og kældir niður í þann hita.

8.2. **Torveldistuðull fylgieiginleika**

	Litlaus	*Litað*
Litur plastmillilagsins eða -klæðningarinnar	1	2

Aðrir fylgieiginleikar eru ekki teknir með.

8.3. **Túlkun niðurstaðna**

Niðurstaða prófunar á þoli gegn hitabreytingum telst fullnægjandi ef í prófunarhlutanum eru engar sprungur, skuggar, flögnun eða aðrar greinilegar skemmdir.

([18]) Þessi prófunarskilyrði útiloka alla þéttingu á prófunarhlutunum.

9. LJÓSFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1. **LJÓSFLÆÐIPRÓFUN**

9.1.1. Búnaður

9.1.1.1. Ljósgjafi gerður úr ljósaperu með glóðarþræði í 1,5 mm × 1,5 mm × 3 mm samhliðungi. Rafspennan á glóðarþræði perunnar skal vera þannig að litahitastig sé 2856 ± 50 K. Þessari spennu skal haldið stöðugri við ± 1/1000. Mælitækið sem er notað til að athuga rafspennuna skal vera nægilega nákvæmt.

9.1.1.2. Ljóskerfi gert úr linsu með brennivídd, f, sem er a.m.k. 500 mm og leiðrétt fyrir litskekkju. Full ljósopsvídd linsunnar skal ekki fara yfir f/20. Leiðrétta skal bilið milli linsunnar og ljósgjafans til að ná fram nánast samhliða ljósgeisla.

Ljósopsþynnu er komið fyrir til að takmarka þvermál ljósgeislans svo að hann verði 7 ± 1 mm. Þessari ljósopsþynnu skal komið fyrir í 100 ± 50 mm fjarlægð frá linsunni á þeirri hlið sem snýr frá ljósgjafanum. Mælingin skal gerð í miðjum ljósgeislanum.

9.1.1.3. Mælibúnaður Móttökutækið skal hafa hlutfallslegt litrófsnæmi sem er í samræmi við hlutfallslega litrófsvirkni ICI-staðlaðra (Alþjóðlega ljóstækniráðið) ljósmælinema fyrir mynd í skæru ljósi. Ljósnæmiflötur móttökutækisins skal hafa umbúnað sem dreifir ljósi og vera a.m.k. tvöfalt þversniðið af samhliða ljósgeislanum sem ljóskerfið sendir frá sér. Ef notuð er heiltaksmælikúla skal op kúlunnar vera a.m.k. tvöfalt þversniðið af samhliða hluta ljósgeislans.

Línuleiki móttökutækisins og annarra tilheyrandi tækja skal vera betri en 2% af þeim hluta kvarðans sem er notaður. Móttökubúnaðurinn skal vera staðsettur á ási ljósgeislans.

9.1.2. Aðferð

Stilla skal tækið sem mælir svörun móttökutækisins þannig að það sýni 100 deilistrik þegar öryggisrúðan er ekki í ljósgeislanum. Móttökutækið skal sýna núll þegar ekkert ljós fellur á það.

Öryggisrúðunni er komið fyrir í fjarlægð sem samsvarar um það bil fimmföldu þverináli móttökutækisins. Öryggisrúðan er sett á milli ljósopsþynnunnar og móttökutækisins og stefna þess stillt þannig að aðfallshorn ljósgeislans sé jafnt 0° ± 5°. Jafn ljósflæðistuðull á öryggisrúðunni er mældur og fyrir hvern mældan punkt er fjöldi deilistrika lesinn „n“ á mælitækinu. Jafn ljósflæðistuðull $\_\tau_r$ er jafn n/100.

9.1.2.1. Þegar um framrúður er að ræða er heimilt að nota tvær prófunaraðferðir þar sem annaðhvort er notað prófunarsýni sem skorið er úr flatasta hluta framrúðunnar eða sérstaklega tilbúinn flatur ferningur með sömu efnis- og þykktareiginleika og raunveruleg framrúða og skulu málin tekin hornrétt á rúðuflötinn.

9.1.2.2. Prófunin er framkvæmd á svæði I sem er tilgreint í lið 9.2.5.2 í þessum viðauka.

9.1.2.3. Þegar um dráttarvélar er að ræða sem ekki er hægt að ákvarða svæði I fyrir eins og skilgreint er í lið 9.2.5.2, er prófunin framkvæmd á svæði I’ eins og skilgreint er í lið 9.2.5.3 í þessum viðauka.

9.1.3. Torveldistuðlar fylgieiginleika

	Litlaus	*Litað*
Litur glersins:	1	2
Litur millilagsins (þegar um er að ræða lagskipta framrúðu)	1	2
	ekki talið með	*innifalin*
Skyggt svæði og/eða sólskyggnur	1	2

Aðrir fylgieiginleikar eru ekki teknir með.

9.1.4. Túlkun niðurstaðna

9.1.4.1. Jafn ljósflæðistuðull mældur samkvæmt lið 9.1.2 má ekki vera minni en 75% þegar um er að ræða framrúður og ekki minni en 70% þegar um aðrar rúður er að ræða en framrúður.

9.1.4.2. Þegar um er að ræða rúður sem eru á stöðum sem hafa litla þýðingu fyrir sjónsvið ökumannsins (t.d. glerþak) má jafn stuðull ljósflæðis frá rúðum vera minni en 70%. Rúður sem eru með innan við 70% jafnan ljósflæðistuðul skulu merktar með viðeigandi tákni.

9.2. **Prófun á ljósfræðilegri bjögun**

9.2.1. Gildissvið

Tilgreind aðferð er myndvarpsaðferð sem gerir kleift að meta ljósfræðilega bjögun í öryggisrúðu.

9.2.1.1. Skilgreiningar

9.2.1.1.1. Stefnubreyting geisla: hornið milli raunverulegrar stefnu og sýndarstefnu í punkti þar sem horft er í gegnum öryggisrúðuna, stærð þessa horns er fall af aðfallshorni sjónlínu, þykkt og halla rúðunnar og krappageislans við aðfallspunktinn.


9.2.1.1.2. Ljósfræðileg bjögun í stefnu MM′: útreiknuð breyting á horni Δ_α mæld milli tveggja punkta M og M′ á yfirborði öryggisrúðunnar og er fjarlægðin milli þeirra þannig að endurvarp frá þeim í plani hornrétt á sjónstefnu sé föst fjarlægð Δ_x (sjá mynd 6).

Rangsælis stefnubreyting er talin jákvæð og réttsælis neikvæð.

9.2.1.1.3. Ljósfræðileg bjögun við punkt M: hámark ljósfræðilegrar bjögunar fyrir allar stefnur MM´ frá punkti M.

9.2.1.2. Búnaður


Þessi aðferð byggist á að viðeigandi skyggnu (mynstri) er varpað á sýningartjaldið í gegnum öryggisrúðuna sem prófa skal. Breytingin á lögun myndarinnar sem varpað er og orsakast af því að rúðunni er komið fyrir í ljósbrautinni jafngildir mælingu á bjöguninni. Búnaðurinn er gerður úr eftirfarandi hlutum sem er stillt upp eins og sýnt er á mynd 9.



Mynd 6 — Skýringarmynd af ljósfræðilegri bjögun

Athugasemdir: $\Delta_\alpha = \alpha_1 - \alpha_2$, þ.e. ljósfræðileg bjögun í stefnunni MM´.

$\Delta_x = MC$ þ.e. er fjarlægðin milli tveggja beinna lína sem eru samhliða sjónstefnu og liggja í gegnum punktana M og M´.



Mynd 7 — Afstaða ljósa í myndvarpanum.


9.2.1.2.1. Myndvarpi í háum gæðaflokki með nákvæmum ljósgjafa með miklum ljósstyrk og t.d. með eftirfarandi eiginleikum:

– að minnsta kosti 90 mm brennivídd,

– um það bil 1/2,5, opi,

– 150 W kvarshalógenlampa (ef engin sía er notuð),


– 250 W kvarshalógenlampa (ef græn sía er notuð).



Mynd 8 — Stækkaður hluti skyggnunar

Myndvarpinn er sýndur í höfuðdráttum á mynd 7. Ljósopsþynnu er komið fyrir um það bil 10 mm frá linsunni.

9.2.1.2.2. Skyggnur (mynstur), til dæmis úr neti af ljósum hringjum á dökkum grunni (sjá mynd 8). Skyggnan verður að vera í háum gæðaflokki og með miklum birtuskilum þannig að unnt sé að mæla með innan við 5% skekkju. Ef prófunarrúða er ekki fyrir hendi skal mál hringjanna þegar þeim er varpað vera þannig að þeir myndi net hringja sem eru $((R_1 + R_2)/R_1)\,\Delta_x$ að þvermáli þar sem $\Delta_x = 4$ mm (sjá myndir 6 og 9).




$R_1 = 4$ m
$R_2 = 2$ til 4 m (helst 4 m)

Mynd 9 — Fyrirkomulag tækja fyrir prófun á ljósfræðilegri bjögun

9.2.1.2.3. Grind, helst af þeirri gerð sem gerir kleift að skanna öryggisrúðuna lárétt og lóðrétt sem og að snúa henni.

9.2.1.2.4. Samanburðarmát til að mæla breytingar á máli þegar mæla þarf í skyndi. Hentug útfærsla er sýnd á mynd 10.



Mynd 10 — Útfærsla á hentugu samanburðarmáti

9.2.1.3. Aðferð

9.2.1.3.1. Almennt

Öryggisrúðan er sett á grindina (liður 9.2.1.2.3) og látin halla á réttan hátt. Prófunarskyggnunni er varpað í gegnum svæðið sem á að rannsaka. Rúðunni er snúið eða hún færð til lárétt eða lóðrétt til að rannsaka allt svæðið.

9.2.1.3.2. Útreikningur með samanburðarmáti

Þegar skyndimat með allt að 20% hugsanlegum skekkjumörkum er fullnægjandi er gildið A (sjá mynd 10) reiknað út frá markgildinu $\Delta\alpha_L$ fyrir stefnubreytinguna svo og gildið R_2, sem er bilið milli öryggisglersins og sýningartjaldsins:

$$A = 0{,}145\ \Delta\alpha_L \cdot R_2$$

Hlutfallið milli breytingar á þvermáli vörpuðu myndarinnar Δd og breytingarinnar á hornabreytingunni $\Delta\alpha$ er fundið með formúlunni:

$$\Delta d = 0{,}29\ \Delta\alpha \cdot R_2$$

þar sem:

Δd er gefið upp í millimetrum,

A er gefið upp í millimetrum,

$\Delta\alpha_L$ er gefið upp í bogamínútum,

$\Delta\alpha$ er gefið upp í bogamínútum, og

R_2 er gefið upp í metrum

9.2.1.3.3. Mæling með ljósrafbúnaði

Þegar krafist er nákvæmrar mælingar með innan við 10% skekkjumörkum frá markgildi er Δd mælt á varpásnum þar sem gildi fyrir breidd ljóspunktsins er fastsett við þann punkt þar sem birtan er 0,5 sinnum hámarksbirta ljóskastarans.

9.2.1.4. Niðurstöður mælinga

Ljósfræðileg bjögun öryggisrúðnanna er metin með því að mæla Δd einhvers staðar á yfirborðinu og í allar áttir til að finna Δd hámarkið.

9.2.1.5. Staðgönguaðferðir

Að auki er stríoskóptækni heimiluð sem afbrigði við myndvarpstækni svo framarlega sem nákvæmni mælinganna í liðum 9.2.1.3.2 og 9.2.1.3.3 helst sú sama.

9.2.1.6. Fjarlægðin Δ^x skal vera 4 mm.

9.2.1.7. Framrúðan skal sett upp með sama hallahorni og er á dráttarvélinni.

9.2.1.8. Varpsásnum í lárétta planinu skal viðhaldið nánast hornrétt á spor framrúðunnar í þessu plani.

9.2.2. Mælingar eru gerðar á svæði I eins og mælt er fyrir um í lið 9.2.5.2 í þessum viðauka.

9.2.2.1. Þegar um dráttarvélar er að ræða sem ekki er hægt að ákvarða svæði I fyrir eins og skilgreint er í lið 9.2.5.2, er prófunin framkvæmd á svæði I' eins og skilgreint er í leið 9.2.5.3 í þessum viðauka.

9.2.2.2. Gerð dráttarvélar

Skylt er að endurtaka prófunina ef setja á framrúðuna í dráttarvélargerð sem er með annað sjónsvið fram á við en dráttarvélargerðin sem framrúðan hefur þegar verið viðurkennd fyrir.

9.2.3. Torveldistuðlar fylgieiginleika

9.2.3.1. Eðli efnisins:

Spegilgler	*Flotgler*	*Rúðugler*
1	1	2

9.2.3.2. Aðrir fylgieiginleikar

Aðrir fylgieiginleikar eru ekki teknir með.

9.2.4. Fjöldi sýna:

Fjögur sýni eru prófuð.

9.2.5. Skilgreining á sjónsviði fyrir framrúður dráttarvéla.

9.2.5.1. Sjónsviðið er skilgreint á grundvelli:

9.2.5.1.1. viðmiðunarpunktsins eins og skilgreint er í lið 1.2 í I. viðauka við tilskipun 2008/2/EB Þessi punktur er táknaður með O hér á eftir;

9.2.5.1.2. beinnar línu OQ sem er lárétt bein lína sem liggur í gegnum viðmiðunarpunktinn og er hornrétt á lengdarmiðjuplan dráttarvélarinnar.

9.2.5.2. svæði I er svæði framrúðunnar sem ákvarðast af skurðpunkti framrúðunnar við eftirfarandi fjögur plön:

P_1 — lóðrétt plan sem liggur í gengum O og myndar 15° horn við vinstri hluta lengdarmiðjuplans dráttarvélarinnar,

P_2 — lóðrétt plan samhverft við P_1 um lengdarmiðjuplan dráttarvélarinnar.
Ef þetta er ógerlegt (t.d. ef ekki er samhverft lengdarmiðjuplan) er P_2 samhverfa P_1 miðað við lengdarmiðjuplan dráttarvélarinnar í gegnum viðmiðunarpunktinn,

P_3 — plan sem beina línan OQ er í og myndar 10° horn ofan við lárétta planið,

P_4 — plan sem beina línan OQ er í og myndar 8° horn ofan við lárétta planið,

9.2.5.3. Þegar um dráttarvélar er að ræða sem ekki er hægt að ákvarða svæði I fyrir eins og skilgreint er í lið 9.2.5.2 þessa viðauka þá á svæði I' við um allt yfirborð framrúðunnar.

9.2.6. Túlkun niðurstaðna

Gerð framrúðu telst fullnægja kröfum að því er varðar ljósfræðilega bjögun, ef bjögunin í þeim fjórum sýnum sem eru prófuð fer ekki yfir hámarksgildið 2 bogamínútur hvorki á svæði I né svæði I´.

9.2.6.1. Ekki skal mæla innan 100 mm breiðs jaðarsvæðis.

9.2.6.2. Ef um er að ræða skipta framrúðu skal ekki mæla innan 35 mm breiðrar línu frá þeirri brún rúðunnar sem liggur að póstinum sem skiptir henni.

9.3. **Prófun á aðskilnaði frá fylgimynd**

9.3.1. Gildissvið

Tvær prófunaraðferðir eru viðurkenndar:

– prófun með skífu, og

– prófun með geislabeini.

Heimilt er að nota þessar prófunaraðferðir við gerðarviðurkenningu íhlutar, gæðaeftirlit eða til að meta framleiðsluvöru, ein og við á.

9.3.1.1. Prófun með skífu

9.3.1.1.1. Búnaður

Þessi aðferð byggist á athugun á upplýstri skífu gegnum öryggisrúðuna. Heimilt er að hanna skífuna þannig að framkvæma megi prófunina með einfaldri aðferð sem byggist á „samþykkt, ekki samþykkt".

Best er að skífan sé af annarri eftirfarandi gerða:

a) upplýst hringlaga skífa þar sem ytra ummál, D, nær yfir horn sem er η bogamínútur í punkti sem er í x metra fjarlægð (mynd 11a), eða

b) upplýst hring- og depilskífa með málum sem eru þannig að fjarlægðin, D, frá punkti í brún depilsins að næsta punkti innan hringsins nær yfir horn sem er η bogamínútur við punkt í x metra fjarlægð (mynd 11b),

þar sem:

η er markgildi aðskilnaðar frá fylgimynd,

x er fjarlægðin milli öryggisrúðunnar og skífunnar (ekki minni en 7 m),

D er fundið með formúlunni:

$$D = x \cdot \tan \eta$$

Upplýsta skífan samanstendur af um það bil 300 mm x 300 mm x 150 mm ljóskassa og best er ef framhliðin er úr gleri, klædd svörtum ógagnsæjum pappír eða með svartri mattri málningu. Kassinn er lýstur upp með viðeigandi ljósgjafa. Innra borð kassans er þakið hvítri mattri málningu. Það kann að vera hentugt að nota önnur skífuform eins og sýnd eru á mynd 14. Einnig er hægt að láta myndvarpskerfi koma í stað skífunnar og athuga þær myndir sem koma fram á sýningartjaldi.

9.3.1.1.2. Aðferð

Öryggisrúðan skal sett með tilgreindu hallahorni á hentuga grind þannig að athugunin fer fram á láréttum fleti í gegnum miðju skífunnar.


Ljóskassinn skal skoðaður í dimmu eða hálfdimmu herbergi, þar sem hver hluti öryggisrúðunnar skal rannsakaður til þess að finna hvort fylgimynd komi fram í tengslum við upplýstu skífuna. Snúa skal öryggisrúðunni svo sem nauðsyn krefur til að tryggja að rétt sjónstefna haldist. Heimilt er að nota sjóntæki við þessa skoðun.

9.3.1.1.3. Niðurstöður mælinga


Ákvarðað er hvort:

– raunmynd og fylgimynd hringsins skiljast hvor frá annarri, þegar skífa a) (sjá mynd 11a) er notuð, þ.e. hvort farið sé yfir markgildið η, eða


– fylgimynd depilsins fari út yfir snertipunktinn sem er innan við brún hringsins, þegar skífa b) (sjá mynd 11b) er notuð, þ.e. hvort farið sé yfir markgildið η.



Mynd 11 — Mál skífanna



Mynd 12 — Uppstilling á búnaðinum



1. Ljósapera.
2. Þéttir, op > 8,6 mm.
3. Skermur úr slípuðu gleri, op > sama op og á þétti.
4. Lituð síða með miðjugati sem er um það bil 0,3 mm að þvermáli; þvermál > 8,6 mm.
5. Plata með skauthnitum, þvermál > 8,6 mm.
6. Litvís linsa, f ≥ 86 mm, op 10 mm.
7. Litvís linsa, f ≥ 86 mm, op 10 mm.
8. Svartur punktur, þvermál um það bil 0,3 mm.
9. Litvís linsa, f = 20 mm, op ≤ 10 mm.

Mynd 13 — Búnaður fyrir prófun með geislabeini

9.3.1.2. Prófun með geislabeini.


Ef nauðsyn krefur er aðferðin sem lýst er í þessum lið notuð.

9.3.1.2.1. Búnaður

Búnaðurinn samanstendur af geislabeini og sjónauka og má setja hann upp í samræmi við mynd 13. Einnig er heimilt að nota annað sambærilegt kerfi sem byggir á ljósfræði.

9.3.1.2.2. Aðferð

Geislabeinirinn framkallar mynd út í það óendanlega af skauthnitakerfi með ljósum punkti í miðjunni (sjá mynd 14). Litlum ógagnsæjum bletti, lítið eitt stærri en varpaða ljóspunktinum, er komið fyrir í brennifleti skoðunarsjónaukans á ljósásnum þannig að ljósi punkturinn myrkvast.



Mynd 14 — Dæmi um skoðun með prófunaraðferð með geislabeini

Ef prófunarhluta, sem sýnir fylgimynd, er komið fyrir milli sjónaukans og geislabeinisins birtist annar og daufari ljóspunktur í ákveðinni fjarlægð frá miðju skauthnitakerfisins. Aðskilnað fylgimyndarinnar má skoða sem fjarlægðina milli punktanna séð í gegnum skoðunarsjónaukann (sjá mynd 14). (Fjarlægðin milli dökka punktsins og lýsandi punktsins í miðju skauthnitakerfisins sýnir stefnubreytingu ljóssins).

9.3.1.2.3. Niðurstöður mælinga

Fyrst er öryggisrúðan rannsökuð með einfaldri skönnun til að finna svæðið þar sem fylgimyndin kemur greinilegast fram. Þetta svæði er rannsakað með sjónaukanum undir viðeigandi aðfallshorni. Síðan er hámarksaðskilnaður fylgimyndarinnar mældur.

9.3.1.3. Skoðunarstefnunni á láréttа planinu skal haldið nánast hornrétt á spor framrúðunnar.

9.3.2. Mælingarnar eru gerðar í samræmi við dráttarvélarflokk á þeim svæðum sem eru skilgreind í lið 9.2.2.

9.3.2.1. Gerð dráttarvélar

Skylt er að endurtaka prófunina ef setja á framrúðuna í dráttarvélargerð sem er með annað sjónsvið fram á við en dráttarvélin sem framrúðan hefur þegar verið viðurkennd fyrir.

9.3.3. Torveldistuðlar fylgieiginleika

9.3.3.1. Eðli efnisins:

Spegilgler	*Flotgler*	*Rúðugler*
1	1	2

9.3.3.2. Aðrir fylgieiginleikar

Aðrir fylgieiginleikar eru ekki teknir með.

9.3.4. Fjöldi sýna:

Fjögur sýni eru prófuð.

9.3.5. Túlkun niðurstaðna

Gerð framrúðu telst fullnægja kröfum að því er varðar aðskilnað fylgimyndar ef aðskilnaður raunmyndar og fylgimyndar í sýnunum fjórum sem lögð eru fram til prófunar fer ekki yfir 15 bogamínútna hámarkið.

9.3.5.1. Ekki skal mæla innan 100 mm breiðs jaðarsvæðis.

9.3.5.2. Ef um er að ræða skipta framrúðu skal ekki mæla innan 35 mm breiðrar línu frá þeirri brún rúðunnar sem liggur að póstinum sem skiptir henni.

9.4. **Prófun til aðgreina liti**

Ef framrúður eru litaðar á þeim svæðum sem eru skilgreind í lið 9.2.5.2 eða 9.2.5.3 eru fjórar framrúður prófaðar til að greina eftirfarandi liti:

– hvítur,

– valinn gulur litur,

– rauður,

– grænn

– blár,

– rauðgulur.

10. PRÓFUN Á BRUNAÞOLI

10.1. **Tilgangur og gildissvið**

Þessi aðferð gerir kleift að ákvarða láréttan brunahraða efna sem notuð eru í farþegaklefa dráttarvélarinnar eftir að lítill eldur hefur komist að þeim. Með þessari aðferð er hægt að prófa efni og íhluti í innri búnaði dráttarvélar annaðhvort hvern í sínu lagi eða saman og getur þykkt þessara efna eða íhluta verið allt að 15 mm. Aðferðin er notuð til að dæma um einsleitni framleiðslulotu þessara efna að því er varðar brunaeiginleika. Vegna þess að raunverulegar aðstæður (notkun og staða inni í dráttarvélinni, notkunaraðstæður, eldsupptök, o.s.frv.) eru mjög frábrugðnar þeim nákvæmu prófunarskilyrðum sem hér er lýst getur þessi aðferð ekki talist hentug til að meta alla brunaeignleika í raunverulegri dráttarvél.

10.2. **Skilgreiningar**

10.2.1. Brunahraði: deild brunna svæðisins mæld með þessari aðferð og með tilliti til þess hve langur tími líður á meðan svæðið brennur.

Hann er gefinn upp í millimetrum á mínútu.

10.2.2. Samsett efni: efni samsett úr mörgum lögum af líkum eða ólíkum efnum sem eru tengd saman með límí, bindiefni, klæðningu, logsuðu, o.s.frv. Ef þessi ólíku efni eru tengd ósamfellt (t.d. með saum, hátíðnilogsuðu, hnoðneglingu) sem veitir möguleika á að taka einstök sýni í samræmi við lið 10.5, teljast þessi efni ekki samsett efni.

10.2.3. Óvarinn flötur: sú hlið sem snýr að farþegaklefanum (farþegarýminu) þegar efnið er sett í dráttarvélina.

10.3. **Meginregla**


Sýni er komið fyrir í láréttri stöðu í U-laga haldara og kraftlítill logi látinn leika um það í 15 sekúndur í brunahólfi þannig að loginn nái til lausa enda sýnisins. Með prófuninni er unnt að ákvarða hvort og hvenær loginn slokknar eða þann tíma sem það tekur hann að fara mælda vegalengd.

10.4. **Búnaður**

10.4.1. Brunahólf (mynd 15) helst úr ryðfríu stáli með þeim málum sem eru gefin upp á mynd 16. Á framhlið hólfsins er skoðunargluggi úr eldföstu efni sem getur náð yfir alla framhlið hans þjónað hlutverki aðgangslúgu.


Á botni hólfsins eru loftgöt og á þaki þess loftop sem nær allan hringinn. Brunahólfið stendur á fjórum fótum sem eru 10 mm á hæð.

Heimilt er að gat sé á annarri hvorri hlið hólfsins til að unnt sé að koma haldaranum fyrir með sýninu í; á hinni hliðinni er gasleiðslan leidd inn um gat. Bráðna efninu er safnað fyrir í skál (sjá mynd 17) sem er komið fyrir á botni hólfsins á milli loftgata án þess að hylja þau.




Mynd 15 — Dæmi um brunahólf með sýnishaldara og söfnunarskál

Mál í millimetrum – vikmörk í samræmi við ISO 2768



Mynd 16 — Dæmi um brunahólf

Mál í millimetrum – vikmörk í samræmi við ISO 2768




Mynd 17 — Dæmigerð söfnunarskál

10.4.2. Sýnishaldari sem er gerður úr tveimur U-laga málmplötum eða römmum úr tæringarþolnu efni. Mál eru gefin upp á mynd 18.

Á neðri plötunni eru pinnar og á þeirri efri samsvarandi göt til að tryggt sé að sýnið haldist stöðugt. Pinnarnir þjóna einnig hlutverki mælipunkta þar sem bruni hefst og honum lýkur (brunavegalengd).


Gera skal ráð fyrir burðargrind úr hitaþolnum vírum, 0,25 mm að þvermáli, spenntum yfir neðri plötu sýnisgrindarinnar með 25 mm millibili (sjá mynd 19).

Mál í millimetrum – vikmörk í samræmi við ISO 2768



Mynd 18 — Dæmi um sýnishaldara

Mál í millimetrum – vikmörk í samræmi við ISO 2768



Mynd 19 — Dæmi þversnið af neðsta hluta U-lagaða rammans með stuðningsvírum

Neðsti hluti sýnisins skal vera í 178 mm hæð yfir botnplötunni. Bilið milli fremri brúnar sýnishaldarans og ysta hluta hólfsins skal vera 22 mm; bilið milli langhliða sýnishaldarans og hliða hólfsins skal vera 50 mm (allt innri mál) (Sjá mynd 15 og 16)

10.4.3. Gasbrennari. Kraftlitli loginn kemur frá Búnsen-brennara sem er 9,5 mm að þverməli að innan. Honum er komið fyrir í brunahólfinu þannig að stútmiðjan er 19 mm undir miðjunni á neðri brún lausa enda sýnisins (sjá mynd 16).

10.4.4. Prófunargas. Gasið í brennaranum skal hafa varmagildi um það bil 38 MJ/m³ (t.d. jarðgas).

10.4.5. Málmkambur, a.m.k. 110 mm langur og með sjö eða átta rúnnuðum tönnum á hverja 25 mm.

10.4.6. Skeiðklukka sem mælir með 0,5 sekúndna nákvæmni.

10.4.7. Súgskápur. Heimilt er að koma brunahólfinu fyrir í súgskáp með því skilyrði að innra rúmmál hans sé a.m.k. 20 sinnum og ekki meira en 110 sinnum rúmmál brunahólfsins og með því skilyrði að ekkert eitt hæðar-, breiddar- eða lengdarmál sé meira en 2,5 sinnum annað af hinum málunum tveimur.

Áður en prófun hefst er lóðréttur lofthraði í gegnum súgskápinn mældur 100 mm framan og aftan við þann stað sem koma á brunahólfinu endanlega fyrir á. Hann skal vera á bilinu 0,10 til 0,30 m/s til að koma í veg fyrir að rannsóknarmaðurinn verði fyrir óþægindum vegna myndefnum frá bruna. Mögulegt er að nota súgskáp með náttúrlegri loftræstingu með hæfilegum lofthraða.

10.5. **Sýni**

10.5.1. Lögun og mál

Lögun sýna og mál koma fram á mynd 20. Þykkt sýnisins skal samsvara þykkt þeirrar vöru sem verið er að prófa. Hún skal ekki vera meiri en 13 mm. Ef unnt er við sýnatöku að koma því við skal þversnið sýnisins vera jafnt lengd þess á enda. Ef lögun vöru og mál leyfa ekki að sýni sé tekið í tiltekinni stærð gilda eftirtalin lágmarksmál:

a) fyrir sýni sem eru 3 til 60 mm á breidd skal lengdin vera 356 mm. Í því tilviki er efnið prófað á allir breidd framleiðsluvörunnar,

b) fyrir sýni sem eru 60 til 100 mm á breidd skal lengdin vera a.m.k. 138 mm. Í því tilviki svarar hugsanleg brunalengd til sýnislengdar þar sem byrjað er að mæla við fyrsta mælipunkt,

c) sýni sem eru innan við 60 mm að breidd og innan við 356 mm að lengd og sýni sem eru 60 til 100 mm að breidd og innan við 138 mm að lengd er ekki unnt að prófa með þessari aðferð, né heldur sýni sem eru innan við 3 mm að breidd.

10.5.2. Sýnataka


Að minnsta kosti fimm sýni eru tekin af efninu sem á að prófa. Úr efnum með mismunandi brunahraða eftir því hver stefna efnisins er (ákvarðað með forprófunum) skal taka fimm (eða fleiri) sýni og koma þeim fyrir í prófunartækinu á þann hátt að mesti brunahraði verði mældur. Þegar efnið er afhent skorið niður í ákveðnar breiddir skal skera af því a.m.k. 500 mm eftir allri breiddinni. Sýni eru tekin úr stykki sem þannig er skorið, ekki innan við 100 mm frá brún efnisins með jöfnu millibili.

Sýni skulu tekin á sama hátt úr fullunnum vörum ef lögun vörunnar leyfir. Ef þykkt vörunnar er meira en 13 mm skal hún þynnt niður í 13 mm með vélrænum aðferðum á gagnstæðri hlið við þá hlið sem snýr inn í farþegarýmið.

Samsett efni (sjá 10.2.2) eru prófuð eins og þau væru einsleit.

Þegar um er að ræða mörg lög af mismunandi efnum, sem ekki teljast samsett skal prófa hvert lag sérstaklega sem liggur innan við13 mm frá yfirborðinu og snýr inn í farþegarýmið.

Mál í millimetrum



Mynd 20 — Sýni

10.5.3. Meðferð

Sýnin skulu geymd í a.m.k. 24 klukkustundir en ekki meira en 7 daga við 23 ± 2 °C hita og rakstig sem nemur 50 ± 5% og haldið við þessar aðstæður þar til þau verða prófuð.

10.6. **Aðferð**

10.6.1. Sýnum sem eru með loðnu eða bólstruðu yfirborði er komið fyrir á flötu yfirborði og þau kembd með kambnum tvisvar í gangstæða átt eftir legu háranna (liður 10.4.5).

10.6.2. Sýninu er komið fyrir í sýnishaldaranum (liður 10.4.2) þannig að óvarða hliðin snúi niður að loganum.

10.6.3. Gasloginn er stilltur í 30 mm hæð með því að nota merkið í hólfinu og skal loftinntak brennarans vera lokað. Loginn skal brenna í a.m.k. eina mínútu svo hann nái stöðugleika áður en prófunin hefst.

10.6.4. Sýnishaldaranum er ýtt inn í brunahólfið þannig að endinn á sýninu snúi að loganum og að 15 sekúndum liðnum er skrúfað fyrir gasið.

10.6.5. Mæling á brunatíma byrjar þegar loginn fer framhjá fyrsta mælipunktinum. Útbreiðsla logans er könnuð á þeirri hlið (efri og neðri) sem brennur hraðar.

10.6.6. Mælingu á brunatíma lýkur þegar loginn hefur náð síðasta mælipunkti eða ef hann slokknar áður en hann nær þeim punkti. Ef loginn nær ekki síðasta mælipunkti er brunalengdin mæld að þeim stað þar sem loginn brann út. Brunalengdin er sá hluti sýnisins á ytra eða innra borði, sem eyðileggst í bruna.

10.6.7. Ef ekki kviknar í sýninu eða það hættir að brenna eftir að slökkt hefur verið á brennaranum eða ef loginn slokknar áður en fyrsta mælipunkti er náð þannig að enginn brunatími mælist skal þess getið í prófunarskýrslu að bruni sé 0 mm/mín.

10.6.8. Þegar röð prófunar er í gangi eða endurteknar prófanir eru gerðar skal fyrir prófun ganga úr skugga um að hitastig í brunahólfi og sýnishaldara fari ekki yfir 30 °C.

10.7. **Útreikningar**

Brunahraði, B, í millimetrum á mínútu er fundinn með eftirfarandi formúlu:

$$B = (s/t) \times 60$$

þar sem:

s er brunalengdin í millimetrum;

t er brunatími svæðisins s í sekúndum.

10.8. **Torveldistuðlar fylgieiginleika**

Fylgieiginleikar eru ekki teknir með.

10.9. **Túlkun niðurstaðna**

Plasthúðaðar öryggisrúður (liður 2.3) og öryggisrúður úr plasti (liður 2.4) teljast fullnægja kröfum að því er varðar brunaeiginleika (brunaþol) ef brunahraði fer ekki yfir 250 mm/mínútu.

11. PRÓFUN Á ÞOLI GEGN ÍÐEFNUM

11.1. **Íðefni sem á að nota**

11.1.1. Sápulausnir sem ekki slíta: 1% miðað við þyngd kalíumóleats í afjónuðu vatni.

11.1.2. Efni til að hreinsa rúður: vatnslausn af ísóprópanóli og díprópýlenglýkólmónómetýleteri, hvort um sig með 5 til 10% styrkleika miðað við þyngd og af ammóníumhýdroxýði með 1 til 5% styrkleika miðað við þunga.

11.1.3. Óþynnt, mengað alkóhól: einn hluti miðað við rúmmál af metýlalkóhóli í 10 hlutum af etýlalkóhóli miðað við rúmmál.

11.1.4. Viðmiðunarbensínblanda, 50% miðað við rúmmál af tólúen, 30% miðað við rúmmál af 2,2,4-trímetýl-pentani, 15% miðað við rúmmál af trímetýl-1-pentani og 5% miðað við rúmmál af etýlalkóhóli.

11.1.5. Viðmiðunarsteinolía: blanda, 50% miðað við rúmmál af n-oktani og 50% miðað við rúmmál af n-dekani.

11.2. **Prófunaraðferð**

Tveir prófunarhlutar 180 x 25 mm eru prófaðir með íðefnum eins og kveðið er á um í lið 11.1. og er nýr prófunarhluti notaður fyrir hverja prófun og vöru. Eftir hverja prófun skal hreinsa prófunarhlutana í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og geyma þá síðan í 48 klukkustundir við 23 ± 2 °C og við rakastigið 50 ± 5%. Þessum skilyrðum er haldið meðan á prófununum stendur. Prófunarhlutarnir skulu settir í prófunarvökvann á þann hátt að fljóti yfir þá í eina mínútu, þeir eru síðan teknir úr og þurrkaðir með (hreinum) rakadrægum bómullarklúti.

11.3. **Torveldistuðlar fylgieiginleika**

	Litlaus	*Litað*
Litur plastmillilags eða klæðningar	1	2

Engir fylgieiginleikar eru teknir með.

11.4. **Túlkun niðurstaðna**

11.4.1. Niðurstaða prófunar á þoli gegn íðefnum telst jákvæð ef prófunarhlutarnir linast ekki, verða ekki límkenndir, sprungur myndast ekki á yfirborðinu eða þeir missa ekki gagnsæi sitt svo greinilegt sé.

11.4.2. Röð prófunarhluta sem er lögð fram til gerðarviðurkenningar íhlutar telst fullnægja kröfum að því er varðar þol gegn íðefnum að uppfylltu öðru eftirfarandi skilyrða:

11.4.2.1. niðurstöður allra prófananna eru fullnægjandi,

11.4.2.2. niðurstaða einnar prófunar er ófullnægjandi en niðurstöður frekari prófana sem hafa verið framkvæmdar á nýrri röð prófunarhluta eru fullnægjandi.

_____

III. VIÐAUKI D

Framrúður úr hertu gleri

1. SKILGREINING Á GERÐ

Framrúður úr hertu gleri teljast til mismunandi gerða ef þær eru ólíkar að því er varðar a.m.k. einn eftirfarandi grundvallar-eða fylgieiginleika.

1.1. **Grundvallareiginleikar eru:**

1.1.1. viðskiptaheiti eða vörumerki,

1.1.2. lögun og mál.

Framrúðum úr hertu gleri má skipta í tvo hópa að því er varðar prófanir í tengslum við brot og vélræna eiginleika, þ.e.:

1.1.2.1. flatar framrúður, og

1.1.2.2. bogaframrúður,

1.1.3. þykktarflokkur sem fundinn er á grundvelli nafnþykktar „e“ (leyfileg framleiðsluvikmörk eru ± 0,2 mm):

— flokkur I:		$e \leq 4{,}5$ mm
— II. flokkur:	4,5 mm <	$e \leq 5{,}5$ mm
— III. flokkur:	5,5 mm <	$e \leq 6{,}5$ mm
— IV. flokkur:	6,5 mm <	e

1.2. **Fylgieiginleikar eru:**

1.2.1. eðli efnisins (spegilgler, flotgler, rúðugler):

1.2.2. litur glersins (ólitað eða litað),

1.2.3. innlögð hitöld eða ekki,

1.2.4. sólskyggnur fyrir hendi eða ekki,

2. BROTPRÓFUN

2.1. **Torveldistuðlar fylgieiginleika**

2.1.1. Eingöngu eðli efnisins er tekið til greina.

2.1.2. Flotgler og rúðugler teljast vera með sama torveldistuðul.

2.1.3. Skylt er að endurtaka brotprófunina ef flotgler eða rúðugler kemur í stað spegilglers og öfugt.

2.1.4. Skylt er að endurtaka prófunina ef notaðar eru aðrar sólskyggnur en ámálaðar.

2.2. **Fjöldi sýna:**

Sex sýni af röð framrúðna úr fleti sem er minnst mótaður og sex sýni af röð framrúðna sem eru með stærstan mótaðan flöt eru valin eins og mælt er fyrir um í III. viðauka M og lögð fram til prófunar.

2.3. **Mismunandi svæði glers**

Framrúða úr hertu gleri skal samanstanda af tveimur meginsvæðum F I og F II. Á henni má einnig vera millisvæði, F III.

Þessi svæði eru skilgreind sem hér segir:

2.3.1. svæði F I: minnst 7 cm breitt jaðarsvæði með fíngerðu brotmynstri allt umhverfis framrúðuna og þ.m.t. 2 cm breið rönd utan með sem ekki er tekin með þegar niðurstöður prófunar eru metnar.

2.3.2. svæði F II: útsýnissvæði með mismunandi brotmynstri sem alltaf skal ná yfir rétthyrndan hluta, a.m.k. 20 cm háan og 50 cm langan.

2.3.2.1. Miðja rétthyrningsins er innan hrings með 10 cm radíus og er miðja hans í varpi viðmiðunarpunktsins.

2.3.2.2. Þegar um er að ræða dráttarvélar sem ekki hefur reynst unnt að ákvarða viðmiðunarpunktinn fyrir er skylt að tilgreina stöðu útsýnissvæðisins í prófunarskýrslunni.

2.3.2.3. Hæð rétthyrningsins hér að framan má minnka í 15 cm þegar um er að ræða framrúður sem eru innan við 44 cm að hæð,

2.3.3. svæði F III: millisvæði, sem ekki má vera meira en 5 cm breitt, er liggur á milli svæðis F I og F II.

2.4. **Prófunaraðferð**

Aðferðin sem lýst er í 1. lið í III. viðauka C er notuð.

2.5. **Höggpunktar (sjá III. viðauka N, mynd 2)**

2.5.1. Höggpunktar eru valdir sem hér segir:

punktur 1: í miðjunni á svæði F II á stað með mikilli eða lítilli spennu,

punktur 2: á svæði F III eins nærri lóðrétta samhverfuplaninu á svæði F II og unnt er,

punktur 3 og 3′: 3 cm frá brúnunum á miðlínu sýnisins, ef tangarmerki eru fyrir hendi skal annar brotpunkturinn vera nærri endanum með tangarmerkinu og hinn nærri gagnstæða endanum,

punktur 4: við þann stað þar sem krappageislinn er minnstur á lengstu miðlínunni,

punktur 5: 3 cm frá brún sýnisins við þann stað þar sem krappageisli brúnarinnar er minnstur annaðhvort hægra eða vinstra megin.

2.5.2. Brotprófun er gerð við punkta 1, 2, 3, 3′, 4 og 5.

2.6. **Túlkun niðurstaðna**

2.6.1. Niðurstaða prófunar telst jákvæð ef brotið fullnægir öllum skilyrðum í liðum 2.6.1.1, 2.6.1.2 og 2.6.1.3 hér á eftir.

2.6.1.1. Svæði F I

2.6.1.1.1. Fjöldi brota á 5 x 5 cm ferningi er ekki undir 40 og ekki yfir 350; þó er leyfilegt að heildarfjöldi sé undir 40 ef fjöldi brota í 10 x 10 cm ferningi sem inniheldur 5 x 5 ferning er ekki undir 160.

2.6.1.1.2. Að því er varðar framangreinda reglu telst brot sem er á hlið fernings sem hálft brot.

2.6.1.1.3. Brot sem eru á 2 cm breiðri rönd kringum brún sýnanna, þar sem þessi rönd er rammi glersins, eru ekki könnuð né heldur brot innan 7,5 cm radíuss frá höggpunktinum.

2.6.1.1.4. Mest þrjú brot með 3 cm^2 yfirborði eru leyfð. Þau mega ekki vera fleiri en tvö í hring sem er 10 cm að þvermáli.

2.6.1.1.5. Brot mega vera ílöng svo framarlega sem endar þeirra eru ekki hárbeittir og þau eru ekki meira en 7,5 cm löng nema í því tilviki sem um getur í lið 2.6.2.2 hér á eftir. Ef þessi ílöngu brot ná að brún glersins má horn þeirra ekki vera meira en 45° miðað við hana.

2.6.1.2. Svæði F II

2.6.1.2.1. Útsýn eftir brot er kannað á rétthyrnda svæðinu sem er skilgreint í lið 2.3.2. Á því svæði skal heildaryfirborð 2 cm^2 brots vera minnst 15% af yfirborði rétthyrningsins; ef um er að ræða framrúður sem eru undir 44 cm að hæð eða ef uppsetningarhorn þeirra er minna en 15° miðað við lóðrétta línu, skal útsýnisprósentan þó vera minnst 10% af yfirborði samsvarandi rétthyrnings.

2.6.1.2.2. Ekkert brot má vera stærra en 16 cm^2 nema í því tilviki sem kveðið er á um í lið 2.6.2.2.

2.6.1.2.3. Innan 10 cm radíuss frá höggpunkti, en aðeins á þeim hluta hringsins sem er á svæði F II, eru þrjú brot yfir 16 cm^2 en innan við 25 cm^2 leyfð.

2.6.1.2.4. Brot skulu vera nokkuð regluleg að lögun og án odda af þeirri gerð sem lýst er í lið 2.6.1.2.4.1. Þó eru ekki fleiri en 10 regluleg brot leyfð á 50 x 20 cm rétthyrningi og ekki fleiri en 25 á öllu yfirborði framrúðunnar.

Ekkert brot má vera með oddi sem er meira en 35 mm langur mældur í samræmi við lið 2.6.1.2.4.1

2.6.1.2.4.1. Brot telst óreglulegt ef ekki er unnt að koma því fyrir innan í hring sem er 40 mm að þvermáli, ef á því er a.m.k. einn oddur sem er meira en 15 mm langur, þegar hann er mældur frá toppi að þeim hluta sem er jafnþykkur glerinu og ef það er með meira en einum oddi með topphorni undir 40°.

2.6.1.2.5. Ílöng brot eru leyfð á svæði F II, að því tilskildu að þau séu ekki meira en 10 cm löng, nema í því tilviki sem kveðið er á um í lið 2.6.2.2.

2.6.1.3. Svæði F III

Brot á þessu svæði skal hafa eiginleika sem eru mitt á milli þeirra sem heimilaðir eru á þeim tveimur svæðum sem liggja að því.

2.6.2. Framrúða sem lögð er fram til gerðarviðurkenningar íhlutar telst fullnægja kröfum að því er brot varðar að uppfylltu a.m.k. einu eftirtalinna skilyrða:

2.6.2.1. niðurstöður allra prófananna sem hafa verið framkvæmdar með því að nota höggpunktana sem skilgreindir eru í lið 2.5.1 eru jákvæðar,

2.6.2.2. niðurstaða einnar prófunar af þeim sem hafa verið framkvæmdar með því að nota höggpunktana sem mælt er fyrir um í lið 2.5.1 er ófullnægjandi, að teknu tilliti til frávika sem ekki fara yfir eftirfarandi mörk:

svæði F I: ekki fleiri en fimm brot á bilinu 7,5 til 15 cm að lengd,

svæði F II: ekki fleiri en þrjú brot á bilinu 16 til 20 cm^2 á svæði utan hrings með 10 cm radíus og miðju í höggpunktinum

svæði F III: ekki fleiri en fjögur brot á bilinu 10 til 17,5 cm að lengd,

og er endurtekin á nýju sýni sem annaðhvort er í samræmi við kröfurnar í lið 2.6.1 eða þegar fram koma frávik innan framangreindra tilgreindra marka.

2.6.2.3. þegar niðurstöður tveggja prófana af þeim sem hafa verið framkvæmdar með því að nota höggpunktana sem mælt er fyrir um í lið 2.5.1 eru ófullnægjandi að því er varðar frávik sem ekki fara yfir tilgreindu mörkin í lið 2.6.2.2. og frekari röð prófana sem hafa verið framkvæmdar á nýrri röð prófunarhluta er í samræmi við lið 2.6.1 eða ekki fleiri en tvö sýni í nýrri röð sýna frávik innan framangreindra tilgreindra marka í lið 2.6.2.2.

2.6.3. Ef komist er að raun um framangreind frávik skal greina frá því í prófunarskýrslunni og myndir af viðeigandi hlutum framrúðunnar látnar fylgja skýrslunni.

3. PRÓFUN MEÐ LÍKANI AF HÖFÐI

3.1. **Torveldistuðlar fylgieiginleika**

Engir fylgieiginleikar eru teknir með.

3.2. **Fjöldi sýna:**

3.2.1. Fyrir hvern hóp af framrúðum úr hertu gleri eru prófuð fjögur sýni með nálægt því minnsta mótaða flötinn og fjögur sýni með nálægt því stærsta mótaða flötinn prófuð og skulu öll átta sýnin vera af sömu gerð og þau sem voru valin fyrir brotprófanirnar.

3.2.2. Í stað þessarar prófunar er rannsóknarstofunni sem framkvæmir prófanirnar heimilt að prófa sex prófunarhluta (1100 mm x 500 mm) fyrir hvern þykktarflokk framrúðna.

3.3. **Prófunaraðferð**

3.3.1. Aðferðin sem lýst er í 3. lið í III. viðauka C er notuð.

3.3.2. Fallhæðin er 1,50 m + 0/– 5 mm.

3.4. **Túlkun niðurstaðna**

3.4.1. Niðurstaða prófunarinnar telst jákvæð ef framrúðan eða prófunarhlutinn springur.

3.4.2. Röð sýna sem lögð eru fram til gerðarviðurkenningar íhlutar telst fullnægja kröfum að því er varðar prófun með líkani af höfði að uppfylltu öðru eftirtalinna skilyrða:

3.4.2.1. niðurstöður allra prófananna eru jákvæðar,

3.4.2.2. niðurstaða einnar prófunar er ófullnægjandi en niðurstöður frekari prófana sem hafa verið framkvæmdar á nýrri röð sýna eru fullnægjandi.

4. LJÓSFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Kröfurnar um ljósfræðilega eiginleika sem eru settar fram í 9. lið III. viðauka C gilda um allar framrúðugerðir.

_____

III. VIÐAUKI E

Rúður úr einsleitu hertu gleri aðrar en framrúður ([19])

1. SKILGREINING Á GERÐ

Rúður úr einsleitu hertu gleri teljast til mismunandi gerða ef þær eru ólíkar að því er varðar a.m.k. einn eftirfarandi grundvallar- eða fylgieiginleika.

1.1. **Grundvallareiginleikar eru:**

1.1.1. viðskiptaheiti eða vörumerki,

1.1.2. tegund herslu (hiti eða efni),

1.1.3. flokkur lögunar; greint er í tvo flokka:

1.1.3.1. flata rúðufleti,

1.1.3.2. flatar rúður og bogarúður,

1.1.4. þykktarflokkur sem fundinn er á grundvelli nafnþykktar „e“ (leyfileg framleiðsluvikmörk eru ± 0,2 mm):

— flokkur I:		$e \leq 3{,}5$ mm
— II. flokkur:	3,5 mm <	$e \leq 4{,}5$ mm
— III. flokkur:	4,5 mm <	$e \leq 6{,}5$ mm
— IV. flokkur:	6,5 mm <	e

1.2. **Fylgieiginleikar eru:**

1.2.1. eðli efnisins (spegilgler, flotgler, rúðugler):

1.2.2. litur glersins (ólitað eða litað),

1.2.3. innlögð hitöld eða ekki.

2. BROTPRÓFUN

2.1. **Torveldistuðlar fylgieiginleika**

Efni	Torveldistuðull
Spegilgler	2
Flotgler	1
Rúðugler	1

Aðrir fylgieiginleikar eru ekki teknir með.

2.2. Val sýna

2.2.1. Sýni úr hverjum flokki lögunar og hverjum þykktarflokki sem erfitt er að framleiða eru valin til prófunar samkvæmt eftirfarandi viðmiðunum:

2.2.1.1. þegar um er að ræða flata rúðufleti eru tvær raðir sýna teknar sem svara til:

2.2.1.1.1. stærsta mótaða flatarins,

([19]) Einnig má nota þessa gerð af einsleitu hertu gleri í framrúður dráttarvéla

2.2.1.1.2. minnsta horns milli tveggja aðliggjandi hliða,

2.2.1.2. Þegar um er að ræða flatar rúður og bogarúður eru þrjár raðir sýna notaðar sem svara til:

2.2.1.2.1. stærsta mótaða flatarins,

2.2.1.2.2. minnsta horns milli tveggja aðliggjandi hliða,

2.2.1.2.3. mestu bogahæðar.

2.2.2. Prófanir framkvæmdar á sýnum sem svara til stærsta flatarins, S, teljast gilda um alla aðra fleti sem eru minni en S + 5%.

2.2.3. Ef horn, γ, sýnanna sem eru lögð fram til prófunar er minna en 30° teljast prófanirnar gilda um alla framleidda rúðufleti með stærra horni en γ – 5°.

Ef horn, γ, sýnanna sem eru lögð fram til prófunar er jafnt eða stærra en 30° teljast prófanirnar gilda um alla framleidda rúðufleti með horni sem er stærra en eða jafnt og 30°.

2.2.4. Ef bogahæð, h, sýnanna sem eru lögð fram til prófunar er meiri en 100 mm, teljast prófanirnar gilda um alla framleidda rúðufleti með bogahæð undir h + 30 mm.

Ef bogahæð sýnanna sem eru lögð fram til prófunar er 100 mm eða minni, teljast prófanirnar gilda um alla rúðufleti með bogahæð 100 mm eða minni.

2.3. **Fjöldi sýna á hverja röð**

Fjöldi sýna í hverjum hópi skal vera sem hér segir í samræmi við flokk lögunar sem er skilgreindur í lið 1.1.3 hér að framan:

Tegund rúðuflatar	Fjöldi sýna:
Flatur (tvær raðir)	4
Flatur og beygður (þrjár raðir)	5

2.4. **Prófunaraðferð**

2.4.1. Aðferðin sem lýst er í 1. lið í III. viðauka C er notuð.

2.5. **Höggpunktar (sjá III. viðauka N, mynd 3)**

2.5.1. Að því er varðar flatar rúður og bogarúður eru höggpunktarnir í III. viðauka N, mynd 3a og 3b annars vegar og í III viðauka N, mynd 3c hins vegar, sem hér segir:

punktur 1: 3 cm frá brúnum rúðuflatarins á þeim hluta þar sem krappageisli brúnarinnar er minnstur,

punktur 2: 3 cm frá brún einnar miðlínunnar, hlið (ef einhver er) rúðuflatarins með tangarmerki skal valin,

punktur 3: 3 cm í flatarmiðju rúðunnar,

punktur 4: aðeins fyrir bogarúður; þessi punktur er valinn á stærstu miðlínu í þeim hluta flatarins þar sem krappageislinn er minnstur.

2.5.2. Aðeins ein prófun er framkvæmd við hvern tilgreindan höggpunkt.

2.6. **Túlkun niðurstaðna**

2.6.1. Niðurstaða prófunar telst jákvæð ef brotið uppfyllir eftirtalin skilyrði:

2.6.1.1. fjöldi brota í hverjum 5 x 5 cm^2 ferningi er ekki undir 40 og ekki yfir 400 eða, þegar um er að ræða rúður sem eru ekki meira en 3,5 mm þykkar, 450.

2.6.1.2. Að því er varðar framangreinda reglu telst brot sem er á hlið fernings sem hálft brot.

2.6.1.3. Brot sem eru á 2 cm breiðri rönd kringum brún sýnanna, þar sem þessi rönd er rammi glersins, eru ekki könnuð né heldur brot innan 7,5 cm radíuss frá höggpunktinum.

2.6.1.4. Brot sem eru stærri en 3 cm^2 eru ekki leyfð, nema á þeim hlutum sem eru skilgreindir í lið 2.6.1.3.

2.6.1.5. Nokkur brot mega vera ílöng svo framarlega sem:

– endar þeirra eru ekki hárbeittir,

– þau mynda ekki meira en 45° horn við brún rúðuflatarins ef þau ná þangað,

og, fyrir utan þau tilvik sem kveðið er á um í lið 2.6.2.2. hér á eftir, þau séu ekki meira en 7,5 cm löng.

2.6.2. Röð sýna sem lögð er fram til gerðarviðurkenningar íhlutar telst fullnægja kröfum að því er brot varðar að uppfylltu a.m.k. einu eftirtalinna skilyrða:

2.6.2.1. niðurstöður allra prófananna sem framkvæmdar eru þegar höggpunktarnir sem mælt eru fyrir um í lið 2.5.1 reynast jákvæðar,

2.6.2.2. niðurstaða einnar prófunar af þeim sem hafa verið framkvæmdar með því að nota höggpunktana sem mælt er fyrir um í lið 2.5.1 er ófullnægjandi, að teknu tilliti til frávika sem ekki fara yfir eftirfarandi mörk:

– ekki fleiri en fimm brot af lengd á bilinu 6 til 7,5 cm,

– ekki fleiri en fimm brot af lengd á bilinu 7,5 til 10 cm,

og er endurtekin á nýju sýni sem annaðhvort er í samræmi við kröfurnar í lið 2.6.1 eða þegar fram koma frávik innan framangreindra tilgreindra marka.

2.6.2.3. Þegar niðurstöður tveggja prófana af þeim sem hafa verið framkvæmdar með því að nota höggpunktana sem mælt er fyrir um í lið 2.5.1 eru ófullnægjandi að því er varðar frávik sem ekki fara yfir tilgreindu mörkin í lið 2.6.2.2. og frekari röð prófana sem hafa verið framkvæmdar á nýrri röð prófunarhluta er í samræmi við forskriftirnar í lið 2.6.1, eða ekki meira en tvö sýni í nýrri röð sýna frávik innan framangreindra tilgreindra marka í lið 2.6.2.2.

2.6.3. Ef komist er að raun um framangreind frávik skal greina frá því í prófunarskýrslunni og myndir af viðeigandi hlutum rúðunnar látnar fylgja skýrslunni.

3. PRÓFUN Á VÉLRÆNUM STYRK

3.1. **Prófun með 227 g kúlu**

3.1.1. Torveldistuðlar fylgieiginleika

Efni	Torveldistuðull	Litun	Torveldistuðull
Spegilgler	2	litlaust	1
Flotgler	1	litað	2
Rúðugler	1		

Aðrir fylgieiginleikar (innlögð hitöld fyrir hendi eða ekki) eru ekki teknir með.

3.1.2. Fjöldi prófunarhluta

Sex prófunarhlutar eru lagðir fram til prófunar fyrir hvern þykktarflokk sem er skilgreindur í lið 1.1.4 hér að framan.

3.1.3. Prófunaraðferð

3.1.3.1. Prófunaraðferðin sem lýst er í lið 2.1 í III. viðauka C er notuð.

3.1.3.2. Fallhæðin (frá undirfleti kúlunnar til yfirborðs prófunarhlutans) er tilgreind í eftirfarandi töflu miðað við þykkt glerflatarins:

Nafnþykkt rúðuflatarins (e)	Fallhæð
e ≤ 3,5 mm	2,0 m + 5 / – 0 mm
3,5 mm < e	2,5 m + 5 / – 0 mm

3.1.4. Túlkun niðurstaðna

3.1.4.1. Niðurstaða prófunarinnar telst jákvæð ef prófunarhlutinn brotnar ekki.

3.1.4.2. Röð prófunarhluta sem lögð er fram til gerðarviðurkenningar íhlutar telst fullnægja kröfum að því er varðar vélrænan styrk að uppfylltu a.m.k. einu eftirtalinna skilyrða:

3.1.4.2.1. niðurstaða í mesta lagi einnar prófunar er ófullnægjandi,

3.1.4.2.2. niðurstöður tveggja prófana eru ófullnægjandi en frekari röð prófana á nýjum rúðum með sex sýnum gefur fullnægjandi niðurstöður.

4. LJÓSFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

4.1. **Ljósflæðistuðull**

Kröfurnar varðandi reglulegan ljósflæðistuðul í lið 9.1 í III viðauka C gilda um einsleita herta glerfleti eða hluta rúðuflata sem eru á þeim stöðum sem skipta meginmáli að því er varðar útsýn fyrir ökumann.

_____

III. VIÐAUKI F

Venjulegar framrúður úr lagskiptu gleri

1. SKILGREINING Á GERÐ

Venjulegar lagskiptar framrúður teljast til mismunandi gerða ef þær eru ólíkar að því er varðar a.m.k. einn eftirfarandi grundvallar- eða fylgieiginleika.

1.1. **Grundvallareiginleikar eru:**

1.1.1. viðskiptaheiti eða vörumerki,

1.1.2. lögun og mál.

Venjulegar framrúður úr lagskiptu gleri teljast tilheyra einum hópi að því er varðar prófanir á vélrænum eiginleikum og þoli gegn umhverfisáhrifum,

1.1.3. fjöldi glerlaga,

1.1.4. nafnþykkt „e“ framrúðunnar, framleiðsluvikmörk 0,2 n mm (þar sem n er fjöldi glerlaga í framrúðunni) ofan eða neðan við leyfilegt nafngildi,

1.1.5. nafnþykkt millilags eða millilaga

1.1.6. eðli og gerð millilags eða millilaga (t.d. PVB eða annað plastmillilag eða -lög).

1.2. **Fylgieiginleikar eru:**

1.2.1. eðli efnisins (spegilgler, flotgler, rúðugler),

1.2.2. litur (í heild eða hluta) millilagsins eða millilaganna (ólitað eða litað),

1.2.3. litur glersins (ólitað eða litað),

1.2.4. innlögð hitöld eða ekki,

1.2.5. sólskyggnur fyrir hendi eða ekki,

2. ALMENNT

2.1. Þegar um er að ræða venjulegar framrúður úr lagskiptu gleri eru prófanir, aðrar en prófanir með líkani af höfði (liður 3.2) og prófanir á ljósfræðilegum eiginleikum, framkvæmdar á flötum prófunarhlutum sem eru annað hvort skornir úr raunverulegum framrúðum eða eru sérstaklega gerðir í þessu skyni. Í báðum tilvikum skulu prófunarhlutarnir að öllu leyti vera dæmigerðir fyrir framleiddu framrúðuna sem sótt er um gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir.

2.2. Fyrir hverja prófun skal geyma prófunarhlutana í minnst fjórar klukkustundir við 23 ± 2 °C. Prófanirnar skulu framkvæmdar eins fljótt og auðið er eftir að prófunarhlutarnir hafa verið teknir úr ílátinu sem þeir voru geymdir í.

3. PRÓFUN MEÐ LÍKANI AF HÖFÐI

3.1. **Torveldistuðlar fylgieiginleika**

Engir fylgieiginleikar eru teknir með.

3.2. **Prófun með líkani af höfði á heilli framrúðu**

3.2.1. Fjöldi sýna:

Fjögur sýni af röð framrúðna úr fleti sem er minnst mótaður og fjögur sýni af röð framrúðna sem eru með stærsta mótaðan flöt eru valin í samræmi við ákvæði III. viðauka M og prófuð.

3.2.2. Prófunaraðferð

3.2.2.1. Aðferðin sem lýst er í lið 3.3.2. í III. viðauka C er notuð.

3.2.2.2. Fallhæðin er 1,5 m + 0/– 5 mm.

3.2.3. Túlkun niðurstaðna

3.2.3.1. Niðurstaða þessarar prófunar telst fullnægjandi ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

3.2.3.1.1. sýnið brotnar þannig að margar hringlaga sprungur myndast með miðju í höggpunktinum og sprungurnar næst höggpunktinum eru ekki meira en 80 mm frá honum,

3.2.3.1.2. glerlögin skulu loða áfram við plastmillilagið. Einn eða fleiri hlutar mega flagna að hluta til frá á svæði sem er innan við 4 mm á breidd á hvora hlið sprungunnar, utan við hring sem er 60 mm að þvermáli með miðju í höggpunktinum.

3.2.3.1.3. Á högghliðinni:

3.2.3.1.3.1. má millilagið ekki afhjúpast á meira en 20 cm^2 svæði,

3.2.3.1.3.2. er 35 mm löng rifa í millilaginu leyfð.

3.2.3.2. Röð sýna sem lögð er fram til viðurkenningar telst fullnægja kröfum hvað varðar prófun með líkani af höfði að uppfylltu a.m.k. öðru eftirfarandi skilyrða:

3.2.3.2.1. niðurstöður allra prófananna eru fullnægjandi, eða

3.2.3.2.2. niðurstaða einnar prófunar er ófullnægjandi, en niðurstöður frekari prófana sem hafa verið framkvæmdar á nýrri röð sýna eru fullnægjandi.

3.3. **Prófun með líkani af höfði á flötum prófunarhluta**

3.3.1. Fjöldi prófunarhluta

Sex flatir prófunarhlutar með málunum (1100 mm × 500 mm) + 5/– 2 mm eru prófaðir.

3.3.2. Prófunaraðferð

3.3.2.1. Aðferðin sem lýst er í lið 3.3.1. í III. viðauka C er notuð.

3.3.2.2. Fallhæðin er 4 m + 25/– 0 mm.

3.3.3. Túlkun niðurstaðna

3.3.3.1. Niðurstaða þessarar prófunar telst fullnægjandi ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

3.3.3.1.1. prófunarhlutinn gefur eftir og brotnar þannig að fjölmargar hringlaga sprungur koma í ljós með miðju í höggpunktinum,

3.3.3.1.2. millilagið má rifna svo fremi að höfuð brúðunnar fari ekki í gegnum prófunarhlutann,

3.3.3.1.3. engin stór glerbrot mega losna frá millilaginu,

3.3.3.2. röð prófunarhluta sem lögð er fram til viðurkenningar telst fullnægja kröfum hvað varðar prófun með líkani af höfði að uppfylltu a.m.k. öðru eftirfarandi skilyrða:

3.3.3.2.1. niðurstöður allra prófananna eru fullnægjandi, eða

3.3.3.2.2. niðurstaða einnar prófunar er ófullnægjandi en niðurstöður frekari prófana sem hafa verið framkvæmdar á nýrri röð prófunarhluta eru fullnægjandi.

4. PRÓFUN Á VÉLRÆNUM STYRK

4.1. **Torveldistuðlar fylgieiginleika**

Engir fylgieiginleikar eru teknir með.

4.2. **Prófun með 2 260 g kúlu**

4.2.1. Fjöldi prófunarhluta

Sex ferningslaga prófunarhlutar með 300 mm + 10/– 0 mm hliðum eru prófaðir.

4.2.2. Prófunaraðferð

4.2.2.1. Aðferðin sem lýst er í lið 2.2 í III. viðauka C er notuð.

4.2.2.2. Fallhæðin (frá undirfleti kúlunnar að yfirborði prófunarhlutans) er 4 m + 25/– 0 mm.

4.2.3. Túlkun niðurstaðna

4.2.3.1. Niðurstaða prófunarinnar telst fullnægjandi ef kúlan fer ekki í gegnum glerið innan fimm sekúndna frá högginu.

4.2.3.2. Röð prófunarhluta sem lögð er fram til gerðarviðurkenningar íhlutar, telst fullnægja kröfum hvað varðar prófun með 2260 g kúlu að uppfylltu a.m.k. öðru eftirfarandi skilyrða:

4.2.3.2.1. niðurstöður allra prófananna eru fullnægjandi, eða

4.2.3.2.2. niðurstaða einnar prófunar er ófullnægjandi en niðurstöður frekari prófana sem eru framkvæmdar á nýrri röð prófunarhluta eru fullnægjandi.

4.3. **Prófun með 227 g kúlu**

4.3.1. Torveldistuðlar fylgieiginleika

Engir fylgieiginleikar eru teknir með.

4.3.2. Fjöldi prófunarhluta

20 ferningslaga prófunarhlutar með 300 mm + 10/– 0 mm hliðum eru prófaðir.

4.3.3. Prófunaraðferð

4.3.3.1. Aðferðin sem lýst er í lið 2.1 í III. viðauka C er notuð. 10 sýnishorn eru prófuð við hitastigið +40 ± 2 °C og 10 við -20 ± 2 °C.

4.3.3.2. Fallhæðin fyrir ólíka þykktarflokka og massa brota sem losna frá er gefin upp í töflunni hér á eftir:

Þykkt prófunarhlutans	+40 °C		-20 °C	
	Fallhæð	Leyfilegur hámarksmassi brotanna	Fallhæð	Leyfilegur hámarksmassi brotanna
mm	m (*)	g	m (*)	g
$e \leq 4,5$	9	12	8.5	12
$4,5 < e \leq 5,5$	10	15	9	15
$5,5 < e \leq 6,5$	11	20	9.5	20
$e \leq 6,5$	12	25	10	25

(*) Leyfileg vikmörk fyrir fallhæð eru + 25/– 0 mm.

4.3.4. Túlkun niðurstaðna

4.3.4.1. Niðurstaða prófunarinnar telst fullnægjandi ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

– kúlan fer ekki í gegnum prófunarhlutann,

– prófunarhlutinn mölbrotnar ekki,

– ef millilagið rifnar ekki, skal þyngd brotanna sem losna frá hliðum glersins gegnt höggpunktinum ekki fara yfir tiltekin gildi sem skilgreind eru í lið 4.3.3.2

4.3.4.2. Röð prófunarhluta sem lögð er fram til gerðarviðurkenningar íhlutar, telst fullnægja kröfum hvað varðar prófun með 227 g kúlu að uppfylltu a.m.k. öðru eftirfarandi skilyrða:

4.3.4.2.1. ekki færri en átta prófanir við hvert prófunarhitastig eru fullnægjandi, eða

4.3.4.2.2. fleiri en tvær prófanir við hvert prófunarhitastig eru ófullnægjandi en niðurstöður frekari prófana sem eru framkvæmdar á nýrri röð prófunarhluta eru fullnægjandi.

5. PRÓFUN Á ÞOLI GEGN UMHVERFISÁHRIFUM

5.1. **Slitþolsprófun**

5.1.1. Torveldistuðlar og prófunaraðferð

Kröfurnar í 4. lið III. viðauka C gilda, prófunin er framkvæmd með 1000 snúningum.

5.1.2. Túlkun niðurstaðna

Öryggisrúðan telst fullnægja kröfum hvað varðar slitþol ef ljósdreifingin sem kemur fram vegna slits prófunarhlutans er ekki meiri en 2%.

5.2. **Prófun á þoli gegn háum hita**

Kröfurnar í 5. lið III. viðauka C gilda.

5.3. **Geislaþolsprófun**

5.3.1. Almennar kröfur

Þessi prófun er aðeins framkvæmd ef rannsóknarstofan telur hana nauðsynlega í ljósi þeirra upplýsinga sem hún hefur yfir að ráða um millilagið.

5.3.2. Kröfurnar í 6. lið III. viðauka C gilda.

5.4. **Rakaþolsprófun**

Kröfurnar í 7. lið III. viðauka C gilda.

6. LJÓSFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Kröfurnar um ljósfræðilega eiginleika sem eru settar fram í 9. lið III. viðauka C gilda um allar framrúðugerðir.

III. VIÐAUKI G

Rúður úr lagskiptu gleri aðrar en framrúður ([20])

1. SKILGREINING Á GERÐ

Rúður úr lagskiptu gleri, aðrar en framrúður, teljast til mismunandi gerða ef þær eru ólíkar að því er varðar a.m.k. einn eftirfarandi grundvallar- eða fylgieiginleika.

1.1. **Grundvallareiginleikar eru:**

1.1.1. viðskiptaheiti eða vörumerki,

1.1.2. þykktarflokkur flatarins sem nafnþykktin „e“ fellur undir og leyfir ±0,2n mm framleiðsluvikmörk (n er fjöldi glerlaga í fletinum):

— flokkur I:		e ≤ 5,5 mm,
— II. flokkur:	5,5 mm <	e ≤ 6,5 mm,
— III. flokkur:	6,5 mm <	e

1.1.3. nafnþykkt millilags eða millilaga

1.1.4. eðli og gerð millilags eða millilaga t.d. PVB eða annað plastmillilag eða -lög.

1.1.5. sérmeðhöndlun sem eitt glerlaganna hefur fengið.

1.2. **Fylgieiginleikar eru:**

1.2.1. eðli efnisins (spegilgler, flotgler, rúðugler),

1.2.2. litur (í heild eða hluta) millilagsins eða millilaganna (ólitað eða litað),

1.2.3. litur glersins (ólitað eða litað).

2. ALMENNT

2.1. Þegar um er að ræða lagskiptar rúður aðrar en framrúður eru prófanir framkvæmdar á flötum prófunarhlutum sem eru annað hvort skornir úr raunverulegri framrúðu eða sérstaklega gerðir í þessu skyni. Í báðum tilvikum skulu prófunarhlutarnir að öllu leyti vera dæmigerðir fyrir framleiðsluna sem sótt er um gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir.

2.2. Fyrir hverja prófun skal geyma prófunarhluta lagskipta glersins í minnst fjórar klukkustundir við 23 ± 2 °C. Prófanirnar skulu framkvæmdar eins fljótt og auðið er eftir að prófunarhlutarnir eru teknir úr ílátinu sem þeir voru geymdir í.

2.3. Ákvæðum í þessum viðauka telst fullnægt ef rúðan sem lögð er fram til gerðarviðurkenningar íhlutar hefur sömu samsetningu og framrúða sem þegar hefur hlotið viðurkenningu samkvæmt ákvæðum viðauka III F, III H eða III I.

3. PRÓFUN MEÐ LÍKANI AF HÖFÐI

3.1. **Torveldistuðlar fylgieiginleika**

Engir fylgieiginleikar eru teknir með.

3.2. **Fjöldi prófunarhluta**

Sex flatir prófunarhlutar með málunum 1100 × 500 mm (+ 25/– 0 mm) eru prófaðir.

([20]) Einnig má nota þessa gerð af lagskiptu gleri fyrir framrúður í dráttarvélar.

3.3. **Prófunaraðferð**

3.3.1. Aðferðin sem lýst er í lið 3 í III. viðauka C er notuð.

3.3.2. Fallhæðin er 1,50 m + 0/– 5 mm. Hún er aukin upp í 4 m + 25/– 0 mm fyrir rúður sem eru notaðar sem framrúður í dráttarvélar.

3.4. **Túlkun niðurstaðna**

3.4.1. Niðurstaða þessarar prófunar telst fullnægjandi ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

3.4.1.1. prófunarhlutinn gefur eftir og brotnar þannig að fjölmargar hringlaga sprungur koma í ljós með miðju í höggpunktinum,

3.4.1.2. millilagið má rifna svo fremi að höfuð mannslíkansins fari ekki í gegnum prófunarhlutann,

3.4.1.3. engin stór glerbrot mega losna frá millilaginu.

3.4.2. Röð prófunarhluta sem lögð er fram til gerðarviðurkenningar íhlutar, telst fullnægja kröfum hvað varðar prófun með líkani af höfði að uppfylltu öðru eftirfarandi skilyrða:

3.4.2.1. niðurstöður allra prófananna eru fullnægjandi, eða

3.4.2.2. niðurstaða einnar prófunar er ófullnægjandi en niðurstöður frekari prófana sem hafa verið framkvæmdar á nýrri röð prófunarhluta eru fullnægjandi.

4. PRÓFUN Á VÉLRÆNUM STYRK — HÖGGPRÓFUN MEÐ 227 G KÚLU

4.1. **Torveldistuðlar fylgieiginleika**

Engir fylgieiginleikar eru teknir með.

4.2. **Fjöldi prófunarhluta**

Fjórir flatir ferningslaga prófunarhlutar 300 mm á hlið (+ 10/– 0 mm) skulu prófaðir.

4.3. **Prófunaraðferð**

4.3.1. Aðferðin sem lýst er í lið 2.1 í III. viðauka C er notuð.

4.3.2. Fallhæðin (frá undirfleti kúlunnar að yfirborði prófunarhlutans) er gefin upp í eftirfarandi töflu miðað við nafnþykkt.

Nafnþykkt	Fallhæð	
$e \leq 5{,}5$ mm	5 m	+25 mm/–0 mm
$5{,}5 \text{ mm} < e \leq 6{,}5$ mm	6 m	
$6{,}5 \text{ mm} < e$	7 m	

4.4. **Túlkun niðurstaðna**

4.4.1. Niðurstaða þessarar prófunar telst fullnægjandi ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

– kúlan fer ekki í gegnum prófunarhlutann,

– prófunarhlutinn mölbrotnar ekki,

– heildarþyngd nokkurra brota sem kunna að koma fram á gagnstæðri hlið við höggpunktinn er ekki meiri en 15 g.

4.4.2. Röð prófunarhluta sem lögð er fram til gerðarviðurkenningar íhlutar, telst fullnægja kröfum hvað varðar prófun á vélrænum styrk að uppfylltu öðru eftirfarandi skilyrða:

4.4.2.1. niðurstaða allra prófananna er fullnægjandi, eða

4.4.2.2. niðurstaða ekki fleiri en tveggja prófana er ófullnægjandi en niðurstöður frekari prófana sem eru framkvæmdar á nýrri röð prófunarhluta eru fullnægjandi.

5. PRÓFUN Á ÞOLI GEGN UMHVERFISÁHRIFUM

5.1. **Slitþolsprófun**

5.1.1. Torveldistuðlar og prófunaraðferð

Kröfurnar í 4. lið III. viðauka C gilda, prófunin er framkvæmd með 1000 snúningum.

5.1.2. Túlkun niðurstaðna

Öryggisrúðan telst fullnægja kröfum hvað varðar slitþol ef ljósdreifingin sem kemur fram vegna slits prófunarhlutans er ekki meiri en 2%.

5.2. **Prófun á þoli gegn háum hita**

Kröfurnar í 5. lið III. viðauka C gilda.

5.3. **Geislaþolsprófun**

5.3.1. Almennar kröfur

Þessi prófun er aðeins framkvæmd ef rannsóknarstofan telur hana nauðsynlega í ljósi þeirra upplýsinga sem hún hefur yfir að ráða um millilagið.

5.3.2. Kröfurnar í 6. lið III. viðauka C gilda.

5.4. **Rakaþolsprófun**

5.4.1. Kröfurnar í 7. lið III. viðauka C gilda.

6. LJÓSFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

6.1. **Ljósflæðistuðull**

Ákvæðin varðandi reglulegan ljósflæðistuðul í lið 9.1 í III. viðauka C, gilda um glerfleti aðra en framrúður eða alla rúðufleti sem eru á þeim stöðum sem skipta meginmáli að því er varðar útsýn fyrir ökumann.

_____

III. VIÐAUKI H

Unnar, lagskiptar framrúður

1. SKILGREINING Á GERÐ

Unnar, lagskiptar framrúður teljast til mismunandi gerða ef þær eru ólíkar að því er varðar a.m.k. einn eftirfarandi grundvallar- eða fylgieiginleika.

1.1. **Grundvallareiginleikar eru:**

1.1.1. viðskiptaheiti eða vörumerki,

1.1.2. lögun og mál.

Unnar, lagskiptar framrúður teljast tilheyra einum hópi að því er varðar brot, vélræna eiginleika og prófanir á þoli gegn umhverfisáhrifum,

1.1.3. fjöldi glerlaga,

1.1.4. nafnþykkt „e“ framrúðunnar, þar sem framleiðsluvikmörk eru 0,2 n mm (n er fjöldi glerlaga í framrúðunni) ofan og neðan við leyfilegt nafngildi,

1.1.5. sérmeðhöndlun sem eitt eða fleiri glerlög hafa fengið.

1.1.6. nafnþykkt millilags eða millilaga

1.1.7. eðli og gerð millilags eða millilaga (t.d. PVB eða annað plastmillilag eða -lög).

1.2. **Fylgieiginleikar eru:**

1.2.1. eðli efnisins (spegilgler, flotgler, rúðugler),

1.2.2. litur (í heild eða hluta) millilagsins eða millilaganna (ólitað eða litað),

1.2.3. litur glersins (ólitað eða litað),

1.2.4. innlögð hitöld eða ekki,

1.2.5. sólskyggnur fyrir hendi eða ekki,

2. ALMENNT

2.1. Þegar um er að ræða unnar lagskiptar framrúður eru prófanir, aðrar en prófun með líkani af höfði framkvæmdar á heilli framrúðu og prófanir á ljósfræðilegum eiginleikum á sýnum eða flötum prófunarhlutum sem eru sérstaklega gerðir í þessu skyni. Þó skulu prófunarhlutarnir að öllu leyti vera dæmigerðir fyrir framleiddu framrúðuna sem sótt er um gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir.

2.2. Fyrir hverja prófun skal geyma prófunarhlutana eða sýnin í minnst fjórar klukkustundir við 23 ± 2 °C. Prófanirnar skulu framkvæmdar eins fljótt og auðið er eftir að prófunarhlutarnir hafa verið teknir úr ílátinu sem þeir voru geymdir í.

3. PRÓFANIR SEM MÆLT ER FYRIR UM

Á unnum lagskiptum framrúðum skal gera:

3.1. þær prófanir sem mælt er fyrir um í III. viðauka F fyrir venjulegar lagskiptar framrúður,

3.2. brotprófunina sem lýst er í 4. lið hér að neðan.

4. BROTPRÓFUN

4.1. **Torveldistuðlar fylgieiginleika**

Efni	Torveldistuðull
Spegilgler	2
Flotgler	1
Rúðugler	1

4.2. **Fjöldi prófunarhluta eða sýna**

Einn prófunarhluti með málunum 1100 x 500 mm (+ 5/– 2 mm) eða eitt sýni fyrir hvern höggpunkt er prófað.

4.3. **Prófunaraðferð**

Aðferðin sem lýst er í 1. lið í III. viðauka C er notuð.

4.4. **Höggpunktur eða -punktar**

Rúðuflöturinn er barinn á hvern unninn ytri flöt í miðju prófunarhlutans eða sýnisins.

4.5. **Túlkun niðurstaðna**

4.5.1. Fyrir hvern höggpunkt er talið að niðurstaða brotprófunarinnar sé fullnægjandi ef heildaryfirborð brotanna sem eru 2 cm^2 og þar fyrir innan í rétthyrningi, eins og skilgreint er í lið 2.3.2 í III. viðauka D, er ekki minna en 15% af yfirborði þess rétthyrnings.

4.5.1.1. Þegar um er að ræða sýni:

4.5.1.1.1. miðja rétthyrningsins er innan hrings sem er með 10 cm radíus og hefur miðju í endurvarpi viðmiðunarpunktsins eins og skilgreint er í lið 1.2 í I. viðauka við tilskipun 2008/2/EB.

4.5.1.1.2. Þegar um er að ræða dráttarvélar sem ekki hefur reynst unnt að ákvarða viðmiðunarpunktinn fyrir er skylt að tilgreina stöðu útsýnissvæðisins í prófunarskýrslunni.

4.5.1.1.3. Minnka má hæð rétthyrningsins í 15 cm þegar um er að ræða framrúður sem eru undir 44 cm að hæð og hafa innan við 15° uppsetningarhalla miðað við lóðrétta línu, útsýnisprósentan skal a.m.k. vera 10% af yfirborði samsvarandi rétthyrnings.

4.5.1.2. Þegar um er að ræða prófunarhluta, skal miðja rétthyrningsins vera staðsett á stærri ás prófunarhlutans, 450 mm frá einni brún hans.

4.5.2. Prófunarhluti eða prófunarhlutar eða sýni sem lögð eru fram til gerðarviðurkenningar íhlutar, teljast fullnægja kröfum að því er varðar brot að uppfylltu öðru eftirfarandi skilyrða:

4.5.2.1. niðurstaða fyrir hvern höggpunkt er fullnægjandi, eða

4.5.2.2. eftir að prófunin hefur verið endurtekin á nýrri röð fjögurra prófunarhluta fyrir fjóra höggpunkta sem áður höfðu gefið ófullnægjandi niðurstöðu, skulu niðurstöður hinna fjögurra nýju prófana sem eru gerðar á sömu höggpunktum vera fullnægjandi.

III. VIÐAUKI I

Öryggisrúður með plasthúð á innra borði

1. Efni í öryggisrúðu sem skilgreint er í III. viðauka D - H, skal, svo fremi hún sé klædd plastefni á innri hlið, vera í samræmi við eftirfarandi kröfur auk þeirra sem fjallað er um í viðkomandi viðaukum.

2. SLITÞOLSPRÓFUN

2.1. **Torveldistuðlar og prófunaraðferð**

Plastklæðningin skal prófuð með 100 snúninga prófun í samræmi við kröfurnar sem tilgreindar eru í 4. lið III. viðauka C.

2.2. **Túlkun niðurstaðna**

Plastklæðningin telst fullnægja kröfum hvað varðar slitþol ef ljósdreifingin sem kemur fram vegna slits prófunarhlutans er ekki meiri en 4%.

3. RAKAÞOLSPRÓFUN

3.1. Þegar um er að ræða herta plastklædda öryggisrúðu skal framkvæma rakaþolsprófun.

3.2. Kröfurnar í 7. lið III. viðauka C gilda.

4. PRÓFUN Á ÞOLI GEGN HITABREYTINGUM

Kröfurnar í 8. lið III. viðauka C gilda.

5. PRÓFUN Á BRUNAÞOLI

Kröfurnar í 10. lið III. viðauka C gilda.

6. PRÓFUN Á ÞOLI GEGN ÍÐEFNUM

Kröfurnar í 11. lið III. viðauka C gilda.

III. VIÐAUKI J

Framrúður úr lagskiptu gleri (gler-plast)

1. SKILGREINING Á GERÐ

Framrúður úr lagskiptu gleri (gler-plast) teljast til mismunandi gerða ef þær eru ólíkar að því er varðar a.m.k. einn eftirfarandi grundvallar- eða fylgieiginleika.

1.1. **Grundvallareiginleikar eru:**

1.1.1. viðskiptaheiti eða vörumerki,

1.1.2. lögun og mál.

Framrúður úr lagskiptu gleri (gler-plast) eru taldar tilheyra einum hópi að því er varðar prófanir á vélrænum styrk, þoli gegn umhverfisáhrifum, hitabreytingum og íðefnum,

1.1.3. fjöldi plastlaga,

1.1.4. nafnþykkt „e“ framrúðunnar, leyfileg framleiðsluvikmörk eru ± 0,2 mm,

1.1.5. nafnþykkt glerlagsins,

1.1.6. nafnþykkt plastlags eða -laga sem notuð eru sem millilög,

1.1.7. eðli og gerð plastlags eða -laga sem notuð eru sem millilög (t.d. PVB eða annað efni) og plastlagsins á innra borðinu,

1.1.8. sérmeðhöndlun sem rúðuflöturinn hefur fengið.

1.2. **Fylgieiginleikar eru:**

1.2.1. eðli efnisins (spegilgler, flotgler, rúðugler),

1.2.2. litur (í heild eða að hluta) plastlagsins eða -laganna (ólitað eða litað),

1.2.3. litur glersins (ólitað eða litað),

1.2.4. innlögð hitöld eða ekki,

1.2.5. sólskyggnur fyrir hendi eða ekki,

2. ALMENNT

2.1. Þegar um er að ræða framrúður úr lagskiptu gleri (gler-plast) eru prófanir, aðrar en prófanir með líkani af höfði (liður 3.2) og prófanir á ljósfræðilegum eiginleikum, framkvæmdar á flötum prófunarhlutum sem eru annað hvort skornir úr raunverulegum framrúðum eða eru sérstaklega gerðir í þessu skyni. Í báðum tilvikum skulu prófunarhlutarnir að öllu leyti vera dæmigerðir fyrir framleiddu framrúðuna sem sótt er um gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir.

2.2. Fyrir hverja prófun skal geyma prófunarhlutana í minnst fjórar klukkustundir við 23 ± 2 °C. Prófanirnar skulu framkvæmdar eins fljótt og auðið er eftir að prófunarhlutarnir hafa verið teknir úr ílátinu sem þeir voru geymdir í.

3. PRÓFUN MEÐ LÍKANI AF HÖFÐI

3.1. **Torveldistuðlar fylgieiginleika**

Engir fylgieiginleikar eru teknir með.

3.2. **Prófun með líkani af höfði á heilli framrúðu**

3.2.1. Fjöldi sýna:

Fjögur sýni af röð sem er með minnsta mótaða flöt og fjögur sýni úr röðinni sem eru með stærsta mótaða flöt eru valin eins og mælt er fyrir um í III. viðauka M og prófuð.

3.2.2. Prófunaraðferð

3.2.2.1. Aðferðin sem lýst er í lið 3.3.2. í III. viðauka C er notuð.

3.2.2.2. Fallhæðin er 1,50 m + 0/– 5 mm.

3.2.3. Túlkun niðurstaðna

3.2.3.1. Niðurstaða þessarar prófunar telst fullnægjandi ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

3.2.3.1.1. glerlagið brotnar þannig að margar hringlaga sprungur myndast með miðju í höggpunktinum og sprungurnar næst höggpunktinum eru ekki meira en 80 mm frá honum,

3.2.3.1.2. glerlögin skulu loða áfram við plastmillilagið. Eitt eða fleiri brot mega flagna að hluta til frá á svæði sem er innan við 4 mm breitt á hvora hlið sprungunnar utan við hring sem er 60 mm að þverméli með miðju í höggpunktinum,

3.2.3.1.3. 35 mm löng rifa í millilaginu má myndast á högghliðinni:

3.2.3.2. Röð prófunarhluta sem lögð er fram til gerðarviðurkenningar íhlutar telst fullnægja kröfum hvað varðar prófun með líkani af höfði að uppfylltu öðru eftirfarandi skilyrða:

3.2.3.2.1. niðurstöður allra prófananna eru fullnægjandi, eða

3.2.3.2.2. niðurstaða einnar prófunar er ófullnægjandi, en niðurstöður frekari prófana sem hafa verið framkvæmdar á nýrri röð prófunarhluta eru fullnægjandi.

3.3. **Prófun með líkani af höfði á flötum prófunarhluta**

3.3.1. Fjöldi prófunarhluta

Sex flatir prófunarhlutar með málunum 1100 × 500 mm (+ 5/– 2 mm) eru prófaðir.

3.3.2. Prófunaraðferð

3.3.2.1. Aðferðin sem lýst er í lið 3.3.1. í III. viðauka C er notuð.

3.3.2.2. Fallhæðin er 4 m + 25/– 0 mm.

3.3.3. Túlkun niðurstaðna

3.3.3.1. Niðurstaða þessarar prófunar telst fullnægjandi ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

3.3.3.1.1. glerlagið gefur eftir og brotnar og fjölmargar hringlaga sprungur koma í ljós með miðju í höggpunktinum,

3.3.3.1.2. millilagið má rifna svo fremi að höfuð mannslíkansins fari ekki í gegnum prófunarhlutann,

3.3.3.1.3. ekkert stórt glerbrot má losna frá millilaginu.

3.3.3.2. Röð prófunarhluta sem lögð er fram til gerðarviðurkenningar íhlutar, er talin fullnægja kröfum hvað varðar prófun með líkani af höfði að uppfylltu öðru eftirfarandi skilyrða:

3.3.3.2.1. niðurstöður allra prófananna eru fullnægjandi, eða

3.3.3.2.2. niðurstaða einnar prófunar er ófullnægjandi, en niðurstöður frekari prófana sem hafa verið framkvæmdar á nýrri röð prófunarhluta eru fullnægjandi.

4. PRÓFUN Á VÉLRÆNUM STYRK

4.1. **Torveldistuðlar, prófunaraðferð og túlkun niðurstaðna**

Kröfurnar í 5. lið III. viðauka F gilda.

4.2. Þriðja krafan í lið 4.3.4.1 í III. viðauka F á hins vegar ekki við.

5. PRÓFUN Á ÞOLI GEGN UMHVERFISÁHRIFUM

5.1. **Slitþolsprófun**

5.1.1. Slitþolsprófun á ytra borði

5.1.1.1. Kröfurnar í lið 5.1 í III. viðauka F gilda.

5.1.2. Slitþolsprófun á innra borði

5.1.2.1. Kröfurnar í lið 2 í III. viðauka I gilda.

5.2. **Prófun á þoli gegn háum hita**

Kröfurnar í 5. lið III. viðauka C gilda.

5.3. **Geislaþolsprófun**

Kröfurnar í 6. lið III. viðauka C gilda.

5.4. **Rakaþolsprófun**

Kröfurnar í 7. lið III. viðauka C gilda.

5.5. **Prófun á þoli gegn hitabreytingum**

Kröfurnar í 8. lið III. viðauka C gilda.

6. LJÓSFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Kröfurnar í 9. lið III. viðauka C varðandi ljósfræðilega eiginleika gilda um allar framrúðugerðir.

7. PRÓFUN Á BRUNAÞOLI

Kröfurnar í 10. lið III. viðauka C gilda.

8. PRÓFUN Á ÞOLI GEGN ÍÐEFNUM

Kröfurnar í 11. lið III. viðauka C gilda.

III. VIÐAUKI K

Rúður úr lagskiptu gleri (gler-plast), aðrar en framrúður ([21])

1. SKILGREINING Á GERÐ

Rúður úr lagskiptu gleri (gler-plast) aðrar en framrúður teljast til mismunandi gerða ef þær eru ólíkar að því er varðar a.m.k. einn eftirfarandi grundvallar- eða fylgieiginleika.

1.1. **Grundvallareiginleikar eru:**

1.1.1. viðskiptaheiti eða vörumerki,

1.1.2. þykktarflokkur sem gildir um nafnþykkt „e“ þar sem ±0,2 mm framleiðsluvikmörk eru leyfileg:

— I. flokkur: $e \leq 3{,}5$ mm

— II. flokkur: $3{,}5 \text{ mm} < e \leq 4{,}5$ mm

— III. flokkur: $4{,}5 \text{ mm} < e$

1.1.3. nafnþykkt plastlags eða -laga sem notuð eru sem millilög,

1.1.4. nafnþykkt rúðuflatarins,

1.1.5. gerð plastlags eða -laga sem eru notuð sem millilög (t.d . PVB eða annað efni) og plastlagsins á innra borðinu,

1.1.6. sérmeðhöndlun sem glerlagið hefur fengið.

1.2. **Fylgieiginleikar eru:**

1.2.1. eðli efnisins (spegilgler, flotgler, rúðugler),

1.2.2. litur (í heild eða að hluta) plastlagsins eða -laganna (ólitað eða litað),

1.2.3. litur glersins (ólitað eða litað).

2. ALMENNT

2.1. Þegar um er að ræða rúður úr lagskiptu gleri (gler-plast), aðrar en framrúður eru prófanir framkvæmdar á flötum prófunarhlutum sem eru annaðhvort skornir úr venjulegum rúðuflötum eða sérstaklega gerðir í þessu skyni. Í báðum tilvikum skulu prófunarhlutarnir að öllu leyti vera dæmigerðir fyrir framleidda rúðuflötinn sem sótt er um gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir.

2.2. Fyrir hverja prófun skal geyma prófunarhluta rúða úr lagskiptu gleri (gler-plast), í minnst fjórar klukkustundir við 23 ± 2 °C. Prófanirnar skulu framkvæmdar eins fljótt og auðið er eftir að prófunarhlutarnir hafa verið teknir úr ílátinu sem þeir voru geymdir í.

2.3. Ákvæðunum í þessum viðauka telst fullnægt ef rúðuflöturinn sem lagður er fram til gerðarviðurkenningar íhlutar hefur sömu samsetningu og framrúða sem þegar hefur hlotið viðurkenningu samkvæmt ákvæðum III. viðauka J.

([21]) Einnig má nota þessa gerð lagskipts glers (gler-plast) fyrir framrúður í dráttarvélar.

3. PRÓFUN MEÐ LÍKANI AF HÖFÐI

3.1. **Torveldistuðlar fylgieiginleika**

Engir fylgieiginleikar eru teknir með.

3.2. **Fjöldi prófunarhluta**

Sex flatir prófunarhlutar með málunum 1100 × 500 mm (+ 5/– 2 mm) eru prófaðir.

3.3. **Prófunaraðferð**

3.3.1. Aðferðin sem lýst er í 3. lið í III. viðauka C er notuð.

3.3.2. Fallhæðin er 1,50 m + 0/– 5 mm. Þessi hæð er aukin upp í 4 m + 25/– 0 mm fyrir rúður sem eru notaðar sem framrúður í dráttarvélar.

3.4. **Túlkun niðurstaðna**

3.4.1. Niðurstaða þessarar prófunar telst fullnægjandi að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

3.4.1.1. glerlagið brotnar og fjölmargar sprungur koma í ljós,

3.4.1.2. millilagið má rifna svo fremi höfuð mannslíkansins fari ekki í gegnum prófunarhlutann,

3.4.1.3. ekkert stórt glerbrot má losna frá millilaginu.

3.4.2. Röð prófunarhluta sem lögð er fram til gerðarviðurkenningar íhlutar telst fullnægja kröfum hvað varðar prófun með líkani af höfði að uppfylltu öðru eftirfarandi skilyrða:

3.4.2.1. niðurstöður allra prófananna eru fullnægjandi, eða

3.4.2.2. niðurstaða einnar prófunar er ófullnægjandi, en niðurstöður frekari prófana sem hafa verið framkvæmdar á nýrri röð prófunarhluta eru fullnægjandi.

4. PRÓFUN Á VÉLRÆNUM STYRK — HÖGGPRÓFUN MEÐ 227 G KÚLU

4.1. Ákvæði 4. liðar III. viðauka G gilda nema taflan í lið 4.3.2. en í hennar stað kemur eftirfarandi tafla:

Nafnþykkt	Fallhæð	
e ≤ 3,5 mm	5 m	+ 25/ – 0 mm
3,5 mm < e ≤ 4,5 mm	6 m	
e > 4,5 mm	7 m	

4.2. Krafan í þriðja undirlið í lið 4.4.1 í III. viðauka G gildir þó ekki.

5. PRÓFUN Á ÞOLI GEGN UMHVERFISÁHRIFUM

5.1. **Slitþolsprófun**

5.1.1. Slitþolsprófun á ytra borði

Kröfurnar í lið 5.1 í III. viðauka G gilda.

5.1.2. Slitþolsprófun á innra borði

Kröfurnar í lið 2.1 í III. viðauka I gilda.

5.2. **Prófun á þoli gegn háum hita**

Kröfurnar í 5. lið III. viðauka C gilda.

5.3. **Geislaþolsprófun**

Kröfurnar í 6. lið III. viðauka C gilda.

5.4. **Rakaþolsprófun**

Kröfurnar í 7. lið III. viðauka C gilda.

5.5. **Prófun á þoli gegn hitabreytingum**

Kröfurnar í 8. lið III. viðauka C gilda.

6. LJÓSFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Kröfurnar um reglulegan ljósflæðistuðul í lið 9.1 í III. viðauka C gilda um alla rúðufleti á þeim stöðum sem skipta meginmáli fyrir útsýn ökumanns.

7. PRÓFUN Á BRUNAÞOLI

Kröfurnar í 10. lið III. viðauka C gilda.

8. PRÓFUN Á ÞOLI GEGN ÍÐEFNUM

Kröfurnar í 11. lið III. viðauka C gilda.

III. VIÐAUKI L

Tvöfaldar rúður

1. SKILGREINING Á GERÐ

Tvöfaldar rúður teljast til mismunandi gerða ef þær eru ólíkar að því er varðar a.m.k. einn eftirfarandi grundvallar- eða fylgieiginleika.

1.1. **Grundvallareiginleikar eru:**

1.1.1. viðskiptaheiti eða vörumerki,

1.1.2. samsetning tvöföldu rúðnanna (samhverfar, ósamhverfar),

1.1.3. allar rúðugerðir sem eru skilgreindar í 1. lið í viðaukum III E, III G eða III K,

1.1.4. nafnbreidd bilsins á milli rúðuflatanna,

1.1.5. gerð þéttingar (lífræn, eða gler við gler eða gler við málm).

1.2. **Fylgieiginleikar eru:**

1.2.1. fylgieiginleikar allra rúðuflatanna sem eru skilgreindir í lið 1.2 í viðaukum III E, III G eða III K.

2. ALMENNT

2.1. Hver rúðuflötur í tvöföldu rúðunum skal annaðhvort hafa gerðarviðurkenningu eða uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í viðkomandi viðaukum (III E, III G eða III K).

2.2. Prófanir framkvæmdar á tvöföldum rúðum með nafnbreiddina „e“ á milli laga, eiga að geta gilt um allar tvöfaldar rúður með sömu eiginleika og nafnbreiddina „e“ ± 3 mm á milli laga. Þó er þeim sem sækir um gerðarviðurkenningu íhlutar heimilt að leggja fram til prófunar sýni sem er með minnsta og stærsta bilið.

2.3. Þegar um er að ræða tvöfaldar rúður þar sem annað glerið er lagskipt gler eða rúða úr lagskiptu gleri (gler-plast), skal fyrir hverja prófun hafa prófunarhlutana í minnst fjórar klukkustundir við 23 ± 2°C. Prófanirnar skulu framkvæmdar eins fljótt og auðið er eftir að prófunarhlutarnir hafa verið teknir úr ílátinu sem þeir voru geymdir í.

3. PRÓFUN MEÐ LÍKANI AF HÖFÐI

3.1. **Torveldistuðull fylgieiginleika**

Engir fylgieiginleikar eru teknir með.

3.2. **Fjöldi prófunarhluta**

Sex prófunarhlutar með málin 1 100 mm × 500 mm (+ 5/ – 2 mm) eru prófaðir fyrir hvern þykktarflokk rúðna og hvert bil eins og skilgreint er í lið 1.1.4 hér að framan.

3.3. **Prófunaraðferð**

3.3.1. Aðferðin sem lýst er í 3. lið í III. viðauka C er notuð.

3.3.2. Fallhæðin er 1,5 m (+ 0/ – 5 mm).

3.3.3. Þegar um ósamhverfar tvöfaldar rúður er að ræða skal framkvæma þrjár prófanir á hvorri hlið.

3.4. **Túlkun niðurstaðna**

3.4.1. Tvöfaldar rúður með tveimur flötum úr einsleitu hertu gleri.

Niðurstaða þessarar prófunar telst fullnægjandi ef báðir fletirnir brotna.

3.4.2. Tvöfaldar rúður aðrar en framrúður úr tveimur flötum af lagskiptu gleri.

Niðurstaða þessarar prófunar telst fullnægjandi að eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

3.4.2.1. báðir fletir prófunarhlutans gefa eftir og brotna og fjölmargar hringlaga sprungur koma í ljós með miðju í höggpunktinum,

3.4.2.2. millilagið má rifna svo fremi höfuð mannslíkansins fari ekki í gegn,

3.4.2.3. engin stór glerbrot mega losna frá millilaginu.

3.4.3. Tvöfaldar rúður aðrar en framrúður með einni rúðu úr einsleitu hertu gleri og einni rúðu úr lagskiptu gleri eða rúða úr lagskiptu gleri (gler-plast).

Niðurstaða þessarar prófunar telst fullnægjandi að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

3.4.3.1. rúðan úr herta glerinu brotnar,

3.4.3.2. rúðan úr lagskipta glerinu eða rúðan úr lagskiptu glerinu (gler-plast), gefur eftir og brotnar og fjölmargar hringlaga sprungur koma í ljós með miðju í höggpunktinum,

3.4.3.3. millilagið(-lögin) mega rifna svo fremi höfuð mannslíkansins fari ekki í gegnum prófunarhlutann,

3.4.3.4. ekkert stórt glerbrot má losna frá millilaginu.

3.4.4. Röð prófunarhluta sem lögð er fram til gerðarviðurkenningar íhlutar telst fullnægja kröfum hvað varðar prófun með líkani af höfði að uppfylltu öðru eftirfarandi skilyrða:

3.4.4.1. niðurstöður allra prófananna eru fullnægjandi,

3.4.4.2. niðurstaða einnar prófunar er ófullnægjandi, en niðurstöður frekari prófana sem hafa verið framkvæmdar á nýrri röð prófunarhluta eru fullnægjandi.

4. LJÓSFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Kröfurnar um reglulegan ljósflæðistuðul í lið 9.1 í III. viðauka C gilda um allar tvöfaldar rúður sem eru á þeim stöðum sem skipta meginmáli fyrir útsýn ökumannsins.

_____

III. VIÐAUKI M

Flokkun framrúðna fyrir gerðarviðurkenningarprófun íhlutar

1. Eftirfarandi atriði eru tekin til greina:

1.1. mótaður flötur framrúðunnar,

1.2. bogahæð,

1.3. krappi.

2. Hópur er myndaður út frá þykktarflokki.

3. Flokkun er framkvæmd í stighækkandi röð eftir stærð mótaða svæðisins. Fimm stærstu og fimm minnstu mótuðu svæðin eru valin og þau tölusett sem hér segir:

1	fyrir það stærsta	1	fyrir það minnsta
2	fyrir það næstminnsta á eftir 1	2	fyrir það næststærsta á eftir 1
3	fyrir það næstminnsta á eftir 2	3	fyrir það næststærsta á eftir 2
4	fyrir það næstminnsta á eftir 3	4	fyrir það næststærsta á eftir 3
5	fyrir það næstminnsta á eftir 4	5	fyrir það næststærsta á eftir 4

4. Innan raðanna sem eru skilgreindar í 3. lið hér að framan er bogahæð tilgreind sem hér segir:

1 fyrir mestu bogahæð,

2 fyrir þá næstmestu,

3 fyrir þá næstmestu miðað við þá á undan, o.s.frv.

5. Innan raðanna sem eru skilgreindar í 3. lið hér að framan eru krappageislar tilgreindir sem hér segir:

1 fyrir minnsta krappageisla,

2 fyrir þann næstminnsta,

3 fyrir þann næstminnsta miðað við þann á undan, o.s.frv.

6. Tölurnar fyrir hverja framrúðu í röðunum sem eru skilgreindar í 3. lið hér að framan eru lagðar saman.

6.1. Sú framrúða meðal hinna fimm stærstu sem hefur lægstu samanlagða tölu og sú meðal hinna fimm minnstu sem hefur lægstu samanlagða tölu eru prófaðar nákvæmlega svo sem skilgreint er í viðaukum III D, III F, III H, III I og III J.

6.2. Aðrar framrúður í sömu röð eru prófaðar til að sannreyna ljósfræðilega eiginleika svo sem skilgreint er í 9. lið III. viðauka C.

7. Einnig er heimilt að prófa framrúður með mjög ólíkum mæliþáttum að því er varðar lögun og/eða krappageisla, miðað við þær sem eru efstar og neðstar í valda hópnum, ef tækniþjónustan sem annast prófanirnar telur að mæliþættirnir sem um ræðir kunni að hafa verulega neikvæð áhrif.

8. Mörk hópsins eru ákvörðuð með hliðsjón af mótaða fleti framrúðunnar. Ef framrúðan sem er lögð fram til gerðarviðurkenningar íhlutar er með mótuðum fleti sem ekki er innan viðurkenndra marka og/eða er með umtalsvert hærri bogahæð eða minni krappageisla telst hún ný gerð og er lögð fram til frekari prófana ef tækniþjónustan telur slíkar prófanir tæknilega nauðsynlegar að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem hún hefur yfir að ráða varðandi framleiðsluvöruna og efnið sem er notað.

9. Ef handhafi gerðarviðurkenningar íhlutar sem er í áður viðurkenndum þykktarflokki framleiðir aðra framrúðutegund síðar:

9.1. skal ganga úr skugga um hvort hægt sé að fella hana inn í fimm stærstu eða fimm minnstu framrúðurnar sem hafa verið valdar til gerðarviðurkenningar íhlutar fyrir þann hóp er um ræðir,

9.2. skal endurgera tölusetninguna samkvæmt aðferðinni í 3., 4. og 5. lið hér að framan,

9.3. ef summa talnanna sem valdar hafa verið fyrir framrúður sem eru á meðal þeirra fimm stærstu eða fimm minnstu:

9.3.1. er lægst eru eftirtaldar prófanir framkvæmdar:

9.3.1.1. fyrir framrúður úr hertu gleri:

9.3.1.1.1. brotprófun,

9.3.1.1.2. prófun með líkani af höfði,

9.3.1.1.3. prófun á ljósfræðilegri bjögun,

9.3.1.1.4. prófun á aðskilnaði fylgimyndar,

9.3.1.1.5. prófun á ljósflæði,

9.3.1.2. fyrir framrúður úr venjulegu lagskiptu gleri eða lagskiptu gleri (gler-plast):

9.3.1.2.1. prófun með líkani af höfði,

9.3.1.2.2. prófun á ljósfræðilegri bjögun,

9.3.1.2.3. prófun á aðskilnaði fylgimyndar,

9.3.1.2.4. prófun á ljósflæði,

9.3.1.3. Framrúður úr unnu lagskiptu gleri: prófanirnar sem tilgreindar eru í liðum 9.3.1.1.1, 9.3.1.1.2 og 9.3.1.2,


9.3.1.4. Plastklæddar framrúður: prófanirnar sem tilgreindar eru í lið 9.3.1.1 eða lið 9.3.1.2 eftir því sem við á,

9.3.2. Í gagnstæðu tilviki er aðeins mælt fyrir um prófanir til að sannreyna ljósfræðilega eiginleika sem skilgreindir eru í 9. lið í III. viðauka C.

_____

III. VIÐAUKI N


Mæling á bogahæð og stöðu höggpunkta




Mynd 1 — Ákvörðun á bogahæðinni, „h“

Fyrir rúður með einföldum boga skal bogahæð mest vera h_1.


Fyrir rúður með tvöföldum boga skal bogahæð mest vera $h_1 + h_2$.




Mynd 2 — Höggpunktar sem eru ákveðnir fyrir framrúður



3 a) Plata úr plötugleri



3 b) Plata úr plötugleri



3 c) Plata úr bogagleri

Mynd 3 a), 3 b) og 3 c) — Höggpunktar sem eru ákveðnir fyrir einsleita herta rúðufleti

Punktar „2“ sem eru sýndir á myndum 3 a), 3 b) og 3 c) eru dæmi um staðsetningu á punkti „2“ sem mælt er fyrir um í lið 2.5 í III. viðauka E.

III. VIÐAUKI O

Eftirlit með samræmi framleiðslu

1. SKILGREININGAR

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „gerð vöru“: allir rúðufletir með sömu grundvallareiginleika,

1.2. „þykktarflokkur“: allir rúðufletir þar sem hinir ýmsu íhlutir eru jafnþykkir innan leyfilegra vikmarka,

1.3. „framleiðslueining“: öll framleiðsluaðstaða fyrir eina eða fleiri gerðir rúðuflata á sama stað; hún getur náð yfir margar framleiðslulínur,

1.4. „vakt“: framleiðslutímabil í sömu framleiðslulínu á vinnudegi,

1.5. „framleiðslulota“: samfelldur framleiðslutími á sömu gerð vöru á sömu vakt,

1.6. „Ps“: Fjöldi rúðna af sömu gerð vöru sem eru framleiddar á sömu vakt,

1.7. „Pr“: Fjöldi rúðna af sömu gerð vöru sem eru framleiddar í einni framleiðslulotu.

2. PRÓFANIR

Eftirtaldar prófanir eru gerðar á rúðuflötunum:

2.1. **Framrúður úr hertu gleri**

2.1.1. Brotprófun í samræmi við kröfurnar í 2. lið í III. viðauka D.

2.1.2. Ljósflæðimæling í samræmi við kröfurnar í lið 9.1 í III. viðauka C.

2.1.3. Prófun á ljósfræðilegri bjögun í samræmi við kröfurnar í lið 9.2 í III. viðauka C.

2.1.4. Prófun á aðskilnaði fylgimyndar í samræmi við kröfurnar í lið 9.3 í III. viðauka C.

2.2. **Rúður úr einsleitu hertu gleri**

2.2.1. Brotprófun í samræmi við kröfurnar í 2. lið í III. viðauka E.

2.2.2. Ljósflæðimæling í samræmi við kröfurnar í lið 9.1 í III. viðauka C.

2.2.3. Þegar um er að ræða rúðufleti í framrúður:

2.2.3.1. Prófun á ljósfræðilegri bjögun í samræmi við kröfurnar í lið 9.2 í III. viðauka C.

2.2.3.2. Prófun á aðskilnaði fylgimyndar í samræmi við kröfurnar í lið 9.3 í III. viðauka C.

2.3. **Venjulegar framrúður úr lagskiptu gleri og framrúður úr lagskiptu gleri (gler-plast)**

2.3.1. Prófun með líkani af höfði í samræmi við kröfurnar í 3. lið í III. viðauka F.

2.3.2. Höggprófun með 2 260 g kúlu í samræmi við kröfurnar í lið 4.2 í III. viðauka F og lið 2.2 í III. viðauka C.

2.3.3. Prófun á þoli gegn háum hita í samræmi við kröfurnar í 5. lið III. viðauka C.

2.3.4. Ljósflæðimæling í samræmi við kröfurnar í lið 9.1 í III. viðauka C.

2.3.5. Prófun á ljósfræðilegri bjögun í samræmi við kröfurnar í lið 9.2 í III. viðauka C.

2.3.6. Prófun á aðskilnaði fylgimyndar í samræmi við kröfurnar í lið 9.3 í III. viðauka C.

2.3.7. Þegar eingöngu er um að ræða framrúður úr lagskiptu gleri (gler-plast):

2.3.7.1. Slitþolsprófun í samræmi við kröfurnar í lið 2.1 í III. viðauka I.

2.3.7.2. Rakaþolsprófun í samræmi við kröfurnar í 3. lið III. viðauka I.

2.3.7.3. Prófun á þoli gegn íðefnum í samræmi við kröfurnar í 11. lið í III. viðauka C.

2.4. **Rúður úr venjulegu lagskiptu gleri og rúður úr lagskiptu gleri (gler-plast), aðrar en framrúður**

2.4.1. Höggprófun með 227 g kúlu í samræmi við kröfurnar í 4. lið í III. viðauka G.

2.4.2. Prófun á þoli gegn háum hita í samræmi við kröfurnar í 5. lið III. viðauka C.

2.4.3. Ljósflæðimæling í samræmi við kröfurnar í lið 9.1 í III. viðauka C.

2.4.4. Þegar eingöngu er um að ræða framrúður úr lagskiptu gleri (gler-plast):

2.4.4.1. Slitþolsprófun í samræmi við kröfurnar í lið 2.1 í III. viðauka I.

2.4.4.2. Rakaþolsprófun í samræmi við kröfurnar í 3. lið III. viðauka I.

2.4.4.3. Prófun á þoli gegn íðefnum í samræmi við kröfurnar í 11. lið í III. viðauka C.

2.4.5. Ákvæðunum hér að framan telst fullnægt ef samsvarandi prófanir hafa verið framkvæmdar á framrúðum sem hafa sömu samsetningu.

2.5. **Unnar, lagskiptar framrúður**

2.5.1. Auk þeirra prófana sem lýst er í lið 2.3 skal framkvæma brotprófun í samræmi við kröfurnar í 4. lið III. viðauka H.

2.6. **Plastklæddar rúður**

Auk þeirra prófana sem lýst er í ýmsum liðum þessa viðauka skal framkvæma eftirfarandi prófanir:

2.6.1. Slitþolsprófanir í samræmi við kröfurnar í lið 2.1 í III. viðauka I.

2.6.2. Rakaþolsprófun í samræmi við kröfurnar í 3. lið III. viðauka I.

2.6.3. Prófun á þoli gegn íðefnum í samræmi við kröfurnar í 11. lið í III. viðauka C.

2.7. Tvöfaldar rúður

Framkvæma skal prófanirnar í þessum viðauka fyrir hvern rúðuflöt sem tvöfalda rúðan er sett saman úr með sömu tíðni og með tilliti til sömu krafna.

3. TÍÐNI PRÓFANA OG NIÐURSTÖÐUR

3.1. **Sundrun**

3.1.1. Prófanir

3.1.1.1. Fyrsta röð prófana, sem felast í broti við hvern höggpunkt sem tilgreindur er í þessari tilskipun, er framkvæmd með ljósmyndun við upphaf framleiðslu á hverri nýrri rúðugerð til að ákvarða versta brotstaðinn.

Að því er varðar framrúður úr hertu gleri, skal þessi fyrsta röð prófana þó aðeins framkvæmd ef ársframleiðsla þessarar gerðar rúðuflata fer yfir 200 einingar.

3.1.1.2. Í hverri framleiðslulotu eru eftirlitsprófanir framkvæmdar á brotpunktinum sem ákvarðaður er í lið 3.1.1.1.

3.1.1.3. Eftirlit á sér stað við upphaf hverrar framleiðslulotu eða ef litabreyting verður.

3.1.1.4. Í hverri framleiðslulotu eru eftirlitsprófanir framkvæmdar með a.m.k. eftirfarandi tíðni:

Framrúður úr hertu gleri		Rúður úr hertu gleri aðrar en framrúður		Unnar, lagskiptar framrúður
Ps ≤ 200:	eitt brot á hverja framleiðslulotu	Pr ≤ 500:	ein prófun á hverja vakt	0,1% á hverja gerð
Ps > 200:	eitt brot á hverjum fjórum framleiðslustundum	Pr > 500:	tvær prófanir á hverja vakt	

3.1.1.5. Eftirlitsprófun skal framkvæmd í lok hverrar framleiðslulotu á einum af síðustu rúðuflötunum sem eru framleiddir.

3.1.1.6. Ef Pr < 20 þarf aðeins að framkvæma eina brotprófun á hverja framleiðslulotu.

3.1.2. Niðurstöður

Skrá skal allar niðurstöður þ.m.t. niðurstöður án ljósmynda.

Að auki skal gera eitt snertiprent fyrir hverja vakt nema ef Pr ≤ 500. Þá skal gera eitt snertiprent fyrir hverja framleiðslulotu.

3.2. **Prófun með líkani af höfði**

3.2.1. Prófanir

Sýni sem svara til a.m.k. 0,5% af dagsframleiðslu lagskiptra framrúðna í einni framleiðslulínu eru athuguð. Mest 15 framrúður eru prófaðar á dag.

Val á sýnunum skal vera dæmigert fyrir framleiðslu á ýmsum gerðum framrúðna.

Með samþykki viðkomandi stjórnsýslustofnunar er heimilt að láta höggprófun með 2 260 g kúlu koma í stað þessara prófana (sjá lið 3.3 hér á eftir). Í öllum tilvikum eru prófanir gerðar með líkani af höfði á a.m.k. tveimur sýnum fyrir hvern þykktarflokk ár hvert.

3.2.2. Niðurstöður

Skrá skal allar niðurstöður.

3.3. **Höggprófun með 2 260 g kúlu**

3.3.1. Prófanir

Könnun er gerð a.m.k. einu sinni í mánuði fyrir hvern þykktarflokk.

3.3.2. Niðurstöður

Skrá skal allar niðurstöður.

3.4. **Höggprófun með 227 g kúlu**

3.4.1. Prófanir

Prófunarhlutarnir eru skornir úr sýnum. Þó er heimilt af hagkvæmnisástæðum að gera prófanirnar á fullunninni vöru eða hluta af henni.

Athuguð eru sýni sem svara til a.m.k. 0,5% af framleiðslu á einni vakt, mest 10 sýni á dag.

3.4.2. Niðurstöður

Skrá skal allar niðurstöður.

3.5. **Hár hiti**

3.5.1. Prófanir

Prófunarhlutarnir eru skornir úr sýnum. Þó er heimilt af hagkvæmnisástæðum að framkvæma prófanirnar á fullunninni vöru eða hluta af henni. Þær eru valdar með tilliti til þess að öll millilög séu prófuð með hliðsjón af notkun þeirra.

Athugun er gerð á a.m.k. þremur sýnum fyrir hvern lit millilags og eru þau tekin úr dagsframleiðslu.

3.5.2. Niðurstöður

Skrá skal allar niðurstöður.

3.6. **Ljósflæði**

3.6.1. Prófanir

Dæmigerð sýni af litaðri, fullunninni vöru eru lögð fram til þessarar prófunar.

Athugun er gerð a.m.k. við upphaf hverrar framleiðslulotu ef einhverjar breytingar eru á eiginleikum rúðuflatarins sem kunna að hafa áhrif á prófunarniðurstöðurnar.

Þessi prófun er ekki framkvæmd á rúðuflötum með reglulegt ljósflæði 80% eða meira þegar um er að ræða framrúður og 75% eða meira þegar um er að ræða aðra rúðufleti en framrúður, sem mælt er við gerðarviðurkenningu íhlutar, og ekki á rúðuflötum í V. flokki.

Þegar um er að ræða herta rúðufleti er birgi heimilt í stað prófunar að leggja fram vottorð um að áðurnefndum kröfum hafi verið fullnægt.

3.6.2. Niðurstöður

Skrá skal ljósflæðigildið. Að auki, þegar um er að ræða framrúður með sólhlífum eða sólskyggnum skal sannreyna með hjálp teikninganna sem um getur í lið 3.2.1.2.2.3 í III. viðauka A að þessar hlífar liggi fyrir utan svæði I´.

3.7. **Ljósfræðileg bjögun og aðskilnaður fylgimyndar**

3.7.1. Prófanir

Allar framrúður skulu skoðaðar með það fyrir augum að finna sýnilega galla. Að auki, með því að nota tilgreindar aðferðir eða hverja þá aðferð sem gefur svipaðar niðurstöður, skal mæla á misunandi sjónsviðum með minnst eftirfarandi tíðni:

– annaðhvort þar sem $Ps \leq 200$, eitt sýni á hverja vakt,

– eða þar sem $Ps > 200$, tvö sýni á hverja vakt,

– eða 1% af heildarframleiðslunni þar sem þau sýni sem eru valin eru dæmigerð fyrir alla framleiðsluna.

3.7.2. Niðurstöður

Skrá skal allar niðurstöður.

3.8. **Slitþol**

3.8.1. Prófanir

Aðeins plastklæddar rúður og rúður úr lagskiptu gleri (gler-plast), eru prófaðar. Könnun er gerð a.m.k. einu sinni í mánuði og á hverri gerð plastefnis eða millilags.

3.8.2. Niðurstöður

Skrá skal mælingu á ljósdreifingu.

3.9. **Rakaþol**

3.9.1. Prófanir

Aðeins plastklæddar rúður og rúður úr lagskiptu gleri (gler-plast), eru prófaðar. Könnun er gerð a.m.k. einu sinni í mánuði og á hverri gerð plastefnis eða millilags.

3.9.2. Niðurstöður

Skrá skal allar niðurstöður.

3.10. **Þol gegn íðefnum**

3.10.1. Prófanir

Aðeins plastklæddar rúður og rúður úr lagskiptu gleri (gler-plast) eru prófaðar. Könnun er gerð a.m.k. einu sinni í mánuði og á hverri gerð plastefnis eða millilags.

3.10.2. Niðurstöður

Skrá skal allar niðurstöður.

_____

III. VIÐAUKI P

FYRIRMYND

Heiti yfirvalds

Viðauki við EB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir dráttarvél að því er varðar framrúður eða aðrar rúður

(2. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum)

EB-gerðarviðurkenningarnúmer: ..... Rýmkun nr.:.....

1. Tegund dráttarvélar (fyrirtækjaheiti):

.....

2. Gerð og ef við á verslunarheiti dráttarvélarinnar:

.....

3. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

.....

4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda (ef einhver): ...

.....

5. Lýsing á framrúðugerðum og öðrum rúðuflötum (hertir, lagskiptir, úr plasti, gler-plast, flatir, sveigðir o.s.frv.):

.....

6. EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar fyrir framrúður og aðrar rúður:

.....

7. Dráttarvélin lögð fram til EB-gerðarviðurkenningar þann:

.....

8. Tækniþjónustan sem sér um eftirlit með gerðarviðurkenningum:

.....

9. Dagsetning skýrslu sem þjónustan gefur út

.....

10. Númer skýrslu sem þjónustan gefur út

.....

11. EB-gerðarviðurkenning er veitt/synjað er um EB-gerðarviðurkenningu að því er snertir framrúður og aðra rúðufleti ([1]):

12. Staður: .....

13. Dagsetning: .....

14. Undirskrift: ... .

15. Eftirfarandi skjöl með númerum EB-gerðarviðurkenningar, sem getið er hér að framan, fylgja þessu vottorði:

..... málsettar teikningar,

..... teikning eða ljósmynd af framrúðunni og öðrum rúðuflötum í stýrishúsinu.

Ef lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja krefjast þess skulu þeim látin í té þessi gögn.

16. Athugasemdir:

.....

.....

.....

.....

.....

([1]) Strikið út eftir því sem við á.

IV. VIÐAUKI

Véltengi milli dráttarvélarinnar og eftirvagns og lóðrétt álag á tengipunktinn

1. SKILGREININGAR

1.1. „Véltengi milli dráttarvélar og eftirvagns“: íhlutirnir sem er komið fyrir á dráttarvélinni og á dregna ökutækinu þannig að vélræn tenging sé á milli þeirra.

Þessi tilskipun tekur eingöngu til íhluta véltengja fyrir dráttarvélar.

Helstu gerðir íhluta véltengja fyrir dráttarvélar sem aðallega er greint á milli:

– gaffaltengi (sjá myndir 1 og 2 í 1. viðbæti),

– dráttarkrókur (sjá mynd 1 — „Mál dráttarkróks“ í ISO 6489-1:2001),

– dráttarbeisli (sjá mynd 3 í 1. viðbæti).

1.2. „Gerð véltengis milli dráttarvélar og eftirvagns“: hlutar sem eru ekki innbyrðis ólíkir í grundvallaratriðum að því er varðar:

1.2.1. tegund véltengis,

1.2.2. dráttaraugu (40 mm og/eða 50 mm að þvermáli),

1.2.3. ytri lögun, mál og vinnumáta (t.d. sjálfvirkur eða handvirkur),

1.2.4. smíðaefni,

1.2.5. gildi D eins og það er skilgreint í 2. viðbæti fyrir prófanir sem eru framkvæmdar með því að nota fallaðferðir eða dráttarmassa samkvæmt skilgreiningu í 3. viðbæti um prófanir sem eru framkvæmdar með kyrrstöðuaðferðinni og einnig lóðrétta álaginu á tengipunktinn S.

1.3. „Viðmiðunarmiðja véltengis“: sá punktur á ási boltans sem er jafnlangt frá báðum kjálkum gaffalsins, ef um þá gerð er að ræða, og punktinn sem ákvarðast af skurðpunkti samhverfuplans króksins við framleiðanda íhvolfa hluta króksins í snertihæð við dráttaraugað þegar hann er í dráttarstöðu.

1.4. „Hæð véltengis frá jörðu (h)“: fjarlægðin milli lárétta plansins í gegnum viðmiðunarmiðju véltengisins og lárétta plansins sem hjól dráttarvélarinnar hvíla á.

1.5. „Útstæður hluti véltengis (c)“: fjarlægðin milli viðmiðunarmiðju véltengisins og lóðrétta plansins í gegnum afturás dráttarvélarinnar.

1.6. „Lóðrétt álag á tengipunktinn (S)“: þyngdin sem í kyrrstöðu færist yfir á viðmiðunarpunktinn á véltenginu.

1.7. „Sjálfvirkt“: véltengi sem lokast og læsist sjálfkrafa þegar tengt er í dráttaraugað.

1.8. „Hjólhaf dráttarvélarinnar (l)“: fjarlægðin milli lóðréttu plananna sem liggja hornrétt á lengdarmiðjuplan dráttarvélarinnar í gegnum ása hennar.

1.9. „Framásþungi dráttarvélar án hleðslu (m_a)“: sá hluti þyngdar dráttarvélarinnar sem í kyrrstöðu færist af framási dráttarvélarinnar til jarðar.

2. ALMENNAR KRÖFUR

2.1. Véltengi geta bæði verið sjálfvirk eða handvirk.

2.2. Véltengi dráttarvélarinnar skulu vera í samræmi við kröfur um mál og styrkleika í liðum 3.1 og 3.2 og kröfur um lóðrétt álag á tengipunktinn í lið 3.3.

2.3. Véltengi skulu hönnuð og framleidd á þann hátt að við eðlilega notkun starfi þau óslitið þannig að viðunandi sé og haldi þeim eiginleikum sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

2.4. Allir hlutar véltengis skulu gerðir úr það góðu smíðaefni að þeir þoli prófanirnar sem um getur í lið 3.2 og þeir skulu búa yfir varanlegum styrkleika.

2.5. Auðvelt skal vera að losa um og festa öll tengi og tengislæsingar og skulu þau vera hönnuð á þann hátt að þau aftengist ekki fyrir slysni við venjuleg vinnuskilyrði.

Þegar um er að ræða sjálfvirk véltengi skulu þau fest tryggilega í læstri stöðu með tveimur sjálfstæðum öryggistenglum sem falla þétt hvor að öðrum. Þó má losa um þessa tengla með sameiginlegum stjórnbúnaði.

2.6. Tryggt skal að dráttaraugað geti snúist a.m.k. 60° til beggja hliða á lengdarási tengisins, þegar það er ekki áfest dregna ökutækinu. Þar að auki þarf það alltaf að geta færst 20° lóðrétt upp og niður. (Sjá einnig OPS 1).

Snúningshornin þurfa ekki að nást samtímis.

2.7. Þegar um er að ræða gaffal skal dráttaraugað geta snúist a.m.k. 90° áslægt til hægri eða vinstri um lengdarás tengingarinnar með föstu hemlunarvægi, sem er á bilinu 30 til 150 Nm.

Þegar um er að ræða dráttarkrók skal dráttaraugað geta snúist a.m.k. 20° áslægt til hægri eða vinstri um lengdarás króksins.

2.8. Hafi a.m.k. eitt véltengi fengið EB-gerðarviðurkenningu íhlutar skal leyfa aðrar gerðir véltengja eða festinga, sem eru notaðar í aðildarríkjunum, í 10 ár frá gildistöku tilskipunar 89/173/EBE án þess að EB-gerðarviðurkenning dráttarvélarinnar falli úr gildi, að því tilskildu að festing þeirra gefi ekki tilefni til þess að gerðarviðurkenning íhlutar sé dregin í efa.

2.9. Til þess að koma í veg fyrir aftengingu úr dráttarauga fyrir slysni skal fjarlægðin milli enda dráttarkróksins og klemmubúnaðarins ekki vera meiri en 10 mm við hámarkshönnunarálag.

3. SÉRKRÖFUR

3.1. **Mál**

Mál véltengiíhluta á dráttarvélinni skulu vera í samræmi kröfurnar í 1. viðbæti, myndir 1, 2 og 3. Þau mál sem eru ekki gefin upp á þessum myndum eru valfrjáls.

3.2. **Styrkleiki**

3.2.1. Að því er varðar eftirlit með styrkleika skulu véltengiíhlutir hreyfiprófaðir samkvæmt skilyrðunum í 2. viðbæti eða með kyrrstöðuprófunum samkvæmt skilyrðunum í 3. viðbæti.

3.2.2. Prófanirnar mega ekki valda varanlegri aflögun, brotum eða rifum.

3.3. **Lóðrétt álag á tengipunktinn (S).**

3.3.1. Framleiðandi ákvarðar hámark lóðrétta kyrrstöðuálagsins. Það má hins vegar ekki fara yfir 3 tonn.

3.3.2. Skilyrði fyrir viðurkenningu:


3.3.2.1. Leyfilega lóðrétta kyrrstöðuálagið má ekki fara yfir tæknilega leyfilegt loðrétt kyrrstöðuálag sem framleiðandi mælir með fyrir dráttarvélina né lóðrétta kyrrstöðuálagið sem mælt er fyrir um fyrir dráttarbúnað samkvæmt EB-gerðarviðurkenningu íhlutar.

3.3.2.2. Farið skal að kröfunum í lið 2 í I. viðauka tilskipunar nr. 2009/63/EB ([22]), en ekki má fara yfir hámarksálag á afturás.

3.4. **Hæð tengibúnaðar (h) frá jörðu**

(sjá mynd hér að neðan).

Þyngdarklossar á framás



3.4.1. Allar dráttarvélar, sem eru þyngri en 2,5 tonn með hleðslu, verða að vera búnar eftirvagnatengi þar sem bilið frá jörðu uppfyllir aðra af eftirfarandi formúlum:

$$h_1 \leq \frac{(((m_a - 0{,}2.m_t).l - (S.c))}{(0{,}6.(0{,}8.m_t + S)))}$$

eða

$$h_2 \leq \frac{(((m_a - 0{,}2.m_t).l - (S.c))}{(0{,}6.(0{,}8.m_{lt} - 0{,}2.m_t + S)))}$$

þar sem:

m_t: massi dráttarvélarinnar (sjá lið 1.6. I. viðauka),

m_{lt}: massi dráttarvélarinnar (sjá lið 1.6 í I. viðauka) með þyngdarklossa á framási,

m_a: þungi á framási dráttarvélar án hleðslu (sjá lið 1.9 í IV. viðauka),

m_{la}: þungi á framási dráttarvélarinnar (sjá lið 1.9 í IV. viðauka) með þyngdarklossa á framási,

l: hjólhaf dráttarvélar (sjá lið 1.8 í IV. viðauka),

S: lóðrétt álag á tengipunktinn (sjá lið 1.6 í IV. viðauka),

c: fjarlægð milli viðmiðunarmiðju véltengis og lóðrétta plansins sem liggur í gegnum afturás dráttarvélarinnar (sjá lið1.5 í IV. viðauka).

([22]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/63/EB frá 13. júlí 2009 um tiltekna hluta og eiginleika dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (kerfisbundin útgáfa) (Stjtíð. ESB L 214, 19.8.2009, bls. 23).

4. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU ÍHLUTAR

4.1. Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir dráttarvélar að því er varðar tengibúnað skal lögð fram af framleiðanda búnaðarins eða viðurkenndum fulltrúa hans.

4.2. Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu fyrir hverja gerð véltengiíhlutar fylgi eftirfarandi skjöl og upplýsingar:

– teikningar af tengibúnaðinum í réttum hlutföllum (þrírit): Þessar teikningar skulu einkum gefa nákvæmlega til kynna þau mál sem krafist er og mælingar fyrir uppsetningu,

– stutt tæknileg lýsing á tengibúnaðinum þar sem gerð er grein fyrir framleiðslugerð og efninu sem er notað,

– tilgreining á D-gildinu sem um getur í 2. viðbæti fyrir hreyfiprófun og T-gildinu (dráttarkraftur) sem um getur í 3. viðbæti fyrir kyrrstöðuprófun, og einnig lóðrétt álag á tengipunktinn S,

– eitt eða fleiri sýnishorn búnaðar að beiðni tækniþjónustunnar.

5. ÁLETRANIR

5.1. Á hverjum véltengiíhlut sem svarar til þeirrar gerðar, sem hlotið hefur EB-gerðarviðurkenningu íhlutar skulu vera eftirfarandi merkingar:

5.1.1. viðskiptaheiti eða vörumerki,

5.1.2. EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar samkvæmt fyrirmyndinni í 4. viðbæti,

5.1.3. þegar styrkleiki er athugaður í samræmi við 2. viðbæti (hreyfiprófun):

leyfilegt D-gildi,

kyrrstöðugildi lóðrétts álags S,

5.1.4. þegar styrkleiki er athugaður í samræmi við 3. viðbæti (kyrrstöðuprófun):

dráttarmassi og lóðrétt álag á tengipunkt, S.

5.2. Upplýsingarnar skulu vera greinilegar, auðlæsilegar og endingargóðar.


6. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

Öllum véltengjum skulu fylgja notkunarleiðbeiningar framleiðanda. Þessar leiðbeiningar skulu taka til EB-gerðarviðurkenningarnúmers íhlutar sem og D- eða T-gildis, eftir því hvaða prófun var framkvæmd á tenginu.


_____

1. viðbætir


TEIKNINGAR AF VÉLTENGIÍHLUTUM




Mynd 1a — Handvirkt eftirvagnatengi með sívölum láspinna



Mynd 1b — Sjálfvirkt eftirvagnatengi með sívölum láspinna




Mynd 1c — Sjálfvirkt eftirvagnatengi með bognum láspinna



Mynd 2 — Handvirkt eftirvagnatengi

svarar til hluta 2 í ISO 6489 frá júlí 2002



Mynd 3 — Dráttarbeisli

svarar til hluta 3 í ISO 6489 frá júní 2004

2. viðbætir

HREYFIPRÓFUNARAÐFERÐ

1. PRÓFUNARAÐFERÐ

Styrkur véltengis er ákvarðaður með breytilegu átaki á prófunarbekk.

Hér er lýst aðferð við prófun á málmþreytu sem skal notuð á allan véltengibúnaðinn, þ.e. véltengið, ásamt öllum nauðsynlegum hlutum til uppsetningar þess er sett í prófunarbekk og prófað.

Breytilegum kröftum er beitt á sínusferli eftir því sem mögulegt er (með breytilegum eða vaxandi krafti) og fara álagssveiflur eftir smíðaefninu. Engar rifur eða brot mega koma fram við þessa prófun.

2. PRÓFUNARSKILYRÐI

Prófunarálagið byggist á láréttum kraftþætti eftir lengdarási ökutækisins ásamt lóðréttum kraftþætti.

Hvorki láréttu kraftþættirnir þvert á lengdarás ökutækis né kraftvægi er tekið með í reikninginn, svo fremi það teljist hafa litla þýðingu.

Láréttu kraftþættirnir eftir lengdarási ökutækisins eru táknaðir með útreiknuðum viðmiðunarkrafti, gildinu D.

Eftirfarandi jafna gildir um véltengi:

$$D = g \cdot (M_T \cdot M_R)/(M_T + M_R)$$

þar sem:

M_T = tæknilega leyfilegur heildarmassi dráttarvélarinnar,

M_R = tæknilega leyfilegur heildarmassi eftirvagns,

g = 9,81 m/s^2.

Lóðréttir kraftþættir hornréttir á akbrautina eru táknaðir með lóðrétta kyrrstöðuálaginu S.

Framleiðandi tilgreinir tæknilega leyfilegt álag.

3. PRÓFUNARAÐFERÐ

3.1. **Almennar kröfur**

Prófunarkraftinum er beitt á véltengibúnaðinn sem er prófaður með viðeigandi stöðluðu dráttarauga undir horninu sem myndast af afstöðunni milli lóðrétta prófunarkraftsins F_v og lárétta prófunarkraftsins F_h, í stefnu eftir lengdarmiðjuplaninu framan frá og aftur úr.

Prófunarkraftinum er beitt við venjulegan snertipunkt milli véltengibúnaðarins og dráttaraugans.

Hlaup milli véltengisins og dráttaraugans skal vera eins lítið og unnt er.

Meginreglan er sú að prófunarkraftinum er beitt með breytilegum styrk í kringum núllpunktinn. Þegar um er að ræða prófun með breytilegum prófunarkrafti er meðalálagið núll.

Ef hönnun tengibúnaðarins (t.d. of mikið hlaup í dráttarkrók) leyfir ekki að prófun sé framkvæmd með breytilegum prófunarkrafti er heimilt að beita prófunarkrafti með vaxandi álagi í dráttar- eða þrýstistefnu eftir því hvort gefur meira álag.

Þegar prófunin er framkvæmd með vaxandi álagi er prófunarálagið jafnt mesta álagi og skal minnsta álag ekki að vera meira en 5% af mesta álagi.

Við prófun með vaxandi álagi skal gæta þess, með heppilegri uppbyggingu prófunartækis og vali þess búnaðar sem gefur kraftinn, að ekki komi til neinn aukakraftur eða kraftvægi hornrétt á stefnu prófunarkraftsins; hornskekkjan fyrir stefnu krafts í prófun með breytilegu álagi skal ekki fara yfir ±1,5°, við prófun með vaxandi álagi er hornið stillt miðað við mesta álag.

Prófunartíðni skal ekki vera meiri en 30 Hz.

Að því er varðar íhluti úr stáli eða steyptu stáli eru álagssveiflurnar $2 \cdot 10^6$. Eftirfarandi sprunguprófanir eru framkvæmdar með því að nota litísíunaraðferðina eða sambærilega aðferð.

Ef fjöðrum eða deyfurum er komið fyrir í tengihlutunum þá eru þeir ekki fjarlægðir meðan á prófun stendur, en unnt er að skipta þeim út ef þeir eru settir undir óvenjulegt álag við prófun (t.d. varmaálag) og skemmast. Hegðun þeirra fyrir, við og eftir prófun skal lýst í prófunarskýrslunni.

3.2. **Prófunarkraftar**

Prófunarkrafturinn er rúmfræðilega samsettur úr láréttum og lóðréttum prófunarþáttum svo sem hér segir:

$$F = \sqrt{(F_h^2 + F_v^2)}$$

þar sem:

F_h = $\pm 0{,}6 \cdot D$ þegar um er að ræða breytilegan kraft,

eða

F_h = $\pm 1{,}0 \cdot D$ þegar um er að ræða vaxandi kraft (dráttar- eða þrýstings-),

F_v = $g \cdot 1{,}5 \cdot S$

S = kyrrstöðuálag á dráttarbeisli (lóðréttir kraftþættir á akbrautina).

3. viðbætir

TENGIBÚNAÐUR

AÐFERÐ VIÐ KYRRSTÖÐUPRÓFUN

1. PRÓFUNARFORSKRIFTIR

1.1. **Almennt**

1.1.1. Með fyrirvara um eftirlit með smíðaeiginleikum skal framkvæma kyrrstöðuprófanir á dráttarbúnaði í samræmi við kröfurnar í liðum 1.2, 1.3 og 1.4.

1.2. **Prófunarundirbúningur**

Framkvæma skal prófanirnar í sérstakri vél, þannig að dráttarbúnaðurinn og allur búnaður sem tengir hann við yfirbyggingu dráttarvélarinnar sé festur við ósveigjanlega einingu með sömu íhlutum og eru notaðir til að festa hann við dráttarvélina.

1.3. **Prófunartæki**

Tækin sem eru notuð til að skrá álag sem beitt er og hreyfingu skulu geta mælt með eftirfarandi nákvæmni:

– álag sem beitt er: ±50 daN,

– hreyfing: ±0,01 mm.

1.4. **Prófunaraðferð**

1.4.1. Tengibúnaðurinn skal fyrst settur undir álag fyrir átak sem fer ekki yfir 15% af átaksprófunarálaginu, sem skilgreint er í lið 1.4.2.

1.4.1.1. Aðgerðin sem lýst er í lið 1.4.1. skal endurtekin a.m.k. tvisvar og skal byrjað með núllálagi, sem síðan er smám saman aukið þar til gildinu sem er tilgreint í lið 1.4.1. er náð og síðan minnkað að 500 daN; þessu lokaálagi skal haldið í a.m.k. 60 sekúndur.

1.4.2. Skráning gagna sem gerir kleift að teikna ferilinn sem sýnir tengslin milli álagsins og aflögunar eða línurit frá prentaranum sem er tengdur dráttartækinu skal byggð á auknu álagi eingöngu frá 500 daN að telja miðað við viðmiðunarmiðju tengibúnaðarins.

Engin brot mega koma fram að því er varðar gildi sem eru jafnhá eða minni en dráttarprófunarálagið sem er fastsett sem 1,5 sinnum tæknilega leyfilegur massi eftirvagns; að auki skal hafa eftirlit með að ferillinn yfir aflaganir með hliðsjón af álagi sýni jafna framvindu, án risa eða lægða á bili milli 500 daN og 1/3 af hámarksdráttarálagi.

1.4.2.1. Varanleg aflögun er skráð á ferilinn álag/aflögun fyrir 500 daN álag eftir að prófunarálagið hefur verið sett á þetta gildi aftur.

1.4.2.2. Varanleg skráð aflögunargildi skulu ekki vera meira en 25% af sveigjanlegri hámarksaflögun.

1.5. Prófunin sem um getur í lið 1.4.2. skal framkvæmd á eftir prófuninni þar sem upphafsálag, þrefalt leyfilegt lóðrétt hámarksálag sem framleiðandi mælir með, er sett á viðmiðunarmiðju tengibúnaðarins smám saman og er upphafsálagið 500 daN.

Á meðan á prófuninni stendur skal aflögun tengibúnaðar ekki vera meiri en 10% af sveigjanlegri hámarks-aflögun.

Eftirlit er viðhaft eftir að lóðrétta álaginu hefur verið aflétt og komið hefur verið á upphaflegu 500 daN álagi.

4. viðbætir

GERÐARVIÐURKENNINGARMERKI ÍHLUTAR

EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar er samsett úr:


– rétthyrningi utan um lágstafinn „e“, þar á eftir komi auðkennandi tákn (bókstafir eða tölustafir) aðildarríkisins sem veitti gerðarviðurkenningu íhluta:

– 1 fyrir Þýskaland, 2 fyrir Frakkland, 3 fyrir Ítalíu, 4 fyrir Holland, 5 fyrir Svíþjóð, 6 fyrir Belgíu, 7 fyrir Ungverjaland, 8 fyrir Tékkland, 9 fyrir Spán, 11 fyrir Breska konungsríkið, 12 fyrir Austurríki, 13 fyrir Lúxemborg, 17 fyrir Finnland, 18 fyrir Danmörku, 19 fyrir Rúmeníu, 20 fyrir Pólland, 21 fyrir Portúgal, 23 fyrir Grikkland, 24 fyrir Írland, 26 fyrir Slóveníu, 27 fyrir Slóvakíu, 29 fyrir Eistland, 32 fyrir Lettland, 34 fyrir Búlgaríu, 36 fyrir Litháen, 49 fyrir Kýpur, 50 fyrir Möltu.

– EB-gerðarviðurkenningarnúmeri íhlutar sem svarar til númersins á EB-gerðarviðurkenningarvottorði íhlutar sem gefið er út fyrir gerð viðkomandi tengibúnaðar, að því er varðar styrkleika og mál, sett hvar sem er undir og nálægt rétthyrningnum,

– hástafnum „D“ eða „S“, í samræmi við prófunina sem var framkvæmd á véltenginu (hreyfiprófun = D og kyrrstöðuprófun = S), fyrir ofan rétthyrninginn utan um lágstafinn „e“.

Dæmi um EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar



a ≥ 30 mm

Tengið sem ber EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar sem er sýnt hér fyrir ofan er tengi sem hlaut EB-gerðarviðurkenningu í Þýskalandi (e 1) samkvæmt númeri 88-563 og sem hreyfiprófun (D) var gerð á.

5. viðbætir

FYRIRMYND AÐ EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐI ÍHLUTAR

Heiti yfirvalds

UPPLÝSINGAR UM VEITINGU, SYNJUN, AFTURKÖLLUN EÐA RÝMKUN Á EB-GERÐARVIÐURKENNINGU ÍHLUTAR FYRIR ÁKVEÐNA GERÐ TENGIBÚNAÐAR (GAFFALTENGI, DRÁTTARKRÓKUR, DRÁTTARBEISLI) AÐ ÞVÍ ER VARÐAR STYRKLEIKA, MÁL OG LÓÐRÉTT ÁLAG Á TENGIPUNKT

EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar:

.....

..... rýmkun ([1])

1. Viðskiptaheiti eða vörumerki:

.....

.....

2. Gerð tengibúnaðar (gaffaltengi, dráttarkrókur, dráttartæki dráttarvélar) ([2]):

.....

3. Nafn og heimilisfang framleiðanda tengibúnaðar:

.....

.....

4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda tengibúnaðar, ef við á:

.....

5. Tengibúnaðurinn var settur í hreyfiprófun/kyrrstöðuprófun ([2]) og viðurkenndur fyrir eftirfarandi gildi:

5.1. *Hreyfiprófun:*

gildið D:

..... (kN)

lóðrétt álag á tengipunktinn:

..... (daN)

5.2. *Kyrrstöðuprófun:*

dráttarmassi:

..... (kg)

lóðrétt álag á tengipunktinn:

..... (daN)

6. Lagt fram til EB-gerðarviðurkenningar íhlutar þann

.....

7. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:

.....

8. Dagsetning og númer prófunarskýrslu:

.....

9. EB-gerðarviðurkenning íhlutar er veitt/synjað er um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar að því er varðar véltengi ([2]):

.....

10. Staður: .....

11. Dagsetning: .....

12. Eftirtalin skjöl með gerðarviðurkenningarnúmeri íhlutar, sem sýnt er hér að framan, fylgja þessu vottorði (t.d. prófunarskýrsla, teikningar o.s.frv.): Skjölin skulu send þar til bærum stofnunum hinna aðildarríkjanna að beiðni þeirra:

.....

.....

13. Athugasemdir:

.....

14. Undirskrift: .....

([1]) Greinið frá, eftir atvikum, hvort um er að ræða fyrstu, aðra o.s.frv. rýmkun á upprunalegri EB-gerðarviðurkenningu íhlutar.
([2]) Strikið út eftir því sem við á.

6. viðbætir

SKILYRÐI FYRIR VEITINGU EB-GERÐARVIÐURKENNINGAR

1. Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu fyrir dráttarvél að því er varðar styrkleika og mál tengibúnaðar er lögð fram af dráttarvélarframleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans.

2. Dæmigerð dráttarvél fyrir dráttarvélagerðina sem á að viðurkenna er lögð fram búin tilhlýðilega viðurkenndum tengibúnaði, til tækniþjónustunnar sem sér um gerðarviðurkenningarprófanirnar.

3. Tækniþjónustan sem sér um gerðarviðurkenningarprófanirnar athugar hvort viðurkennd gerð tengibúnaðar henti til uppsetningar í dráttarvélagerðinni sem farið er fram á gerðarviðurkenningu fyrir. Einkum skal ganga úr skugga um að festingar tengibúnaðar svari til þess sem var prófaður þegar EB-gerðarviðurkenning íhlutar var veitt.

4. Handhafi EB-gerðarviðurkenningar getur sótt um rýmkun svo hún nái til annarra gerða tengibúnaðar.

5. Lögbær yfirvöld veita slíka rýmkun að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

5.1. hin nýja gerð tengibúnaðar hafi hlotið EB-gerðarviðurkenningu íhlutar,

5.2. að tengibúnaðurinn henti til uppsetningar á dráttarvélagerðinni sem farið er fram á rýmkun EB-gerðarviðurkenningar fyrir;

5.3. festing tengibúnaðarins á dráttarvélinni svarar til þess sem var lagt fram þegar EB-gerðarviðurkenningin var veitt.

6. Vottorð er látið fylgja EB-gerðarviðurkenningarvottorði fyrir hverja gerðarviðurkenningu eða rýmkun á gerðarviðurkenningu, sem er veitt eða synjað og er fyrirmynd þess sýnd í 5. viðbæti.

7. Ef sótt er um EB-gerðarviðurkenningu fyrir dráttarvélargerð á sama tíma og farið er fram á EB-gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir tengibúnaðargerð dráttarvélar sem sótt er um EB-gerðarviðurkenningu fyrir, gilda 2. og 3. liður ekki.

7. viðbætir

FYRIRMYND

Heiti yfirvalds

VIÐAUKI VIÐ EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR DRÁTTARVÉLARGERÐ AÐ ÞVÍ ER VARÐAR TENGIBÚNAÐ OG STYRKLEIKA FESTINGA

(2. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum)

EB-gerðarviðurkenningarnúmer: ... .

..... rýmkun ([1])

1. Viðskiptaheiti eða vörumerki dráttarvélar:

   .....

2. Dráttarvélargerð og viðskiptaheiti:

   .....

3. Nafn og heimilisfang framleiðanda dráttarvélar:

   .....

   .....

4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda, ef við á:

   .....

   .....

5. Viðskiptaheiti eða vörumerki tengibúnaðar:

   .....

   .....

6. Gerð(-ir) tengibúnaðar:

   .....

7. EB-merki og EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar:

   .....

8. Rýmkun á EB-gerðarviðurkenningu til eftirfarandi gerðar/gerða tengja:

   .....

   .....

9. Leyfilegt lóðrétt kyrrstöðuálag á tengipunktinn:

..... daN

10. Dráttarvél lögð fram til prófunar vegna EB-gerðarviðurkenningar þann:

.....

11. Tækniþjónusta sem sér um prófanir vegna EB-gerðarviðurkenningar:

.....

12. Dagsetning prófunarskýrslu sem tækniþjónustan gefur út:

.....

13. Númer prófunarskýrslu sem þjónustan gefur út:

.....

14. EB-gerðarviðurkenning er veitt/synjað er um EB-gerðarviðurkenningu að því er varðar tengibúnað og styrkleika festinga hans við dráttarvélina ([2]):

15. Rýmkun EB-gerðarviðurkenningar er veitt/synjað er um rýmkun EB-gerðarviðurkenningar að því er varðar tengibúnað og styrkleika festinga hans við dráttarvélina ([2]):

.....

16. Staður: .....

17. Dagsetning: .....

18. Undirskrift: .....

([1]) Ef við á, skal tilgreina hvort um er að ræða fyrstu, aðra o.s.frv. rýmkun upprunalegrar EB-gerðarviðurkenningu íhlutar.
([2]) Strikið út eftir því sem við á.

V. VIÐAUKI

Staðsetning á lögboðnum merkiplötum og áletrunum á yfirbyggingu dráttarvélar og aðferð við að festa þær á

1. ALMENNT

1.1. Allar dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt skulu vera með merkiplötu og áletrunum sem lýst er í eftirfarandi liðum. Merkiplatan og áletranirnar eru festar á annaðhvort af framleiðandandanum eða viðurkenndum fulltrúa hans.

2. MERKIPLATA FRAMLEIÐANDA

2.1. Merkiplata framleiðanda sem er gerð í samræmi við þá sem sýnd er í viðbæti við þennan viðauka skal fest tryggilega á áberandi og aðgengilegum stað á hluta sem að öllu jöfnu þarf aldrei að skipta um. Á plötunni skulu eftirfarandi upplýsingar vera óafmáanlegar og greinilegar í þeirri röð sem hér fer á eftir:

2.1.1. Nafn framleiðanda

2.1.2. Gerð dráttarvélar (og ef þörf krefur útfærsla).

2.1.3. EB-gerðarviðurkenningarnúmer:

EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar samanstendur af lágstafnum „e“ og auðkennistákni (bókstaf/bókstöfum eða númeri) aðildarríkisins sem veitti gerðarviðurkenningu íhlutar:

1 fyrir Þýskaland, 2 fyrir Frakkland, 3 fyrir Ítalíu, 4 fyrir Holland, 5 fyrir Svíþjóð, 6 fyrir Belgíu, 7 fyrir Ungverjaland, 8 fyrir Tékkland, 9 fyrir Spán, 11 fyrir Breska konungsríkið, 12 fyrir Austurríki, 13 fyrir Lúxemborg, 17 fyrir Finnland, 18 fyrir Danmörku, 19 fyrir Rúmeníu, 20 fyrir Pólland, 21 fyrir Portúgal, 23 fyrir Grikkland, 24 fyrir Írland, 26 fyrir Slóveníu, 27 fyrir Slóvakíu, 29 fyrir Eistland, 32 fyrir Lettland, 34 fyrir Búlgaríu, 36 fyrir Litháen, 49 fyrir Kýpur, 50 fyrir Möltu.

og gerðarviðurkenningarnúmerið sem samsvarar númeri gerðarviðurkenningarvottorðsins sem er gefið út vegna gerðar ökutækisins.

Stjarna komi á milli lágstafsins „e“, með auðkennandi tákni aðildarríkisins sem veitir gerðarviðurkenninguna á eftir, og gerðarviðurkenningarnúmersins.“

2.1.4. Auðkennisnúmer dráttarvélar.

2.1.5. Lágmarks- og hámarksgildi fyrir mesta leyfilega massa dráttarvélarinnar með hleðslu, tilgreind eftir hjólbarðagerð.

2.1.6. Leyfilegur hámarksmassi ökutækis á hvern ás dráttarvélarinnar, sem tilgreindur er eftir hjólbarðagerð; upplýsingar um framás skal skrá fyrst og síðan aftur eftir dráttarvélinni.

2.1.7. Tæknilega leyfilegur dráttarmassi: sem um getur í lið 1.7 í I. viðauka.

2.1.8. Aðildarríkin geta krafist þess að fyrir dráttarvélar sem settar eru á markað á yfirráðasvæði þeirra sé landið þar sem lokasamsetning á sér stað einnig tilgreint auk nafns framleiðandans þegar lokasamsetning átti sér stað annars staðar en í landi framleiðandans en ekki í aðildarríki innan Bandalagsins.

2.2. Framleiðanda er heimilt að setja viðbótarupplýsingar fyrir neðan eða til hliðar við þær upplýsingar sem mælt er fyrir um utan við skýrt afmarkaðan rétthyrning þar sem eru eingöngu upplýsingarnar í liðum 2.1.1 til 2.1.7 (sjá dæmi um merkiplötu framleiðanda hér á eftir).

3. VERKSMIÐJUNÚMER DRÁTTARVÉLAR

Verksmiðjunúmer dráttarvélarinnar er föst samsetning rittákna sem framleiðandi ákveður fyrir hverja dráttarvél. Markmiðið er að tryggja að unnt sé að bera örugg kennsl á hverja dráttarvél yfir 30 ára tímabil fyrir tilstilli framleiðandans, án þess að frekari upplýsinga sé þörf.

Verksmiðjunúmerið skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

3.1. Það skal sett á merkiplötu framleiðanda og einnig á undirvagninn eða sambærilega hluta ökutækisins.

3.1.1. Þegar því verður komið við skal það standa í einni línu.

3.1.2. Það skal sett á undirvagninn eða tilsvarandi hluta ökutækisins hægra megin að framan.

3.1.3. Því skal komið fyrir á áberandi og aðgengilegum stað með því að negla eða stimpla það á þannig að það geti ekki máðst eða eyðst.

4. RITTÁKN

4.1. Nota skal rómverska bókstafi og arabískar tölur við allar merkingar sem kveðið er á um í liðum 2 og 3. Rómversku bókstafirnir sem eru notaðir við merkingarnar sem kveðið er á um í liðum 2.1.1 og 3 skulu vera hástafir.

4.2. Í verksmiðjunúmeri dráttarvélar:

4.2.1. er bannað að nota bókstafina „I“, „O“ og „Q“, þankastrik, stjörnur eða önnur sérstök tákn,

4.2.2. skal lágmarkshæð bókstafa og tölustafa vera sem hér segir:

4.2.2.1. 7 mm fyrir rittákn sem sett eru beint á undirvagn eða grind eða samsvarandi burðarvirki ökutækis,

4.2.2.2. 4 mm fyrir rittákn sem sett eru á merkiplötu framleiðanda.

Dæmi um merkiplötu framleiðanda

Eftirfarandi dæmi gefur á engan hátt til kynna hvaða upplýsingar kunna raunverulega að vera settar á merkiplötu framleiðandans, það er eingöngu sýnt í upplýsingaskyni.

STELLA TRAKTOR WERKE
Gerð: 846 E
EB-númer: e * 1 * 1792
Verksmiðjunúmer: GBS18041947
Leyfilegur heildarmassi (*): 4820 til 6310 kg Leyfilegt álag á framás (*): 2390 til 3200 kg Leyfilegt álag á afturás (*): 3130 til 4260 kg
(*) Fer eftir gerð hjólbarða
Leyfilegur dráttarmassi: – dráttarmassi án hemla: 3000 kg – dráttarmassi með sjálfstæðri hemlun: 6000 kg – dráttarmassi með ýtihemlum: 3000 kg – dráttarmassi með hjálparhemlum (vökva- eða lofthemlum): 12000 kg

Viðbætir

FYRIRMYND

Heiti yfirvalds

Viðauki við EB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir dráttarvélargerð að því er varðar staðsetningu á lögboðnum merkiplötum og áletrunum á yfirbyggingu dráttarvélar og aðferð við að festa þær á

(2. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum)

EB-gerðarviðurkenningarnúmer: ... .

1. Tegund dráttarvélar eða firmaheiti framleiðanda:

   .....

2. Gerð og þar sem við á viðskiptaheiti dráttarvélarinnar:

   .....

3. Nafn og heimilisfang framleiðanda:

   .....

4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda, ef við á:

   .....

5. Dráttarvélin lögð fram til EB-gerðarviðurkenningar þann:

   .....

6. Tækniþjónustan sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar:

   .....

7. Dagsetning skýrslu sem þjónustan gefur út:

   .....

8. Númer skýrslu sem þjónustan gefur út:

   .....

9. EB-gerðarviðurkenning er veitt/synjað er um EB-gerðarviðurkenningu að því er snertir staðsetningu á lögboðnum merkiplötum og áletrunum á yfirbyggingu dráttarvélar og aðferðinni við að festa þær á ([1]).

10. Staður: .....

11. Dagsetning: .....

12. Undirskrift: .....

13. Eftirtalin skjöl með EB-gerðarviðurkenningarnúmerinu, sem getið er hér að framan, fylgja þessu vottorði:

..... málsettar teikningar,

..... yfirlitsteikning eða ljósmynd af staðsetningu á lögboðnum merkiplötum og áletrunum á yfirbyggingu dráttarvélar og aðferð við að festa þær á dráttarvélina.

Þessi gögn skulu afhent lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja ef þau krefjast þess.

14. Athugasemdir: .....

.....

.....

.....

(1) Strikið út eftir því sem við á.

VI. VIÐAUKI

HEMLASTJÓRNBÚNAÐUR EFTIRVAGNA OG HEMLATENGI MILLI DRÁTTARVÉLARINNAR OG EFTIRVAGNANNA

1. Þegar dráttarvél er búin hemlastjórnbúnaði eftirvagna skal hann vera annaðhvort hand- eða fótvirkur og unnt að stilla hann og stýra honum úr ökumannssætinu og stjórn annars búnaðar má ekki hafa nein áhrif á hann.

   Þegar dráttarvélin er búin vökva- eða lofthemlakerfi sem er staðsett milli dráttarvélarinnar og þess massa sem dreginn er skal aðeins gera ráð fyrir einum stjórnbúnaði fyrir hemlun á samtengdu ökutækjunum.

2. Hemlakerfið sem er notað má vera kerfi með þeim eiginleikum sem skilgreindir eru í I. viðauka við tilskipun 76/432/EBE að því er varðar hemlabúnað dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt.

   Uppsetningin skal hönnuð og útfærð á þann hátt að tryggt sé að notkun dráttarvélarinnar skerðist ekki þegar hemlabúnaður eftirvagnsins bilar eða starfar ekki sem skyldi eða tengingin rofnar.

3. Þegar tengingin milli dráttarvélarinnar og eftirvagnsins/eftirvagnanna, er vökva- eða lofttenging skal hún einnig uppfylla eitt eftirfarandi skilyrða.

3.1. **Vökvatengi:**

   Vökvatengið skal vera af þeirri gerð sem er með einni leiðslu.

   Það skal vera í samræmi við ISO-staðal 5676 frá 1983 og skal tengihlutinn vera á dráttarvélinni.

   Stjórnun á búnaðinum skal gefa núllþrýsting á samtengið þegar stjórnbúnaður er í hlutlausri stöðu; vinnuþrýstingur skal ekki vera minni en 10 og ekki meiri en 15 MPa.

   Ekki skal vera unnt að aftengja aflgjafa frá vélinni.

3.2. **Lofttengi:**

   Tengið milli dráttarvélarinnar og eftirvagnsins/eftirvagnanna er með tveimur leiðslum; sjálfvirkri og beinni hemlaleiðslu sem er virkjuð með auknum þrýstingi.

   Samtengið skal vera í samræmi við ISO-staðal 1728 frá 1980.

   Þegar stjórnbúnaðurinn er ræstur skal vinnuþrýstingur við samtengið ekki vera minni en 0,65 og ekki meiri en 0,8 MPa.

Viðbætir

FYRIRMYND

Heiti yfirvalds

VIÐAUKI VIÐ EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR DRÁTTARVÉLARGERÐ AÐ ÞVÍ ER VARÐAR HEMLASTJÓRNBÚNAÐ EFTIRVAGNSINS

(2. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum)

EB-gerðarviðurkenningarnúmer: ... .

1. Tegund dráttarvélar (eða firmaheiti framleiðanda):

   .....

   .....

2. Gerð og ef við á verslunarheiti dráttarvélarinnar:

   .....

3. Nafn og heimilisfang framleiðanda:

   .....

4. Ef við á, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda

   .....

5. Lýsing á íhlut/íhlutum og/eða eiginleikum hemlastjórnbúnaðar á eftirvagninn:

   .....

6. Dráttarvélin lögð fram til EB-gerðarviðurkenningar þann:

   .....

7. Tækniþjónustan sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar:

   .....

8. Dagsetning skýrslu sem þjónustan gefur út

   .....

9. Númer skýrslu sem þjónustan gefur út

   .....

10. EB-gerðarviðurkenning er veitt/synjað er um EB-gerðarviðurkenningu að því er varðar hemlastjórnbúnað ökutækja sem eru dregin ([1]):

11. Staður: .....

12. Dagsetning: .....

13. Undirskrift: .....

14. Eftirtalin skjöl með EB-gerðarviðurkenningarnúmerinu, sem getið er hér að framan, fylgja þessu vottorði:

..... yfirlitsteikning eða ljósmynd af tilheyrandi hlutum dráttarvélarinnar.

Ef lögbær yfirvöld hinna aðildarríkjanna krefjast þess, skulu þeim látin í té þessi gögn.

15. Athugasemdir:

.....

.....

(1) Strikið út eftir því sem við á.

VII. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 10. gr.)

Tilskipun ráðsins 89/173/EBE
Stjtíð. EB L 67, 10.3.1989, bls. 1.

Ákvæði liðar XI.C.II.7 í I. viðauka við aðildarlögin frá 1994
Stjtíð. EB L 241, 29.8.1994, bls. 207.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB Stjtíð. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24.	Einungis að því er varðar tilvísanir í fyrsta undirlið 1. gr. tilskipunar 89/173/EBE
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/1/EB Stjtíð. EB L 21, 26.1.2000, bls. 16.	
Ákvæði liðar I.A.33 í II. viðauka við aðildarlögin frá 2003 Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 62.	
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/26/EB Stjtíð. ESB L 65, 7.3.2006, bls. 22.	Einungis að því er varðar tilvísanir í tilskipun 89/173/EBE í 4. gr. og IV. viðauka.
Tilskipun ráðsins 2006/96/EB Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 81.	Einungis að því er varðar tilvísanir í tilskipun 89/173/EBE í 1. gr. og lið A.31 í viðaukanum

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 10. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
89/173/EBE	31. desember 1989	—
97/54/EB	22. september 1998	23. september 1998
2000/1/EB	30. júní 2000	—
2006/26/EB	31. desember 2006 ([1])	—
2006/96/EB	1. janúar 2007	—

([1]) Í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2006/26/EB:

„1. Að því er varðar ökutæki sem eru í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 74/151/EBE, 78/933/EBE, 77/311/EBE og 89/173/EBE, eins og þeim var breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin ekki, frá og með 1. janúar 2007, af ástæðum sem varða efnisatriði hlutaðeigandi tilskipunar:
   a) synja um EB-gerðarviðurkenningu eða veitingu innlendrar gerðarviðurkenningar,
   b) banna að téð ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun.

2. Að því er varðar ökutæki sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 74/151/EBE, 78/933/EBE, 77/311/EBE og 89/173/EBE, eins og þeim var breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, frá og með 1. júlí 2007, af ástæðum sem varða efnisatriði hlutaðeigandi tilskipunar:
   a) hætta að veita EB-gerðarviðurkenningu,
   b) hafa heimild til að synja um innlenda gerðarviðurkenningu.

3. Að því er varðar ökutæki sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 74/151/EBE, 78/933/EBE, 77/311/EBE og 89/173/EBE, eins og þeim var breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, frá og með 1. júlí 2009, af ástæðum sem varða efnisatriði hlutaðeigandi tilskipunar:
   a) líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við ákvæði tilskipunar 2003/37/EB, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr.,
   b) hafa heimild til að neita að ný ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun.“

VIII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 89/173/EBE	Tilskipun 2006/26/EB	Þessi tilskipun
1. gr.		1. gr.
Inngangsorðin í 1. mgr. 2. gr.	Inngangsorðin í 1. mgr. 5. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 2. gr.
Fyrsti til sjötti undirliður 1. mgr. 2. gr.		—
Lokaorð 1. mgr. 2. gr.		—
	a- og b-liður 1. mgr. 5. gr.	Fyrsta undirgrein liður a og b í 1. mgr. 2. gr.
2. mgr. 2. gr.		Önnur undirgrein 1. mgr. 2. gr.
—	2. mgr. 5. gr.	2. mgr. 2. gr.
—	3. mgr. 5. gr.	3. mgr. 2. gr.
3. og 4. gr.		3. og 4. gr.
1. mgr. 5. gr.		Fyrsta undirgrein 5. gr.
2. mgr. 5. gr.		Önnur og þriðja undirgrein 5. gr.
6. til 9. gr.		6. til 9. gr.
1. mgr. 10. gr.		—
2. mgr. 10. gr.		10. gr.
—		11. og 12. gr.
11. gr.		13. gr.
I. til VI. viðauki		I. til VI. viðauki
—		VII. viðauki
—		VIII. viðauki

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/411 **2016/EES/05/07**

frá 11. mars 2015

skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um plúshlaðin fjölliðubindiefni með fjórgreind ammóníumsambönd sem blandað er í málningu og yfirborðsmeðferðarefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 3. mgr. 3 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 lagði Holland fram, 30. október 2013, beiðni til framkvæmdastjórnarinnar um að hún myndi ákveða hvort flokkur af vörum (plúshlaðin fjölliðubindiefni með fjórgreind ammóníumsambönd), sem settar voru á markað með það fyrir augum að blanda þeim í málningu og yfirborðsmeðferðarefni (hér á eftir nefnd „málning“) og veita umræddri málningu þann eiginleika að drepa hættulegar og sjúkdómsvaldandi örverur á þurru yfirborði málningarinnar, væri sæfivara eins og hún er skilgreind samkvæmt fyrsta undirlið a-liðar 1. mgr. 3. gr. og hvort málningin sjálf ætti að teljast vera sæfivara.

2) Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrirtækið, sem setur vörurnar á markað (hér á eftir nefnt „fyrirtækið“), leggur fram samanstanda umræddar vörur af fjölliðum sem er breytt með fjórgreindum ammóníumhópum. Fjölliðan sem er notuð er breytileg frá einni vöru til annarrar, allt eftir óskum málningarframleiðenda. Vörurnar sjálfar hafa ekki örverueyðandi virkni. Fyrirtækið selur þessar vörur til málningarframleiðenda sem síðan blanda þeim saman við aðrar fjölliður, sem eru notaðar til að framleiða málningu, og við herði sem víxltengir allar fjölliðurnar. Víxltengdu fjölliðurnar mynda plúshlaðið yfirborð á þornaðri málningunni sem hefur örverueyðandi áhrif.

3) Að lokinni fyrstu umferð viðræðna við sérfræðinga frá aðildarríkjunum óskaði framkvæmdastjórnin, 2. febrúar 2014, eftir áliti Efnastofnunar Evrópu, í samræmi við g-lið 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um það hvort vörur fyrirtækisins stuðli að örverueyðandi eiginleikum málningar sem hægt er að blanda þeim saman við, hvort umræddir eiginleikar komi til vegna virkni virks efnis og, ef svo er, hvaða virka efni það sé.

4) Álit Efnastofnunar Evrópu var tekið saman af sæfivörunefndinni 9. apríl 2014.

5) Samkvæmt því áliti snýst verkunarhátturinn, sem verið er að skoða, um virkt efni þar eð það byggist á efni, í skilningi 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([2]), sem virkar á skaðlegar lífverur.

6) Virka efnið myndast í málningunni sem því er blandað saman við með efnahvarfi þriggja efnisþátta: plúshlaðna fjölliðubindiefnisins með fjórgreindu ammóníumhópunum sem hafa breytilega keðjulengd og virkan hóp, fjölliðuvatnsþeytu með sama virka hóp og plúshlaðna fjölliðubindiefnið og fjölliðuherðis til að víxltengja ofangreinda fjölliðuefnisþætti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

7) Samkvæmt ofangreindu áliti veltur verkunarháttur virka efnisins enn fremur á rafstöðufræðilegri samsækni sem leiðir til breytinga á lífeðlisfræðilegum og lífefnafræðilegum gangvirkjum (t.d. boðflutningskerfum baktería) og dauða marklífveranna. Verkunarhátturinn getur því ekki eingöngu talist vera eðlisfræðilegur eða vélrænn.

8) Í samræmi við a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 telst það að eyða, hefta, gera meinlausa, hindra virkni eða á annan hátt hafa áhrif á skaðlega lífveru vera sæfivirkni.

9) Plúshlöðnu fjölliðubindiefnunum er ekki ætlað að hafa sæfivirkni í því formi sem þau eru í þegar fyrirtækið afhendir þau til málningarframleiðenda og því standast þau ekki skilgreininguna á sæfivöru.

10) Málning, sem þessum vörum er blandað út í, er blanda sem, í því formi sem málningarframleiðendur afhenda viðskiptavinum sínum hana, myndar virkt efni og er ætlað að hafa sæfivirkni sem er ekki eingöngu eðlisfræðileg eða vélræn og stenst því skilgreininguna á sæfivöru.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Plúshlöðnu fjölliðubindiefnin með fjórgreindu ammóníumsamböndunum, sem sett eru á markað til að málningarframleiðendur blandi þeim út í málningu og yfirborðsmeðferðarefni (hér á eftir nefnd „málning“) með það fyrir augum að málningin öðlist sæfivirkni, skulu ekki teljast vera sæfivörur.

Málningin, sem málningarframleiðendur blanda plúshlöðnu fjölliðubindiefnunum með fjórgreindu ammóníumsamböndunum saman við með það fyrir augum að veita málningunni sæfivirkni, skulu teljast vera sæfivörur.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 11. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/05/08**

frá 9. nóvember 2006

um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til notkunar fyrir skammdrægan búnað

(tilkynnt með númeri C(2006) 5304)

(2006/771/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vegna þess hve almenn notkun skammdrægs búnaðar er í Evrópubandalaginu og á heimsvísu gegnir hann vaxandi hlutverki í efnahagslífinu og í daglegu lífi borgaranna þar sem hann er notaður með mismunandi hætti t.d. í viðvörunarbúnaði, staðbundnum fjarskiptabúnaði, dyraopnurum eða læknisfræðilegum ígræðum. Þróun notkunarmögleika sem byggðir eru á skammdrægum búnaði innan Evrópubandalagsins gæti einnig stuðlað að því að tiltekin stefnumarkmið Bandalagsins náist, t.d. að hinum innri markaði verði komið á, efling nýsköpunar og rannsókna og þróun upplýsingasamfélagsins.

2) Skammdrægur búnaður er yfirleitt fjöldaframleidd og/eða færanleg vara sem auðvelt er að taka með sér og nota yfir landamæri, mismunur á skilyrðum fyrir aðgangi að tíðnirófi hindrar því frjálsa för hans, eykur framleiðslukostnað og skapar hættu á skaðlegum truflunum gagnvart öðrum búnaði og þjónustu sem notar fjarskiptatíðni (áður tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar). Svo nýta megi ávinninginn af innri markaðinum fyrir búnað af þessari gerð og stuðla að samkeppnishæfni framleiðsluiðnaðarins í ESB með því að auka stærðarhagkvæmni og draga úr kostnaði fyrir neytendur ætti að gera fjarskiptatíðniróf aðgengilegt innan Bandalagsins á grundvelli samhæfðra tækniskilyrða.

3) Þar sem þessi gerð búnaðar notar fjarskiptatíðniróf með litlu sendiafli og skammdrægri sendigetu eru möguleikarnir á því að hann trufli aðra notendur tíðnirófsins því yfirleitt takmarkaðir. Slíkur búnaður getur því deilt tíðnisviðum með annarri þjónustu sem er, eða er ekki, háð leyfisveitingu án þess að valda skaðlegum truflunum og getur því verið samhliða öðrum skammdrægum búnaði. Notkun þeirra ætti því ekki að vera háð leyfi í hverju tilviki samkvæmt heimildartilskipuninni 2002/20/EB ([2]). Að auki hefur fjarskiptaþjónusta sem notar fjarskiptatíðni, eins og hún er skilgreind í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins, forgang yfir skammdrægan búnað og er ekki skylt að tryggja að hún verji tilteknar gerðir skammdrægs búnaðar gegn truflunum. Þar sem þarafleiðandi ekki er hægt að tryggja notendum skammdrægs búnaðar neina vörn gegn truflunum, er það á ábyrgð framleiðenda skammdrægs búnaðar að verja slíkan búnað gegn skaðlegum truflunum frá fjarskiptaþjónustu sem notar fjarskiptatíðni og öðrum skammdrægum búnaði sem starfa í samræmi við gildandi landsbundnar reglugerðir eða reglugerðir Bandalagsins. Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samhæfi þeirra (R&TTE-tilskipunin) ([3]) ættu framleiðendur að tryggja að skammdrægur búnaður noti fjarskiptatíðnirófið með skilvirkum hætti svo komast megi hjá því að annar skammdrægur búnaður verði fyrir skaðlegum truflunum.

4) Umtalsverður hluti þessa búnaðar telst nú þegar eða er líklegur til að teljast búnaður í „1. flokki“ samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/299/EB frá 6. apríl 2000 um fyrstu flokkun á þráðlausum búnaði og endabúnaði til fjarskipta og tilheyrandi kennimerki ([4]) sem samþykkt var í samræmi við 1. mgr. 4. gr. R&TTE-tilskipunarinnar. Í ákvörðun 2000/299/EB er viðurkennt jafngildi skilflata fyrir fjarskiptatíðni sem uppfylla skilyrði „1. flokks“ þannig að hægt sé að setja þráðlausan fjarskiptabúnað á markað og taka hann í notkun án takmarkana í öllu Bandalaginu.

5) Þar sem aðgengi að samhæfðu tíðnirófi og tengd notkunarskilyrði ákvarða flokkun í 1. flokk mun þessi ákvörðun festa enn frekar í sessi samfelldni í slíkri flokkun eftir að hún hefur verið fengin.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 312, 11.11.2006, bls. 66. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2008 frá 4. júli 2008 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 23.10.2008, bls. 11.

([1]) Stjtíð. ESB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 108, 24.4.2002, bls. 21.

([3]) Stjtíð. ESB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

([4]) Stjtíð. ESB L 97, 19.4.2000, bls. 13.

6) Þann 11. mars 2004 gaf framkvæmdastjórnin því út umboð ([1]) til Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu, skv. 2. mgr. 4. gr. ákvörðunarinnar um fjarskiptatíðnirófið, til að samhæfa tíðninotkun skammdrægs búnaðar. Í kjölfar umboðsins settu Samtök póst- og fjarskiptastjórna fram í skýrslu ([2]) sinni frá 15. nóvember 2004 lista yfir valfrjálsar samræmingarráðstafanir sem eru til staðar fyrir skammdrægan búnað í Evrópubandalaginu og lýstu því yfir að þörf væri á meira bindandi skuldbindingum frá aðildarríkjunum í því skyni að tryggja lagalegan stöðugleika þeirrar samhæfingar á tíðni sem næst hjá Samtökum póst- og fjarskiptastjórna. Því er nauðsynlegt að koma á fót fyrirkomulagi til að gera slíkar samhæfingarráðstafanir lagalega bindandi innan Evrópubandalagsins.

7) Aðildarríki geta, á landsvísu, heimilað starfrækslu búnaðar við rýmri skilyrði en tilgreind eru í þessari ákvörðun. Hins vegar má ekki starfrækja slíkan búnað án takmarkana í öllu Bandalaginu og því telst hann vera búnaður í 2. flokki samkvæmt flokkuninni í R&TTE-tilskipuninni.

8) Samhæfing samkvæmt þessari ákvörðun ætti ekki að útiloka möguleikann á því að aðildarríki beiti, í rökstuddum tilvikum, umbreytingartímabilum eða fyrirkomulagi til samnýtingar skv. 5. mgr. 4. gr. ákvörðunarinnar um fjarskiptatíðnirófið. Þeim ætti að halda í lágmarki þar sem þau takmarka kosti flokkunar í 1. flokk.

9) Þessi almenna ákvörðun um tæknilega samhæfingu gildir án þess að hafa áhrif á tæknilegar samhæfingarráðstafanir Evrópubandalagsins sem gilda um tiltekin tíðnisvið og tegundir búnaðar eins og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/545/EB frá 8. júlí 2004 um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar á tíðnisviðinu 79 Ghz til notkunar fyrir skammdrægan ratsjárbúnað í vélknúnum ökutækjum í Bandalaginu ([3]), ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/50/EB frá 17. janúar 2005 um samhæfingu á tíðnisviðinu 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar til tímabundinnar notkunar fyrir skammdrægan ratsjárbúnað í vélknúnum ökutækjum í Bandalaginu ([4]), ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/513/EB um samræmda notkun tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar á tíðnisviðinu 5 GHz vegna innleiðingar á þráðlausum aðgangskerfum, þ.m.t. þráðlaus staðarnet (WAS/RLAN) ([5]) eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/928/EB frá 20. desember 2005 um samræmingu á tíðnisviðinu 169,4–169,8125 MHz í Bandalaginu ([6]).

10) Notkun tíðnirófsins fellur undir kröfur í lögum Bandalagsins um lýðheilsuvernd, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB ([7]) og tilmæli ráðsins 1999/519/EB ([8]). Heilsuvernd vegna þráðlauss fjarskiptabúnaðar er tryggð með því að búnaðurinn uppfylli grunnkröfur R&TTE-tilskipunarinnar.

11) Vegna örra tæknilegra breytinga og krafna frá samfélaginu munu nýir notkunarmöguleikar fyrir skammdrægan búnað koma á sjónarsviðið sem leiða til þess að skilyrði fyrir samhæfingu tíðnirófsins þarfnast stöðugrar skoðunar þar sem tekið er tillit til efnahagslegs ávinnings nýrrar notkunar og krafna iðnaðarins og notenda. Aðildarríkin munu þurfa að vakta þessa þróun. Reglubundnar uppfærslur á þessari ákvörðun verða því nauðsynlegar til að bregðast við nýrri markaðs- og tækniþróun. Viðaukann ætti að endurskoða árlega á grundvelli upplýsinga sem viðkomandi aðildarríki taka saman og veita framkvæmdastjórninni. Einnig má hefja endurskoðun í þeim tilvikum er aðildarríki grípur til viðeigandi ráðstafana í samræmi við 9. gr. R&TTE-tilskipunarinnar. Sýni endurskoðun fram á að nauðsynlegt sé að aðlaga ákvörðunina verða breytingar ákveðnar í samræmi við málsmeðferðarreglurnar fyrir samþykkt framkvæmdarráðstafana sem tilgreindar eru í ákvörðuninni um fjarskiptatíðnirófið. Uppfærslurnar geta falið í sér umbreytingartímabil til að taka tillit til aðstæðna sem skapast vegna eldri búnaðar.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um fjarskiptatíðniróf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið þessarar ákvörðunar er að samhæfa tíðnisvið og tengdar tæknilegar breytur fyrir aðgengi að og skilvirkri notkun á fjarskiptatíðnirófinu fyrir skammdrægan búnað þannig að slíkur búnaður geti notið góðs af flokkun í 1. flokk samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/299/EB.

2. gr

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „skammdrægur búnaður“: sendar sem nota fjarskiptatíðni sem bjóða upp á annaðhvort einátta eða tvíátta fjarskipti og sem senda yfir litla vegalengd með lágu afli,

([1]) Umboð til Samtaka póst- og fjarskiptastjórna til frekari greiningar á samhæfingu tíðnisviða til notkunar fyrir skammdrægan búnað.
([2]) Lokaskýrsla nefndarinnar um rafræn fjarskipti í kjölfar umboðsins sem EB veitti Samtökum póst- og fjarskiptastofnanna til samhæfingar fjarskiptatíðnirófsins fyrir skammdrægan búnað.
([3]) Stjtíð. ESB L 241, 13.7.2004, bls. 66.
([4]) Stjtíð. ESB L 21, 25.1.2005, bls. 15.
([5]) Stjtíð. ESB L 187, 19.7.2005, bls. 22.
([6]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 47.
([7]) Stjtíð ESB L 159, 30.4.2004, bls. 1; leiðrétt í Stjtíð. ESB L 184, 24.5.2004, bls. 1.
([8]) Stjtíð. ESB L 199, 30.7.1999, bls. 59.

2. „án truflana og óvarið“: önnur þjónusta sem notar fjarskiptatíðni má ekki verða fyrir skaðlegum truflunum og enga kröfu er hægt að gera um vörn þessa búnaðar gegn skaðlegum truflunum af völdum þjónustu sem notar fjarskiptatíðni.

3. gr

1. Aðildarríkin skulu tilgreina og gera aðgengilegt opið og óvarið tíðnisvið, án truflana, fyrir gerðir skammdrægs búnaðar með fyrirvara um sérstök skilyrði og innan framkvæmdardagsetninganna sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðildarríkjum heimilt að fara fram á umbreytingartímabil og/eða fyrirkomulag til samnýtingar fjarskiptatíðnirófsins skv. 5. mgr. 4. gr. ákvörðunarinnar um fjarskiptatíðnirófið.

3. Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að heimila notkun tíðnisviðanna undir rýmri skilyrðum en tilgreind eru í viðaukanum við þessa ákvörðun.

4. gr

Aðildarríkin skulu fylgjast með notkun viðkomandi tíðnisviða og skila framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöður sínar svo að unnt sé að endurskoða þessa ákvörðun reglulega og tímanlega.

5. gr

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. nóvember 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Viviane REDING

framkvæmdastjóri

VIÐAUKI

Samhæfð tíðnisvið og tæknilegar breytur fyrir skammdrægan búnað

Gerð skammdrægs búnaðar	Tíðnisvið/stakar tíðnir	Hámarksafl/sviðsstyrkur	Viðbótareftirlitsbreytur/Kröfur um mildandi aðgerðir	Aðrar takmarkanir	Framkvæmdarfrestur
Almennur skammdrægur búnaður ([1])	26,957-27,283 MHz	10mW virkt, útgeislað afl (e.r.p.), sem samsvarar 42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð		Myndbúnaður er undanskilinn	1. júní 2007
	40,660-40,700 MHz	10 mW e.r.p.		Myndbúnaður er undanskilinn	1. júní 2007
	433,05-434,79 MHz	10 mW e.r.p.	Vinnuferli ([2]): allt að 10%	Hljóð- og raddmerki, ásamt myndbúnaði, eru undanskilin	1. júní 2007
	868,0-868,6 MHz	25 mW e.r.p.	Vinnuferli ([2]): allt að 1%	Myndbúnaður er undanskilinn	1. júní 2007
	868,7-869,2 MHz	25 mW e.r.p.	Vinnuferli ([2]): allt að 0,1%	Myndbúnaður er undanskilinn	1. júní 2007
	869,4-869,65 MHz	500 mW e.r.p.	Vinnuferli ([2]): allt að 10% Bil milli rása skal vera 25 kHz, en nota má allt tíðnisviðið sem eina rás fyrir háhraða gagnaflutning	Myndbúnaður er undanskilinn	1. júní 2007
	869,7-870 MHz	5 mW e.r.p.	Raddbúnaður er heimill með þróuðum mildandi aðferðum	Hljóð- og myndbúnaður er undanskilinn	1. júní 2007
	2400-2483,5 MHz	10 mW virkt, einsátta útgeislað afl (e.i.r.p.)			1. júní 2007
	5725-5875 MHz	25 mW e.i.r.p.			1. júní 2007
Viðvörunarbúnaður	868,6-868,7 MHz	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Einnig má nota allt tíðnisviðið sem eina rás fyrir háhraða gagnaflutning Vinnuferli ([2]): allt að 0,1%		1. júní 2007
	869,25-869,3 MHz	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Vinnuferli ([2]): allt að 0,1%		1. júní 2007
	869,65-869,7 MHz	25 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Vinnuferli ([2]): allt að 10%		1. júní 2007

Gerð skammdrægs búnaðar	Tíðnisvið/stakar tíðnir	Hámarksafl/sviðsstyrkur	Viðbótareftirlitsbreytur/ Kröfur um mildandi aðgerðir	Aðrar takmarkanir	Framkvæmdarfrestur
Neyðarboð ([3])	869,20-869,25 MHz	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Vinnuferli ([2]): undir 0,1%		1. júní 2007
Spanbúnaður ([4])	20,05-59,75 kHz	72 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	59,75-60,25 kHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	60,25-70 kHz	69 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	70-119 kHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	119-127 kHz	66 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	127-135 kHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	6765-6795 kHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	13,553-13,567 MHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
Virk læknisfræðileg ígræði ([5])	402-405 MHz	25 µW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Aðrar takmarkanir á rásafyrirkomulagi: Einstakir sendar geta tengt saman aðliggjandi rásir til þess að auka bandvídd með þróuðum mildandi aðferðum		1. júní 2007
Þráðlaus hljóðbúnaður ([6])	863-865 MHz	10 mW e.r.p.			1. júní 2007

([1]) Þessi flokkur er opinn fyrir hvers konar búnað sem uppfyllir tæknilegu skilyrðin (dæmigerð notkun er t.d. fjarmæling, fjarskipun, viðvörun, gögn almennt og annar svipaður búnaður).
([2]) „Vinnuferli“: hlutfall virks sendingartíma búnaðar af hverri klukkustund sem búnaðurinn sendir.
([3]) Neyðarboðabúnaður er notaður til að aðstoða aldraða og fatlaða, sem búa heima, í nauð.
([4]) Þessi flokkur nær t.d. yfir ræsivarnarbúnað í bílum, auðkenningu dýra, viðvörunarkerfi, kapalleit, meðhöndlun úrgangs, persónuleg auðkenni, þráðlaust talsamband, aðgangsstýringar, nándarnema, þjófavarnarkerfi þ.á. m. spankerfi á útvarpstíðni, gagnaflutning í lófabúnað, sjálfvirka auðkenningu á vörum, þráðlaus stjórnkerfi og sjálfvirka greiðslu vegatolla.
([5]) Þessi flokkur nær yfir virk ígræðanleg lækningatæki sem nota útvarpsbylgjur, eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 90/385/EB frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki (Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17).
([6]) Búnaður fyrir þráðlaus hljóðkerfi, þ.á m.: þráðlausa hátalara, þráðlaus heyrnartól, þráðlaus heyrnartól til notkunar með ferðatækjum, t.d. ferðageislaspilurum, kassettutækjum eða útvörpum sem notendur bera á sér, þráðlaus heyrnartól til notkunar í ökutækjum, t.d. með útvarpi eða farsíma o.s.frv., hlustunarbúnað í eyra fyrir tónleika eða aðrar sviðsuppfærslur.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/05/09**

frá 23. nóvember 2006

um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar fyrir örmerkjabúnað sem er notaður á UHF-tíðnisviðinu

(tilkynnt með númeri C(2006) 5599)

(2006/804/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tækni til auðkenningar með fjarskiptatíðni (RFID), sem er sérstök tegund skammdrægs búnaðar, fylgir hugsanlega mikilvægur efnahagslegur og félagslegur ávinningur fyrir Evrópu. Mismunandi notkun RFID-tækninnar er möguleg, t.d. sjálfvirk auðkenning á vörum, rakning á ferli eigna, öryggis- og viðvörunarkerfi, meðhöndlun úrgangs, nándarnemar, þjófavarnarkerfi, staðsetningarkerfi, gagnaflutningur í lófabúnað og þráðlaus stjórnkerfi. Þróun búnaðar sem byggir á RFID-tækni sem er notuð á UHF-tíðni í Evrópubandalaginu stuðlar að viðgangi upplýsingasamfélagsins og framgangi nýsköpunar.

2) Samhæfð skilyrði og réttarvissa að því er varðar tiltækileika fjarskiptatíðnisviðs fyrir RFID-búnað sem er notaður á UHF-tíðni eru nauðsynleg svo unnt sé að auðkenna vörur með RFID-búnaði á UHF-tíðni eða svo unnt sé að starfrækja þjónustu í tengslum við auðkenningu með örmerkjum um alla Evrópu. Með því að koma á virkum innri markaði er stuðlað að árangursríkri og skjótri upptöku á RFID-tækni með því að styrkja stærðarhagkvæmni og notkun yfir landamæri. Slíkur búnaður getur því deilt tíðnisviðum með annarri þjónustu sem er, eða er ekki, háð leyfisveitingu án þess að valda skaðlegum truflunum og getur því verið samhliða öðrum skammdrægum búnaði.

3) Markmið þessarar ákvörðunar takmarkast við kerfi til auðkenningar með örmerkjum þar sem búnaðurinn sem festur er við vörurnar sem á að auðkenna hefur engan sjálfstæðan orkugjafa fyrir sendingar með fjarskiptatíðni og senda eingöngu með því að endurnota orkuna sem lesarinn sendir til þeirra. Möguleikarnir á því að þau trufli aðra notendur rófsins eru því yfirleitt takmarkaðir. Notkun þeirra ætti því ekki að vera háð leyfi í hverju tilviki samkvæmt heimildartilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB ([2]). Að auki hefur fjarskiptaþjónusta sem notar fjarskiptatíðni, eins og hún er skilgreind í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins, forgang yfir þess háttar RFID-búnað og er ekki skylt að tryggja að hún verji RFID-búnað gegn truflunum og RFID-búnaður ætti ekki að valda truflunum á þessari þjónustu sem notar fjarskiptatíðni. Þar sem þarafleiðandi ekki er hægt að tryggja notendum RFID-búnaðar neina vörn gegn truflunum, er það á ábyrgð framleiðenda RFID-búnaðar að verja slíkan búnað gegn skaðlegum truflunum frá þjónustu sem notar fjarskiptatíðni og öðrum skammdrægum búnaði sem starfa í samræmi við gildandi landsbundnar reglugerðir eða reglugerðir Bandalagsins. Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samhæfi þeirra (R&TTE-tilskipunin) ([3]) ættu framleiðendur að tryggja að RFID-búnaður noti fjarskiptatíðnirófið með skilvirkum hætti svo komast megi hjá því að annar skammdrægur búnaður verði fyrir skaðlegum truflunum.

4) Þann 11. mars 2004 gaf framkvæmdastjórnin því út umboð ([4]) til Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu, skv. 2. mgr. 4. gr. ákvörðunarinnar um fjarskiptatíðnirófið (áður tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar), til að samhæfa tíðninotkun skammdrægs búnaðar, þ.m.t. RFID-búnaðar. Í kjölfar umboðsins settu Samtök póst- og fjarskiptastjórna fram í skýrslu ([5]) sinni frá 15. nóvember 2004 lista yfir valfrjálsar samræmingarráðstafanir sem eru til staðar fyrir skammdrægan búnað í Evrópubandalaginu og lýstu því yfir að þörf væri á meira bindandi skuldbindingum frá aðildarríkjunum í því skyni að tryggja lagalegan stöðugleika þeirrar samhæfingar á tíðni sem næst hjá Samtökum póst- og fjarskiptastjórna, sérstaklega vegna UHF-rófsins sem notað er fyrir RFID-búnað.

5) Tíðnirnar sem Samtök póst- og fjarskiptastjórna leggja til að verði samhæfðar eru teknar til notkunar fyrir RFID-búnað með samhæfða staðlinum EN 302 208 sem samþykktur var samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Í þessum staðli er lýst svokallaðri LBT-tækni (listen-before-talk) sem ætlað er að veita viðeigandi mildunaraðferðir til að komast hjá því að aðrir notendur á tíðnisviðinu verði fyrir skaðlegum truflunum. Notkun þessa staðals eða annarra viðeigandi samhæfðra staðla gerir ráð fyrir fyrirframætluðu samræmi við grunnkröfur R&TTE tilskipunarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 329, 25.11.2006, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2008 frá 4. júli 2008 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 23.10.2008, bls. 11.

([1]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21.

([3]) Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

([4]) Umboð til Samtaka póst- og fjarskiptastjórna til frekari greiningar á samhæfingu tíðnisviða til notkunar fyrir skammdrægan búnað.

([5]) Lokaskýrsla nefndarinnar um rafræn fjarskipti í kjölfar umboðsins sem EB veitti Samtökum póst- og fjarskiptastofnanna til samhæfingar fjarskiptatíðnirófsins fyrir skammdrægan búnað.

6) Samhæfing samkvæmt þessari ákvörðun ætti ekki að útiloka möguleikann á því að aðildarríki beiti, í rökstuddum tilvikum, umbreytingartímabilum eða fyrirkomulagi til samnýtingar skv. 5. mgr. 4. gr. ákvörðunarinnar um fjarskiptatíðnirófið.

7) Notkun tíðnirófsins fellur undir kröfur í lögum Bandalagsins um lýðheilsuvernd, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB ([1]) og tilmæli ráðsins 1999/519/EB ([2]). Heilsuvernd vegna þráðlauss fjarskiptabúnaðar er tryggð með því að búnaðurinn uppfylli grunnkröfur R&TTE-tilskipunarinnar.

8) Vegna örra tæknilegra breytinga mun nýr RFID-búnaður á UHF-tíðni koma á sjónarsviðið sem leiðir til þess að uppfæra þarf skilyrði fyrir samhæfingu tíðnirófsins þar sem tekið er tillit til efnahagslegs ávinnings af honum og krafna iðnaðarins og notenda. Uppfærslur á þessari ákvörðun verða því nauðsynlegar til að bregðast við nýrri markaðs- og tækniþróun. Sýni endurskoðun fram á að nauðsynlegt sé að aðlaga ákvörðunina verða breytingar ákveðnar í samræmi við málsmeðferðarreglurnar fyrir samþykkt framkvæmdarráðstafana sem tilgreindar eru í ákvörðuninni um fjarskiptatíðnirófið. Uppfærslurnar geta falið í sér umbreytingartímabil til að taka tillit til aðstæðna sem skapast vegna eldri búnaðar.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um fjarskiptatíðniróf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Markmiðið með þessari ákvörðun er að samræma skilyrði um aðgengi og skilvirka notkun á fjarskiptatíðnirófi fyrir RFID-búnað sem er notaður á UHF-tíðnisviðinu.

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „RFID-búnaður“: búnaður sem m.a. er notaður til að rekja og auðkenna hluti með því að nota fjarskiptakerfi, sem samanstendur af annars vegar óvirkum búnaði (merkjum) sem festur er á hluti og hins vegar sendum/móttökueiningum (lesurum) sem virkja merkin og taka við gögnum frá þeim,

2. „án truflana og óvarið“: önnur þjónusta sem notar fjarskiptatíðni má ekki verða fyrir skaðlegum truflunum og enga kröfu er hægt að gera um vörn þessa búnaðar gegn skaðlegum truflunum af völdum þjónustu sem notar fjarskiptatíðni.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilgreina og gera aðgengilegt opið og óvarið tíðnisvið, án truflana, fyrir RFID-búnað með fyrirvara um sérstök skilyrði sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðildarríkjum heimilt að fara fram á umbreytingartímabil og/eða fyrirkomulag til samnýtingar fjarskiptatíðnirófsins skv. 5. mgr. 4. gr. ákvörðunarinnar um fjarskiptatíðnirófið.

3. Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að heimila notkun tíðnisviðanna undir rýmri skilyrðum en tilgreind eru í viðaukanum við þessa ákvörðun.

4. gr.

Aðildarríkin skulu fylgjast með notkun viðkomandi tíðnisviða og skila framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöður sínar svo að unnt sé að endurskoða þessa ákvörðun tímanlega.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Viviane REDING

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. ESB L 159, 30.4.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 199, 30.7.1999, bls. 59.

VIÐAUKI

UHF-tíðnisvið	Sérstök skilyrði	
	Hámarksafl/sviðsstyrkur	Bil milli rása
Undirtíðniband A: 865-865,6 MHz	100 mW e.r.p.	200 kHz
Undirtíðniband B: 865,6-867,6 MHz	2 W e.r.p.	200 kHz
Undirtíðniband: 867,6-868 MHz	500 mW e.r.p.	200 kHz

Miðtíðni rása er 864,9 Mhz × rásarnúmer

Rásanúmerin sem eru tiltæk fyrir hvert undirtíðniband eru:

Undirtíðniband A: rásarnúmer 1 til 3,

Undirtíðniband B: rásarnúmer 4 til 13,

Undirtíðniband C: rásarnúmer 14 til 15.

Athugasemd: Heimilt er að starfrækja sama búnað á mörgum undirtíðniböndum.

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/05/10**

frá 19. september 2005

um aðgreint bókhald og rekstrarbókhaldskerfi innan reglurammans um rafræn fjarskipti

(2005/698/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og –þjónustu (rammatilskipun) ([1]), einkum 1. mgr. 19. gr.,

að höfðu samráði við fjarskiptanefndina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tiltekin ákvæði reglurammans um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu fela í sér kröfu um að nauðsynlegt og viðeigandi rekstrarbókhaldskerfi sé tekið í notkun, nefnilega 9. gr., 11. gr., 13. gr., og 6. gr. (1. mgr.) í tengslum við I. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang) ([2]), 17. gr. og 1. mgr. 18. gr. ásamt 2. hluta VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) ([3]) og 13. gr. tilskipunar 2002/21/EB.

2) Rekstraraðilar sem teljast hafa verulegan markaðsstyrk á viðkomandi markaði (sem nefnast hér á eftir „tilkynntir aðilar“), í kjölfar markaðsgreiningar sem framkvæmd er í samræmi við 16. gr. tilskipunar 2002/21/EB, kunna, meðal annars, að lúta skyldum varðandi gerð aðgreindra reikningsskila og/eða að innleiða rekstrarbókhaldskerfi. Markmiðið með því að leggja á þessar skyldur er að gera færslur á milli rekstraraðila gegnsærri og/eða ákvarða raunkostnað veittrar þjónustu. Enn fremur geta landsbundin stjórnvöld nýtt aðgreint bókhald og innleiðingu rekstrarbókhaldskerfa til fyllingar á beitingu annarra reglna (t.d. um gagnsæi, gegn mismunun og kostnaðartengingar) gagnvart tilkynntum aðilum.

3) Með þessum tilmælum uppfærast tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 98/322/EB frá 8. apríl 1998 um samtengingu á fjarskiptamarkaði sem hefur verið gefinn frjáls (2. hluti - Aðskilið bókhald og rekstrarbókhald) ([4]), í kjölfar beitingar reglurammans fyrir rafræn fjarskipti (25. júlí 2003). Þessi endurskoðun er nauðsynleg þar sem regluramminn frá 2002 fól í sér mikilvægar breytingar á lágabálkinum frá 1998 s.s. útvíkkað gildissvið rammans, aðra nálgun á fyrirframálagningu skyldna, annað gildissvið sértækra ákvæða varðandi rekstrarbókhald og aðgreiningu bókhalds og beitingu meginreglunnar um tæknilegt hlutleysi.

4) Heildarmarkmið þessara tilmæla er að hlúa að beitingu samræmdra reikningsskilareglna og aðferða innan Evrópusambandsins, að teknu tilliti til fenginnar reynslu landsbundinna stjórnvalda á sviði rekstrarbókhalds og aðgreiningar bókhalds, auka gegnsæi bókhaldskerfa, aðferða, útfærðra gagna, endurskoðunar- og skýrslugjafarferla til hagsbóta öllum hlutaðeigandi aðilum.

5) Rekstraraðilum er heimilt að starfa á mörkuðum þar sem þau hafa verið tilgreind með verulegan markaðsstyrk og einnig á samkeppnismörkuðum þar sem þau eru ekki tilgreind þannig. Í því skyni að rækja eftirlitsverkefni sín kann landsbundið stjórnvald að þurfa upplýsingar um markaði þar sem rekstraraðilar hafa ekki verulegan markaðsstyrk. Þegar skylda um aðgreint bókhald er lögð á tilkynntan aðila með verulegan markaðsstyrk á einum eða fleiri mörkuðum getur skylda um aðgreiningu bókhalds náð til markaða þar sem aðilinn er ekki með verulegan markaðsstyrk, t.d. til að tryggja samfelldni gagna.

6) Allar tilskildar aðferðir við rekstrarbókhald og aðgreiningu bókhalds, sér í lagi þær sem notaðar eru sem grunnur að ákvörðunum um verðlagseftirlit, ætti að tilgreina þannig að þær hvetji til skilvirkra fjárfestinga, leiði í ljós hugsanlega samkeppnishamlandi starfshætti, sér í lagi bjögun á hlutföllum, og skulu vera í samræmi við stefnumarkmið landsbundinna stjórnvalda eins og þau eru sett fram í 8. gr. tilskipunar 2002/21/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 266, 11.10.2005, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2008 frá 4. júli 2008 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 23.10.2008, bls. 11.

([1]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

([2]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7.

([3]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51.

([4]) Stjtíð. EB L 141, 13.5.1998, bls. 6.

7) Notkun nýrrar eða endurskoðaðrar aðferðafræði við kostnaðarútreikning getur gefið til kynna að núverandi gjöld og/eða verðtilhögun sem reglur eru settar um séu óviðeigandi eða vitlaust útfærðar. Ef landsbundið stjórnvald telur að þörf sé á leiðréttingu ætti að taka tilhlýðilegt tillit til viðskiptalegs og efnahagslegs umhverfis til að draga úr áhættu og óvissu á viðkomandi mörkuðum. Þessar aðgerðir gætu t.d. falið í sér að dreifa verðleiðréttingum yfir hæfilega langt tímabil.

8) Við innleiðingu á bókhaldskerfi sem notar framsýna nálgun (s.s. langtímaspár um jaðarkostnað) sem byggir ekki á upphaflegum kostnaði heldur gangverði, t.d. þegar eignir eru endurmetnar á grundvelli kostnaðar við sambærilegt grunnvirki á nútímavísu sem byggt er með hagkvæmustu tækni sem býðst, geta landsbundin stjórnvöld þurft að aðlaga breyturnar sem notaðar er við aðferðafræðina við kostnaðarútreikning í því skyni að ná þessum markmiðum. Samræmd notkun ofansækinnar og neðansækinnar nálgunar ætti að vera fyrirhuguð eftir atvikum. Bókhaldskerfi ættu að vera byggð á meginreglunni um kostnaðarskiptingu, t.d. verkgrunduðum kostnaðarreikningi.

9) Þegar bókhaldsaðferðir sem byggja á gangverði (CCA) eru notaðar á eignir í dreifikerfinu, t.d. heimtaug sem telst erfitt að skipta út til miðlungs tíma litið, krefst samræmd beiting aðferða við kostnaðarútreikning þess að landsbundið stjórnvald lagi kennistærðir (eins og fjármagnskostnað, afskriftarreglur, álagningu, þætti sem eru breytilegir eftir tíma) að því.

10) Ef innleiðing rekstrarbókhaldskerfis er áskilin í samræmi við 4. mgr. 13. gr. tilskipunar 2002/19/EB, ætti að birta reglur um skiptingu kostnaðar það nákvæmt að það skýri tengsl milli kostnaðar og gjalda fyrir netkerfisíhluti og þjónustu, einnig þarf að leggja fram á hvaða grundvelli kostnaði sem hægt er að flokka beint hafi verið ráðstafað á mismunandi reikninga.

11) Í þessum tilmælum felast leiðbeiningar um hvernig eigi að innleiða rekstrarbókhaldskerfi og aðskilið bókhald samkvæmt nýja reglurammanum frá 2002. Í tilmælum 98/322/EB felast leiðbeiningar um hvernig eigi að innleiða rekstrarbókhaldskerfi og aðskilið bókhald samkvæmt reglurammanum frá 1998. Tilmælin frá 1998 gilda áfram við aðstæður þar sem aðildarríki hafa ekki lokið endurskoðun gildandi skuldbindinga varðandi rekstrarbókhald og aðskilið bókhald í samræmi við 16. gr. tilskipunar 2002/21/EB.

12) Ef aðildarríkin innleiða fyrirkomulag jöfnunargreiðslna sem felur í sér tilfærslu fjármuna er þess krafist í B-hluta IV. viðauka við tilskipunina um alþjónustu að tilfærslan sé framkvæmd á hlutlægan, gagnsæjan og hlutfallslegan hátt án mismununar. Svo uppfylla megi þessi markmið ætti að tilkynna allar jöfnunargreiðslur sem mótteknar eru fyrir veitingu skyldubundinnar alþjónustu í kerfum fyrir aðskilið bókhald.

13) Að því er varðar fjármögnun skuldbindinga um alþjónustu gildir þessi ákvörðun með fyrirvara um ákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE frá 25. júní 1980 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja og gagnsæi í fjármálum tiltekinna fyrirtækja ([1]).

14) Beiting meginreglna þessara tilmæla er með fyrirvara um skyldur aðildarríkja og fyrirtækja til að fara að fullu eftir samkeppnisreglum Bandalagsins.

15) Með tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2002/590/EB frá 16. maí 2002 „Óhæði löggiltra endurskoðenda í Evrópusambandinu: Grunnreglur“ ([2]) er komið á fót traustum ramma sem hægt er að meta óhæði endurskoðanda eftir, þar sem við á.

16) Evrópskur hópur eftirlitsaðila (ERG) ([3]) hefur lagt fram álit um endurskoðun tilmæla framkvæmdastjórnarinnar um aðskilið bókhald og rekstrarbókhald frá 1998 sem inniheldur ítarlegan viðauka um þætti rekstrarbókhalds og aðskilins bókhalds.

LAGT TIL EFTIRFARANDI:

1. Þessi tilmæli varða innleiðingu aðskilins bókhalds og rekstrarbókhaldskerfa rekstraraðila sem landsbundin stjórnvöld hafa tilgreint að hafi verulegan markaðsstyrk á viðkomandi mörkuðum í kjölfar markaðsgreiningar sem framkvæmd er í samræmi við 16. gr. tilskipunar 2002/21/EB. Rekstraraðilar með slíkar skuldbindingar eru hér á eftir nefnd „tilkynntir aðilar“.

   Tilgangurinn með því að leggja á skyldu um að innleiða rekstrarbókhaldskerfi er að tryggja að tilkynntir aðilar fari eftir sanngjörnum, hlutlægum og gagnsæjum viðmiðunum við skiptingu kostnaðar á þjónustu við aðstæður þar sem þeir lúta skuldbindingum um verðlagseftirlit eða kostnaðartengda verðlagningu.

([1]) Stjtíð. EB L 195, 29.7.1980, bls. 35. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2000/52/EB (Stjtíð. EB L 193, 29.7.2000, bls. 75).
([2]) Stjtíð. EB L 191, 19.7.2002, bls. 22.
([3]) Evrópskum hópi eftirlitsaðila var komið á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB (Stjtíð. EB L 200, 30.7.2002, bls. 38) eins og henni var breytt með ákvörðun 2004/641/EB (Stjtíð. ESB L 293, 16.9.2004, bls. 30).

Tilgangurinn með því að leggja á skyldu um að innleiða aðskilið bókhald er að veita ítarlegri sundurliðun á upplýsingum en fæst með lögboðnum reikningsskilum tilkynnts aðila, að endurspegla eins náið og unnt er afkomu einstakra hluta rekstrarins rétt eins og um aðskilin fyrirtæki væri að ræða og, ef um er að ræða lóðrétt samþætt fyrirtæki, að koma í veg fyrir mismunun í þágu eigin starfsemi og koma í veg fyrir ósanngjarna víxlniðurgreiðslu.

2. Mælst er til þess að landsbundin stjórnvöld krefji tilkynnta aðila um aðgreiningu á rekstrarkostnaði, heildarfjármagn og tekjur að því marki sem nauðsynlegt er til að samræmast meðalhófsreglunni, gagnsæi og eftirlitsmarkmiðum sem krafist er í landslögum eða lögum Bandalagsins.

Mælst er til þess að skipting kostnaðar, heildarfjármagns og tekna fari fram í samræmi við meginregluna um kostnaðarskiptingu (svo sem með verkgrunduðum kostnaðarreikningi).

Rekstrarbókhaldskerfi og kerfi fyrir aðskilið bókhald tilkynntra aðila þurfa að geta skilað skýrslum um fjárhagslegar upplýsingar til eftirlitsaðila til að sýna fram á að eftirlitsskyldum sé fylgt að fullu. Mælst er til þess að þessi geta verði mæld út frá eigindlegum viðmiðunum sem eru gildi, áreiðanleiki, sambærileiki og mikilvægi.

Mælst er til þess að landsbundin stjórnvöld gangi úr skugga um áreiðanleika og skilvirkni rekstrarbókhaldskerfa og kerfa fyrir aðskilið bókhald en slík kerfi kunna að falla undir opinbert samráð.

3. Mælst er til þess að landsbundin stjórnvöld endurskoði getu rekstrarbókhaldskerfis og kerfis fyrir aðskilið bókhald hjá tilkynntum aðila til að greina og birta kostnaðargögn með þeim hætti að þau styðji við eftirlitsskyldur við mat á eiginleikum og forskrift rekstrarbókhaldskerfisins. Rekstrarbókhaldskerfi tilkynnta aðilans skal einkum geta greint á milli beins kostnaðar ([1]) og óbeins kostnaðar ([2]).

Mælst er til þess að landsbundið stjórnvald, sem hefur samþykkt ákvörðun um rekstrarbókhaldskerfi sem byggt er á gangverði, setji fram skýran frest og grunnár fyrir innleiðingu tilkynntra aðila á nýjum rekstrarbókhaldskerfum sem byggð eru á gangverði.

Mat á eignum virks rekstraraðila á langtímavirði eða núvirði, þ.e. þeim kostnaði sem jafngildur rekstraraðili stæði frammi fyrir á öflugum samkeppnismarkaði, er lykilþáttur í „bókhaldsaðferð sem byggir á gangverði“. Það útheimtir að afskriftagjöld sem innifalin eru í rekstrarkostnaði séu reiknuð út á grundvelli gangverðs sambærilegra eigna á nútímavísu. Af þessum sökum þarf skýrslugjöf um heildarfjármagn einnig að byggja á gangverði. Aðrar kostnaðarleiðréttingar kunna að vera nauðsynlegar til að endurspegla núverandi innkaupsverð eignar og rekstrarkostnaðargrunn hennar. Bæta má við mat á eignum á langtímavirði eða núvirði með því að nota aðferðafræði rekstrarbókhalds eins og langtíma viðbótarkostnað eftir því sem við á.

Mælst er til þess að landsbundið stjórnvald taki tilhlýðilegt tillit til álitaefna vegna verðlags og samkeppni sem upp kunna að koma við innleiðingu á bókhaldsaðferðum sem byggja á gangverði eins og ef um er að ræða sundurgreindan aðgang að heimtaug.

Mælst er til þess að landsbundin stjórnvöld taki tilhlýðilegt tillit til frekari leiðréttinga á fjárhagslegum upplýsingum að því er varðar skilvirknistuðla, einkum þegar kostnaðargögn eru notuð til að upplýsa verðlagsákvarðanir þar sem notkun rekstrarbókhaldskerfa (jafnvel þegar bókhaldsaðferðir sem byggja á gangverði eru notaðar) endurspeglar hugsanlega ekki að öllu leyti kostnað sem stofnað er til á skilvirkan hátt eða viðeigandi kostnað ([3]). Skilvirknistuðlar geta samanstaðið af mati á mismunandi netskipan og -högun, á afskriftaraðferðum, tækni sem notuð er eða áætlað er að verði notuð á netinu.

4. Mælst er til þess að tilkynntir aðilar sem þurfa að tilgreina aðskilið bókhald leggi fram rekstrarreikning og yfirlýsingu um heildarfjármagn fyrir hverja einingu sem reglubundin reikningsskil taka til (byggt á viðkomandi mörkuðum og þjónustu). Flutningsgjöld eða innkaup á milli markaða og þjónustu þurfa að vera skýrt auðkennd með nægilegum upplýsingum til að færa rök fyrir því að staðið sé við skuldbindingar um bann við mismunun. Kvaðir um skýrslugjöf með aðskildu bókhaldi kunna að útheimta að upplýsingar um markaði þar sem rekstraraðili hefur ekki verulegan markaðsstyrk séu teknar saman og birtar.

Til að tryggja samræmi og heilleika gagna er mælst til þess að fjárhagsskýrslum fyrir skyldubundið bókhald verði steypt saman í rekstrarreikning og yfirlýsingu um heildarfjármagn fyrir fyrirtækið í heild sinni. Enn fremur er þess krafist að aðskilið skyldubundið bókhald verði stemmt af við lögboðið bókhald rekstraraðilans. Þessar yfirlýsingar skulu falla undir óháða áritun endurskoðanda eða samræmisúttekt landsbundins stjórnvalds (með fyrirvara um að starfsfólk með tilskilin starfsréttindi sé tiltækt).

([1]) Beinn kostnaður er kostnaður sem stofnað er til í heild og ótvírætt vegna sértækra aðgerða.

([2]) Óbeinn kostnaður er kostnaður sem útheimtir skiptingu með sanngjarnri og hlutlægri skiptingaraðferð.

([3]) Einhverjar eignir kunna að vera umfram það sem krafist er eða nethögun kann að vera lakari en æskilegt er. Með því að hrinda neðansæknum hagfræðilegum/verkfræðilegum líkönum í framkvæmd er auðveldara að veita upplýsingar um óskilvirkan og óþarfan kostnað sem stofnað er til og sem ætti að fjarlægja.

5. Mælst er til þess að landsbundið stjórnvald geri viðkomandi reikningsskilaupplýsingar frá tilkynntum aðilum tiltækar fyrir hagsmunaaðila með fullnægjandi sundurliðun. Sundurliðun veittra upplýsinga skal tryggja að engin óréttmæt mismunun hafi átt sér stað á milli þjónustustarfsemi innan fyrirtækisins og utan þess og að kleift sé að auðkenna meðalkostnað þjónustunnar og með hvaða aðferð kostnaður hafi verið reiknaður. Þegar upplýsingar eru veittar í þessu skyni skulu landsbundin stjórnvöld taka tilhlýðilegt tillit til viðskiptaleyndar.

   Birting tilkynnts aðila á nægilega sundurliðuðu kostnaðaryfirliti, sem sýnir t.d. meðalkostnað ákveðinna netþátta, eykur í þessu tilliti gagnsæi og tiltrú keppinauta á því að ekki sé um að ræða neinar óréttmætar víxlniðurgreiðslur. Þetta telst einkum mikilvægt í heildsölu. Leiðbeiningar um framkvæmd tilkynningarskyldu og birtingu upplýsinga eru settar fram í viðaukanum.

6. Tiltekin fyrirtæki geta verið tilnefnd sem veitendur alþjónustu í samræmi við 8. gr. tilskipunarinnar um alþjónustu og kunna að falla undir reglubundið eftirlit á smásölugjaldskrá í samræmi við ákvæði 17. gr. tilskipunarinnar um alþjónustu. Í þeim aðildarríkjum sem starfrækja kerfi til fjármögnunar á skuldbindingum um alþjónustu er mælst til þess að hvers kyns framlög sem tilnefnd fyrirtæki taka við sem hluta af fyrirkomulagi jöfnunargreiðslna séu auðkennd í kerfum fyrir aðskilið bókhald.

7. Þessar leiðbeiningar um bókhaldsskil varða skyldubundna skýrslugjöf og þeim er ekki ætlað að koma í stað neinna annarra lögboðinna fjárhagsskýrslna sem aðildarríki kann að krefjast.

8. Þessi tilmæli verða endurskoðuð eigi síðar en þrem árum frá gildistökudegi.

9. Tilmælum þessum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. september 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Viviane REDING

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

LEIÐBEININGAR UM UPPLÝSINGASKYLDU OG BIRTINGU UPPLÝSINGA

Í þessum viðauka er tilgreindur rammi um skýrslur sem senda skal reglulega, útgáfumál og samræmisyfirlýsingu.

Samkvæmt meginreglunni sem mælt er með í 2. lið tilmælanna skulu kerfi fyrir rekstrarbókhald og aðskilið bókhald gefa fjárhagslegar upplýsingar með sundurliðun sem sýnir fram á samræmi við meginreglur um bann við mismunun og gagnsæi, með viðunandi auðkenni og ráðstöfun tekna, kostnaðar, heildarfjármagns og magns fyrir mismunandi starfsemi rekstraraðilans. Þessar reikningsskilaupplýsingar skulu gerðar tiltækar fyrir landsbundin stjórnvöld án tafar.

Góð framsetning á skyldubundnu bókhaldi tryggir að nauðsynlegum skilaboðum í reikningsskilunum sé miðlað með skýrum og árangursríkum hætti og á eins einfaldan hátt og unnt er. Framsetning upplýsinga í reikningsskilum felur í sér úrnám og söfnun að einhverju marki. Ef þessi vinnsla fer fram með skipulegum hætti fæst aukin þekking vegna þess að slík framsetning uppfyllir ýmsar eftirlitsskyldur, eins og að sýna fram á að gjöld séu kostnaðartengd eða engin óréttmæt mismunun sé til staðar.

Fjárhagsskýrslur innihalda athugasemdir og viðbótaráætlanir sem styrkja og skýra reikningsskilin. Saman mynda reikningsskilin og athugasemdirnar samþætta heild.

Skyldubundnar reikningsskilaupplýsingar gagnast landsbundnum stjórnvöldum og öðrum aðilum sem verða fyrir áhrifum af eftirlitsákvörðunum sem byggðar eru á þessum upplýsingum, eins og samkeppnisaðilum, fjárfestum og neytendum. Hvað þetta varðar stuðlar birting upplýsinga að opnum og samkeppnishæfum markaði og eykur einnig á tiltrú skyldubundna bókhaldskerfisins.

Hins vegar kann full upplýsingagjöf að vera takmörkuð af landsbundnum reglum og reglum Bandalagsins varðandi viðskiptaleynd. Því er mælst til þess að landsbundin stjórnvöld, að fengnu áliti rekstraraðila, skilgreini hvaða upplýsingar geta talist trúnaðarmál og ætti ekki að gera aðgengilegar.

1. **Samantekt og birting upplýsinga**

Eftirfarandi fjárhagslegar upplýsingar skulu teknar saman og birtar (með fyrirvara um trúnaðarkvöð og skyldur samkvæmt landslögum) fyrir viðkomandi markað/þjónustu:

— rekstrarreikning,

— yfirlit yfir heildarfjármagn (ítarlega aðferðafræði við útreikninga og gildi kennistærðanna sem notaðar eru),

— sameining og afstemming við lögboðna reikninga eða aðrar kostnaðarupplýsingar,

— lýsing á aðferðum við rekstrarbókhald, þ.m.t. vísun í kostnaðargrunn og staðla, aðferðafræði skiptingar og mats, sanngreiningu og meðferð óbeins kostnaðar,

— athugasemdir um bann við mismunun (sundurliðuð flutningsgjöld),

— áritun endurskoðanda (ef landsbundin stjórnvöld krefjast þess),

— lýsing á reikningsskilaaðferðum og reglubundnum reikningsskilareglum,

— yfirlýsing um samræmi við reglur Bandalagsins og landsreglur,

— aðrar viðbótaráætlanir eftir þörfum,

Landsbundin stjórnvöld skulu skilgreina framsetningaraðferðina, sem getur fylgt staðlaðri, lögboðinni hönnun reikningsskila, að höfðu samráði við rekstraraðila. Yfirlýsing um samræmi við landslöggjöf og lög Bandalagsins, áritun endurskoðanda og lýsing á reikningsskilareglum, stefnum, aðferðum og verklagsreglum sem notaðar eru, nánar tiltekið aðferðum við skiptingu kostnaðar, geta ekki talist trúnaðarmál. Með fyrirvara um landslög og lög Bandalagsins um trúnaðarkvöð í viðskiptum skal birta niðurstöður endurskoðunarinnar opinberlega.

2. **Samræmisyfirlýsingin**

Í árlegu samræmisyfirlýsingunni skal a. m. k. koma fram eftirfarandi:

— niðurstöður endurskoðanda,

— öll auðkennd frávik,

— öll tilmæli sem endurskoðandi setur fram (með lýsingu á áhrifum þeirra),

— ítarleg lýsing á sannprófunaraðferðum sem notaðar eru og

— einhverjar samanlagðar fjárhags- og reikningsskilaupplýsingar (eins og leiðréttingar vegna bókhaldsaðferða sem byggja á gangverði, helstu forsendur við skiptingaraðferðir, kostnaðarmagn sem skipt er og nákvæmni líkansins.

Útgáfa samræmisyfirlýsingarinnar og niðurstöðu endurskoðunarinnar skal sett fram þannig að hún sé aðgengileg hagsmunaaðilum, t.d. á pappír eða með rafrænum hætti eða með birtingu á vefsetri rekstraraðilans eða landsbundna stjórnvaldsins.

3. **Reikningsskilatímabil**

Útgáfa skal fara fram árlega og eins fljótt og unnt er eftir að reikningsskilaárinu lýkur. Útgáfa uppgjörsins skal fara fram eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að lögboðinni endurskoðun lýkur eða eigi síðar en gildandi venja eins og hún er tilgreind í eftirlitsskyldum.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 811/2013 **2016/EES/05/11**

frá 18. febrúar 2013

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar á hiturum fyrir rými, sambyggðum hiturum, pökkum með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og pökkum með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum auðföngum ([1]), einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2010/30/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin samþykki framseldar gerðir að því er varðar merkingar orkutengdra vara sem hafa umtalsverða möguleika á orkusparnaði en þar sem mikils misræmis gætir í nothæfisstigi með sambærilega virkni.

2) Orkan sem hitarar fyrir rými og sambyggðir hitarar nota til hitunar á rými og vatni, er verulegur hluti af heildarorkuþörf í Sambandinu. Mikils misræmis gætir að því er varðar orkunýtni hitara fyrir rými og sambyggðra hitara með sambærilega virkni. Möguleikarnir til að draga úr orkunotkun þeirra eru miklir og fela m.a. í sér að sameina þá viðeigandi hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku. Kröfur um orkumerkingar ættu því að ná yfir hitara fyrir rými, sambyggða hitara og pakka með slíkum hiturum með hitastýringum og búnaði sem nýtir sólarorku.

3) Hitarar fyrir rými og sambyggðir hitarar, sem hannaðir eru til að notast aðallega við loftkennt eða fljótandi eldsneyti (umfram 50%), sem framleitt er úr lífmassa, hafa sérstaka tæknilega eiginleika sem gera það að verkum að þörf er á frekari tækni-, efnahags- og umhverfisgreiningum. Með hliðsjón af útkomu greininganna ætti að ákveða kröfur um orkumerkingar að því er varðar þessa hitara síðar, ef við á.

4) Mæla ætti fyrir um samræmd ákvæði um merkingar og staðlaðar vöruupplýsingar að því er varðar orkunýtni hitara fyrir rými og sambyggðra hitari til að veita framleiðendum hvata til að bæta orkunýtni þessara hitara til að hvetja endanlega notendur til að kaupa orkunýtnar vörur og stuðla að starfsemi innri markaðarins.

5) Að því er varðar verulegan orkusparnað og kostnaðarlækkanir fyrir hverja gerð hitara, ætti með þessari reglugerð að taka upp nýjan kvarða fyrir merkingar frá A^{++} til G fyrir rýmishitunarvirkni hitakatla fyrir rými, hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, hitara fyrir rými með varmadælu, sambyggða hitakatla og sambyggða hitara með varmadælu. Á meðan flokkar A til G ná yfir ýmsar tegundir hefðbundinna katla þegar þeir eru ekki tengdir samvinnslu raf- og varmaorku eða tækni sem tengist endurnýjanlegri orku, ættu flokkur A + og A++ að stuðla að notkun samvinnslu raf- og varmaorku og endurnýjanlegra orkugjafa.

6) Enn fremur ætti að taka upp nýjan kvarða fyrir merkingar frá A til G vegna vatnshitunarvirkni sambyggðra hitakatla og sambyggðra hitara með varmadælu, í samræmi við framselda reglugerð (ESB) nr. 812/2013 frá 18. febrúar 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar vatnshitara, geymslutanka fyrir heitt vatn og pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku ([2]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 83.

7) Til að hraða markaðssókn hitara fyrir rými og sambyggðra hitara með mikla orkunýtni, sem nota endurnýjanlega orkugjafa ætti að bæta við flokkum A +++ og A + við árstíðabundnu rýmishitunar- og vatnshitunarflokkana, eftir því sem við á, að fjórum árum liðnum nema endurskoðun reglugerðarinnar leiði annað í ljós.

8) Þessi reglugerð ætti að tryggja að neytendur fái nákvæmari samanburðarupplýsingar um orkunýtingu hitara með varmadælu, á grundvelli árstíðabundinna útreikninga á nýtni og mæliaðferða fyrir þrjú evrópsk loftslagsbelti. Framkvæmdastjórnin veitti evrópskum staðlastofnunum umboð til að rannsaka hvort að þróa ætti sambærilega aðferð fyrir aðra hitara. Taka mætti til athugunar staðlaða evrópska hitunartímabilið fyrir hitakatla, hitara fyrir samvinnslu raf- og varmaorku og hitara sem nýta sólarorku, við endurskoðun þessarar reglugerðar.

9) Hljóðaflsstig hitara getur haft mikla þýðingu fyrir endanlega notendur. Upplýsingar um hljóðaflsstig ættu að vera á merkimiðum hitara fyrir rými og sambyggðra hitara.

10) Gert er ráð fyrir að samanlögð áhrif þessarar reglugerðar og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2013 frá 2. ágúst 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun hitara fyrir rými og sambyggðra hitara ([3]) muni leiða til áætlaðs árlegs orkusparnaðar sem nemur u.þ.b. 1 900 PJ (u.þ.b. 45 miljón tonna olíugilda) árið 2020, sem samsvarar u.þ.b. losun 110 miljóna tonna af koltvísýringi, samanborið við það sem myndi gerast ef ekki væri gripið til neinna ráðstafana.

11) Upplýsingarnar sem koma fram á merkimiðanum ættu að vera fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum og reiknings-aðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða og reikningsaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópskum staðlastofnunum, að ósk framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu([4]), í þeim tilgangi að setja kröfur um visthönnun.

12) Í þessari reglugerð ætti að tilgreina samræmda hönnun og innihald merkimiða fyrir hitara fyrir rými og sambyggða hitara.

13) Að auki ætti í þessari reglugerð að tilgreina kröfur um vöruupplýsingablað og tæknigögn um hitara fyrir rými og sambyggða hitara.

14) Enn fremur ber að tilgreina í þessari reglugerð kröfur um upplýsingar sem veita skal vegna hvers konar fjarsölu hitara fyrir rými og sambyggðra hitara, auglýsinga og tæknilegs kynningarefnis um slíka hitara.

15) Til viðbótar við merkimiðana og vöruupplýsingablöðin fyrir sjálfstæða hitara fyrir rými og sambyggða hitara sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ættu merkimiðar á pökkum og upplýsingablöðum, sem byggja á vöruupplýsingablöðum frá birgjum, að tryggja að endanlegur notandi hafi greiðan aðgang að upplýsingum um orkunýtingu pakka með hitara sem eru tengdir búnaði sem nýtir sólarorku og/eða hitastýringu. Mögulegt er að slíkur pakki nái flokki A^{+++}, sem er flokkurinn með mesta orkunýtni.

16) Rétt þykir að kveða á um endurskoðun á ákvæðum þessarar reglugerðar með tilliti til tækniframfara,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar kröfur um orkumerkingar og veitingu viðbótarvöruupplýsinga um hitara fyrir rými og sambyggða hitara, með nafnvarmaafköst ≤ 70 kW, pakka með hitara fyrir rými ≤ 70 kW, hitastýringar og búnað sem nýtir sólarorku og pakka með sambyggðum hitara ≤ 70 kW, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) hitara sem eru sérstaklega hannaðir til að nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti sem er að mestu framleitt úr lífmassa,

b) hitara sem nota eldsneyti í föstu formi,

c) hitara sem falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB([5]),

d) hitara sem framleiða varma eingöngu í þeim tilgangi að útvega heitt neyslu- eða grávatn,

e) hitara til að hita og dreifa varmaberum sem notast við lofthita, t.d. gufu eða loft,

f) hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, með 50 kW hámarksraforkuafköst eða meira.

([3]) Stjtíð. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 136.
([4]) Stjtíð. ESB L 204, 21.7.1998, bls. 37.
([5]) Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar, sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2010/30/EB, gilda eftirfarandi skilgreiningar í þessari reglugerð:

1) „hitari“: hitari fyrir rými eða sambyggður hitari,

2) „hitari fyrir rými“: tæki sem

   a) framleiðir varma fyrir vatnshitakerfi til að ná og viðhalda æskilegu innihitastigi í lokuðu rými eins og t.d. byggingu, íbúðarhúsi eða herbergi og

   b) búið er einum eða fleiri varmagjöfum,

3) „sambyggður hitari“: hitari fyrir rými sem er hannaður til að framleiða einnig varma til að skila heitu neyslu- eða grávatni við tiltekið hitastig, í ákveðnu magni og tilteknu streymi, innan tiltekins tíma og er tengt ytri aðföngum neyslu- eða grávatns,

4) „vatnshitakerfi“: kerfi sem notar vatn sem varmabera til að dreifa varma sem er framleiddur miðlægt til allra hitaflata til hitunar rýmis í byggingum eða hluta þeirra,

5) „varmagjafi“: sá hluti hitara sem framleiðir varma með einu fleiri af eftirfarandi ferlum:

   a) bruna jarðefnaeldsneytis og/eða lífmassaeldsneytis,

   b) nýtingu júl-áhrifa í rafviðnámshitöldum,

   c) upptöku varma úr lofti, vatni eða jörðu og/eða frávarma,

6) „nafnvarmaafköst“ (P_{rated}): tilgreind varmaafköst hitara þegar hann hitar rými og, ef við á, við hitun vatns við stöðluð málgildisskilyrði, gefin upp í kW, og að því er varðar hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggða hitara með varmadælu eru stöðluð málgildisskilyrði til að ákveða nafnvarmaafköst viðmiðunarhönnunarskilyrði, eins og þau eru sett fram í töflu 10 í VII. viðauka,

7) „stöðluð málgildisskilyrði“: vinnsluskilyrði hitara við miðlungs loftslagsskilyrði, til að ákvarða nafnvarmaafköst, árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar, orkunýtni vatnshitunar og hljóðaflsstig,

8) „lífmassi“: lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og efnaleifa af líffræðilegum uppruna frá landbúnaði (þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu), skógrækt og tengdum atvinnugreinum, þ.m.t. sjávarútvegur og lagareldi, auk lífbrjótanlegs hluta iðnaðarúrgangs og heimilis- og rekstrarúrgangs,

9) „lífmassaeldsneyti“: loftkennt eða fljótandi eldsneyti sem er framleitt úr lífmassa,

10) „jarðefnaeldsneyti“: loftkennt eða fljótandi eldsneyti úr jarðefnum,

11) „hitari fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku“: hitari fyrir rými sem framleiðir varma og rafmagn samtímis í einu ferli,

12) „hitastýring“: búnaður sem er viðmót notanda að því er varðar gildi og tímastillingu æskilegs hitastigs innandyra og kemur viðkomandi gögnum í skilflöt hitarans, s.s. miðverkið, og aðstoðar þannig við að stýra hitastigi innanhúss,

13) „búnaður sem nýtir sólarorku“: kerfi sem nýtir eingöngu sólarorku, sólargleypir, geymslutankur fyrir heitt vatn, sem hitað er með sólarorku eða dæla í hringrás sólargleypis, sem sett eru á markað sérstaklega,

14) „kerfi sem nýtir eingöngu sólarorku“: búnaður sem er búinn einum eða fleiri sólargleypum og geymslutönkum fyrir heitt vatn, sem er hitað með sólarorku og hugsanlega dælum í hringrás sólargleypis og öðrum hlutum, sem er settur á markað sem ein eining og er ekki búinn neinum varmagjafa nema hugsanlega einum eða fleiri varahitakólfum,

15) „sólargleypir“: búnaður sem er hannaður til að gleypa hnattrænan ágeislunarstyrk sólar og flytja varmaorku sem verður þannig til í vökva sem flæðir í gegnum hann,

16) „geymslutankur fyrir heitt vatn“: ílát til að geyma heitt vatn til vatns- og/eða rýmishitunar, þ.m.t. öll íblöndunarefni, sem ekki er búið neinum varmagjafa nema hugsanlega einum eða fleiri varahitakólfum,

17) „geymslutankur fyrir heitt vatn sem hitað er með sólarorku“ geymslutankur fyrir heitt vatn sem geymir varmaorku sem framleidd er með einum eða fleiri sólargleypum,

18) „varahitakólfur“: rafviðnámshitari sem notast við júl-áhrif og er hluti af geymslutanki fyrir heitt vatn og framleiðir aðeins varma þegar röskun verður á ytri varmagjafa (þ.m.t. á meðan á viðhaldstímabili stendur) eða varmagjafi bilar, eða sem er hluti af geymslutanki fyrir heitt vatn sem hitað er með sólarorku og framleiðir varma þegar varmagjafi sem nýtir sólarorku nægir ekki til að uppfylla kröfur,

19) „pakki með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku“: pakki sem boðinn er endanlegum notanda og hefur einn eða fleiri hitara fyrir rými sem eru tengdir við eina eða fleiri hitastýringar og/eða einn eða fleiri búnað, sem nýtir sólarorku,

20) „pakki með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku“: pakki sem boðinn er endanlegum notanda og hefur einn eða fleiri sambyggða hitara sem eru tengdir við eina eða fleiri hitastýringar og/eða einn eða fleiri búnað, sem nýtir sólarorku,

21) „árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar“ (η_s): hlutfallið á milli eftirspurnar eftir hitun rýmis á tilgreindu árstíðabundnu tímabili, sem hitari fyrir rými, sambyggður hitari, pakki með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku eða pakki með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, gefa og árlegrar orkunotkunar sem nauðsynleg er til að mæta þessari eftirspurn, gefið upp í %,

22) ‘„orkunýtni vatnshitunar“ (η_{wh}): hlutfallið á milli notorku í neyslu- eða grávatni, sem sambyggður hitari eða pakki með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku gefa og orkunnar sem nauðsynleg er til að framleiða hana, gefið upp í %,

23) „hljóðaflsstig“ (L_{WA}): A-vegið hljóðaflsstig, innan- og/eða utandyra, gefið upp í dB.

Viðbótarskilgreiningar að því er varðar II. til VIII. viðauka eru settar fram í I. viðauka.

3. gr.

Ábyrgð birgja og tímaáætlun

1. Frá 26. september 2015 skulu birgjar sem setja hitara fyrir rými á markað og/eða taka þá í notkun, þ.m.t. þá sem eru hluti af pökkum með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, tryggja að:

a) prentaður merkimiði sem uppfyllir kröfur um snið og innihald upplýsinga sem settar eru fram í lið 1.1 í III. viðauka, fylgi hverjum hitara fyrir rými sem uppfyllir kröfur um árstíðabundinn hitunarorkunýtniflokk sem settar eru fram í 1. lið II. viðauka, þar sem: að því er varðar hitara fyrir rými með varmadælu, prentaði merkimiðinn fylgi a.m.k. umbúðum varmagjafans, að því er varðar hitara fyrir rými, sem eru ætlaðir til nota í pökkum með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, fylgi annar merkimiði, sem uppfyllir kröfur um snið og innihald upplýsinga sem settar eru fram í 3. lið III. viðauka, hverjum hitara fyrir rými,

b) vöruupplýsingablað, eins og sett er fram í 1. lið IV. viðauka fylgi hverjum hitara fyrir rými, þar sem: að því er varðar hitara fyrir rými með varmadælu, vöruupplýsingablaðið fylgi a.m.k. varmagjafanum, að því er varðar hitara fyrir rými, sem ætlaðir eru til nota í pökkum með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, fylgi annað vöruupplýsingablað, eins og mælt er fyrir um í 5. lið IV. viðauka,

c) tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í 1. lið V. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni, sé þess óskað,

d) allar auglýsingar, sem varða sérstaka tegund hitara fyrir rými og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar, innihaldi tilvísun í árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund,

e) allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar sérstaka tegund hitara fyrir rými og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra, innihaldi tilvísun í árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund.

Frá 26. september 2019 skal prentaður merkimiði, sem uppfyllir kröfur um snið og innihald upplýsinga, sem settar eru fram í lið 1.2 í III. viðauka, fylgja öllum hiturum fyrir rými sem uppfylla kröfur um árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk, sem settar eru fram í 1. lið II. viðauka, þar sem: að því er varðar hitara fyrir rými með varmadælu, prentaði merkimiðinn fylgi a.m.k. umbúðum varmagjafans.

2. Frá 26. september 2015 skulu birgjar sem setja sambyggða hitara á markað og/eða taka þá í notkun, þ.m.t. þá sem eru hluti af pökkum með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, tryggja að:

a) prentaður merkimiði sem uppfyllir kröfur um snið og innihald upplýsinga sem settar eru fram í lið 2.1 í III. viðauka, fylgi hverjum sambyggðum hitara sem uppfyllir kröfur um árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk og vatnshitunarorkunýtniflokk, sem settar eru fram í 1. og 2. lið II. viðauka, þar sem: að því er varðar sambyggða hitara með varmadælu, fylgi prentaði merkimiðinn a.m.k. umbúðum varmagjafans, að því er varðar sambyggða hitara sem ætlaðir eru til nota í pökkum með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, fylgi annar merkimiði, sem uppfyllir kröfur um snið og innihald upplýsinga sem settar eru fram í 4. lið III. viðauka, hverjum sambyggðum hitara,

b) vöruupplýsingablað, eins og sett er fram í 2. lið IV. viðauka fylgi hverjum sambyggðum hitara, þar sem: að því er varðar sambyggða hitara með varmadælu, vöruupplýsingablaðið fylgi a.m.k. varmagjafanum, að því er varðar sambyggða hitara, sem ætlaðir eru til nota í pökkum með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, fylgi annað vöruupplýsingablað, eins og mælt er fyrir um í 6. lið IV. viðauka,

c) tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í 2. lið V. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni, sé þess óskað,

d) allar auglýsingar, sem varða sérstaka tegund sambyggðs hitara og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar, innihaldi tilvísun í árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk og vatnshitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund,

e) allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar sérstaka tegund sambyggðra hitara og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra, innihaldi tilvísun í árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk og vatnshitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund.

Frá 26. september 2019 skal prentaður merkimiði, sem uppfyllir kröfur um snið og innihald upplýsinga, sem settar eru fram í lið 2.2 í III. viðauka, fylgja öllum sambyggðum hiturum sem uppfylla kröfur um árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk, sem settar eru fram í 1. og 2. lið II. viðauka, þar sem: að því er varðar sambyggða hitara með varmadælu, prentaði merkimiðinn fylgi a.m.k. umbúðum varmagjafans.

3. Frá 26. september skulu birgjar sem setja hitastýringarbúnað á markað og/eða taka hann í notkun tryggja að:

a) vöruupplýsingablað, eins og sett er fram í 3. lið í IV. viðauka, sé gert aðgengilegt.

b) tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í 3. lið III. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni, sé þess óskað.

4. Frá 26. september 2015 skulu birgjar sem setja búnað sem nýtir sólarorku á markað og/eða taka hann í notkun tryggja að:

a) vöruupplýsingablað, eins og sett er fram í 4. lið í IV. viðauka, sé gert aðgengilegt.

b) tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í 4. lið III. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni, sé þess óskað.

5. Frá 26. september 2015 skulu birgjar, sem setja pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, á markað og/eða taka hann í notkun tryggja að:

a) prentaður merkimiði sem uppfyllir kröfur um snið og innihald upplýsinga sem settar eru fram í 3. lið III. viðauka fylgi hverjum pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, sem uppfyllir kröfur um árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk, sem settar eru fram í 1. lið II. viðauka,

b) vöruupplýsingablað, eins og sett er fram í 5. lið IV. viðauka, fylgi hverjum pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku,

c) tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í 5. lið V. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni, sé þess óskað,

d) allar auglýsingar sem varða sérstaka tegund pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar innihaldi tilvísun í árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund,

e) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra innihaldi tilvísun í árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund.

6. Frá 26. september 2015 skulu birgjar, sem setja pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku á markað og/eða taka hann í notkun, tryggja að:

a) prentaður merkimiði sem uppfyllir kröfur um snið og innihald upplýsinga sem settar eru fram í 4. lið III. viðauka fylgi hverjum pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, sem uppfyllir kröfur um árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk og vatnshitunarorkunýtniflokk, sem settar eru fram í 1. og 2. lið II. viðauka,

b) vöruupplýsingablað, eins og sett er fram í 6. lið IV. viðauka, fylgi hverjum pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku,

c) tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í 6. lið V. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni, sé þess óskað,

d) allar auglýsingar sem varða sérstaka tegund pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar innihaldi tilvísun í árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk og vatnshitunarorkunýtniflokk, við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund,

e) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra, innihaldi tilvísun í árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk og vatnshitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund.

4. gr.

Ábyrgð seljenda

1. Seljendur hitara fyrir rými skulu sjá til þess að:

a) allir hitarar fyrir rými beri á sölustað merkimiða frá birgjum í samræmi við 1. mgr. 3. gr., eins og sett er fram í 1. lið III. viðauka, utan á framhlið eða ofan á tækinu, þannig að hann sjáist greinilega,

b) hitarar fyrir rými sem boðnir eru til sölu, leigu eða kaupleigu þar sem ekki er við því að búast að endanlegir notendur geti séð hitarann, séu markaðssettir með þeim upplýsingum sem birgjar veita í samræmi við 1. lið VI. viðauka,

c) allar auglýsingar, sem varða sérstaka tegund hitara fyrir rými og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar, innihaldi tilvísun í árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund,

d) allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar sérstaka tegund hitara fyrir rými og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra, innihaldi tilvísun í árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund.

2. Seljendur sambyggðra hitari skulu sjá til þess að:

a) allir sambyggðir hitarar beri á sölustað merkimiða frá birgjum í samræmi við 2. mgr. 3. gr., eins og sett er fram í 2. lið III. viðauka, utan á framhlið eða ofan á tækinu, þannig að hann sjáist greinilega,

b) sambyggðir hitarar sem boðnir eru til sölu, leigu eða kaupleigu þar sem ekki er við því að búast að endanlegir notendur geti séð hitarann, séu markaðssettir með þeim upplýsingum sem birgjar veita í samræmi við 2. lið VI. viðauka,

c) allar auglýsingar, sem varða sérstaka tegund sambyggðs hitara og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar, innihaldi tilvísun í árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk og vatnshitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund,

d) allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar sérstaka tegund sambyggðra hitara og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra, innihaldi tilvísun í árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk og vatnshitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund.

3. Seljendur pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku skulu, byggt á þeim merkimiða og vöruupplýsingum sem birgjar veita í samræmi við 1., 3. , 4. og 5. mgr. 3. gr. tryggja að:

a) öll tilboð um tiltekinn pakka feli í sér árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar og árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk fyrir þann pakka við miðlungs, kaldari eða heitari loftslagsskilyrði, eftir því sem við á, með því að sýna, með pakkanum, merkimiðanum, sem settur er fram í 3. lið III. viðauka og vöruupplýsingablaðinu sem sett eru fram í 5. lið IV. viðauka, fyllt út á viðeigandi hátt samkvæmt eiginleikum þess pakka,

b) pakkar með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, sem boðnir eru til sölu, leigu eða kaupleigu þar sem ekki er við því að búast að endanlegir notendur geti séð þá, séu markaðssettir með þeim upplýsingum sem veittar eru í samræmi við 3. lið VI. viðauka,

c) allar auglýsingar sem varða sérstaka tegund pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar innihaldi tilvísun í árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund,

d) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra innihaldi tilvísun í árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund.

4. Seljendur pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku skulu, byggt á þeim merkimiða og vöruupplýsingum sem birgjar veita í samræmi við 2., 3. , 4. og 6. mgr. 3. gr. tryggja að:

a) öll tilboð um tiltekinn pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku feli í sér árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar, orkunýtni vatnshitunar, árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk og vatnshitunarorkunýtniflokk fyrir þann pakka við miðlungs, kaldari eða heitari loftslagsskilyrði, eftir því sem við á, með því að sýna, með pakkanum, merkimiðanum, sem settur er fram í 4. lið III. viðauka og vöruupplýsingablaðinu sem sett eru fram í 6. lið IV. viðauka, fyllt út á viðeigandi hátt samkvæmt eiginleikum þess pakka,

b) pakkar með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, sem boðnir eru til sölu, leigu eða kaupleigu þar sem ekki er við því að búast að endanlegir notendur geti séð þá, séu markaðssettir með þeim upplýsingum sem veittar eru í samræmi við 4. lið VI. viðauka,

c) allar auglýsingar sem varða sérstaka tegund pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar innihaldi tilvísun í árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk og vatnshitunarorkunýtniflokk, við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund,

d) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra, innihaldi tilvísun í árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk og vatnshitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund.

5. gr.

Aðferðir við mælingar og útreikninga

Upplýsingarnar sem veita ber skv. 3. og 4. gr. skulu fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæli- og útreikningsaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæli- og útreikningsaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, eins og sett er fram í VII. viðauka.

6. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríkin skulu beita málsmeðferðinni sem sett er fram í VIII. viðauka við mat á samræmi tilgreinds árstíðabundins rýmishitunarorkunýtniflokks, vatnshitunarorkunýtniflokks, árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar, orkunýtni vatnshitunar og hljóðaflsstig hitara.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara eigi síðar en fimm árum eftir að hún öðlast gildi. Við endurskoðunina skal einkum meta allar verulegar breytingar á markaðshlutdeild mismunandi tegunda hitara í tengslum við merkimiðana sem settir eru fram í liðum 1.2 og 2.2 í III. viðauka, hagkvæmni og nothæfi upplýsinga um orkunýtni hitara, annarra en orkunýtni varmadælu á grundvelli staðlaðra hitunartímabila, hversu vel upplýsingablöð og merkimiðar pakkanna, sem settir eru fram í 3. og 4. lið III. viðauka og 5. og 6. lið IV. viðauka, eiga við, og hvort viðeigandi sé að óvirkur búnaður til varmaendurheimtar í loftræstikerfum falli undir gildissvið þessarar reglugerðar.

8. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda fyrir II. til VIII. viðauka

Hvað varðar II. til VIII. viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Skilgreiningar sem varða hitara

1) „hitaketill fyrir rými“: nefndur „ketill“ á myndum 1 til 4 í IV. viðauka, hitari fyrir rými sem framleiðir varma með bruna jarðefnaeldsneytis og/eða lífmassaeldsneytis og/eða með nýtingu júl-áhrifa í rafviðnámshitöldum,

2) „sambyggður hitaketill“: nefndur „ketill“ á myndum 1 til 4 í IV. viðauka, hitaketill fyrir rými sem er hannaður til að framleiða einnig varma til að skila heitu neyslu- og grávatni við tiltekið hitastig, í ákveðnu magni og tilteknu streymi, innan tiltekins tíma og er tengdur ytri aðföngum neyslu- og grávatns,

3) „hitari fyrir rými með varmadælu“: nefndur „varmadæla“ á mynd 1 og 3 í IV. viðauka, hitari fyrir rými sem notar umherfisvarma úr lofti, vatni eða jörðu og/eða frávarma til að framleiða varma, hitari fyrir rými með varmadælu getur verið með einn eða fleiri viðbótarhitara sem nýta júl-áhrif í rafviðnámshitöldum eða bruna jarðefnaeldsneytis og/eða lífmassaeldsneytis,

4) „sambyggður hitari með varmadælu“: nefndur „varmadæla“ á mynd 1 og 3 í IV. viðauka, hitari fyrir rými með varmadælu sem er hannaður til framleiða einnig varma til að skila heitu neyslu- eða grávatni við tiltekið hitastig, í ákveðnu magni og tilteknu streymi, innan tiltekins tíma og er tengdur ytri aðföngum neyslu- og grávatns,

5) „viðbótarhitari“: hitari sem er ekki gerð krafa um og framleiðir varma þegar eftirspurn eftir varma er meiri en nafnvarmaafköst hitarans sem fellur undir kröfurnar,

6) „nafnvarmaafköst viðbótarhitara“ (P_{sup}): tilgreind varmaframleiðlsa viðbótarhitara sem gefin er upp fyrir rýmishitun og, ef við á, vatnshitun við stöðluð málgildisskilyrði, gefin upp í kW, ef viðbótarhitarinn er hitari fyrir rými með varmadælu eða sambyggður hitari með varmadælu, eru stöðluð málgildisskilyrði til að ákvarða nafnvarmaafköst viðbótarhitara, hitastig utandyra (T_j) = + 7 °C;

7) „hitastig utandyra“ (T_j): þurr lofthiti utandyra, gefinn upp sem gráður á selsíus, tilgreina má rakastig með samsvarandi vothita;

8) „árleg orkunotkun“ (Q_{HE}): árleg orkunotkun hitara sem er nauðsynleg fyrir hitun rýmis til að uppfylla tilgreinda árlega viðmiðunareftirspurn eftir hitun á tilgreindu hitunartímabili, gefin upp í kWh sem endanleg orka og/eða í GJ sem heildarvarmagildi (*GCV*),

9) „reiðuhamur“: ástand þar sem hitari er tengdur rafkerfinu, er háður raforku frá rafkerfinu til þess að geta starfað eins og til er ætlast og gerir eingöngu kleift að framkvæma eftirfarandi aðgerðir, sem geta varað ótímabundið: endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk og/eða birting upplýsinga eða stöðu,

10) „aflþörf í reiðuham“ (P_{SB}): aflþörf hitara í reiðuham, gefin upp í kW,

11) „umreiknistuðull“ (CC): stuðull sem endurspeglar áætlaða 40 % meðalframleiðslunýtni í ESB, sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB ([6]); en gildi stuðulsins er CC = 2,5,

12) „heildarvarmagildi“ (*GCV*): heildargildi varmalosunar einingarmagns af eldsneyti við algjöran bruna þess með súrefni og þegar afurðum brennslunnar er aftur komið í umhverfishita og þetta magn felur í sér þéttivarma allrar vatnsgufu í eldsneytinu og vatnsgufu sem myndast vegna bruna vetnis sem er í eldsneytinu;

([6]) Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1.

Skilgreiningar sem varða hitakatla fyrir rými, sambyggða hitakatla og hitara fyrir rými með samvinnslu raf- og varmaorku

13) „árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham“ (η_{son}):

— að því er varðar eldsneytishitakatla fyrir rými og sambyggða eldsneytishitakatla er vegið meðaltal notnýtni við nafnvarmaafköst og notnýtni við 30 % af nafnvarmafköstum, gefin upp í %;

— að því er varðar rafhitakatla fyrir rými og sambyggða rafhitakatla er notnýtni við nafnvarmafköst, gefin upp í %;

— að því er varðar hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku sem eru ekki með viðbótarhitara er notnýtni við nafnvarmaafköst gefin upp í %;

— að því er varðar hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku sem eru með viðbótarhitara er vegið meðaltal notnýtni við nafnvarmaafköst þegar viðbótarhitarinn er óvirkur og notnýtni við nafnvarmaafköst þegar viðbótarhitarinn er virkur gefin upp í %;

14) „notnýtni“ (η): hlutfall notvarmaafkasta og heildarorkuílags hitaketils fyrir rými, sambyggðs hitaketils og hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, gefið upp í %, þar sem heildarorkuílag er gefið upp sem heildarvarmagildi (*GCV*) og/eða með því að margfalda endanlega orku með umreiknistuðlinum (CC),

15) „notvarmaafköst“ (*P*): varmaframleiðsla hitaketils fyrir rými, sambyggðs hitaketils eða hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, sem er flutt til varmaberans, gefið upp í kW,

16) „raforkunýtni“ (η el): hlutfall raforkuframleiðslu og heildarorkuílags hitara fyrir rými með samvinnslu raf- og varmaorku, gefin upp í %, þar sem heildarorkuílag er gefið upp sem heildarvarmagildi (*GCV*) og/eða sem endanleg orka margfölduð með umreiknistuðlinum (*CC*),

17) „aflþörf kveikibrennara“ (P_{ign}): aflþörf brennara sem ætlaður er til að kveikja á aðalbrennaranum, gefin upp sem W með tilliti til heildarvarmagildis (*GCV*),

18) „þéttiketill“: hitaketill fyrir rými eða sambyggður hitaketill, þar sem vatnsgufan í myndefnunum frá bruna er þétt að hluta til, við venjulegar notkunaraðstæður og við ákveðinn ganghita vatns, til að nýta gufunarvarma þessarar vatnsgufu til hitunar,

19) „aukaraforkunotkun“: árleg raforkuþörf vegna tilgreindrar notkunar hitaketils fyrir rými, sambyggðs hitaketils og hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, reiknað út frá raforkunotkun við fullt álag (elmax), hlutaálag (elmin), í reiðuham og sjálfgefnum notkunarstundum í hverjum ham, gefin upp í kWh með tilliti til endanlegrar orku,

20) „varmatap í reiðuham“ (P_{stby}): varmatap hitaketils fyrir rými, sambyggðs hitaketils eða hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku í notkunarham án varmaþarfar, gefið upp í kW,

Skilgreiningar sem varða hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggða hitara með varmadælu

21) „málnýtnistuðull“ (COP_{rated}) eða „málfrumorkuhlutfall“ (PER rated): tilgreind varmarýmd, gefin upp í kW, deilt með orkuílagi, gefið upp sem kW með tilliti til heildarvarmagildis (*GCV*) og/eða í kW með tilliti til endanlegrar orku margfölduð með umreiknistuðli (CC), þegar hitað er við stöðluð málgildisskilyrði,

22) „viðmiðunarhönnunarskilyrði“: samsetning viðmiðunarhönnunarhitastigs, hæsta tvígildishitastigsins og hæsta notkunarhitastigs, eins og sett er fram í töflu 10 í VII. viðauka,

23) „viðmiðunarhönnunarhitastig“ ($T_{designh}$): hitastig utan dyra, gefið upp sem gráður á selsíus, eins og sett er fram í töflu 10 í VII. viðauka, þegar hlutfall hlutaálags er 1,

24) „hlutfall hlutaálags“ ($pl(T_j)$): útihitastig að frádregnum 16 °C, deilt með viðmiðunarhönnunarhitastigi að frádregnum 16 °C,

25) „hitunartímabil“:tiltekin notkunarskilyrði fyrir miðlungs, kaldari og heitari loftslagsskilyrði, sem lýsa, fyrir hvert bil, samsetningu hitastigs utandyra og fjölda klukkustunda sem þetta hitastig varir á því tímabili,

26) „bil“ (bin_j): samsetning hitastigs utandyra og bilstunda, eins og sett er fram í töflu 12 í VII. viðauka,

27) „bilstundir“ (H_j): fjöldi klukkustunda á hitunartímabili, gefið upp sem klukkustundir á ári, með hitastig utandyra fyrir hvert bil, eins og sett er fram í töflu 12 í VII. viðauka,

28) „hlutaálag vegna hitunar“ (*Ph(T_j)*): hitunarálag við tiltekið hitastig utandyra, sem reiknað er út frá hönnunarálagi sem margfaldað er með hlutfalli hlutaálags, gefið upp í kW,

29) „árstíðabundinn nýtnistuðull“ (*SCOP*) eða „árstíðabundið frumorkuhlutfall“ (*SPER*) er heildarnýtnistuðull hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu, sem notar rafmagn, eða heildarfrumorkuhlutfall hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu, sem notar eldsneyti, sem er dæmigerður fyrir allt tilgreinda hitunartímabilið, reiknað út sem árleg viðmiðunareftirspurn eftir hitun, deilt með árlegri raforkunotkun,

30) „árleg viðmiðunareftirspurn eftir hitun“ (Q_H): viðmiðunareftirspurn eftir hitun á tilteknu hitunartímabili og notast til grundvallar útreikninga á árstíðabundnum nýtnistuðli (*SCOP*) eða árstíðabundnu frumorkuhlutfalli (*SPER*) og er reiknað út sem margfeldi hönnunarálags vegna hitunar og jafngildisklukkustunda í virkum ham á ársgrundvelli, gefið upp sem kWh,

31) „árlegar jafngildisklukkustundir í virkum ham“ (H_{HE}): áætlaður fjöldi klukkustunda á ári fyrir hönnunarálag hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðra hitara með varmadælu, til að uppfylla árlega viðmiðunareftirspurn eftir hitun, gefið upp sem h,

32) „nýtnistuðull í virkum ham“ ($SCOP_{on}$) eða „frumorkuhlutfall í virkum ham“ ($SPER_{on}$): meðalnýtnistuðull hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu, sem notar raforku í virkum ham, eða frumorkuhlutfall hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu, sem notar eldsneyti í virkum ham, fyrir tiltekið hitunartímabil,

33) „viðbótarhitunarafköst“ (*sup(T_j)*: nafnvarmaafköst (P_{sup}) viðbótarhitara sem er viðbót við hitunarafköst sem eru gefin upp til að uppfylla hlutaálag vegna hitunar ef hitunarafköstin sem gefin eru upp eru minni en hlutaálag vegna hitunar, gefið upp sem kW,

34) „nýtnistuðull sem á sérstaklega við um tiltekið bil“ ($COP_{bin}(T_j)$ eða „frumorkuhlutfall sem á sérstaklega við um tiltekið bil“ ($PER_{bin}(T_j)$): nýtnistuðull hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu, sem notar raforku, eða frumorkuhlutfall hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu, sem notar eldsneyti, sem á sérstaklega við um hvert bil á tímabili og ákvarðast af hlutaálagi, hitunarafköstum sem gefin eru upp og nýtnistuðli sem gefinn er upp fyrir tilgreind bil og er reiknað fyrir önnur bil með inn- eða framreikningi og leiðrétt, ef nauðsyn krefur, með lækkunarstuðlinum,

35) „hitunarafköst sem gefin eru upp“ (*Pdh(T_j)*): hitunarafköst sem hitari fyrir rými með varmadælu eða sambyggður hitari með varmadælu skilar við hitastig utandyra, gefið upp í kW,

36) „afkastastýring“: geta hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu til að breyta afköstum sínum með því að breyta rúmmálsstreymi a.m.k. eins af vökvunum sem eru nauðsynlegir fyrir kælingarferlið, tilgreina skal hana sem „fasta“ ef ekki er hægt að breyta rúmmálsstreyminu eða „breytilega“ ef rúmmálsstreyminu er breytt eða breytt í röðum sem hafa tvö eða fleiri þrep,

37) „hönnunarálag vegna hitunar“ (*Pdesignh*): nafnvarmaafköst (*Prated*) hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu við viðmiðunarhönnunarhitastig þar sem hönnunarálag vegna hitunar er það sama og hlutaálag vegna hitunar þar sem hitastig utandyra er það sama og viðmiðunarhönnunarhitastig, gefið upp í kW,

38) „nýtnistuðull sem gefinn er upp“ (*COPd(T_j)*) eða „frumorkuhlutfall sem er gefið upp“ (*PERd(T_j)*): nýtnistuðull eða frumorkuhlutfall við takmarkaðan fjölda tilgreindra bila,

39) „tvígildishitastig“ (T_{biv}): hitastig utandyra sem birgir gefur upp fyrir hitun og við það sem afköst, sem gefin eru upp, eru jöfn hlutaálagi vegna hitunar og ef hitastig er undir því þá þarf að bæta hitunarafköst til að ná fram hlutaálagi fyrir hitun, gefið upp sem gráður á selsíus,

40) „notkunarhitastigsmörk“ (*TOL*): hitastig utandyra sem birgir gefur upp fyrir hitun, en við lægra hitastig mun hitarinn fyrir rými með loft í vatn varmadælu, eða sambyggði hitarinn með loft í vatn varmadælu, ekki getað skilað neinum hitunarafköstum og hitunarafköstin, sem gefin eru upp eru núll, gefin upp sem gráður á selsíus,

41) „notkunarhitastigsmörk vegna vatnshitunar“ (*WTOL*): hitastig vatnsfrárásar, sem birgir gefur upp fyrir hitun, en við hærra hitastig getur hitarinn fyrir rými með varmadælu eða sambyggði hitarinn með varmadælu, ekki skilað neinum hitunarafköstum og afköstin sem gefin eru upp fyrir hitun eru núll, gefið upp í gráðum á selsíus,

42) „hitunarafköst á hringrásartímabili“ (*Pcych*): heildarhitunarafköst á prófunartímabili hringrásar vegna hitunar, gefin upp sem kW,

43) „orkunýtni á hringrásartímabili“ (*COPcyc* eða *PERcyc*): meðalnýtnistuðull eða meðalfrumorkuhlutfall á prófunartímabili hringrásar, reiknað út sem heildarhitunarafköst á tímabilinu, gefið upp í kWh, deilt með heildarorkuinnaflinu á sama tímabili, gefið upp í kW fyrir heildarvarmagildi (*GCV*) og/eða í kWh fyrir endanlega orku margfaldaða með umreiknistuðli (CC),

44) „lækkunarstuðull“ (*Cdh*): mælikvarði á tap á orkunýtni vegna hringrásar hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu en ef Cdh er ekki ákvarðaður með mælingu þá er sjálfgefinn lækkunarstuðull *Cdh* = 0,9,

45) „virkur hamur“: það ástand sem samsvarar klukkustundum hitunarálags lokaðs rýmis og sem virkjar hitunaraðgerð en þetta ástand getur falið í sér hringrás hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu til að ná og viðhalda því hitastigi innandyra sem krafist er,

46) „slökkt á búnaði“: ástand þar sem hitari fyrir rými með varmadælu eða sambyggður hitari með varmadælu er tengdur rafkerfinu en engin aðgerð er virk, þ.m.t. ástand sem gefur einungis til kynna að slökkt sé á búnaði og ástand þar sem einungis er fyrir hendi virkni sem ætlað er að tryggja rafsegulsviðssamhæfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB ([17]),

47) „slökkt á hitastilli“: það ástand sem samsvarar klukkustundum þegar ekkert hitunarálag er og hitunaraðgerð er virk og þar sem kveikt er á hitunaraðgerð en hitarinn fyrir rými með varmadælu eða sambyggði hitarinn með varmadælu starfar ekki en ekki telst vera slökkt á hitastilli þegar kveikt er á hringrás í virkum ham,

48) „notkunarhamur sveifarhússhitara“: ástand þar sem hitari er virkjaður til að koma í veg fyrir að kælimiðillinn færist yfir í þjöppuna til að takmarka styrk kælimiðilsins í olíu þegar þjappan er ræst,

49) „aflþörf þegar slökkt er á búnaði“ (P_{OFF}): aflþörf hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu þegar slökkt er á hitaranum, gefið upp í kW,

50) „aflþörf hitastillis þegar slökkt er á búnaði“ (P_{TO}): aflþörf hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu þegar slökkt er á hitastilli, gefið upp í kW,

51) „aflþörf þegar kveikt er á sveifarhússhitara“ (P_{CK}): aflþörf hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu þegar kveikt er á sveifarhússhitara, gefið upp í kW,

52) „lághitavarmadæla“: hitari fyrir rými með varmadælu sem er sérstaklega hannaður til notkunar við lágt hitastig og sem getur ekki skilað hituðu vatni með 52°C frárásarhita og þurrhita (vothita) við inntak við – 7 °C (– 8 °C) við viðmiðunarhönnunarskilyrði í miðlungs loftslagi,

53) „notkun við lágt hitastig“: notkun þar sem hitari fyrir rými með varmadælu skilar uppgefnum hitunarafköstum sínum við 35°C úttakshita varmaskiptis innandyra,

54) „notkun við miðlungshitastig“: notkun þar sem hitari fyrir rými með varmadælu eða sambyggður hitari með varmadælu skilar uppgefnum hitunarafköstum sínum við 55°C úttakshita varmaskiptis innandyra,

Skilgreiningar sem varða vatnshitun í sambyggðum hiturum:

55) „álagslýsing“: tiltekin röð vatnsúttekta, eins og tilgreint er í töflu 15 í VII. viðauka, hver sambyggður hitari uppfyllir a.m.k. eina álagslýsingu,

56) „vatnsúttekt“: tilgreind samsetning á notrennslishraða vatns, nothita vatns, notorkuinnihaldi og hámarkshitastigi, eins og tilgreint er í töflu 15 í VII. viðauka,

57) „notrennslishraði vatns“ (*f*): lágmarksrennslishraði, gefinn upp í lítrum á mínútu, á heitu vatni til viðmiðunarorku, eins og tilgreint er í töflu 15 í VII. viðauka,

58) „nothiti vatns“ (T_m): hitastig vatns, gefið upp í gráðum á selsíus, þegar heitt vatn byrjar að leggja til viðmiðunarorkunnar, eins og tilgreint er í töflu 15 í VII. viðauka,

59) „notorkuinnihald“ (Q_{tap}): orkuinnihald heits vatns, gefið upp í kW, sem afhent er við hitastig sem er jafnt eða hærra en nothiti vatns og við rennslishraða vatns sem er jafn eða meiri en notrennslishraði vatns, eins og tilgreint er í töflu 15 í VII. viðauka,

60) „orkuinnihald heits vatns“: margfeldi tiltekinnar varmarýmdar vatns, meðaltal hitamismunar á milli úttektar heits vatns og kalda vatnsins sem tekið er inn og heildarmassa heita vatnsins sem er afhent,

([7]) Stjtíð ESB L 390, 31.12.2004, bls. 24.

61) „toppgildi hitastigs“ (T_p): lágmarkshitastig vatns, gefið upp í gráðum á selsíus, sem þarf að ná við vatnsúttekt, eins og tilgreint er í töflu 15 í VII. viðauka,

62) „viðmiðunarorka“ (Q_{ref}): samanlagt notorkuinnihald vatnsúttekta, gefið upp í kW, í tiltekinni álagslýsingu, eins og tilgreint er í töflu 15 í VII. viðauka,

63) „hámarksálagslýsing“: álagslýsing með mestu viðmiðunarorku sem sambyggður hitari getur gefið frá sér samhliða því að uppfylla skilyrði þeirrar álagslýsingar um hitastig og rennslishraða,

64) „tilgreind álagslýsing“: álagslýsingin sem notuð er þegar orkunýtni vatnshitunar er ákvörðuð,

65) „dagleg raforkunotkun“ (Q_{elec}): raforkunotkun vegna vatnshitunar í 24 klukkustundir samfleytt við tilgreinda álagslýsingu, gefin upp í kWh með tilliti til endanlegrar orku,

66) „dagleg eldsneytisnotkun“ (Q_{fuel}): eldsneytisnotkun vegna vatnshitunar í 24 klukkustundir samfleytt við tilgreinda álagslýsingu, gefin upp í kWh með tilliti til heildarvarmagildis (*GCV*) og, að því er varðar f-lið 5. liðar VII. viðauka, gefin upp í GJ með tilliti til heildarvarmagildis (*GCV*),

67) „árleg raforkunotkun“ (*AEC*): árleg raforkunotkun sambyggðs hitara vegna vatnshitunar við tilgreinda álagslýsingu og við tiltekin loftslagsskilyrði, gefin upp í kWh með tilliti til endanlegrar orku,

68) „árleg eldsneytisnotkun“ (*AFC*): árleg notkun sambyggðs hitara á jarðefna- og/eða lífmassaeldsneyti vegna vatnshitunar við tilgreinda álagslýsingu og við tiltekin loftslagsskilyrði, gefin upp í GJ með tilliti til heildarvarmagildis (*GCV*),

Skilgreiningar sem varða búnað sem nýtir sólarorku

69) „árlegt varmaframlag án sólarorku“ (Q_{nonsol}): árlegt framlag raforku (gefið upp í kWh fyrir frumorku) og/eða eldsneytis (gefið upp í kWh fyrir heildarvarmagildi (*GCV*)) til notvarmaframleiðslu pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, með tilliti til árlegrar varmaupptöku sólargleypis og varmataps geymslutanks fyrir heitt vatn sem hitað er með sólarorku,

70) „ljósopsflatarmál sólargleypis“ (A_{sol}): nefnt „stærð sólargleypis“ á myndum 1 til 4 í IV. viðauka, hámarksvarpflötur sem óþjöppuð sólargeislun fer í gegnum á leið inn í gleypinn, gefið upp í m 2 ,

71) „orkunýtni sólargleypis“ (η_{col}): orkunýtni sólargleypis þegar hitamismunur á milli sólargleypisins og loftsins umhverfis hann er 40 K og hnattrænn ágeislunarstyrkur sólar er 1000 W/m^2 , gefin upp í %,

72) „fast tap“ (S): hitunarafl sem tapast í geymslutanki fyrir heitt vatn, sem er hitað með sólarorku, við tiltekið hitastig vatns og umhverfis, gefið upp í W,

73) „rúmmál“ (V): nefnt „rúmmál geymslutanks“ á myndum 1 til 4 í IV. viðauka, málrúmmál geymslutanks fyrir heitt vatn sem er hitað með sólarorku, gefið upp í lítrum eða m 3 ,

74) „aukaraforkunotkun (Q_{aux})“: nefnt „aukaraforka“ á mynd 5 í IV. viðauka, árleg raforkunotkun kerfis sem nýtir eingöngu sólarorku, sem rekja má til aflþarfar dælu og aflþarfar í reiðuham, gefin upp í kWh með tilliti til endanlegrar orku,

75) „aflþörf dælu“ (sol_{pump}): málraforkunotkun dælu í hringrás sólargleypis í kerfi sem nýtir eingöngu sólarorku, gefin upp í W,

76) „aflþörf í reiðuham” ($sol_{standby}$): málraforkunotkun kerfis sem nýtir eingöngu sólarorku þegar dæla og varmagjafi þess eru óvirk, gefin upp í W,

Aðrar skilgreiningar

77) „miðlungs loftslagsskilyrði“, „kaldari loftslagsskilyrði“ og „heitari loftslagsskilyrði“: hitaskilyrði og hnattrænn ágeislunarstyrkur sólar sem einkenna borgirnar Strassborg, Helsinki og Aþenu, í þeirri röð,

78) „tegundarauðkenni“: kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund hitara fyrir rými, sambyggðs hitara, hitastýringar, búnaðar sem nýtir sólarorku, pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku eða pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, frá öðrum tegundum með sama vörumerki, nafn birgis eða nafn söluaðila.

II. VIÐAUKI

Orkunýtniflokkar

1. ÁRSTÍÐABUNDNIR RÝMISHITUNARORKUNÝTNIFLOKKAR

Árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur hitara, að undanskildum lághitavarmadælum og hitara fyrir rými með varmadælu fyrir notkun við lágt hitastig, skal ákvarðaður á grunni árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar, eins og sett er fram í töflu 1.

Árstíðabundnir rýmishitunarorkunýtniflokkar lághitavarmadælu og hitara fyrir rými með varmadælu fyrir notkun við lágt hitastig skulu ákvarðaðir á grunni árstíðabundinnar orkunýtni þeirra við rýmishitun, eins og sett er fram í töflu 2.

Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar hitara skal reiknuð út í samræmi við 3. og 4. lið VII. viðauka, hvað varðar hitara fyrir rými með varmadælu, sambyggða hitara með varmadælu og lághitavarmadælur við miðlungs loftslagsskilyrði.

Tafla 1

Árstíðabundnir rýmishitunarorkunýtniflokkar hitara, að undanskildum lághitavarmadælum og hiturum fyrir rými með varmadælu fyrir notkun við lágt hitastig

Árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur	Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar η_s í %
A^{+++}	$\eta_s \geq 150$
A^{++}	$125 \leq \eta_s < 150$
A^{+}	$98 \leq \eta_s < 125$
A	$90 \leq \eta_s < 98$
B	$82 \leq \eta_s < 90$
C	$75 \leq \eta_s < 82$
D	$36 \leq \eta_s < 75$
E	$34 \leq \eta_s < 36$
F	$30 \leq \eta_s < 34$
G	$\eta_s < 30$

Tafla 2

Árstíðabundnir rýmishitunorkunýtniflokkar lághitavarmadælna og hitara fyrir rými með varmadælu fyrir notkun við lágt hitastig

Árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur	Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar η_s í %
A^{+++}	$\eta_s \geq 175$
A^{++}	$150 \leq \eta_s < 175$
A^{+}	$123 \leq \eta_s < 150$
A	$115 \leq \eta_s < 123$
B	$107 \leq \eta_s < 115$
C	$100 \leq \eta_s < 107$
D	$61 \leq \eta_s < 100$
E	$59 \leq \eta_s < 61$
F	$55 \leq \eta_s < 59$
G	$\eta_s < 55$

2. VATNSHITUNARORKUNÝTNIFLOKKAR

Vatnshitunarorkunýtniflokkur sambyggðs hitara skal ákvarðaður á grunni orkunýtni hans við vatnshitun eins og fram kemur í töflu 3.

Orkunýtni vatnshitunar sambyggðs hitara skal reiknuð út í samræmi við 5. lið VII. viðauka.

Tafla 3

Vatnshitunarorkunýtniflokkar sambyggðra hitara, flokkaðir eftir tilgreindri álagslýsingu, η_{wh} í %

	3XS	XXS	XS	S	M	L	XL	XXL
A^{+++}	$\eta_{wh} \geq 62$	$\eta_{wh} \geq 62$	$\eta_{wh} \geq 69$	$\eta_{wh} \geq 90$	$\eta_{wh} \geq 163$	$\eta_{wh} \geq 188$	$\eta_{wh} \geq 200$	$\eta_{wh} \geq 213$
A^{++}	$53 \leq \eta_{wh} < 62$	$53 \leq \eta_{wh} < 62$	$61 \leq \eta_{wh} < 69$	$72 \leq \eta_{wh} < 90$	$130 \leq \eta_{wh} < 163$	$150 \leq \eta_{wh} < 188$	$160 \leq \eta_{wh} < 200$	$170 \leq \eta_{wh} < 213$
A^{+}	$44 \leq \eta_{wh} < 53$	$44 \leq \eta_{wh} < 53$	$53 \leq \eta_{wh} < 61$	$55 \leq \eta_{wh} < 72$	$100 \leq \eta_{wh} < 130$	$115 \leq \eta_{wh} < 150$	$123 \leq \eta_{wh} < 160$	$131 \leq \eta_{wh} < 170$
A	$35 \leq \eta_{wh} < 44$	$35 \leq \eta_{wh} < 44$	$38 \leq \eta_{wh} < 53$	$38 \leq \eta_{wh} < 55$	$65 \leq \eta_{wh} < 100$	$75 \leq \eta_{wh} < 115$	$80 \leq \eta_{wh} < 123$	$85 \leq \eta_{wh} < 131$
B	$32 \leq \eta_{wh} < 35$	$32 \leq \eta_{wh} < 35$	$35 \leq \eta_{wh} < 38$	$35 \leq \eta_{wh} < 38$	$39 \leq \eta_{wh} < 65$	$50 \leq \eta_{wh} < 75$	$55 \leq \eta_{wh} < 80$	$60 \leq \eta_{wh} < 85$
C	$29 \leq \eta_{wh} < 32$	$29 \leq \eta_{wh} < 32$	$32 \leq \eta_{wh} < 35$	$32 \leq \eta_{wh} < 35$	$36 \leq \eta_{wh} < 39$	$37 \leq \eta_{wh} < 50$	$38 \leq \eta_{wh} < 55$	$40 \leq \eta_{wh} < 60$
D	$26 \leq \eta_{wh} < 29$	$26 \leq \eta_{wh} < 29$	$29 \leq \eta_{wh} < 32$	$29 \leq \eta_{wh} < 32$	$33 \leq \eta_{wh} < 36$	$34 \leq \eta_{wh} < 37$	$35 \leq \eta_{wh} < 38$	$36 \leq \eta_{wh} < 40$
E	$22 \leq \eta_{wh} < 26$	$23 \leq \eta_{wh} < 26$	$26 \leq \eta_{wh} < 29$	$26 \leq \eta_{wh} < 29$	$30 \leq \eta_{wh} < 33$	$30 \leq \eta_{wh} < 34$	$30 \leq \eta_{wh} < 35$	$32 \leq \eta_{wh} < 36$
F	$19 \leq \eta_{wh} < 22$	$20 \leq \eta_{wh} < 23$	$23 \leq \eta_{wh} < 26$	$23 \leq \eta_{wh} < 26$	$27 \leq \eta_{wh} < 30$	$27 \leq \eta_{wh} < 30$	$27 \leq \eta_{wh} < 30$	$28 \leq \eta_{wh} < 32$
G	$\eta_{wh} < 19$	$\eta_{wh} < 20$	$\eta_{wh} < 23$	$\eta_{wh} < 23$	$\eta_{wh} < 27$	$\eta_{wh} < 27$	$\eta_{wh} < 27$	$\eta_{wh} < 28$

3. ORKUNÝTNIFLOKKAR GEYMSLUTANKA FYRIR HEITT VATN, SEM ER HITAÐ MEÐ SÓLARORKU, EF BÚNAÐURINN ER BÚNAÐUR (EÐA HLUTI AF BÚNAÐI) SEM NÝTIR SÓLARORKU

Orkunýtniflokkur geymslutanks fyrir heitt vatn, sem er hitað með sólarorku, ef hann er búnaður (eða hluti af búnaði) sem nýtir sólarorku, skal ákvarðaður á grunni fasts taps eins og sett er fram í töflu 4.

Tafla 4

Orkunýtniflokkar geymslutanka fyrir heitt vatn, sem er hitað með sólarorku, ef hann er búnaður (eða hluti af búnaði) sem nýtir sólarorku

Orkunýtniflokkur	Fast tap S í vöttum, með rúmmálið V í lítrum
A+	$S < 5{,}5 + 3{,}16 \cdot V^{0,4}$
A	$5{,}5 + 3{,}16 \cdot V^{0,4} \leq S < 8{,}5 + 4{,}25 \cdot V^{0,4}$
B	$8{,}5 + 4{,}25 \cdot V^{0,4} \leq S < 12 + 5{,}93 \cdot V^{0,4}$
C	$12 + 5{,}93 \cdot V^{0,4} \leq S < 16{,}66 + 8{,}33 \cdot V^{0,4}$
D	$16{,}66 + 8{,}33 \cdot V^{0,4} \leq S < 21 + 10{,}33 \cdot V^{0,4}$
E	$21 + 10{,}33 \cdot V^{0,4} \leq S < 26 + 13{,}66 \cdot V^{0,4}$
F	$26 + 13{,}66 \cdot V^{0,4} \leq S < 31 + 16{,}66 \cdot V^{0,4}$
G	$S > 31 + 16{,}66 \cdot V^{0,4}$


III. VIÐAUKI

Merkimiðarnir

1. HITARAR FYRIR RÝMI

1.1. **Merkimiði 1**

1.1.1. *Hitakatlar fyrir rými í árstíðabundnum rýmishitunarorkunýtniflokkum A ++ til G*



I, II

III

IV

VI, V

a) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki birgis,

II. tegundarauðkenni birgis,

III. rýmishitunarvirkni,


IV. árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur sem ákvarðaður er í samræmi við 1. lið II. viðauka; örvaroddurinn sem sýnir árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk hitaketils fyrir rými skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,

V. nafnvarmaafköst í kW, námunduð að næstu heilu tölu,

VI. hljóðaflsstig L_{WA} í dB, innandyra, námundað að næstu heilu tölu.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir hitakatla fyrir rými skulu vera í samræmi við 5. lið þessa viðauka.

1.1.2. *Hitarar fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku í árstíðabundnum rýmishitunarorkunýtniflokkum A^{++} til G*



I, II

III

IV

VI, V

VII

a) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki birgis,

II. tegundarauðkenni birgis,

III. rýmishitunarvirkni,

IV. árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur, sem ákvarðaður er í samræmi við 1. lið II. viðauka; örvaroddurinn sem sýnir árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,


V. nafnvarmaafköst, þ.m.t. nafnvarmaafköst allra viðbótarhitara, í kW, námunduð að næstu heilu tölu,

VI. hljóðaflsstig L_{WA} í dB, innandyra, námundað að næstu heilu tölu.

VII. virkni viðbótarraforkuframleiðslu.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku skulu vera í samræmi við 6. lið þessa viðauka.

1.1.3. *Hitarar fyrir rými með varmadælu, að undanskildum lághitavarmadælum, í árstíðabundnum rýmishitunarorkunýtniflokkum A^{++} til G*



I, II

III

IV

VII, V

VI

a) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki birgis,

II. tegundarauðkenni birgis,

III. rýmishitunarvirkni við notkun við miðlungs og lágt hitastig, eftir því sem við á,

IV. árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur við miðlungs loftslagsskilyrði fyrir notkun við miðlungs og lágt hitastig, eftir því sem við á, sem ákvarðaður er í samræmi við 1. lið II. viðauka; örvaroddurinn sem sýnir árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk hitara fyrir rými með varmadælu fyrir notkun við miðlungs eða lágt hitastig, eftir því sem við á, skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,

V. nafnvarmaafköst, þ.m.t. nafnvarmaafköst allra viðbótarhitara, í kW, við miðlungs, kaldari og heitari loftslagsskilyrði fyrir notkun við miðlungs eða lágt hitastig, eftir því sem við á, námundað að næstu heilu tölu,


VI. hitastigskort fyrir Evrópu sem sýnir þrjú leiðbeinandi hitastigssvæði,

VII. hljóðaflsstig L_{WA} í dB, innandyra (ef við á) og utandyra, í dB, námundað að næstu heilu tölu.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir hitara fyrir rými með varmadælu skulu vera í samræmi við 7. lið þessa viðauka. Þrátt fyrir þetta má bæta afriti af umhverfismerki ESB við hafi tegund verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 ([8]).

([8]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

1.1.4. *Lághitavarmadælur í árstíðabundnum rýmishitunarorkunýtniflokkum A^{++} til G*



I, II

III

IV

VII, V

VI

a) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki birgis,

II. tegundarauðkenni birgis,

III. rýmishitunarvirkni við notkun við lágt hitastig,

IV. árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur við miðlungs loftslagsskilyrði, sem ákvarðaður er í samræmi við 1. lið II. viðauka; örvaroddurinn sem sýnir árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk lághitavarmadælu skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,

V. nafnvarmaafköst, þ.m.t. nafnvarmaafköst allra viðbótarhitara, í kW, við miðlungs, kaldari og heitari loftslagsskilyrði, eftir því sem við á, námundað að næstu heilu tölu,


VI. hitastigskort fyrir Evrópu sem sýnir þrjú leiðbeinandi hitastigssvæði,

VII. hljóðaflsstig L_{WA} í dB, innandyra (ef við á) og utandyra, í dB, námundað að næstu heilu tölu.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir lághitavarmadælur skulu vera í samræmi við 8. lið þessa viðauka. Þrátt fyrir þetta má bæta afriti af umhverfismerki ESB við hafi tegund verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010.

1.2. **Merkimiði 2**

1.2.1. *Hitakatlar fyrir rými í árstíðabundnum rýmishitunarorkunýtniflokkum A^{+++} til D*



I, II

III


IV

VI, V

a) Upplýsingarnar sem taldar eru upp í a-lið í lið 1.1.1 í þessum viðauka skulu koma fram á merkimiðanum.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir hitakatla fyrir rými skulu vera í samræmi við 5. lið þessa viðauka.

1.2.2. *Hitarar fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku í árstíðabundnum rýmishitunarorkunýtniflokkum A^{+++} til D*



I, II

III

IV


VI, V

VII

a) Upplýsingarnar sem taldar eru upp í a-lið í lið 1.1.2 í þessum viðauka skulu koma fram á merkimiðanum.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku skulu vera í samræmi við 6. lið þessa viðauka.

1.2.3. *Hitarar fyrir rými með varmadælu, að undanskildum lághitavarmadælum, í árstíðabundnum rýmishitunar-orkunýtniflokkum A^{+++} til D*



I, II

III

IV


VII, V

VI

a) Upplýsingarnar sem taldar eru upp í a-lið í lið 1.1.3 í þessum viðauka skulu koma fram á merkimiðanum.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir hitara fyrir rými með varmadælu skulu vera í samræmi við 7. lið þessa viðauka.

1.2.4. *Lághitavarmadælur í árstíðabundnum rýmishitunarorkunýtniflokkum A^{+++} til D*



I, II

III

IV

VII, V

VI


a) Upplýsingarnar sem taldar eru upp í a-lið í lið 1.1.4 í þessum viðauka skulu koma fram á merkimiðanum.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir lághitavarmadælur skulu vera í samræmi við 8. lið þessa viðauka.

2. SAMBYGGÐIR HITARAR

2.1. **Merkimiði 1**

2.1.1 *Sambyggðir hitakatlar í árstíðabundnum rýmishitunarorkunýtniflokkum A^{++} til G og vatnshitunarorkunýtniflokkum A til G*



I, II

III

IV

VI, V, VII

a) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki birgis,

II. tegundarauðkenni birgis,

III. rýmishitunar- og vatnshitunarvirkni, þ.m.t. tilgreind álagslýsing, gefin upp með viðeigandi bókstaf, í samræmi við töflu 15 í VII. viðauka,

IV. árstíðabundinn rýmishitunar- og vatnshitunarorkunýtniflokkur, sem ákvarðaður er í samræmi við 1. og 2. lið II. viðauka; örvaroddurinn sem sýnir árstíðabundinn rýmishitunar- og vatnshitunarorkunýtniflokk fyrir sambyggðan hitunarketil skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,


V. nafnvarmaframleiðsla í kW, námundað að næstu heilu tölu,

VI. hljóðaflsstig LWA í dB, innandyra, námundað að næstu heilu tölu.

VII. hvað varðar sambyggða hitunarkatla sem aðeins geta starfað á tímabilum þegar ekki er hámarksálag, má bæta við skýringarmynd sem um getur í 11. lið d-liðar í 9. lið þessa viðauka.

b) Hönnun merkimiðans fyrir sambyggða hitunarkatla skal vera í samræmi við 9. lið þessa viðauka.

2.1.2. Sambyggðir hitarar með varmadælu í árstíðabundnum rýmishitunarorkunýtniflokkum A^{++} til G og vatnshitunarorkunýtniflokkum A til G



I, II

III

IV

VII, VI, V

VIII

a) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki birgis,

II. tegundarauðkenni birgis,

III. rýmishitunarvirkni við notkun við miðlungs hitastig og vatnshitunarvirkni, þ.m.t. tilgreind álagslýsing, gefin upp með viðeigandi bókstaf, í samræmi við töflu 15 í VII. viðauka,

IV. árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur við miðlungs loftslagsskilyrði fyrir notkun við miðlungs hitastig og vatnshitunarorkunýtniflokkur við miðlungs loftslagsskilyrði, ákvarðaður í samræmi við 1. og 2. lið II. viðauka; örvaroddurinn, sem sýnir árstíðabundinn rýmishitunar- og vatnshitunarorkunýtniflokk fyrir sambyggðan hitara með varmadælu, skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,

V. nafnvarmaafköst, þ.m.t. nafnvarmaafköst allra viðbótarhitara, í kW, við miðlungs, kaldari og heitari loftslagsskilyrði, eftir því sem við á, námundað að næstu heilu tölu,

VI. hitastigskort fyrir Evrópu sem sýnir þrjú leiðbeinandi hitastigssvæði,


VII. hljóðaflsstig LWA í dB, innandyra (ef við á) og utandyra, námundað að næstu heilu tölu,

VIII. hvað varðar sambyggða hitara með varmadælu sem aðeins geta starfað á tímabilum þegar ekki er hámarksálag, má bæta við skýringarmynd sem um getur í 12. lið d-liðar í 10. lið þessa viðauka.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir sambyggða hitara með varmadælu skulu vera í samræmi við 10. lið þessa viðauka.

2.2. **Merkimiði 2**

2.2.1. Sambyggðir hitunarkatlar í árstíðabundnum rýmishitunarorkunýtniflokkum A^{+++} til D og vatnshitunarorkunýtniflokkum A^{+} til F



I, II

III


IV

VI, V, VII

a) Upplýsingarnar sem taldar eru upp í a-lið í lið 2.1.1 í þessum viðauka skulu koma fram á merkimiðanum.

b) Hönnun merkimiðans fyrir sambyggða hitunarkatla skal vera í samræmi við 9. lið þessa viðauka.

2.2.2. Sambyggðir hitarar með varmadælu í árstíðabundnum rýmishitunarorkunýtniflokkum A^{+++} til D og vatnshitunarorkunýtniflokkum A^{+} til F



I, II

III

IV

VII, VI, V


VIII

a) Upplýsingarnar sem taldar eru upp í a-lið í lið 2.1.2 í þessum viðauka skulu koma fram á merkimiðanum.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir sambyggða hitara með varmadælu skulu vera í samræmi við 10. lið þessa viðauka.

3. PAKKAR MEÐ HITARA FYRIR RÝMI, HITASTÝRINGU OG BÚNAÐI SEM NÝTIR SÓLARORKU

Merkimiði fyrir pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku í árstíðabundnum rýmishitunarorkunýtniflokkum A^{+++} til G



a) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki seljanda og/eða birgis,

II. tegundarauðkenni seljanda og/eða birgis,

III. rýmishitunarvirkni,

IV. árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur hitara fyrir rými, ákvarðaður í samræmi við 1. lið II. viðauka,


V. upplýsingar um hvort sólargleypir, geymslutankur fyrir heitt vatn, hitastýring og/eða viðbótarhitari fyrir rými megi vera hluti af pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku,

VI. árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, sem ákvarðaður er í samræmi við 5. lið IV. viðauka; örvaroddurinn sem sýnir árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku skal vera í samræmi við 11. lið þessa viðauka. Að því er varðar pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku í árstíðabundnum rýmishitunarorkunýtniflokkum A +++ til D, má sleppa síðustu flokkunum E til G á A +++ til G kvarðanum.

4. PAKKAR MEÐ SAMBYGGÐUM HITARA, HITASTÝRINGU OG BÚNAÐI SEM NÝTIR SÓLARORKU

Merkimiði fyrir pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku í árstíðabundnum rýmishitunar- og vatnshitunarorkunýtniflokkum A +++ til G



a) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki seljanda og/eða birgis,

II. tegundarauðkenni seljanda og/eða birgis,

III. rýmishitunar- og vatnshitunarvirkni, þ.m.t. tilgreind álagslýsing, gefin upp með viðeigandi bókstaf, í samræmi við töflu 15 í VII. viðauka,

IV. árstíðabundinn rýmishitunar- og vatnshitunarorkunýtniflokkur sambyggða hitarans, ákvarðaður í samræmi við 1. og 2. lið II. viðauka,


V. upplýsingar um hvort sólargleypir, geymslutankur fyrir heitt vatn, hitastýring og/eða viðbótarhitari megi vera hluti af pakka með sambyggðum hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku,

VI. árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, sem ákvarðaður er í samræmi við 6. lið IV. viðauka; örvaroddurinn sem sýnir árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokk pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,

VII. vatnshitunarorkunýtniflokkur pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, sem ákvarðaður er í samræmi við 6. lið IV. viðauka; örvaroddurinn sem sýnir vatnshitunar-orkunýtniflokk pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku skal vera í samræmi við 12. lið þessa viðauka. Að því er varðar pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku í árstíðabundnum rýmishitunar- og/eða vatnshitunarorkunýtniflokkum A +++ til D, má sleppa síðustu flokkunum E til G á A +++ til G kvarðanum.

5. Hönnun merkimiðans fyrir hitakatla fyrir rými skal vera eftirfarandi:



Þar sem:

a) Merkimiðinn skal vera minnst 105 mm á breidd og 200 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.

b) Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

c) Notuð er CMYK-litaskipan — blár, blárauður, gulur og svartur — í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammastrik merkimiða ESB:** 4 pt – litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm.

❷ **Kennimerki ESB:** Litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.

❸ **Orkumerkimiði**: Litur: X-00-00-00. Skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkumerkimiði: breidd: 86 mm, hæð: 17 mm.

❹ **Lína undir kennimerki:** 1 pt, litur: blár 100%, lengd: 86 mm.

❺ **Rýmishitunarvirkni:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er.

❻ **A ++ -G og A +++ -D kvarðar, eftir því sem við á:**

— **Ör:** hæð: 5 mm, bil: 1,3 mm, litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Sjöundi flokkur: 00-X-X-00,

Áttundi flokkur: 00-X-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00,

— **Texti:** Feitt, 14 pt Calibri-letur, hástafir, í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

— **Ör:** hæð: 7 mm, bil: 1 mm, litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00,

— **Texti:** Feitt, 16 pt Calibri-letur, hástafir í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❼ Árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur:

— **Ör:** breidd: 22 mm, hæð: 12 mm, 100% svört,

— **Texti:** Feitt, 24 pt Calibri-letur, hástafir í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❽ **Hljóðaflsstig, innandyra :**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er,

— **Rammi:** 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm,

— **Gildi „YZ“**: Feitt 20 pt Calibri-letur, 100% svart,

— **Texti „db“**: Hefðbundið 15 pt Calibri-letur 100% svart.

❾ **Nafnvarmaafköst:**

— Rammi: 2 pt, litur: blár 100% – rúnnuð horn: 3,5 mm,

— Gildi „YZ“: Feitt 45 pt Calibri-letur, 100% svart,

— Textinn „kW“: Hefðbundið 30 pt Calibri-letur 100% svart.

❿ Árið sem merkimiðinn er tekinn í notkun og númer reglugerðar:


— **Texti:** Feitt 10 pt Calibri-letur.

⓫ **Nafn eða vörumerki birgis.**

⓬ **Tegundarauðkenni birgis:**

Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 86 x 12 mm rými.

6. Hönnun merkimiðans fyrir hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku skal vera eftirfarandi:



Þar sem:

a) Merkimiðinn skal vera minnst 105 mm á breidd og 200 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.

b) Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

c) Notuð er CMYK-litaskipan — blár, blárauður, gulur og svartur — í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammastrik merkimiða** ESB: 4 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm.

❷ **Kennimerki ESB:** Litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00. Kennimerki ESB: Litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.

❸ **Orkumerkimiði:** Litur: X-00-00-00. Skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkumerkimiði: breidd: 86 mm, hæð: 17 mm.

❹ **Lína undir kennimerki:** 1 pt, litur: blár 100%, lengd: 86 mm.

❺ **Rýmishitunarvirkni:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er.**

❻ **A^{++} -G og A^{+++} -D kvarðar, eftir því sem við á:**

— **Ör:** hæð: 5 mm, bil: 1,3 mm, litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Sjöundi flokkur: 00-X-X-00,

Áttundi flokkur: 00-X-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00,

— **Texti:** Feitt, 14 pt Calibri-letur, hástafir, í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

— **Ör:** hæð: 7 mm, bil: 1 mm, litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00,

— **Texti:** Feitt, 16 pt Calibri-letur, hástafir í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❼ **Árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur**

— **Ör:** breidd: 22 mm, hæð: 12 mm, 100% svört,

— **Texti:** Feitt, 24 pt Calibri-letur, hástafir í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❽ **Hljóðaflsstig, innandyra:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er,

— **Rammi**: 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm,

— **Gildi** „YZ“: Feitt 20 pt Calibri-letur, 100% svart,

— **Texti ‘dB’:** Hefðbundið 15 pt Calibri-letur 100% svart.

❾ **Nafnvarmaafköst**:

— **Rammi**: 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm,

— **Gildi „YZ“**: Feitt 45 pt Calibri-letur, 100% svart,

— **Textinn „kW“**: Hefðbundið 30 pt Calibri-letur 100% svart.

❿ **Raforkuvirkni:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er,

— **Rammi**: 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm.

⓫ **Árið sem merkimiðinn er tekinn í notkun og númer reglugerðar:**


— **Texti**: Feitt 10 pt Calibri-letur.

⓬ **Nafn eða vörumerki birgis.**

⓭ **Tegundarauðkenni birgis:**

Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 86 x 12 mm rými.

7. Hönnun merkimiðans fyrir hitara fyrir rými með varmadælu skal vera eftirfarandi:



Þar sem:

a) Merkimiðinn skal vera minnst 105 mm á breidd og 200 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.

b) Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

c) Notuð er CMYK-litaskipan — blár, blárauður, gulur og svartur — í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammastrik merkimiða ESB:** 4 pt, litur: blár 100 %, rúnnuð horn: 3,5 mm.

❷ **Kennimerki ESB:** Litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.

❸ **Orkumerkimiði:** Litur: X-00-00-00. Skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkumerkimiði: breidd: 86 mm, hæð: 17 mm.

❹ **Lína undir kennimerki:** 1 pt, litur: blár 100%, lengd: 86 mm.

❺ **Rýmishitunarvirkni:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er.**

❻ **Notkun við miðlungs og lágt hitastig:**

— **Texti '55 °C' og '35 °C':** Hefðbundið 14 pt Calibri-letur 100% svart.

❼ **A^{++}-G og A^{+++}-D scales, eftir því sem við á:**

— **Ör:** hæð: 5 mm, bil: 1,3 mm, litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Sjöundi flokkur: 00-X-X-00,

Áttundi flokkur: 00-X-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00,

— **Texti:** Feitt, 14 pt Calibri-letur, hástafir, í hvítum lit, „+" tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

— **Ör:** hæð: 7 mm, bil: 1 mm, litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00,

— **Texti:** Feitt, 16 pt Calibri-letur, hástafir í hvítum lit, „+" tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❽ Árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur

— **Ör:** Breidd: 19 mm, hæð: 12 mm, 100% svört,

— **Texti:** Feitt, 24 pt Calibri-letur, hástafir í hvítum lit, „+" tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❾ **Hljóðaflsstig, innandyra (ef við á) og utandyra:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er,,

— **Rammi**: 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm,

— **Gildi** „YZ“: Feitt 20 pt Calibri-letur, 100% svart,

— **Texti** „db“: Hefðbundið 15 pt Calibri-letur 100% svart.

❿ **Nafnvarmaafköst:**

— **Rammi**: 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm,

— **Gildi** „YZ“: A.m.k. 15 pt Calibri-letur, 100% svart,

— **Texti** „kW“: Hefðbundið 15 pt Calibri-letur 100% svart.

⓫ **Hitastigskort fyrir Evrópu og litaferningar:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er,

— Litir:

Dökkblár: 86-51-00-00,

Milliblár: 53-08-00-00,

Ljósblár: 25-00-02-00.

⓬ Árið sem merkimiðinn er tekinn í notkun og númer reglugerðar:


— **Texti:** Feitt 10 pt Calibri-letur.

⓭ **Nafn eða vörumerki birgis.**

⓮ **Tegundarauðkenni birgis:**

Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 86 x 12 mm rými.

8. Hönnun merkimiðans fyrir lághitavarmadælur skal vera eftirfarandi:



Þar sem:

a) Merkimiðinn skal vera minnst 105 mm á breidd og 200 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.

b) Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

c) Notuð er CMYK-litaskipan — blár, blárauður, gulur og svartur — í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammastrik merkimiða ESB:** 4 pt, litur: blár 100 %, rúnnuð horn: 3,5 mm.

❷ **Kennimerki ESB:** Litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.

❸ **Orkumerkimiði:** Litur: X-00-00-00. Skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkumerkimiði: breidd: 86 mm, hæð: 17 mm.

❹ **Lína undir kennimerki:** 1 pt, litur: blár 100%, lengd: 86 mm.

❺ **Rýmishitunarvirkni:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er.

❻ **Notkun við lágt hitastig:**

Texti „35°C“: Hefðbundið 14 pt Calibri-letur 100% svart.

❼ **A^{++} -G og A^{+++} -D kvarðar, eftir því sem við á:**

— **Ör:** hæð: 5 mm, bil: 1,3 mm, litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Sjöundi flokkur: 00-X-X-00,

Áttundi flokkur: 00-X-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00,

— **Texti:** Feitt, 14 pt Calibri-letur, hástafir, í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

— **Ör:** hæð: 7 mm, bil: 1 mm – Litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00,

— **Texti:** Feitt, 16 pt Calibri-letur, hástafir í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❽ Árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur

— **Ör:** breidd: 22 mm, hæð: 12 mm, 100% svört,

— **Texti:** Feitt, 24 pt Calibri-letur, hástafir í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❾ **Hljóðaflsstig, innandyra (ef við á) og utandyra:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er,,

— **Rammi:** 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm,

— **Gildi‘YZ’:** Feitt 20 pt Calibri-letur, 100% svart,

— **Texti ‘dB’:** Hefðbundið 15 pt Calibri-letur 100% svart.

❿ **Nafnvarmaafköst:**

— **Rammi:** 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm,

— **Gildi ‘YZ’:** A.m.k. 18 pt Calibri-letur, 100% svart,

— **Texti ‘kW’:** Hefðbundið 13,5 pt Calibri-letur 100% svart.

⓫ **Hitastigskort fyrir Evrópu og litaferningar:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er,,

Litir:

Dökkblár: 86-51-00-00,

Milliblár: 53-08-00-00,

Ljósblár: 25-00-02-00.

⓬ **Árið sem merkimiðinn er tekinn í notkun og númer reglugerðar:**


— **Texti:** Feitt 10 pt Calibri-letur.

⓭ **Nafn eða vörumerki birgis.**

⓮ **Tegundarauðkenni birgis:**

Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 86 x 12 mm rými.

9. Hönnun merkimiðans fyrir sambyggða hitakatla skal vera eftirfarandi:



Þar sem:

a) Merkimiðinn skal vera minnst 105 mm á breidd og 200 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.

b) Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

c) Notuð er CMYK-litaskipan — blár, blárauður, gulur og svartur — í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammastrik merkimiða ESB:** 4 pt, litur: blár 100 %, rúnnuð horn: 3,5 mm.

❷ **Kennimerki ESB:** Litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.

❸ **Orkumerkimiði:** Litur: X-00-00-00. Skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkumerkimiði: breidd: 86 mm, hæð: 17 mm.

❹ **Lína undir kennimerki:** 1 pt, litur: blár 100%, lengd: 86 mm.

❺ **Rýmishitunarvirkni:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er.**

❻ **Vatnshitunarvirkni**

— Skýringarmynd eins og sýnd er, þ.m.t. tilgreind álagslýsing, gefin upp með viðeigandi bókstaf, í samræmi við töflu 15 í þessum viðauka: Feitt 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

❼ **A^{++} -G og A-G, A^{+++} -D eða A^{+} -F kvarðar, eftir því sem við á:**

— **Ör:** hæð: 5 mm, bil: 1,3 mm, litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Sjöundi flokkur: 00-X-X-00,

Áttundi flokkur: 00-X-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00,

— **Texti:** Feitt, 14 pt Calibri-letur, hástafir, í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

— **Ör:** hæð: 7 mm, bil: 1 mm, litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00,

— **Texti:** Feitt, 16 pt Calibri-letur, hástafir í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❽ Árstíðabundnir rýmishitunar- og vatnshitunarorkunýtniflokkar:

— **Ör:** breidd: 14 mm, hæð: 9 mm, 100% svört,

— **Texti:** Feitt, 18 pt Calibri-letur, hástafir í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❾ **Nafnvarmaafköst:**

— **Rammi:** 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm,

— **Gildi‘YZ’:** Feitt 37,5 pt Calibri-letur, 100% svart,

— **Texti ‘kW’:** Hefðbundið 18 pt Calibri-letur 100% svart.

❿ **Hljóðaflsstig, innandyra:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er,,

— **Rammi:** 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm,

— **Gildi‘YZ’:** Feitt 20 pt Calibri-letur, 100% svart,

— **Texti ‘dB’:** Hefðbundið 15 pt Calibri-letur 100% svart.

⓫ **Virkni þegar ekki er hámarksálag, ef við á:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er,**,

— **Rammi:** 2 pt – litur: blár 100% – rúnnuð horn: 3,5 mm.

⓬ **Árið sem merkimiðinn er tekinn í notkun og númer reglugerðar:**


— **Texti:** Feitt 10 pt Calibri-letur.

⓭ **Nafn eða vörumerki birgis.**

⓮ **Tegundarauðkenni birgis:**

Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 86 x 12 mm rými.

10. Hönnun merkimiðans fyrir sambyggða hitara með varmadælu skal vera eftirfarandi:



Þar sem:

a) Merkimiðinn skal vera minnst 105 mm á breidd og 200 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.

b) Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

c) Notuð er CMYK-litaskipan — blár, blárauður, gulur og svartur — í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammastrik merkimiða ESB:** 4 pt, litur: blár 100 %, rúnnuð horn: 3,5 mm.

❷ **Kennimerki ESB:** Litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.

❸ **Orkumerkimiði:** Litur: X-00-00-00. Skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkumerkimiði: breidd: 86 mm, hæð: 17 mm.

❹ **Lína undir kennimerki:** 1 pt, litur: blár 100%, lengd: 86 mm.

❺ **Rýmishitunarvirkni**:

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er.

❻ **Vatnshitunarvirkni**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er, þ.m.t. tilgreind álagslýsing, gefin upp með viðeigandi bókstaf, í samræmi við töflu 15 í þessum viðauka: Feitt 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

❼ **A^{++} -G og A-G, A^{+++} -D eða A^{+} -F kvarðar, eftir því sem við á:**

— **Ör:** hæð: 5 mm, bil: 1,3 mm, litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Sjöundi flokkur: 00-X-X-00,

Áttundi flokkur: 00-X-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00,

— **Texti:** Feitt, 14 pt Calibri-letur, hástafir, í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

— **Ör:** hæð: 7 mm, bil: 1 mm, litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00,

— **Texti:** Feitt, 16 pt Calibri-letur, hástafir í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❽ Árstíðabundnir rýmishitunar- og vatnshitunarorkunýtniflokkar:

— **Ör:** breidd: 14 mm, hæð: 9 mm, 100% svört,

— **Texti:** Feitt, 18 pt Calibri-letur, hástafir í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❾ **Nafnvarmaafköst:**

— **Rammi:** 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm,

— **Gildi ‘YZ’:** A.m.k. 12 pt Calibri-letur, 100% svart,

— **Texti ‘kW’:** Hefðbundið 10 pt Calibri-letur 100% svart.

❿ **Hitastigskort fyrir Evrópu og litaferningar:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er,,

— Litir:

Dökkblár: 86-51-00-00,

Milliblár: 53-08-00-00,

Ljósblár: 25-00-02-00.

⓫ **Hljóðaflsstig, innandyra (ef við á) og utandyra:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er,,

— **Rammi:** 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm,

— **Gildi** „YZ“: Feitt 15 pt Calibri-letur, 100% svart,

— **Texti ‘dB’:** Hefðbundið 10 pt Calibri-letur 100% svart.

⓬ **Virkni þegar ekki er hámarksálag, ef við á:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er,,

— **Rammi:** 2 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm.

⓭ Árið sem merkimiðinn er tekinn í notkun og númer reglugerðar:


— **Texti:** Feitt 10 pt Calibri-letur.

⓮ **Nafn eða vörumerki birgis.**

⓯ **Tegundarauðkenni birgis:**

Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 86 x 12 mm rými.

11. Hönnun merkimiðans fyrir pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku skal vera í samræmi við eftirfarandi:



Þar sem:

a) Merkimiðinn skal vera minnst 210 mm á breidd og 297 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.

b) Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

c) Notuð er CMYK-litaskipan — blár, blárauður, gulur og svartur — í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammastrik merkimiða ESB**: 6 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm.

❷ **Kennimerki ESB:** Litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.

❸ **Orkumerkimiði:** Litur: X-00-00-00. Skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkumerkimiði: breidd: 191 mm, hæð: 37 mm.

❹ **Lína undir kennimerki:** 2 pt, litur: blár 100%, lengd: 191 mm.

❺ **Rýmishitunarvirkni:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er.

❻ **Hitari fyrir rými:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er,**,

— Árstíðabundin rýmishitunarorkunýtniflokkur hitara fyrir rými:

Ör: breidd: 24 mm, hæð: 14 mm, 100% svört,

Texti: Feitt, 28 pt Calibri-letur, hástafir í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð,

— **Rammi:** 3 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm.

❼ **Pakki með sólargleypi, geymslutanki fyrir heitt vatn, hitastýringu og/eða viðbótarhitara:**

— **Skýringarmyndir** eins og sýndar eru,

— **‘+’ tákn:** Feitt 50 pt Calibri-letur, 100% blátt,

— **Kassar:** breidd: 12 mm, hæð: 12 mm, rammi: 4 pt, 100% blátt,

— **Rammi:** 3 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm.

❽ **A^{+++} - G kvarði með ramma:**

— Ör**:** hæð: 15 mm, bil: 3 mm, litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Sjöundi flokkur: 00-X-X-00,

Síðustu flokkar, ef við á: 00-X-X-00,

— **Texti:** Feitt, 30 pt Calibri-letur, hástafir í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð,

— **Rammi:** 3 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm.

❾ Árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku:

— **Ör:** breidd: 33 mm, hæð: 19 mm, 100% svört,

— **Texti:** Feitt, 40 pt Calibri-letur, hástafir í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❿ **Árið sem merkimiðinn er tekinn í notkun og númer reglugerðar:**


— **Texti:** Feitt 12 pt Calibri-letur.

⓫ **Nafn eða vörumerki seljanda og/eða birgis.**

⓬ **Tegundarauðkenni seljanda og/eða birgis:**

Nafn eða vörumerki seljanda og/eða birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 191 x 19 mm rými.

12. Hönnun merkimiðans fyrir pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku skal vera í samræmi við eftirfarandi:



Þar sem:

a) Merkimiðinn skal vera minnst 210 mm á breidd og 297 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.

b) Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

c) Notuð er CMYK-litaskipan — blár, blárauður, gulur og svartur — í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammastrik merkimiða ESB:** 6 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm.

❷ **Kennimerki ESB:** Litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.

❸ **Orkumerkimiði:** Litur: X-00-00-00. Skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkumerkimiði: breidd: 191 mm, hæð: 37 mm.

❹ **Lína undir kennimerki:** 2 pt, litur: blár 100%, lengd: 191 mm.

❺ **Sambyggður hitari:**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er, fyrir vatnshitunarvirkni, þ.m.t. tilgreind álagslýsing, gefin upp með viðeigandi bókstaf, í samræmi við töflu 15 í VII. viðauka: Feitt 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

— Árstíðabundinn rýmishitunar- og vatnshitunarorkunýtniflokkur sambyggðs hitara:

Ör: breidd: 19 mm, hæð: 11 mm, 100% svört,

Texti: Feitt, 23 pt Calibri-letur, hástafir í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð,

— **Rammi:** 3 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm.

❻ **Pakki með sólargleypi, geymslutanki fyrir heitt vatn, hitastýringu og/eða viðbótarhitara:**

— **Skýringarmyndir** eins og sýndar eru,

— **‘+’ tákn:** Feitt 50 pt Calibri-letur, 100% blátt,

— **Kassar:** breidd: 12 mm, hæð: 12 mm, rammi: 4 pt, 100% blátt,

— **Rammi:** 3 pt, litur: blár 100 %, rúnnuð horn: 3,5 mm.

❼ **Rýmishitunarvirkni:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er.**

❽ **A^{+++} - G kvarði með ramma:**

— **Ör:** hæð: 6,5 mm, bil: 1 mm, litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Sjöundi flokkur: 00-X-X-00,

Síðustu flokkar, ef við á: 00-X-X-00,

— **Texti:** Feitt, 16 pt Calibri-letur, hástafir í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð,

— **Rammi:** 3 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm.

❾ **Árstíðabundinn rýmishitunar- og vatnshitunarorkunýtniflokkur pakka með sambyggðum hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, eftir því sem við á:**

— **Ör:** breidd: 24 mm, hæð: 14 mm, 100% svört,

— **Texti:** Feitt, 28 pt Calibri-letur, hástafir í hvítum lit, „+“ tákn: brjóstletur, raðað í eina röð.

❿ **Vatnshitunarvirkni**

— **Skýringarmynd** eins og sýnd er, þ.m.t. tilgreind álagslýsing, gefin upp með viðeigandi bókstaf, í samræmi við töflu 15 í þessum viðauka: Feitt 22 pt Calibri-letur, 100% svart.

⓫ **Árið sem merkimiðinn er tekinn í notkun og númer reglugerðar:**

— **Texti:** Feitt 12 pt Calibri-letur.

⓬ **Nafn eða vörumerki seljanda og/eða birgis.**

⓭ **Tegundarauðkenni seljanda og/eða birgis:**

Nafn eða vörumerki seljanda og/eða birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 191 x 19 mm rými.

IV. VIÐAUKI

Vöruupplýsingablað

1. HITARAR FYRIR RÝMI

1.1. Upplýsingarnar á vöruupplýsingablaðinu um hitara fyrir rými skulu veittar í eftirfarandi röð og skulu koma fram í kynningarritum fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni:

a) nafn eða vörumerki birgis,

b) tegundarauðkenni birgis,

c) árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur tegundarinnar, ákvarðaður í samræmi við 1. lið II. viðauka,

d) nafnvarmaafköst, þ.m.t. nafnvarmaafköst allra viðbótarhitara, í kW, námunduð að næstu heilu tölu (fyrir hitara fyrir rými með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði),

e) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í %, námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 3. og 4. lið VII. viðauka (fyrir hitara fyrir rými með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði),

f) árleg orkunotkun í kWh sem endanleg orka og/eða í GJ sem heildarvarmagildi (*GCV*), námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 3. og 4. lið VII. viðauka (fyrir hitara fyrir rými með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði),

g) hljóðaflsstig L_{WA}, innandyra, í dB, námundað að næstu heilu tölu (fyrir hitara fyrir rými með varmadælu, ef við á),

h) allar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera skal þegar hitari fyrir rými er settur saman, settur upp eða honum haldið við,

til viðbótar fyrir hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku:

i) raforkunýtni í %, námundað að næstu heilu tölu,

til viðbótar fyrir hitara fyrir rými með varmadælu:

j) nafnvarmaafköst, þ.m.t. nafnvarmaafköst allra viðbótarhitara, í kW, við kaldari og heitari loftslagsskilyrði, námunduð að næstu heilu tölu,

k) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í %, við kaldari og heitari loftslagsskilyrði námundað að næstu heilu tölu og reiknuð út í samræmi við 4. lið VII. viðauka,

l) árleg orkunotkun í kWh sem endanleg orka og/eða í GJ sem heildarvarmagildi (*GCV*), við kaldari og heitari loftslagsskilyrði, námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 4. lið VII. viðauka,

m) hljóðaflsstig L_{WA} í dB, utandyra, námundað að næstu heilu tölu.

1.2. Eitt upplýsingablað getur náð yfir margar tegundir hitara fyrir rými frá sama birgi.

1.3. Upplýsingarnar á upplýsingablaðinu má veita með því að afrita merkimiðann, annaðhvort í lit eða í svart-hvítu. Þar sem sú er raunin skal einnig veita upplýsingarnar sem taldar eru upp í lið 1.1 og koma ekki fram á merkimiða.

2. SAMBYGGÐIR HITARAR:

2.1. Upplýsingarnar á vöruupplýsingablaðinu um sambyggðan hitara skulu veittar í eftirfarandi röð og skulu koma fram í kynningarritum fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni:

a) nafn eða vörumerki birgis,

b) tegundarauðkenni birgis,

c) fyrir rýmishitun, notkun við miðlungs hitastig (og að því er varðar sambyggðan hitara með varmadælu við notkun við lágt hitastig, ef við á) og fyrir vatnshitun, tilgreind álagslýsing, gefin upp með viðeigandi bókstaf og við dæmigerða notkun í samræmi við töflu 15 í VII. viðauka,

d) árstíðabundinn rýmishitunar- og vatnshitunarorkunýtniflokkur tegundarinnar, ákvarðaður í samræmi við 1. og 2. lið II. viðauka,

e) nafnvarmaafköst, þ.m.t. nafnvarmaafköst allra viðbótarhitara, í kW, námunduð að næstu heilu tölu (að því er varðar sambyggða hitara með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði),

f) árleg orkunotkun við rýmishitun í kWh sem endanleg orka og/eða í GJ sem heildarvarmagildi (GCV), námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 3. og 4. lið VII. viðauka (að því er varðar sambyggða hitara með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði) og árleg raforkunotkun við vatnshitun í kWh sem endanleg orka og/eða árleg eldsneytisnotkun í GJ sem heildarvarmagildi (GCV), námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 5. lið VII. viðauka (að því er varðar sambyggða hitara með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði),

g) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í %, námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 3. og 4. lið VII. viðauka (að því er varðar sambyggða hitara með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði) og orkunýtni vatnshitunar í %, námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 5. lið VII. viðauka (að því er varðar sambyggða hitara með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði),

h) hljóðaflsstig L_{WA}, í dB, innandyra, námundað að næstu heilu tölu (fyrir sambyggða hitara með varmadælu, ef við á),

i) upplýsingar um að sambyggður hitari geti aðeins starfað á tímabilum þegar ekki er hámarksálag, ef við á,

j) allar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera skal þegar sambyggður hitari er settur saman, settur upp eða honum haldið við,

til viðbótar fyrir sambyggða hitara með varmadælu:

k) nafnvarmaafköst, þ.m.t. nafnvarmaafköst allra viðbótarhitara, í kW, við kaldari og heitari loftslagsskilyrði, námunduð að næstu heilu tölu,

l) árleg orkunotkun við rýmishitun í kWh sem endanleg orka og/eða í GJ sem heildarvarmagildi (GCV), námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 3. og 4. lið VII. viðauka (að því er varðar sambyggða hitara með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði) og árleg raforkunotkun við vatnshitun í kWh sem endanleg orka og/eða árleg eldsneytisnotkun í GJ sem heildarvarmagildi (GCV), námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 5. lið VII. viðauka (að því er varðar sambyggða hitara með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði),

m) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í %, við kaldari og heitari loftslagsskilyrði, námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 4. lið VII. viðauka og orkunýtni vatnshitunar í %, við kaldari eða heitari loftslagsskilyrði, námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 5. lið VII. viðauka,

n) hljóðaflsstig L_{WA} í dB, utandyra, námundað að næstu heilu tölu.

2.2. Eitt upplýsingablað getur náð yfir margar tegundir sambyggðra hitara frá sama birgi.

2.3. Upplýsingarnar á upplýsingablaðinu má veita með því að afrita merkimiðann, annaðhvort í lit eða í svart-hvítu. Þar sem sú er raunin skal einnig veita upplýsingarnar sem taldar eru upp í lið 2.1 og koma ekki fram á merkimiða.

3. HITASTÝRINGAR

3.1. Upplýsingarnar á vöruupplýsingablaðinu um hitastýringuna skulu veittar í eftirfarandi röð og skulu koma fram í kynningarritum fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni:

a) nafn eða vörumerki birgis,

b) tegundarauðkenni birgis,

c) flokkur hitastýringar,

d) framlag hitastýringar til árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar í %, námundað með einum aukastaf.

3.2. Eitt upplýsingablað getur náð yfir margar tegundir hitastýringa frá sama birgi.

4. BÚNAÐUR SEM NÝTIR SÓLARORKU

4.1. Upplýsingarnar á vöruupplýsingablaðinu um búnað sem nýtir sólarorku skulu veittar í eftirfarandi röð og skulu koma fram í kynningarritum fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni:

a) nafn eða vörumerki birgis,

b) tegundarauðkenni birgis,

c) ljósopsflatarmál sólargleypis í m^2, gefið upp með tveimur aukastöfum,

d) nýtni sólargleypis í %, námunduð að næstu heilu tölu,

e) orkunýtniflokkur geymslutanks fyrir heitt vatn, sem er hitað með sólarorku, ákvarðaður í samræmi við 3. lið II. viðauka,

f) fast tap geymslutanksins fyrir heitt vatn, sem er hitað með sólarorku, í W, námundað að næstu heilu tölu,

g) rúmmál geymslutanks fyrir heitt vatn, sem er hitað með sólarorku, í lítrum og m^3,

h) tárlegt varmaframlag án sólarorku Q_{nonsol} í kWh sem frumorka fyrir rafmagn og/eða í kWh sem heildarvarmagildi (*GCV*) fyrir eldsneyti en fyrir álagslýsingar M, L, XL og XXL við miðlungs loftslagsskilyrði, námundað með einum aukastaf,

i) aflþörf dælu í W, námunduð að næstu heilu tölu,

j) aflþörf í reiðuham í W, með tveimur aukastöfum,

k) árleg aukaraforkunotkun Q_{aux} í kWh, sem endanleg orka, námundað að næstu heilu tölu,

4.2. Eitt upplýsingablað getur náð yfir margar tegundir búnaðar, sem nýtir sólarorku, frá sama birgi.

5. PAKKAR MEÐ HITARA FYRIR RÝMI, HITASTÝRINGU OG BÚNAÐI SEM NÝTIR SÓLARORKU

Upplýsingablað pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku skal innihalda þættina sem settir eru fram á mynd 1, mynd 2, mynd 3 og mynd 4, til að meta árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, þ.m.t. eftirfarandi upplýsingar:

— I: gildi árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar forgangshitara fyrir rými, gefið upp í %,

— II: stuðullinn til að gefa vægi fyrir varmaafköst forgangs- og viðbótarhitara sem eru hluti af pakka, eins og sett er fram í töflu 5 og 6 í þessum viðauka, eftir því sem við á,

— III: gildi stærðfræðilegu stæðunnar: (294(11 · *Prated*)), þar sem *Prated* tengist forgangshitaranum fyrir rými,

— IV: gildi stærðfræðilegu stæðunnar: (115(11 · *Prated*)), þar sem *Prated* tengist forgangshitaranum fyrir rými,

til viðbótar að því er varðar forgangshitara fyrir rými með varmadælu:

— V: gildi mismunarins á milli árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar við miðlungs og kaldari loftslagsskilyrði, gefið upp í %,

— VI: gildi mismunarins á milli árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar við heitari og miðlungs loftslagsskilyrði, gefið upp í %.

6. PAKKAR MEÐ SAMBYGGÐUM HITARA, HITASTÝRINGU OG BÚNAÐI SEM NÝTIR SÓLARORKU

Upplýsingablað pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku skal innihalda þættina sem settir eru fram í a- og b-lið:

a) þættina sem settir eru fram í mynd 1 og mynd 3, eftir því sem við á, til að meta árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, þ.m.t. eftirfarandi upplýsingar:

— I: gildi árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar sambyggðs hitara sem er forgangshitari, gefið upp í %,

— II: stuðulinn til að gefa vægi fyrir varmaafköst forgangs- og viðbótarhitara sem eru hluti af pakka, eins og sett er fram í töflu 5 og 6 í þessum viðauka, eftir því sem við á,

— III: gildi stærðfræðilegu stæðunnar: (294(11 · *Prated*)), þar sem *Prated* tengist sambyggða hitaranum, sem er forgangshitari,

— IV: gildi stærðfræðilegu stæðunnar: (115(11 · *Prated*)), þar sem *Prated* tengist sambyggða hitaranum, sem er forgangshitari,

til viðbótar að því er varðar sambyggða hitara með varmadælu sem eru forgangshitarar:

— V: gildi mismunarins á milli árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar við miðlungs og kaldari loftslagsskilyrði, gefið upp í %,

— VI: gildi mismunarins á milli árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar við heitari og miðlungs loftslagsskilyrði, gefið upp í %,

b) þættina sem settir eru fram á mynd 5 til að meta árstíðabundna orkunýtni vatnshitunar pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, þ.m.t. eftirfarandi upplýsingar:

— I: gildi árstíðabundinnar orkunýtni vatnshitunar sambyggðs hitara, gefið upp í %,

— II: gildi stærðfræðilegu stæðunnar (220 Q_{ref} · Q_{nonsol}) þar sem Q_{ref} fæst í töflu 15 í VII. viðauka og Q_{nonsol} í vöruupplýsingablaði búnaðar sem nýtir sólarorku, að því er varðar tilgreinda álagslýsingu sambyggða hitarans, M, L, XL eða XXL,

— III: gildi stærðfræðilegu stæðunnar (Q_{aux} · 2,5)(220 · Q_{ref}), gefið upp í %, þar sem Q_{aux} fæst í vöruupplýsingablaði búnaðar sem nýtir sólarorku og Q_{ref} í töflu 15 í VII. viðauka, að því er varðar tilgreinda álagslýsingu M, L, XL eða XXL.

Tafla 5

Að því er varðar mynd 1 í þessum viðauka, vægi hitaketils fyrir rými, sem er forgangshitari, eða sambyggðs hitaketils og viðbótarhitara (*)

(Psup(Prated Psup))(**)	II, pakki án geymslutanks fyrir heitt vatn	II, pakki með geymslutanki fyrir heitt vatn
0	0	0
0,1	0,30	0,37
0,2	0,55	0,70
0,3	0,75	0,85
0,4	0,85	0,94
0,5	0,95	0,98
0,6	0,98	1,00
≥ 0,7	1,00	1,00

(*) Miðgildin eru reiknuð út með línulegum innreikningi á milli tveggja aðliggjandi gilda.
(**) *Prated* tengist hitara fyrir rými eða sambyggðum hitara, sem eru forgangshitarar.

Tafla 6


Að því er varðar myndir 2 til 4 í þessum viðauka, vægi hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, hitara fyrir rými með varmadælu, sambyggðs hitara með varmadælu eða lághitavarmadælu, sem eru forgangshitarar og viðbótarhitara (*)

(Prated(Prated Psup))(**)	II, pakki án geymslutanks fyrir heitt vatn	II, pakki með geymslutanki fyrir heitt vatn
0	1,00	1,00
0,1	0,70	0,63
0,2	0,45	0,30
0,3	0,25	0,15
0,4	0,15	0,06
0,5	0,05	0,02
0,6	0,02	0
≥ 0,7	0	0

(*) Miðgildin eru reiknuð út með línulegum innreikningi á milli tveggja aðliggjandi gilda.
(**) *Prated* tengist hitara fyrir rými eða sambyggðum hitara, sem eru forgangshitarar.

Mynd 1


Að því er varðar hitakatla fyrir rými sem eru forgangshitarar og sambyggða hitakatla sem eru forgangshitarar, þættir á upplýsingablaði pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og pakki með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, eftir því sem við á, sem veita upplýsingar um árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar pakkans sem er í boði



Upplýsingar um orkunýtni pakka með vörum á þessu upplýsingablaði eru ekki endilega í samræmi við raunverulega orkunýtni þegar búnaðurinn hefur verið settur upp í byggingu, þar sem orkunýtni byggist á fleiri þáttum, t.d. varmatapi í dreifikerfinu og stærð vörunnar í tengslum við stærð og eiginleika byggingar.

Mynd 2


Að því er varðar hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, þættir á upplýsingablaði pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, sem veita upplýsingar um árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar pakkans sem er í boði



Upplýsingar um orkunýtni pakka með vörum á þessu upplýsingablaði eru ekki endilega í samræmi við raunverulega orkunýtni þegar búnaðurinn hefur verið settur upp í byggingu, þar sem orkunýtni byggist á fleiri þáttum, t.d. varmatapi í dreifikerfinu og stærð vörunnar í tengslum við stærð og eiginleika byggingar.

Mynd 3


Að því er varðar hitara fyrir rými sem eru forgangshitarar og sambyggða hitara sem eru forgangshitarar, þættir á upplýsingablaði pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, eftir því sem við á, sem veita upplýsingar um árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar pakkans sem er í boði



Upplýsingar um orkunýtni pakka með vörum á þessu upplýsingablaði eru ekki endilega í samræmi við raunverulega orkunýtni þegar búnaðurinn hefur verið settur upp í byggingu, þar sem orkunýtni byggist á fleiri þáttum, t.d. varmatapi í dreifikerfinu og stærð vörunnar í tengslum við stærð og eiginleika byggingar.

Mynd 4

Að því er varðar lághitavarmadælu, þættir á upplýsingablaði pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, sem veita upplýsingar um árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar pakkans sem er í boði



Upplýsingar um orkunýtni pakka með vörum á þessu upplýsingablaði eru ekki endilega í samræmi við raunverulega orkunýtni þegar búnaðurinn hefur verið settur upp í byggingu, þar sem orkunýtni byggist á fleiri þáttum, t.d. varmatapi í dreifikerfinu og stærð vörunnar í tengslum við stærð og eiginleika byggingar.

Mynd 5

Að því er varðar sambyggða hitakatla, sem eru forgangshitarar, og sambyggða hitara með varmadælu, sem eru forgangshitarar, þættir á upplýsingablaði pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, sem veita upplýsingar um orkunýtni vatnshitunar pakkans sem er í boði

Orkunýtni vatnshitunar sambyggðra hitara

❶ 'I' %

Tilgreind álagslýsing: ☐

Varmaframlag frá sólarorku
Úr upplýsingablaði búnaðar sem nýtir sólarorku

Aukaraforka

(1,1 × 'I' - 10 %) × 'II' - 'III' - 'I' = ❷ + ☐ %

Orkunýtni vatnshitunar pakka í miðlungs loftslagi

❸ ☐ %

Vatnshitunar orkunýtniflokkur pakka í miðlungs loftslagi

	G	F	E	D	C	B	A	A+	A++	A+++
☐ M	< 27 %	≥ 27 %	≥ 30 %	≥ 33 %	≥ 36 %	≥ 39 %	≥ 65 %	≥ 100 %	≥ 130 %	≥ 163 %
☐ L	< 27 %	≥ 27 %	≥ 30 %	≥ 34 %	≥ 37 %	≥ 50 %	≥ 75 %	≥ 115 %	≥ 150 %	≥ 188 %
☐ XL	< 27 %	≥ 27 %	≥ 30 %	≥ 35 %	≥ 38 %	≥ 55 %	≥ 80 %	≥ 123 %	≥ 160 %	≥ 200 %
☐ XXL	< 28 %	≥ 28 %	≥ 32 %	≥ 36 %	≥ 40 %	≥ 60 %	≥ 85 %	≥ 131 %	≥ 170 %	≥ 213 %

Orkunýtni vatnshitunar við kaldari og heitari loftslagsskilyrði

Kaldara: ❸ ☐ - 0,2 × ❷ ☐ = ☐ %

Heitara: ❸ ☐ + 0,4 × ❷ ☐ = ☐ %

Upplýsingar um orkunýtni pakka með vörum á þessu upplýsingablaði eru ekki endilega í samræmi við raunverulega orkunýtni þegar búnaðurinn hefur verið settur upp í byggingu, þar sem orkunýtni byggist á fleiri þáttum, t.d. varmatapi í dreifikerfinu og stærð vörunnar í tengslum við stærð og eiginleika byggingar.

V. VIÐAUKI

Tæknigögn

1. HITARAR FYRIR RÝMI

Hvað varðar hitara fyrir rými skulu tæknigögnin, sem um getur í c-lið 1. mgr. 3. gr. innihalda:

a) nafn og heimilisfang birgis,

b) lýsingu á tegund hitara fyrir rými, sem nægir til að bera kennsl á hana án alls vafa,

c) ef við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,

d) eftir því sem við á, aðra tæknistaðla og -forskriftir sem notast er við,

e) auðkenni og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn,

f) tæknilega mæliþætti:

— hvað varðar hitakatla fyrir rými og hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, tæknilegu mæliþættirnir í töflu 7, mældir og reiknaðir út í samræmi við VII. viðauka,

— hvað varðar hitara fyrir rými með varmadælu, tæknilegu mæliþættirnir í töflu 8, mældir og reiknaðir út í samræmi við VII. viðauka,

— hvað varðar hitara fyrir rými með varmadælu, þegar upplýsinga hefur verið aflað um tiltekna tegund, sem er samstæða inni- og útieiningar, með útreikningi á grundvelli hönnunar og/eða framreikningi á öðrum samstæðum skulu gögnin fela í sér upplýsingar um slíka útreikninga og/eða framreikninga og um prófanir sem hafa verið gerðar til að staðfesta nákvæmni útreikninganna, sem gerðir hafa verið, þ.m.t. upplýsingar um reiknilíkanið fyrir útreikning á afköstum slíkra kerfa og um mælingar sem eru gerðar til að sannprófa þessa tegund,

g) allar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera skal þegar hitari fyrir rými er settur saman, settur upp eða honum haldið við.

2. SAMBYGGÐIR HITARAR:

Hvað varðar sambyggða hitara, skulu tæknigögnin sem um getur í c-lið 2. mgr. 3. gr. innihalda:

a) nafn og heimilisfang birgis,

b) lýsingu á tegund sambyggða hitarans, sem nægir til að bera kennsl á hann án alls vafa,

c) ef við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,

d) eftir því sem við á, aðra tæknistaðla og -forskriftir sem notast er við,

e) auðkenni og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn,

f) tæknilega mæliþætti:

— hvað varðar sambyggða hitakatla, tæknilegu mæliþættirnir í töflu 7, mældir og reiknaðir út í samræmi við VII. viðauka,

— hvað varðar sambyggða hitara með varmadælu, tæknilegu mæliþættirnir í töflu 8, mældir og reiknaðir út í samræmi við VII. viðauka,

— að því er varðar sambyggða hitara með varmadælu, þegar upplýsinga hefur verið aflað um tiltekna tegund, sem er samstæða inni- og útieininga, með útreikningi á grundvelli hönnunar og/eða framreikningi á öðrum samstæðum skulu gögnin fela í sér upplýsingar um slíka útreikninga og/eða framreikninga og um prófanir sem hafa verið gerðar til að staðfesta nákvæmni útreikninganna, sem gerðir hafa verið, þ.m.t. upplýsingar um reiknilíkanið fyrir útreikning á afköstum slíkra kerfa og um mælingar sem eru gerðar til að sannprófa þessa tegund,

g) allar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera skal þegar sambyggður hitari er settur saman, settur upp eða honum haldið við.

Tafla 7

Tæknilegir mæliþættir að því er varðar hitakatla fyrir rými, sambyggða hitakatla og hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku

Tegund(ir): [Upplýsingar til að auðkenna tegund(ir) sem upplýsingarnar eiga við]							
Þéttiketill: [já/nei]							
Lághita(**)ketill: [já/nei]							
B11 ketill: [já/nei]							
Hitari fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku: [já/nei] Ef já, er viðbótarhitari fyrir hendi: [já/nei]							
Sambyggður hitari: [já/nei]							
Liður	**Tákn**	**Gildi**	**Eining**	**Liður**	**Tákn**	**Gildi**	**Eining**
Nafnvarmaafköst	*Prated*	x	kW	Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar	η_s	x	%
Hitakatlar fyrir rými og sambyggðir hitakatlar: Notvarmaframleiðsla				Hitakatlar fyrir rými og sambyggðir hitakatlar: Notnýtni			
Við nafnvarmaafköst og háhitaskilyrði (*)	P_4	x,x	kW	Við nafnvarmaafköst og háhitaskilyrði (*)	η_4	x,x	%
Við 30% af nafnvarmaafköstum og lághitaskilyrði (**)	P_1	x,x	kW	Við 30% af nafnvarmaafköstum og lághitaskilyrði (**)	η_1	x,x	%
Hitari fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku: Notvarmaframleiðsla				Hitari fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku: Notnýtni			
Við nafnvarmaafköst hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, þar sem viðbótarhitari hefur verið gerður óvirkur	$P_{CHP100\ +Sup0}$	x,x	kW	Við nafnvarmaafköst hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, þar sem viðbótarhitari hefur verið gerður óvirkur	$\eta_{CHP100\ +Sup0}$	x,x	%
Við nafnvarmaafköst hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, þar sem viðbótarhitari hefur verið virkjaður	$P_{CHP100\ +Sup100}$	x,x	kW	Við nafnvarmaafköst hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, þar sem viðbótarhitari hefur verið virkjaður	$\eta_{CHP100\ +Sup100}$	x,x	%
Hitari fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku: Raforkunýtni				Viðbótarhitari			
Við nafnvarmaafköst hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, þar sem viðbótarhitari hefur verið gerður óvirkur	$\eta_{el,CHP100\ +Sup0}$	x,x	%	Nafnvarmaafköst	*Psup*	x,x	kW
Við nafnvarmaafköst hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, þar sem viðbótarhitari hefur verið virkjaður	$\eta_{el,CHP100\ +Sup100}$	x,x	%	Tegund orkuílags			
Aukaraforkunotkun				Annað			
Við fullt álag	*elmax*	x,x	kW	Varmatap í reiðuham	P_{stby}	x,x	kW
Við hlutaálag	*elmin*	x,x	kW	Aflþörf kveikibrennara	P_{ign}	x,x	kW
Í reiðuham	P_{SB}	x,xxx	kW	Árleg orkunotkun	Q_{HE}	x	kWh eða GJ
				Hljóðaflsstig, innandyra	L_{WA}	x	db

Að því er varðar sambyggða hitara:

Tilgreind álagslýsing				**Orkunýtni vatnshitunar**	η_{wh}	x	%
Dagleg raforkunotkun	Q_{elec}	x,xxx	kWh	Dagleg eldsneytisnotkun	Q_{fuel}	x,xxx	kWh
Árleg raforkunotkun	*AEC*	x	kWh	Árleg eldsneytisnotkun	*AFC*	x	GJ
Samskiptaupplýsingar	Nafn og heimilisfang birgis.						

(*) Háhitaskilyrði merkir 60°C framrásarhitastig við inntak hitarans og 80°C bakrásarhitastig við úttak hitarans.
(**) Lághitaskilyrði merir 30°C að því er varðar þéttikatla, 37°C að því er varðar lághitakatla og 50°C framrásarhitastig að því er varðar aðra hitara (við inntak hitarans).

Tafla 8

Tæknilegir mæliþættir að því er varðar hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggða hitara með varmadælu

Tegund(ir): [Upplýsingar til að auðkenna tegund(ir) sem upplýsingarnar eiga við]

Loft í vatn varmadæla: [já/nei]

Vatn í vatn varmadæla: [já/nei]

Saltvatn í vatn varmadæla: [já/nei]

Lághitavarmadæla: [já/nei]

Viðbótarhitari fyrir hendi: [já/nei]

Sambyggður hitari með varmadælu: [já/nei]

Gefnir skulu upp mæliþættir fyrir notkun við miðlungs hitastig, nema ef um er að ræða lághitavarmadælur. Gefnir skulu upp mæliþættir fyrir notkun við lágt hitastig að því er varðar lághitavarmadælur.

Mæliþættir skulu gefnir upp fyrir miðlungs, kaldari og heitari loftslagsskilyrði.

Liður	**Tákn**	**Gildi**	**Eining**	**Liður**	**Tákn**	**Gildi**	**Eining**
Nafnvarmaafköst(*)	*Prated*	x	kW	Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar	η_s	x	%
Hitunar afköst sem gefin eru upp vegna hlutaálags við 20 °C hitastig innandyra og hitastig utandyra T_j				Nýtnistuðull eða frumorkuhlutfall sem gefin eru upp vegna hlutaálags við 20 °C hitastig innandyra og hitastig utandyra T_j			
Tj = – 7 °C	*Pdh*	x,x	kW	*Tj* = – 7 °C	*COPd* eða *PERd*	x,xx eða x,x	– eða %
Tj = + 2 °C	*Pdh*	x,x	kW	*Tj* = + 2 °C	*COPd* eða *PERd*	x,xx eða x,x	– eða %
Tj = + 7 °C	*Pdh*	x,x	kW	*Tj* = + 7 °C	*COPd* eða *PERd*	x,xx eða x,x	– eða %
Tj = + 12 °C	*Pdh*	x,x	kW	*Tj* = + 12 °C	*COPd* eða *PERd*	x,xx eða x,x	– eða %
Tj = tvígildishitastig	*Pdh*	x,x	kW	*Tj* = tvígildishitastig	*COPd* eða *PERd*	x,xx eða x,x	– eða %

Tj = Notkunarhitastigsmörk	*Pdh*	x,x	kW	*Tj* = Notkunarhitastigsmörk	*COPd eða PERd*	x,xx eða x,x	– eða %
Að því er varðar loft í vatn varmadælu: *Tj* = – 15 °C (ef *TOL* < – 20 °C)	*Pdh*	x,x	kW	Að því er varðar loft í vatn varmadælu: *Tj* = – 15 °C (ef *TOL* < – 20 °C)	*COPd eða PERd*	x,xx eða x,x	– eða %
Tvígildishitastig	T_{biv}	x	°C	Að því er varðar loft í vatn varmadælu: Notkunarhitastigsmörk	*TOL*	x	°C
Hitunarafköst á hringrásartímabili	*Pcych*	x,x	kW	Nýtni á hringrásartímabili	*COPcyc eða PERcyc*	x,xx eða x,x	– eða %
Lækkunarstuðull (**)	*Cdh*	x,x	—	Notkunarhitastigsmörk vegna vatnshitunar	*WTOL*	x	°C
Aflþörf í öðrum ham en virkum ham				Viðbótarhitari			
Í ham þegar slökkt er á búnaði:	P_{OFF}	x,xxx	kW	Nafnvarmaafköst (**)	*Psup*	x,x	kW
Slökkt á hitastilli	P_{TO}	x,xxx	kW				
Reiðuhamur	P_{SB}	x,xxx	kW	Tegund orkuílags			
Kveikt á sveifarhússhitara	P_{CK}	x,xxx	kW				
Annað							
Afkastastýring	föst/breytileg			Að því er varðar loft í vatn varmadælu: Málloftstreymi, utandyra	—	x	m^3/h
Hljóðaflsstig, innandyra/ utandyra	L_{WA}	x / x	db	Að því er varðar vatn í vatn varmadælu eða saltvatn í vatn varmadælu: Málsaltvatn eða rennslishraði vatns, varmaskiptir utandyra	—	x	m^3/h
Árleg orkunotkun	Q_{HE}	x	kWh eða GJ				
Að því er varðar sambyggðan hitara með varmadælu:							
Tilgreind álagslýsing	x			**Orkunýtni vatnshitunar**	η_{wh}	x	%
Dagleg raforkunotkun	Q_{elec}	x,xxx	kWh	Dagleg eldsneytisnotkun	Q_{fuel}	x,xxx	kWh
Árleg raforkunotkun	*AEC*	x	kWh	Árleg eldsneytisnotkun	*AFC*	x	GJ
Samskiptaupplýsingar	Nafn og heimilisfang birgis.						

(*) Að því er varðar hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggða hitara fyrir varmadælu, eru nafnvarmaafköstin Prated jafnt og hönnunarálag hitunar Pdesignh , og nafnvarmaafköst viðbótarhitara Psup eru jöfn og viðbótargeta til hitunar sup(T_j) .

(**) Ef Cdh er ekki ákvarðaður af mælingum þá er sjálfgefinn lækkunarstuðull Cdh = 0,9.

3. HITASTÝRINGAR

Hvað varðar hitastýringar skulu tæknigögnin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 3. gr. innihalda:

a) nafn og heimilisfang birgis,

b) lýsingu á tegund hitastýringar sem, nægir til að bera kennsl á hana án alls vafa,

c) ef við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,

d) eftir því sem við á, aðra tæknistaðla og -forskriftir sem notast er við,

e) auðkenni og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn,

f) tæknilega mæliþætti:

— flokkur hitastýringar,

— framlag hitastýringar til árstíðabundinnar orkunýtni við rýmishitun í %, námundað með einum aukastaf,

g) allar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera skal þegar hitastýring er sett saman, sett upp eða henni haldið við.

4. BÚNAÐUR SEM NÝTIR SÓLARORKU

Hvað varðar búnað sem nýtir sólarorku skulu tæknigögnin, sem um getur í b-lið 4. mgr. 3. gr. innihalda:

a) nafn og heimilisfang birgis,

b) lýsingu á tegund búnaðar sem nýtir sólarorku, sem nægir til að bera kennsl á hann án alls vafa,

c) ef við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,

d) eftir því sem við á, aðra tæknistaðla og -forskriftir sem notast er við,

e) auðkenni og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn,

f) tæknilegir mæliþættir (fyrir dælur í hringrás sólargleypis, ef við á):

— ljósopsflatarmál sólargleypis A_{sol} í m^2 , námundað með tveimur aukastöfum,

— nýtni sólargleypis η_{col} í %, námundað að næstu heilu tölu,

— orkunýtniflokkur geymslutanks fyrir heitt vatn, sem er hitað með sólarorku, ákvarðaður í samræmi við 3. lið II. viðauka,

— fast tap S geymslutanksins fyrir heitt vatn, sem er hitað með sólarorku, í W, námundað að næstu heilu tölu,

— rúmmál V geymslutanks fyrir heitt vatn, sem er hitað með sólarorku, í lítrum og m^3 ,

— árlegt varmaframlag án sólarorku Q_{nonsol} í kWh sem frumorka fyrir rafmagn og/eða í kWh sem heildar-varmagildi (GCV) fyrir eldsneyti en fyrir álagslýsingar M, L, XL og XXL við miðlungs loftslagsskilyrði, námundað með einum aukastaf,

— aflþörf dælu sol_{pump} í W, námundað að næstu heilu tölu,

— aflþörf í reiðuham $sol_{standby}$ í W, námundað með tveimur aukastöfum,

— árleg aukaraforkunotkun Q_{aux} í kWh, sem endanleg orka, námundað að næstu heilu tölu,

g) allar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera skal þegar búnaður sem nýtir sólarorku er settur saman, settur upp eða honum haldið við.

5. PAKKAR MEÐ HITARA FYRIR RÝMI, HITASTÝRINGU OG BÚNAÐI SEM NÝTIR SÓLARORKU

Hvað varðar pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku skulu tæknigögnin sem um getur í c-lið 5. mgr. 3. gr. innihalda:

a) nafn og heimilisfang birgis,

b) lýsingu á pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, sem nægir til að bera kennsl á hana án alls vafa,

c) ef við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,

d) eftir því sem við á, aðra tæknistaðla og -forskriftir sem notast er við,

e) auðkenni og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn,

f) tæknilega mæliþætti:

— árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í %, námundað að næstu heilu tölu,

— tæknilega mæliþætti sem settir eru fram í 1., 3. og 4. lið þessa viðauka,

g) allar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera skal þegar pakki með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku er settur saman, settur upp eða honum haldið við.

6. PAKKAR MEÐ SAMBYGGÐUM HITARA, HITASTÝRINGU OG BÚNAÐI SEM NÝTIR SÓLARORKU

Hvað varðar pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku skulu tæknigögnin sem um getur í c-lið 6. mgr. 3. gr. innihalda:

a) nafn og heimilisfang birgis,

b) lýsingu á pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, sem nægir til að bera kennsl á hana án alls vafa,

c) ef við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,

d) eftir því sem við á, aðra tæknistaðla og -forskriftir sem notast er við,

e) auðkenni og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn,

f) tæknilega mæliþætti:

— árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar og vatnshitunar í %, námundað að næstu heilu tölu,

— tæknilega mæliþætti sem settir eru fram í 2., 3. og 4. lið þessa viðauka,

g) allar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera skal þegar pakki með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku er settur saman, settur upp eða honum haldið við.

VI. VIÐAUKI

Upplýsingar sem skulu veittar í þeim tilfellum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna

1. HITARAR FYRIR RÝMI

1.1. Upplýsingarnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr. skulu veittar í eftirfarandi röð:

a) árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur tegundarinnar, ákvarðaður í samræmi við 1. lið II. viðauka,

b) nafnvarmaafköst, þ.m.t. nafnvarmaafköst allra viðbótarhitara, í kW, námunduð að næstu heilu tölu (fyrir hitara fyrir rými með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði),

c) árstíðabundin orkunýtni við rýmishitun í %, námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 3. og 4. lið VII. viðauka (fyrir hitara fyrir rými með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði),

d) árleg orkunotkun í kWh sem endanleg orka og/eða í GJ sem heildarvarmagildi (*GCV*), námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 3. og 4. lið VII. viðauka (fyrir hitara fyrir rými með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði),

e) hljóðaflsstig L_{WA}, innandyra, í dB, námundað að næstu heilu tölu (fyrir hitara fyrir rými með varmadælu, ef við á),

til viðbótar fyrir hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku:

f) raforkunýtni í %, námundað að næstu heilu tölu,

til viðbótar fyrir hitara fyrir rými með varmadælu:

g) nafnvarmaafköst, þ.m.t. nafnvarmaafköst allra viðbótarhitara, í kW, við kaldari og heitari loftslagsskilyrði, námunduð að næstu heilu tölu,

h) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í %, við kaldari og heitari loftslagsskilyrði námundað að næstu heilu tölu og reiknuð út í samræmi við 4. lið VII. viðauka,

i) árleg orkunotkun í kWh sem endanleg orka og/eða í GJ sem heildarvarmagildi (*GCV*), við kaldari og heitari loftslagsskilyrði, námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 4. lið VII. viðauka,

j) hljóðaflsstig L_{WA} í dB, utandyra, námundað að næstu heilu tölu.

að auki, að því er varðar lághitavarmadælur:

k) upplýsingar um að lághitavarmadæla henti aðeins til notkunar við lágt hitastig.

1.2. Upplýsingarnar sem um getur í þessum viðauka skulu prentaðar eða sýndar með leturgerð sem er nægilega stór til að vera læsileg.

2. SAMBYGGÐIR HITARAR:

2.1. Upplýsingarnar sem um getur í b-lið 2. mgr. 4. gr. skulu veittar í eftirfarandi röð:

a) að því er varðar rýmishitun, notkun við miðlungs hitastig, að því er varðar vatnshitun, uppgefin álagslýsing, gefin upp með viðeigandi bókstaf og við dæmigerða notkun í samræmi við töflu 15 í VII. viðauka,

b) árstíðabundinn rýmishitunar- og vatnshitunarorkunýtniflokkur tegundarinnar, ákvarðaður í samræmi við 1. og 2. lið II. viðauka,

c) nafnvarmaafköst, þ.m.t. nafnvarmaafköst allra viðbótarhitara, í kW, námunduð að næstu heilu tölu (fyrir sambyggða hitara með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði),

d) árleg orkunotkun við rýmishitun í kWh sem endanleg orka og/eða í GJ sem heildarvarmagildi (GCV), námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 3. og 4. lið VII. viðauka (fyrir sambyggða hitara með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði) og árleg raforkunotkun við vatnshitun í kWh sem endanleg orka og/eða árleg eldsneytisnotkun í GJ sem heildarvarmagildi (GCV), námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 5. lið VII. viðauka (fyrir sambyggða hitara með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði),

e) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í %, námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 3. og 4. lið VII. viðauka (fyrir sambyggða hitara með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði) og orkunýtni vatnshitunar í %, námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 5. lið VII. viðauka (fyrir sambyggða hitara með varmadælu við miðlungs loftslagsskilyrði),

f) hljóðaflsstig L_{WA}, í dB, innandyra, námundað að næstu heilu tölu (fyrir sambyggða hitara með varmadælu, ef við á),

g) upplýsingar um að sambyggður hitari geti aðeins starfað á tímabilum þegar ekki er hámarksálag, ef við á,

til viðbótar fyrir sambyggða hitara með varmadælu:

h) nafnvarmaafköst, þ.m.t. nafnvarmaafköst allra viðbótarhitara, í kW, við kaldari og heitari loftslagsskilyrði, námunduð að næstu heilu tölu,

i) árleg orkunotkun rýmishitunar í kWh sem endanleg orka og/eða í GJ sem heildarvarmagildi (GCV), við kaldari eða heitari loftslagsskilyrði, námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 4. lið VII. viðauka og árlega raforkunotkun vatnshitunar í kWh sem endanleg orka og/eða árleg eldsneytisnotkun í GJ sem heildarvarmagildi (GCV), við kaldari og heitari loftslagsskilyrði, námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 5. lið VII. viðauka,

j) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í %, við kaldari og heitari loftslagsskilyrði, námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 4. lið VII. viðauka og orkunýtni vatnshitunar í %, við kaldari eða heitari loftslagsskilyrði, námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 5. lið VII. viðauka,

k) hljóðaflsstig L_{WA} í dB, utandyra, námundað að næstu heilu tölu.

2.2. Upplýsingarnar sem um getur í lið 2.1 skulu prentaðar eða sýndar með leturgerð sem er nægilega stór til að vera læsileg.

3. PAKKAR MEÐ HITARA FYRIR RÝMI, HITASTÝRINGU OG BÚNAÐI SEM NÝTIR SÓLARORKU

3.1. Upplýsingarnar sem um getur í b-lið 3. mgr. 4. gr. skulu veittar í eftirfarandi röð:

a) árstíðabundinn rýmishitunarorkunýtniflokkur tegundarinnar, ákvarðaður í samræmi við 1. lið II. viðauka,

b) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í %, námundað að næstu heilu tölu,

c) þættirnir á mynd 1, mynd 2, mynd 3 og mynd 4, eftir því sem við á, í IV. viðauka.

3.2. Upplýsingarnar sem um getur í lið 3.1 skulu prentaðar eða sýndar með leturgerð sem er nægilega stór til að vera læsileg.

4. PAKKAR MEÐ SAMBYGGÐUM HITARA, HITASTÝRINGU OG BÚNAÐI SEM NÝTIR SÓLARORKU

4.1. Upplýsingarnar sem um getur í b-lið 4. mgr. 4. gr. skulu veittar í eftirfarandi röð:

a) árstíðabundinn rýmishitunar- og vatnshitunarorkunýtniflokkur tegundarinnar, ákvarðaður í samræmi við 1. og 2. lið II. viðauka,

b) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar og orkunýtni vatnshitunar í %, námundað að næstu heilu tölu,

c) þættirnir á mynd 1 og mynd 3, eftir því sem við á, í IV. viðauka,

d) þættirnir sem settir eru fram á 5. mynd í IV. viðauka.

4.2. Upplýsingarnar sem um getur í lið 4.1 skulu prentaðar eða sýndar með leturgerð sem er nægilega stór til að vera læsileg.

VII. VIÐAUKI

Mælingar og útreikningar

1. Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni. Þær skulu uppfylla öll skilyrði og tæknilegar breytur sem settar eru fram í liðum 2 til 6.

2. **Almenn skilyrði sem varða mælingar og útreikninga**

   a) Að því er varðar mælingarnar í 3. til 7. lið, skal umhverfishiti innandyra ákveðinn 20°C.

   b) Að því er varðar útreikningana í 3. til 7. lið, skal raforkunotkun margfölduð með umreiknistuðlinum CC 2,5, nema að árlega raforkunotkun sé gefin upp sem endanleg orka endanlegs notanda, eins og í b-lið 3. liðar, g-lið 4. liðar, e- lið 5. liðar og 6. lið.

   c) Að því er varðar hitara sem eru búnir viðbótarhiturum skulu mælingar og útreikningar á nafnvarmaafköstum, árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar, orkunýtni vatnshitunar, hljóðaflsstigi og losun köfnunarefnisoxíðs taka tillit til viðbótarhitarans.

   d) Uppgefin gildi fyrir nafnvarmaafköst, árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar, orkunýtni vatnshitunar, árlega orkunotkun og hljóðaflsstig skulu námunduð að næstu heilu tölu.

3. **Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar og orkunotkun hitakatla fyrir rými, sambyggðra hitakatla og hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku**

   a) Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar η_s skal reiknuð sem árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham η_{son}, leiðrétt út frá upplýsingum um hitastýringu, aukaraforkunotkun, varmatap í reiðuham, afþörf kveikibrennara (ef við á) og, að því er varðar hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, leiðrétt með því að bæta við raforkunýtni, margfaldað með umreiknistuðlinum CC 2,5.

   b) Árleg orkunotkun Q_{HE} í kWh sem endanleg orka og/eða í GJ sem heildarvarmagildi (*GCV*) skal reiknuð út sem hlutfall árlegrar viðmiðunareftirspurnar eftir hitun og árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar.

4. **Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar og orkunotkun hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggðra hitara með varmadælu**

   a) Til að ákvarða málnýtnistuðul COP_{rated} eða málfrumorkuhlutfall PER_{rated}, eða hljóðaflsstig skulu notkunarskilyrðin vera stöðluð málgildisskilyrði, sem sett eru fram í töflu 9 og nota skal sömu afköst sem gefin eru upp vegna hitunar.

   b) Nýtnistuðull í virkum ham $SCOP_{on}$ við miðlungs, kaldari og heitari loftslagsskilyrði skal reiknaður út á grundvelli hlutaálags vegna hitunar $Ph(T_j$, viðbótarafköstum vegna hitunar $sup(T_j$ (ef við á) og nýtnistuðli sem á sérstaklega við um tiltekið bil $COPbin(T_j$ eða frumorkuhlutfalli sem á sérstaklega við um tiltekið bil $PERbin(T_j)$, vegið með þeim bilstundum sem ástand bilsins er til staðar, á grundvelli eftirfarandi skilyrða:

   viðmiðunarhönnunarskilyrðin, sem sett eru fram í töflu 10,

   evrópska viðmiðunarhitunartímabilið við miðlungs, kaldari og heitari loftslagsskilyrði sem sett eru fram í töflu 12,

   áhrif lækkunar orkunýtni vegna hringrásar, eftir því með hvaða hætti hitunarafköstum er stjórnað, ef við á.

   c) Árleg viðmiðunareftirspurn eftir hitun Q_H skal vera hönnunarálagið fyrir hitun *Pdesignh* við miðlungs, kaldari og heitari loftslagsskilyrði, margfaldað með árlegum jafngildisklukkustundum í virkum ham H_{HE}, 2066, 2465 og 1336 fyrir miðlungs, kaldari og heitari loftslagsskilyrði, eftir því sem við á.

d) Árleg orkunotkun Q_{HE} skal reiknuð út sem summa:

– hlutfalls árlegrar viðmiðunareftirspurnar eftir hitun Q_H og nýtnistuðuls fyrir virkan ham $SCOP_{on}$ eða frumorkuhlutfalls fyrir virkan ham $SPER_{on}$ og

– orkunotkunar á hitunartímabili þegar slökkt er á búnaði, slökkt á hitastilli, í reiðuham og þegar kveikt er á sveifarhússhitara.

e) Árstíðabundinn nýtnistuðull *SCOP* eða árstíðabundið frumorkuhlutfall *SPER* skal reiknað út sem hlutfall árlegrar viðmiðunareftirspurnar eftir hitun Q_H og árlegrar orkunotkunar Q_{HE}.

f) Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar η_s skal reiknuð út sem árstíðabundinn nýtnistuðull *SCOP* deilt með lækkunarstuðlinum *CC* eða árstíðabundnu frumorkuhlutfalli *SPER*, leiðrétt út frá upplýsingum um hitastýringu og, að því er varðar vatn eða saltvatn í vatn hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggða hitara með varmadælu, raforkunotkun einnar eða fleiri grunnvatnsdælu.

g) Árleg orkunotkun Q_{HE} í kWh sem endanleg orka og/eða í GJ sem heildarvarmagildi (*GCV*) skal reiknuð út sem hlutfall árlegrar viðmiðunareftirspurnar eftir hitun Q_H og árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar η_s.

5. **Orkunýtni vatnshitunar sambyggðra hitara**

Orkunýtni vatnshitunar sambyggðs hitara η_{wh} skal reiknuð út sem hlutfallið á milli viðmiðunarorku Q_{ref} og orkunnar sem nauðsynleg er til framleiðslunnar samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

a) mælingar skulu gerðar eftir þeim álagslýsingum sem settar eru fram í töflu 15,

b) mælingar skulu gerðar með 24 klukkustunda mælingarlotum, eins og hér segir:

— 00:00 til 06:59: engin vatnsúttekt,

— frá 07:00: vatnsúttekt samkvæmt tilgreindri álagslýsingu,

— frá lokum síðustu vatnsúttektar til 24:00: engin vatnsúttekt,

c) tilgreind álagslýsing skal vera hámarksálagslýsing eða næsta álagslýsing fyrir neðan hana,

d) að því er varðar sambyggða hitara með varmadælu, gilda eftirfarandi viðbótarskilyrði:

— sambyggðir hitarar með varmadælu skulu prófaðir við skilyrðin sem sett eru fram í töflu 9,

— sambyggðir hitarar með varmadælu sem nýta útblástur frá loftræstingu sem varmagjafa skulu prófaðir við skilyrðin sem sett eru fram í töflu 11.

e) árleg raforkunotkun *AEC* í kWh sem endanleg orka skal reiknuð út sem dagleg raforkunotkun Q_{elec} í kWh sem endanleg orka margfölduð með 220,

f) árleg eldsneytisnotkun *AFC* í *GJ* sem heildarvarmagildi (*GCV*) skal reiknuð út sem dagleg eldsneytisnotkun Q_{fuel} margfölduð með 220.

6. **Skilyrði fyrir mælingar og útreikninga vegna búnaðar sem nýtir sólarorku**

Sólargleypi, geymslutanka fyrir heitt vatn sem hitað er með sólarorku og dælu í hringrás sólargleypis (ef við á) skal prófa hvert fyrir sig. Ef ekki er hægt að prófa sólargleypi og geymslutank fyrir heitt vatn sem hitað er með sólarorku, hvort fyrir sig skal prófa samsetninguna.

Nota skal niðurstöðurnar til að ákvarða fast tap *S* og útreikninga á nýtni sólargleypis η_{col}, árlegt varmaframlag án sólarorku Q_{nonsol} fyrir M, L, XL og XXL álagslýsingar við miðlungs loftslagsskilyrði sem sett eru fram í töflu 13 og 14 og árlega aukaraforkunotkun Q_{aux} í kWh sem endanleg orka.

Tafla 9

Stöðluð málgildisskilyrði fyrir hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggða hitara með varmadælu

Varmagjafi	Varmaskiptir utandyra		Varmaskiptir innandyra			
	Loftslags-skilyrði	Þurrhiti (vothiti) við inntak	Hitarar fyrir rými með varmadælu og sambyggðir hitarar með varmadælu, að undanskildum lághitavarmadælum		Lághitavarmadælur	
			Hitastig við inntak	Hitastig við úttak	Hitastig við inntak	Hitastig við úttak
Útiloft	Meðaltal	+ 7 °C (+ 6 °C)	+47 °C	+55 °C	+30 °C	+35 °C
	Kaldara	+ 2 °C (+ 1 °C)				
	Heitara	+ 14 °C (+ 13 °C)				
Útblásturs-loft	Allt	+ 20 °C (+ 12 °C)				
		Hitastig við inntak/úttak				
Vatn	Allt	+ 10 °C / + 7 °C				
Saltvatn	Allt	0 °C/– 3 °C				

Tafla 10

Viðmiðunarhönnunarskilyrði fyrir hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggða hitara með varmadælu, hitastig gefið upp sem þurr lofthiti (votlofthiti innan sviga)

Loftslagsskilyrði	Viðmiðunarhönnunarhitastig	Tvígildishitastig	Notkunarhitastigsmörk
	Tdesignh	T_{biv}	*TOL*
Meðaltal	– 10 (– 11) °C	hámark + 2 °C	hámark – 7 °C
Kaldara	– 22 (– 23) °C	hámark – 7 °C	hámark – 15 °C
Heitara	+ 2 (+ 1) °C	hámark + 7 °C	hámark + 2 °C

Tafla 11

Hámarksframboð útblásturslofts frá loftræstingu [m^3/h], við 5,5 g/m^3 raka

Tilgreind álagslýsing	XXS	XS	S	M	L	XL	XXL
Hámarksframboð útblásturslofts frá loftræstingu	109	128	128	159	190	870	1021

Tafla 12

Evrópskt viðmiðunarhitunartímabil við miðlungs, kaldari og heitari loftslagsskilyrði að því er varðar hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggða hitara með varmadælu

bin_j	Tj [°C]	Miðlungs loftslagsskilyrði	Kaldari loftslagsskilyrði	Heitari loftslagsskilyrði
		H_j [h/annum]	H_j [h/annum]	H_j [h/annum]
1 til 8	-30 til -23	0	0	0
9	-22	0	1	0

bin_j	Tj [°C]	Miðlungs loftslagsskilyrði	Kaldari loftslagsskilyrði	Heitari loftslagsskilyrði
		H_j [h/annum]	H_j [h/annum]	H_j [h/annum]
10	-21	0	6	0
11	-20	0	13	0
12	-19	0	17	0
13	-18	0	19	0
14	-17	0	26	0
15	-16	0	39	0
16	-15	0	41	0
17	-14	0	35	0
18	-13	0	52	0
19	-12	0	37	0
20	-11	0	41	0
21	-10	1	43	0
22	-9	25	54	0
23	-8	23	90	0
24	-7	24	125	0
25	-6	27	169	0
26	-5	68	195	0
27	-4	91	278	0
28	-3	89	306	0
29	-2	165	454	0
30	-1	173	385	0
31	0	240	490	0
32	1	280	533	0
33	2	320	380	3
34	3	357	228	22
35	4	356	261	63
36	5	303	279	63
37	6	330	229	175
38	7	326	269	162
39	8	348	233	259
40	9	335	230	360
41	10	315	243	428
42	11	215	191	430
43	12	169	146	503
44	13	151	150	444
45	14	105	97	384
46	15	74	61	294
Heildarfjöldi klukkustunda:		4910	6446	3590

Tafla 13

Meðalhitastig að degi til [°C]

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
Miðlungs loftslagsskilyrði	+2,8	+2,6	+7,4	+12,2	+16,3	+19,8	+21,0	+22,0	+17,0	+11,9	+5,6	+3,2

Tafla 14

Meðal hnattrænn ágeislunarstyrkur sólar [W/m^2]

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
Miðlungs loftslagsskilyrði	70	104	149	192	221	222	232	217	176	129	80	56

Tafla 15

Álagslýsingar vatnshitunar fyrir sambyggða hitara

h	3XS			XXS			XS			S			
	Q_{tap}	f	T_m	Q_{tap}	f	T_m	Q_{tap}	f	T_m	Q_{tap}	f	T_m	T_p
	kWh	l/mín	°C	**kWh**	l/mín	°C	**kWh**	l/mín	°C	**kWh**	l/mín	°C	°C
07:00	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25				**0,105**	3	25	
07:05	**0,015**	2	25										
07:15	**0,015**	2	25										
07:26	**0,015**	2	25										
07:30	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25	**0,525**	3	35	**0,105**	3	25	
07:45													
08:01													
08:05													
08:15													
08:25													
08:30				**0,105**	2	25				**0.105**	3	25	
08:45													
09:00	**0,015**	2	25										
09:30	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25				**0,105**	3	25	
10:00													
10:30													
11:00													
11:30	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25				**0,105**	3	25	
11:45	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25				**0,105**	3	25	
12:00	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25							
12:30	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25							
12:45	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25	**0,525**	3	35	**0,315**	4	10	55
14:30	**0,015**	2	25										
15:00	**0,015**	2	25										
15:30	**0,015**	2	25										
16:00	**0,015**	2	25										
16:30													
17:00													
18:00				**0,105**	2	25				**0,105**	3	25	

h	3XS			XXS			XS			S			
	Q_{tap}	f	T_m	Q_{tap}	f	T_m	Q_{tap}	f	T_m	Q_{tap}	f	T_m	T_p
	kWh	l/mín	°C	**kWh**	l/mín	°C	**kWh**	l/mín	°C	**kWh**	l/mín	°C	°C
18:15				**0,105**	2	25				**0,105**	3	40	
18:30	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25							
19:00	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25							
19:30	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25							
20:00				**0,105**	2	25							
20:30							**1,05**	3	35	**0,42**	4	10	55
20:45				**0,105**	2	25							
20:46													
21:00				**0,105**	2	25							
21:15	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25							
21:30	**0,015**	2	25							**0,525**	5	45	
21:35	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25							
21:45	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25							
Q_{ref}	**0,345**			**2,100**			**2,100**			**2,100**			

Framhald af töflu 15

Álagslýsingar vatnshitunar fyrir sambyggða hitara

h	M				L				XL			
	Q_{tap}	f	T_m	T_p	Q_{tap}	f	T_m	T_p	Q_{tap}	f	T_m	T_p
	kWh	l/mín	°C	°C	**kWh**	l/mín	°C	°C	**kWh**	l/mín	°C	°C
07:00	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
07:05	**1,4**	6	40		**1,4**	6	40					
07:15									**1,82**	6	40	
07:26									**0,105**	3	25	
07:30	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25					
07:45					**0,105**	3	25		**4,42**	10	10	40
08:01	**0,105**	3	25						**0,105**	3	25	
08:05					**3,605**	10	10	40				
08:15	**0,105**	3	25						**0,105**	3	25	
08:25					**0,105**	3	25					
08:30	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
08:45	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	

h	M				L				XL			
	Q_{tap}	f	T_m	T_p	Q_{tap}	f	T_m	T_p	Q_{tap}	f	T_m	T_p
	kWh	l/mín	°C	°C	**kWh**	l/mín	°C	°C	**kWh**	l/mín	°C	°C
09:00	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
09:30	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
10:00									**0,105**	3	25	
10:30	**0,105**	3	10	40	**0,105**	3	10	40	**0,105**	3	10	40
11:00									**0,105**	3	25	
11:30	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
11:45	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
12:00												
12:30												
12:45	**0,315**	4	10	55	**0,315**	4	10	55	**0,735**	4	10	55
14:30	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
15:00									**0,105**	3	25	
15:30	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
16:00									**0,105**	3	25	
16:30	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
17:00									**0,105**	3	25	
18:00	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
18:15	**0,105**	3	40		**0,105**	3	40		**0,105**	3	40	
18:30	**0,105**	3	40		**0,105**	3	40		**0,105**	3	40	
19:00	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
19:30												
20:00												
20:30	**0,735**	4	10	55	**0,735**	4	10	55	**0,735**	4	10	55
20:45												
20:46									**4,42**	10	10	40
21:00					**3,605**	10	10	40				
21:15	**0,105**	3	25						**0,105**	3	25	
21:30	**1,4**	6	40		**0,105**	3	25		**4,42**	10	10	40
21:35												
21:45												
Q_{ref}	**5,845**				**11,655**				**19,07**			

Framhald af töflu 15

Álagslýsingar vatnshitunar fyrir sambyggða hitara

h	*XXL*			
	Q_{tap}	f	T_m	T_p
	kWh	l/mín	°C	°C
07:00	**0,105**	3	25	
07:05				
07:15	**1,82**	6	40	
07:26	**0,105**	3	25	
07:30				
07:45	**6,24**	16	10	40
08:01	**0,105**	3	25	
08:05				
08:15	**0,105**	3	25	
08:25				
08:30	**0,105**	3	25	
08:45	**0,105**	3	25	
09:00	**0,105**	3	25	
09:30	**0,105**	3	25	
10:00	**0,105**	3	25	
10:30	**0,105**	3	10	40
11:00	**0,105**	3	25	
11:30	**0,105**	3	25	
11:45	**0,105**	3	25	
12:00				
12:30				
12:45	**0,735**	4	10	55
14:30	**0,105**	3	25	
15:00	**0,105**	3	25	
15:30	**0,105**	3	25	
16:00	**0,105**	3	25	
16:30	**0,105**	3	25	
17:00	**0,105**	3	25	
18:00	**0,105**	3	25	
18:15	**0,105**	3	40	
18:30	**0,105**	3	40	

h	*XXL*			
	Q_{tap}	f	T_m	T_p
	kWh	l/mín	°C	°C
19:00	**0,105**	3	25	
19:30				
20:00				
20:30	**0,735**	4	10	55
20:45				
20:46	**6,24**	16	10	40
21:00				
21:15	**0,105**	3	25	
21:30	**6,24**	16	10	40
21:35				
21:45				
Q_{ref}	**24,53**			

VIII. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Í þeim tilgangi að meta samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr. skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð:

1. Yfirvöld í aðildarríkjum skulu prófa eina staka einingu fyrir hverja tegund hitara, hitastýringar, búnaðar sem nýtir sólarorku, pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og gefa yfirvöldum hinna aðildarríkjanna upplýsingar um niðurstöður úr prófunum.

2. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur að því tilskildu að:

   a) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar η s hitara, pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, sé ekki meira en 8% lægri en gildið sem gefið er upp við nafnvarmaafköst einingarinnar,

   b) orkunýtni vatnshitunar η wh sambyggðra hitara og pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku sé ekki meira en 8% lægri en gildið sem gefið er upp við nafnvarmaafköst einingarinnar,

   c) hljóðaflsstig L WA hitara sé ekki meira en 2 db hærra en það gildi sem gefið er upp fyrir eininguna,

   d) flokkur hitastýringa sé í samræmi við uppgefinn flokk einingarinnar, að því er varðar hitastýringar,

   e) nýtni sólargleypis η_{col} , að því er varðar búnað sem nýtir sólarorku, sé ekki meira en 5% lægri en gildið sem gefið er upp fyrir einninguna,

   f) fast tap S geymslutanks fyrir heitt vatn sem hitað er með sólarorku, að því er varðar búnað sem nýtir sólarorku, sé ekki meira en 5% hærra en gildið sem gefið er upp fyrir einninguna og

   g) aukaraforkunotkun Q_{aux} , að því er varðar búnað sem nýtir sólarorku, sé ekki meira en 5% hærri en gildið sem gefið er upp fyrir einninguna.

3. Ef niðurstöðurnar sem um getur í 2. lið nást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja af handahófi þrjár einingar af sömu tegund til viðbótar, til prófunar og veita yfirvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni upplýsingar um niðurstöður prófana innan eins mánaðar frá því að prófun fór fram.

4. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur að því tilskildu að:

   a) meðaltal árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar η s eininganna þriggja að því er varðar hitara, pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, sé ekki meira en 8% lægri en gildið sem gefið er upp við nafnvarmaafköst einingarinnar,

   b) meðaltal orkunýtni vatnshitunar η wh eininganna þriggja að því er varðar sambyggða hitara og pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, sé ekki meira en 8% lægri en gildið sem gefið er upp við nafnvarmaafköst einingarinnar,

   c) meðaltal eininganna þriggja fyrir hljóðaflsstigið L_{WA} , að því er varðar hitara, sé ekki meira en 2 db hærra en það gildi sem gefið er upp fyrir einninguna,

   d) flokkur hitastýringa eininganna þriggja, sé í samræmi við uppgefinn flokk einingarinnar, að því er varðar hitastýringar,

   e) meðal sólargleypisnýtni η col eininganna þriggja að því er varðar búnað sem nýtir sólarorku, sé ekki meira en 5% lægri en gildið sem gefið er upp fyrir einninguna,

   f) meðaltal fasts taps S geymslutanks fyrir heitt vatn, sem hitað er með sólarorku, eininganna þriggja, að því er varðar búnað sem nýtir sólarorku, sé ekki meira en 5% hærra en gildið sem gefið er upp fyrir einninguna og

   g) meðalnýtni aukaraforkunotkunar Q_{aux} eininganna þriggja, að því er varðar búnað sem nýtir sólarorku, sé ekki meira en 5% hærri en gildið sem gefið er upp fyrir einninguna.

5. Ef niðurstöðurnar sem um getur í lið 4 fást ekki telst tegundin ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

   Yfirvöld í aðildarríkjum skulu nota mæli- og útreikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VII. viðauka.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 80/2009 2016/EES/05/12

frá 14. janúar 2009

um hátternisreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2299/89 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 71. og 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

með hliðsjón af áliti Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2299/89 frá 24. júlí 1989 um starfsreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa ([4]) hefur stuðlað mjög að því að tryggja sanngjörn og óhlutdræg skilyrði fyrir flugrekendur innan ramma tölvufarskráningarkerfis (e. computerised reservation system (CRS)) og verndar þannig hagsmuni neytenda.

2) Enn fer umtalsverður hluti flugbókana fram í gegnum tölvufarskráningarkerfi.

3) Vegna tækni- og markaðsþróunar er hægt að einfalda lagarammann töluvert með því að veita kerfisseljendum og flugrekendum aukið svigrúm til að semja um farskráningargjöld og innihald fargjalda. Þannig væri þeim gert kleift að vera sveigjanlegir og laga sig að þörfum og óskum ferðaskrifstofa og neytenda og að miðla flutningaþjónustu sinni af meiri skilvirkni.

4) Við núverandi markaðsaðstæður er engu að síður nauðsynlegt að viðhalda tilteknum ákvæðum um tölvufarskráningarkerfi, svo fremi að þau feli í sér flutningaþjónustu, til að koma í veg fyrir samkeppnishömlur og til að tryggja neytendum hlutlausar upplýsingar.

5) Það getur raskað samkeppni á milli tölvufarskráningarkerfa verulega ef móðurflytjendur neita að veita öðrum kerfum sömu upplýsingar um áætlanir, laus sæti og fargjöld og þeir veita sínum eigin, eða neita að samþykkja farskráningar frá þeim kerfum.

6) Nauðsynlegt er að viðhalda virkri samkeppni á milli aðildarflytjenda og móðurflytjenda og að tryggja að meginreglan um bann við mismunun sé virt meðal flugrekenda óháð þátttöku þeirra í tölvufarskráningarkerfum.

7) Til að tryggja gagnsæ og sambærileg samkeppnisskilyrði á markaði skulu móðurflytjendur lúta sértækum reglum.

8) Til að koma í veg fyrir að móðurflytjendur hafi forgang að þjónustu tölvufarskráningarkerfa skulu kerfisseljendur aðskilja þau kerfi á skýran hátt frá innri kerfum og öðrum bókunarkerfum flugrekenda og skulu ekki áskilja móðurflytjendum sínum miðlunarkerfin.

9) Til að vernda hagsmuni neytenda er nauðsynlegt að það upphafsyfirlit, sem birtist notendum tölvufarskráningarkerfa, sé óhlutdrægt og að tryggt sé að upplýsingar um alla aðildarflytjendur séu jafn aðgengilegar til að einum aðildarflytjanda sé ekki gert hærra undir höfði en öðrum.

10) Óhlutdrægt yfirlit eykur gagnsæi flutningaþjónustu og annarrar þjónustu, sem aðildarflytjendur bjóða, og eykur tiltrú neytenda.

11) Kerfisseljendur skulu tryggja að markaðsgögn tölvufarskráningarkerfa séu tiltækileg öllum aðildarflytjendum, án mismununar, og veitendum flutningaþjónustu skal ekki unnt að nýta slík gögn til að hafa óæskileg áhrif á val ferðaskrifstofu eða neytanda.

12) Samningar á milli áskrifenda og kerfisseljanda um gagnaskrár með upplýsingum um markaðssetningu (e. Marketing Information Data Tapes (MIDT)) geta falið í sér bótakerfi í þágu áskrifenda.

13) Auðvelda skal upplýsingagjöf um járnbrautaþjónustu og járnbrautaþjónustu/flutningaflug á skjáyfirliti tölvufarskráningarkerfa.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 35, 4.2.2009, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 318/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 224, 30.8.2008, bls. 57.

([2]) Stjtíð. ESB C 233, 11.9.2008, bls. 1.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 4. september 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 16. desember 2008.

([4]) Stjtíð. ESB L 220, 29.7.1989, bls. 1.

14) Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (endurútgefin) ([1]), verða flugrekendur að birta fargjöld sín að meðtöldum öllum gildandi sköttum og gjöldum, aukagjöldum og þóknunum, sem eru óhjákvæmileg og fyrirsjáanleg. Á skjáyfirlitum tölvufarskráningarkerfa skulu koma fram fargjaldaupplýsingar, sem fela í sér sömu verðflokka, til að tryggja að ferðaskrifstofur geti komið þessum upplýsingum á framfæri við viðskiptavini sína.

15) Í framtíðinni skulu upplýsingar um flutninga með hópbifreiðum í tengslum við flutningaflug eða járnbrautaþjónustu, sem bjóðast samhliða flutningaflugi, birtar á aðalskjáyfirliti tölvufarskráningarkerfa.

16) Hvetja skal til þess að í tölvufarskráningarkerfum verði í framtíðinni að finna auðskildar upplýsingar um losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun flugs. Þetta má sýna með gögnum um meðaltal eldsneytisnotkunar á hvern einstakling í lítrum á hverja 100 km og meðaltal koltvísýringslosunar á hvern einstakling í grömmum á kílómetra og, að því er varðar ferðir sem eru styttri en fimm klukkustundir, með samanburði við gögn um bestu mögulegu tengiferð með lest eða hópbifreið.

17) Flugrekendur skulu njóta jafnrar meðferðar að því er varðar þjónustu tölvufarskráningarkerfa hvort sem þeir eru innan Bandalagsins eða frá þriðju löndum.

18) Til að tryggja að þessari reglugerð sé rétt beitt skal framkvæmdastjórnin hafa viðeigandi framkvæmdarheimildir, þ.m.t. möguleika á að rannsaka brot, hvort heldur er að eigin frumkvæði eða á grundvelli kvörtunar, að mæla fyrir um að hlutaðeigandi fyrirtæki láti af slíkum brotum og möguleika á að beita sektum.

19) Framkvæmdastjórnin skal hafa reglulegt eftirlit með beitingu þessarar reglugerðar og þá einkum skilvirkni hennar við að koma í veg fyrir samkeppnishamlandi athafnir og mismunun á markaði fyrir miðlun flutningaþjónustu í gegnum tölvufarskráningarkerfi, sérstaklega með tilliti til þess að flutningsaðilar, með náin tengsl við kerfisseljendur, eru fyrir hendi.

20) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á beitingu 81. og 82. gr. sáttmálans. Þessi reglugerð er til viðbótar almennum samkeppnisreglum sem gilda að fullu um samkeppnishömlur, s.s. brot á reglum gegn einokun og hringamyndun eða misnotkun markaðsráðandi stöðu.

21) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([2]) gildir um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga. Ákvæði þessarar reglugerðar eru viðbót við og nánari umfjöllun um ákvæði tilskipunar 95/46/EBE að því er varðar starfsemi tölvufarskráningarkerfa.

22) Reglugerð (EBE) nr. 2299/89 ber að fella úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. ÞÁTTUR

INNGANGSÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

Reglugerð þessi gildir um öll tölvufarskráningarkerfi, sem í boði eru eða notuð innan Bandalagsins, svo fremi þau nái til flutningaflugs.

Reglugerð þessi gildir einnig um járnbrautaþjónustu sem birtist samhliða flutningaflugi á aðalskjáyfirliti tölvufarskráningarkerfis sem stendur til boða eða notað er innan Bandalagsins.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „flutningaþjónusta“: flutningur farþega á milli tveggja flugvalla eða járnbrautarstöðva,

2. „áætlunarflug“: röð flugferða sem einkennast af öllum eftirfarandi atriðum:

   a) í hverju flugi eru sæti og/eða rými til flutnings á farmi og/eða pósti boðin almenningi til kaups (annaðhvort beint frá flugrekanda eða af viðurkenndum umboðsaðila hans),

   b) flogið er milli sömu flugvalla, tveggja eða fleiri, annaðhvort:

      – samkvæmt útgefinni áætlun eða

      – með svo reglulegum eða tíðum ferðum að telja má að um reglubundnar ferðir sé að ræða,

3. „fargjöld“: verð sem farþegar skulu greiða flugrekendum, rekstraraðilum í járnbrautaflutningum, umboðsaðilum þeirra eða öðrum farmiðasölum fyrir flutning þessara farþega með flutningaþjónustu og samkvæmt hvaða skilyrðum þetta verð gildir, þ.m.t. þóknun og skilyrði sem bjóðast ferðaskrifstofum og önnur stoðþjónusta,

([1]) Stjtíð. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3.
([2]) Stjtíð. ESB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

4. „tölvufarskráningarkerfi“: tölvukerfi þar sem m.a. er að finna upplýsingar fleiri en eins flugrekanda um áætlanir, laus sæti og fargjöld, með eða án möguleika á farskráningu eða farmiðaútgáfu, að því marki sem þessi þjónusta er að hluta eða að fullu gerð aðgengileg áskrifendum,

5. „kerfisseljandi“: fyrirtæki og eignatengd fyrirtæki sem bera ábyrgð á starfrækslu eða markaðssetningu tölvufarskráningarkerfis,

6. „miðlunarkerfi“: búnaður, sem kerfisseljandi útvegar, til að miðla upplýsingum um áætlanir, laus sæti, fargjöld og tengda þjónustu flugrekenda og rekstraraðila í járnbrautaflutningum, til farskráningar og/eða farmiðaútgáfu, sem og til annarrar tengdrar þjónustu,

7. „móðurflytjandi“: flugrekandi eða rekstraraðili í járnbrautaflutningum sem með beinum eða óbeinum hætti, einn eða ásamt öðrum, stjórnar kerfisseljanda eða á hlut í kerfisseljanda, með réttindum eða fulltrúa í stjórn hans, eftirlitsstjórn eða annarri stjórn, svo og hver sá flugrekandi eða rekstraraðili í járnbrautaflutningum, sem hann stjórnar,

8. „að eiga hlut í kerfisseljanda með réttindum eða fulltrúa í stjórn hans, eftirlitsstjórn eða annarri stjórn“: fjárfesting sem fylgja réttindi eða fulltrúi í stjórn eða yfirstjórn kerfisseljanda og gerir hlutaðeigandi kleift að hafa, einum eða ásamt öðrum, afgerandi áhrif á það hvernig kerfisseljandi hagar rekstri sínum.

9. „stjórnun“: tengsl sem til er stofnað á grundvelli réttinda, samninga eða með öðrum aðferðum sem, annaðhvort í sameiningu eða hver um sig og með hliðsjón af raunverulegum eða lagalegum tengslum, veita möguleika á að hafa afgerandi áhrif á fyrirtæki, einkum með:

   a) eignarhaldi eða rétti til að nota eignir fyrirtækis, allar eða að hluta,

   b) rétti eða samningum sem hafa afgerandi áhrif á samsetningu, atkvæðagreiðslu eða ákvarðanir stofnana fyrirtækis,

10. „aðildarflytjandi“: flugrekandi eða rekstraraðili í járnbrautaflutningum sem hefur gert samning við kerfisseljanda um miðlun flutningaþjónustu í gegnum tölvufarskráningarkerfi,

11. „áskrifandi“: einstaklingur eða fyrirtæki, þó ekki aðildarflytjandi, sem notar tölvufarskráningarkerfi samkvæmt samningi við kerfisseljanda í þeim tilgangi að bóka flutningaflug eða tengda þjónustu fyrir hönd viðskiptavinar,

12. „aðalskjáyfirlit“: alhliða, hlutlaust yfirlit á skjá yfir gögn er varða flutningaþjónustu á milli borgartvennda innan tiltekins tímabils,

13. „farmiði“: gilt skjal eða ígildi þess í pappírslausu formi, sem felur í sér rétt til ferðar, gefið út eða viðurkennt af flugrekanda, rekstraraðila í járnbrautaflutningum eða viðurkenndum umboðsmanni þeirra,

14. „samsett þjónusta“: fyrirframákveðin samsetning flutnings ásamt annarri þjónustu sem ekki er hluti af flutningi en boðið er upp á og innifalin er í verðinu,

15. „farskráningargjald“: það verð sem flugrekendur skulu greiða kerfisseljendum fyrir þjónustu tölvufarskráningarkerfis.

2. ÞÁTTUR

HÁTTERNISREGLUR FYRIR KERFISSELJENDUR

3. gr.

Tengsl við veitendur flutningaþjónustu

1. Kerfisseljanda er óheimilt:

a) að setja ósanngjörn og/eða óréttmæt skilyrði fyrir samningi við aðildarflytjanda eða krefjast samþykkis á viðbótarskilyrðum, sem í eðli sínu og samkvæmt viðtekinni viðskiptavenju eru óviðkomandi þátttöku í tölvufarskráningarkerfi hans,

b) gera að skilyrði fyrir þátttöku í tölvufarskráningarkerfi sínu að aðildarflytjandi eigi ekki jafnframt aðild að öðru tölvufarskráningarkerfi eða að aðildarflytjanda sé ekki frjálst að nota önnur farskráningarkerfi s.s. eigin farskráningarkerfi á Netinu og símsvörunarþjónustu.

2. Kerfisseljandi skal, af sömu vandvirkni og með sama hraða, hlaða inn og vinna úr gögnum sem mismunandi aðildarflytjendur láta honum í té, aðeins með fyrirvara um takmarkanir þeirrar aðferðar sem einstakir aðildarflytjendur velja til að hlaða inn gögnum,

3. Kerfisseljandi skal birta opinberlega, nema það sé gert opinbert með öðrum hætti, hvort, og þá að hvaða marki, flugrekandi eða rekstraraðili í járnbrautaflutningum eigi beina eða óbeina eignarhlutdeild í kerfisseljanda eða hvort kerfisseljandi eigi eignarhlutdeild í flugrekanda eða rekstraraðila í járnbrautaflutningum.

4. gr.

Miðlunarkerfi

1. Kerfisseljandi skal ekki bjóða einhverjum einum eða fleiri aðildarflytjendum fremur öðrum, þ.m.t. móðurflytjanda eða móðurflytjendum sínum, sérstaka tilhögun við að hlaða inn eða vinna úr gögnum, annað miðlunarkerfi eða breytingar þar á. Kerfisseljandi skal veita öllum aðildarflytjendum upplýsingar um breytingar á miðlunarkerfi sínu og á tilhögun við að hlaða inn og vinna úr gögnum.

2. Kerfisseljandi skal tryggja að miðlunarkerfi hans sé aðskilið, a.m.k. með hugbúnaði og með skýrum og sannreynanlegum hætti, frá skrám hvers og eins flutningsaðila um sætaframboð sem og frá stjórnunar- og markaðssetningarkerfum þeirra.

5. gr.

Yfirlit

1. Kerfisseljandi skal sjá notendum fyrir aðalskjáyfirliti eða -yfirlitum yfir hverja einstaka færslu í tölvufarskráningarkerfi sínu, þar sem fram koma upplýsingar frá aðildarflytjendum á skýran og skilmerkilegan hátt, án mismununar eða hlutdrægni. Viðmiðunarreglur um röðun upplýsinga skulu hvorki beint né óbeint tengjast því hver flutningsaðilinn er og skal þeim beitt án mismununar gagnvart öllum aðildarflytjendum. Aðalskjáyfirlitið skal ekki villa um fyrir notanda, það skal vera aðgengilegt og uppfylla reglur sem settar eru fram í I. viðauka.

2. Ef um er að ræða upplýsingar til neytanda, sem fengnar eru úr tölvufarskráningarkerfi, skal áskrifandi nota hlutlaust skjáyfirlit, í samræmi við 1. mgr., nema annars konar yfirlit sé nauðsynlegt til að mæta óskum neytandans.

3. Á yfirlitinu skal, með skýrum hætti, tilgreina flug á vegum flugrekenda sem sæta flugrekstrarbanni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins ([1]) og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning .

4. Kerfisseljandi skal taka upp sérstakt tákn á skjáyfirliti tölvufarskráningarkerfa sem er auðþekkjanlegt fyrir notendur og ætlað þeim til upplýsingar um hver sé starfandi flugrekandi, eins og kveðið er á um í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

5. Grein þessi gildir ekki um tölvufarskráningarkerfi, sem flugrekandi eða rekstraraðili í járnbrautaflutningum eða hópur flugrekanda eða rekstraraðila í járnbrautaflutningum, nota á eigin skrifstofum og afgreiðsluborðum eða á eigin vefsetrum, séu þau greinilega merkt sem slík.

([1]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

6. gr.

Tengsl við áskrifendur

1. Kerfisseljanda er óheimilt að setja ósanngjörn og/eða óréttmæt skilyrði fyrir samningi við aðildarflutningafyrirtæki, s.s. að koma í veg fyrir að hann gerist áskrifandi að öðru eða öðrum kerfum eða noti þau, að krefjast samþykkis á viðbótarskilyrðum, sem eru óviðkomandi áskrift að tölvufarskráningarkerfi hans, eða að skylda áskrifanda til að samþykkja tilboð um tæknibúnað eða hugbúnað.

2. Ef áskrifandi er óháð fyrirtæki, með færri en 50 starfsmenn og ársveltu og/eða árlega niðurstöðutölu efnahagsreiknings undir 10 milljónum evra, getur hann sagt upp samningi sínum við kerfisseljanda með fyrirvara sem þarf ekki að vera lengri en þrír mánuðir en þó skal vera liðið minnst heilt ár af samningstímanum áður en hann fellur úr gildi. Í slíkum tilvikum á kerfisseljandi einungis rétt á að fá endurgreiddan kostnað sem tengist uppsögn samningsins beint.

7. gr.

Gagnaskrár með upplýsingum um markaðssetningu

1. Kerfisseljendum er heimilt að gera öll gögn um markaðssetningu, farskráningar og sölu aðgengileg, að því tilskildu að öllum aðildarflytjendum, þ.m.t. móðurflytjendum, standi þau til boða á sama tíma og án mismununar. Gögn geta átt og, sé þess óskað, skulu eiga við um alla aðildarflytjendur og/eða áskrifendur.

2. Aðildarflytjendur skulu ekki nota slík gögn til að hafa áhrif á val áskrifanda.

3. Ef slík gögn verða til vegna notkunar áskrifanda, með staðfestu innan Bandalagsins, á miðlunarkerfi tölvufarskráningarkerfis skulu þau ekki innihalda neina auðkenningu, hvorki beina né óbeina, á þeim áskrifanda, nema áskrifandinn og kerfisseljandinn komist að samkomulagi um skilyrði fyrir viðeigandi notkun slíkra gagna. Þetta á jafnframt við þegar kerfisseljendur veita öðrum aðilum þessar upplýsingar í öðrum tilgangi en til uppgjörs reikninga.

4. Samningar, á milli áskrifanda eða áskrifenda annars vegar og kerfisseljanda eða kerfisseljenda hins vegar, um gagnaskrár með upplýsingum um markaðssetningu skulu gerðir aðgengilegir almenningi.

8. gr.

Sambærileg meðferð í þriðju löndum

1. Ef kerfisseljandi, starfandi í þriðja landi, veitir flugrekendum í Bandalaginu ekki sambærilega meðferð og hann veitir aðildarflytjendum frá þriðja landinu, að því er varðar málefni sem um er fjallað í þessari reglugerð, getur framkvæmdastjórnin krafist þess að allir kerfisseljendur, starfandi í Bandalaginu, veiti flugrekendum frá þriðja landinu sambærilega meðferð og þá sem flugrekendur í Bandalaginu fá í því þriðja landi, sbr. þó alþjóðasamninga sem Bandalagið eða aðildarríkin eru aðilar að.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með því hvort kerfisseljendur í þriðju löndum beiti flugrekendur í Bandalaginu meðferð sem er ósambærileg eða hefur mismunun í för með sér. Að beiðni frá aðildarríki eða að eigin frumkvæði skal framkvæmdastjórnin rannsaka hugsanleg tilfelli um að flugrekendur í Bandalaginu sæti mismunun í tölvufarskráningarkerfum þriðju landa. Ef slíkrar mismununar verður vart skal framkvæmdastjórnin, áður en ákvörðun er tekin, upplýsa aðildarríkin og hagsmunaaðila þar um og leita athugasemda frá þeim, þ.m.t. með því að halda fund með viðeigandi sérfræðingum frá aðildarríkjunum.

3. ÞÁTTUR

HÁTTERNISREGLUR FYRIR VEITENDUR FLUTNINGAÞJÓNUSTU

9. gr.

Gögn frá aðildarflytjendum

Aðildarflytjendur og milliliðir sem meðhöndla gögn skulu tryggja að gögnin, sem lögð eru fram til tölvufarskráningarkerfis, séu nákvæm og að þau geri kerfisseljanda kleift að fylgja reglunum sem settar eru fram í I. viðauka.

10. gr.

Sértækar reglur fyrir móðurflytjendur

1. Með fyrirvara um gagnkvæmni, eins og um getur í 2. mgr., er móðurflytjanda óheimilt að mismuna tölvufarskráningarkerfi samkeppnisaðila með því að neita að veita því, að fenginni beiðni þess, sömu gögn um áætlanir, fargjöld og laus sæti, í tengslum við eigin flutningaþjónustu, jafn greiðlega og það veitir eigin tölvufarskráningarkerfi þessi gögn, eða neita að miðla flutningaþjónustu sinni um annað tölvufarskráningarkerfi eða neita að taka við eða staðfesta jafn greiðlega, farskráningu, sem gerð er í gegnum tölvufarskráningarkerfi samkeppnisaðila, á flutningaþjónustu móðurflytjandans sem miðlað er með þess eigin tölvufarskráningarkerfi. Móðurflytjanda skal einungis skylt að taka við og staðfesta þær farskráningar sem eru í samræmi við fargjöld hans og skilmála.

2. Tölvufarskráningarkerfi samkeppnisaðila er óheimilt að neita að vista gögn um tímaáætlanir, fargjöld og laus sæti, í tengslum við flutningaþjónustu sem móðurflytjandi býður upp á, og skal kerfið hlaða inn og vinna úr gögnum af sömu vandvirkni og gert er fyrir aðra viðskiptavini og áskrifendur á öllum mörkuðum, aðeins með fyrirvara um takmarkanir þeirrar aðferðar við að hlaða inn gögnum sem hver flutningsaðili velur sér.

3. Móðurflytjanda ber ekki skylda til að taka þátt í neinum útgjöldum þessu samfara, nema útgjöldum vegna fjölföldunar þeirra gagna sem leggja á fram og vegna farskráninga sem hann tekur við. Gjald, sem greiða skal til tölvufarskráningarkerfis vegna farskráningar, sem hann tekur við og sem gerð er í samræmi við 1. mgr., skal vera í samræmi við gjaldið sem sama tölvufarskráningarkerfi tekur fyrir sams konar skráningu af öðrum aðildarflytjendum.

4. Móðurflytjandi skal ekki standa að mismunun, með beinum eða óbeinum hætti, í þágu eigin tölvufarskráningarkerfis með því að tengja notkun áskrifanda á tilteknu tölvufarskráningarkerfi einhvers konar umboðslaunum eða hvetja eða letja á annan hátt til sölu á flutningaþjónustu sinni.

5. Móðurflytjandi skal ekki standa að mismunun, með beinum eða óbeinum hætti, í þágu eigin tölvufarskráningarkerfis með því að krefjast þess að áskrifandi noti tiltekið tölvufarskráningarkerfi við sölu eða útgáfu farmiða vegna flutningaþjónustu, sem móðurflytjandinn sjálfur veitir, með beinum eða óbeinum hætti.

4. ÞÁTTUR

VERND PERSÓNUUPPLÝSINGA

11. gr.

Vinnsla, aðgangur og geymsla persónuupplýsinga

1. Einungis skal vinna úr persónuupplýsingum, sem safnað er við notkun tölvufarskráningarkerfis í tengslum við farskráningar eða farmiðaútgáfu fyrir flutningaþjónustu, þannig að það samrýmist þeim tilgangi. Að því er varðar vinnslu slíkra gagna telst kerfisseljandi vera ábyrgðaraðili gagna í samræmi við d-lið 2. gr. tilskipunar 95/46/EB.

2. Persónuupplýsingar skal eingöngu vinna að svo miklu leyti sem vinnsla er nauðsynleg vegna framkvæmdar samnings, sem skráður aðili á aðild að, eða til þess að gera ráðstafanir, að beiðni skráða aðilans, áður en samningur er gerður.

3. Ef um er að ræða sérstaka gagnaflokka, sem um getur í 8. gr. tilskipunar 95/46/EB, skal aðeins vinna slík gögn ef skráður aðili hefur á upplýstum grundvelli veitt ótvírætt samþykki fyrir vinnslu þeirra gagna.

4. Upplýsingar, sem eru á ábyrgð kerfisseljanda, um persónugreinanlegar, einstakar farskráningar, skulu vistaðar utan nets innan sjötíu og tveggja klukkustunda frá því að síðasta hluta einstöku farskráningarinnar er lokið og skal þeim eytt innan þriggja ára. Aðgang að slíkum gögnum skal einungis veita vegna ágreiningsmála er varðar reikninga.

5. Gögn um markaðssetningu, farskráningu og sölu, sem kerfisseljandi gerir aðgengileg, mega ekki innihalda nein auðkenni einstaklinga, bein eða óbein, eða, eftir atvikum, þeirra stofnana eða fyrirtækja sem einstaklingarnir eru í fyrirsvari fyrir.

6. Óski neytandi þess skal áskrifandi upplýsa hann um nafn og heimilisfang kerfisseljandans, tilgang gagnavinnslunnar, hve lengi persónuupplýsingar eru geymdar og hvaða leiðir skráður aðili hefur til að nálgast gögnin.

7. Skráður aðili skal hafa rétt á aðgangi að gögnum sem hann varða, án endurgjalds, óháð því hvort þau eru geymd hjá kerfisseljanda eða áskrifanda.

8. Þau réttindi, sem viðurkennd eru í þessari grein, skulu koma til fyllingar og til viðbótar þeim réttindum skráðs aðila sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB, í ákvæðum landslaga, sem samþykkt eru samkvæmt henni, sem og í ákvæðum alþjóðasamninga sem Bandalagið er aðili að.

9. Ákvæði þessarar reglugerðar eru viðbót við og nánari umfjöllun um ákvæði tilskipunar 95/46/EB í þeim tilgangi sem greint er frá í 1. gr. Ef ekki er kveðið á um annað gilda skilgreiningar þeirrar tilskipunar. Ef sértæku ákvæðin, að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við starfsemi tölvufarskráningarkerfa, sem mælt er fyrir um í þessari grein, eiga ekki við skal þessi reglugerð ekki hafa áhrif á ákvæði þeirrar tilskipunar, ákvæði landslaga, sem samþykkt eru samkvæmt henni, eða ákvæði alþjóðasamninga sem Bandalagið er aðili að.

10. Ef kerfisseljandi starfrækir gagnagrunna í mismunandi tilgangi, t.d. sem tölvufarskráningarkerfi eða sem hýsil fyrir flugrekendur, skal grípa til tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að koma í veg fyrir að reglur um gagnavernd séu sniðgengnar með því að tengja saman gagnagrunna og til að tryggja að persónuupplýsingar séu aðeins aðgengilegar í þeim sérstaka tilgangi sem þeim var safnað fyrir.

5. ÞÁTTUR

ENDURSKOÐUN

12. gr.

Endurskoðandi og endurskoðuð skýrsla

1. Allir kerfisseljendur skulu, á fjögurra ára fresti og að auki að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, leggja fram skýrslu, sem hefur verið endurskoðuð á óháðan hátt, þar sem gerð er grein fyrir eignarhaldsformi og stjórnunarháttum. Kerfisseljandi skal standa straum af kostnaði vegna endurskoðuðu skýrslunnar.

2. Kerfisseljandi skal tilkynna framkvæmdastjórninni hver verði endurskoðandi áður en tilnefning endurskoðanda er staðfest. Framkvæmdastjórninni er heimilt að andmæla og skal kerfisseljandi, og hver sá sem á lögmætra hagsmuna að gæta, ákveða, innan tveggja mánaða og að höfðu samráði við endurskoðandann, hvort skipa beri annan endurskoðanda í hans stað.

6. ÞÁTTUR

BROT OG VIÐURLÖG

13. gr.

Brot

Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli kvörtunar eða að eigin frumkvæði, að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar er henni heimilt, með ákvörðun, að krefjast þess að hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja láti af brotinu. Við rannsóknir á hugsanlegum brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar skal að fullu taka tillit til niðurstaðna rannsókna skv. 81. og 82. gr. sáttmálans.

14. gr.

Vald til rannsókna

Til að framkvæmdastjórnin geti gegnt þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð getur hún, með einfaldri beiðni eða með ákvörðun, krafið fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um allar nauðsynlegar upplýsingar, þ.m.t. um sértækar endurskoðanir, einkum um málefni sem falla undir 4., 7., 10. og 11. gr.

15. gr.

Sektir

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt. með ákvörðun, að sekta fyrirtæki og samtök fyrirtækja um fjárhæð sem fer ekki yfir 10% af heildarveltu næstliðins rekstrarárs ef þau, af ásetningi eða af gáleysi, brjóta gegn þessari reglugerð.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, með ákvörðun, að sekta fyrirtæki og samtök fyrirtækja um fjárhæð sem fer ekki yfir 1% af heildarveltu næstliðins rekstrarárs ef þau, af ásetningi eða af gáleysi, veita rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem svar við beiðni samkvæmt ákvörðun, sem samþykkt er skv. 14. gr., eða veita ekki upplýsingar innan tilskilinna tímamarka.

3. Við ákvörðun um fjárhæð sekta skal bæði taka tillit til þess hversu alvarlegt brotið er og hversu lengi það hefur viðgengist.

4. Sektir skulu ekki varða við hegningarlög.

5. Dómstóll Evrópubandalaganna hefur ótakmarkaða lögsögu til að endurskoða ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um sektir. Honum er heimilt að fella niður sekt og hækka eða lækka fjárhæð hennar.

16. gr.

Málsmeðferðarreglur

1. Áður en framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir skv. 13. og 15. gr. skal hún gefa út yfirlýsingu um andmæli til viðkomandi fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja og gefa þeim kost á að skýra sín sjónarmið skriflega og, óski þau þess, við munnlega skýrslugjöf.

2. Framkvæmdastjórninni er óheimilt að láta öðrum í té upplýsingar sem hún aflar samkvæmt þessari reglugerð og sem falla undir þagnarskyldu.

Einstaklingur, sem veitir framkvæmdastjórninni upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, skal á skýran hátt tilgreina og rökstyðja hvaða gögn hann telur trúnaðarmál og skal afhenda sérútgáfu af gögnum, þar sem trúnaðarmálum er sleppt, innan frests sem framkvæmdastjórnin setur.

3. Ef framkvæmdastjórnin lítur svo á, á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur, að ekki séu nægilegar ástæður fyrir því að bregðast við kvörtun skal hún upplýsa þann, sem leggur kvörtunina fram, um ástæður þess og gefa honum frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.

Ef sá, sem leggur kvörtunina fram, skýrir frá sjónarmiðum sínum áður en fresturinn, sem framkvæmdastjórnin gefur, rennur út og skriflegar athugasemdir hans leiða ekki til þess að kvörtunin sé metin á annan hátt skal framkvæmdastjórnin vísa kvörtuninni frá með ákvörðun. Ef sá, sem leggur kvörtunina fram, skýrir ekki frá sjónarmiðum sínum áður en fresturinn, sem framkvæmdastjórnin gefur, rennur út telst kvörtunin hafa verið dregin til baka.

Ef framkvæmdastjórnin gefur út yfirlýsingu um andmæli skal hún afhenda þeim, sem leggur kvörtunina fram, afrit af þeirri útgáfu þar sem trúnaðarmálum er sleppt og gefa honum frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.

4. Framkvæmdastjórnin skal veita þeim málsaðilum, sem hún hefur beint andmælum til, og þeim sem leggur fram kvörtun aðgang að málsskjölum, ef um það er beðið. Veita skal aðgang eftir að tilkynnt hefur verið um andmæli. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær ekki til viðskiptaleyndarmála, annarra trúnaðarupplýsinga og innanhússskjala framkvæmdastjórnarinnar.

5. Framkvæmdastjórninni er heimilt að hlýða á málflutning annarra einstaklinga eða lögaðila telji hún ástæðu til þess.

7. ÞÁTTUR

LOKAÁKVÆÐI

17. gr.

Niðurfelling

1. Reglugerð (EBE) nr. 2299/89 falli úr gildi.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

18. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa reglulegt eftirlit með beitingu þessarar reglugerðar, ef nauðsyn krefur með sértækum endurskoðunum, eins og kveðið er á um í 14. gr. Hún skal einkum skoða skilvirkni þessarar reglugerðar við að tryggja sanngjarna samkeppni og að ekki sé beitt mismunun á markaði fyrir þjónustu tölvufarskráningarkerfa.

2. Þar sem við á skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um beitingu 8. gr., að því er varðar sambærilega meðferð í þriðju löndum, og hún skal leggja til viðeigandi ráðstafanir til að draga úr skilyrðum, sem hafa mismunun í för með sér, þ.m.t. gerð eða breytingar á tvíhliða samningum um flutninga í lofti á milli Bandalagsins og þriðju landa.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 29. mars 2013, taka saman skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar þar sem lagt er mat á þörfina á að viðhalda eða breyta þessari reglugerð eða fella hana úr gildi.

19. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 29. mars 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 14. janúar 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	A. VONDRA
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

REGLUR SEM GILDA UM AÐALSKJÁYFIRLIT

1. Þegar verð er sýnt á aðalskjáyfirliti, og/eða þegar valin er röðun eftir verði, skulu fargjöld innifalin í verðinu sem og allir viðeigandi skattar, gjöld, aukagjöld og þóknanir sem greiða á flugrekanda eða rekstraraðila í járnbrautaflutningum og eru óhjákvæmileg og fyrirsjáanleg á þeim tíma sem þau eru birt á skjánum.

2. Þegar flutningaþjónusta milli tiltekinnar borgartvenndar er sett saman og valin til birtingar á aðalskjáyfirliti er öll mismunun á milli flugvalla eða járnbrautarstöðva, sem þjóna sömu borg, óheimil.

3. Önnur flug en áætlunarflug skal auðkenna með skýrum hætti. Þegar neytandinn óskar þess á hann rétt á að fá aðalskjáyfirlit yfir áætlunarflug eða óreglubundið flug eingöngu.

4. Flug með millilendingum skal auðkenna með skýrum hætti.

5. Þegar flug er starfrækt af öðrum flugrekanda en þeim sem auðkenndur er með kóða flugrekanda skal sá flugrekandi, sem í raun starfrækir flugið, auðkenndur með skýrum hætti. Sú krafa gildir með þeirri einu undantekningu að um sé að ræða sérstakt tímabundið fyrirkomulag.

6. Upplýsingar um samsetta þjónustu eiga ekki að koma fram á aðalskjáyfirliti.

7. Að vali áskrifanda skulu ferðamöguleikar á aðalskjáyfirliti annaðhvort raðast eftir fargjöldum eða í eftirfarandi röð:

   i. ferðamöguleikar án millilendinga, raðað eftir brottfarartíma,

   ii. allir aðrir ferðamöguleikar, raðað eftir ferðatíma.

8. Enginn ferðamöguleiki má koma oftar en einu sinni fyrir á hverju aðalskjáyfirlit, að undanskildu því sem kveðið er á um í 10. lið.

9. Þegar ferðamöguleikar raðast í samræmi við i. og ii. lið 7. liðar og tölvufarskráningarkerfið býður upp á járnbrautaþjónustu á milli sömu borgartvenndar skal a.m.k. sýna þá járnbrautaþjónustu eða flug-/járnbrautaþjónustu, sem raðast efst, á fyrstu skjámynd aðalskjáyfirlits.

10. Þegar flugrekendur starfa samkvæmt sameiginlegu flugnúmerafyrirkomulagi er hverjum hlutaðeigandi flugrekanda — þó ekki fleiri en tveimur — leyfilegt að hafa sérstakt skjáyfirlit með sínum eigin kóða flugrekanda. Ef um er að ræða fleiri en tvo flugrekendur skal sá flugrekandi, sem í raun starfrækir flugið, velja þessa tvo flugrekendur.

II. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EBE) nr. 2299/89	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
1. og 2. mgr. 3. gr.	—
3. mgr. 3. gr.	1. mgr. 3. gr.
4. mgr. 3. gr.	1. mgr. 4. gr.
Grein 3a	1. og 3. mgr. 10. gr.
1. mgr. 4. gr.	9. gr.
2. mgr. 4. gr.	—
3. mgr. 4. gr.	2. mgr. 3. gr.
1. og 2. mgr. 4. gr. a	1. mgr. 4. gr.
3. mgr. 4. gr. a	2. mgr. 4. gr.
4. mgr. 4. gr. a	—
5. gr.	5. gr.
6. gr.	7. og 11. gr.
7. gr.	8. gr.
8. gr.	4. og 5. mgr. 10. gr.
9. gr.	6. gr.
Grein 9a	2. mgr. 5. gr. og 11. gr.
10. gr.	—
11. gr.	13. gr.
12. gr.	14. gr.
13. gr.	14. gr.
14. gr.	2. mgr. 16. gr.
15. gr.	14. gr.
16. gr.	1. til 4. mgr. 15. gr.
17. gr.	5. mgr. 15. gr.
18. gr.	—
19. gr.	1. og 5. mgr. 16. gr.
20. gr.	—
21. gr.	—
Grein 21a	—
21. gr. b	—
22. gr.	11. gr.
23. gr.	18. gr.
I. viðauki	I. viðauki

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 701/2006 **2016/EES/05/13**

frá 25. apríl 2006

um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2494/95 að því er varðar þau tímabil sem verðkannanir vegna samræmdrar vísitölu neysluverðs skulu ná yfir (*)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs ([1]), einkum þriðja undirlið 4. gr. og 3. mgr. 5. gr.,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([2]) eins og krafist er skv. 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samræmdar vísitölur neysluverðs (e. Harmonised indices of consumer prices (HICP)) eru samræmdar verðbólgutölur sem framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópu þurfa til að geta framkvæmt starfsskyldur sínar skv. 121. gr. sáttmálans. Samræmdar vísitölur neysluverðs eru hannaðar til að auðvelda alþjóðlegan samanburð á neysluverðshækkun. Þær eru mikilvægir vísar fyrir stjórnun peningamálastefnu.

2) Hverju aðildarríki er skylt, skv. b-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 sem hluta af framkvæmd þeirrar reglugerðar, að gefa upp samræmda vísitölu neysluverðs frá og með vísitölu fyrir janúar 1997.

3) Samkvæmt 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 ætti samræmd vísitala neysluverðs að byggjast á verði vöru og þjónustu sem er í boði á efnahagssvæði aðildarríkisins, í því skyni að fullnægja, með beinum hætti, þörfum neytenda.

4) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96 frá 9. september 1996 um fyrstu ráðstafanir til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysluverðs ([3]) var umfang samræmdrar vísitölu neysluverðs skilgreint sem þær vörur og sú þjónusta sem telja má til peningaútgjalda til neyslu heimilanna sem m.a. er stofnað til á efnahagslegu yfirráðasvæði aðildarríkjanna á einu eða báðum tímabilunum sem borin eru saman.

5) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1749/96 skal byggja samræmda vísitölu neysluverðs á markúrtökum sem hafa nægjanleg verð innan hverrar vísitölu fyrir grunnliði til að taka tillit til breytileika í verðhreyfingum innan þýðisins.

6) Frávik á verðkönnunartímabilum getur leitt til verulegra frávika í áætlaðri verðbreytingu á tímabilunum sem borin eru saman.

7) Samhæfð nálgun, að því er varðar tímabilin sem samræmdar vísitölur neysluverðs ná yfir, er nauðsynleg til að tryggja að samræmdar vísitölur neysluverðs uppfylli skilyrðin um samanburðarhæfi, áreiðanleika og mikilvægi samkvæmt þriðja undirlið 4. gr. og skv. 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95.

8) Við samantekt á vísitölu neysluverðs myntbandalagsins (e. Monetary Union index of consumer prices (MUICP)) og evrópskrar vísitölu neysluverðs (European index of consumer prices (EICP)) er nauðsynlegt að hafa samræmd hugtök fyrir tímabilin sem samræmdar vísitölur neysluverðs ná yfir. Þetta ætti þó ekki að koma í veg fyrir birtingu samræmdra vísitalna neysluverðs til bráðabirgða eða skyndimat á samræmdri vísitölu neysluverðs á meðaltali verðbreytinga sem byggjast á hluta upplýsinganna sem merkjanlegar eru í mánuðinum sem tilfallandi vísitala á við.

9) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1921/2001 frá 28. september 2001 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla um endurskoðun á samræmdri vísitölu neysluverðs og breytingu á reglugerð (EB) nr. 2602/2000 ([4]) er mælt fyrir um breytingar á kerfi samræmdra reglna sem ætti ekki þurfa endurskoðunar við en ætti þó, þar sem þörf er á, að gera mat á áhrifunum af árlegri tíðni breytinga á samræmda vísitölu neysluverðs.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 122, 9.5.2006, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2006 frá 27. október 2006 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 21.12.2006, bls. 8.

([1]) Stjtíð. EB L 257, 27.10.1995, bls. 1. Reglugerðin, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([2]) Álit frá 27. febrúar 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([3]) Stjtíð. EB L 229, 10.9.1996, bls. 3. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1708/2005 (Stjtíð. ESB L 274, 20.10.2005, bls. 9).

([4]) Stjtíð. EB L 261, 29.9.2001, bls. 49.

10) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina í samræmi við 3. gr. ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE, frá 19. júní 1989 um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna ([5]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmið þessarar reglugerðar er að koma á fót lágmarksstöðlum fyrir verðkönnunartímabil til að bæta samanburðarhæfi, áreiðanleika og mikilvægi samræmdra vísitalna neysluverðs.

2. gr.

Fyrirsvar

Samræmd vísitala neysluverðs er úrtakstölfræði sem skal sýna meðaltalsbreytingar á verði milli almanaksmánaðar gildandi vísitölu og samanburðartímabilsins.

3. gr.

Lágmarksstaðlar fyrir verðkönnun

1. Verðkönnun skal fara fram yfir a.m.k. eina vinnuviku í, eða við, miðjan almanaksmánuðinn sem vísitalan varðar.

2. Verðkönnun skal fara fram á lengra tímabili en sem nemur einni vinnuviku þegar algengt er að vörur sýni verulegar og óreglulegar verðbreytingar innan sama mánaðar.

Regla þessi gildir einkum um eftirfarandi vörur:

a) orkuvörur og

b) fersk matvæli, svo sem ávexti og grænmeti.

4. gr.

Framkvæmd

Koma skal ákvæðum þessarar reglugerðar í framkvæmd í desember 2007 og öðlast þau gildi í síðasta lagi með vísitölunni frá janúarmánuði 2008.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 25. apríl 2006.

Fyrir hönd ráðsins,

J. PRÖLL

forseti.

([5]) Stjtíð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 10/2008 **2016/EES/05/14**

frá 8. janúar 2008

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS) að því er varðar skilgreiningar, ítarlegar flokkanir og uppfærslu reglna um miðlun fyrir grunnkerfi evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um félagslega vernd og viðhengi um lífeyrisþega (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 frá 25. apríl 2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS) ([1]), einkum 1. mgr. og 3. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 458/2007 er komið á samræmdri aðferðafræði sem nota á við samantekt hagtalna á sambærilegum grunni til hagræðis fyrir Bandalagið og tímamörk fyrir sendingu og miðlun hagtalna sem teknar eru saman í samræmi við evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd.

2) Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 458/2007 ætti að samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem varða ítarlega flokkun á viðkomandi gögnum, skilgreiningar sem skal nota og uppfærslu á reglum um miðlun fyrir grunnkerfi evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um félagslega vernd og viðhengi um lífeyrisþega.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarráðstafanirnar, sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 458/2007, að því er varðar grunnkerfi evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (fyrir megindleg gögn og eigindlegar upplýsingar eftir kerfi og sundurliðaðar bætur) og að því er varðar viðhengi um lífeyrisþega, skulu vera eins og mælt er fyrir um í 1.–3. viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. janúar 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2008, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 23.10.2008, bls. 25.

([1]) Stjtíð. ESB L 113, 30.4.2007, bls. 3.

1. VIÐAUKI

SKILGREININGAR

1. **SKILGREININGAR Í GRUNNKERFI EVRÓPSKS KERFIS SAMÞÆTTRA HAGSKÝRSLNA UM FÉLAGSLEGA VERND**

1.1 FLOKKUN KERFA: VIÐMIÐANIR VIÐ FLOKKUN Á FÉLAGSVERNDARKERFUM

1.1.1. **Ákvarðanataka**

Ákvarðanataka vísar til einingarinnar sem tekur mikilvægustu ákvarðanirnar, þ.e. um bótastig, skilmála um greiðslu og hvernig kerfið er fjármagnað. Kerfin geta verið undir stjórn hins opinbera eða ekki.

1.1.2. **Framkvæmd laga**

Framkvæmd laga vísar til þeirra ákvæða sem mælt er fyrir um í lögum um aðild hinna tryggðu að kerfinu. Aðild að félagsverndarkerfi getur verið skyldubundin eða ekki.

1.1.3. **Ávinnsla bótaréttar**

Ávinnsla bótaréttar vísar til þess grundvallar sem hinn tryggði á til bóta, hvort sem hann byggist á framlögum eða ekki.

1.1.4. **Markþýði kerfisins**

Markþýði kerfisins vísar til þess hluta íbúanna sem er tryggður (allra íbúanna, alls eða meirihluta launafólks eða sérstakra hópa íbúanna).

1.1.5. **Verndarstig**

Verndarstig vísar til þess hvort félagsverndarkerfi veita grunnvernd eða viðbótarvernd.

1.2. TEKJUR FÉLAGSVERNDARKERFA

1.2.1. „Framlög til félagslegra kerfa“: kostnaður sem vinnuveitendur/tryggðir einstaklingar stofna til, til að launþegar/þeir sjálfir eigi rétt á félagslegum bótum.

1.2.2. „Framlög hins opinbera“: kostnaður hins opinbera af því að reka almenningskerfi sem eru ekki iðgjaldaskyld, og fjárstuðningur sem hið opinbera veitir öðrum landsbundnum félagsverndarkerfum.

1.2.3. „Tilfærslur frá öðrum kerfum“: einhliða greiðslur frá öðrum félagsverndarkerfum. Til þeirra teljast framlög til félagslegra kerfa sem er beint frá öðrum kerfum.

1.2.4. „Aðrar tekjur“: ýmsar tekjur félagsverndarkerfa.

1.3. ÚTGJÖLD FÉLAGSVERNDARKERFA

1.3.1. **Verkefnasvið**

Verkefnasvið félagslegra bóta vísar til höfuðmarkmiðs þeirra, þ.e. félagslegrar verndar, án tillits til lagalegra ákvæða eða stofnanaákvæða.

1.3.1.1. Veikindi/heilsugæsla

Tekjuuppbót og stuðningur í peningum vegna líkamlegra eða andlegra veikinda, þó ekki vegna fötlunar. Heilsugæsla í þeim tilgangi að viðhalda, endurhæfa eða bæta heilsu hinna tryggðu, á tillits til orsaka veikindanna.

1.3.1.2. Fötlun

Tekjuuppbót og stuðningur í peningum eða fríðu (þó ekki heilsugæsla) vegna vanhæfni líkamlegra eða andlega fatlaðra einstaklinga til að taka þátt í atvinnulífi og félagsstörfum.

1.3.1.3. Elli

Tekjutrygging og stuðningur í peningum eða fríðu (þó ekki heilsugæsla) vegna elli.

1.3.1.4. Eftirlifendur

Tekjuuppbót eða stuðningur í peningum eða fríðu vegna fráfalls ættingja.

1.3.1.5. Fjölskylda/börn

Stuðningur í peningum eða fríðu (þó ekki heilsugæsla) í tengslum við kostnað við meðgöngu, fæðingu og ættleiðingu, barnauppeldi og umönnun annarra ættingja.

1.3.1.6. Atvinnuleysi

Tekjutrygging og stuðningur í peningum eða fríðu vegna atvinnuleysis.

1.3.1.7. Húsnæði

Aðstoð vegna húsnæðiskostnaðar.

1.3.1.8. Önnur félagsleg útilokun

Bætur í peningum eða fríðu (þó ekki heilsugæsla), einkum til að vinna gegn félagslegri útilokun ef þær eru ekki á öðru verkefnasviði.

1.3.2. Félagslegar bætur

1.3.2.1. Bætur í peningum eru bætur sem greiddar eru í peningum og ekki er krafist sönnunar fyrir raunverulegum útgjöldum viðtakenda.

1.3.2.2. Bætur greiddar í *fríðu* eru bætur sem veittar eru í formi vara og þjónustu. Þær má veita með endurgreiðslu kostnaðar eða greiða beint.

1.3.2.3. Með tekjutengdum félagslegum bótum er átt við félagslegar bætur sem, beint eða óbeint, miðast við að tekjur lífeyrisþegans og/eða fjármunir séu undir tilteknu marki.

1.3.3. „Stjórnsýslukostnaður“: kostnaður vegna stjórnunar og stjórnsýslu kerfisins.

1.3.4. „Tilfærslur til annarra kerfa“: einhliða greiðslur til annarra félagsverndarkerfa. Til þeirra teljast framlög til félagslegra kerfa sem er beint til annarra kerfa.

1.3.5. „Önnur útgjöld“: ýmis útgjöld félagsverndarkerfa (greiðsla eignatekna og önnur útgjöld).

2. **SKILGREININGAR SEM VARÐA VIÐHENGIÐ UM LÍFEYRISÞEGA**

2.1. LÍFEYRISÞEGAR

Skilgreina má fjölda lífeyrisþega á hverju stigi sem þann fjölda einstaklinga sem fær lífeyrisgreiðslur úr a.m.k. einum af sjö flokkum evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um félagslega vernd:

– örorkulífeyrir,

– snemmteknar eftirlaunabætur vegna minnkaðrar starfsgetu,

– ellilífeyrir,

– væntanlegur ellilífeyrir,

– hlutalífeyrir,

– eftirlifendalífeyrir og

– snemmtekin eftirlaun vegna aðstæðna á vinnumarkaði.

Einstaklingar, sem fá lífeyrisgreiðslur úr fleiri en einum sjóði, eru aðeins taldir einu sinni (fjöldi lífeyrisþega án tvítalningar).

2.1.1. „Örorkulífeyrir“: reglubundnar greiðslur sem er ætlað að viðhalda eða vera uppbót á tekjur einstaklinga sem eru undir lögbundnum/hefðbundnum eftirlaunaaldri, eins og fram kemur í viðmiðunarkerfinu, og eiga við fötlun að stríða sem skerðir getu þeirra til að stunda vinnu eða afla tekna sem eru yfir þeim lágmarksmörkum sem mælt er fyrir um í löggjöf.

2.1.2. „Snemmteknar eftirlaunabætur vegna minnkaðrar starfsgetu“: reglubundnar greiðslur til eldri starfsmanna sem fara á eftirlaun áður en lögbundnum/hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð, eins og fram kemur í viðmiðunarkerfinu, vegna skertrar starfsgetu.

2.1.3. „Ellilífeyrir“: reglubundnar greiðslur sem er ætlað að i) viðhalda tekjum lífeyrisþegans þegar hann hættir í launuðu starfi á lögbundnum/hefðbundnum aldri eða ii) vera til stuðnings við tekjur aldraðra (þó ekki stuðningur í skamman tíma).

2.1.4. „Væntanlegur ellilífeyrir“: reglubundnar greiðslur sem er ætlað að viðhalda tekjum lífeyrisþega sem hættir störfum áður en lögbundnum/hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð eins og skilgreint er í viðeigandi kerfi.

2.1.5. „Hlutalífeyrir“: reglubundnar greiðslur á hluta eða fullum eftirlaunalífeyri eldri starfsmanna sem halda áfram að vinna en fækka vinnustundum sínum, eða þar sem tekjur þeirra af atvinnustarfsemi eru undir settum mörkum.

2.1.6. „Eftirlifendalífeyrir“: reglubundnar greiðslur til einstaklinga þar sem réttur þeirra ákvarðast af sambandi þeirra við hinn látna sem kerfið tryggir (ekkjur, ekklar, munaðarleysingjar o.þ.h.).

2.1.7. „Snemmtekin eftirlaun vegna aðstæðna á vinnumarkaði“: reglubundnar greiðslur til eldri starfsmanna sem hætta störfum áður en lögbundnum/hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð vegna atvinnuleysis eða fækkunar starfa sökum efnahagsráðstafana, s.s. endurskipulagningar atvinnugreinar eða fyrirtækis.

2.2. LÖGBUNDINN/HEFÐBUNDINN EFTIRLAUNAALDUR TIL AÐ FÁ BÆTUR VEGNA ELLI

Lögbundinn aldur til að fá bætur vegna elli miðast við þann aldur þegar bætur vegna elli koma til greiðslu, ef svo er mælt fyrir um í lögum eða samningi. Þessi aldur getur verið breytilegur, bæði eftir löndum og innan aðildarríkja, með hliðsjón af sviðum atvinnulífsins, starfi, kyni o.s.frv.

Þegar ekki er um að ræða lögbundinn eftirlaunaaldur skal miða við hefðbundinn eftirlaunaaldur sem felst í eftirlaunakerfinu sem greiðir lífeyrisþeganum eftirlaun.

3. **UPPSLÁTTARHANDBÓK**

Mælt er fyrir um ítarlegar skilgreiningar, sem nota skal við beitingu þessarar reglugerðar, í ESSPROS-handbókinni sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gerði í samvinnu við aðildarríkin.

2. VIÐAUKI

ÍTARLEG FLOKKUN

1. **FLOKKUN LÍFEYRISKERFA OG MEGINDLEGRA GAGNA (Þ.M.T. TEKJUR, ÚTGJÖLD OG BÆTUR EFTIR VERKEFNASVIÐI) SEM FELLUR UNDIR GRUNNKERFI EVRÓPSKS KERFIS SAMÞÆTTRA HAGSKÝRSLNA UM FÉLAGSLEGA VERND**

1.1 FLOKKUN LÍFEYRISKERFA (eigindlegar upplýsingar)

Viðmiðun: Ákvarðanataka
Lífeyriskerfi í umsjá hins opinbera
Lífeyriskerfi sem eru ekki í umsjá hins opinbera
Viðmiðun: Framkvæmd laga
Skyldulífeyriskerfi
Lífeyriskerfi sem ekki eru skyldubundin
Viðmiðun: Ávinnsla bótaréttar
Kerfi með skylduframlögum
Kerfi án skylduframlaga
Viðmiðun: Gildissvið
Allsherjarkerfi
Almenn lífeyriskerfi
Sérstök kerfi
Viðmiðun: Verndarstig
Grunnkerfi
Viðbótarkerfi

1.2. FLOKKUN MEGINDLEGRA GAGNA

Mælt er fyrir um þær ítarlegu flokkanir, sem nota skal um gögn sem skylt er að senda Hagstofu Evrópubandalaganna, í ESSPROS-handbókinni sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gerði í samvinnu við aðildarríkin. Þessum ítarlegu flokkunum er safnað saman í flokka í fyrsta þrepi eins og fram kemur hér á eftir.

1.2.1. **Tekjur**

Í grunnkerfi evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um félagslega vernd eru tekjur félagsverndarkerfa flokkaðar eftir gerð og uppruna. *Gerðin* sýnir eðli eða ástæður fyrir greiðslu: framlög til félagslegra kerfa, almenn framlög hins opinbera, tilfærslur frá öðrum kerfum og aðrar tekjur.

1.2.1.1. *Tekjur eftir gerð*

Heildartekjur
Framlög til félagslegra kerfa
Framlög vinnuveitanda til félagslegra kerfa
Framlög tryggðra einstaklinga til félagslegra kerfa
Almenn framlög hins opinbera
Eyrnamerktir skattar
Almennar tekjur
Tilfærslur frá öðrum kerfum
Framlög til félagslegra kerfa sem er beint frá öðrum kerfum
Aðrar tilfærslur frá öðrum landsbundnum kerfum
Aðrar tekjur
Eignatekjur
Aðrar tekjur

1.2.1.2. *Tekjur eftir uppruna*

Uppruni tilgreinir haggeirann þaðan sem greiðslan kemur.

Flokkun haggeira, þaðan sem tekjur félagsverndarkerfa koma, er sú sama og notuð er í þjóðhagsreikningum (ESA 1995).

Fyrirtæki
Ríkisstjórn
Fylkisstjórn og sveitarfélög
Almannatryggingasjóðir
Heimili
Stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og þjóna heimilum
Önnur lönd

1.2.2. **Útgjöld**

Útgjöld félagsverndarkerfa eru flokkuð eftir gerð sem vísar til eðlis eða ástæðu útgjaldanna: félagslegar bætur, stjórnsýslukostnaður, tilfærslur til annarra kerfa og önnur útgjöld.

Félagslegum bótum er skipt í tekjutengdar og ótekjutengdar bætur. Félagslegar bætur eru sundurliðaðar frekar eftir því hvort bætur eru greiddar í reiðufé (sem reglubundnar greiðslur eða eingreiðsla) eða í fríðu. Flokkunin verður síðan enn ítarlegri ef liðirnir tengjast aðeins einu eða takmörkuðum fjölda þeirra verkefnasviða sem fram koma í kafla 1.2.3. Þessi ítarlegri flokkun er skilgreind í ESSPROS-handbókinni.

Heildarútgjöld
Félagslegar bætur
Félagslegar bætur, ótekjutengdar
Bætur í peningum, ótekjutengdar
Reglubundnar bætur í peningum, ótekjutengdar
Eingreiðslur bóta í peningum, ótekjutengdar
Bætur í fríðu, ótekjutengdar
Félagslegar bætur, tekjutengdar
Bætur í peningum, tekjutengdar
Reglubundnar bætur í peningum, tekjutengdar
Eingreiðslur bóta í peningum, tekjutengdar
Bætur í fríðu, tekjutengdar
Stjórnunarkostnaður
Tilfærslur til annarra kerfa
Framlög til félagslegra kerfa sem er beint til annarra kerfa
Aðrar tilfærslur til annarra landsbundinna kerfa
Önnur útgjöld

1.2.3. **Bætur eftir verkefnasviði**

Flokkun eftir verkefnasviði er sem hér segir:

Veikindi/heilsugæsla
Örorka
Elli
Eftirlifendur
Fjölskylda/börn
Atvinnuleysi
Húsnæði
Önnur félagsleg útilokun

2. **ÍTARLEG FLOKKUN Á LÍFEYRISÞEGUM**

2.1. GÖGN

Heildarfjöldi lífeyrisþega án tvítalningar
Heildarfjöldi lífeyrisþega (á verkefnasviði örorku) án tvítalningar
Heildarfjöldi *örorkulífeyrisþega* án tvítalningar
Heildarfjöldi lífeyrisþega með *snemmteknar eftirlaunabætur vegna minnkaðrar starfsgetu* án tvítalningar
Heildarfjöldi *örorkulífeyrisþega (ótekjutengds lífeyris)* án tvítalningar
Heildarfjöldi lífeyrisþega með *snemmteknar eftirlaunabætur vegna minnkaðrar starfsgetu (ótekjutengdar)* án tvítalningar
Heildarfjöldi *örorkulífeyrisþega (tekjutengds lífeyris)* án tvítalningar
Heildarfjöldi lífeyrisþega með *snemmteknar eftirlaunabætur vegna minnkaðrar starfsgetu (tekjutengdar)* án tvítalningar
Heildarfjöldi lífeyrisþega (*á verkefnasviðunum ellilífeyrir og eftirlifendalífeyrir*) án tvítalningar
Heildarfjöldi lífeyrisþega* (á verkefnasviðinu vegna elli) *án tvítalningar
Heildarfjöldi *ellilífeyrisþega* án tvítalningar
Heildarfjöldi væntanlegra *ellilífeyrisþega* án tvítalningar
Heildarfjöldi *lífeyrisþega á hlutalífeyri* án tvítalningar
Heildarfjöldi *ellilífeyrisþega (ótekjutengds lífeyris)* án tvítalningar
Heildarfjöldi væntanlegra *ellilífeyrisþega (ótekjutengds lífeyris)* án tvítalningar
Heildarfjöldi *lífeyrisþega á hlutalífeyri (ótekjutengds lífeyris)* án tvítalningar
Heildarfjöldi *ellilífeyrisþega (tekjutengds lífeyris)* án tvítalningar
Heildarfjöldi væntanlegra *ellilífeyrisþega (tekjutengds lífeyris)* án tvítalningar
Heildarfjöldi *lífeyrisþega á hlutalífeyri (tekjutengds lífeyris)* án tvítalningar
Heildarfjöldi lífeyrisþega* (á verkefnasviðinu eftirlifendur) *án tvítalningar
Heildarfjöldi lífeyrisþega *á eftirlifendalífeyri (ótekjutengds)* án tvítalningar
Heildarfjöldi lífeyrisþega *á eftirlifendalífeyri (tekjutengdum)* án tvítalningar

Heildarfjöldi lífeyrisþega* (á verkefnasviðinu atvinnuleysi) *án tvítalningar
Heildarfjöldi lífeyrisþega með *snemmteknar eftirlaunabætur vegna aðstæðna á vinnumarkaði (ótekjutengdar)* án tvítalningar
Heildarfjöldi lífeyrisþega með snemmteknar eftirlaunabætur vegna aðstæðna á vinnumarkaði*(tekjutengdar)* án tvítalningar

2.2. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

Lögbundinn eða hefðbundinn eftirlaunaaldur eftir kyni og eftir kerfi
Viðmiðunardagsetning/reikniaðferð eftir kerfi

3. VIÐAUKI

UPPFÆRSLA Á REGLUM UM MIÐLUN

1. **UPPFÆRSLA Á REGLUM UM MIÐLUN Í TENGSLUM VIÐ GRUNNKERFI EVRÓPSKS KERFIS SAMÞÆTTRA HAGSKÝRSLNA UM FÉLAGSLEGA VERND**

1.1. UPPFÆRSLA Á REGLUM UM MIÐLUN MEGINDLEGRA GAGNA EFTIR FLOKKUM LÍFEYRISKERFA

1.1.1. **Flokkun lífeyriskerfa eftir viðmiðunum**

Tilteknum notendum verður heimilt að birta gögn eftir flokkun evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um félagslega vernd sem skilgreind er með viðmiðunum í lið 1.1 í 1. viðbæti (Flokkun lífeyriskerfa).

1.1.2. **Gögn eftir lífeyriskerfum**

Tilteknum notendum verður heimilt að birta gögn eftir kerfum eða eftir flokkum kerfa fyrir þau lönd sem veita ekki skýlaust samþykki fyrir fullri miðlun vegna trúnaðarkvaða. Flokkar lífeyriskerfa skulu fylgja þeim miðlunarreglum sem hvert viðkomandi aðildarríki mælir fyrir um.

1.2. UPPFÆRSLA Á REGLUM UM MIÐLUN EIGINDLEGRA UPPLÝSINGA EFTIR KERFI OG SUNDURLIÐUÐUM BÓTUM

Hagstofu Evrópubandalaganna verður heimilt að birta eigindlegar upplýsingar eftir kerfi og sundurliðuðum bótum með fullnægjandi stuðningi.

2. **UPPFÆRSLA Á REGLUM UM MIÐLUN GAGNA UM LÍFEYRISÞEGA**

2.1. HEILDARNIÐURSTÖÐUTÖLUR FLOKKA Í SAMRÆMI VIÐ FLOKKUN EVRÓPSKS KERFIS SAMÞÆTTRA HAGSKÝRSLNA UM FÉLAGSLEGA VERND Á LÍFEYRISÞEGUM

Tilteknum notendum verður heimilt að birta gögn um lífeyrisflokkana sjö og um heildarniðurstöðutölu flokka í samræmi við flokkun evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um félagslega vernd á lífeyrisþegum í 2. lið 2. viðauka (Ítarleg flokkun á lífeyrisþegum).

Tilteknum notendum verður einnig heimilt að birta sundurliðun í lífeyrisþega með tekjutengdar bætur og lífeyrisþega með ótekjutengdar bætur í samræmi við flokkun evrópsks kerfis samþættra hagskýrslna um félagslega vernd á lífeyrisþegum í 2. lið 2. viðauka (Ítarleg flokkun á lífeyrisþegum).

2.2. GÖGN EFTIR LÍFEYRISKERFUM

Tilteknum notendum verður heimilt að birta gögn eftir kerfum eða eftir flokkum lífeyriskerfa fyrir þau lönd sem veita ekki skýlaust samþykki fyrir fullri miðlun vegna trúnaðarkvaða. Flokkar lífeyriskerfa þurfa að fylgja þeim miðlunarreglum sem hvert viðkomandi aðildarríki mælir fyrir um.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 177/2008 **2016/EES/05/15**

frá 20. febrúar 2008

um að setja sameiginlegan ramma fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93 ([2]) er settur sameiginlegur rammi fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar með samræmdum skilgreiningum, skráningaratriðum, gildissviði og aðferðum við uppfærslu. Samþykkja ætti nýja reglugerð til að viðhalda þróun viðskiptaskráa í samræmdum ramma.

2) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 um hagskýrslueiningar fyrir athugun og greiningu á framleiðslukerfi Bandalagsins ([3]) koma fram skilgreiningar á hagskýrslueiningunum sem á að nota. Innri markaðurinn krefst bætts samanburðarhæfis í hagskýrslum til að mæta kröfum Bandalagsins. Samþykkja ætti sameiginlegar skilgreiningar og lýsingar til að ná yfir fyrirtæki og aðrar viðkomandi hagskýrslueiningar til að hrinda þessum úrbótum í framkvæmd.

3) Með reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 frá 20. desember 1996 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ([4]) og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98 frá 19. maí 1998 varðandi hagskýrslur til skamms tíma ([5]) er settur sameiginlegur rammi um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum Bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í Bandalaginu. Fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar standa fyrir grundvallarþátt í þessum sameiginlega ramma og þannig verður hægt að skipuleggja og samhæfa tölfræðilegar kannanir með því að láta í té samræmdan úrtaksramma.

4) Fyrirtækjaskrár eru tiltekin aðferð til að sætta andstæðar kröfur um flokkun aukinna upplýsinga um fyrirtæki annars vegar og að létta stjórnsýslubyrði þeirra hins vegar, einkum með því að nota upplýsingar sem til eru í stjórnsýslu- og lagaskrám, sér í lagi ef um er að ræða örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki, eins og þau eru skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 ([6]).

5) Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ([7]) er settur rammi til að koma á hagskýrsluáætlun Bandalagsins og innleiða sameiginlegan ramma fyrir trúnaðarkvaðir í hagskýrslum.

6) Sértækar reglur um gagnavinnslu innan ramma hagskýrsluáætlunar Bandalagsins hafa ekki áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([8]).

7) Fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar eru helsta heimild í lýðfræði fyrirtækja þar eð þær halda utan um stofnun og lokun fyrirtækja og einnig um skipulagsbreytingar í hagkerfinu með samsöfnun eða sundurdreifingu sem verða til með aðgerðum á borð við samruna, yfirtöku, þegar fyrirtæki eru leyst upp og uppskiptingu og endurskipulagningu.

8) Fyrirtækjaskrár veita umbeðnar grundvallarupplýsingar til að svara ríkum hagsmunamálum í byggðaþróun, ekki aðeins að því er varðar landbúnað heldur einnig varðandi aukna samþættingu með annarri starfsemi sem fellur ekki undir landbúnaðarskýrslur sem byggjast á afurðum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 61, 5.3.2008, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 20.11.2008, bls. 24.

([1]) Álit Evrópuþingsins frá 1. júní 2006 (Stjtíð. ESB C 298 E, 8.12.2006, bls. 127), sameiginleg afstaða ráðsins frá 21. maí 2007 (Stjtíð. ESB C 193 E, 21.8.2007, bls. 1), afstaða Evrópuþingsins frá 25. október 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 21. janúar 2008.

([2]) Stjtíð. EB L 196, 5.8.1993, bls. 1. Reglugerðin, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([3]) Stjtíð. EB L 76, 30.3.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

([4]) Stjtíð. EB L 14, 17.1.1997, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

([5]) Stjtíð. EB L 162, 5.6.1998, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1893/2006.

([6]) Stjtíð. EB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

([7]) Stjtíð. EB L 52, 22.2. 1997, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

([8]) Stjtíð. EB L 281, 23.11. 1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

9) Opinber fyrirtæki gegna mikilvægu hlutverki í þjóðarbúskap aðildarríkjanna. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE frá 25. júní 1980 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkja og opinberra fyrirtækja ([9]) nær yfir ákveðna flokka opinberra fyrirtækja. Því ætti að auðkenna opinber fyrirtæki og opinber hlutafélög í fyrirtækjaskrám og mætti gera það með flokkun haggeira.

10) Þörf er á upplýsingum um stjórnunartengsl milli lögformlegra eininga til að skilgreina fyrirtækjasamstæður, fá rétta mynd af útlínum fyrirtækja, gera snið af stórum og flóknum einingum og rannsaka umfang samþjöppunar á ákveðnum mörkuðum. Upplýsingar um fyrirtækjasamstæðu bætir gæði fyrirtækjaskráa og þær má nota til að draga úr hættu á birtingu trúnaðargagna. Ákveðin fjármálagögn eru oft marktækari á stigi samstæðu eða undirsamstæðu en því sem snýr að einstökum fyrirtækjum, og kunna reyndar aðeins að vera tiltæk á sviði samstæðu eða undirsamstæðu. Skráning á gögnum fyrirtækjasamstæðu gerir, þegar þörf krefur, kleift að hafa eftirlit með samstæðunni fremur en með fyrirtækjum samstæðunnar og getur þetta dregið verulega úr svarbyrðinni. Samræma ætti fyrirtækjaskrána frekar til að skrá fyrirtækjasamstæður.

11) Vaxandi hnattvæðing efnahagslífsins felur í sér áskoranir hvað varðar núverandi hagskýrslugerð af ýmsum toga. Fyrirtækjaskrár eru nauðsynleg tæki til að bæta fjölda hagskýrslna sem varða hnattvæðingu með því að skrá gögn frá fjölþjóðlegum fyrirtækjasamstæðum: alþjóðaviðskipti með vöru og þjónustu, greiðslujöfnuð, beina, erlenda fjárfestingu, erlend hlutdeildarfélög, rannsóknir, þróun og nýsköpun og alþjóðalega vinnumarkaðinn. Flestar þessar hagskýrslur ná yfir allt atvinnulífið og því er gerð krafa um að fyrirtækjaskrárnar nái yfir allar greinar atvinnulífsins.

12) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins ([10]) má ekki skírskota til landsreglna um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum til að hindra sendingu hagskýrslugagna með trúnaðarkvöðum til Bandalagsyfirvaldsins (Hagstofu Evrópubandalaganna) þegar mælt er fyrir um sendingu slíkra gagna í lögum Bandalagsins.

13) Stofnanir aðildarríkja, sem bera ábyrgð á söfnun gagnanna, geta þurft að fá aðgang að heimildum um stjórnsýslugögn, t.d. skrám sem eru í vörslu skattyfirvalda og yfirvalda almannatrygginga, seðlabanka, annarra opinberra stofnana og annarra gagnagrunna sem búa yfir upplýsingum um viðskipti og stöður þvert á landamæri til að tryggja að skuldbindingar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, séu uppfylltar, hvar sem slíkra gagna er þörf til hagskýrslugerðar Bandalagsins.

14) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 frá 12. janúar 2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu ([11]) er komið á sameiginlegum ramma fyrir samantekt, afhendingu og mat á viðeigandi hagskýrslum Bandalagsins.

15) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma þessa reglugerð í samræmi við ákvörðun 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([12]).

16) Framkvæmdastjórnin ætti einkum að hafa heimild til ákveða skráningu minnstu fyrirtækjanna og fyrirtækjasamstæðna með staðfestu innanlands, uppfæra skrána, skilgreiningar og samfellu reglna um skráningaratriði í viðaukanum, koma á sameiginlegum gæðastöðlum, sem og um efni og tíðni gæðaskýrslna, og samþykkja reglur um uppfærslu skráa. Samþykkja skal reglurnar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í reglugerð ráðsins 1999/468/EB þar sem þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum.

17) Því ber að fella reglugerð (EBE) nr. 2186/93 úr gildi.

18) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE([13]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tilgangur

Reglugerð þessi kemur á sameiginlegum ramma fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar í Bandalaginu.

([9]) Stjtíð. EB L 195, 29.7.1980, bls. 35. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/81/EB (Stjtíð. ESB L 312, 29.11.2005, bls. 47).

([10]) Stjtíð. EB L 151, 15.6.1990, bls. 1. Reglugerðinni eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

([11]) Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 23. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 602/2006 (Stjtíð. ESB L 106, 19.4.2006, bls. 10).

([12]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

([13]) Stjtíð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

Aðildarríki skulu koma á einni eða fleirum samræmdum skrám vegna hagskýrslugerðar til að nota sem tæki við undirbúning og samræmingu á rannsóknum, sem uppsprettu upplýsinga vegna tölfræðilegrar greiningar fyrirtækjaþýðis og lýðfræði þeirra, til að nota við meðferð stjórnsýslugagna og til greiningar og uppbyggingar á hagskýrslueiningum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „lögformleg eining“, „fyrirtæki“, „starfsstöð“ og „fyrirtækjasamstæða“ skulu vera eins og þau eru skilgreind í viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 686/93,

b) „landsyfirvöld“ skulu vera eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97,

c) „hagskýrslugerð“ skal vera eins og hún er skilgreind í 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1588/90,

d) „fjölþjóðleg fyrirtækjasamstæða“: fyrirtækjasamstæða með að minnsta kosti tveimur fyrirtækjum eða lögformlegum einingum sem staðsettar eru í mismunandi löndum,

e) „landsbundinn hluti fyrirtækjasamstæðu“: fyrirtæki og lögformlegar einingar innan fjölþjóðlegrar fyrirtækjasamstæðu sem eru með staðfestu í sama landi. Hann getur samanstaðið af einni einingu ef hinar einingarnar eru með staðfestu í öðrum löndum. Fyrirtæki getur verið hinn landsbundni hluti fyrirtækjasamstæðunnar eða hluti af henni.

3. gr.

Gildissvið

1. Í skránum skulu teknar saman, í samræmi við skilgreiningarnar sem gefnar eru í 2. mgr. og með fyrirvara um takmarkanir sem tilgreindar eru í þessari grein, upplýsingar um:

a) öll fyrirtæki sem stunda atvinnustarfsemi sem leggur af mörkum til vergrar landsframleiðslu og starfsstöðvar þeirra,

b) lögformlegar einingar sem fyrirtækin samanstanda af,

c) landsbundna hluta fyrirtækjasamstæða og fjölþjóðlegar fyrirtækjasamstæður og

d) fyrirtækjasamstæður einungis með staðfestu í því landi.

2. Kröfurnar í 1. mgr. skulu þó ekki gilda um heimili að því marki sem vörur og þjónusta sem þau framleiða eru til eigin neyslu eða felast í útleigu á fasteignum.

3. Starfsstöðvar, sem eru ekki sérstakir lögaðilar (útibú) sem er stjórnað af erlendum fyrirtækjum og flokkaðar sem einkafyrirtæki sem eru ekki lögaðilar í samræmi við evrópska þjóðhagsreikningakerfið frá 1995 sem stofnað var með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfið í Bandalaginu ([14]) og þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna frá 1993, skulu teljast vera fyrirtæki að því er varðar fyrirtækjaskrárnar.

4. Auðkenna má fyrirtækjasamstæður með stjórnunartengslum milli lögformlegra eininga. Nota skal, í því skyni að marka útlínur fyrirtækjasamstæðna, skilgreininguna á stjórnun sem sett er fram í lið 2.26 í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 2223/96.

5. Reglugerð þessi skal aðeins gilda um einingar sem eiga í atvinnustarfsemi, að öllu leyti eða hluta til. Til atvinnustarfsemi skal telja alla starfsemi sem felst í að bjóða fram vörur og þjónustu á ákveðnum markaði. Einnig skal telja þjónustu utan markaða sem leggur af mörkum til vergrar landsframleiðslu, sem og beinan eða óbeinan eignarhlut í starfandi lögformlegum einingum, til atvinnustarfsemi varðandi fyrirtækjaskrár. Lögformlegar einingar sem ekki eru með atvinnustarfsemi eru aðeins hluti af fyrirtæki í tengslum við lögformlegar einingar með atvinnustarfsemi.

6. Í skránum skal telja með ráðstafanirnar sem ætlað er að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar að því marki að fyrirtæki með minna en hálft stöðugildi og fyrirtækjasamstæður með staðfestu innanlands en ekkert tölfræðilegt mikilvægi fyrir aðildarríkið, og ákveða skal skilgreininguna á einingum sem samræmast þeim sem snúa að landbúnaðarskýrslum í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 16. gr.

4. gr.

Gagnalindir

1. Aðildarríkjum er heimilt að safna upplýsingunum sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð úr öllum þeim heimildum sem þau telja skipta máli, meðan þau fara að gæðaskilyrðum sem um getur í 6. gr. Landsyfirvöld skulu, eftir því sem þau eru bær til, hafa heimild til að safna, vegna hagskýrslugerðar, upplýsingum sem falla undir þessa reglugerð og geymdar eru í stjórnsýslu- og lagaskrám.

2. Landsyfirvöldum er heimilt að nota tölfræðilegar matsaðferðir þegar ekki er hægt að safna saman umbeðnum gögnum með hæfilegum tilkostnaði, þó með því að virða nákvæmni og gæði.

5. gr.

Skráningaratriði

1. Einingarnar, sem skráðar eru í skrána, skulu einkenndar með kenninúmeri og upplýsingunum sem tilgreindar eru í viðaukanum.

([14]) Stjtíð. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1932/2007 (Stjtíð. ESB L 324, 10.12.2007, bls. 1).

2. Samþykkja skal ráðstafanirnar sem varða uppfærslu á skránni yfir skráningaratriði og skilgreiningar þeirra og reglna um samfellu og er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 16. gr.

6. gr.

Gæðastaðlar og -skýrslur

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja gæði fyrirtækjaskráa.

2. Aðildarríki skulu, samkvæmt beiðni, láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) í té skýrslu um gæði viðskiptaskráa (hér á eftir kallaðar „gæðaskýrslur“).

3. Samþykkja skal ráðstafanirnar sem varða sameiginlega gæðastaðla og einnig efni og tíðni gæðaskýrslna, sem ætlaðar eru til að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, með því að bæta við hana, í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 16. gr. og með tilliti til kostnaðarins við að taka gögnin saman.

4. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) um meiriháttar aðferðafræðilegar breytingar eða annars konar breytingar sem myndu hafa áhrif á gæði fyrirtækjaskránna um leið og þær verða kunnar og eigi síðar en sex mánuðum frá því að slík breyting tekur gildi.

5. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þessarar reglugerðar og fjalla einkum um kostnaðinn við hagskýrslukerfið, byrðina á fyrirtæki og ávinninginn.

7. gr.

Tilmælahandbók

Framkvæmdastjórnin skal birta tilmælahandbók með fyrirtækjaskránni. Tilmælahandbókin skal vera uppfærð reglulega í náinni samvinnu við aðildarríkin.

8. gr.

Tímaviðmiðanir og tímabil

1. Uppfæra skal færslur í og afskráningar úr skránni að minnsta kosti árlega.

2. Tíðni uppfærslna skal fara eftir tegund einingarinnar, breytu sem tekið er mið af, stærð einingarinnar og heimildinni sem jafnan er notuð við breytinguna.

3. Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem varða reglur um uppfærslur og er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 16. gr.

4. Aðildarríki skulu árlega taka afrit sem endurspeglar stöðu skránna í árslok og geyma það eigi skemur en 30 ár í greiningarskyni.

9. gr.

Afhending skýrslna

1. Aðildarríkin skulu gera tölfræðilegar greiningar á skránum og senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) upplýsingarnar á sniði og málsmeðferð sem framkvæmdastjórnin skilgreinir, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

2. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) skulu aðildarríkin senda henni allar upplýsingar sem varða beitingu reglugerðarinnar í aðildarríkjunum.

10. gr.

Skipti á trúnaðargögnum milli aðildarríkja

Heimilt er að skipti á trúnaðargögnum fari fram, eingöngu vegna hagskýrslugerðar, milli viðeigandi landsyfirvalda mismunandi aðildarríkja í samræmi við landslöggjöf þegar skiptin eru gerð til að tryggja gæði upplýsinga um fjölþjóðlegar fyrirtækjasamstæður í Evrópusambandinu. Seðlabönkum aðildarríkjanna er heimilt að taka þátt í skiptunum, í samræmi við landslöggjöfina.

11. gr.

Skipti á trúnaðargögnum milli framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) og aðildarríkja

1. Landsyfirvöld skulu senda gögn um fjölþjóðlegar fyrirtækjasamstæður og einstaka hluta þeirra, eins þeir eru skilgreindir í viðaukanum, til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) til að veita upplýsingar, eingöngu vegna hagskýrslugerðar, um fjölþjóðlegar samstæður í Evrópusambandinu.

2. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal, í því skyni að tryggja samræmda skráningu gagna sem eingöngu eru vegna hagskýrslugerðar, senda viðeigandi landsyfirvöldum í hverju aðildarríki gögn um fjölþjóðlegar fyrirtækjasamstæður, þ.m.t. einstakar einingar þeirra, þegar að minnsta kosti ein lögformleg eining samstæðunnar er staðsett á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

3. Samþykkja skal, í því skyni að tryggja að gögn sem send eru samkvæmt þessari grein séu aðeins notuð vegna hagskýrslugerðar, fyrirkomulag á sniði, öryggismálum og trúnaði og málsmeðferð við gagnasendingu um einstakar einingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) og við gagnasendingu um hinar fjölþjóðlegar fyrirtækjasamstæður til viðeigandi landsyfirvalda, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

12. gr.

Skipti á trúnaðargögnum milli framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) og seðlabanka

1. Skipti á trúnaðargögnum geta farið fram, eingöngu vegna hagskýrslugerðar, að því er varðar þessa reglugerð, milli framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) og seðlabanka aðildarríkjanna og milli framkvæmdastjórnarinnar

(Hagstofu Evrópubandalaganna) og Seðlabanka Evrópu þegar skipti fara fram til að tryggja gæði upplýsinga um fjölþjóðlegar fyrirtækjasamstæður í Evrópusambandinu, og þegar viðeigandi landsyfirvöld veita sérstakt leyfi fyrir skiptunum.

2. Samþykkja skal, í því skyni að tryggja að gögn sem send eru samkvæmt þessari grein séu aðeins notuð vegna hagskýrslugerðar, fyrirkomulag á sniði, öryggismálum og trúnaði og málsmeðferð við gagnasendingu um fjölþjóðlegar fyrirtækjasamstæður til seðlabanka aðildarríkjanna og Seðlabanka Evrópu í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

13. gr.

Trúnaður og aðgangur að auðgreinanlegum gögnum

1. Þegar framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna), landsyfirvöld, seðlabankar aðildarríkjanna og Seðlabanki Evrópu taka við trúnaðargögnum skv. 10., 11. og 12. gr. skulu þessir aðilar meðhöndla upplýsingarnar í trúnaði í samræmi við reglugerð (EB) nr. 322/97.

2. Sendingar á trúnaðargögnum milli landsyfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna), að því er varðar þessa reglugerð, og þrátt fyrir 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97, geta farið fram að því marki sem slíkar sendingar eru nauðsynlegar fyrir gerð tiltekinna hagskýrslna Bandalagsins. Landsyfirvaldið sem safnaði upplýsingunum verður að veita sérstakt leyfi fyrir frekari sendingum.

14. gr.

Aðlögunartímabil og undanþágur

Framkvæmdastjórninni er heimilt, að beiðni aðildarríkis, að veita undanþágu fyrir umbreytingartímabil sem skal ekki vara lengur en til 25. mars 2010 þegar fyrirtækjaskrár þarfnast meiriháttar grannskoðunar.

Framkvæmdastjórninni er heimilt, að beiðni aðildarríkis, að veita undanþágu fyrir umbreytingartímabil sem skal ekki vara lengur en til 25. mars 2010, fyrir landbúnað, skógrækt og fiskveiðar, opinbera stjórnsýslu og varnarmál, og skyldubundnar almannatryggingar.

15. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Samþykkja skal eftirfarandi ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 16. gr.:

a) skráningu minnstu fyrirtækjanna í fyrirtækjasamstæðu sem er einungis með staðfestu í tilteknu landi, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 3. gr.,

b) uppfærslu á skránni yfir skráningaratriði í viðaukanum, skilgreiningar þeirra og samfellureglur, eins og kveðið er á um í 5. gr., með hliðstjón af meginreglunni um að ávinningur af uppfærslunni verði að vega þyngra en kostnaðurinn og meginreglunni um að viðbótartekjur sem í hlut eiga fyrir aðildarríkin eða fyrirtæki verði áfram hófsamar,

c) setningu sameiginlega gæðastaðla og einnig efni og tíðni gæðaskýrslnanna eins og kveðið er á um í 3. mgr. 6. gr. og

d) reglur fyrir uppfærslu skráa, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 8. gr.

2. Samþykkja skal ráðstafanir sem varða eftirfarandi, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.:

a) sendingu upplýsinga sem fengnar eru úr tölfræðilegri greiningu á skrám, eins og kveðið er á um í 9. gr.,

b) sendingu gagna um einstakar einingar fyrir fjölþjóðlegar fyrirtækjasamstæður milli framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) og aðildarríkjanna, eins og kveðið er á um í 11. gr. og

c) sendingu gagna fjölþjóðlegra fyrirtækjasamstæðna milli framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) og seðlabanka, eins og kveðið er á um í 12. gr.

16. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

17. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EBE) nr. 2186/93 falli úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

18. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 20. febrúar 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	J. LENARČIČ
forseti.	*formaður.*

VIÐAUKI

Í fyrirtækjaskránum skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram: Ekki þarf að geyma upplýsingar sérstaklega fyrir hverja einingu ef hægt er að nálgast þær frá annarri einingu eða öðrum einingum.

Ómerktir liðir eru skyldubundnir, liðir merktir „skilyrtir“ eru skyldubundnir ef þeir eru tiltækir í aðildarríkinu og mælt er með liðum merktum „valkvæðir“.

1. LÖGFORMLEG EINING			
SKRÁNINGARATRIÐI AUÐKENNINGAR	1.1.		Kenninúmer
	1.2a.		Heiti
	1.2b.		Fullt heimilisfang (þ.m.t. póstnúmer) þar sem sundurliðun er mest
	1.2c.	Valkvætt	Síma- og bréfasímanúmer, tölvupóstfang og upplýsingar sem gera rafræna gagnasöfnun mögulega
	1.3.		Virðisaukaskattsnúmer (VSK) eða, ef það er ekki tiltækt, annað stjórnsýslulegt kenninúmer
LÝÐFRÆÐILEG SKRÁNINGARATRIÐI	1.4.		Stofndagur lögaðila, eða dagsetning opinberrar viðurkenningar sem atvinnurekandi, fyrir einstaklinga
	1.5.		Dagsetning þegar hin lögformlega eining hætti að vera hluti af fyrirtæki (eins og auðkennt er í 3.3)
EFNAHAGSLEG/LAGSKIPT SKRÁNINGARATRIÐI	1.6.		Rekstrarform að lögum
TENGINGAR VIÐ AÐRAR SKRÁR			Vísun í tengdar skrár, þar sem lögformleg eining er skráð, og búa yfir upplýsingum sem nota má vegna hagskýrslugerðar.
	1.7a.		Tilvísun í skrána um rekstraraðila innan Bandalagsins, sett upp í samræmi við reglugerð (EB) nr. 638/2004 ([1]), og tilvísun í tollskrár eða í skrá yfir rekstraraðila utan Bandalagsins
	1.7b.	Valkvætt	Tilvísun í gögn efnahagsreiknings (fyrir einingar sem ber skylda til að gera reikningsskil opinber) og tilvísun í skrána um greiðslujöfnuð eða skrá yfir beina, erlenda fjárfestingu og tilvísun í landbúnaðarskrána

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 638/2004 frá 31. mars 2004 um hagskýrslur Bandalagsins um vöruviðskipti milli aðildarríkja (Stjtíð. ESB L 102, 7.4.2004, bls. 1).

Viðbótar skráningaratriði fyrir lögformlegar einingar sem eru hluti af fyrirtækjum sem tilheyra fyrirtækjasamstæðu.

TENGING VIÐ FYRIRTÆKJASAMSTÆÐU	1.8.		Kenninúmer hins landsbundna hluta fyrirtækja-samstæðunnar/með staðfestu innanlands (4.1) sem einingin tilheyrir
	1.9.		Dagsetning sameiningar við landsbundinn hluta samstæðunnar/með staðfestu innanlands
	1.10.		Dagsetning aðgreiningar frá landsbundnum hluta samstæðunnar/með staðfestu innanlands

STÝRING EININGA			Skrá má stjórnunartengsl aðila með staðfestu innanlands annaðhvort ofan frá og niður (1.11a) eða neðan frá og upp (1.11b). Aðeins fyrsta stig beinnar eða óbeinnar stýringar er skráð fyrir hverja einingu (hægt er að fá upp allt stýringarferlið með því að leggja stigin saman).
	1.11a.		Kenninúmer lögformlegra(r) eininga(r) með aðsetur í landinu sem lögformlega einingin stjórnar
	1.11b.		Kenninúmer lögformlegu einingarinnar með aðsetur í landinu sem stjórnar lögformlegu einingunni
	1.12a.		Skráningarland/-lönd og kenninúmer eða heiti og heimilisfang/-föng einingarinnar/eininganna sem er/eru ekki með aðsetur í landinu og lögformlega einingin stjórnar
	1.12b.	Skilyrt	Virðisaukaskattsnúmer einingarinnar/eininganna sem er/eru ekki með aðsetur í landinu og lögformlega einingin stjórnar
	1.13a.		Skráningarland og kenninúmer eða heiti og heimilisfang lögformlegu einingarinnar sem er ekki með aðsetur í landinu og stjórnar lögformlegu einingunni
	1.13b.	Skilyrt	Virðisaukaskattsnúmer lögformlegu einingarinnar sem er ekki með aðsetur í landinu og stjórnar lögformlegu einingunni
EIGNARHALD EININGA		Skilyrt	Skrá má eignarhald innlends aðila annaðhvort ofan frá og niður (1.14a) eða neðan frá og upp (1.14b). Skráning upplýsinganna og viðmiðunarfjárhæðarinnar sem notuð er fyrir hlutafjáreign er með fyrirvara um tiltækileika þessara upplýsinga í stjórnsýsluheimildum. Mælt er með að viðmiðunarfjárhæðin sé 10% eða hærri af beinu eignarhaldi.
	1.14a.	Skilyrt	a) Kenninúmer og b) hlutir (%) lögformlegra(r) eininga(r) með aðsetur í landinu, sem lögformlega einingin á
	1.14b.	Skilyrt	a) Kenninúmer og b) hlutir (%) lögformlegra(r) eininga(r) með aðsetur í landinu, sem eiga/á lögformlega einingunа
	1.15.	Skilyrt	a) Skráningarland/-lönd og b) kenninúmer eða heiti, heimilisfang/-föng og virðisaukaskattsnúmer og c) hlutir (%) erlendra(r) lögformlegra(r) eininga(r) sem eru/er með aðsetur í landinu, sem lögformlega einingin á
	1.16.	Skilyrt	a) Skráningarland/-lönd og b) kenninúmer eða heiti, heimilisfang/-föng og virðisaukaskattsnúmer og c) hlutir (%) lögformlegra(r) eininga(r) sem eru/er ekki með aðsetur í landinu, sem eiga/á lögformlegu einingunа
		2. STARFSSTÖÐ	
SKRÁNINGARATRIÐI AUÐKENNINGAR	2.1.		Kenninúmer
	2.2a.		Heiti
	2.2b.		Fullt heimilisfang (þ.m.t. póstnúmer)

	2.2c.	Valkvætt	Síma- og bréfasímanúmer, tölvupóstfang og upplýsingar sem gera rafræna gagnasöfnun mögulega
	2.3.		Kenninúmer fyrirtækisins (3.1) sem starfsstöðin tilheyrir
LÝÐFRÆÐILEG SKRÁNINGARATRIÐI	2.4.		Dagsetning upphafs starfseminnar
	2.5.		Dagsetning þegar starfsemi er hætt
EFNAHAGSLEG/LAGSKIPT SKRÁNINGARATRIÐI	2.6.		Kóði meginstarfssviðs á fjögurra tölustafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (e. NACE)
	2.7.	Skilyrt	Aukastarfsemi, ef einhver er, á fjögurra tölustafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (e. NACE); liður þessi varðar aðeins starfsstöðvar sem falla undir eftirlit
	2.8.	Valkvætt	Starfsemi starfsstöðvarinnar telst vera stoðstarfsemi fyrirtækisins sem það tilheyrir (já/nei)
	2.9.		Fjöldi starfsmanna
	2.10a.		Fjöldi launþega
	2.10b.	Valkvætt	Fjöldi launþega í heilum stöðugildum
	2.11.		Svæðisnúmer
TENGINGAR VIÐ AÐRAR SKRÁR	2.12.	Skilyrt	Tilvísun í tengdar skrár þar sem starfsstöð kemur fram og búa yfir upplýsingum sem nota má vegna hagskýrslugerðar (ef slíkar tengdar skrár eru fyrirliggjandi).
	3. FYRIRTÆKI		
SKRÁNINGARATRIÐI AUÐKENNINGAR	3.1.		Kenninúmer
	3.2a.		Heiti
	3.2b.	Valkvætt	Póstfang, tölvupóstfang og veffang
	3.3.		Kenninúmer þeirra(r) lögformlegu eininga(r) sem fyrirtækið samanstendur af
LÝÐFRÆÐILEG SKRÁNINGARATRIÐI	3.4.		Dagsetning upphafs starfseminnar
	3,5.		Dagsetning þegar starfsemi er hætt
EFNAHAGSLEG/LAGSKIPT SKRÁNINGARATRIÐI	3.6.		Kóði meginstarfssviðs á fjögurra tölustafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (e. NACE)
	3.7.	Skilyrt	Aukastarfsemi, ef einhver er, á fjögurra tölustafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (e. NACE); liður þessi varðar aðeins fyrirtæki sem falla undir eftirlit
	3.8.		Fjöldi starfsmanna
	3.9a.		Fjöldi launþega
	3.9b.	Valkvætt	Fjöldi launþega í heilum stöðugildum
	3.10a.		Velta nema eins og kveðið er á um í 3.10b
	3.10b.	Valkvætt	Velta fyrir landbúnað, sportveiðar og skógrækt, fiskveiðar og opinbera stjórnsýslu og varnarmál, skyldubundnar almannatryggingar, einkaheimili með launuðum starfsmönnum og stofnanir með úrlendisrétt
	3.11.		Haggeiri og undirgeiri samkvæmt evrópska þjóðhagsreikningakerfinu

Viðbótar skráningaratriði um fyrirtæki sem tilheyra fyrirtækjasamstæðu:

TENGSL VIÐ FYRIRTÆKJASAMSTÆÐU	3.12.	Kenninúmer hins landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðunnar/með staðfestu innanlands (4.1) sem fyrirtækið tilheyrir	
	4.	FYRIRTÆKJASAMSTÆÐA	
SKRÁNINGARATRIÐI AUÐKENNINGAR	4.1.		Kenninúmer hins landsbundna hluta samstæðunnar/með staðfestu innanlands
	4.2a.		Heiti hins landsbundna hluta samstæðunnar/með staðfestu innanlands
	4.2b.	Valkvætt	Póstfang, tölvupóstfang og veffang hinnar landsbundnu aðalskrifstofu/með staðfestu innanlands
	4.3.	Skilyrt að hluta til	Kenninúmer hins landsbundna aðalfyrirtækis/ með staðfestu innanlands (jafngildir kenninúmeri lögformlegu einingarinnar sem er aðalfyrirtækið með aðsetur í landinu). Skilyrt skráning er, ef stjórnunareiningin er einstaklingur sem er ekki atvinnurekandi, með fyrirvara um að þessar upplýsingar séu aðgengilegar í stjórnsýsluheimildum
	4.4.		Tegund fyrirtækjasamstæðu: 1. samstæða með staðfestu innanlands, 2. landsbundinn hluti samstæðu sem innlendir aðilar stjórna, 3. landsbundinn hluti samstæðu sem erlendir aðilar stjórna
LÝÐFRÆÐILEG SKRÁNINGARATRIÐI	4.5.		Dagsetning upphafs hins landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðunnar/með staðfestu innanlands
	4.6.		Dagsetning loka hins landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðunnar/með staðfestu innanlands
EFNAHAGSLEG/LAGSKIPT SKRÁNINGARATRIÐI	4.7.		Kóði meginstarfssviðs hins landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðunnar/með staðfestu innanlands á tveggja tölustafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE)
	4.8.	Valkvætt	Aukastarfssvið hins landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðunnar/með staðfestu innanlands á tveggja tölustafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna
	4.9.		Fjöldi starfsmanna í hinum landsbundna hluta samstæðunnar/með staðfestu innanlands
	4.10.	Valkvætt	Samanlögð velta

Viðbótar skráningaratriði fyrir fjölþjóðlegar fyrirtækjasamstæður (tegundir 2 og 3 í 4.4):

Skráning breyta 4.11 og 4.12a er valkvæð þangað til sendingu upplýsinga um fjölþjóðlegar samstæður, eins og kveðið er á um í 11. gr., hefur verið komið á fót.

SKRÁNINGARATRIÐI AUÐKENNINGAR	4,11.		Kenninúmer hnattrænu samstæðunnar
	4,12a.		Heiti hnattrænu samstæðunnar
	4.12b.	Valkvætt	Skráningarland, póstfang, tölvupóstfang og veffang hnattrænu aðalskrifstofunnar
	4.13a.		Kenninúmer hnattræna aðalfyrirtækisins ef aðalfyrirtækið er með aðsetur í landinu (jafngildir kenninúmeri lögformlegu einingarinnar sem er aðalfyrirtækið). Skráningarland þess ef hnattræna aðalfyrirtækið er ekki með aðsetur í landinu.

	4.13b.	Valkvætt	Kenninúmer hnattræns aðalfyrirtækis eða heiti og heimilisfang ef það er ekki með aðsetur í landinu
EFNAHAGSLEG/LAGSKIPT SKRÁNINGARATRIÐI	4.14.	Valkvætt	Heildarfjöldi starfsmanna
	4.15.	Valkvætt	Samanlögð velta á heimsvísu
	4.16.	Valkvætt	Land þar sem sú miðstöð er þar sem hnattrænar ákvarðanir eru teknar
	4.17.	Valkvætt	Lönd þar sem fyrirtæki eða starfsstöðvar eru staðsett

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2016/EES/05/16

frá 11. desember 2013

um breytingu á ákvörðun 2006/771/EB um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til notkunar fyrir skammdrægan búnað og niðurfellingu á ákvörðun 2005/928/EB

(tilkynnt með númeri C(2013) 8776)

(2013/752/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/771/EB ([2]) samræmir tækniskilyrðin fyrir tíðnirófsnotkun ýmiss konar skammdrægs búnaðar, þ.m.t. viðvörunarbúnaðar, staðbundins fjarskiptabúnaðar, dyraopnara, læknisfræðilegra ígræða og skynvæddra flutningakerfa. Skammdrægur búnaður er yfirleitt fjöldaframleidd og/eða færanleg vara sem auðvelt er að taka með sér og nota yfir landamæri, mismunur á skilyrðum fyrir aðgangi að tíðnirófi hindrar því frjálsa för hans, eykur framleiðslukostnað og skapar hættu á skaðlegum truflunum gagnvart öðrum búnaði og þjónustu sem notar fjarskiptatíðni.

2) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 243/2012/ESB frá 14. mars 2012 um að koma á stefnuáætlun til margra ára varðandi fjarskiptatíðniróf ([3]) er gerð krafa um að aðildarríki, í samvinnu við framkvæmdastjórnina, og eftir því sem við á, efli sameiginleg not tíðnirófs sem og samnýtingar á tíðnirófi til þess að auka skilvirkni og sveigjanleika.

3) Vegna aukins mikilvægis skammdrægs búnaðar fyrir efnahagslífið og vegna örra tæknilegra breytinga og krafna frá samfélaginu geta nýir notkunarmöguleikar fyrir skammdrægan búnað komið fram á sjónarsviðið. Það hefur í för með sér að uppfæra þurfi skilyrðin fyrir samræmingu tíðnirófsins reglulega.

4) Hinn 5. júlí 2006 gaf framkvæmdastjórnin út varanlegt umboð til Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) skv. 2. mgr. 4. gr. ákvörðunar nr. 676/2002/EB, til að uppfæra viðaukann við ákvörðun 2006/771/EB til að bregðast við tækni- og markaðsþróun á sviði skammdrægs búnaðar.

5) Samhæfðum tæknilegum skilyrðum fyrir skammdrægan búnað sem fram koma í ákvörðun 2006/771/EB hefur þegar verið breytt með því að skipta viðauka hennar út með ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 2008/432/EB ([4]), 2009/381/EB([5]), 2010/368/EB ([6]) og framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/829/ESB ([7]).

6) Í skýrslu Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu frá mars 2013 ([8]) sem lögð var fram sem svar við framangreindu umboði, upplýstu samtökin framkvæmdastjórnina um niðurstöður umbeðinnar prófunar á „gerð skammdrægs búnaðar“ og flokkum „annarra notkunartakmarkana“ í viðauka við ákvörðun 2006/771/EB og lögðu það til við framkvæmdastjórnina að hún breytti nokkrum tæknilegum atriðum í þeim viðauka.

7) Í niðurstöðum umboðsins er sýnt fram á að skammdrægur búnaður sem starfræktur er með opnum og samnýttum hætti þarfnast annars vegar réttarvissu að því er varðar möguleikann á að samnýta tíðniróf, en hægt er að ná því fram með fyrirsjáanlegum tæknilegum skilyrðum fyrir samnýtingu á samhæfðum tíðnisviðum sem tryggja áreiðanlega og skilvirka notkun þeirra. Hins vegar þarf þessi skammdrægi búnaður einnig nægjanlegan sveigjanleika til að gera margvíslega notkun mögulega til þess að hámarka ávinning af þráðlausri nýsköpun innan Sambandsins. Því er nauðsynlegt að samhæfa skilgreind tæknileg notkunarskilyrði til að koma í veg fyrir skaðlegar truflanir og til að tryggja eins mikinn sveigjanleika og mögulegt er á meðan stuðlað er að áreiðanlegri og skilvirkri notkun skammdrægs búnaðar á tíðnisviðum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 334, 13.12.2013, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/2014 frá 25. september 2014 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 30.7.2015, bls. 42.

([1]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 312, 11.11.2006, bls. 66.

([3]) Stjtíð. ESB L 81, 21.3.2012, bls. 7.

([4]) Stjtíð. ESB L 151, 11.6.2008, bls. 49.

([5]) Stjtíð. ESB L 119, 14.5.2009, bls. 32.

([6]) Stjtíð. ESB L 166, 1.7.2010, bls. 33.

([7]) Stjtíð. ESB L 329, 13.12.2011, bls. 10.

([8]) Skýrsla Samtaka póst- og fjarskiptastjórna nr. 44, RSCOM 13-25.

8) Þeim tilgangi er náð með því að kveða niður hugmyndina um „gerð“ skammdrægs búnaðar og að því að samhæfa flokka skammdrægs búnaðar. Tvær gerðir flokka myndu, hvor um sig, koma á fyrirsjáanlegu samnýtingarumhverfi fyrir heilan hóp af skammdrægum búnaði. Skammdrægur búnaður í þessum flokkum er flokkaður annaðhvort á grundvelli sambærilegra, tæknilegra aðferða við aðgang að tíðnirófi eða á grundvelli sameiginlegra sviðsmynda fyrir notkun sem áætlaður þéttleiki notkunar er ákvarðaður út frá.

9) Gildissvið flokka, eins og skilgreint er í tæknilegum viðauka, veitir notendum fyrirsjáanleika að því er varðar annan skammdrægan búnað sem leyfilegur er á sama tíðnisviði, með opnum og samnýttum hætti. Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ([9]) ættu framleiðendur að tryggja að innan slíkra flokka sé með skilvirkum hætti komið í veg fyrir að skammdrægur búnaður valdi skaðlegum truflunum á öðrum skammdrægum búnaði.

10) Á þeim tilgreindu tíðnisviðum sem falla undir þessa ákvörðun er samhæfðu samnýtingarumhverfi komið á með samsetningu samhæfðra flokka skammdrægs búnaðar og tæknilegum notkunarskilyrðum (tíðnisvið, aflviðmiðunarmörk/sviðsstyrksmörk/aflþéttnimörk, viðbótarbreytur og aðrar notkunartakmarkanir), þannig að skammdrægur búnaður geti samnýtt tíðnirófið með opnum hætti, óháð tilgangi slíkrar notkunar.

11) Til að standa vörð um réttarvissu og fyrirsjáanleika slíks samhæfðs samnýtingarumhverfis væri notkun samhæfðra tíðnisviða, annað hvort fyrir skammdrægan búnað sem ekki er hluti af samhæfðum flokki eða sem rýmri tæknibreytur eiga við um, aðeins leyfileg að því marki að viðkomandi samnýtingarumhverfi sé ekki stefnt í hættu.

12) Þann 6. júlí 2011 veitti framkvæmdastjórnin Samtökum póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu frekara umboð skv. 2. mgr. 4. gr. ákvörðunar nr. 676/2002/EB, til að ráðast í nauðsynlegar tæknilegar rannsóknir til stuðnings hugsanlegrar endurskoðunar á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/928/EB frá 20. desember 2005 um samhæfingu á tíðnisviðinu 169,4–169,8125 MHz í Bandalaginu ([10]), til að tryggja skilvirka notkun á samhæfðu tíðnisviði í samræmi við 5. gr. þeirrar ákvörðunar.

13) Í skýrslu Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu frá júní 2012([11]) sem lögð var fram sem svar við framangreindu öðru umboði ráðlögðu samtökin framkvæmdastjórninni að fella gildandi og viðbótarsamræmingarráðstafanir fyrir skammdrægan lágaflsbúnað á 169 MHz sviðinu inn í komandi breytingu á viðauka við ákvörðun 2006/771/EB, til að veita betri sýn og gagnsæi yfir samhæfða tíðnisviðið (169,4-169,8125 MHz).

14) Byggt á niðurstöðum úr vinnu Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu er mögulegt að einfalda skilyrði í reglum um skammdrægan búnað. Með samhæfingu á skilyrðum fyrir aðgangi að tíðnirófs væri hægt að ná markmiðum sem sett eru fram með stefnuáætlun varðandi fjarskiptatíðniróf til að stuðla að sameiginlegri notkun á tíðnirófi á innri markaðinum, fyrir flokka skammdrægs búnaðar.

15) Því ætti að breyta viðauka við ákvörðun 2006/881/EB og fella niður ákvörðun 2005/928/EB, til samræmis við það.

16) Búnaður sem er starfræktur samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í þessari ákvörðun ætti einnig að vera í samræmi við R&TTE-tilskipunina, þannig að nota megi tíðnirófið með skilvirkum hætti svo koma megi í veg fyrir skaðlegar truflanir, en sýnt er fram á þetta annað hvort með samhæfðum stöðlum eða með því að uppfylla aðrar samræmismatsaðferðir.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um fjarskiptatíðniróf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við í 2. gr. ákvörðunar 2006/771/EB:

„3. „flokkar skammdrægs búnaðar“: hópur skammdrægs búnaðar sem notast við tíðniróf með sambærilegum, tæknilegum aðferðum við aðgang að tíðnirófi eða á grundvelli sameiginlegra sviðsmynda fyrir notkun“

2. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2006/771/EB komi eftirfarandi.

([9]) Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.
([10]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 47.
([11]) Skýrsla Samtaka póst- og fjarskiptastjórna nr. 43, RSCOM 12-25.

„3. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilgreina og gera aðgengilegt opið og óvarið tíðnisvið, án truflana, fyrir flokka skammdrægs búnaðar með fyrirvara um sérstök skilyrði og innan framkvæmdardagsetninganna sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgreinar geta aðildarríki farið fram á nýta ákvæði 5. mgr. 4. gr. í ákvörðuninni um fjarskiptatíðnirof.

3. Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að leyfa notkun á tíðnisviðum við rýmri skilyrði eða fyrir skammdrægan búnað sem ekki tilheyrir samhæfðum flokki, að því tilskildu að það komi ekki í veg fyrir eða dragi úr möguleika á að skammdrægur búnaður í slíkum flokki geti notast við viðeigandi samhæfð tækni- og notkunarskilyrði, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa ákvörðun, sem gerir það mögulegt að skammdrægur búnaður í sama flokki noti tilgreindan hluta tíðnirófsins með opnum hætti og í mismunandi tilgangi.“

3. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2006/771/EB komi textinn í viðaukanum við þessa ákvörðun.

4. gr.

Ákvörðun 2005/928/EB er felld úr gildi.

5. gr.

Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmd þessarar ákvörðunar eigi síðar en 1. september 2014.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. desember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neelie KROES

varaforseti

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Samhæfð tíðnisvið og tæknilegar breytur fyrir skammdrægan búnað

Tíðniband nr.	Tíðnisvið(i)	Flokkur skammdrægs búnaðar(ii)	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttnimörk(iii)	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)(iv)	Aðrar notkunartakmarkanir (v)	Framkvæmdar-frestur
1	9-59,750 kHz	Spanbúnaður (14)	72 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
2	9-315 kHz	Virk, ígræðanleg lækningatæki (1)	30 dBµA/m í 10 metra fjarlægð	Vinnuferlismörk(vi): 10%	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um virk, ígræðanleg lækningatæki (7).	1. júlí 2014
3	59,750-60,250 kHz	Spanbúnaður (14)	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
4	60,250-74,750 kHz	Spanbúnaður (14)	72 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
5	74,750-75,250 kHz	Spanbúnaður (14)	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
6	75,250-77,250 kHz	Spanbúnaður (14)	72 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
7	77,250-77,750 kHz	Spanbúnaður (14)	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
8	77,750-90 kHz	Spanbúnaður (14)	72 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
9	90-119 kHz	Spanbúnaður (14)	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
10	119-128,6 kHz	Spanbúnaður (14)	66 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
11	128,6-129,6 kHz	Spanbúnaður (14)	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014

Tíðniband nr.	Tíðnisvið(i)	Flokkur skammdrægs búnaðar(ii)	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttnimörk(iii)	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)(iv)	Aðrar notkunartakmarkanir (v)	Framkvæmdar-frestur
12	129,6-135 kHz	Spanbúnaður (14)	66 dBμA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
13	135-140 kHz	Spanbúnaður (14)	42 dBμA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
14	140-148,5 kHz	Spanbúnaður (14)	37,7 dBμA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
15	148,5-5000 kHz (17)	Spanbúnaður (14)	– 15 dBμA/m í 10 metra fjarlægð á allri 10 kHz bandbreidd. Ennfremur er heildarsviðsstyrkur – 5 dBμA/m í 10 m fjarlægð í kerfum sem nota bandbreiddir yfir 10 kHz			1. júlí 2014
16	315-600 kHz	Virk, ígræðanleg lækninga-tæki (1)	– 5 dBμA/m í 10 m fjarlægð	Vinnuferlismörk (vi): 10%	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um ígræðanleg tæki fyrir dýr (2).	1. júlí 2014
17	400-600 kHz	Búnaður til auðkenningar með örmerkjum (RFID) (12)	- 8 dBμA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
18	456,9-457,1 kHz	Almennur skammdrægur búnaður (3)	7 dBμA/m í 10 m fjarlægð		Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við í neyðarástandi við leit að fórnarlömbum sem hafa grafist undir og verðmætum búnaði.	1. júlí 2014
19	984-7484 kHz	Búnaður fyrir fjarvirkni í flutningum og í umferð (13)	9 dBμA/m í 10 m fjarlægð	Vinnuferlismörk (vi): 1%	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um sendingar með Eurobalise-kerfinu þegar kemur að lestum og 27°MHz tíðnisviðið er notað til aflflutninga.	1. júlí 2014

Tíðniband nr.	Tíðnisvið(i)	Flokkur skammdrægs búnaðar(ii)	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttnimörk(iii)	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)(iv)	Aðrar notkunartakmarkanir (v)	Framkvæmdar-frestur
20	3155-3400 kHz	Spanbúnaður (14)	13,5 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
21	5000-30 000 kHz (18)	Spanbúnaður (14)	– 20 dBµA/m í 10 metra fjarlægð á allri 10 kHz bandbreidd. Ennfremur er heildarsviðsstyrkur – 5 dBµA/m í 10 m fjarlægð í kerfum sem nota bandbreiddir yfir 10 kHz			1. júlí 2014
22a	6765-6795 kHz	Spanbúnaður (14)	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
22b	6765-6795 kHz	Almennur skammdrægur búnaður (3)	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
23	7300-23 000 kHz	Búnaður fyrir fjarvirkni í flutningum og í umferð (13)	– 7 dBµA/m í 10 m fjarlægð	Takmarkanir varðandi loftnet gilda eins og tilgreint er í samhæfðum stöðlum sem samþykktir eru með tilskipun 1999/5/EB.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um sendingar með Euroloop-kerfinu þegar kemur að lestum og 27 MHz tíðnisviðið er notað til aflflutninga..	1. júlí 2014
24	7400-8800 kHz	Spanbúnaður (14)	9 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
25	10 200-11 000 kHz	Spanbúnaður (14)	9 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
26	12 500-20 000 kHz	Virk, ígræðanleg lækninga-tæki (1)	– 7 dBµA/m í 10 metra fjarlægð á allri 10 kHz bandbreidd	Vinnuferlismörk (vi): 10%	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um notkun innanhúss á ígræðanlegum tækjum fyrir dýr (2).	1. júlí 2014
27a	13 553-13 567 kHz	Spanbúnaður (14)	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014

Tíðniband nr.	Tíðnisvið([i])	Flokkur skammdrægs búnaðar([ii])	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttnimörk([iii])	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)([iv])	Aðrar notkunartakmarkanir ([v])	Framkvæmdar-frestur
27b	13 553-13 567 kHz	Búnaður til auðkenningar með örmerkjum (RFID) ([12])	60 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
27c	13 553-13 567 kHz	Almennur skammdrægur búnaður ([3])	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
28a	26 957-27 283 kHz	Spanbúnaður ([14])	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
28b	26 957-27 283 kHz	Almennur skammdrægur búnaður ([3])	10mW virkt, útgeislað afl (e.r.p.), sem samsvarar 42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júlí 2014
29	26 990-27 000 kHz	Almennur skammdrægur búnaður ([3])	100 mW e.r.p.	Vinnuferlismörk ([vi]): 0,1%	Líkan stjórnbúnaðar getur virkað án takmarkana á vinnuferli ([11]).	1. júlí 2014
30	27 040-27 050 kHz	Almennur skammdrægur búnaður ([3])	100 mW e.r.p.	Vinnuferlismörk ([vi]): 0,1%	Líkan stjórnbúnaðar getur virkað án takmarkana á vinnuferli ([11]).	1. júlí 2014
31	27 090-27 100 kHz	Almennur skammdrægur búnaður ([3])	100 mW e.r.p.	Vinnuferlismörk ([vi]): 0,1%	Líkan stjórnbúnaðar getur virkað án takmarkana á vinnuferli ([11]).	1. júlí 2014
32	27 140-27 150 kHz	Almennur skammdrægur búnaður ([3])	100 mW e.r.p.	Vinnuferlismörk ([vi]): 0,1%	Líkan stjórnbúnaðar getur virkað án takmarkana á vinnuferli ([11]).	1. júlí 2014
33	27 190-27 200 kHz	Almennur skammdrægur búnaður ([3])	100 mW e.r.p.	Vinnuferlismörk ([vi]): 0,1%	Líkan stjórnbúnaðar getur virkað án takmarkana á vinnuferli ([11]).	1. júlí 2014

Tíðniband nr.	Tíðnisvið(i)	Flokkur skammdrægs búnaðar(ii)	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttnimörk(iii)	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)(iv)	Aðrar notkunartakmarkanir (v)	Framkvæmdar-frestur
34	30-37,5 MHz	Virk, ígræðanleg lækninga-tæki ([1])	1 mW e.r.p.	Vinnuferlismörk (vi): 10%	Þessi notkunarskilyrði gilda aðeins um sérlega afllítil himnuígræði til lækninga sem mæla blóðþrýsting, innan skilgreiningar á virkum, ígræðanlegum lækningatækjum ([7]) í tilskipun 90/385/EBE.	1. júlí 2014
35	40,66-40,7 MHz	Almennur skammdrægur búnaður ([3])	10 mW e.r.p.		Myndbúnaður er undanskilinn.	1. júlí 2014
36	87,5-108 MHz	Hátt vinnuferli/búnaður með samfellda sendingu([8])	50 nW e.r.p.	Bil milli rása allt að 200 kHz.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um senda með hliðstæða tíðnimótun.	1. júlí 2014
37a	169,4-169,475 MHz	Heyrnartæki ([4])	500 mW e.r.p.	Bil milli rása: hámark 50 kHz.		1. júlí 2014
37b	169,4-169,475 MHz	Mælitæki ([5])	500 mW e.r.p.	Bil milli rása: hámark 50 kHz. Vinnuferlismörk (vi): 10,0%.		1. júlí 2014
37c	169,4-169.475 MHz	Almennur skammdrægur búnaður ([3])	500 mW e.r.p.	Bil milli rása: hámark 50 kHz. Vinnuferlismörk (vi): 1,0%.		1. júlí 2014
38	169,4-169,4875 MHz	Almennur skammdrægur búnaður ([3])	10 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Vinnuferlismörk (vi): 0,1%.		1. júlí 2014

Tíðniband nr.	Tíðnisvið([i])	Flokkur skammdrægs búnaðar([ii])	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttnimörk([iii])	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)([iv])	Aðrar notkunartakmarkanir ([v])	Framkvæmdar-frestur
39a	169,4875-169,5875 MHz	Heyrnartæki ([4])	500 mW e.r.p.	Bil milli rása: hámark 50 kHz.		1. júlí 2014
39b	169,4875-169,5875 MHz	Almennur skammdrægur búnaður ([3])	10 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Vinnuferlismörk ([vi]): 0,001%.	Frá klukkan 00.00 til 06.00 að staðartíma má notast við vinnuferlismörk ([vi]) upp á 0,1%.	1. júlí 2014
40	169,5875-169,8125 MHz	Almennur skammdrægur búnaður ([3])	10 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Vinnuferlismörk ([vi]): 0,1%.		1. júlí 2014
41	401-402 MHz	Virk, ígræðanleg lækninga-tæki ([1])	25 µW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz. Einstakir sendar geta tengt saman aðliggjandi rásir til þess að auka bandbreidd allt að 100 kHz. Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferlismörk ([vi]) sem eru 0,1%.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um kerfi sem eru sérstaklega hönnuð í þeim tilgangi að veita stafræn samskipti, sem ekki eru raddflutningur, milli virkra, ígræðanlegra lækningatækja ([7]) og/eða búnaðar sem menn bera á sér og annars búnaðar utan mannslíkamans sem notaður er til þess að flytja einstaklingsbundnar lífeðlisfræðilegar upplýsingar óháðar tíma sem tengjast sjúklingum.	1. júlí 2014

Tíðniband nr.	Tíðnisvið(i)	Flokkur skammdrægs búnaðar(ii)	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttnimörk(iii)	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)(iv)	Aðrar notkunartakmarkanir (v)	Framkvæmdar-frestur
42	402-405 MHz	Virk, ígræðanleg lækningatæki (1)	25 µW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz. Einstakir sendar geta tengt saman aðliggjandi rásir til þess að auka bandbreidd allt að 300 kHz. Nota má aðrar aðferðir við að fá aðgang að tíðnirófi eða draga úr truflunum, þ.m.t. bandbreiddir yfir 300 kHz, svo framarlega sem árangurinn verður a.m.k. samsvarandi og með þeim aðferðum sem lýst er í samhæfðum stöðlum sem teknir voru upp samkvæmt tilskipun 1999/5/EB til að tryggja öðrum notendum samhæfðan rekstur, einkum við veðurkanna.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um virk, ígræðanleg lækningatæki (7).	1. júlí 2014
43	405-406 MHz	Virk, ígræðanleg lækningatæki (1)	25 µW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Einstakir sendar geta tengt saman aðliggjandi rásir til þess að auka bandbreidd allt að 100 kHz. Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferlismörk (vi) sem eru 0,1%.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um kerfi sem eru sérstaklega hönnuð í þeim tilgangi að veita stafræn samskipti, sem ekki eru raddflutningur, milli virkra, ígræðanlegra lækningatækja (7) og/eða búnaðar sem menn bera á sér og annars búnaðar utan mannslíkamans sem notaður er til þess að flytja einstaklingsbundnar lífeðlisfræðilegar upplýsingar óháðar tíma sem tengjast sjúklingum.	1. júlí 2014
44a	433,05-434,04 MHz	Almennur skammdrægur búnaður (3)	1 mW e.r.p. og - 13 dBm/10 kHz aflþéttni fyrir bandbreiddarmótun umfram 250 kHz	Raddbúnaður er heimill með þróuðum mildandi aðferðum.	Hljóð- og myndbúnaður er undanskilinn	1. júlí 2014
44b	433,05-434,04 MHz	Almennur skammdrægur búnaður (3)	10 mW e.r.p.	Vinnuferlismörk (vi): 10%	Hliðrænn hljóðbúnaður annar en fyrir rödd er undanskilinn. Hliðrænn myndbúnaður er undanskilinn.	1. júlí 2014

Tíðniband nr.	Tíðnisvið(i)	Flokkur skammdrægs búnaðar(ii)	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttnimörk(iii)	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)(iv)	Aðrar notkunartakmarkanir (v)	Framkvæmdar-frestur
45a	434,04-434,79 MHz	Almennur skammdrægur búnaður (3)	1 mW e.r.p. og - 13 dBm/10 kHz aflþéttni fyrir bandbreiddarmótun umfram 250 kHz	Raddbúnaður er heimill með þróuðum mildandi aðferðum.	Hljóð- og myndbúnaður er undanskilinn	1. júlí 2014
45b	434,04-434,79 MHz	Almennur skammdrægur búnaður (3)	10 mW e.r.p.	Vinnuferlismörk (vi): 10%	Hliðrænn hljóðbúnaður annar en fyrir rödd er undanskilinn. Hliðrænn myndbúnaður er undanskilinn.	1. júlí 2014
45c	434,04-434,79 MHz	Almennur skammdrægur búnaður (3)	10 mW e.r.p.	Vinnuferlismörk (vi): 100% með fyrirvara um að bil milli rása sé allt að 25 kHz. Raddbúnaður er heimill með þróuðum mildandi aðferðum.	Hljóð- og myndbúnaður er undanskilinn	1. júlí 2014
46a	863-865 MHz	Almennur skammdrægur búnaður (3)	25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferlismörk (vi) sem eru 0,1%.	Hliðrænn hljóðbúnaður annar en fyrir rödd er undanskilinn. Hliðrænn myndbúnaður er undanskilinn.	1. júlí 2014
46b	863-865 MHz	Hátt vinnuferli/búnaður með samfellda sendingu(8)	10 mW e.r.p.		Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um þráðlausan hljóð- og margmiðlunarbúnað.	1. júlí 2014
47	865-868 MHz	Almennur skammdrægur búnaður (3)	25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferlismörk (vi) sem eru 1 %.	Hliðrænn hljóðbúnaður annar en fyrir rödd er undanskilinn. Hliðrænn myndbúnaður er undanskilinn.	1. júlí 2014

Tíðniband nr.	Tíðnisvið(i)	Flokkur skammdrægs búnaðar(ii)	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/afl þéttnimörk(iii)	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)(iv)	Aðrar notkunartakmarkanir (v)	Framkvæmdar-frestur
48	868-868,6 MHz	Almennur skammdrægur búnaður (3)	25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferlismörk (vi) sem eru 1%.	Hliðrænn myndbúnaður er undanskilinn.	1. júlí 2014
49	868,6-868,7 MHz	Búnaður með lágt vinnuferli/ mikinn áreiðanleika (15)	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Einnig má nota allt tíðnisviðið sem eina rás fyrir háhraða gagnaflutning. Vinnuferlismörk (vi): 1,0%	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um viðvörunarkerfi.	1. júlí 2014
50	868,7-869,2 MHz	Almennur skammdrægur búnaður (3)	25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferlismörk (vi) sem eru 0,1%.	Hliðrænn myndbúnaður er undanskilinn.	1. júlí 2014
51	869,2-869,25 MHz	Búnaður með lágt vinnuferli/ mikinn áreiðanleika (15)	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz. Vinnuferlismörk (vi): 0,1%	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um neyðarboðabúnað (6).	1. júlí 2014
52	869,25-869,3 MHz	Búnaður með lágt vinnuferli/ mikinn áreiðanleika (15)	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Vinnuferlis-mörk (vi): 0,1%	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um viðvörunarkerfi.	1. júlí 2014
53	869,3-869,4 MHz	Búnaður með lágt vinnuferli/ mikinn áreiðanleika (15)	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Vinnuferlismörk (vi): 1,0%	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um viðvörunarkerfi.	1. júlí 2014

Tíðniband nr.	Tíðnisvið(i)	Flokkur skammdrægs búnaðar(ii)	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttnimörk(iii)	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)(iv)	Aðrar notkunartakmarkanir (v)	Framkvæmdar-frestur
54a	869,4-869,65 MHz	Almennur skammdrægur búnaður (3)	25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferlismörk (vi) sem eru 0,1%.	Hliðrænn hljóðbúnaður annar en fyrir rödd er undanskilinn. Hliðrænn myndbúnaður er undanskilinn.	1. júlí 2014
54b	869,4-869,65 MHz	Almennur skammdrægur búnaður (3)	500 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferlismörk (vi) sem eru 10%.	Hliðrænn myndbúnaður er undanskilinn.	1. júlí 2014
55	869,65-869,7 MHz	Búnaður með lágt vinnuferli/ mikinn áreiðanleika (15)	25 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Vinnuferlismörk (vi): 10%	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um viðvörunarkerfi.	1. júlí 2014
56a	869,7-870 MHz	Almennur skammdrægur búnaður (3)	5 mW e.r.p.	Raddbúnaður er heimill með þröuðum mildandi aðferðum.	Hljóð- og myndbúnaður er undanskilinn	1. júlí 2014
56b	869,7-870 MHz	Almennur skammdrægur búnaður (3)	25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferlismörk (vi) sem eru 1%.	Hliðrænn hljóðbúnaður annar en fyrir rödd er undanskilinn. Hliðrænn myndbúnaður er undanskilinn.	1. júlí 2014
57a	2400-2483,5 MHz	Almennur skammdrægur búnaður (3)	10 mW virkt, einsátta útgeislað afl (e.i.r.p.)			1. júlí 2014

Tíðniband nr.	Tíðnisvið(i)	Flokkur skammdrægs búnaðar(ii)	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttnimörk(iii)	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)(iv)	Aðrar notkunartakmarkanir (v)	Framkvæmdar-frestur
57b	2400-2483,5 MHz	Þráðlaus staðsetningar-búnaður (9)	25 mW e.i.r.p.			1. júlí 2014
57c	2400-2483,5 MHz	Búnaður sem notast við gagnasendingu um breiðband (16)	100 mW e.i.r.p. og 100 mW/100 kHz þéttni skilvirkrar, einsátta útgeislunar (e.i.r.p.) á við þegar tíðniflöktsmótun er notuð, 10 mW/MHz þéttni á við þegar aðrar gerðir mótunar eru notaðar	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.		1. júlí 2014
58	2446-2454 MHz	Búnaður til auðkenningar með örmerkjum (RFID) (12)	500 mW e.i.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.		1. júlí 2014
59	2483,5-2500 MHz	Virk, ígræðanleg lækninga-tæki (1)	10 mW e.i.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Bil milli rása: 1 MHz. Einnig má nota allt tíðnisviðið með virkum hætti sem eina rás fyrir háhraða gagnaflutninga. Vinnuferlismörk (vi) upp á 10%.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um virk, ígræðanleg lækningatæki (7). Aðaleiningar jaðarbúnaðar eru aðeins til notkunar innanhúss.	1. júlí 2014
60	4500-7000 MHz	Þráðlaus staðsetningar-búnaður (9)	24 dBm e.i.r.p. (19)	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um ratsjá til að mæla magn í geymum (10).	1. júlí 2014

Tíðniband nr.	Tíðnisvið([i])	Flokkur skammdrægs búnaðar([ii])	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttnimörk([iii])	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)([iv])	Aðrar notkunartakmarkanir ([v])	Framkvæmdar-frestur
61	5725-5875 MHz	Almennur skammdrægur búnaður ([3])	25 mW e.i.r.p.			1. júlí 2014
62	5795-5805 MHz	Búnaður fyrir fjarvirkni í flutningum og í umferð ([13])	2 W e.i.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um notkun vegtolla.	1. júlí 2014
63	6000-8500 MHz	Þráðlaus staðsetningarbúnaður ([9])	7 dBm/50 MHz toppgildi e.i.r.p. og – 33 dBm/MHz meðalgildi e.i.r.p.	Notast skal við kröfur um sjálfvirka aflstýringu og loftnet sem og jafngildar aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um ratsjá til að mæla magn. Virða skal bannsvæði sem komið er á í kringum útvarpsstjörnufræðistöðvar.	1. júlí 2014
64	8500-10 600 MHz	Þráðlaus staðsetningarbúnaður ([9])	30 dBm e.i.r.p. ([19])	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um ratsjá til að mæla magn í geymum ([10]).	1. júlí 2014
65	17,1-17,3 GHz	Þráðlaus staðsetningarbúnaður ([9])	26 dBm e.i.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um kerfi á jörðu niðri.	1. júlí 2014

Tíðniband nr.	Tíðnisvið(i)	Flokkur skammdrægs búnaðar(ii)	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttnimörk(iii)	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)(iv)	Aðrar notkunartakmarkanir (v)	Framkvæmdar-frestur
66	24,05-24,075 GHz	Búnaður fyrir fjarvirkni í flutningum og í umferð ([13])	100 mW e.i.r.p.			1. júlí 2014
67	24,05-26,5 GHz	Þráðlaus staðsetningar-búnaður ([9])	26 dBm/50 MHz toppgildi e.i.r.p. og – 14 dBm/MHz meðalgildi e.i.r.p.	Notast skal við kröfur um sjálfvirka aflstýringu og loftnet sem og jafngildar aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um ratsjá til að mæla magn. Virða skal bannsvæði sem komið er á í kringum útvarpsstjörnufræðistöðvar.	1. júlí 2014
68	24,05-27 GHz	Þráðlaus staðsetningar-búnaður ([9])	43 dBm e.i.r.p. ([19])	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um ratsjá til að mæla magn í geymum ([10]).	1. júlí 2014
69a	24,075-24,15 GHz	Búnaður fyrir fjarvirkni í flutningum og í umferð ([13])	100 mW e.i.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Viðstöðutímar og tíðnimótunarbil gilda eins og tilgreint er í samhæfðum stöðlum.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um ratsjá fyrir ökutæki til nota á jörðu niðri.	1. júlí 2014
69b	24,075-24,15 GHz	Búnaður fyrir fjarvirkni í flutningum og í umferð ([13])	0,1 mW e.i.r.p.			1. júlí 2014
70a	24,15-24,25 GHz	Almennur skammdrægur búnaður ([3])	100 mW e.i.r.p.			1. júlí 2014

Tíðniband nr.	Tíðnisvið(i)	Flokkur skammdrægs búnaðar(ii)	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttnimörk(iii)	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)(iv)	Aðrar notkunartakmarkanir (v)	Framkvæmdar-frestur
70b	24,15-24,25 GHz	Búnaður fyrir fjarvirkni í flutningum og í umferð ([13])	100 mW e.i.r.p.			1. júlí 2014
71	24,25-24.495 GHz	Búnaður fyrir fjarvirkni í flutningum og í umferð ([13])	– 11 dBm e.i.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Takmarkanir á vinnu-ferli (vi) og tíðnimótunarbil gilda eins og tilgreint er í samhæfðum stöðlum.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um ratsjár fyrir ökutæki til nota á jörðu niðri sem notaðar eru á samhæfða 24 GHz tíðnisviðinu.	1. júlí 2014
72	24,25-24,5 GHz	Búnaður fyrir fjarvirkni í flutningum og í umferð ([13])	20 dBm e.i.r.p. (ratsjá sem snýr fram) 16 dBm e.i.r.p. (ratsjá sem snýr aftur)	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Takmarkanir á vinnu-ferli (vi) tíðnimótunarbil gilda eins og tilgreint er í samhæfðum stöðlum.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um ratsjár fyrir ökutæki til nota á jörðu niðri sem notaðar eru á samhæfða 24 GHz tíðnisviðinu.	1. júlí 2014
73	24,495-24,5 GHz	Búnaður fyrir fjarvirkni í flutningum og í umferð ([13])	– 8 dBm e.i.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Takmarkanir á vinnu-ferli (vi) og tíðnimótunarbil gilda eins og tilgreint er í samhæfðum stöðlum.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um ratsjár fyrir ökutæki til nota á jörðu niðri sem notaðar eru á samhæfða 24 GHz tíðnisviðinu.	1. júlí 2014

Tíðniband nr.	Tíðnisvið([i])	Flokkur skammdrægs búnaðar([ii])	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttnimörk([iii])	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)([iv])	Aðrar notkunartakmarkanir ([v])	Framkvæmdar-frestur
74a	57-64 GHz	Almennur skammdrægur búnaður ([3])	100 mW e.i.r.p., hámarkssendiafl upp á 10 dBm og hámarks e.i.r.p. afl með litrófsþéttleika upp á 13 dBm/ MHz			1. júlí 2014
74b	57-64 GHz	Þráðlaus staðsetningarbúnaður ([9])	43 dBm e.i.r.p. ([19])	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um ratsjá til að mæla magn í geymum ([10]).	1. júlí 2014
74c	57-64 GHz	Þráðlaus staðsetningarbúnaður ([9])	35 dBm/50 MHz toppgildi e.i.r.p. og – 2 dBm/MHz meðalgildi e.i.r.p.	Notast skal við kröfur um sjálfvirka aflstýringu og loftnet sem og jafngildar aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um ratsjá til að mæla magn.	1. júlí 2014
75	57-66 GHz	Búnaður sem notast við gagnasendingu um breiðband ([16])	40 dBm e.i.r.p. og 13 dBm/ MHz þéttni skilvirkrar, einsátta útgeislunar (e.i.r.p.)	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.	Fastur búnaður utandyra er undanskilinn.	1. júlí 2014
76	61-61,5 GHz	Almennur skammdrægur búnaður ([3])	100 mW e.i.r.p.			1. júlí 2014
77	63-64 GHz	Búnaður fyrir fjarvirkni í flutningum og í umferð ([13])	40 dBm e.i.r.p.		Þessi notkunarskilyrði gilda eingöngu fyrir kerfi fyrir fjarskipti úr ökutæki í ökutæki, ökutæki í grunnvirki og grunnvirki í ökutæki.	1. júlí 2014

Tíðniband nr.	Tíðnisvið([i])	Flokkur skammdrægs búnaðar([ii])	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/aflþéttnimörk([iii])	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)([iv])	Aðrar notkunartakmarkanir ([v])	Framkvæmdar-frestur
78a	75-85 GHz	Þráðlaus staðsetningar-búnaður ([9])	34 dBm/50 MHz toppgildi e.i.r.p. og – 3 dBm/MHz meðalgildi e.i.r.p.	Notast skal við kröfur um sjálfvirka aflstýringu og loftnet sem og jafngildar aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um ratsjá til að mæla magn. Virða skal bannsvæði sem komið er á í kringum útvarpsstjörnufræðistöðvar.	1. júlí 2014
78b	75-85 GHz	Þráðlaus staðsetningar-búnaður ([9])	43 dBm e.i.r.p. ([19])	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.	Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um ratsjá til að mæla magn í geymum ([10]).	1. júlí 2014
79	76-77 GHz	Búnaður fyrir fjarvirkni í flutningum og í umferð ([13])	55 dBm toppgildi skilvirkrar, einsátta útgeislunar (e.i.r.p.) og 50 dBm meðaltal skilvirkrar, einsátta útgeislunar og 23.5 dBm meðaltal skilvirkrar, einsátta útgeislunar fyrir púlsratsjár		Þessi notkunarskilyrði gilda eingöngu fyrir kerfi í ökutækjum og grunnvirkjum til nota á jörðu niðri.	1. júlí 2014
80	122-123 GHz	Almennur skammdrægur búnaður ([3])	100 mW e.i.r.p.			1. júlí 2014
81	244-246 GHz	Almennur skammdrægur búnaður ([3])	100 mW e.i.r.p.			1. júlí 2014

([i]) Aðildarríki skulu heimila notkun aðliggjandi tíðnisviða innan þessarar töflu sem eins tíðnisviðs svo framarlega sem sérstök skilyrði hvers aðliggjandi tíðnisviðs eru uppfyllt.

([ii]) Eins og skilgreint er í 3. mgr. 2. gr.

([iii]) Aðildarríkin skulu heimila notkun tíðnirófsins að því sendiafli, sviðsstyrk eða aflþéttni sem tilgreind er í töflunni. Í samræmi við 3. mgr. 3. gr. mega þau setja rýmri skilyrði, t.d. leyfa notkun á tíðnirófi með meira sendiafl, sviðsstyrk eða aflþéttni, að því tilskildu að þetta dragi ekki úr eða stefni í hættu að skammdrægur búnaðar geti verið til staðar samhliða með viðeigandi hætti á tíðnisviðum sem samhæfð eru með þessari ákvörðun.

([iv]) Aðildarríkjum er aðeins heimilt að leggja á þessar „viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)“, og skulu ekki bæta við öðrum breytum eða skilyrðum fyrir aðgangi að tíðnirófi og kröfum um mildandi aðgerðir. Með rýmri skilyrðum, í þeirri merkingu sem fram kemur í 3. mgr. 3. gr. er átt við að aðildarríkin geti alfarið sleppt „Viðbótarbreytum (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)“ í tilteknum reit eða leyft hærri gildi, að því tilskildu að viðeigandi samnýtingarumhverfi í samhæfðu tíðnisviði sé ekki stefnt í hættu.

([v]) Aðildarríkjunum er aðeins heimilt að leggja á þessar „aðrar notkunartakmarkanir“, og skulu ekki bæta við frekari notkunartakmörkunum. Þar sem innleiða má rýmri skilyrði í skilningi 3. mgr. 3. gr. geta aðildarríki sleppt einni eða öllum af þessum takmörkunum, að því tilskildu að það stefni viðeigandi samnýtingarumhverfi á samhæfðu tíðnibandi ekki í hættu.

([vi]) „Vinnuferli“: hlutfall virks sendingartíma búnaðar af hverri klukkustund sem stakur búnaður sendir. Rýmri skilyrði í skilningi 3. mgr. 3. gr. hafa í för með sér að aðildarríkin geta leyft hærra gildi fyrir „vinnuferli“.

(1) Flokkur fyrir virk, ígræðanleg lækningatæki nær yfir virk ígræðanleg lækningatæki sem nota útvarpsbylgjur og fyrirhugað er koma fyrir í líkama einstaklings eða dýrs að hluta til eða fullu, með skurðaðgerð eða annars konar læknisaðgerð, og eftir atvikum yfir jaðarbúnað.

(2) „Ígræðanleg tæki fyrir dýr“ nær yfir sendibúnað sem komið er fyrir í líkama dýrs í þeim tilgangi að framkvæma sjúkdómsgreiningar og/eða veita læknismeðferð.

(3) Flokkur fyrir almennan skammdrægan búnað nær yfir alls konar fjarskiptabúnað, óháð notkun eða tilgangi sem uppfyllir tækniskilyrði eins og tilgreint er fyrir tilgreint tíðniband. Dæmigerð notkun felur í sér almenna fjarmælingu, samtalskerfi, viðvörun, gagnasendingu og aðra notkun.

(4) Flokkur fyrir heyrnartæki nær yfir þráðlaus fjarskiptakerfi sem gera heyrnarskertum einstaklingum kleift að heyra betur. Dæmigerð kerfi fela í sér einn eða fleiri senda fyrir þráðlaus fjarskipti og eitt eða fleiri móttökutæki fyrir þráðlaus fjarskipti.

(5) Flokkur fyrir mælibúnað nær yfir fjarskiptabúnað sem er hluti af tvíátta þráðlausu fjarskiptakerfi sem gerir fjarvöktun, fjarmælingu og flutning gagna á grunnvirki snjallneta mögulega, s.s. fyrir rafmagn, gas og vatn.

(6) „Neyðarboðabúnaður“: þráðlaus fjarskiptakerfi sem gera áreiðanleg samskipti möguleg fyrir einstaklinga sem eru í vanda staddir á afmörkuðu svæði þannig að þeir geti kallað eftir aðstoð. Dæmigerð notkun neyðarboðabúnaðar felur í sér aðstoð við aldraða eða fatlaða.

(7) „Virk ígræðanleg lækningatæki“ eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 90/385/EB frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki (Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17).

(8) Flokkur fyrir búnað með hátt vinnuferli/samfellda sendingu nær yfir fjarskiptabúnað sem hefur lítinn biðtíma og hátt vinnuferli fyrir sendingar. Dæmigerð notkun er fyrir einstaklingsmiðuð kerfi fyrir þráðlaust streymi hljóðs og margmiðlunar, farsíma, afþreyingarkerfi til notkunar í vélknúnum ökutækjum eða heima fyrir, þráðlausa hljóðnema, þráðlausa hátalara, þráðlaus heyrnartól, fjarskiptabúnað á einstaklingum, heyrnartæki, hlustunarbúnað í eyra, þráðlausa hljóðnema fyrir tónleika eða aðrar sviðsuppfærslur og lágafls, hliðræna FM-senda (tíðniband 36).

(9) Flokkur fyrir þráðlausan staðsetningarbúnað nær yfir staðsetningarbúnað sem notaður er til að ákvarða stöðu, hraða og/eða aðra eiginleika hlutar, eða til að fá upplýsingar sem tengjast slíkum breytum. Dæmigerð notkun eru margs konar mælingar.

(10) Ratsjá sem mælir magn í geymum er tiltekin gerð staðsetningarákvörðunarbúnaðar, sem notuð eru til mælinga á yfirborðshæð í tönkum og sett upp í málmtönkum, styrktum steyputönkum eða svipuðum mannvirkjum úr efni með sambærilega deyfingareiginleika. Tankurinn er ætlaður fyrir efni.

(11) „Stjórnbúnaðar fyrir líkön“: sérstök tegund fjarskipunarbúnaðar og fjarskiptabúnaðar fyrir fjarmælingu sem notaður eru til að fjarstýra hreyfingum líkana úr fjarlægð (aðallega minnkaðra eftirlíkinga af ökutækjum) í lofti, á landi eða yfir eða undir vatnsyfirborði.

(12) Flokkur búnaðar til auðkenningar með örmerkjum (RFID) nær yfir búnað til auðkenningar með örmerkjum sem byggir á merkjum eða spyrjendum og samanstendur af fjarskiptabúnaði (merkjum) sem festur er á lifandi eða dauða hluti og sendum/móttökubúnaði (spyrjendum) sem virkja merkin og taka við gögnum frá þeim. Dæmigerð notkun felur í sér að rekja og auðkenna hluti, s.s. rafrænt eftirlit með vörum og að afla og senda gögn varðandi hlutina sem merki eru fest á og geta verið án rafhlaðna, gengið með aðstoð rafhlaðna eða gengið fyrir rafhlöðum. Svörun frá merki er fullgild af spyrjanda og henni komið áfram til hýsikerfis.

(13) Flokkur búnaðar fyrir fjarvirkni í flutningum og í umferð tekur til fjarskiptabúnaðar sem notaður er við flutningastarfsemi (á vegum, járnbrautum, vatni eða í lofti, með hliðsjón af viðeigandi tæknilegum takmörkunum), umferðarstjórnun, siglingar, stjórnun samgöngumála og skynvædd flutningakerfi. Dæmigerð notkun er í skilflötum á milli ólíkra flutningsleiða, samskipti á milli ökutækja (t.d. úr bifreið í bifreið), á milli ökutækja og fastra staðsetninga (t.d. úr bifreið í grunnvirki) sem og fyrir samskipti frá og til notenda.

(14) Flokkur fyrir spanbúnað nær yfir fjarskiptabúnað sem notast við segulsvið með spanhringrásarkefi fyrir nærsviðsfjarskipti. Hefðbundin notkun felur í sér ræsivarnarbúnað í bílum, auðkenningu dýra, viðvörunarkerfi, kapalleit, meðhöndlun úrgangs, persónuleg auðkenni, þráðlaust talsamband, aðgangsstýringar, nándarnema, þjófavarnarkerfi þ.á. m. spankerfi á útvarpstíðni, gagnaflutning í lófabúnað, sjálfvirka auðkenningu á vörum, þráðlaus stjórnkerfi og sjálfvirka greiðslu vegatolla.

(15) Flokkur fyrir búnað með lágt vinnuferli/mikinn áreiðanleika nær yfir fjarskiptabúnað sem miðar við reglur um lága heildarnýtingu tíðnirófsins og lágt vinnuferli til að tryggja mjög áreiðanlegan aðgang að tíðnirófi og sendingum á sameiginlegum tíðniböndum. Dæmigerð notkun felur í sér viðvörunarkerfi sem nota þráðlaus fjarskipti til að gefa til kynna viðvörunarástand á fjarlægum stað og viðvörunarkerfi fyrir fólk sem gerir áreiðanleg samskipti möguleg fyrir einstaklinga sem eru í vanda staddir.

(16) Flokkur fyrir búnað sem notast við gagnasendingu um breiðband nær yfir fjarskiptabúnað sem notast við mótunaraðferðir fyrir breiðband til að fá aðgang að tíðnirófinu. Dæmigerð notkun felur í sér þráðlaus aðgangskerfi svo sem þráðlaust staðarnet (þráðlaus aðgangskerfi, þ.m.t. þráðlaus staðarnet).

(17) Á tíðnibandi 20 gildir hærri sviðsstyrkur og viðbótarnotkunartakmarkanir fyrir spanbúnað.

(18) Á tíðniböndum 22a, 24, 25, 27a og 28a gildir hærri sviðsstyrkur og viðbótarnotkunartakmarkanir fyrir spanbúnað.

(19) Aflviðmiðunarmörkin eiga við inni í lokuðum tanki og samsvara litrófsþéttleika – 41,3 dBm/MHz e.i.r.p. fyrir utan 500 lítra prófunartank.“

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2016/EES/05/17

frá 12. desember 2011

um reglur um tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2004/107/EB og 2008/50/EB að því er varðar gagnkvæm skipti á upplýsingum og skýrslugjöf um gæði andrúmslofts

(tilkynnt með númeri C(2011) 9068)

(2011/850/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/107/EB frá 15. desember 2004 um arsen, kadmíum, kvikasilfur, nikkel og fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í andrúmslofti ([1]), einkum 4. mgr. 5. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/50/EB frá 21. maí 2008 um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu ([2]), einkum 2. mgr. 28. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2004/107/EB er mælt fyrir um markgildi sem skal uppfylla fyrir tiltekinn dag, ákvarðaðar sameiginlegar aðferðir og viðmiðanir til að meta skráð mengunarefni, mælt fyrir um upplýsingar sem þarf að senda framkvæmdastjórninni og séð til þess að fullnægjandi upplýsingar um styrkleika þessara mengunarefna séu gerðar aðgengilegar almenningi. Í tilskipuninni er þess krafist að samþykkt sé nákvæmt fyrirkomulag upplýsingagjafar að því er varðar gæði andrúmslofts.

2) Í tilskipun 2008/50/EB er settur rammi fyrir mat og stjórn á gæðum andrúmslofts. Í henni er kveðið á um að mæla skuli fyrir um upplýsingarnar um gæði andrúmslofts ásamt tímamörkum aðildarríkjanna til að gera upplýsingarnar aðgengilegar að því er varðar skýrslugjöf og gagnkvæm skipti á upplýsingum um gæði andrúmslofts. Í henni er einnig krafist að tilgreindar séu leiðir til að hagræða skýrslugjöf og miðlun slíkra upplýsinga.

3) Í ákvörðun ráðsins 97/101/EB frá 27. janúar 1997 um að taka upp gagnkvæm skipti á upplýsingum og gögnum frá netkerfum og einstökum stöðvum sem mæla loftmengun í aðildarríkjunum ([3]) eru tilgreindar þær upplýsingar um loftgæði sem aðildarríkin skulu veita með tilliti til gagnkvæmra upplýsingaskipta.

4) Í tilskipun 2008/50/EB er kveðið á um að ákvörðun 97/101/EB skuli felld úr gildi frá og með lokum annars almanaksárs eftir gildistöku framkvæmdarráðstafana um sendingu upplýsinga og skýrslugjöf. Til samræmis við það ættu ákvæði ákvörðunar 97/101/EB að endurspeglast í þessari ákvörðun.

5) Gildissvið þessarar ákvörðunar nær yfir árlega skýrslugjöf um mat á gæðum andrúmslofts og framlagningu upplýsinga um skipulags- og framkvæmdaáætlanir í tengslum við viðmiðunarmörk fyrir tiltekin mengunarefni í andrúmslofti sem falla sem stendur undir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/224/EB frá 20. febrúar 2004 um tilhögun við framlagningu upplýsinga um skipulags- eða framkvæmdaáætlanir sem krafist er samkvæmt tilskipun ráðsins 96/62/EB með tilliti til viðmiðunarmarka fyrir tiltekin mengunarefni í andrúmslofti ([4]) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/461/EB frá 29. apríl 2004 um spurningalista sem nota skal í tengslum við árlega skýrslugjöf um mat á gæðum andrúmslofts samkvæmt tilskipunum ráðsins 96/62/EB og 1999/30/EB og samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/69/EB og 2002/3/EB ([5]). Til að tryggja gagnsæi og samræmi í löggjöf Sambandsins ætti því að fella þessar ákvarðanir úr gildi til samræmis við það.

6) Framkvæmdastjórnin ætti, með aðstoð Umhverfisstofnunar Evrópu, að koma á fót tengibúnaði, sem nefnist gátt um gæði andrúmslofts, þar sem aðildarríkin ættu að gera upplýsingar um loftgæði aðgengilegar og þar sem almenningur hefur aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem aðildarríkin gera aðgengilegar.

7) Til að hagræða magni þeirra upplýsinga sem aðildarríkin gera aðgengilegar, hámarka notagildi slíkra upplýsinga og draga úr stjórnsýslubyrði ætti aðildarríkjunum að vera skylt að gera upplýsingarnar aðgengilegar á stöðluðu, tölvutæku formi. Framkvæmdastjórnin ætti, með aðstoð Umhverfisstofnunar Evrópu, að þróa slíkt staðlað, tölvutækt form í samræmi við kröfurnar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) ([6]). Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2011, bls. 86. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2015 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 23, 26.1.2005, bls. 3.

([2]) Stjtíð. ESB L 152, 11.6.2008, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 35, 5.2.1997, bls. 14.

([4]) Stjtíð. ESB L 68, 6.3.2004, bls. 27.

([5]) Stjtíð. ESB L 156, 30.4.2004, bls. 78.

([6]) Stjtíð. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

8) Í því skyni að draga úr stjórnsýslubyrði og hættu á skekkjum ættu aðildarríkin að nota rafrænt tól á Netinu, sem er aðgengilegt gegnum gáttina um gæði andrúmslofts, þegar þau gera upplýsingarnar aðgengilegar. Nota ætti tólið til að athuga samkvæmni upplýsinganna, gæði gagna og til að taka saman frumgögn. Þegar þess er krafist í þessari ákvörðun að upplýsingar séu gerðar aðgengilegar í samanteknu formi ætti því að nota tólið við þessa samantekt. Aðildarríkin ættu að geta notað tólið óháð því að gera upplýsingar um gæði andrúmslofts aðgengilegar framkvæmdastjórninni til að uppfylla skýrslugjafarkröfu eða skiptast á gögnum um gæði andrúmslofts.

9) Umhverfisstofnun Evrópu ætti að aðstoða framkvæmdastjórnina, eins og við á, við stjórn gáttarinnar um gæði andrúmslofts og þróun tólsins að því er varðar samkvæmni upplýsinga, gæði gagna og samantekt frumgagna. Umhverfisstofnun Evrópu ætti einkum að aðstoða framkvæmdastjórnina við vöktun gagnasafnsins sem og við greiningu í tengslum við uppfyllingu aðildarríkjanna á skuldbindingum sínum samkvæmt tilskipunum 2004/107/EB og 2008/50/EB.

10) Nauðsynlegt er að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin afli uppfærðra upplýsinga um loftgæði, skiptist á þeim og meti þær í því skyni að skilja betur áhrif vegna loftmengunar og til að móta viðeigandi stefnu. Í því skyni að greiða fyrir meðhöndlun og samanburði á uppfærðum upplýsingum um loftgæði ætti að gera uppfærðu upplýsingarnar aðgengilegar framkvæmdastjórninni á sama staðlaða forminu og fullgilt gögn, innan hæfilegs frests eftir að þær voru gerðar aðgengilegar almenningi.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um gæði andrúmslofts.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari ákvörðun eru settar reglur til framkvæmdar tilskipunum 2004/107/EB og 2008/50/EB að því er varðar:

a) skuldbindingar aðildarríkjanna til að leggja fram skýrslu um mat og stjórn gæða andrúmslofts,

b) gagnkvæm upplýsingaskipti aðildarríkjanna er varða netkerfi og stöðvar og mælingar á loftgæðum frá þeim stöðvum sem aðildarríkin velja til gagnkvæmra upplýsingaskipta úr þeim stöðvum sem fyrir eru.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari ákvörðun gilda eftirfarandi skilgreiningar auk þeirra skilgreininga sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 2004/107/EB, 3. gr. tilskipunar 2007/2/EB og 2. gr. og VII. viðauka við tilskipun 2008/50/EB:

1) „stöð“: staðsetning þar sem mælingar fara fram eða sýni eru tekin á einum eða fleiri sýnatökustöðum á sama stað innan svæðis sem er u.þ.b. 100 m^2,

2) „netkerfi“: skipulagseining sem metur gæði andrúmslofts með mælingum á einni eða fleiri stöðvum,

3) „mælitækni“: tæknibúnaður sem er notaður til að mæla eitt mengunarefni eða eitt efnasamband þess á tiltekinni stöð,

4) „mæligögn“: upplýsingar um styrkleika eða ákomu tiltekinna mengunarefna sem fást með mælingum,

5) „gögn úr reiknilíkönum“: upplýsingar um styrkleika eða ákomu tiltekinna mengunarefna sem fást með tölulegri hermun efnislegs veruleika,

6) „gögn úr hlutlægu mati“: upplýsingar um styrk eða ákomu tiltekins mengunarefnis sem fást með sérfræðigreiningu og geta falið í sér notkun á tölfræðilegum tækjum,

7) „frumgögn“: upplýsingar um styrkleika eða ákomu tiltekinna mengunarefna við mestu tímaupplausn sem gefin er upp í þessari ákvörðun,

8) „uppfærð frumgögn úr mati“: frumgögn sem er safnað með þeirri tíðni sem hentar fyrir matsaðferðina fyrir hvert tiltekið mengunarefni og eru gerð aðgengileg almenningi án tafar,

9) „gátt um gæði andrúmslofts“: vefsíða sem framkvæmdastjórnin hefur umsjón með, með aðstoð Umhverfisstofnunar Evrópu, þar sem finna má upplýsingar í tengslum við framkvæmd þessarar ákvörðunar, þ.m.t. gagnasafnið,

10) „gagnasafn“: upplýsingakerfi, sem tengist gáttinni um gæði andrúmslofts og Umhverfisstofnun Evrópu hefur umsjón með, sem inniheldur upplýsingar og gögn um loftgæði, sem eru gerð aðgengileg með landsbundinni skýrslugjöf, og upplýsingaskiptatengipunkta undir stjórn aðildarríkjanna,

11) „gagnategund“: lýsir, sem sambærileg gögn sem notuð eru í mismunandi tilgangi eru flokkuð eftir, eins og sett er fram í A-hluta II. viðauka við þessa ákvörðun,

12) „umhverfismarkmið“: markmið er varðar gæði andrúmslofts sem skal ná innan tilskilins tímabils eða, ef unnt er, á tilteknu tímabili eða til lengri tíma eins og mælt er fyrir um í tilskipunum 2004/107/EB og 2008/50/EB.

II. KAFLI

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI UM FERLI VIÐ SENDINGU UPPLÝSINGA OG UM GÆÐAEFTIRLIT

3. gr.

Gátt um gæði andrúmslofts og gagnasafn

1. Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð Umhverfisstofnunar Evrópu, setja á stofn gagnagrunn og gera hann aðgengilegan gegnum gáttina um gæði andrúmslofts (hér á eftir nefnd gáttin).

2. Aðildarríkin skulu gera upplýsingarnar, sem eru notaðar til skýrslugjafar og gagnkvæmra upplýsingaskipta, aðgengilegar gagnasafninu í samræmi við 5. gr.

3. Umhverfisstofnun Evrópu skal hafa umsjón með gagnasafninu.

4. Almenningur skal hafa aðgang að gagnasafninu án endurgjalds.

5. Hvert aðildarríki skal tilnefna einstakling eða einstaklinga sem bera ábyrgð á afhendingu upplýsinga, sem hefur verið tilkynnt um og skipst á, fyrir þeirra hönd í gagnasafnið. Aðeins tilnefndir einstaklingar skulu gera upplýsingarnar, sem skal tilkynna um eða skiptast á, aðgengilegar.

6. Hvert aðildarríki skal tilkynna nafn einstaklingsins eða einstaklinganna sem um getur í 5. mgr. til framkvæmdastjórnarinnar.

4. gr.

Kóðun upplýsinga

Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð Umhverfisstofnunar Evrópu, gera aðildarríkjunum aðgengilega í gáttinni staðlaða, tölvutæka lýsingu um það hvernig skuli kóða upplýsingarnar sem krafist er með þessari ákvörðun.

5. gr.

Aðferð til að gera upplýsingar aðgengilegar

1. Aðildarríkin skulu gera upplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt þessari ákvörðun, aðgengilegar gagnasafninu í samræmi við kröfurnar um gögn sem settar eru fram í A-hluta I. viðauka. Rafrænt tól skal vinna þessar upplýsingar á sjálfvirkan hátt.

2. Nota skal tólið, sem um getur í 1. mgr., í eftirfarandi tilgangi:

a) til að athuga samkvæmni upplýsinganna sem skal gera aðgengilegar,

b) til að athuga frumgögn með tilliti til sértækra markmiða um gæði gagna sem tilgreind eru í IV. viðauka við tilskipun 2004/107/EB og I. viðauka við tilskipun 2008/50/EB,

c) til að taka saman frumgögn samkvæmt reglunum sem settar eru fram í I. viðauka við þessa ákvörðun og VII. og XI. viðauka við tilskipun 2008/50/EB.

3. Ef gera á samantekin gögn aðgengileg skv. 6. til 14. gr. skulu þau fást með tólinu sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

4. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta viðtöku upplýsinganna.

5. Ef aðildarríki vill uppfæra upplýsingar skal það lýsa muninum á uppfærðu upplýsingunum og þeim upprunalegu og ástæðunum fyrir uppfærslunni þegar það gerir uppfærðu upplýsingarnar aðgengilegar í gagnasafninu.

Framkvæmdastjórnin skal staðfesta viðtöku uppfærðu upplýsinganna. Í kjölfar staðfestingarinnar skal líta svo á að uppfærðu upplýsingarnar séu opinberar upplýsingar.

III. KAFLI

UPPLÝSINGAR AÐILDARRÍKJANNA UM GÆÐI ANDRÚMSLOFTS GERÐAR AÐGENGILEGAR

6. gr.

Svæði og þéttbýlisstaðir

1. Í samræmi við tilhögunina, sem um getur í 5. gr. þessarar ákvörðunar, skulu aðildarríkin gera aðgengilegar upplýsingarnar sem settar eru fram í B-hluta II. viðauka við þessa ákvörðun um afmörkun og tegund svæða og þéttbýlisstaða sem komið er á í samræmi við 3. gr. tilskipunar 2004/107/EB og 4. gr. tilskipunar 2008/50/EB og þar sem mat og stjórn á loftgæðum skal fara fram á næsta almanaksári.

Að því er varðar svæði og þéttbýlisstaði sem falla undir undanþágu eða frestun skv. 22. gr. tilskipunar 2008/50/EB skulu upplýsingarnar, sem gerðar eru aðgengilegar, innihalda vísun til þess.

2. Aðildarríkin skulu gera upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., aðgengilegar framkvæmdastjórninni eigi síðar en 31. desember á hverju almanaksári. Aðildarríkin geta tekið fram að engar breytingar hafi verið gerðar á upplýsingum sem hafa áður verið gerðar aðgengilegar.

3. Ef breytingar eru gerðar á afmörkun og tegund svæða og þéttbýlisstaða skulu aðildarríkin upplýsa framkvæmdastjórnina um það eigi síðar en níu mánuðum eftir lok almanaksársins þegar breytingarnar voru gerðar.

7. gr.

Matsfyrirkomulag

1. Í samræmi við tilhögunina, sem um getur í 5. gr. þessarar ákvörðunar, skulu aðildarríkin gera aðgengilegar upplýsingarnar, sem settar eru fram í C-hluta II. viðauka, um matsfyrirkomulagið sem skal beita á næsta almanaksári fyrir hvert mengunarefni innan einstakra svæða og þéttbýlisstaða í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2004/107/EB og 5. og 9. gr. tilskipunar 2008/50/EB.

2. Aðildarríkin skulu gera upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., aðgengilegar framkvæmdastjórninni eigi síðar en 31. desember á hverju almanaksári. Aðildarríkin geta tekið fram að engar breytingar hafi verið gerðar á upplýsingum sem hafa áður verið gerðar aðgengilegar.

8. gr.

Aðferðir til að sýna og draga frá þegar farið er yfir mörk vegna náttúrulegra upptaka eða sandburðar eða söltunar að vetrarlagi

1. Í samræmi við tilhögunina, sem um getur í 5. gr. þessarar ákvörðunar, skulu aðildarríkin gera aðgengilegar upplýsinganar, sem settar eru fram í D-hluta II. viðauka, um aðferðirnar sem eru notaðar til að sýna og draga frá þegar farið er yfir mörk vegna náttúrulegra upptaka eða sandburðar eða söltunar að vetrarlagi á einstaka svæðum og þéttbýlisstöðum í samræmi við og 20. og 21. gr. tilskipunar 2008/50/EB.

2. Aðildarríkin skulu gera upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., aðgengilegar framkvæmdastjórninni fyrir heilt almanaksár eigi síðar en níu mánuðum eftir lok hvers almanaksárs.

9. gr.

Matsaðferðir

1. Í samræmi við tilhögunina, sem um getur í 5. gr. þessarar ákvörðunar, skulu aðildarríkin gera aðgengilegar upplýsingarnar, sem settar eru fram í D-hluta II. viðauka, um gæði og rekjanleika matsaðferðanna sem eru notaðar.

2. Aðildarríkin skulu gera upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., aðgengilegar framkvæmdastjórninni fyrir heilt almanaksár eigi síðar en níu mánuðum eftir lok hvers almanaksárs.

3. Ef fastar mælingar eru skyldubundnar á tilteknu svæði eða þéttbýlisstað skv. 4. gr. tilskipunar 2004/107/EB og 6. og 9. gr. og 10. gr. (6. mgr.) tilskipunar 2008/50/EB skulu upplýsingarnar a.m.k. innihalda eftirfarandi:

a) mælitækni,

b) staðfestingu á jafngildi ef aðferðin, sem notuð er, er ekki tilvísunaraðferð,

c) staðsetningu sýnatökustaðarins, lýsingu á honum og flokkun hans,

d) skjalfestingu á gæðum gagna.

4. Ef leiðbeinandi mælingar eru gerðar á tilteknu svæði eða þéttbýlisstað í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2004/107/EB og 6. og 9. gr. og 10. gr. (6. mgr.) tilskipunar 2008/50/EB skulu upplýsingarnar a.m.k. innihalda eftirfarandi:

a) mæliaðferðina sem var notuð,

b) sýnatökustaðina og umfang svæðisins,

c) fullgildingaraðferð,

d) skjalfestingu á gæðum gagna.

5. Ef reiknilíkön eru notuð á tilteknu svæði eða þéttbýlisstað í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2004/107/EB og 6. og 9. gr. tilskipunar 2008/50/EB skulu upplýsingarnar a.m.k. innihalda eftirfarandi:

a) lýsingu á reiknilíkanskerfinu og ílagi þess,

b) fullgildingu líkans með mælingum,

c) umfang svæðisins,

d) skjalfestingu á gæðum gagna.

6. Ef hlutlægt mat á markmiði er gert á tilteknu svæði eða þéttbýlisstað í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2004/107/EB og 6. og 9. gr. tilskipunar 2008/50/EB skulu upplýsingarnar a.m.k. innihalda eftirfarandi:

a) lýsingu á matsaðferðinni,

b) skjalfestingu á gæðum gagna.

7. Aðildarríkin skulu einnig gera aðgengilegar upplýsingarnar, sem settar eru fram í D-hluta II. viðauka, um gæði og rekjanlega þeirra matsaðferða sem notaðar eru fyrir netkerfin og stöðvarnar sem aðildarríkin velja til gagnkvæmra upplýsingaskipta, eins og um getur í b-lið 1. gr., fyrir mengunarefnin sem tilgreind eru í B-hluta I. viðauka og, ef mögulegt er, fyrir viðbótarmengunarefni sem tilgreind eru í C-hluta I. viðauka og viðbótarmengunarefni sem tilgreind eru í gáttinni í þeim tilgangi. Ákvæði 1. til 6. mgr. þessarar greinar skulu gilda um upplýsingar sem skipst hefur verið á

10. gr.

Fullgilt frumgögn úr mati og uppfærð frumgögn úr mati

1. Í samræmi við tilhögunina, sem um getur í 5. gr. þessarar ákvörðunar, skulu aðildarríkin gera aðgengilegar upplýsingarnar, sem settar eru fram í E-hluta II. viðauka, um fullgilt frumgögn úr mati fyrir alla sýnatökustaði þar sem mæligögnum er safnað vegna matsins eins og aðildarríkin tilgreina skv. 9. gr. fyrir mengunarefnin sem tilgreind eru í B- og C-hluta I. viðauka.

Ef reiknilíkön eru notuð á tilteknu svæði eða þéttbýlisstað skulu aðildarríki gera aðgengilegar upplýsingarnar sem settar eru fram í E-hluta II. viðauka með mestu tímaupplausn sem er tiltæk.

2. Fullgiltu frumgögnin úr mati skulu gerð aðgengileg framkvæmdastjórninni fyrir heilt almanaksár sem heildstæð tímaröð eigi síðar en níu mánuðum eftir lok hvers almanaksárs.

3. Aðildarríkin skulu, ef þau nýta möguleikann sem kveðið er á um í 20 gr. (2. mgr.) og 21. gr. (3. mgr.) tilskipunar 2008/50/EB, gera aðgengilegar upplýsingarnar um magnákvörðun á tillagi frá náttúrulegum upptökum skv. 20. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2008/50/EB eða vegna sandburðar eða söltunar á vegum að vetrarlagi skv. 21. gr. (1. og 2. mgr.) tilskipunar 2008/50/EB.

Þessar upplýsingar skulu innihalda:

a) landfræðilegt umfang frádráttarins,

b) magn fullgiltra frumgagna úr mati, sem er gert aðgengilegt skv. 1. mgr. þessarar gr., sem unnt er að rekja til náttúrulegra upptaka eða sandburðar eða söltunar að vetrarlagi,

c) niðurstöður úr beitingu aðferðanna sem tilkynnt er um skv. 8. gr.

4. Aðildarríkin skulu einnig gera aðgengilegar upplýsingarnar, sem settar eru fram í E-hluta II. viðauka, um uppfærð frumgögn úr mati fyrir netkerfin og stöðvarnar sem aðildarríkin velja sérstaklega til að gera uppfærðar upplýsingar aðgengilegar meðal netkerfanna og stöðvanna sem aðildarríkin velja til gagnkvæmra upplýsingaskipta, eins og um getur í b-lið 1. gr., er varða mengunarefnin sem tilgreind eru í B-hluta I. viðauka og, ef mögulegt er, viðbótarmengunarefni sem tilgreind eru í C-hluta I. viðauka og viðbótarmengunarefni sem tilgreind eru í gáttinni í þeim tilgangi.

5. Aðildarríkin skulu einnig gera aðgengilegar upplýsingarnar, sem settar eru fram í E-hluta II. viðauka, um fullgilt frumgögn úr mati fyrir netkerfin og stöðvarnar sem aðildarríkin velja til gagnkvæmra upplýsingaskipta, eins og um getur í b-lið 1. gr., er varða mengunarefnin sem tilgreind eru í B-hluta I. viðauka og, ef mögulegt er, viðbótarmengunarefni sem tilgreind eru í C-hluta I. viðauka og viðbótarmengunarefni sem tilgreind eru í gáttinni í þeim tilgangi. Ákvæði 2. og 3. mgr. þessarar greinar skulu gilda um upplýsingar sem skipst hefur verið á.

6. Gera skal uppfærð frumgögn úr mati skv. 4. mgr. aðgengileg framkvæmdastjórninni til bráðabirgða með þeirri tíðni sem hentar fyrir matsaðferðina fyrir hvert tiltekið mengunarefni og innan hæfilegs frests eftir að gögnin hafa verið gerð aðgengileg almenningi skv. 26. gr. tilskipunar 2008/50/EB að því er varðar mengunarefnin sem tilgreind eru í þeim tilgangi í B-hluta I. viðauka við þessa ákvörðun.

Þessar upplýsingar skulu innihalda:

a) metinn styrkleika,

b) tilgreiningu á stöðu gæðaeftirlitsins.

7. Uppfærðu frumgögnin sem eru gerð aðgengileg skv. 4. mgr. skulu vera í samræmi við upplýsingarnar sem eru gerðar aðgengilegar skv. 6., 7. og 9. gr.

8. Aðildarríkjunum er heimilt að uppfæra uppfærðu frumgögnin úr mati, sem eru gerð aðgengileg skv. 4. mgr., í kjölfar frekara gæðaeftirlits. Uppfærðu upplýsingarnar skulu koma í stað upprunalegu upplýsinganna og staða þeirra skal koma skýrt fram.

11. gr.

Fullgilt samantekin gögn úr mati

1. Upplýsingarnar, sem settar eru fram í F-hluta II. viðauka, um fullgilt samantekin gögn úr mati skulu fást með tólinu sem um getur í 1. mgr. 5. gr. á grundvelli upplýsinganna sem aðildarríkin gera aðgengilegar um fullgilt frumgögn úr mati skv. 10. gr.

2. Að því er varðar mengunarefni sem falla undir kröfur um skyldubundna vöktun skulu upplýsingarnar sem fást með tólinu samanstanda af samanteknum, mældum styrk á öllum sýnatökustöðum sem aðildarríkin gera aðgengilegar upplýsingar um, skv. c-lið 3. mgr. 9. gr.

3. Að því er varðar mengunarefni með skilgreind umhverfismarkmið skulu upplýsingarnar sem fást með tólinu samanstanda af styrkleikanum, gefinn upp samkvæmt metrakerfinu, í tengslum við skilgreinda almenna umhverfismarkmiðið sem sett er fram í B-hluta I. viðauka og skal ná yfir:

a) ársmeðaltal, ef markmið eða viðmiðunarmörk eru sett fyrir ársmeðaltal,

b) heildarfjölda klukkustunda þegar farið er yfir mörk, ef klukkustundarviðmiðunarmörk eru skilgreind,

c) heildarfjölda daga þegar farið er yfir mörk, ef dagleg viðmiðunarmörk eru skilgreind, eða hundraðshlutamarkið 90,4 fyrir PM_{10} í þeim sérstöku tilvikum þegar slembimælingar eru notaðar í stað samfelldra mælinga,

d) heildarfjölda daga þegar farið er yfir mörk ef hæsta átta klukkustunda meðalgildi eða viðmiðunarmörk á einum degi eru skilgreind,

e) AOT40, eins og það er skilgreint í A-hluta VII. viðauka við tilskipun 2008/50/EB, ef um er að ræða markgildi fyrir óson vegna gróðurverndar,

f) meðalváhrifavísi ef um er að ræða markmið um minnkun váhrifa að því er varðar $PM_{2,5}$ og skuldbindingu um styrk váhrifa.

12. gr.

Umhverfismarkmiðum náð

1. Í samræmi við tilhögunina, sem um getur í 5. gr. þessarar ákvörðunar, skulu aðildarríkin gera aðgengilegar upplýsingarnar, sem settar eru fram í G-hluta II. viðauka, um að umhverfismarkmiðum, sem sett eru fram í tilskipunum 2004/107/EB og 2008/50/EB, sé náð.

2. Aðildarríkin skulu gera upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., aðgengilegar framkvæmdastjórninni fyrir heilt almanaksár eigi síðar en níu mánuðum eftir lok hvers almanaksárs.

Upplýsingarnar skulu fela í sér eftirfarandi:

a) yfirlýsingu um að öllum umhverfismarkmiðum hafi verið náð á hverju tilteknu svæði eða þéttbýlisstað, þ.m.t. upplýsingar um það ef farið er yfir gildandi vikmörk,

b) yfirlýsingu um að þegar farið er yfir mörk á svæðinu sé það vegna náttúrulegra upptaka, ef við á,

c) yfirlýsingu um að farið sé yfir mörk að því er varðar PM_{10} í tengslum við markmið er varðar gæði andrúmslofts á svæði eða þéttbýlisstað vegna uppþyrlunar efnisagna í kjölfar sandburðar og söltunar á vegum að vetrarlagi, ef við á,

d) upplýsingar um að skuldbindingin um váhrifastyrk $PM_{2,5}$ sé uppfyllt.

3. Ef farið hefur verið yfir mörk skulu upplýsingarnar, sem gerðar eru aðgengilegar, einnig innihalda upplýsingar um svæðið þar sem farið var yfir mörkin og fjölda einstaklinga sem urðu fyrir váhrifum.

4. Upplýsingarnar, sem gerðar eru aðgengilegar, skulu vera í samræmi við svæðaafmörkunina sem er gefin upp skv. 6. gr. fyrir sama almanaksárið og fullgiltu samanteknu gögnin úr mati sem gerð eru aðgengileg skv. 11. gr.

13. gr.

Áætlanir um loftgæði

1. Í samræmi við tilhögunina, sem um getur í 5. gr. þessarar ákvörðunar, skulu aðildarríkin gera aðgengilegar upplýsingarnar, sem settar eru fram í H-, I-, J- og K-hluta II. viðauka við þessa ákvörðun, um áætlanir um loftgæði eins og krafist er með 23. gr. tilskipunar 2008/50/EB, þ.m.t.:

a) skyldubundna þætti áætlunarinnar um loftgæði eins og tilgreint er skv. 23. gr. tilskipunar 2008/50/EB í A-þætti XV. viðauka við tilskipun 2008/50/EB,

b) tilvísanir til þess hvar almenningur getur nálgast reglulega uppfærðar upplýsingar um framkvæmd loftgæðaáætlananna.

2. Gera skal upplýsingarnar aðgengilegar framkvæmdastjórninni án tafar og eigi síðar en tveimur árum eftir lok almanaksársins þegar fyrst kom í ljós að farið var yfir mörkin.

14. gr.

Ráðstafanir til að fara að markgildunum í tilskipun 2004/107/EB

1. Í samræmi við tilhögunina, sem um getur í 5. gr. þessarar ákvörðunar, skulu aðildarríkin gera aðgengilegar upplýsingarnar, sem settar eru fram í K-hluta II. viðauka við þessa ákvörðun, um ráðstafanir sem gerðar eru til að fara að markgildunum eins og krafist er skv. 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2004/107/EB.

2. Upplýsingarnar skulu gerðar aðgengilegar framkvæmdastjórninni eigi síðar en tveimur árum eftir lok ársins þegar kom í ljós að farið var yfir mörkin sem leiddi til ráðstafananna.

IV. KAFLI

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

15. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun 2004/224/EB og ákvörðun 2004/461/EB eru felldar úr gildi frá og með 1. janúar 2014.

16. gr.

Gildissvið

1. Ákvörðun þessi gildir frá 1. janúar 2014.

2. Aðildarríkin skulu gera upplýsingarnar, sem krafist er skv. 6. og 7. gr., aðgengilegar í fyrsta skipti eigi síðar en 31. desember 2013, sbr. þó 1. mgr. þessarar greinar.

17. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. desember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

A) **Kröfur varðandi gögn**

1) *Skýrslugjöf er varðar tíma*

Allar vísanir til tíma skulu gerðar aðgengilegar í samræmi við ISO-staðal 8601:2004(E) með því að nota útvíkkaða sniðið (YYYY-MM-DDThh:mm:ss ± hh:mm) sem tekur til upplýsinganna um tímamismun í tengslum við samræmdan heimstíma.

Tímastimpillinn vísar til loka mælingatímabilsins.

2) *Fjöldi talna og námundun*

Gögn skulu gerð aðgengileg með sama fjölda talna og notaður er í vöktunarnetkerfinu.

Námundun skal vera síðasta skrefið í öllum útreikningum, þ.e. rétt áður en niðurstöður eru bornar saman við umhverfismarkmiðið og skal námundun aðeins framkvæmd einu sinni. Kerfið framkvæmir sjálfkrafa námundun gagnanna sem gerð eru aðgengileg í samræmi við eftirfarandi opinberar námundunarreglur, eftir því sem við á.

3) *Jafngildi*

Ef fleiri en ein matsaðferð er notuð á tilgreindum stað skal láta gögnin í té með því að nota þá matsaðferð sem sýnir minnstu óvissuna á þessum tilgreinda stað.

4) *Stöðlun*

Ákvæðin, sem sett eru fram í IV. hluta IV. viðauka við tilskipun 2004/107/EB og C-hluta VI. viðauka við tilskipun 2008/50/EB, skulu gilda um gagnkvæm upplýsingaskipti.

5) *Ákvæði er varða $PM_{2,5}$*

Viðmiðunarmörk að viðbættum vikmörkum

Að því er varðar $PM_{2,5}$, í samræmi við E-hluta XIV. viðauka við tilskipun 2008/50/EB, skal eftirfarandi samtala viðmiðunarmarka (LV) + vikmarka (MOT) gilda fyrir þau ár sem gefin eru upp hér á eftir:

Ár	LV + MOT
2008	30
2009	29
2010	29
2011	28
2012	27
2013	26
2014	26
2015	25

Útreikningur á meðalváhrifavísi (AEI) í samræmi við A-hluta XIV. viðauka við tilskipun 2008/50/EB

Útreikningar eru gerðir fyrir hvert ár og er ársmeðaltal $PM_{2,5}$ reiknað fyrir hvern valinn sýnatökustað. Val á sýnatökustöðum skal koma skýrt fram í viðeigandi upplýsingum sem gerðar eru aðgengilegar.

Gild ársmeðaltöl, sem uppfylla gæðamarkmið fyrir gögn, eru reiknuð sem meðaltal allra tilnefndra AEI-staða í aðildarríkinu til að fá eitt ársmeðaltal.

Ferlið er endurtekið fyrir hver þrjú ár og síðan er reiknað meðaltal þessara þriggja ársmeðaltala til að fá meðalváhrifavísinn (AEI).

Meðalváhrifavísirinn skal gerður aðgengilegur árlega sem meðaltal þriggja hlaupandi ára. Ef þörf er á að uppfæra gögn sem geta haft bein eða óbein áhrif (vegna vals á sýnatökustað) á meðalváhrifavísinn er nauðsynlegt að uppfæra allar upplýsingarnar sem verða fyrir áhrifum.

B) **Umhverfismarkmið og mæliþættir að því er varðar skýrslugjöf**

Formúla	Verndar-markmið	Tegund umhverfis-markmiðs (kóði ([1]))	Meðaltími mats	Mæliþættir að því er varðar skýrslugjöf fyrir umhverfismarkmið	Tölugildi fyrir umhverfismarkmið (hversu oft er leyfilegt að fara yfir mörk)
Mengunarefni sem verður að gefa skýrslu um með uppfærðum og fullgiltum gögnum					
NO_2	Heilbrigði	LV	Ein klukkustund	Klukkustundir þegar farið er yfir mörk á einu almanaksári	200 µg/m^3 (18)
		LVMT			
		LV	Eitt almanaksár	Ársmeðaltal	40 µg/m^3
		LVMT			
		ALT	Ein klukkustund	Þrjár samfelldar klukkustundir þegar farið er yfir mörk (á stað sem er dæmigerður fyrir loftgæði og er a.m.k. yfir 100 km^2 eða á heilu svæði eða þéttbýlisstað og er minnsta svæðið notað)	400 µg/m^3
NO_x	Gróður	CL	Eitt almanaksár	Ársmeðaltal	30 µg/m^3
PM_{10}	Heilbrigði	LV	Einn dagur	Dagar þegar farið er yfir mörk á einu almanaksári	50 µg/m^3 (35) Hundraðs-hlutamark 90,4
		LV	Eitt almanaksár	Ársmeðaltal	40 µg/m^3
		WSS ([2])	Einn dagur	Frádregnir dagar þegar farið er yfir mörk á einu almanaksári	Á ekki við
			Eitt almanaksár	Frádráttur ársmeðaltals	Á ekki við
		NAT ([2])	Einn dagur	Frádregnir dagar þegar farið er yfir mörk á einu almanaksári	Á ekki við
			Eitt almanaksár	Frádráttur ársmeðaltals	Á ekki við
$PM_{2,5}$	Heilbrigði	ECO	Þrjú samfelld almanaksár	Meðalváhrifavísir (útreikninga má finna í tilskipun 2008/50/EB)	20 µg/m^3
		ERT			Í samræmi við B-hluta XIV. viðauka við tilskipun 2008/50/EB
		TV	Eitt almanaksár	Ársmeðaltal	25 µg/m^3
		LV			
		LVMT			
SO_2	Heilbrigði	LV	Ein klukkustund	Klukkustundir þegar farið er yfir mörk á einu almanaksári	350 µg/m^3 (24)
			Einn dagur	Dagar þegar farið er yfir mörk á einu almanaksári	125 µg/m^3 (3)
		ALT	Ein klukkustund	Þrjár samfelldar klukkustundir þegar farið er yfir mörk (á stað sem er dæmigerður fyrir loftgæði og er a.m.k. yfir 100 km^2 eða á heilu svæði eða þéttbýlisstað og er minnsta svæðið notað)	500 µg/m^3
		NAT ([2])	Ein klukkustund	Frádregnar klukkustundir þegar farið er yfir mörk á einu almanaksári	Á ekki við
			Einn dagur	Frádregnir dagar þegar farið er yfir mörk á einu almanaksári	Á ekki við
	Gróður	CL	Eitt almanaksár	Ársmeðaltal	20 µg/m^3
			Vetur	Meðalgildi yfir vetrarmánuðina, þ.e. 1. október á x-1 til 31. mars ár x	20 µg/m^3

Formúla	Verndar-markmið	Tegund umhverfis-markmiðs (kóði ([1]))	Meðaltími mats	Mæliþættir að því er varðar skýrslugjöf fyrir umhverfismarkmið	Tölugildi fyrir umhverfismarkmið (hversu oft er leyfilegt að fara yfir mörk)
O_3	Heilbrigði	TV	Hæsta átta klukkustunda meðalgildi á einum degi	Dagar þegar hæsta átta klukkustunda meðalgildi á einum degi fór yfir markgildi, meðaltal þriggja ára	120 µg/m^3 (25)
		LTO	Hæsta átta klukkustunda meðalgildi á einum degi	Dagar þegar hæsta átta klukkustunda meðalgildi á einum degi fór yfir langtímamarkmiðið á einu almanaksári	120 µg/m^3
		INT	Ein klukkustund	Klukkustundir þegar farið er yfir mörk á einu almanaksári	180 µg/m^3
		ALT	Ein klukkustund	Klukkustundir þegar farið er yfir mörk á einu almanaksári	240 µg/m^3
	Gróður	TV	1. maí til 31. júlí	AOT40 (útreikninga má finna í VII. viðauka við tilskipun 2008/50/EB)	18 000 µg/m^3·klst.
		LTO	1. maí til 31. júlí	AOT40 (útreikninga má finna í VII. viðauka við tilskipun 2008/50/EB)	6 000 µg/m^3·klst.
CO	Heilbrigði	LV	Hæsta átta klukkustunda meðalgildi á einum degi	Dagar þegar hæsta átta klukkustunda meðalgildi á einum degi fór yfir viðmiðunarmörk	10 mg/m^3
Mengunarefni sem verður að gefa skýrslu um, einungis með fullgiltum gögnum					
Bensen	Heilbrigði	LV	Eitt almanaksár	Ársmeðaltal	5 µg/m^3
Blý	Heilbrigði	LV	Eitt almanaksár	Ársmeðaltal	0,5 µg/m^3
Kadmíum	Heilbrigði	TV	Eitt almanaksár	Ársmeðaltal	5 ng/m^3
Arsen	Heilbrigði	TV	Eitt almanaksár	Ársmeðaltal	6 ng/m^3
Nikkel	Heilbrigði	TV	Eitt almanaksár	Ársmeðaltal	10 ng/m^3
Bensó(a) pýren	Heilbrigði	TV	Eitt almanaksár	Ársmeðaltal	1 ng/m^3

([1]) Ekki skal gera nein uppfærð gögn aðgengileg.
([2]) LV: viðmiðunarmörk, LVMT: viðmiðunarmörk að viðbættum vikmörkum, TV: markgildi, LTO: langtímamarkmið, INT: upplýsingamörk, ALT: viðvörunarmörk, CL: hættumörk, NAT: mat á náttúrulegu tillagi, WSS: mat á sandburði og söltun að vetrarlagi, ERT: markmið um minnkun váhrifa, ECO: Skuldbinding varðandi váhrifastyrk.

C) **Mengunarefni sem falla undir kröfur um vöktun**

Skráin nær yfir öll mengunarefni sem falla undir kröfurnar um vöktun sem um getur í tilskipunum 2004/107/EB og 2008/50/EB. Umhverfisstofnun Evrópu heldur skrá yfir frekari mengunarefni sem aðildarríkin skulu hafa gagnkvæm upplýsingaskipti um, liggi upplýsingarnar fyrir, og skal skráin gerð aðgengileg um gáttina.

Kóði loftgæða-gagnagrunns (Airbase)	Formúla mengunarefnis	Heiti mengunarefnis	Mælieining
Mengandi, ólífrænar lofttegundir			
1	SO_2	Brennisteinstvíoxíð	µg/m^3
8	NO_2	Köfnunarefnistvíoxíð	µg/m^3
9	NO_x ([1])	Köfnunarefnisoxíð	µg/m^3
7	O_3	Óson	µg/m^3
10	CO	Kolsýringur	mg/m^3

Kóði loftgæða-gagnagrunns (Airbase)	Formúla mengunarefnis	Heiti mengunarefnis	Mælieining
Efnisagnir (PM)			
5	PM_{10}	PM_{10}	$\mu g/m^3$
6001	$PM_{2,5}$	$PM_{2,5}$	$\mu g/m^3$
Form $PM_{2,5}$			
1047	SO_4^{2+} í $PM_{2,5}$	Súlfat í $PM_{2,5}$	$\mu g/m^3$
1046	NO_3^- í $PM_{2,5}$	Nítrat í $PM_{2,5}$	$\mu g/m^3$
1045	NH_4^+ í $PM_{2,5}$	Ammóníum í $PM_{2,5}$	$\mu g/m^3$
1771	Frumefni C í $PM_{2,5}$	Frumefniskolefni í $PM_{2,5}$	$\mu g/m^3$
1772	Lífr. C í $PM_{2,5}$	Lífrænt kolefni í $PM_{2,5}$	$\mu g/m^3$
1629	Ca^{2+} í $PM_{2,5}$	Kalsíum í $PM_{2,5}$	$\mu g/m^3$
1659	Mg^{2+} í $PM_{2,5}$	Magnesíum í $PM_{2,5}$	$\mu g/m^3$
1657	K^+ í $PM_{2,5}$	Kalíum í $PM_{2,5}$	$\mu g/m^3$
1668	Na^+ í $PM_{2,5}$	Natríum í $PM_{2,5}$	$\mu g/m^3$
1631	Cl^- í $PM_{2,5}$	Klóríð í $PM_{2,5}$	$\mu g/m^3$
Þungmálmar			
5012	Pb	Blý í PM_{10}	$\mu g/m^3$
5014	Cd	Kadmíum í PM_{10}	ng/m^3
5018	As	Arsen í PM_{10}	ng/m^3
5015	Ni	Nikkel í PM_{10}	ng/m^3
Ákoma þungmálma			
2012	Pb-ákoma	vot/samtals blýákoma	$\mu g/m^2$ á dag
2014	Cd-ákoma	vot/samtals kadmíumákoma	$\mu g/m^2$ á dag
2018	As-ákoma	vot/samtals arsenákoma	$\mu g/m^2$ á dag
2015	Ni-ákoma	vot/samtals nikkelákoma	$\mu g/m^2$ á dag
7013	Hg-ákoma	vot/samtals kvikasilfursákoma	$\mu g/m^2$ á dag
Kvikasilfur			
4013	Málmkennt, loftkennt Hg	loftkennt frumefniskvikasilfur	ng/m^3
4813	Samtals loftkennt Hg	Samtals loftkennt Hg	ng/m^3
653	Hvarfgjarnt, loftkennt Hg	hvarfgjarnt, loftkennt kvikasilfur	ng/m^3
5013	Hg í formi agna	kvikasilfur í formi agna	ng/m^3
Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni			
5029	Bensó(a)pýren	Bensó(a)pýren í PM_{10}	ng/m^3
5610	Bensó(a)antrasen	Bensó(a)antrasen í PM_{10}	ng/m^3
5617	Bensó(b)flúoranten	Bensó(b)flúoranten í PM_{10}	ng/m^3
5759	Bensó(j)flúoranten	Bensó(j)flúoranten í PM_{10}	ng/m^3

Kóði loftgæða-gagnagrunns (Airbase)	Formúla mengunarefnis	Heiti mengunarefnis	Mælieining
5626	Bensó(k)flúoranten	Bensó(k)flúoranten í PM_{10}	ng/m^3
5655	Indenó(1,2,3-cd)pýren	Indenó(1,2,3-cd)pýren í PM_{10}	ng/m^3
5763	Díbensó(a,h)antrasen	Díbensó(a,h)antrasen í PM_{10}	ng/m^3
Ákoma fjölhringa, arómatískra vetniskolefna			
7029	Bensó(a)pýren	Ákoma bensó(a)pýrens	$\mu g/m^2$ á dag
611	Bensó(a)antrasen	Ákoma bensó(a)antrasens	$\mu g/m^2$ á dag
618	Bensó(b)flúoranten	Ákoma bensó(b)flúorantens	$\mu g/m^2$ á dag
760	Bensó(j)flúoranten	Ákoma bensó(j)flúorantens	$\mu g/m^2$ á dag
627	Bensó(k)flúoranten	Ákoma bensó(k)flúorantens	$\mu g/m^2$ á dag
656	Indenó(1,2,3-cd)pýren	Ákoma indenó(1,2,3-cd)pýrens	$\mu g/m^2$ á dag
7419	Díbensó(a,h)antrasen	Ákoma díbensó(a,h)antrasens	$\mu g/m^2$ á dag
Rokgjarnir, lífrænir efnisþættir			
20	C_6H_6	Bensen	$\mu g/m^3$
428	C_2H_6	Etan	$\mu g/m^3$
430	C_2H_4	Etan (etýlen)	$\mu g/m^3$
432	$HC{\equiv}CH$	Etýn (asetýlen)	$\mu g/m^3$
503	$H_3C\text{-}CH_2\text{-}CH_3$	Própan	$\mu g/m^3$
505	$CH_2 = CH\text{-}CH_3$	Própen	$\mu g/m^3$
394	$H_3C\text{-}CH_2\text{-}CH_2\text{-}CH_3$	n-bútan	$\mu g/m^3$
447	$H_3C\text{-}CH(CH_3)_2$	2-metýlprópran (i-bútan)	$\mu g/m^3$
6005	$H_2C = CH\text{-}CH_2\text{-}CH_3$	1-búten	$\mu g/m^3$
6006	$H_3C\text{-}CH = CH\text{-}CH_3$	trans-2-búten	$\mu g/m^3$
6007	$H_3C\text{-}CH = CH\text{-}CH_3$	cis-2-búten	$\mu g/m^3$
24	$CH_2 = CH\text{-}CH = CH_2$	1,3-bútadíen	$\mu g/m^3$
486	$H_3C\text{-}(CH_2)_3\text{-}CH_3$	n-pentan	$\mu g/m^3$
316	$H_3C\text{-}CH_2\text{-}CH(CH_3)_2$	2-metýlbútan (i-pentan)	$\mu g/m^3$
6008	$H_2C = CH\text{-}CH_2\text{-}CH_2\text{-}CH_3$	1-penten	$\mu g/m^3$
6009	$H_3C\text{-}HC = CH\text{-}CH_2\text{-}CH_3$	2-penten	$\mu g/m^3$
451	$CH_2 = CH\text{-}C(CH_3) = CH_2$	2-metýl-1,3-bútadíen (ísópren)	$\mu g/m^3$
443	C_6H_{14}	n-hexan	$\mu g/m^3$
316	$(CH_3)_2\text{-}CH\text{-}CH_2\text{-}CH_2\text{-}CH_3$	2-metýlpentan (i-hexan)	$\mu g/m^3$

Kóði loftgæða-gagnagrunns (Airbase)	Formúla mengunarefnis	Heiti mengunarefnis	Mælieining
441	C_7H_{16}	n-heptan	µg/m^3
475	C_8H_{18}	n-oktan	µg/m^3
449	$(CH_3)_3$-C-CH_2-CH-$(CH_3)_2$	2,2,4-trímetýlpentan (i-oktan)	µg/m^3
21	C_6H_5-C_2H_5	Tólúen	µg/m^3
431	m,p-$C_6H_4(CH_3)_2$	Etýlbensen	µg/m^3
464	o-C_6H_4-$(CH_3)_2$	m,p-xýlen	µg/m^3
482	C_6H_3-$(CH_3)_3$	o-xýlen	µg/m^3
6011	$C_6H_3(CH_3)_3$	1,2,4-trímetýlbensen	µg/m^3
6012	$C_6H_3(CH_3)_3$	1,2,3-trímetýlbensen	µg/m^3
6013	$C_6H_3(CH_3)_3$	1,3,5-trímetýlbensen	µg/m^3
32	THC(NM)	vetniskolefni alls, önnur en metan	µg/m^3
25	HCHO	Metanal (formaldehýð)	µg/m^3

([1]) Heimilt er að tilgreina NO^x eða summu mælinga fyrir NO og NO^2 á sama stað. Tilgreint sem µg NO^2/m^3.

II. VIÐAUKI

A) **Sameiginlegar gagnategundir**

Þegar tiltekin gagnategund skal gerð aðgengileg skv. B- til K-hluta í þessum viðauka skal taka með allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru undir viðeigandi gagnategund hér á eftir.

1) *Gagnategund „Samskiptaupplýsingar“*

   1. Heiti yfirvalds, stofnunar eða aðila sem ber ábyrgð
   2. Nafn ábyrgðaraðila
   3. Veffang
   4. Heimilisfang
   5. Símanúmer
   6. Tölvupóstfang

2) *Gagnategund „Tilvik þegar farið er yfir mörk“*

   1. Kóði tilviks þar sem farið er yfir mörk
   2. Mörk í umhverfismarkmiði sem farið er yfir
   3. Svæði tilviks þar sem farið er yfir mörk (gagnategund „Landfræðilegt umfang)
   4. Flokkun svæðisins
   5. Stjórnsýslueiningar
   6. Áætlað flatarmál svæðis þar sem gildið var yfir umhverfismarkmiðinu
   7. Áætluð vegalengd þar sem gildið var yfir umhverfismarkmiðinu
   8. Vöktunarstöðvar á svæði þar sem farið var yfir mörk (tengsl við D)
   9. Líkan notað til að reikna út þegar farið er yfir mörk (tengsl við D)
   10. Áætlaður heildarfjöldi íbúa á svæðinu þar sem farið er yfir mörk
   11. Mat á vistkerfinu/gróðrinum á svæðinu þar sem gildin eru yfir umhverfismarkmiðinu
   12. Viðmiðunarár

3) *Gagnategund „Umhverfismarkmið“*

   1. Tegund markmiðs
   2. Meðaltími mats
   3. Verndarmarkmið

4) *Gagnategund „Landfræðilegt umfang“*

   1. Upplýsingar úr landupplýsingakerfinu (GIS) gefnar upp sem hnit

5) *Gagnategund „Landfræðileg athugun“*

   1. Landfræðileg gögn úr mati

6) *Gagnategund „Útgefið efni“*

1. Útgefið efni
2. Titill
3. Höfundur eða höfundar
4. Útgáfudagur
5. Útgefandi
6. Veftengill

7) *Gagnategund „Skjalfesting breytingar“*

1. Breyting
2. Lýsing á breytingu

B) **Upplýsingar um svæði og þéttbýlisstaði (6. gr.)**

1) Veitandi (gagnategund „Samskiptaupplýsingar“)
2) Skjalfesting breytingar (gagnategund „Skjalfesting breytingar“)
3) Svæðiskóði
4) Heiti svæðis
5) Tegund svæðis
6) Afmörkun svæðis (gagnategund „Landfræðilegt umfang“)
7) Saga svæðis: upphafs- og lokadagur beitingar
8) Undanfarar (tengsl við B)
9) Íbúar
10) Viðmiðunarár að því er varðar íbúa
11) Kóði tilnefnds mengunarefnis
12) Verndarmarkmið
13) Undanþágur eða frestun skv. 22. gr. tilskipunar 2008/50/EB

C) **Upplýsingar um matsfyrirkomulagið (7. gr.)**

1) Veitandi (gagnategund „Samskiptaupplýsingar“)
2) Skjalfesting breytingar (gagnategund „Skjalfesting breytingar“)
3) Upplýsingar um svæði (tengsl við B)
4) Mengunarefni
5) Umhverfismarkmið (gagnategund „Umhverfismarkmið“)
6) Viðmiðunarmörkum vegna mats náð
7) Flokkunarár viðmiðunarmarka vegna mats
8) Skjalfesting flokkunar (veftengill)
9) Tegund mats
10) Tegund mats: Lýsing

11) Lýsigögn í tengslum við einstakt mat, þ.m.t. kóði stöðvar, upplýsingar um staðsetningu (tengsl við D)

12) Yfirvald sem ber ábyrgð á mati á loftgæðum (gagnategund „Samskiptaupplýsingar“)

13) Yfirvald sem ber ábyrgð á samþykki fyrir mælikerfi (gagnategund „Samskiptaupplýsingar“)

14) Yfirvald sem ber ábyrgð á að tryggja mælinákvæmni (gagnategund „Samskiptaupplýsingar“)

15) Yfirvald sem ber ábyrgð á greiningu á matsaðferð (gagnategund „Samskiptaupplýsingar“)

16) Yfirvald sem ber ábyrgð á samræmingu gæðatryggingar á landsvísu (gagnategund „Samskiptaupplýsingar“)

17) Yfirvald sem ber ábyrgð á samstarfi við önnur aðildarríki og við framkvæmdastjórnina (gagnategund „Samskiptaupplýsingar“)

D) **Upplýsingar um matsaðferðirnar (8. og 9. gr.)**

i. *Almennt: upplýsingar er varða allar matsaðferðir*

1) Veitandi (gagnategund „Samskiptaupplýsingar“)

2) Skjalfesting breytingar (gagnategund „Skjalfesting breytingar“)

3) Tegund mats

4) Upplýsingar um svæði (tengsl við B)

5) Mengunarefni

ii. *Upplýsingar að því er varðar fastar mælingar*

1) Kóði mælitækni

2) ESB-kóði stöðvar

3) Kóði netkerfis

4) Landskóði stöðvar

5) Heiti vöktunarstöðvarinnar

6) Heiti sveitarfélagsins

7) Upphafs- og lokadagur mælinga

8) Tegund mælinga

9) Mæli-, sýnatöku- og greiningaraðferð

10) Mæli- og sýnatökubúnaður (ef upplýsingar liggja fyrir)

11) Greiningarmörk (ef upplýsingar liggja fyrir)

12) Staðfesting á jafngildi

13) Staðfesting á jafngildi: Skjalfesting (veftengill)

14) Sýnatökutími

15) Millibil fyrir sýnatöku

16) Landfræðilegt umfang dæmigerðs svæðið (gagnategund „Landfræðilegt umfang“) (ef upplýsingar liggja fyrir)

17) Mat á því hversu dæmigert svæðið er (ef upplýsingar liggja fyrir)

18) Skjalfesting á því hversu dæmigert svæðið er (veftengill) (ef upplýsingar liggja fyrir)

19) Staðsetning sýnatökustaðar: hæð loftinntaks frá jörðu

20) Staðsetning sýnatökustaðar: lárétt fjarlægð loftinntaks frá næstu byggingu (að því er varðar stöðvar á umferðarsvæðum)

21) Staðsetning sýnatökustaðar: Fjarlægð loftinntaks frá næstu akrein (að því er varðar stöðvar á umferðarsvæðum)

22) Flokkun stöðvar í tengslum við ríkjandi upptök losunar sem skipta máli varðandi mælitæknina fyrir hvert mengunarefni.

23) Helstu upptök (umferð, húshitun, iðnaðarupptök eða svæði upptaka o.s.frv.) (ef upplýsingar liggja fyrir)

24) Fjarlægð frá helstu iðnaðarupptökum eða svæði upptaka (fyrir iðnaðarstöðvar)

25) Tímaviðmiðun stöðvar: upphafs- og lokadagur

26) Landhnit: lengdargráða, breiddargráða og hæð vöktunarstöðvar yfir sjávarmáli

27) Skjalfesting upplýsinga um stöð, þ.m.t. kort og myndir (veftengill) (ef upplýsingar liggja fyrir)

28) Flokkun svæðisins

29) Fjarlægð að stórum gatnamótum (að því er varðar stöðvar á umferðarsvæði)

30) Áætlaður hávaði frá umferð (að því er varðar stöðvar á umferðarsvæði)

31) Hlutfall þungaflutningaumferðar (að því er varðar stöðvar á umferðarsvæði, ef upplýsingar liggja fyrir)

32) Hraði umferðar (að því er varðar stöðvar á umferðarsvæði, ef upplýsingar liggja fyrir)

33) Gata sem liggur í skeringu – breidd götu (að því er varðar stöðvar á umferðarsvæði, ef upplýsingar liggja fyrir)

34) Gata sem liggur í skeringu – meðalhæð framhliða bygginganna (að því er varðar stöðvar á umferðarsvæði, ef upplýsingar liggja fyrir)

35) Heiti netkerfis

36) Netkerfi: upphafs- og lokadagur reksturs

37) Aðili sem er ábyrgur fyrir stjórnun netkerfis (gagnategund „Samskiptaupplýsingar“)

38) Matsaðferð varðandi sandburð og söltun að vetrarlagi (þar sem 21. gr. tilskipunar 2008/50/EB gildir)

39) Matsaðferð varðandi náttúrulegt tillag (þar sem 20. gr. tilskipunar 2008/50/EB gildir)

40) Markmið um gæði gagna: tímalengd

41) Markmið um gæði gagna: gagnaöflun

42) Markmið um gæði gagna: óvissumat

43) Markmið um gæði gagna: skjalfesting rekjanleika og óvissumats

44) Markmið um gæði gagna: skjalfesting gæðatryggingar og gæðaeftirlits (QA/QC) (veftengill)

iii. *Upplýsingar að því er varðar leiðbeinandi mælingar*

1) Kóði leiðbeinandi mælinga

2) Lýsing á mæliaðferð

3) Tegund mælinga

4) Mæliaðferð

5) Mæli- og sýnatökubúnaður (ef upplýsingar liggja fyrir)

6) Greiningarmörk (ef upplýsingar liggja fyrir)

7) Sýnatökutími

8) Millibil fyrir sýnatöku

9) Landhnit: landfræðileg lengdargráða, breiddargráða og hæð yfir sjávarmáli

10) Matsaðferð varðandi sandburð og söltun að vetrarlagi (þar sem 21. gr. tilskipunar 2008/50/EB gildir)

11) Matsaðferð varðandi náttúrulegt tillag (þar sem 20. gr. tilskipunar 2008/50/EB gildir)

12) Markmið um gæði gagna: tímalengd

13) Markmið um gæði gagna: gagnaöflun

14) Markmið um gæði gagna: óvissumat

15) Markmið um gæði gagna: skjalfesting rekjanleika og óvissumats

16) Markmið um gæði gagna: skjalfesting gæðatryggingar og gæðaeftirlits (QA/QC) (veftengill)

iv. *Upplýsingar um reiknilíkan*

1) Kóði reiknilíkans

2) Tegund umhverfismarkmiðs (gagnategund „Umhverfismarkmið“)

3) Aðferð við gerð reiknilíkans: heiti

4) Aðferð við gerð reiknilíkans: lýsing

5) Aðferð við gerð reiknilíkans: skjalfesting (veftengill)

6) Aðferð við gerð reiknilíkans: fullgilding með mælingum

7) Aðferð við gerð reiknilíkans: fullgilding með mælingum á stöðum sem ekki er send skýrsla um samkvæmt tilskipuninni um loftgæði

8) Tímabil reiknilíkans

9) Svæði reiknilíkans (gagnategund „Landfræðilegt umfang“)

10) Staðupplausn

11) Matsaðferð varðandi sandburð og söltun að vetrarlagi (þar sem 21. gr. tilskipunar 2008/50/EB gildir)

12) Matsaðferð varðandi náttúrulegt tillag (þar sem 20. gr. tilskipunar 2008/50/EB gildir)

13) Markmið um gæði gagna: óvissumat

14) Markmið um gæði gagna: skjalfesting gæðatryggingar og gæðaeftirlits (QA/QC) (veftengill)

v. *Upplýsingar um hlutlægt mat*

1) Kóði hlutlægs mats

2) Lýsing

3) Svæði hlutlægs mats (gagnategund „Landfræðilegt umfang“)

4) Markmið um gæði gagna: óvissumat

5) Markmið um gæði gagna: skjalfesting rekjanleika og óvissumats

6) Markmið um gæði gagna: skjalfesting gæðatryggingar og gæðaeftirlits (QA/QC) (veftengill)

E) **Upplýsingar um fullgilt frumgögn úr mati og uppfærð frumgögn úr mati (10. gr.)**

1) Veitandi (gagnategund „Samskiptaupplýsingar“)

2) Skjalfesting breytingar (gagnategund „Skjalfesting breytingar“)

3) Númer útgáfu

4) Mengunarefni

5) Eining mengunarefnis

6) Tegund mats

7) Matsaðferð (tengsl við D)

8) Upphafs- og lokadagur sýnatöku

9) Tímaeiningar og fjöldi sýnatökueininga

10) Mæligildi (þ.m.t. hluti styrks mengunarefna sem kemur frá náttúrulegum upptökum og vegna sandburðar og söltunar að vetrarlagi) (þar sem 20. og 21. gr. tilskipunar 2008/50/EB gilda))

11) Gildi úr reiknilíkani (gagnategund „Landfræðileg athugun“) (þ.m.t. hluti styrks mengunarefna sem kemur frá náttúrulegum upptökum og vegna sandburðar og söltunar að vetrarlagi) (þar sem 20. og 21. gr. tilskipunar 2008/50/EB gilda))

12) Gildi

13) Sannprófunarstaða

F) **Upplýsingar um samantekin gögn sem er aflað (11. gr.)**

1) Kóði mats

2) Upplýsingar um svæði (tengsl við B)

3) Mengunarefni

4) Eining mengunarefnis

5) Umhverfismarkmið (gagnategund „Umhverfismarkmið)

6) Tegund mats

7) Matsaðferð (tengsl við D)

8) Tímaviðmiðun: upphafs- og lokadagur samantektartímabils

9) Samanlagt mæligildi

10) Samanlagt gildi úr reiknilíkani (gagnategund „Landfræðileg athugun“)

11) Markmið um gæði gagna: tímalengd

12) Markmið um gæði gagna: gagnaöflun

13) Markmið um gæði gagna: óvissumat

14) Gildi

15) Sannprófunarstaða

G) **Upplýsingar um hvernig umhverfismarkmiðum er náð (12. gr.)**

Þessar upplýsingar skulu ná yfir öll svæði og þéttbýlisstaði og vera í fullkomnu samræmi við upplýsingarnar sem aflað er skv. F-hluta þessa viðauka um samantekin, fullgilt gögn úr mati er varða mengunarefni með skilgreind umhverfismarkmið.

1) Veitandi (gagnategund „Samskiptaupplýsingar“)

2) Skýrslugjafarár

3) Skjalfesting breytingar (gagnategund „Skjalfesting breytingar“)

4) Upplýsingar um svæði (tengsl við B)

5) Tilvik þar sem farið er yfir mörk (gagnategund „Tilvik þegar farið er yfir mörk“)

6) Mengunarefni

7) Matsupplýsingar (tengsl við D)

8) Farið yfir mörk sem sett eru í umhverfismarkmiðinu

9) Farið yfir mörk sem sett eru í umhverfismarkmiðinu að viðbættum vikmörkum

10) Tilvik þegar farið er yfir mörk, með tilliti til náttúrulegra upptaka

11) Tilvik þegar farið er yfir mörk, með tilliti til sandburðar eða söltunar að vetrarlagi

12) Tilvik þegar farið er yfir mörk, að teknu tilliti til náttúrulegs tillags og sandburðar eða söltunar að vetrarlagi (gagnategund „Tilvik þegar farið er yfir mörk“).

13) Heildarfjöldi tilvika þegar farið er yfir mörk (skv. 8–11)

H) **Upplýsingar um loftgæðaáætlanir (13. gr.)**

1) Veitandi (gagnategund „Samskiptaupplýsingar“)

2) Skjalfesting breytingar (gagnategund „Skjalfesting breytingar“)

3) Áætlun um loftgæði: kóði

4) Áætlun um loftgæði: heiti

5) Áætlun um loftgæði: viðmiðunarár þegar fyrst er farið yfir mörk

6) Lögbært yfirvald (gagnategund „Samskiptaupplýsingar“)

7) Áætlun um loftgæði: staða

8) Áætlun um loftgæði: mengunarefni sem um ræðir

9) Áætlun um loftgæði: dagsetning opinberar samþykktar

10) Áætlun um loftgæði: tímaáætlun framkvæmdar

11) Vísun til áætlunar um loftgæði (veftengill)

12) Vísun til framkvæmdar (veftengill)

13) Viðkomandi útgefið efni (gagnategund „Útgefið efni“)

14) Kóði viðkomandi tilviks eða tilvika þegar farið er yfir mörk (tengsl við G)

I) **Upplýsingar um hlutdeild mismunandi upptaka (13. gr.)**

1) Kóði eða kóðar viðkomandi tilviks þegar farið er yfir mörk (tengsl við G)

2) Viðmiðunarár

3) Bakgrunnsgildi svæðis: samtals

4) Bakgrunnsgildi svæðis: frá aðildarríki

5) Bakgrunnsgildi svæðis: yfir landamæri

6) Bakgrunnsgildi svæðis: náttúrulegt

7) Hækkun bakgrunnsgildis í þéttbýli: samtals

8) Hækkun bakgrunnsgildis í þéttbýli: umferð

9) Hækkun bakgrunnsgildis í þéttbýli: iðnaður, þ.m.t. varma- og orkuframleiðsla

10) Hækkun bakgrunnsgildis í þéttbýli: landbúnaður

11) Hækkun bakgrunnsgildis í þéttbýli: atvinnu- og íbúðarhúsnæði

12) Hækkun bakgrunnsgildis í þéttbýli: skipaumferð

13) Hækkun bakgrunnsgildis í þéttbýli: færanlegur vélbúnaður utan vega

14) Hækkun bakgrunnsgildis í þéttbýli: náttúruleg

15) Hækkun bakgrunnsgildis í þéttbýli: yfir landamæri

16) Staðbundin hækkun: samtals

17) Staðbundin hækkun: umferð

18) Staðbundin hækkun: iðnaður, þ.m.t. varma- og orkuframleiðsla

19) Staðbundin hækkun: landbúnaður

20) Staðbundin hækkun: atvinnu- og íbúðarhúsnæði

21) Staðbundin hækkun: skipaumferð

22) Staðbundin hækkun: færanlegur vélbúnaður utan vega

23) Staðbundin hækkun: náttúruleg

24) Staðbundin hækkun: yfir landamæri

J) **Upplýsingar um sviðsmynd fyrir markmiðsárið (13. gr.)**

1) Kóði tilviks þegar farið er yfir mörk (tengsl við G)

2) Kóði sviðsmyndar

3) Kóði loftgæðaáætlunar (tengsl við H)

4) Viðmiðunarár sem spár eru gerðar fyrir

5) Viðmiðunarár fyrir upphaf spár

6) Hlutdeild upptaka (tengsl við I)

7) Viðkomandi útgefið efni (gagnategund „Útgefið efni“)

8) Grunnástand: lýsing á losunarsviðsmynd

9) Grunnástand: heildarlosun í viðkomandi landfræðilegri einingu

10) Grunnástand: ráðstafanir sem tekið er mið af (tengsl við K)

11) Grunnástand: væntur styrkleiki á árinu sem fellur undir spána

12) Grunnástand: væntur fjöldi tilvika þegar farið er yfir mörk á árinu sem fellur undir spána

13) Spá: lýsing á losunarsviðsmynd

14) Spá: heildarlosun í viðkomandi landfræðilegri einingu

15) Spá: ráðstafanir sem tekið er mið af (tengsl við K)

16) Spá: væntur styrkleiki á árinu sem fellur undir spána

17) Spá: væntur fjöldi tilvika þegar farið er yfir mörk á árinu sem fellur undir spána

K) **Upplýsingar um ráðstafanir (13. og 14. gr.)**

1) Kóði eða kóðar viðkomandi tilviks þegar farið er yfir mörk (tengsl við G)

2) Kóði loftgæðaáætlunar (tengsl við H)

3) Kóði sviðsmyndar mats (tengsl við J)

4) Ráðstöfun: kóði

5) Ráðstöfun: heiti

6) Ráðstöfun: lýsing

7) Ráðstöfun: flokkun

8) Ráðstöfun: tegund

9) Ráðstöfun: stjórnsýslustig

10) Ráðstöfun: tímamörk

11) Ráðstöfun: geiri upptaka sem verður fyrir áhrifum

12) Ráðstöfun: landfræðilegt umfang

13) Áætlaður framkvæmdarkostnaður (ef upplýsingar liggja fyrir)

14) Áætluð framkvæmd: upphafs- og lokadagur

15) Dagsetning þegar fyrirhugað er að ráðstöfun taki gildi að fullu

16) Aðrar mikilvægar dagsetningar framkvæmdar

17) Vísir til að vakta framvinduna

18) Skerðing á árlegri losun vegna ráðstöfunar sem er beitt

19) Áætluð áhrif á styrkleika á árinu sem fellur undir spána (ef upplýsingar liggja fyrir)

20) Áætluð áhrif á fjölda tilvika þegar farið er yfir mörk á árinu sem fellur undir spána (ef upplýsingar liggja fyrir)

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2016/EES/05/18

frá 8. október 2014

um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum

(tilkynnt með númeri C(2014) 7139)

(2014/704/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ([1]), einkum 1. og 3. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ([2]), einkum öðrum málslið annarrar undirgreinar 4. mgr. og 5. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum([3]), einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB ([4]) er mælt fyrir um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru samþykktar í samræmi við tilskipanir 91/496/EBE og 97/78/EB. Umrædd skrá er sett fram í I. viðauka við þá ákvörðun.

2) Danmörk hefur tilkynnt að fella ætti skoðunarstöðina á landamærunum við Kolding brott úr skránni yfir færslur sem varða það aðildarríki. Þýskaland hefur tilkynnt að fella ætti skoðunarstöðina á landamærunum við Düsseldorf brott úr skránni yfir færslur sem varða það aðildarríki. Því ætti að breyta skránni yfir færslur, sem varða þessi aðildarríki, í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

3) Í kjölfar orðsendinga frá Spáni og Holland ætti að breyta færslunum fyrir skoðunarstöðvarnar á landamærum á flugvöllunum í Barselóna, Gran Canaria og Tenerife Sur á Spáni og við höfnina í Rotterdam í Hollandi í skránni sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

4) Í kjölfar fullnægjandi úttektar endurskoðunarþjónustu framkvæmdastjórnarinnar (áður nefnd skoðunarþjónusta framkvæmdastjórnarinnar), Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar, er unnt að samþykkja skoðunarstöðina á landamærunum við Nuuk í Grænlandi fyrir alla vöruflokka sem eru ekki ætlaðir til manneldis. Því ætti að breyta viðkomandi færslu í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB, sem varðar þessa skoðunarstöð á landamærum, til samræmis við það.

5) Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofan gerði úttekt í Króatíu og lagði í kjölfarið fram nokkur tilmæli til aðildarríkisins. Króatía fylgdi þessum tilmælum á fullnægjandi hátt með aðgerðaáætlun og með því að breyta samþykkisflokkum skoðunarstöðvarinnar á landamærunum við Rijeka. Því ætti að breyta færslunni í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB, sem varðar þessa skoðunarstöð á landamærum, til samræmis við það.

6) Því ætti að breyta ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 234/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

([3]) Stjtíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu (Stjtíð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt sem hér segir:

1) Í þeim hluta sem varðar Danmörku falli færslan fyrir höfnina í Kolding brott.

2) Í þeim hluta sem varðar Þýskaland falli færslan fyrir Düsseldorf-flugvöll brott.

3) Þeim hluta sem varðar Spán er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir Barcelona-flugvöll komi eftirfarandi:

„Barcelona	ES BCN 4	A	Iberia	HC(2), NHC-T(CH)(2), NHC-NT(2)	O
			Swissport	HC(2), NHC(2)	O
			WFS	HC-T(CH)(2)“	

b) Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Gran Canaria komi eftirfarandi:

„Gran Canaria	ES LPA 4	A		HC(2), NHC-NT(2) (*)	O(*)“

c) Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Tenerife Sur komi eftirfarandi:

„Tenerife Sur	ES TFS 4	A	Productos	HC(2) (*), NHC(2)	
			Animales		U(*), E(*), O“

4) Í þeim hluta sem varðar Grænland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Nuuk:

„Nuuk	GL GOH 1	P		HC(1)(2)(15), NHC(2)(15)“	

5) Í þeim hluta sem varðar Króatíu komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Rijeka:

„Rijeka	HR RJK 1	P		HC(2), NHC-T(FR)(2), NHC-NT(2)“	

6) Í þeim hluta sem varðar Holland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Rotterdam:

„Rotterdam	NL RTM 1	P	Eurofrigo Karimatastraat	HC, NHC-T(FR), NHC-NT	
			Eurofrigo, Abel Tasmanstraat	HC	
			Frigocare Rotterdam B.V.	HC(2)	
			Coldstore Wibaco B.V.	HC-T(FR)(2), HC-NT(2)	
			Kloosterboer Delta Terminal	HC(2)“	

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1057 **2016/EES/05/19**

frá 1. júlí 2015

um breytingu á framkvæmdarákvörðun 2012/715/ESB um skrá yfir þriðju lönd með regluramma sem gildir um virk efni í mannalyf og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar sem tryggir lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([1]), einkum 1. mgr. 111. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þriðja landi er heimilt að óska eftir því við framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 111. gr. b í tilskipun 2001/83/EB, að hún meti hvort reglurammi þess lands fyrir virk efni, sem eru flutt út til Sambandsins, og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar tryggi lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu, í því skyni að vera fært á skrá yfir þriðju lönd sem tryggja jafngilda lýðheilsuvernd.

2) Í bréfi, dagsettu 9. maí 2012, óskaði Ísrael eftir að vera fært á skrá í samræmi við 1. mgr. 111. gr. b í tilskipun 2001/83/EB. Niðurstaðan úr jafngildismati framkvæmdastjórnarinnar var að kröfunum í þeirri grein væri fullnægt. Við framkvæmd jafngildismatsins var tekið tillit til samningsins um samræmismat og samþykki iðnaðarvara ([2]) milli Ísraels og Sambandsins, eins og um getur í 2. mgr. 51. gr. þeirrar tilskipunar.

3) Í bréfi, dagsettu 4. október 2012, óskaði Brasilía eftir að vera færð á skrá í samræmi við 1. mgr. 111. gr. b í tilskipun 2001/83/EB. Á grunni athugunar á viðkomandi skjölum og tveimur athugunum á vettvangi, og með tilhlýðilegu tilliti til aðgerðaáætlunarinnar sem Brasilía lagði til þann 12. mars 2015, var niðurstaðan úr jafngildismati framkvæmdastjórnarinnar að kröfunum í þeirri grein væri fullnægt.

4) Því ætti að breyta framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/715/ESB ([3]) til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarákvörðun 2012/715/ESB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 171, 2.7.2015, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 256/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

([2]) Ákvörðun ráðsins 2013/1/ESB frá 20. nóvember 2012 um gerð samnings á milli Evrópu og Miðjarðarhafslandanna þar sem komið er á fót sambandi á milli Evrópubandalaganna og aðildarríkja þeirra annars vegar og Ísraelsríkis hins vegar um samræmismat og samþykki iðnaðarvara (Stjtíð. ESB L 1, 4.1.2013, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 22. nóvember 2012 um skrá yfir þriðju lönd með regluramma sem gildir um virk efni í mannalyf og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar sem tryggir lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB (Stjtíð ESB L 325, 23.11.2012, bls. 15).

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 1. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd með regluramma sem gildir um virk efni í mannalyf og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar sem tryggir lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu

Þriðja land	Athugasemdir
Ástralía	
Brasilía	
Ísrael ([1])	
Japan	
Sviss	
Bandaríkin	

([1]) Skilst héðan í frá sem Ísraelsríki, að undanskildum þeim yfirráðasvæðum sem hafa verið undir stjórn Ísraels frá júní 1967, þ.e. Gólanhæðir, Gasasvæðið, Austur-Jerúsalem og allur Vesturbakkinn.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1014 **2016/EES/05/20**

frá 25. júní 2015

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB([1]), einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006([2]) var stofnuð skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins sem um getur í II. kafla reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 sendu nokkur aðildarríki og Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar í tengslum við uppfærslu á þessari skrá Sambandsins. Tiltekin þriðju lönd sendu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þessara upplýsinga og sannprófana, sem framkvæmdastjórnin hefur framkvæmt, ætti skrá Sambandsins nú að vera uppfærð.

3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu yfirvalda, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur, sem myndu liggja til grundvallar ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Sambandsins, eða ákvörðun um breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er í skrá Sambandsins.

4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér gögnin, sem aðildarríkin, Flugöryggisstofnun Evrópu og hlutaðeigandi þriðju lönd lögðu fram, til að leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina og við flugöryggisnefndina sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/1991[3].

5) Framkvæmdastjórnin lagði fyrir flugöryggisnefndina uppfærðar upplýsingar um yfirstandandi sameiginlegt samráð, innan ramma reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og framkvæmdarreglugerðar hennar (EB) nr. 473/2006([4]), við lögbær yfirvöld og flugrekendur eftirfarandi ríkja: Angóla, Botsvana, Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó, Gabon, Gana, Indlands, Indónesíu, Írans, Kasakstans, Líbanons, Líbíu, Madagaskar, Máritaníu, Mósambík, Filippseyja, Súdan, Taílands, Jemen og Sambíu. Flugöryggisnefndin fékk einnig upplýsingar frá framkvæmdastjórninni um Afganistan, Benín, Gíneu, Kirgistan, Nepal, Norður-Kóreu, Saó Tóme og Prinsípe og Taívan og hún fékk þar að auki uppfærðar upplýsingar frá framkvæmdastjórninni um samráð við Rússland um tæknimál.

6) Flugöryggisstofnun Evrópu lagði fyrir framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina niðurstöður greiningar á úttektarskýrslum sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) framkvæmdi innan ramma úttektaráætlunarinnar í tengslum við

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 162, 27.6.2015, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 279/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB, L 84, 23.3.2006, bls. 14).

([3]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/1991 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála (Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 frá 22. mars 2006 þar sem mælt er fyrir um framkvæmdarreglur um skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 8).

alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP). Í þessu samhengi var lögð áhersla á mikilvægi þess að aðildarríkin setji í forgang skoðanir á hlaði hjá þeim flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í ríkjum þar sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur greint alvarleg öryggisvandamál (SSC) eða þar sem Flugöryggisstofnun Evrópu hefur komist að þeirri niðurstöðu að verulegir annmarkar séu á eftirlitskerfi með flugöryggi. Til viðbótar við samráð af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er gert ráð fyrir því að slík forgangsröðun skoðana á hlaði geri kleift að afla frekari upplýsinga um öryggisframmistöðu flugrekenda sem hafa flugrekstrarleyfi í þessum ríkjum.

7) Flugöryggisstofnun Evrópu lagði fyrir framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina niðurstöður greiningar á skoðunum á hlaði sem voru framkvæmdar innan ramma áætlunarinnar um öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA-áætlunarinnar) í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012([5]).

8) Flugöryggisstofnun Evrópu lagði einnig fyrir framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina uppfærðar upplýsingar um verkefni á sviði tækniaðstoðar sem unnin eru í ríkjum sem verða fyrir áhrifum ráðstafana eða vöktunar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005. Flugöryggisstofnun Evrópu lagði fram áætlanir sínar í þessu samhengi og veitti upplýsingar varðandi beiðnir um frekari tækniaðstoð og samvinnu til að auka færni flugmálayfirvalda á sviði almenningsflugs, með tilliti til stjórnsýslu og tækni, í því skyni að ráða bót á því þegar ekki hefur verið farið að gildandi, alþjóðlegum kröfum. Aðildarríki voru hvött til að bregðast við þessum beiðnum á tvíhliða grundvelli í samræmi við framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópu. Í þessu samhengi lagði framkvæmdastjórnin áherslu á nytsemi þess að veita alþjóðlega flugsamfélaginu upplýsingar, einkum fyrir tilstuðlan SCAN-gagnagrunns (e. *Safety Collaborative Assistance Network*) Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, um tækniaðstoð sem Sambandið og aðildarríki þess láta í té til að bæta flugöryggi um allan heim.

9) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu lagði fyrir framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina uppfærðar upplýsingar um stöðu SAFA-viðvörunarkerfisins og um fyrirliggjandi tölfræðilegar upplýsingar um viðvörunarskilaboð vegna flugrekenda sem er bannað að stunda flugrekstur.

Flugrekendur í Evrópusambandinu

10) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á upplýsingum, sem fengust úr skoðunum á hlaði á loftförum flugrekenda í Sambandinu eða úr eftirliti með stöðlun á vegum Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem og úr sérstökum skoðunum og úttektum, sem flugmálayfirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu, hafa mörg aðildarríki gert tilteknar ráðstafanir til að framfylgja lögum og upplýst framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina um þær. Eistland upplýsti að Flugmálastjórn Eistlands hefði framkvæmt úttekt á flugrekandanum *AS Avies* og að flugrekandinn ynni að því að ráða bót á ágöllunum.

11) Aðildarríkin ítrekuðu að þau væru tilbúin að grípa til nauðsynlegra aðgerða ef viðeigandi upplýsingar um öryggismál gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi sem afleiðing af því að flugrekendur í Sambandinu fara ekki að viðeigandi öryggiskröfum.

Flugrekendur frá Angóla

12) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 474/2006, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1197/2011([6]), er flugrekandanum TAAG Angola Airlines, sem hefur fengið vottun í Angóla, heimilt að starfrækja flug til Sambandsins með því að nota fjögur loftför af tegundinni Boeing 737-700 með skrásetningarmerkin D2-TBF, D2-TBG, D2-TBH og D2-TBJ, þrjú loftför af tegundinni Boeing 777-200 með skrásetningarmerkin D2-TED, D2-TEE og D2-TEF og tvö loftför af tegundinni Boeing 777-300 með skrásetningarmerkin D2-TEG og D2-TEH.

13) Flugrekandinn TAAG Angolan Airlines lagði fram beiðni, 21. nóvember 2014, fyrir milligöngu lögbærra yfirvalda í Angóla (Flugmálastjórn Angóla (INAVIC)), um að bæta nýju loftfari af tegundinni Boeing 777-300 í viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006. Í kjölfar beiðni framkvæmdastjórnarinnar tóku bæði Flugmálastjórn Angóla og

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1197/2011 frá 21. nóvember 2011 (Stjtíð. ESB L 303, 22.11.2011, bls. 14). Sjá einkum forsendur 26–30 í þessari reglugerð.

flugrekandinn *TAAG Angola Airlines* þátt í samráðsfundi um tæknileg mál í Brussel 25. febrúar 2015 þar sem farið var ítarlega yfir alla þætti fyrirliggjandi öryggisstöðu, þ.m.t. að því er varðar nýja loftfarið sem bæta á við í flota flugrekandans *TAAG Angola Airlines*.

14) Flugmálastjórn Angóla hefur lagt aðaláherslu á að samhæfa lagarammann við alþjóðlegar kröfur, að gera umbætur á grunnvirkjum (talstöðvardrægi á yfirráðasvæði þeirra), gera strangari kröfur um leyfisveitingu fyrir starfsfólk og fyrirtæki, sem og að viðhafa strangara eftirlit með núverandi flugrekendum. Þar eð síðasttalda starfsemin uppfyllir ekki enn að fullu tilskildar alþjóðlegar öryggiskröfur, þar eð vottun flugrekenda er ekki nægilega traust ferli, er ekki unnt að gera tilslakanir á núverandi rekstrarbanni allra þeirra flugrekenda sem Flugmálastjórn Angóla hefur vottað, að flugrekandanum *TAAG Angola Airlines* undanskildum. Framkvæmdastjórnin vakti athygli á því að samskipti og samræming milli Flugmálastjórnar Angóla og flugrekandans *TAAG Angola Airlines* hafa batnað með reglulegum fundum þar sem ræddir eru allir þættir starfrækslu flugrekandans.

15) Flugrekandinn TAAG Angola Airlines gerði grein fyrir endurnýjun og stækkun flota síns, þ.e. að loftför af tegundinni B737-200 og B747-300 Combi voru tekin úr umferð og ný loftför af tegundinni B777-200, B777-300ER og B737-700 voru keypt, auk þess sem hann lagði mikla áherslu á gæði rekstursins, tækni- og viðhaldsþátta ásamt vöxt. Þjálfun flugmanna hefur verið bætt umtalsvert með hjálp utanaðkomandi ráðgjafa. Öryggi hefur verið bætt enn frekar með því að innleiða kerfi fyrir nafnlausar tilkynningar um atvik án refsiákvæða. Þessar upplýsingar, ásamt ítarlegri greiningu á flugritagögnum, eru nú notaðar kerfisbundið til að greina og koma í veg fyrir að fyrri flugatvik eða frávik endurtaki sig og síðan eru niðurstöðurnar færðar inn í þjálfunaráætlun flugmanna.

16) Í tengslum við leyfisveitingarferli flugrekenda frá þriðja landi([7]) hefur flugrekandinn TAAG Angola Airlines átt í stöðugum viðræðum við Flugöryggisstofnun Evrópu frá því í nóvember 2014 og hefur veitt henni staðreyndagögn og ítarleg gögn um loftfaraflota sinn og rekstur.

17) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að breyta ætti skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta við enn einu loftfari af tegundinni Boeing 777-300, með skrásetningarmerkið D2-TEI, sem tilheyrir flugrekandanum TAAG Angola, Airlines, í viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006, og verður starfræksla þessa loftfars leyfð í Sambandinu.

18) Aðildarríkin eiga að halda áfram að sannprófa hvort flugrekandinn TAAG Angola Airlines fari að viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Botsvana

19) Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar lét Flugmálastjórn Botsvana í té upplýsingar um þann árangur sem hefur náðst við úrlausn alvarlegra öryggisvandamála og annarra vanefnda sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á með bréfi frá 30. janúar 2015. Flugmálastjórn Botsvana hefur einnig sýnt fram á frekari árangur að því er varðar að hrinda alþjóðlegum öryggiskröfum í framkvæmd. Flugmálastjórn Botsvana er hvött til að óska eftir því við Alþjóðaflugmálastofnunina að hún sannprófi hvort lausn hafi fundist á alvarlegu öryggisvandamálunum.

20) Fyrirliggjandi öryggisupplýsingar styðja ekki þá ákvörðun að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Botsvana, sæti flugrekstrarbanni eða rekstrartakmörkunum. Framkvæmdastjórnin telur þó að fylgjast ætti náið áfram með stöðunni.

21) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Botsvana í skrána.

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 frá 29. apríl 2014 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugrekstur flugrekenda frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008.

Flugrekendur frá Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

22) Allir flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, hafa verið skráðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 frá því í mars 2006([8]).

23) Lögbær yfirvöld Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó, Autorité de l'Aviation Civile (Flugmálastjórn Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó, AAC), upplýstu framkvæmdastjórnina með bréfi, dagsettu 27. maí 2015, um afturköllun flugrekandaskírteina flugrekendanna *Air Baraka*, *Biega Airways*, *Cetrac Aviation Service SPRL*, *Congo Express*, *GIS'AIR*, *Goma Express*, *GTRA*, *Katanga Express*, *Okapi Airlines*, *Patron Airways*, *Pegasus Aviation*, *Sion Airlines* og *Tracep Congo* og af þeim sökum ætti að fella þessa flugrekendur brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

24) Hinn 4. júní 2015 lét Flugmálastjórn Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó framkvæmdastjórninni í té viðbótarupplýsingar sem sýna að flugrekandaskírteini flugrekendanna *African Air Service Commuter, Air Castilla*, *Air Malebo*, *Armi Global Business Airways*, *Business Aviation*, *CHC Stellavia*, *Eagles Services*, *Ephrata Airlines*, *Filair*, *Fly Congo*, *Galaxy Kavatsi*, *International Trans Air Business*, *Jet Congo Airlines*, *Katanga Wings*, *Lignes Aériennes Congolaises*, *Mavivi Air Trade*, *Safe Air*, *Stellar Airways*, *Waltair Aviation* og *Wimbi Dira Airways* höfðu verið afturkölluð og því ætti að fella þessa flugrekendur brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

25) Flugmálastjórnin upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um það að ný flugrekstrarleyfi hefðu verið gefin út til handa flugrekendunum Dakota SPRL, Malu Aviation, Serve Air og Congo Airways, án þess að færa sönnur á að vottun og eftirlit með þessum flugrekendum væri í fullu samræmi við gildandi alþjóðlegar öryggiskröfur. Því ber að bæta þessum flugrekendum við í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

26) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að breyta ætti skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að fella flugrekendurna *African Air Service Commuter*, *Air Baraka*, *Air Castilla*, *Air Malebo*, *Armi global Business Airways*, *Biega Airways*, *Business Aviation*, *Cetrac Aviation Service SPRL*, *CHC Stellavia*, *Congo Express*, *Eagles Services*, *Ephrata Airlines*, *Filair*, *Fly Congo*, *Galaxy Kavatsi*, *GIS'AIR*, *Goma Express*, *GTRA*, *International Trans Air Business*, *Jet Congo Airlines*, *Katanga Express*, *Katanga Wings*, *Lignes Aériennes Congolaises*, *Mavivi Air Trade*, *Okapi Airlines*, *Patron Airways*, *Pegasus Aviation*, *Safe Air*, *Sion Airlines*, *Stellar Airways*, *Tracep Congo*, *Waltair Aviation* og *Wimbi Dira Airways* brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 og bæta flugrekendunum *Dakota, Malu Aviation, Serve Air og Congo Airways* við í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

Flugrekendur frá Gabon

27) Flugrekendurnir Air Services SA og SCD Aviation hafa verið skráðir í viðauka A síðan í júlí 2008. Flugrekandinn Gabon Airlines hefur, frá því í júlí 2008, einungis haft leyfi til að starfrækja loftfar innan Evrópusambandsins af tegundinni Boeing 767-200 með skrásetningarmerkið TR-LHP með þeim skilyrðum sem eru tilgreind í forsendu 15 í reglugerð (EB) nr. 715/2008 ([9]).

28) Hinn 5. júní 2015 lögðu lögbær yfirvöld í Gabon framkvæmdastjórninni í té sönnun þess efnis að flugrekandaskírteini flugrekendanna Air Services SA, SCD Aviation og Gabon Airlines hefðu verið afturkölluð og því ætti að fella þessa flugrekendur brott úr skrá Sambandsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum.

29) Hinn 6. maí 2015 upplýstu lögbær yfirvöld í Gabon framkvæmdastjórnina um útgáfu nýs flugrekandaskírteinis fyrir flugrekandann Tropical Air Gabon án þess að færa sönnur á að vottun og eftirlit með þessum flugrekanda væri í fullu samræmi við gildandi alþjóðlegar öryggiskröfur. Því ber að bæta þessum flugrekanda við í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB, L 84, 23.3.2006, bls. 14).

([9]) Reglugerð (EB) nr. 715/2008 frá 24. júlí 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 197, 25.7.2008, bls. 36).

30) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að breyta ætti skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að fella flugrekendurna *Air Services SA* og *SCD Aviation* brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006, að fella flugrekandann Gabon Airlines brott úr viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006 og að bæta flugrekandanum Tropical Air Gabon við í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

Flugrekendur frá Gana

31) Í september 2010 var flugrekandanum Meridian Airways LTD bætt við í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006([10]). Í september 2010 var flugrekandanum *Airlift International (GH) LTD* bætt við í viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006 og aðeins einu tilteknu loftfari af tegundinni DC-8-63F var veitt heimild til að fljúga innan Sambandsins. Báðar ákvarðanirnar eiga rætur sínar að rekja til alvarlegra annmarka í öryggismálum, sem komu í ljós við skoðanir á hlaði, sem framkvæmdar voru samkvæmt SAFA-áætluninni. Í nóvember 2010 var það metið svo að flugrekandinn *Airlift International (GH) LTD* gæti starfrækt annað loftfar af tegundinni DC-8-63F innan Sambandsins ([11]).

32) Hinn 5. júní 2014 sendi Flugmálastjórn Gana (GCAA) framkvæmdastjórninni vottorð um afskráningu tiltekinna loftfara af tegundinni DC-8-63F sem eru skráð í Gana. Flugmálastjórn Gana tilkynnti einnig að hún hefði gefið út tæknileg fyrirmæli þar sem hún bannar flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Gana, að nota loftför af tegundinni DC-8 og tóku fyrirmælin gildi 31. desember 2013. Túlka ætti þessar upplýsingar sem staðfestingu á því að lýðveldið Gana styðji ekki lengur starfrækslu loftfara af tegundinni DC-8 sem eru í loftfaraskrá þess.

33) Hinn 16. febrúar 2015 lét Flugmálastjórn Gana framkvæmdastjórninni í té skrifleg gögn um að hún hefði afturkallað flugrekandaskírteini flugrekandanna Meridian Airways LTD og Airlift International (GH) LTD. Tæknifundur háttsettra fulltrúa Flugmálastjórnar Gana, framkvæmdastjórnarinnar og Flugöryggisstofnunar Evrópu var haldinn 17. mars 2015 þar sem Flugmálastjórn Gana lagði fram upplýsingar um núverandi stjórnskipulag sitt, um eftirlit sitt með flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Gana, og um vottunarferli flugrekenda. Sönnun um afturköllun á þessum tveimur flugrekandaskírteinum og upplýsingar, sem lagðar voru fram á tæknifundinum um fyrirkomulag Flugmálastjórnarinnar við öryggiseftirlit, töldust fullnægjandi til að ályktа að flugrekendurnir *Meridian Airways LTD* og *Airlift International (GH) LTD* hefðu hætt rekstri sínum.

34) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að breyta ætti skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að fella flugrekandann Meridian Airways LTD brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 og fella flugrekandann *Airlift International (GH) LTD* brott úr viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

35) Ef einhverjar viðeigandi upplýsingar um öryggismál gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin neyðst til að grípa til aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Indlandi

36) Flugmálastjórn Indlands (DGCA) lét framkvæmdastjórninni í té uppfærðar upplýsingar með bréfi, dagsettu 24. desember 2014, um þær aðgerðir til úrbóta sem Flugmálastjórn Indlands hafði gripið til í tengslum við ákvörðun Flugmálastjórnar Bandaríkjanna frá janúar 2014 um að breyta hlítnistöðu Indlands úr flokki 1 í flokk 2 í samræmi við úttekt í tengslum við alþjóðlegt flugöryggismat (IASA-úttekt). Í bréfinu var einnig greint frá því að Flugmálastjórn Bandaríkjanna hefði framkvæmt endurmat á Flugmálastjórn Indlands í desember 2014. Hinn 8. apríl 2015 tilkynnti Flugmálastjórn Bandaríkjanna að hlítnistöðu Indlands yrði breytt úr flokki 2 í flokk 1 í samræmi við IASA-úttekt.

([10]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 791/2010 frá 6. september 2010 (Stjtíð. ESB L 237, 8.9.2010, bls. 10). Sjá einkum forsendur 9–23 í þessari reglugerð.

([11]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1071/2010 frá 22. nóvember 2010 (Stjtíð. ESB L 306, 23.11.2010, bls. 44). Sjá einkum forsendur 29–31 í þessari reglugerð.

37) Í bréfi til Flugmálastjórnar Indlands frá 10. apríl 2015 ítrekaði framkvæmdastjórnin að jafnvel þótt hún fagnaði ákvörðun Flugmálastjórnar Bandaríkjanna um að hækka Indland um hlítniflokk, í samræmi við IASA-úttekt, þá þyrfti Flugmálastjórn Indlands áfram að vinna með framkvæmdastjórninni að því að veita reglulega uppfærðar upplýsingar um það hvort Flugmálastjórn Indlands standi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar um öryggi og eftirlit.

38) Hinn 7. maí 2015 var haldinn tæknifundur meðal sérfræðinga frá framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnunar Evrópu, aðildarríkis og háttsettra fulltrúa frá Flugmálastjórn Indlands. Fundurinn gerði Flugmálastjórn Indlands kleift að leggja fram upplýsingar um þær ráðstafanir sem hún hafði gert sem leiddu til þess að hlítnistöðu Indlands var breytt úr flokki 2 í flokk 1. Flugmálastjórn Indlands lagði fram upplýsingar um áætlunina um aðgerðir til úrbóta sem hún hafði framkvæmt sem og tilteknar upplýsingar um sjálfbærar ráðstafanir sem hún hafði innleitt til að efla getu sína til öryggiseftirlits. Framkvæmdastjórnin tók tillit til upplýsinganna sem Flugmálastjórn Indlands lagði fram. Það var metið svo að hvorki væri þörf á setja flugrekstrarbann né rekstrartakmarkanir á flugrekendur, sem hafa fengið vottun á Indlandi, en að frekara samráð um tæknimál væri gagnlegt til að viðhalda viðræðum við Flugmálastjórn Indlands um öryggistengd mál.

39) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Indlandi í skrána.

40) Aðildarríki eiga að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför indverskra flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Indónesíu

41) Reglulegt samráð milli framkvæmdastjórnarinnar og Flugmálastjórnar Indónesíu (DGCA) heldur áfram með það að markmiði að fylgjast með árangri Flugmálastjórnar Indónesíu við að tryggja að öryggiseftirlit með öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Indónesíu, samrýmist alþjóðlegum öryggiskröfum. Í kjölfar úttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í maí 2014 lauk Flugmálastjórn Indónesíu við gerð áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta og vinnur sem stendur að því að ljúka við framkvæmd þessara aðgerða.

42) Hinn 28. desember 2014 varð loftfar flugs nr. QZ8501 frá flugrekandanum Indonesia AirAsia fyrir óhappi yfir Javahafi. Loftfarið eyðilagðist og allir farþegar og áhöfn létu lífið. Samgönguöryggisnefnd Indónesíu (NTSC) annast rannsókn slyssins og vænta má lokaskýrslunnar fyrir lok ársins 2015.

43) Í janúar 2015 heimsóttu fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar Indónesíu til að ræða um niðurstöður úttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í maí 2014 til að tryggja að öryggiseftirlit með flugrekendum, sem eru ekki lengur í skrá Sambandsins, sé það öflugt að ekki sé ástæða til að bæta þeim við í þá skrá. Fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar hittu fyrir samgönguráðherra Indónesíu, fulltrúa frá Flugmálastjórn Indónesíu, þá sem skipa samgönguöryggisnefndina og hlutaðeigandi flugrekendur. Þessir flugrekendur gáfu greinargott yfirlit yfir öryggisstjórnunarkerfi sitt og innleiðingu alþjóðlegra öryggiskrafna.

44) Flugmálastjórn Indónesíu lagði fram ítarlegar upplýsingar með bréfi, dagsettu 31. mars 2015, yfir yfirstandandi aðgerðir til úrbóta til að finna lausn á þeim vandamálum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á. Flugmálastjórnin lagði enn fremur fram upplýsingar um öryggiseftirlit með viðkomandi flugrekanda. Í kjölfar greiningar á upplýsingunum, sem lagðar voru fram, fór framkvæmdastjórnin fram á frekari skýringar að því er varðar öryggiseftirlit með flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Indónesíu, og gildandi skrá yfir handhafa flugrekandaskírteina í Indónesíu.

45) Viðbótarskýringar voru gefnar með bréfi, dagsettu 13. maí 2015. Upplýsingar voru veittar um vöktunar- og eftirlitsáætlun varðandi flugrekendurna, sem eru sem stendur undanþegnir flugrekstrarbanni, þ.e. flugrekendurna *PT. Garuda Indonesia, Airfast Indonesia, Ekspres Transportasi Antarbenua* og *Indonesia Air Asia.* Á grundvelli upplýsinganna, sem voru veittar, var komist að þeirri niðurstöðu að Flugmálastjórn Indónesíu annast fullnægjandi öryggiseftirlit með þessum flugrekendum og að ekki liggi fyrir neinar viðeigandi öryggisupplýsingar sem styðja flugrekstrarbann.

46) Í sama bréfi upplýsti Flugmálastjórn Indónesíu framkvæmdastjórnina um að flugrekandaskírteini flugrekendanna Mandala Airlines (flugrekandaskírteini nr. 121-005), *Merpati Nusantara Airlines* (flugrekandaskírteini nr. 121-002), *Sky Aviation* (flugrekandaskírteini nr. 121-028 og 135-044) og *Republik Express* (flugrekandaskírteini nr. 121-040) hefðu verið afturkölluð. Því ætti að fella flugrekandann *Mandala Airlines* brott úr skránni yfir undanþegna flugrekendur frá Indónesíu og fella ætti flugrekendurna *Merpati Nusantara Airlines*, *Sky Aviation* og *Republik Express* brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

47) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að breyta ætti skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að fella flugrekandann Mandala Airlines brott úr skránni yfir undanþegna flugrekendur og fella flugrekendurna *Merpati Nusantara Airlines*, *Sky Aviation* og *Republik Express* brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

Flugrekendur frá Íran

48) Hinn 30. mars 2010 var flugrekandanum Iran Air, sem vottaður var af Flugmálastjórn Íslamska lýðveldisins Íran, bætt við í viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006([12]). Rekstrartakmarkanir, sem settar voru á flota flugrekandans *Iran Air,* voru nánar tilgreindar í kjölfar matsheimsóknar aðila frá Sambandinu á staðinn 5. júlí 2010([13]).

49) Flugrekandinn Iran Air hefur látið framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um núverandi flota sinn sem eru studdar viðeigandi fylgigögnum. Flugrekandinn óskaði eftir því að undanskilja loftför af tegundinni A320 frá rekstrartakmörkununum til að geta starfrækt þau innan Sambandsins. Það hefur þó ekki enn verið hægt að sannprófa gögnin sem lögð voru fram á tæknifundi og/eða við matsheimsókn aðila Sambandsins á staðinn. Á þessari stundu er því ekki hægt að taka ákvörðun um að heimila flugrekandanum *Iran Air* að starfrækja loftför af tegundinni A320.

50) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur sem hafa fengið vottun í Íran.

Flugrekendur frá Kasakstan

51) Framkvæmdastjórnin vaktar ennþá framkvæmd Kasakstans á áætluninni um aðgerðir til úrbóta í kjölfar samræmdrar fullgildingarúttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICVM) í landinu árið 2014. Þessi samræmda fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar staðfesti að ráðin hefði verið bót á einu, alvarlegu öryggisvandamáli á sviði lofthæfi og að almennur árangur hefði náðst við framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna. Alþjóðaflugmálastofnunin greindi alvarlega annmarka á sviði flugreksturs og benti jafnvel á fleiri alvarleg öryggisvandamál í tengslum við þetta svið.

52) Hinn 27. júní 2015 var haldinn samráðsfundur um tæknimál með Flugmálastjórn Kasakstans (CAC) til að gera henni kleift að láta framkvæmdastjórninni í té uppfærðar upplýsingar um eftirlitsstarfsemi sína og forgangsmál til skamms og meðallangs tíma. Samkvæmt upplýsingunum, sem Flugmálastjórn Kasakstans lét í té, hefur tilteknum aðgerðum til úrbóta verið hrint í framkvæmd. Aðrar aðgerðir til úrbóta eru mislangt á veg komnar. Samkvæmt Flugmálastjórn Kasakstans eru forgangsmál hennar fyrir árið 2015 m.a. að innleiða fimm áfanga vottunarferli fyrir flugrekendur, að þróa verklagsreglur um sérstök samþykki, að ráða fleira tæknimenntað starfsfólk, að þróa og innleiða öryggiseftirlitsáætlun og skoðunaráætlun, að innleiða nýja gátlista fyrir skoðanir og úttektir, að þjálfa skoðunarmenn og að veita skoðunarmönnum heimild til að sinna umsjónar- og eftirlitsstörfum sínum.

53) Á samráðsfundinum um tæknimál upplýsti flugrekandinn Air Astana að Flugmálastjórn Kasakstans hefði endurvottað flugrekandann í apríl 2015. Flugrekandinn veitti enn fremur reglulega uppfærðar upplýsingar um flugrekstur sinn, þjálfun og viðhaldsaðgerðir.

([12]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 273/2010 frá 30. mars 2010 (Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2010, bls. 25). Sjá einkum forsendur 41–49 í þessari reglugerð.

([13]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 590/2010 frá 5. júlí 2010 (Stjtíð. ESB L 170, 6.7.2010, bls. 9). Sjá einkum forsendur 60–71 í þessari reglugerð.

54) Á samráðsfundi um tæknimál í apríl 2015 upplýsti flugrekandinn SCAT Air Company framkvæmdastjórnina einnig um það að hann hefði staðist öryggisúttekt Alþjóðasambands flugfélaga á flugrekstri (IOSA-úttekt) og að flugrekandinn hljóti líklega IOSA-vottorð fyrir lok ársins 2015 þegar hann hefur ráðið bót á útstandandi vanefndum á fullnægjandi hátt.

55) Á grundvelli upplýsinganna, sem framkvæmdastjórnin hefur aðgang að, og umræðnanna á samráðsfundunum um tæknimál, var komist að þeirri niðurstöðu að Kasakstan eigi enn í erfiðleikum með að framkvæma alþjóðlegar öryggiskröfur. Framkvæmdastjórnin hvetur Flugmálastjórn Kasakstans eindregið til að leggja meiri vinnu í framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna, sem er forsenda þess að framkvæmdastjórnin athugi með meiri velvild að gera frekari tilslakanir á takmörkunum sem gilda um flugrekendur sem eru undir eftirliti Flugmálastjórnar Kasakstans.

56) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Kasakstan.

57) Aðildarríkin eiga að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekandans Air Astana séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Líbanon

58) Samráð við Flugmálastjórn Líbanons (DGCA) stendur yfir, með það að markmiði að staðfesta að Líbanon hafi hrint í framkvæmd áætluninni um aðgerðir til úrbóta, sem var samin til að bregðast við ágöllum og alvarlegu öryggisvandamáli sem komu í ljós við samræmda fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í desember 2012.

59) Á fundi í Brussel, 9. apríl 2015, upplýsti ráðgjafi samgönguráðherra Líbanons framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópu um skipun stjórnarnefndar Flugmálastjórnar. Hann vísaði einnig til tillagna um að aðskilja öryggiseftirlit og þjónustuveitingu sem eru sem stendur í höndum Flugmálastjórnar Líbanons. Frekari upplýsingar voru lagðar fram um þær aðgerðir sem Flugmálastjórn Líbanons hefur hrint í framkvæmd í samvinnu við Alþjóðaflugmálastofnunina. Öryggisteymi svæðisskrifstofu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fór í vettvangsheimsókn í mars 2015 til að sannprófa framvindu aðgerða í því skyni að ráða bót á alvarlega öryggisvandamálinu.

60) Framkvæmdastjórnin veitti Flugmálastjórn Líbanons tækniaðstoð, fyrir milligöngu Flugöryggisstofnunar Evrópu, í tengslum við framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna, frá september 2014 til mars 2015, sem eftirfylgni við MASC-verkefnið (e. Mediterranean Aviation Safety Cell). Þessi starfsemi hefur hjálpað Flugmálastjórn Líbanons við að framkvæma aðgerðir til úrbóta, að gera umbætur á innri málsmeðferð sinni, leiðarvísum og handbókum og vinna að undirbúningi að betra stjórnskipulagi.

61) Fyrirliggjandi öryggisupplýsingar styðja ekki ákvörðun um að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Líbanon, sæti flugrekstrarbanni eða rekstrartakmörkunum. Framkvæmdastjórnin taldi þó rétt að fylgjast áfram náið með stöðunni. Samráð við líbönsk yfirvöld eiga að halda áfram í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006.

62) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Líbanon í skrána.

63) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin neyðst til að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Líbíu

64) Framkvæmdastjórnin hefur enn áhyggjur af stöðu flugöryggis í Líbíu. Sú ríkisstjórn sem Sambandið hefur viðurkennt hefur tilnefnt nýtt lögbært yfirvald, *Libyan Civil Aviation Authority* (LCAA), sem Flugmálastjórn landsins. Flugmálastjórn Líbíu hefur úthlutað lögbærum yfirvöldum í öðrum ríkjum tiltekin verk, sem tengjast flugöryggi, t.d. að gefa út tilkynningar til flugmanna (NOTAM). Hins vegar heldur fyrra lögbæra yfirvaldið, þ.e. *Libyan Civil Aviation Authority* (LYCAA), áfram að vera til staðar og gefur áfram út tilkynningar til flugmanna til viðbótar við þær sem gefnar eru út á vegum Flugmálastjórnar Líbíu (LCAA). Þetta gæti haft áhrif á flugöryggi því þær tilkynningar til flugmanna sem þessar stofnanir gefa út, ef þær ná yfir sama loftrými eða sömu flugvelli, gætu innihaldið mótsagnakenndar upplýsingar.

65) Framkvæmdastjórnin hefur komið sér upp tengiliðum hjá Flugmálastjórninni (LCAA) en hefur hvorki fengið nothæfar né sannreynanlegar upplýsingar um núverandi stöðu að því er varðar eftirlit með almenningsflugi og ekki heldur um stöðu flugöryggis í Líbíu.

66) Sökum þess hve óljóst og óstöðugt ástandið er í Líbíu og takmarkaðrar getu Flugmálastjórnar Líbíu til að hafa fullnægjandi eftirlit með flugrekendum í landinu og hafa stjórn á yfirvofandi öryggisáhættu er það metið svo að Líbía geti ekki uppfyllt alþjóðlegar skuldbindingar sínar í tengslum við flugöryggi.

67) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Líbíu.

Flugrekendur frá Madagaskar

68) Virkt samráð við lögbær yfirvöld á Madagaskar, Aviation Civile de Madagascar (ACM), hefur haldið áfram í því skyni að fylgjast með árangri þessara yfirvalda við að tryggja að öryggiseftirlit með öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun á Madagaskar, samrýmist alþjóðlegum öryggiskröfum.

69) Hinn 28. apríl 2015 hélt framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu, samráðsfund með Flugmálastjórn Madagaskar (ACM) og fulltrúum flugrekandans *Air Madagascar*. Á þessum fundi lögðu Flugmálastjórn Madagaskar og flugrekandinn fram upplýsingar um þann árangur sem hefur náðst við framkvæmd áætlunar þeirra um aðgerðir til úrbóta og um fyrirbyggjandi aðgerðir sem gripið var til í því skyni að ráða bót á öryggisvandamálunum sem komu í ljós við matsheimsókn fulltrúa ESB til Madagaskar í febrúar 2014.

70) Flugmálastjórn Madagaskar greindi einkum frá þeim árangri sem náðst hefur við þjálfun skoðunarmanna sinna, sem fram fer innan ramma áætlunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um tækniaðstoð (SAFE), og greindi frá því að á þeim tíma sem fundurinn átti sér stað hefðu viðurkenndir skoðunarmenn hlotið u.þ.b. 65% af þeirri þjálfun sem er nauðsynleg til að gera Flugmálastjórninni kleift að ná viðunandi frammistöðu við eftirlitsskyldur sínar. Eftirlitsáætlunin fyrir 2014 var framkvæmd með aðstoð þriðju aðila en Flugmálastjórn Madagaskar var sannfærð um að eftirlitsáætlunin fyrir 2015 myndi sýna fram á getu hennar til að inna af hendi eftirlitsskyldur sínar. Flugmálastjórn Madagaskar upplýsti einnig að hún hefði nýlega ákveðið að fella flugrekandaskírteini flugrekendanna *Aeromarine, Henri Fraise Fils Transport Aérien* og *Insolite Travel Fl* tímabundið úr gildi sem og samþykki þjálfunarfyrirtækisins *Ecole Nationale d'Enseignement de l'Aéronautique et de la Météorologie*. Flugmálastjórn Madagaskar lagði að lokum áherslu á að Alþjóðaflugmálastofnunin væri um þessar mundir að meta mikilvæga þætti 1–5 í öryggiseftirlitskerfinu, án þess að vera á svæðinu, og að þessu mati ætti að vera lokið í júlí 2015.

71) Til viðbótar við upplýsingar um áætlun sína um fyrirbyggjandi aðgerðir og aðgerðir til úrbóta lagði flugrekandinn *Air Madagascar* einnig fram nýjustu upplýsingar um þróun flotans og greindi m.a. frá því að verið væri að athuga með kaup á þriðja loftfarinu af tegundinni ATR 72-600 og að til stæði að skipta út tveimur loftförum af tegundinni Boeing 737-300 fyrir loftfar af tegundinni Boeing 737-700 á fjórða ársfjórðungi 2015.

72) Framkvæmdastjórnin tók tillit til upplýsinganna sem Flugmálastjórn Madagaskar og flugrekandinn *Air Madagascar* lögðu fram. Framkvæmdastjórnin fagnaði þeim árangri sem Flugmálastjórn Madagaskar og flugrekandinn *Air Madagascar* höfðu náð með því að ákvarða nýja verkferla eða gera úrbætur á þeim sem fyrir voru. Framkvæmdastjórnin

leggur þó þunga áherslu á nauðsyn þess að báðar stofnanirnar hafi getu til að framkvæma þessa verkferla með skilvirkum hætti. Framkvæmdastjórnin mælir með að eitt skref verði tekið í einu og komið í veg fyrir að verkferlum verði aðeins hrint í framkvæmd að hluta til, eins og vakið var máls á í matsheimsókn fulltrúa Sambandsins til Madagaskar í febrúar 2014.

73) Flugmálastjórn Madagaskar upplýsti framkvæmdastjórnina, 8. maí 2015, um að flugrekandinn *Air Madagascar* hefði lagt fram beiðni um að loftfari af tegundinni Airbus A340-300, með skrásetningarmerkið 5R-EAA, yrði bætt í skrána yfir loftför fyrirtækisins sem eru þegar tilgreind í viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

74) Hinn 29. maí 2015 lét ferðamála-, samgöngumála- og loftslagsmálaráðherra Madagaskar í ljós þá ósk sína að ástand loftfaranna tveggja af tegundinni Airbus A340-300 yrði endurmetið á fundi flugöryggisnefndarinnar í júní 2015. Ef ekki væri unnt að ljúka endurmatsferlinu í tengslum við hugsanlega brottfellingu flugrekandans *Air Madagascar* úr viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006 fyrir fundinn í júní 2015 myndi hann styðja beiðni flugrekandans *Air Madagascar* um að loftfarinu af tegundinni A340-300, með skrásetningarmerkið 5R-EAA, yrði bætt í viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

75) Í ljósi alvarleika ágallanna, sem fulltrúar ESB vöktu máls á í matsheimsókn til Madagaskar í febrúar 2014, telur framkvæmdastjórnin að skilyrðin, sem leyfa slíka tilfærslu, séu í eðli sínu ekki frábrugðin þeim skilyrðum sem þarf að uppfylla til að fella flugrekandann Air Madagascar brott úr viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006. Endurskoðun upplýsinganna, sem Flugmálastjórn Madagaskar og flugrekandinn *Air Madagascar* lögðu fram eftir fundinn 28. apríl 2014, með það að markmiði að styðja ákvörðunina um að bæta loftfari af tegundinni Airbus A340-300, með skrásetningarmerkið 5R-EAA, í viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006, sýnir ekki fram á að þessi skilyrði séu uppfyllt.

76) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Madagaskar.

Flugrekendur frá Íslamska lýðveldinu Máritaníu

77) Hinn 24. febrúar 2015 var haldinn tæknilegur fundur í Brussel meðal framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunar Evrópu, allmargra aðildarríkja og Flugmálastjórnar Máritaníu, Agence Nationale de l'Aviation Civile sem og flugrekandans Mauritania Airlines International (MAI). Flugmálastjórn Máritaníu kynnti öryggisstöðu Máritaníu og aðgerðaáætlun ríkisins um flugöryggi þar sem áhersla er lögð á góðar niðurstöður úr úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og þá staðreynd að stórum hluta alþjóðlegra öryggiskrafna hefur þegar verið hrint í framkvæmd með skilvirkum hætti. Flugrekandinn MAI greindi frá því hvernig hann brást við nýlegum niðurstöðum úr SAFA-skoðun og tilkynnti að hann myndi undirgangast skráningarferlið fyrir öryggisúttekt Alþjóðasambands flugfélaga á flugrekstri (IOSA-úttekt). Flugrekandinn MAI staðfesti að hann hefði hætt flugi til tiltekinna áfangastaða í Sambandinu af efnahagslegum ástæðum og að hann ætli sér að þróa svæðisbundið net í samstarfi við flugrekanda í Sambandinu. Flugrekandinn MAI hefur þar af leiðandi einnig ákveðið að breyta samsetningu flotans til að starfrækja minni loftför og fjölga flugferðum.

78) Nýjasta greining Flugöryggisstofnunar Evrópu í tengslum við SAFA-skoðanir sýnir framfarir að því leyti að færri ágallar fundust við SAFA-skoðanir í Sambandinu jafnvel þótt sum aðildarríki minntu á að þegar nýtt loftfar af tegundinni Embraer ERJ145 var tekið í notkun hjá flugrekandanum MAI hefði það ekki farið fram með fullnægjandi hætti. Undirbúningur fyrir öryggisúttekt Alþjóðasambands flugfélaga á flugrekstri fór fram í Nouakchott á bilinu 10.–14. mars 2015. Flugmálastjórn Máritaníu og flugrekandinn MAI lögðu fyrir framkvæmdastjórnina bráðabirgðaniðurstöður úr undirbúningsúttektinni. Á grundvelli þeirra virðist sem framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna sé viðunandi og að ekkert bendi til þess að til staðar séu sérstaklega ógnvekjandi annmarkar á sviði öryggismála.

79) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Íslamska lýðveldinu Máritaníu í skrána.

80) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin neyðst til að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Mósambík

81) Samræmd fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fór fram í nóvember og desember 2014 til að fullgilda framvindu framkvæmdar áætlunar lögbærra flugmálayfirvalda í Mósambík, Instituto de Aviação Civil de Moçambique (IACM), um aðgerðir til úrbóta. Samræmd fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar tók til löggjafar um almenningsflug í Mósambík, innra skipulags Flugmálastjórnar Mósambík, flugvalla og tækja á jörðu niðri sem og flugleiðsöguþjónustu í Mósambík. Skýrslan um þessa samræmdu fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar var birt á vefsetri Alþjóðaflugmálastofnunarinnar 5. maí 2015.

82) Í ljósi árangurs Flugmálastjórnar Mósambík við að ráða bót á annmörkunum, sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á, ásamt viðleitni Flugmálastjórnarinnar til að ljúka við að setja á stofn flugkerfi, sem samrýmist alþjóðlegum öryggiskröfum, var þegar búið að skipuleggja að fulltrúar Sambandsins myndu heimsækja landið árið 2015 í tengslum við öryggismat.

83) Matsheimsókn á vegum Sambandsins til Mósambík fór fram í apríl 2015 og voru þátttakendur sérfræðingar frá framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkjunum. Sviðin, sem voru metin, voru frumlöggjöf á sviði flugmála og reglugerðir um almenningsflug, innra skipulag Flugmálastjórnar Mósambík, leyfisveiting og þjálfun starfsfólks, eftirlit með lofthæfi loftfara og eftirlit með starfrækslu þeirra.

84) Það kom skýrt fram í matsheimsókninni á vegum Sambandsins að ýmis atriði gildandi lagaramma víkja töluvert frá alþjóðlegum öryggiskröfum. Endurskoðuð grunnlög um loftferðir, sem fela í sér breytingar sem munu ráða bót á þessum frávikum, bíða samþykkis ríkisstjórnarinnar. Sérstakar laga- og tæknireglur eru í gildi en þær eru hvorki heildstæðar né samræmdar. Endurskoðuð lög Flugmálastjórnar Mósambík, sem fela Flugmálastjórninni fjárhagslegt og rekstrarlegt sjálfræði og ráða bót á annmörkum, sem hafa greinst á þessu sviði, bíða einnig samþykkis ríkisstjórnarinnar. Jafnvel þótt lokið hafi verið við að ráða flestallt starfsfólkið og framkvæma sumar af fyrirhuguðum skipulagsbreytingum á enn eftir að ljúka við mikilvægan hluta framkvæmda sem þarf að fylgja í kjölfarið.

85) Við matsheimsókn á vegum Sambandsins komu einnig í ljós veikleikar og annmarkar á mörgum verksviðum Flugmálastjórnar Mósambík, þ.m.t. varðandi leyfisveitingu og þjálfun starfsfólks, eftirlit með lofthæfi og starfrækslu loftfara. Við heimsókn til þriggja flugrekenda, sem voru hluti af dæmigerðu úrtaki, greindi matsteymi á vegum Sambandsins áberandi eyður í skráahaldi, ófullnægjandi handbækur, losaralegt skipulag og slæmar viðhaldsvenjur. Jafnvel þótt sumir þessara annmarka séu alfarið á ábyrgð flugrekandans geta margir þeirra talist vísbendingar um ófullnægjandi eftirlit á vegum yfirvalda.

86) Hins vegar er Flugmálastjórn Mósambík harðákveðin í því að stefna áfram að endanlegu markmiði sínu um að setja á stofn flugkerfi, sem samrýmist alþjóðlegum öryggiskröfum, og nýtur enn góðs af fullum styrk og stuðningi ríkisstjórnarinnar. Flugmálastjórn Mósambík mun þó einnig þurfa faglega, lögmæta og óhlutdræga aðstoð um einhvern tíma. Framkvæmdastjórnin vinnur að undirbúningi, í samstarfi við Flugmálastjórn Mósambík og Flugöryggisstofnun Evrópu, að veitingu slíkrar tækniaðstoðar í því skyni að hjálpa til við að ráða bót á eftirstandandi annmörkum og ljúka við uppbyggingarferli innri getu til að ná tilskilinni sjálfbærni.

87) Matsheimsókn á vegum Sambandsins gerði framkvæmdastjórninni kleift að álykta að jafnvel þótt Flugmálastjórn Mósambík sýndi umtalsverðar framfarir, að því er varðar framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna, séu enn verulegir annmarkar á eftirlitskerfi í Mósambík með flugöryggi. Á þessu stigi er geta Flugmálastjórnarinnar til að hafa eftirlit með almenningsflugi í Mósambík ekki enn fullnægjandi samkvæmt alþjóðlegum öryggiskröfum. Það liggja því ekki fyrir fullnægjandi gögn sem styðja ákvörðun um að gerðar verði tilslakanir á flugrekstrarbanni allra þeirra flugrekenda sem hafa fengið vottun í Mósambík.

88) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Mósambík.

Flugrekendur frá Filippseyjum

89) Í mars 2010 var öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Lýðveldinu Filippseyjum, bætt í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006([14]) á grundvelli sannreyndra vísbendinga um ófullnægjandi getu yfirvalda, sem bera ábyrgð á eftirliti með þessum flugrekendum, til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum. Það liggja ekki heldur fyrir fullnægjandi vísbendingar um að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Lýðveldinu Filippseyjum, fari að viðeigandi alþjóðlegum öryggiskröfum og ráðlögðum starfsvenjum.

90) Flugrekandinn Philippine Airlines var felldur brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 í júlí 2013([15]). Flugrekandinn *Cebu Pacific Air* var einnig felldur brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006([16]) í apríl 2014. Báðar ákvarðanirnar voru teknar á grundvelli matsheimsóknar á vegum Sambandsins á staðinn í júní 2013, bætts öryggiseftirlits Flugmálastjórnar Filippseyja (CAAP) með þessum flugrekendum og getu þessara flugrekenda til að tryggja að alþjóðlegum öryggiskröfum sé fylgt á skilvirkan hátt. Í apríl 2014 tilkynnti Flugmálastjórn Bandaríkjanna einnig ákvörðun sína um að breyta hlítnistöðu Filippseyja úr flokki 2 í flokk 1 innan ramma úttektaráætlunar sinnar um alþjóðlegt flugöryggismat (IASA).

91) Hinn 10. mars 2015 var haldinn tæknifundur sérfræðinga frá framkvæmdastjórninni, fulltrúa Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkis og háttsettra fulltrúa frá Flugmálastjórn Filippseyja sem og þriggja flugrekenda, sem hafa fengið vottun á Filippseyjum, þ.e. *Zest Airways Inc. (starfar undir heitinu Air Asia Zest)*, *Air Philippines Corporation* og *South East Asian Airlines (SEAir) Inc*. Flugmálastjórn Filippseyja lagði fram uppfærðar upplýsingar um yfirstandandi skipulagsúrbætur, þ.m.t. endurskipulagningu á flugeftirlitsdeild sinni (e. Flight Standards Inspectorate Service) og upplýsingar um þjálfun skoðunarmanna Flugmálastjórnar Filippseyja. Þar að auki lagði Flugmálastjórn Filippseyja fram upplýsingar um öryggiseftirlit sitt með eftirfarandi flugrekendum: *Air Asia Zest*, *Air Philippines Corporation* og *South East Asian Airlines (SEAir) Inc*. Að því er varðar öryggiseftirlitið, sem Flugmálastjórn Filippseyja annast, tengjast upplýsingarnar, sem lagðar voru fram á fundinum, einkum tímasettri áætlun um lágmarksfjölda árlegra eftirlitsskoðana (MRAI) varðandi hvern flugrekanda og tilteknum upplýsingum um eftirlitsstarfsemi varðandi hvern þeirra. Á fundinum veitti Flugmálastjórnin einnig uppfærðar upplýsingar um framkvæmd flugöryggisáætlunar ríkisins (SSP). Þetta voru m.a. tilteknar upplýsingar um ríkisáætlun Filippseyja um öryggi á flugbrautum (e. *State Runway Safety Programme*), þ.m.t. tilheyrandi þjálfunar- og upplýsingaáætlun. Flugmálastjórnin veitti einnig uppfærðar upplýsingar um rannsókn á því þegar loftfar flugrekandans *Air Asia Zest* fór út fyrir flugbrautina 30. desember 2014.

92) Á tæknifundi, sem haldinn var 10. mars 2015, greindu flugrekendurnir Air Asia Zest, Air Philippines Corporation og South East Asian Airlines (SEAir) Inc hver um sig frá rekstri sínum. Upplýsingarnar frá hverjum flugrekanda innihéldu m.a. nánari upplýsingar um stjórnskipulag og starfsemi einstakra öryggis- og gæðadeilda þeirra. Þar voru m.a. upplýsingar um núverandi flota, ráðstafanir til að ráða bót á öryggisvandamálum hjá hverjum flugrekanda og upplýsingar um innri gæðatryggingu. Auk þess lagði hver flugrekandi fram áætlanir sínar um eftirlit með flugritagögnum.

93) Á grundvelli vísbendinga, sem lagðar voru fram á tæknifundinum, fóru fulltrúar Sambandsins í matsheimsókn til Filippseyja í apríl 2015. Sérfræðingar frá framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkjunum tóku þátt í þessari matsheimsókn. Matsaðilar heimsóttu skrifstofur Flugmálastjórnar Filippseyja og nokkra flugrekendur, sem valdir voru af handahófi og sem hafa fengið vottun á Filippseyjum, þ.e. flugrekendurna *Air Asia Inc*, *Air Asia Zest*, *Air Philippines Corporation, Island Aviation Inc, Magnum Air (Skyjet) Inc, South East Asian Airlines (SEAir) Inc* og *South East Asian Airlines (SEAIR) International*.

94) Í matsheimsókninni voru lögð fram gögn sem sýna að flugeftirlitsdeildin (e. Flight Standards Inspectorate Service) hefur 173 starfsmenn í þjónustu sinni sem annast vottun og eftirlit með beinum hætti. Gögnin, sem voru valin af handahófi, staðfestu að aðalskoðunarmenn reksturs og viðhalds höfðu nægilega reynslu til að annast skilvirkt eftirlit og að þeir höfðu fengið formlega þjálfun í tengslum við eftirlitsskyldur sínar. Til að aðstoða skoðunarmenn við eftirlitsskyldur sínar hefur Flugmálastjórn Filippseyja samið handbók fyrir skoðunarmenn sem inniheldur skipulegan gátlista yfir verkefni, tæknileiðbeiningaskjöl Flugmálastjórnarinnar, skoðunareyðublöð og tilvísunarskjöl varðandi eftirlit.

([14]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 273/2010 frá 30. mars 2010 (Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2010, bls. 25). Sjá einkum forsendur 74–87 í þessari reglugerð.

([15]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 659/2013 frá 10. júlí 2013 (Stjtíð. ESB L 190, 11.7.2013, bls. 54). Sjá einkum forsendur 80–94 í þessari reglugerð.

([16]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 368/2014 frá 10. apríl 2014 (Stjtíð. ESB L 108, 11.4.2014, bls. 16). Sjá einkum forsendur 102–119 í þessari reglugerð.

95) Í matsheimsókn fulltrúa Sambandsins lagði Flugmálstjórn Filippseyja einnig fram gögn sem sýndu að Flugmálastjórnin notar gagnagrunn um tilkynningar og vöktun í tengslum við eftirlit með öryggi í almenningsflugi (CASORT-gagnagrunn) til að aðstoða við skipulagningu áætlunar um lágmarksfjölda árlegra eftirlitsskoðana (MRAI). Til að gera einstökum skoðunarmönnum kleift að útbúa skipulagða áætlun um eftirlit hefur Flugmálastjórnin birt viðmiðunarreglur um innlenda eftirlits- og skoðunaráætlun (e. *National Surveillance and Inspection Program Guidelines*). Í þessu skjali er að finna ýmsa valkosti um markvissar skoðanir ef handhafi flugrekandaskírteinis skilar ekki nægilega góðum niðurstöðum. Flugmálastjórnin hefur birt handbók um útgáfu flugrekandaskírteina og stjórnun (e. *Air Operator Certification and Administration Manual*) í tengslum við útgáfu og endurnýjun flugrekandaskírteina. Meðan á heimsókninni stóð var farið yfir skjöl, sem valin voru af handahófi, um útgáfu og endurnýjun flugrekandaskírteina níu flugrekenda, sem Flugmálastjórn Filippseyja hefur vottað, þ.m.t. allir þeir flugrekendur sem matshópurinn heimsótti. Þar að auki var fylgst með skoðunarmönnum Flugmálastjórnar Filippseyja er þeir sinntu sérstakri eftirlitsstarfsemi. Útfærsla og framkvæmd þessarar starfsemi taldist vera af fullnægjandi gæðum.

96) Af þeim flugrekendum sem hafa fengið vottun á Filippseyjum heimsóttu matsaðilar frá Sambandinu sjö flugrekendur sem valdir voru af handahófi. Þetta úrtak tók til fjögurra stærstu flugrekendanna sem hafa fengið vottun á Filippseyjum og eru enn skráðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006. Markmið heimsóknarinnar var að sannprófa að hve miklu leyti alþjóðlegum öryggiskröfum væri fylgt. Auk þess var markmiðið með heimsókninni, í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, einnig að meta vilja og getu hvers flugrekanda til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum. Helstu niðurstöður heimsóknanna til þessara flugrekenda eru þær að þá skortir hvorki viljann né, almennt séð, getuna til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum.

97) Í tengslum við matsheimsókn fulltrúa Sambandsins á staðinn, að því er varðar sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, var niðurstaðan sú að Flugmálastjórn Filippseyja sé viljug og fær um að ráða bót á annmörkum í öryggismálum og að hún hafi fullnægjandi getu til að framkvæma og, ef nauðsyn krefur, framfylgja viðeigandi alþjóðlegum öryggiskröfum, þ.m.t. reglum Filippseyja um almenningsflug.

98) Flugmálastjórn Filippseyja fékk áheyrn hjá flugöryggisnefndinni 10. júní 2015. Á sama tíma voru valdir af handahófi þrír flugrekendur, sem hafa fengið vottun á Filippseyjum, sem fengu einnig áheyrn (*Air Asia Zest*, *Air Philippines Corporation* og *Cebgo Inc*, áður *South East Asian Airlines (SEAir) Inc*).

99) Flugmálastjórn Filippseyja kynnti fyrir framkvæmdastjórninni núverandi stjórnskipulag flugeftirlitsdeildarinnar, lagði fram upplýsingar um núverandi starfsfólk deildarinnar sem sinnir eftirlitsstörfum og almenna lýsingu á flugstarfsemi á Filippseyjum. Flugmálastjórnin greindi frá því að hún annaðist eftirlit með 36 handhöfum flugrekandaskírteina og að hún hefði flokkað níu þeirra sem flugrekendur stórra loftfara. Flugmálastjórnin lagði einnig fram samantekt um áætlað eftirlit árið 2015 að því er varðar flugrekendurna þrjá sem tóku þátt í áheyrninni. Þar að auki lagði Flugmálastjórnin áherslu á áform sín, sem lögbært yfirvald Filippseyja, um að halda áfram að vinna að áætlun sinni um stöðugar úrbætur.

100) Í kynningu sinni lagði Flugmálastjórnin fram samantekt um áætlun sína um aðgerðir til úrbóta að því er varðar þær athugasemdir sem matshópur ESB gerði í heimsókn sinni á staðinn. Aðgerðirnar til úrbóta munu fela í sér áherslu á tiltekin forgangsatriði, s.s. að bæta þjálfunaráætlunina fyrir skoðunarmenn Flugmálastjórnarinnar, gera úrbætur á grunnvirki upplýsingatækninnar, að leitast áfram við að bæta færni starfsmanna skoðunardeildarinnar og að skuldbinda sig til að halda áfram að vinna að stöðlun öryggiseftirlits. Flugmálastjórnin lagði auk þess fram tilteknar upplýsingar um úrbætur á grunnvirkjum, þ.m.t. ráðstafanir sem tengjast ríkisáætlun um öryggi á flugbrautum.

101) Flugrekandinn Air Philippines Corporation lagði fram upplýsingar um stjórnskipulag sitt, um áætlanir fyrir loftfaraflota sinn og tilteknar upplýsingar um öryggisstjórnunarkerfi sitt. Flugrekandinn greindi frá skipulagi öryggisfunda sinna, öryggistilkynninga og -stjórnunar ásamt vöktunaráætlun sinni um flugritagögn, þ.m.t. hvernig hann tryggir að mildandi aðgerðir séu stöðugt vaktaðar. Flugrekandinn *Air Philippines Corporation* lagði fram upplýsingar um öryggisstjórnunarstarf sitt og hvernig hann beitir verklagsreglum um breytingastjórnun. Þar að auki greindi flugrekandinn frá framhaldsaðgerðum sínum í tengslum við athugasemdir sem gerðar voru í heimsókn matsaðila Sambandsins á staðinn.

102) Flugrekandinn Cebgo Inc lagði fram nánari upplýsingar um stjórnunarhætti sína, öryggisstjórnunarkerfi, slysavarna- og flugöryggisáætlun, áætlun um stjórnun flugritagagna, gæðastjórnunarkerfi og eftirlit með lofthæfi og viðhaldi. Þar greindi hann nánar frá öryggismarkmiðum sínum fyrir árið 2015 og lagði fram gögn um öryggistilkynningarferlið sitt. Flugrekandinn *Cebgo Inc* greindi frá fimm helstu öryggisforgangsatriðum sínum og aðgerðum, sem gripið hefur verið til, í tengslum við þau. Þar að auki lagði flugrekandinn fram samantekt um framhaldsaðgerðir sínar í tengslum við athugasemdir sem gerðar voru í matsheimsókn fulltrúa Sambandsins á staðinn.

103) Flugrekandinn Air Asia Zest lagði fram upplýsingar um flota sinn, stjórnskipulag og öryggis- og gæðastjórnunardeild sína. Hann greindi nánar frá mikilvægustu öryggismarkmiðum sínum, öryggistilkynningarferli sínu og greiningaráætlun sinni um fluggögn sem og fimm helstu öryggisforgangsatriðum sínum. Þar að auki lagði flugrekandinn fram samantekt um framhaldsaðgerðir sínar í tengslum við athugasemdir sem gerðar voru í matsheimsókn fulltrúa Sambandsins á staðinn.

104) Á grundvelli allra fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. niðurstaða matsheimsóknar fulltrúa Sambandsins á staðinn, og upplýsinga, sem lagðar voru fram við áheyrn hjá flugöryggisnefndinni, telur framkvæmdastjórnin að Flugmálastjórn Filippseyja hafi gert viðvarandi úrbætur á samfelldu tímabili. Einnig er viðurkennt að ekki hafi skort vilja af hálfu Flugmálastjórnar Filippseyja til að starfa með framkvæmdastjórninni á áframhaldandi grundvelli og að Flugmálastjórnin viðurkenni opinskátt að hún ætti að halda áfram að þróa verklagsreglur sínar um öryggiseftirlit og -umsjón. Það er metið svo að Flugmálastjórn Filippseyja hafi getuna til að annast skyldustörf sín að því er varðar eftirlit með flugrekendum sem hafa fengið vottun á Filippseyjum. Flugöryggisstjórnin skuldbatt sig við áheyrnina hjá flugöryggisnefndinni að taka fullan þátt í viðræðum við framkvæmdastjórnina um öryggismál, þ.m.t. með því að boða til aukafunda, ef og þegar framkvæmdastjórnin teldi þörf á því.

105) Framkvæmdastjórnin veitti því athygli að flugrekendurnir þrír, sem hafa fengið vottun á Filippseyjum og sem var boðið, sem hluta af dæmigerðu úrtaki, að vera viðstaddir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni, sýndu fram á viðunandi árangur og gátu allir veitt tilteknar upplýsingar um örugga framkvæmd flugreksturs hjá sér. Framkvæmdastjórnin telur ekki vera fullnægjandi vísbendingar um að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Lýðveldinu Filippseyjum, fari að viðeigandi alþjóðlegum öryggiskröfum og ráðlögðum starfsvenjum.

106) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að breyta ætti skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að fella alla flugrekendurna, sem hafa fengið vottun í Lýðveldinu Filippseyjar, brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

107) Aðildarríkin eiga að halda áfram að sannprófa hvort allir flugrekendur frá Filippseyjum uppfylli viðeigandi öryggiskröfur á skilvirkan hátt, með því að setja skoðanir á hlaði í forgang samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012. Ef niðurstöður slíkra skoðana, eða einhverjar aðrar viðkomandi öryggisupplýsingar, sýna að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Rússneska sambandsríkinu

108) Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkin hafa haldið áfram að vakta öryggisframmistöðu flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Rússneska sambandsríkinu og starfrækja flug í Sambandinu, þ.m.t. með því að setja í forgang að skoðanir á hlaði séu framkvæmdar á loftförum tiltekinna rússneskra flugrekenda í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

109) Hinn 23. mars 2015 hélt framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu, fund með fulltrúum Flugmálastjórnar Rússlands (FATA). Tilgangur fundarins var að endurskoða öryggisframmistöðu rússneskra flugrekenda við SAFA-skoðanir á hlaði á tímabilinu 10. mars 2014 til 9. mars 2015 og greina þau tilvik sem þarfnast sérstakrar athygli. Á fundinum skuldbatt Flugmálastjórn Rússlands sig til að fylgja eftir tilteknum tilvikum þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum og sem ekki var búið að ráða almennilega bót á ásamt því að uppfæra framkvæmdastjórnina um stöðu þeirra fyrir lok maí.

110) Flugmálastjórn Rússlands upplýsti framkvæmdastjórnina um að vegna útvíkkunar á kerfinu um öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA) vakti hún SAFA-frammistöðu rússneskra flugrekenda í tilteknum þriðju löndum. Flugmálastjórn Rússlands gaf einnig til kynna að hún hefði tilnefnt nýja öryggisskoðunarmenn til að vinna með flugrekendum, sem eiga enn eftir að finna lausn á þeim vandamálum sem komu í ljós við skoðanir samkvæmt SAFA-áætluninni. Flugmálastjórn Rússlands vænti þess að með þessu eftirliti muni viðbragðstíminn styttast og gæði aðgerða flugrekendanna til úrbóta aukast. Flugmálastjórn Rússlands lét framkvæmdastjórninni einnig í té uppfærðar upplýsingar um nýlegar tímabundnar niðurfellingar og afturkallanir á flugrekandaskírteinum sem falla undir hennar ábyrgðarsvið.

111) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga var niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar sú að ekki væri þörf á að veita rússneskum flugmálayfirvöldum eða flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Rússland, áheyrn hjá flugöryggisnefndinni.

112) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Rússneska sambandsríkinu í skrána.

113) Aðildarríkin eiga að halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur í Rússneska sambandsríkinu uppfylli alþjóðlegar öryggiskröfur á skilvirkan hátt með því að setja skoðanir á hlaði í forgang samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

114) Ef þessar skoðanir gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki er farið að viðeigandi öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin neyðst til þess að grípa til aðgerða gegn flugrekendum frá Rússneska sambandsríkinu í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Súdan

115) Á grundvelli reglulegra samskipta milli Flugmálastjórnar Súdan (SCAA) og framkvæmdastjórnarinnar virðist sem Flugmálastjórn Súdan hafi náð góðum árangri hvað varðar eftirlit með flugrekendum sem hafa fengið vottun í Súdan. Flugmálastjórn Súdan upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um það að tilteknir flugrekendur hafi náð góðum árangri hvað varðar framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna.

116) Flugmálastjórn Súdan hefur samþykkt að taka á móti matsaðilum frá Sambandinu í október 2015. Markmið matsheimsóknarinnar er að sannprófa upplýsingarnar, sem Flugmálastjórn Súdan hefur veitt, og afla frekari upplýsinga til að styðja hugsanlega ákvarðanatöku um flugrekendur sem hafa fengið vottun í Súdan. Á þessari stundu liggja ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar til að styðja ákvarðanatöku um flugrekendur sem hafa fengið vottun í Súdan.

117) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Súdan.

Flugrekendur frá Taílandi

118) Alþjóðaflugmálastofnunin framkvæmdi ítarlega úttekt á Konungsríkinu Taílandi í janúar 2015 í samræmi við úttektaráætlunina í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum með samfelldri vöktun (USOAP-CMA). Heildarniðurstaðan er sú að skilvirk framkvæmd Taílands á alþjóðlegum öryggiskröfum sé langt undir meðaltali á heimsvísu. Á grundvelli niðurstaðna úr úttektinni vakti Alþjóðaflugmálastofnunin athygli á alvarlegu öryggisvandamáli í tengslum við vottun flugrekenda, þ.m.t. heimild tiltekinna verklagsreglna. Flugmálastjórn Taílands (DCA) sendi Alþjóðaflugmálastofnuninni áætlun um aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á ágöllunum.

119) Flugmálastjórn Taílands óskaði eftir tækniaðstoð frá Evrópusambandinu og Flugöryggisstofnun Evrópu til að ráða bót á þeim ágöllum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á. Tækniaðstoðarteymi á vegum Flugöryggisstofnunar Evrópu fór til Taílands í apríl 2015 og á komandi mánuðum verður veitt frekari tækniaðstoð og boðið samstarf á sviði tæknimála.

120) Á grundvelli niðurstaðna úr úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og tilmæla tækniaðstoðarteymisins var Flugmálastjórn Taílands og flugrekandanum Thai Airways International boðið til tæknifundar í Brussel til að afla frekari upplýsinga um aðgerðir Flugmálastjórnarinnar til úrbóta til skamms tíma, meðallangs tíma og langs tíma. Flugmálastjórn Taílands og flugrekandinn *Thai Airways International* þáðu þetta boð og lögðu með gagnsæjum hætti fram allar umbeðnar upplýsingar áður en fundurinn var haldinn.

121) Á fundinum um tæknimál, sem var haldinn 3. júní 2015, sýndu bæði Flugmálastjórnin og flugrekandinn Thai Airways International fram á eindreginn vilja til samstarfs og lögðu fram eins margar upplýsingar og mögulegt var. Flugmálastjórnin lagði áherslu á að ríkisstjórn Taílands væri mjög meðvituð um mikilvægi öryggis í almenningsflugi og að hún hafi skuldbundið sig til að láta í té nauðsynleg úrræði til að bæta öryggiseftirlitskerfi sitt sem mun bráðlega verða endurskipulagt og breytast í flugmálayfirvöld landsins á sviði almenningsflugs sem hljóta umtalsvert hærri fjárframlög.

122) Flugrekandinn Thai Airways International kynnti öryggis- og gæðastjórnunarkerfið sitt með skýrum hætti. Flugrekandinn sýndi fram á að hann gæti tryggt viðunandi samræmi við alþjóðlegar öryggiskröfur.

123) Framkvæmdastjórnin telur að fyrirliggjandi öryggisupplýsingar styðji ekki þá ákvörðun að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Taílandi, sæti flugrekstrarbanni eða rekstrartakmörkunum. Framkvæmdastjórnin telur þó að fylgjast ætti náið áfram með stöðunni.

124) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Taílandi.

125) Aðildarríkin eiga að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Taílandi, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

126) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin neyðst til að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Jemen

127) Í bréfi, dagsettu 10. apríl 2015, innti framkvæmdastjórnin eftir því við yfirvöld í Jemen á sviði almenningsflugs og veðurþjónustu (Flugmálastjórn Jemen (CAMA)) hvort versnandi öryggisstaða Jemen hafi áhrif á getu Flugmálastjórnarinnar til að annast öryggiseftirlit með flugrekendum sem hafa fengið vottun í Jemen.

128) Hinn 18. maí 2015 upplýsti flugrekandinn Yemen Airways („Yemenia“) framkvæmdastjórnina um að hann hefði hætt starfrækslu sinni tímabundið seinnihluta marsmánaðar 2015 sökum versnandi ástands í Jemen. Í orðsendingu flugrekandans *Yemenia* kom einnig fram að loftför fyrirtækisins væru geymd á mismunandi stöðum utan Jemen. Í bréfi, dagsettu 1. júní 2015, upplýsti Flugmálastjórn Jemen framkvæmdastjórnina um að loftför flugrekandans *Yemenia* væru ekki lengur geymd í Jemen og að hún hygðist samræma framkvæmd ábyrgðarstarfa sinna á sviði öryggiseftirlits við framkvæmd þeirra ríkja þar sem loftförin eru geymd um þessar mundir. Í þessu sama bréfi gaf Flugmálastjórn Jemen einnig til kynna að sökum versnandi öryggisstöðu Jemen væri flugrekstur í landinu með minnsta móti um þessar mundir.

129) Á grundvelli upplýsinganna, sem Flugmálastjórn Jemen og flugrekandinn Yemenia létu í té, var komist að þeirri niðurstöðu að fylgjast ætti áfram náið með ástandinu en að sem stendur liggi þó ekki fyrir fullnægjandi vísbendingar sem styðja þá ákvörðun að setja alla flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Jemen, í flugrekstrarbann.

130) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Jemen.

131) Aðildarríkin eiga að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Jemen, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Sambíu

132) Hinn 25. febrúar 2015 var haldinn tæknifundur með háttsettum fulltrúum Flugmálastjórnar Sambíu (ZCAA), fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkjanna. Flugmálastjórn Sambíu gaf ítarlegt og gagnsætt yfirlit yfir þær aðgerðir sem gripið hefur verið til síðastliðið ár að því er varðar þróun Flugmálastjórnarinnar, ráðningu starfsfólks til hennar, þróun reglugerða um almenningsflug í Sambíu og úrbætur á eftirliti með flugrekendum.

133) Svo virðist sem Flugmálastjórn Sambíu hafi gengið vel að ráða bót á allmörgum ágöllum, sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á, og að traustur grunnur hafi verið lagður að frekari þróun kerfis um eftirlit með öryggi í almenningsflugi í Sambíu. Töluverð vinna er þó enn eftir að því er varðar flesta þá átta mikilvægu þætti sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á og saman mynda kerfi um eftirlit með öryggi í almenningsflugi.

134) Flugmálastjórn Sambíu gaf til kynna að hún myndi halda áfram að vinna að framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna. Framkvæmdastjórnin ætlar að framkvæma frekara mat til að ákvarða hvort það sé mögulegt að skipuleggja matsheimsókn fulltrúa Sambandsins á staðinn fyrir lok október 2015 til að sannprófa framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna í Sambíu.

135) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Sambíu.

Lokaathugasemdir

136) Að því er varðar aðra flugrekendur, sem eru á skrá Sambandsins, hefur framkvæmdastjórnin kannað hvort viðeigandi sé að uppfæra skrána og hefur komist að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki. Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skrá Sambandsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar þessa flugrekendur.

137) Í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 er viðurkennt að nauðsynlegt sé að taka ákvarðanir með skjótum hætti og, eftir því sem við á, eins fljótt og unnt er miðað við afleiðingarnar sem það getur haft fyrir öryggi. Því er nauðsynlegt, til að vernda viðkvæmar upplýsingar og til að lágmarka áhrif á viðskipti, að ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar, sem teknar eru í tengslum við uppfærslu á skránni yfir flugrekendur, sem sæta flugrekstrarbanni eða takmörkunum á flugrekstri innan Sambandsins, séu birtar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og að þær öðlist gildi daginn eftir birtingu þeirra.

138) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við það.

139) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 474/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað viðauka A komi textinn í viðauka A við þessa reglugerð.

2) Í stað viðauka B komi textinn í viðauka B við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Violeta BULC

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR, SEM ER BANNAÐ AÐ STUNDA FLUGREKSTUR INNAN SAMBANDSINS, MEÐ UNDANÞÁGUM([17])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
BLUE WING AIRLINES	SRBWA-01/2002	BWI	Súrínam
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Afganistan, þ.m.t.			**Íslamska lýðveldið Afganistan**
ARIANA AFGHAN AIRLINES	AOC 009	AFG	Íslamska lýðveldið Afganistan
KAM AIR	AOC 001	KMF	Íslamska lýðveldið Afganistan
PAMIR AIRLINES	Óskráð	PIR	Íslamska lýðveldið Afganistan
SAFI AIRWAYS	AOC 181	SFW	Íslamska lýðveldið Afganistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Angóla, að undanskildum flugrekandanum TAAG Angola Airlines sem skráður er í viðauka B, þ.m.t.			**Lýðveldið Angóla**
AEROJET	AO 008-01/11	TEJ	Lýðveldið Angóla
AIR GICANGO	009	Óskráður	Lýðveldið Angóla
AIR JET	AO 006-01/11-MBC	MBC	Lýðveldið Angóla
AIR NAVE	017	Óskráður	Lýðveldið Angóla
AIR26	AO 003-01/11-DCD	DCD	Lýðveldið Angóla
ANGOLA AIR SERVICES	006	Óskráður	Lýðveldið Angóla
DIEXIM	007	Óskráður	Lýðveldið Angóla
FLY540	AO 004-01 FLYA	Óskráður	Lýðveldið Angóla
GIRA GLOBO	008	GGL	Lýðveldið Angóla

([17]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
HELIANG	010	Óskráður	Lýðveldið Angóla
HELIMALONGO	AO 005-01/11	Óskráður	Lýðveldið Angóla
MAVEWA	016	Óskráður	Lýðveldið Angóla
SONAIR	AO 002-01/10-SOR	SOR	Lýðveldið Angóla
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Benín, þ.m.t.			**Lýðveldið Benín**
AERO BENIN	PEA No 014/MDCTTTATP-PR/ANAC/DEA/SCS	AEB	Lýðveldið Benín
AFRICA AIRWAYS	Óskráð	AFF	Lýðveldið Benín
ALAFIA JET	PEA No 014/ANAC/MDCTTTATP-PR/DEA/SCS	Óskráður	Lýðveldið Benín
BENIN GOLF AIR	PEA No 012/MDCTTP-PR/ANAC/DEA/SCS.	BGL	Lýðveldið Benín
BENIN LITTORAL AIRWAYS	PEA No 013/MDCTTTATP-PR/ANAC/DEA/SCS.	LTL	Lýðveldið Benín
COTAIR	PEA No 015/MDCTTTATP-PR/ANAC/DEA/SCS.	COB	Lýðveldið Benín
ROYAL AIR	PEA No 11/ANAC/MDCTTP-PR/DEA/SCS	BNR	Lýðveldið Benín
TRANS AIR BENIN	PEA No 016/MDCTTTATP-PR/ANAC/DEA/SCS	TNB	Lýðveldið Benín
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðveldið Kongó**
AERO SERVICE	RAC06-002	RSR	Lýðveldið Kongó
CANADIAN AIRWAYS CONGO	RAC06-012	Óskráður	Lýðveldið Kongó
EMERAUDE	RAC06-008	Óskráður	Lýðveldið Kongó
EQUAFLIGHT SERVICES	RAC 06-003	EKA	Lýðveldið Kongó

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
EQUAJET	RAC06-007	EKJ	Lýðveldið Kongó
EQUATORIAL CONGO AIRLINES S.A.	RAC 06-014	Óskráður	Lýðveldið Kongó
MISTRAL AVIATION	RAC06-011	Óskráður	Lýðveldið Kongó
TRANS AIR CONGO	RAC 06-001	TSG	Lýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðstjórnarlýðveldið Kongó**
AIR FAST CONGO	409/CAB/MIN/TVC/0112/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KASAI	409/CAB/MIN/TVC/0053/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KATANGA	409/CAB/MIN/TVC/0056/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR TROPIQUES	409/CAB/MIN/TVC/00625/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BLUE AIRLINES	106/CAB/MIN/TVC/2012	BUL	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BLUE SKY	409/CAB/MIN/TVC/0028/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BUSY BEE CONGO	409/CAB/MIN/TVC/0064/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
COMPAGNIE AFRICAINE D'AVIATION (CAA)	409/CAB/MIN/TVC/0050/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CONGO AIRWAYS	019/CAB/MIN/TVC/2015	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
DAKOTA SPRL	409/CAB/MIN/TVC/071/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
DOREN AIR CONGO	102/CAB/MIN/TVC/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GOMAIR	409/CAB/MIN/TVC/011/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
KIN AVIA	409/CAB/MIN/TVC/0059/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KORONGO AIRLINES	409/CAB/MIN/TVC/001/2011	KGO	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MALU AVIATION	098/CAB/MIN/TVC/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MANGO AIRLINES	409/CAB/MIN/TVC/009/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SERVE AIR	004/CAB/MIN/TVC/2015	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SERVICES AIR	103/CAB/MIN/TVC/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SWALA AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/0084/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
TRANSAIR CARGO SERVICES	409/CAB/MIN/TVC/073/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
WILL AIRLIFT	409/CAB/MIN/TVC/0247/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Djibútí, þ.m.t.			**Djibútí**
DAALLO AIRLINES	Óskráð	DAO	Djibútí
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Miðbaugs-Gíneu, þ.m.t.			**Miðbaugs-Gínea**
CEIBA INTERCONTINENTAL	2011/0001/MTTCT/DGAC/SOPS	CEL	Miðbaugs-Gínea
CRONOS AIRLINES	2011/0004/MTTCT/DGAC/SOPS	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
PUNTO AZUL	2012/0006/MTTCT/DGAC/SOPS	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
TANGO AIRWAYS	Óskráð	Óskráður	Miðbaugs-Gínea

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Eritreu, þ.m.t.			**Eritrea**
ERITREAN AIRLINES	AOC No 004	ERT	Eritrea
NASAIR ERITREA	AOC No 005	NAS	Eritrea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Gabon, að undanskildum flugrekendunum Afrijet og SN2AG, sem eru skráðir í viðauka B, þ.m.t.			**Lýðveldið Gabon**
AFRIC AVIATION	010/MTAC/ANAC-G/DSA	EKG	Lýðveldið Gabon
ALLEGIANCE AIR TOURIST	007/MTAC/ANAC-G/DSA	LGE	Lýðveldið Gabon
NATIONALE REGIONALE TRANSPORT (N.R.T)	008/MTAC/ANAC-G/DSA	NRG	Lýðveldið Gabon
SKY GABON	009/MTAC/ANAC-G/DSA	SKG	Lýðveldið Gabon
SOLENTA AVIATION GABON	006/MTAC/ANAC-G/DSA	SVG	Lýðveldið Gabon
TROPICAL AIR-GABON	011/MTAC/ANAC-G/DSA	Óskráður	Lýðveldið Gabon
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Indónesíu, að undanskildum flugrekendunum Garuda Indonesia, Airfast Indonesia, Ekspres Transportasi Antarbenua og Indonesia Air Asia, þ.m.t.			**Lýðveldið Indónesía**
AIR BORN INDONESIA	135-055	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
AIR PACIFIC UTAMA	135-020	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ALFA TRANS DIRGANTATA	135-012	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ANGKASA SUPER SERVICES	135-050	LBZ	Lýðveldið Indónesía
ASCO NUSA AIR	135-022	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ASI PUDJIASTUTI	135-028	SQS	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
AVIASTAR MANDIRI	121-043	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
AVIASTAR MANDIRI	135-029	VIT	Lýðveldið Indónesía
BATIK AIR	121-050	BTK	Lýðveldið Indónesía
CITILINK INDONESIA	121-046	CTV	Lýðveldið Indónesía
DABI AIR NUSANTARA	135-030	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
DERAYA AIR TAXI	135-013	DRY	Lýðveldið Indónesía
DERAZONA AIR SERVICE	135-010	DRZ	Lýðveldið Indónesía
DIRGANTARA AIR SERVICE	135-014	DIR	Lýðveldið Indónesía
EASTINDO	135-038	ESD	Lýðveldið Indónesía
ELANG LINTAS INDONESIA	135-052	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ELANG NUSANTARA AIR	135-053	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ENGGANG AIR SERVICE	135-045	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ERSA EASTERN AVIATION	135-047	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
GATARI AIR SERVICE	135-018	GHS	Lýðveldið Indónesía
HEAVY LIFT	135-042	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
INDONESIA AIR ASIA EXTRA	121-054	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
INDONESIA AIR TRANSPORT	121-034	IDA	Lýðveldið Indónesía
INTAN ANGKASA AIR SERVICE	135-019	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
JAYAWIJAYA DIRGANTARA	121-044	JWD	Lýðveldið Indónesía
JOHNLIN AIR TRANSPORT	135-043	JLB	Lýðveldið Indónesía
KAL STAR	121-037	KLS	Lýðveldið Indónesía
KARTIKA AIRLINES	121-003	KAE	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
KOMALA INDONESIA	135-051	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
KURA-KURA AVIATION	135-016	KUR	Lýðveldið Indónesía
LION MENTARI AIRLINES	121-010	LNI	Lýðveldið Indónesía
MANUNGGAL AIR SERVICE	121-020	MNS	Lýðveldið Indónesía
MARTABUANA ABADION	135-049	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
MATTHEW AIR NUSANTARA	135-048	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
MIMIKA AIR	135-007	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
MY INDO AIRLINES	121-042	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NAM AIR	121-058	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NATIONAL UTILITY HELICOPTER	135-011	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NUSANTARA AIR CHARTER	121-022	SJK	Lýðveldið Indónesía
NUSANTARA BUANA AIR	135-041	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
PACIFIC ROYALE AIRWAYS	121-045	PRQ	Lýðveldið Indónesía
PEGASUS AIR SERVICES	135-036	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
PELITA AIR SERVICE	121-008	PAS	Lýðveldið Indónesía
PENERBANGAN ANGKASA SEMESTA	135-026	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
PURA WISATA BARUNA	135-025	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
RIAU AIRLINES	121-016	RIU	Lýðveldið Indónesía
SAYAP GARUDA INDAH	135-004	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
SMAC	135-015	SMC	Lýðveldið Indónesía
SRIWIJAYA AIR	121-035	SJY	Lýðveldið Indónesía
SURVEI UDARA PENAS	135-006	PNS	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
SURYA AIR	135-046	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
TRANSNUSA AVIATION MANDIRI	121-048	TNU	Lýðveldið Indónesía
TRANSWISATA PRIMA AVIATION	135-021	TWT	Lýðveldið Indónesía
TRAVEL EXPRESS AVIATION SERVICE	121-038	XAR	Lýðveldið Indónesía
TRAVIRA UTAMA	135-009	TVV	Lýðveldið Indónesía
TRI MG INTRA ASIA AIRLINES	121-018	TMG	Lýðveldið Indónesía
TRIGANA AIR SERVICE	121-006	TGN	Lýðveldið Indónesía
UNINDO	135-040	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
WING ABADI AIRLINES	121-012	WON	Lýðveldið Indónesía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kasakstan, að undanskildum flugrekandanum Air Astana sem skráður er í viðauka B, þ.m.t.			**Kasakstan**
AIR ALMATY	AK-0483-13	LMY	Kasakstan
ATMA AIRLINES	AK-0469-12	AMA	Kasakstan
AVIA-JAYNAR/AVIA-ZHAYNAR	AK-0467-12	SAP	Kasakstan
BEK AIR	AK-0463-12	BEK	Kasakstan
BEYBARS AIRCOMPANY	AK-0473-13	BBS	Kasakstan
BURUNDAYAVIA AIRLINES	KZ-01/001	BRY	Kasakstan
COMLUX-KZ	KZ-01/002	KAZ	Kasakstan
EAST WING	KZ-01/007	EWZ	Kasakstan
EURO-ASIA AIR	AK-0472-13	EAK	Kasakstan
FLY JET KZ	AK-0477-13	FJK	Kasakstan
INVESTAVIA	AK-0479-13	TLG	Kasakstan

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
IRTYSH AIR	AK-0468-13	MZA	Kasakstan
JET AIRLINES	KZ-01/003	SOZ	Kasakstan
KAZAIR JET	AK-0474-13	KEJ	Kasakstan
KAZAIRTRANS AIRLINE	AK-0466-12	KUY	Kasakstan
KAZAVIASPAS	AK-0484-13	KZS	Kasakstan
PRIME AVIATION	AK-0478-13	PKZ	Kasakstan
SCAT	KZ-01/004	VSV	Kasakstan
ZHETYSU AIRCOMPANY	AK-0470-12	JTU	Kasakstan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kirgiska lýðveldinu, þ.m.t.			**Kirgiska lýðveldið**
AIR BISHKEK (áður EASTOK AVIA)	15	EAA	Kirgiska lýðveldið
AIR MANAS	17	MBB	Kirgiska lýðveldið
AVIA TRAFFIC COMPANY	23	AVJ	Kirgiska lýðveldið
CENTRAL ASIAN AVIATION SERVICES (CAAS)	13	CBK	Kirgiska lýðveldið
HELI SKY	47	HAC	Kirgiska lýðveldið
AIR KYRGYZSTAN	03	LYN	Kirgiska lýðveldið
MANAS AIRWAYS	42	BAM	Kirgiska lýðveldið
S GROUP INTERNATIONAL (áður S GROUP AVIATION)	45	IND	Kirgiska lýðveldið
SKY BISHKEK	43	BIS	Kirgiska lýðveldið
SKY KG AIRLINES	41	KGK	Kirgiska lýðveldið
SKY WAY AIR	39	SAB	Kirgiska lýðveldið
TEZ JET	46	TEZ	Kirgiska lýðveldið

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
VALOR AIR	07	VAC	Kirgiska lýðveldið
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líberíu.			**Líbería**
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líbíu, þ.m.t.			**Líbía**
AFRIQIYAH AIRWAYS	007/01	AAW	Líbía
AIR LIBYA	004/01	TLR	Líbía
BURAQ AIR	002/01	BRQ	Líbía
GHADAMES AIR TRANSPORT	012/05	GHT	Líbía
GLOBAL AVIATION AND SERVICES	008/05	GAK	Líbía
LIBYAN AIRLINES	001/01	LAA	Líbía
PETRO AIR	025/08	PEO	Líbía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Mósambík, þ.m.t.			**Lýðveldið Mósambík**
AERO-SERVIÇOS SARL	MOZ-08	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
CFM — TRABALHOS E TRANSPORTES AÉREOS LDA	MOZ-07	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
COA — COASTAL AVIATION	MOZ-15	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
CPY — CROPSPRAYERS	MOZ-06	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
CRA — CR AVIATION LDA	MOZ-14	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
EMÍLIO AIR CHARTER LDA	MOZ-05	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
ETA — EMPRESA DE TRANSPORTES AÉREOS LDA	MOZ-04	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
HCP — HELICÓPTEROS CAPITAL LDA	MOZ-11	Óskráður	Lýðveldið Mósambík

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
KAY — KAYA AIRLINES, LDA	MOZ-09	KYY	Lýðveldið Mósambík
LAM — LINHAS AÉREAS DE MOÇAMBIQUE S.A.	MOZ-01	LAM	Lýðveldið Mósambík
MAKOND, LDA	MOZ-20	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
MEX — MOÇAMBIQUE EXPRESSO, SARL MEX	MOZ-02	MXE	Lýðveldið Mósambík
OHI — OMNI HELICÓPTEROS INTERNATIONAL LDA	MOZ-17	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
SAF — SAFARI AIR LDA	MOZ-12	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
SAM — SOLENTA AVIATION MOZAMBIQUE, SA	MOZ-10	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
TTA — TRABALHOS E TRANSPORTES AÉREOS LDA	MOZ-16	TTA	Lýðveldið Mósambík
UNIQUE AIR CHARTER LDA	MOZ-13	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Nepal, þ.m.t.			**Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal**
AIR DYNASTY HELI. S.	035/2001	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
AIR KASTHAMANDAP	051/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
BUDDHA AIR	014/1996	BHA	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
FISHTAIL AIR	017/2001	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
GOMA AIR	064/2010	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
MAKALU AIR	057A/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
MANANG AIR PVT LTD	082/2014	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
MOUNTAIN HELICOPTERS	055/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
MUKTINATH AIRLINES	081/2013	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
NEPAL AIRLINES CORPORATION	003/2000	RNA	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
SHREE AIRLINES	030/2002	SHA	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
SIMRIK AIR	034/2000	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
SIMRIK AIRLINES	052/2009	RMK	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
SITA AIR	033/2000	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
TARA AIR	053/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
YETI AIRLINES DOMESTIC	037/2004	NYT	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Saó Tóme og Prinsípe, þ.m.t.			**Saó Tóme og Prinsípe**
AFRICA'S CONNECTION	10/AOC/2008	ACH	Saó Tóme og Prinsípe
STP AIRWAYS	03/AOC/2006	STP	Saó Tóme og Prinsípe
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Síerra Leóne, þ.m.t.			**Síerra Leóne**
AIR RUM, LTD	ÓSKRÁÐ	RUM	Síerra Leóne
DESTINY AIR SERVICES, LTD	ÓSKRÁÐ	DTY	Síerra Leóne
HEAVYLIFT CARGO	ÓSKRÁÐ	Óskráður	Síerra Leóne
ORANGE AIR SIERRA LEONE LTD	ÓSKRÁÐ	ORJ	Síerra Leóne
PARAMOUNT AIRLINES, LTD	ÓSKRÁÐ	PRR	Síerra Leóne
SEVEN FOUR EIGHT AIR SERVICES LTD	ÓSKRÁÐ	SVT	Síerra Leóne
TEEBAH AIRWAYS	ÓSKRÁÐ	Óskráður	Síerra Leóne
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Súdan, þ.m.t.			**Lýðveldið Súdan**
ALFA AIRLINES	54	AAJ	Lýðveldið Súdan
ALMAJAL AVIATION SERVICE	15	MGG	Lýðveldið Súdan

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
BADER AIRLINES	35	BDR	Lýðveldið Súdan
BENTIU AIR TRANSPORT	29	BNT	Lýðveldið Súdan
BLUE BIRD AVIATION	11	BLB	Lýðveldið Súdan
DOVE AIRLINES	52	DOV	Lýðveldið Súdan
ELIDINER AVIATION	8	DND	Lýðveldið Súdan
FOURTY EIGHT AVIATION	53	WHB	Lýðveldið Súdan
GREEN FLAG AVIATION	17	Óskráður	Lýðveldið Súdan
HELEJETIC AIR	57	HJT	Lýðveldið Súdan
KATA AIR TRANSPORT	9	KTV	Lýðveldið Súdan
KUSH AVIATION	60	KUH	Lýðveldið Súdan
MARSLAND COMPANY	40	MSL	Lýðveldið Súdan
MID AIRLINES	25	NYL	Lýðveldið Súdan
NOVA AIRLINES	46	NOV	Lýðveldið Súdan
SUDAN AIRWAYS	1	SUD	Lýðveldið Súdan
SUN AIR COMPANY	51	SNR	Lýðveldið Súdan
TARCO AIRLINES	56	TRQ	Lýðveldið Súdan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Sambíu, þ.m.t.			**Sambía**
ZAMBEZI AIRLINES	Z/AOC/001/2009	ZMA	Sambía

VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM SÆTA REKSTRARTAKMÖRKUNUM INNAN SAMBANDSINS([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekanda-skírteinis (AOC)	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmerki og, ef það er fyrir hendi, framleiðsluraðnúmer þeirra loftfara sem sæta takmörkunum	Skráningarríki
(+) Gildandi hámarksgildi leifa fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í flokknum krydd (kenninúmer 0840040) er það sem fastsett hefur verið fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í grænmetisflokki, rótar- og hýðisgrænmetisflokki (kenninúmer 0213040) að teknu tilliti til breytinga á gildum eftir vinnslu (þurrkun) skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

0840040 Piparrót

Resmetrín (resmetrín ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna (summa hverfnanna)) (F)

(+) Gildandi hámarksgildi leifa fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í flokknum krydd (kenninúmer 0840040) er það sem fastsett hefur verið fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í grænmetisflokki, rótar- og hýðisgrænmetisflokki (kenninúmer 0213040) að teknu tilliti til breytinga á gildum eftir vinnslu (þurrkun) skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

0840040 Piparrót

Teknasen (F)

(+) Gildandi hámarksgildi leifa fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í flokknum krydd (kenninúmer 0840040) er það sem fastsett hefur verið fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í grænmetisflokki, rótar- og hýðisgrænmetisflokki (kenninúmer 0213040) að teknu tilliti til breytinga á gildum eftir vinnslu (þurrkun) skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

0840040 Piparrót

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/896 **2016/EES/05/24**

frá 11. júní 2015

um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir *Trichoderma polysporum* **af stofni IMI 206039,** *Trichoderma asperellum* **(áður** *T. harzianum*) **af stofni ICC012, T25 og TV1,** *Trichoderma atroviride* **(áður** *T. harzianum*) **af stofni IMI 206040 og T11,** *Trichoderma harzianum* **af stofni T-22 og ITEM 908,** *Trichoderma gamsii* **(áður** *T. viride* **) af stofni ICC080,** *Trichoderma asperellum* **(stofn T34),** *Trichoderma atroviride* **af stofni I-1237, geraníól, þýmól, súkrósa, járnsúlfat (járn(III)súlfat), járnsúlfat (járn(II)súlfat) og fólínsýru í eða á tilteknum afurðum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Að því er varðar *Trichoderma polysporum* af stofni IMI 206039, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofni ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni IMI 206040 og T11, *Trichoderma harzianum* af stofni T-22 og ITEM 908, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma asperellum* (stofn T34), *Trichoderma atroviride* af stofni I-1237, súkrósa, geraníól og þýmól voru hvorki fastsett tiltekin hámarksgildi leifa né voru efnin færð á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 og þar af leiðandi gildir staðalgildið 0,01 mg/kg sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar. Járnsúlfat (járn(III) súlfat), járnsúlfat (járn(II)súlfat) og fólínsýra eru á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

2) Að því er varðar *Trichoderma polysporum* af stofni IMI 206039 ([2]), *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofni ICC012, T25 og TV1([3]), *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni IMI 206040 og T11 ([4]), *Trichoderma harzianum* af stofni T-22 og ITEM 908 ([5]), *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080 ([6]), *Trichoderma asperellum* (stofn T34) ([7]) og *Trichoderma atroviride* af stofni I-1237 ([8]) gat Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) ekki komist að niðurstöðu varðandi fæðutengt áhættumat fyrir neytendur þar eð tilteknar upplýsingar vantaði og þörf var á frekari athugun áhættustjórnenda. Slík frekari athugun endurspeglaðist í viðkomandi endurskoðunarskýrslum ([9]) þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að efnin valdi ekki sjúkdómum í mönnum og að ekki sé búist við að þau framleiði eiturefni sem skipti máli fyrir heilbrigði manna. Í ljósi þessara niðurstaða telur framkvæmdastjórnin að rétt sé að færa slík efni á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 369/2005.

3) Að því er varðar þýmól ([10]) gat Matvælaöryggisstofnunin ekki komist að niðurstöðu varðandi fæðutengt áhættumat fyrir neytendur þar eð tilteknar upplýsingar vantaði og var efnið, í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 568/2013 ([11]), leyft með fyrirvara um framlagningu frekari upplýsinga til staðfestingar. Þýmól er til staðar frá náttúrunnar hendi í plöntum. Með hliðsjón af þessu er talið rétt að færa þetta efni tímabundið á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 þar til Matvælaöryggisstofnunin hefur lagt fram rökstutt álit í samræmi við 1. mgr. 12. gr.

4) Að því er varðar geraníól ([12]) gat Matvælaöryggisstofnunin ekki komist að niðurstöðu varðandi fæðutengt áhættumat fyrir neytendur þar eð tilteknar upplýsingar vantaði og var efnið, í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 570/2013 ([13]), leyft með fyrirvara um framlagningu frekari upplýsinga til staðfestingar. Geraníól er til staðar frá náttúrunnar hendi í plöntum. Með hliðsjón af þessu er talið rétt að færa þetta efni tímabundið á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 þar til Matvælaöryggisstofnunin hefur lagt fram rökstutt álit í samræmi við 1. mgr. 12. gr.

5) Súkrósi er samþykkt sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ([14]). Með tilliti til framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 916/2014 ([15]) telur framkvæmdastjórnin að rétt sé að færa efnið á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

6) Járnsúlfat (járn(III)súlfat) er ekki virkt efni samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Því fellur þetta efni ekki undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 396/2005. Með hliðsjón af þessu er talið rétt að fella þetta efni brott úr IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 147, 12.6.2015, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 297/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

7) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/442/EB ([16]) er kveðið á um að færa fólínsýru ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([17]). Þar eð 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 gildir því ekki um fólínsýru þykir rétt að 1. neðanmálsgrein, sem vísar í þau ákvæði, á eftir færslunni fyrir fólínsýru, falli brott.

8) Járnsúlfat (járnIIsúlfat) og fólínsýra eru fæðubótarefni samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([18]). Önnur efni sem eru á skrá í IV. viðauka eru matvælaaukefni eða bragðefni. Með hliðsjón af þessu þykir rétt að breyta orðalagi 2. neðanmálsgreinar til að vísa í víðara samhengi til annarrar sértækrar löggjafar um matvæli og fóður.

9) Á grundvelli niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa viðeigandi kröfur í 1. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

10) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

11) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Trichoderma polysporum* strain IMI 206039“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(1), 3035. (38 bls.) doi:10.2903/j.efsa.2013.3035.

([3]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Trichoderma asperellum* strains ICC012, T25 and TV1“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(1), 3036. (61 bls.) doi:10.2903/j.efsa.2013.3036.

([4]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Trichoderma atroviride* strains IMI-206040 and T11“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(1), 3056. (59 bls.) doi:10.2903/j.efsa.2013.3056.

([5]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2013, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Trichoderma harzianum Rifai* strains T-22 and ITEM-908“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(10), 3055. (47 bls.) doi:10.2903/j.efsa.2013.3055.

([6]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Trichoderma gamsii* ICC080“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(1), 3062. (29 bls.) doi:10.2903/j.efsa.2013.3062.

([7]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Trichoderma asperellum* strain T34“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(5), 2666. (37 bls.) doi:10.2903/j.efsa.2012.2666.

([8]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Trichoderma atroviride* strain I-1237“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(10), 2706. (33 bls.) doi:10.2930/j.efsa.2012.2706.

([9]) – Endurskoðunarskýrsla fyrir virka efnið *Trichoderma polysporum* IMI 206039. Lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra á fundi hennar 11. júlí 2008 með tilliti til færslu *Trichoderma polysporum* IMI 206039 á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. SANCO/1867/08 — endursk. 6, 11. júlí 2014.

– Endurskoðunarskýrsla fyrir virka efnið *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) ICC012. Lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra á fundi hennar 11. júlí 2008 með tilliti til færslu *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) ICC012 á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. SANCO/1842/08 — endursk. 5, 11. júlí 2014.

– Endurskoðunarskýrsla fyrir virku efnin *Trichoderma gamsii* ICC080 (áður *Trichoderma viride* af stofni ICC080), *Trichoderma asperellum* T25* (áður auðkennt sem *Trichoderma viride* af stofni T-25) og *Trichoderma asperellum* TV1 (áður auðkennt sem *Trichoderma viride* af stofni TV1). Lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra á fundi hennar 11. júlí 2008 með tilliti til færslu *Trichoderma gamsii* ICC080 (áður *Trichoderma viride* af stofni ICC080), *Trichoderma asperellum* T25* (áður auðkennt sem *Trichoderma viride* af stofni T-25) og *Trichoderma asperellum* TV1 (áður auðkennt sem *Trichoderma viride* af stofni TV1) á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. SANCO/1868/08 — endursk. 6, 11. júlí 2014.

– Endurskoðunarskýrsla fyrir virka efnið *Trichoderma atroviride* IMI 206040 (áður *T. harzianum* IMI 206040). Lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra á fundi hennar 11. júlí 2008 með tilliti til færslu *Trichoderma atroviride* IMI 206040 (áður *T. harzianum* IMI 206040) á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. SANCO/1866/08 — endursk. 6, 11. júlí 2014.

– Endurskoðunarskýrsla fyrir virka efnið *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) T-11. Lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra á fundi hennar 11. júlí 2008 með tilliti til færslu *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) T-11 á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. SANCO/1841/08 — endursk. 6, 11. júlí 2014.

– Endurskoðunarskýrsla fyrir virka efnið *Trichoderma harzianum* T-22. Lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra á fundi hennar 11. júlí 2008 með tilliti til færslu *Trichoderma harzianum* T-22 á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. SANCO/1839/08 — endursk. 5, 11. júlí 2014.

– Endurskoðunarskýrsla fyrir virka efnið *Trichoderma harzianum* ITEM 908. Lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra á fundi hennar 11. júlí 2008 með tilliti til færslu *Trichoderma harzianum* ITEM 908 á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. SANCO/1840/08 — endursk. 6, 11. júlí 2014.

– Endurskoðunarskýrsla fyrir virka efnið *Trichoderma asperellum* T34. Lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra á fundi hennar 20. nóvember 2012 með tilliti til færslu *Trichoderma asperellum* T34 á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. SANCO/12614/2012 — endursk. 4, 20. nóvember 2012.

– Endurskoðunarskýrsla fyrir virka efnið *Trichoderma atroviride* af stofni I-1237. Lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra á fundi hennar 20. nóvember 2012 með tilliti til færslu *Trichoderma atroviride* af stofni I-1237 á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. SANCO/12620/2012 — endursk. 4, 20. nóvember 2012.

([10]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance thymol“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10 (11), 2916. (43 bls.) doi:10.2903/j.efsa.2012.2916.

([11]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 568/2013 frá 18. júní 2013 um samþykki fyrir virka efninu þýmóli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 167, 19.6.2013, bls. 33).

([12]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance geraniol“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10 (11), 2915. (44 bls.) doi:10.2903/j.efsa.2012.2915.

([13]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 570/2013 frá 17. júní 2013 um samþykki fyrir virka efninu geraníóli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 168, 20.6.2013, bls. 18).

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls.1).

([15]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 916/2014 frá 22. ágúst 2014 um samþykki fyrir grunnefninu súkrósa, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 251, 23.8.2014, bls. 16).

([16]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/442/EB frá 21. júní 2007 um að færa tiltekin virk efni ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um afturköllun leyfa fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda þessi efni (Stjtíð. ESB L 166, 28.6.2007, bls. 16).

([17]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([18]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í stað texta 2. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(2) Efni sem eru á skrá í IV. viðauka með fyrirvara um aðra sértæka löggjöf um matvæli og fóður, t.d. um matvælaaukefni, fæðubótarefni, bragðefni o.s.frv.“

2) Færslurnar „*Trichoderma polysporum* af stofni IMI 206039“, „*Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofni ICC012, T25 og TV1“, „*Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni IMI 206040 og T11“, „*Trichoderma harzianum* af stofni T-22 og ITEM 908“, „*Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080“, „*Trichoderma asperellum* (stofn T34)“, „*Trichoderma atroviride* af stofni I-1237“, „súkrósi“, „geraníól (1) (2)“ og „þýmól (1) (2)“ bætast við í stafrófsröð.

3) Færslan „Járnsúlfat (járn(III)súlfat)“ falli brott.

4) Í stað tilvísunar í 1. neðanmálsgrein á eftir færslunni „Fólínsýra“ komi tilvísun í 2. neðanmálsgrein.

5) Tilvísun í 2. neðanmálsgrein á eftir færslunni „Járnsúlfat (járnIIsúlfat)“ bætist við.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1040 **2016/EES/05/25**

frá 30. júní 2015

um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asoxýstróbín, dímoxýstróbín, flúroxýpýr, metoxýfenósíð, metrafenón, oxadíargýl og tríbenúrón í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 14. gr. (a-lið 1. mgr.), 18. gr. (b-lið 1. mgr.) og 49. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir dímoxýstróbín og metrafenón. Í II. viðauka og B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir asoxýstróbín, flúroxýpýr, metoxýfenósíð, oxadíargýl og tríbenúrón.

2) Að því er varðar asoxýstróbín lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([2]). Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir möndlur, parahnetur, kasúhnetur, kastaníuhnetur, kókoshnetur, heslihnetur, goðahnetur, pekanhnetur, furuhnetur, valhnetur, spergla, maískorn, kaffibaunir, jurtate (þurrkað, rætur), sykurrófur (rætur) og kaffifíflarætur. Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að viðhalda gildandi hámarksgildum leifa eða hækka þau. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti varðandi hámarksgildi leifa fyrir vorsalat, breiðblaða salatfífla, karsa, klettasalat, sinnepskál, blöð og stilka af *Brassica* spp., svín (vöðva, fitu, lifur, nýru), nautgripi (vöðva, fitu, lifur, nýru), sauðfé (vöðva, fitu, lifur, nýru), geitur (vöðva, fitu, lifur, nýru), alifugla (vöðva, fitu, lifur), mjólk (nautgripir, sauðfé, geitur) og fuglsegg og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

3) Að því er varðar asoxýstróbín í byggi, kaffibaunum, höfrum, kartöflum og dúrru samþykkti Alþjóðamatvælaskrárráðið (CAC) ([3]) hámarksgildi leifa í Alþjóðamatvælaskránni (CLX-hámarksgildi). Þar eð þessi CXL-hámarksgildi eru studd með uppfærðu mati Matvælaöryggisstofnunarinnar þykir rétt að taka tillit til þeirra, að þeim CXL-hámarksgildum undanskildum sem eru ekki örugg fyrir neytendur í Sambandinu og sem Sambandið lagði fram fyrirvara um hjá Alþjóðamatvælaskrárráðinu ([4]).

4) Að því er varðar dímoxýstróbín lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([5]). Hún lagði til breytingar á skilgreiningu á leifum og mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir hveitikorn. Að því er varðar aðrar afurðir er mælt með því að viðhalda gildandi hámarksgildum leifa. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti varðandi hámarksgildi leifa fyrir nautgripi (vöðva, fitu, lifur, nýru), sauðfé (vöðva,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 167, 1.7.2015, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 298/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for azoxystrobin according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(12), 3497. (97 bls.)

([3]) Skýrslur nefndar Alþjóðamatvælaskrárráðsins um varnarefnaleifar eru aðgengilegar á http://www.codexalimentarius.org/download/report/917/REP14_PRe.pdf Joint FAO/WHO food standards programme Codex Alimentarius Commission. II. og III. viðbætir Þrítugasti og sjöundi fundur. Genf, Sviss, 14.-18. júlí 2014.

([4]) Scientific support for preparing an EU position for the 46th Session of the Codex Committee on Pesticide Residues (CCPR). *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(7), 3737 [182 bls.]. doi:10.2903/j.efsa.2014.3737.

([5]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for dimoxystrobin according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(11), 3464, (41 bls.).

fitu, lifur, nýru), geitur (vöðva, fitu, lifur, nýru) og mjólk (nautgripir, sauðfé, geitur) og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

5) Að því er varðar flúroxýpýr lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([6]). Hún lagði til að skilgreiningunni á leifum verði breytt. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti um hámarksgildi leifa fyrir epli, hvítlauk, lauka, skalottlauka, garðablóðberg, blaðlauka, byggkorn, maískorn, hafrakorn, rúgkorn, dúrrukorn, hveitikorn, jurtate (blóm), sykurreyr, svín (vöðva, fitu, lifur, nýru), nautgripi (vöðva, fitu, lifur, nýru), sauðfé (vöðva, fitu, lifur, nýru), geitur (vöðva, fitu, lifur, nýru) og mjólk (nautgripi, sauðfé, geitur) og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að engar upplýsingar væru fyrir hendi varðandi hámarksgildi leifa fyrir sítrusávexti, ólífur til átu og ólífur til olíuframleiðslu og að fyrirliggjandi upplýsingar varðandi hámarksgildi leifa fyrir perur, kveði, trjámispilsaldin, dúnepli og vorlauka væru ekki fullnægjandi til að leiða af þeim hámarksgildi leifa til bráðabirgða og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Að því er varðar þessar afurðir ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk.

6) Að því er varðar metoxýfenósíð lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([7]). Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir baunir (þurrkaðar) og jarðhnetur. Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að viðhalda gildandi hámarksgildum leifa eða hækka þau. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti um hámarksgildi leifa fyrir eggaldin, svín (vöðva, fitu, lifur, nýru), nautgripi (vöðva, fitu, lifur, nýru), sauðfé (vöðva, fitu, lifur, nýru), geitur (vöðva, fitu lifur, nýru), alifugla (vöðva, fitu, lifur), mjólk (nautgripir, sauðfé og geitur) og fuglsegg, og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að engar upplýsingar væru fyrir hendi varðandi hámarksgildi leifa fyrir appelsínur, mandarínur og maískorn og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Að því er varðar maískorn ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk. Að því er varðar appelsínur og mandarínur voru samþykkt CLX-hámarksgildi eftir að Matvælaöryggisstofnunin lagði fram álit sitt ([8]). Hámarksgildi leifa sem sett eru fram fyrir þessar afurðir í reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og hún hljóðar, endurspegla þessi CLX-hámarksgildi. Því ætti ekki að breyta hámarksgildum leifa fyrir appelsínur og mandarínur.

7) Að því er varðar metrafenón lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([9]). Hún lagði til breytingar á skilgreiningu á leifum og mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir hveitikorn og rúgkorn. Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að viðhalda gildandi hámarksgildum leifa eða hækka þau. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti um hámarksgildi leifa fyrir eggaldin og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Að því er varðar eggaldin hefur Matvælaöryggisstofnunin áður lagt fram álit varðandi þetta hámarksgildi leifa ([10]). Nú taldi hún rétt að beita hlutfallslegu nálguninni sem notuð er í því áliti. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að engar upplýsingar væru fyrir hendi varðandi hámarksgildi leifa fyrir nautgripi (vöðva, fitu, lifur, nýru), sauðfé (vöðva, fitu, lifur, nýru), geitur (vöðva, fitu, lifur, nýru) og mjólk (nautgripir, sauðfé, geitur) og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Að því er varðar þessar afurðir ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk.

([6]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for fluroxypyr according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(12), 3495, (49 bls.).

([7]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for methoxyfenozide according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(1), 3509, (68 bls.).

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 491/2014 frá 5. maí 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir ametóktradín, asoxýstróbín, sýkloxýdím, sýflútrín, dínótefúran, fenbúkónasól, fenvalerat, flúdíoxóníl, flúópýram, flútríafól, flúxapýroxað, glúfosínatammóníum, imídaklópríð, indoxakarb, MCPA, metoxýfenósíð, penþíópýrað, spínetóram og trífloxýstróbín í eða á tilteknum afurðum (Stjtíð. ESB L 146, 16.5.2014, bls. 1).

([9]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for metrafenone according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(12), 3498, (43 bls.).

([10]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Modification of the existing MRLs for metrafenone in various crops“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(1), 3075, (30 bls.).

8) Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 823/2012 ([11]) féll samþykki fyrir oxadíargýli úr gildi 31. mars 2014. Öll gildandi leyfi fyrir plöntuverndarvörum, sem innihalda virka efnið oxadíargýl, hafa verið afturkölluð og frestir renna út eigi síðar en 30. september 2015. Í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 14. gr. sömu reglugerðar, ætti því að fella brott hámarksgildi leifa sem fastsett eru fyrir það virka efni í II. og III. viðauka. Þetta ætti ekki að gilda um þau hámarksgildi leifa sem samsvara CXL-hámarksgildum sem byggð eru á notkun í þriðju löndum, að því tilskildu að þau séu viðunandi með tilliti til öryggis neytenda. Þetta ætti heldur ekki gilda í tilvikum þar sem hámarksgildi leifa hafa verið fastsett sérstaklega sem innflutningsvikmörk.

9) Að því er varðar tríbenúrón lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([12]). Hún mælti með því að viðhalda gildandi hámarksgildum leifa.

10) Að því er varðar afurðir þar sem notkun viðkomandi plöntuverndarvöru er ekki heimiluð og ekki liggja fyrir innflutningsvikmörk eða CLX-hámarksgildi fyrir, ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugarðar (EB) nr. 396/2005.

11) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar varðandi nauðsyn þess að aðlaga tiltekin magngreiningarmörk. Niðurstöður þessara rannsóknarstofa að því er varðar nokkur efni voru þær að tækniþróun krefjist þess að fastsett séu sérstök magngreiningarmörk fyrir tilteknar afurðir.

12) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

13) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.

14) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

15) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri heilsuvernd neytenda sé viðhaldið.

16) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II., III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, gildir áfram um afurðir sem voru framleiddar fyrir 20. janúar 2016.

([11]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 823/2012 frá 14. september 2012 um að víkja frá framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar lokadag samþykkis fyrir virku efnunum 2,4-DB, bensósýru, betasýflútríni, karfentrasónetýli, Coniothyrium minitans af stofni CON/M/91-08 (DSM 9660), sýasófamíði, sýflútríni, deltametríni, dímetenamíði-P, etófúmesati, etoxýsúlfúróni, fenamídóni, flasasúlfúróni, flúfenaseti, flúrtamóni, fóramsúlfúróni, fosþíasati, ímasamoxi, ídósúlfúróni, ípródíóni, ísoxaflútóli, línúróni, malínhýdrasíði, mekóprópi, mekóprópi-P, mesósúlfúróni, mesótríóni, oxadíargýli, oxasúlfúróni, pendímetalíni, píkoxýstróbíni, própíkónasóli, própínebi, própoxýkarbasóni, própýsamíði, pýraklóstróbíni, silþíófami, trífloxýstróbíni, varfaríni og soxamíði (Stjtíð. ESB L 250, 15.9.2012, bls. 13).

([12]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for tribenuron according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(11), 3457, (32 bls.).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. janúar 2016. Þó skulu c-liður 1. liðar og 3. liður viðaukans gilda frá 1. október 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II., III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi dálkar bætist við fyrir dímoxýstróbín og metrafenón:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a])	Dímoxýstróbín (R) (A)	Metrafenón (F)
1)	2)	3)	4)
0100000	**NÝ EÐA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR**	0,01 (*)	
0110000	**Sítrusávextir**		**0,01** (*)
0110010	Greipaldin		
0110020	Appelsínur		
0110030	Sítrónur		
0110040	Súraldin		
0110050	Mandarínur		
0110990	Annað		
0120000	**Trjáhnetur**		**0,01** (*)
0120010	Möndlur		
0120020	Parahnetur		
0120030	Kasúhnetur		
0120040	Kastaníuhnetur		
0120050	Kókoshnetur		
0120060	Heslihnetur		
0120070	Goðahnetur		
0120080	Pekanhnetur		
0120090	Furuhnetukjarnar		
0120100	Pistasíuhnetur		
0120110	Valhnetur		
0120990	Annað		
0130000	**Kjarnaávextir**		**0,01** (*)
0130010	Epli		
0130020	Perur		
0130030	Kveði		

1)	2)	3)	4)
0130040	Trjámispilsaldin		
0130050	Dúnepli/japansplómur		
0130990	Annað		
0140000	**Steinaldin**		**0,01** (*)
0140010	Apríkósur		
0140020	Kirsuber (sæt)		
0140030	Ferskjur		
0140040	Plómur		
0140990	Annað		
0150000	**Ber og smá aldin**		
0151000	a) **Þrúgur**		**7**
0151010	Vínber til neyslu		
0151020	Vínþrúgur		
0152000	b) **Jarðarber**		0,6
0153000	c) **Klungurber**		**0,01** (*)
0153010	Brómber		
0153020	Daggarber		
0153030	Hindber (rauð og gul)		
0153990	Annað		
0154000	d) **Önnur smá aldin og ber**		**0,01** (*)
0154010	Bláber		
0154020	Trönuber		
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber		
0154040	Stikilsber (græn, rauð og gul)		
0154050	Rósaldin		
0154060	Mórber (svört og hvít)		
0154070	Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispill		
0154080	Ylliber		
0154990	Annað		
0160000	**Ýmis aldin með:**		**0,01** (*)
0161000	a) ***Ætu hýði***		
0161010	Döðlur		
0161020	Fíkjur		
0161030	Ólífur til átu		
0161040	Gullappelsínur		

1)	2)	3)	4)
0161050	Stjörnualdin		
0161060	Gallaldin		
0161070	Jövuplómur		
0161990	Annað		
0162000	b) **Óætu hýði, lítil**		
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)		
0162020	Litkaber		
0162030	Píslaraldin		
0162040	Kaktusfíkjur		
0162050	Stjörnuepli		
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí		
0162990	Annað		
0163000	c) **Óætu hýði, stór**		
0163010	Lárperur		
0163020	Bananar		
0163030	Mangó		
0163040	Papæjualdin		
0163050	Granatepli		
0163060	Morgunberkjur		
0163070	Gvövur		
0163080	Ananas		
0163090	Brauðaldin		
0163100	Dáraaldin		
0163110	Nónberkjur		
0163990	Annað		
0200000	**NÝTT EÐA FRYST GRÆNMETI**		
0210000	**Rótarávextir og hnýði**	0,01 (*)	**0,01** (*)
0211000	a) **Kartöflur**		
0212000	b) **Hitabeltisrótarávextir og -hnýði**		
0212010	Kassavarætur		
0212020	Sætar kartöflur		
0212030	Mjölrótarhnýði		
0212040	Örvarrætur		
0212990	Annað		

1)	2)	3)	4)
0213000	c) **Aðrir rótarávextir og hnýði, að sykurrófum undanskildum**		
0213010	Rauðrófur		
0213020	Gulrætur		
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí		
0213040	Piparrót		
0213050	Ætihnúðar		
0213060	Nípur		
0213070	Steinseljurætur		
0213080	Hreðkur		
0213090	Hafursrætur		
0213100	Gulrófur		
0213110	Næpur		
0213990	Annað		
0220000	**Laukar**	0,01 (*)	**0,01** (*)
0220010	Hvítlaukur		
0220020	Laukar		
0220030	Skalottlaukar		
0220040	Vorlaukar og pípulaukar		
0220990	Annað		
0230000	**Aldingrænmeti**	0,01 (*)	
0231000	a) **Náttskuggaætt**		
0231010	Tómatar		0,4
0231020	Paprikur		2
0231030	Eggaldin		**0,3**
0231040	Okrur		**0,01** (*)
0231990	Annað		**0,01** (*)
0232000	b) **Plöntur af graskersætt með ætu hýði**		0,15
0232010	Gúrkur		
0232020	Smágúrkur		
0232030	Dvergbítar		
0232990	Annað		
0233000	c) **Plöntur af graskersætt með óætu hýði**		0,1
0233010	Melónur		
0233020	Risagrasker		
0233030	Vatnsmelónur		
0233990	Annað		

1)	2)	3)	4)
0234000	d) **Sykurmaís**		**0,01** (*)
0239000	e) **Annað aldingrænmeti**		**0,01** (*)
0240000	**Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)**	0,01 (*)	**0,01** (*)
0241000	a) **Blómstrandi kál**		
0241010	Spergilkál		
0241020	Blómkál		
0241990	Annað		
0242000	b) **Kálhöfuð**		
0242010	Rósakál		
0242020	Höfuðkál		
0242990	Annað		
0243000	c) **Blaðkál**		
0243010	Kínakál		
0243020	Grænkál		
0243990	Annað		
0244000	d) **Hnúðkál**		
0250000	**Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm**		
0251000	a) **Salat og salatplöntur**	0,01 (*)	**0,01** (*)
0251010	Vorsalat/strábrúða		
0251020	Salat		
0251030	Breiðblaða salatfíflar		
0251040	Karsi og aðrar spírur og sprotar		
0251050	Vetrarkarsi		
0251060	Klettasalat		
0251070	Sinnepskál		
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*)		
0251990	Annað		
0252000	b) **Spínat og áþekk blöð**	0,01 (*)	**0,01** (*)
0252010	Spínat		
0252020	Súpugull		
0252030	Blaðbeðjur		
0252990	Annað		

1)	2)	3)	4)
0253000	c) **Vínviðarlauf og áþekkar tegundir**	0,01 (*)	**0,01** (*)
0254000	d) **Brunnperla**	0,01 (*)	**0,01** (*)
0255000	e) **Jólasalat/salatfíflar**	0,01 (*)	**0,01** (*)
0256000	f) **Kryddjurtir og æt blóm**	**0,02** (*)	**0,02** (*)
0256010	Kerfill		
0256020	Graslaukur		
0256030	Blöð af sellerí		
0256040	Steinselja		
0256050	Salvía		
0256060	Rósmarín		
0256070	Garðablóðberg		
0256080	Basilíka og æt blóm		
0256090	Lárviðarlauf		
0256100	Fáfnisgras		
0256990	Annað		
0260000	**Belgávextir**	0,01 (*)	**0,01** (*)
0260010	Baunir (með fræbelg)		
0260020	Baunir (án fræbelgs)		
0260030	Ertur (með fræbelg)		
0260040	Ertur (án fræbelgs)		
0260050	Linsubaunir		
0260990	Annað		
0270000	**Stöngulgrænmeti**	0,01 (*)	**0,01** (*)
0270010	Sperglar		
0270020	Salatþistlar		
0270030	Sellerí		
0270040	Hnúðfenníkur		
0270050	Ætiþistlar		
0270060	Blaðlaukar		
0270070	Rabarbarar		
0270080	Bambussprotar		
0270090	Pálmakjarnar		
0270990	Annað		
0280000	**Sveppir, mosar og skófir**	0,01 (*)	
0280010	Ræktaðir sveppir		0,4
0280020	Villisveppir		**0,01** (*)
0280990	Mosar og skófir		**0,01** (*)

1)	2)	3)	4)
0290000	**Þörungar og dreifkjörnungslífverur**	0,01 (*)	**0,01** (*)
0300000	**BELGÁVEXTIR**	0,01 (*)	**0,01** (*)
0300010	Baunir		
0300020	Linsubaunir		
0300030	Ertur		
0300040	Lúpinur/lúpínubaunir		
0300990	Annað		
0400000	**OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN**		**0,01** (*)
0401000	**Olíufræ**		
0401010	Hörfræ	0,01 (*)	
0401020	Jarðhnetur	0,01 (*)	
0401030	Valmúafræ	0,01 (*)	
0401040	Sesamfræ	0,01 (*)	
0401050	Sólblómafræ	0,3	
0401060	Repjufræ	**0,05** (*)	
0401070	Sojabaunir	0,01 (*)	
0401080	Mustarðsfræ	**0,05** (*)	
0401090	Baðmullarfræ	0,01 (*)	
0401100	Risagraskersfræ	0,01 (*)	
0401110	Litunarþistilsfræ	0,01 (*)	
0401120	Hjólkrónufræ	0,01 (*)	
0401130	Akurdoðrufræ	0,01 (*)	
0401140	Hampfræ	0,01 (*)	
0401150	Kristpálmafræ	0,01 (*)	
0401990	Annað	0,01 (*)	
0402000	**Olíurík aldin**	0,01 (*)	
0402010	Ólífur til olíuframleiðslu		
0402020	Olíupálmakjarnar		
0402030	Olíupálmaaldin		
0402040	Dúnviðaraldin		
0402990	Annað		
0500000	**KORNTEGUNDIR**		
0500010	Bygg	**0,01** (*)	**0,6**
0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir	0,01 (*)	**0,01** (*)
0500030	Maís	0,01 (*)	**0,01** (*)
0500040	Hirsi	0,01 (*)	**0,01** (*)

1)	2)	3)	4)
0500050	Hafrar	0,01 (*)	**0,6**
0500060	Hrísgrjón	0,01 (*)	**0,01** (*)
0500070	Rúgur	0,08	**0,07**
0500080	Dúrra	0,01 (*)	**0,01** (*)
0500090	Hveiti	**0,08**	**0,07**
0500990	Annað	0,01 (*)	**0,01** (*)
0600000	**TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ**	**0,05** (*)	0,05 (*)
0610000	**Te**		
0620000	**Kaffibaunir**		
0630000	**Jurtate úr:**		
0631000	a) **Blómum**		
0631010	Gæsajurt		
0631020	Læknakólfur		
0631030	Rósir		
0631040	Jasmína		
0631050	Lindiblóm		
0631990	Annað		
0632000	b) **Blöðum og kryddjurtum**		
0632010	Jarðarber		
0632020	Rauðrunnalauf		
0632030	Indíánaþyrnislauf		
0632990	Annað		
0633000	c) **Rótum**		
0633010	Garðabrúða		
0633020	Ginseng		
0633990	Annað		
0639000	d) **Öðrum plöntuhlutum**		
0640000	**Kakóbaunir**		
0650000	**Jóhannesarbrauð**		
0700000	**HUMLAR**	**0,05** (*)	0,05 (*)
0800000	**KRYDD**		
0810000	**Krydd úr fræjum**	**0,05** (*)	0,05 (*)
0810010	Anís/anísfræ		
0810020	Ilmfrú		

1)	2)	3)	4)
0810030	Sellerí		
0810040	Kóríander		
0810050	Kúmín		
0810060	Dill		
0810070	Fenníkur		
0810080	Grikkjasmári		
0810090	Múskat		
0810990	Annað		
0820000	**Aldinkrydd**	**0,05** (*)	0,05 (*)
0820010	Allrahanda		
0820020	Kínapipar		
0820030	Kúmen		
0820040	Kardimommur		
0820050	Einiber		
0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)		
0820070	Vanilla		
0820080	Tamarind		
0820990	Annað		
0830000	**Barkarkrydd**	**0,05** (*)	0,05 (*)
0830010	Kanill		
0830990	Annað		
0840000	**Krydd úr rótum og jarðstönglum**		
0840010	Lakkrísrót	**0,05** (*)	0,05 (*)
0840020	Engifer	**0,05** (*)	0,05 (*)
0840030	Túrmerik/gullinrót	**0,05** (*)	0,05 (*)
0840040	Piparrót		
0840990	Annað	**0,05** (*)	0,05 (*)
0850000	**Blómhnappakrydd**	**0,05** (*)	0,05 (*)
0850010	Negull		
0850020	Kapers		
0850990	Annað		
0860000	**Frævukrydd**	**0,05** (*)	0,05 (*)
0860010	Saffran		
0860990	Annað		
0870000	**Frækápukrydd**	**0,05** (*)	0,05 (*)
0870010	Múskatblóm		
0870990	Annað		

1)	2)	3)	4)
0900000	**SYKURPLÖNTUR**	0,01 (*)	**0,01** (*)
0900010	Sykurrófurætur		
0900020	Sykurreyr		
0900030	Kaffifífilsrætur		
0900990	Annað		
1000000	**AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR**		
1010000	**Vefir:**	**0,03** (*)	**0,01** (*)
1011000	a) **Svín**		
1011010	Vöðvi		
1011020	Fituvefur		
1011030	Lifur		
1011040	Nýru		
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1011990	Annað		
1012000	b) **Nautgripir**	(+)	
1012010	Vöðvi		
1012020	Fituvefur		
1012030	Lifur		
1012040	Nýru		
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1012990	Annað		
1013000	c) **Sauðfé**	(+)	
1013010	Vöðvi		
1013020	Fituvefur		
1013030	Lifur		
1013040	Nýru		
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1013990	Annað		
1014000	d) **Geitur**	(+)	
1014010	Vöðvi		
1014020	Fituvefur		
1014030	Lifur		
1014040	Nýru		
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1014990	Annað		

1)	2)	3)	4)
1015000	e) **Hestar**		
1015010	Vöðvi		
1015020	Fituvefur		
1015030	Lifur		
1015040	Nýru		
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1015990	Annað		
1016000	f) **Alifuglar**		
1016010	Vöðvi		
1016020	Fituvefur		
1016030	Lifur		
1016040	Nýru		
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1016990	Annað		
1017000	g) **Önnur alin landdýr**		
1017010	Vöðvi		
1017020	Fituvefur		
1017030	Lifur		
1017040	Nýru		
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1017990	Annað		
1020000	**Mjólk**	**0,01** (*)(+)	**0,01** (*)
1020010	Nautgripir		
1020020	Sauðfé		
1020030	Geitur		
1020040	Hestar		
1020990	Annað		
1030000	**Fuglsegg**	**0,02** (*)	**0,01** (*)
1030010	Hænsni		
1030020	Endur		
1030030	Gæsir		
1030040	Kornhænur		
1030990	Annað		
1040000	**Hunang og aðrar býræktarafurðir**	0,05[107]	0,05 (*)
1050000	**Froskdýr og skriðdýr**	**0,03** (*)	**0,01** (*)

1)	2)	3)	4)
1060000	**Landhryggleysingjar**	**0,03** (*)	**0,01** (*)
1070000	**Villt landhryggdýr**	**0,03** (*)	**0,01** (*)

(*) Neðri greiningarmörk
(**) Samsetning varnarefna/kóða sem hámarksgildi leifa, eins og sett er fram í B-hluta III. viðauka, gilda um.
([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

(F) = Fituleysanlegt

Dímoxýstróbín (R) (A)

(A) Neðanmálsgrein fyrir skilgreiningu á efnaleifum: Tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins greindu frá því að viðmiðunarstaðall fyrir 505M09 sé ekki tiltækur á markaði. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til tiltækileika viðmiðunarstaðla á markaði, sem um getur í fyrstu setningunni, eigi síðar en 1. júlí 2016 eða, ef þeir staðlar eru ekki tiltækir á markaði fyrir þann dag, til skorts á þeim.

(R) = Skilgreiningin á efnaleifum er mismunandi fyrir eftirfarandi samsetningar á varnarefnum/kóðum:

Dímoxýstróbín — kóði 1000000 að undanskildu 1040000: 505M09, gefið upp sem dímoxýstróbín
Umbrotsefni 505M09 = 3-({2-[(1E)-N-metoxý-2-(metýlamín)-2-oxóetanimídóýl]bensýl}oxý)-4-metýlbensósýra

(+) Gildandi hámarksgildi leifa fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í flokknum krydd (kenninúmer 0840040) er það sem fastsett hefur verið fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í grænmetisflokki, rótar- og hýðisgrænmetisflokki (kenninúmer 0213040) að teknu tilliti til breytinga á gildum eftir vinnslu (þurrkun) skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

0840040 Piparrót

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um prófanir á leifum í grasi og greiningaraðferðir. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 1. júlí 2017 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

1012000 b) Nautgripir

1012010 Vöðvi

1012020 Fituvefur

1012030 Lifur

1012040 Nýru

1012050 Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)

1012990 Annað

1013000 c) Sauðfé

1013010 Vöðvi

1013020 Fituvefur

1013030 Lifur

1013040 Nýru

1013050 Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)

1013990 Annað

1014000 d) Geitur

1014010 Vöðvi

1014020 Fituvefur

1014030 Lifur

1014040 Nýru

1014050 Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)

1014990 Annað

1020000 Mjólk

1020010 Nautgripir

1020020 Sauðfé

1020030 Geitur

1020040 Hestar

1020990 Annað

Metrafenón (F)

(+) Gildandi hámarksgildi leifa fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í flokknum krydd (kenninúmer 0840040) er það sem fastsett hefur verið fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í grænmetisflokki, rótar- og hýðisgrænmetisflokki (kenninúmer 0213040) að teknu tilliti til breytinga á gildum eftir vinnslu (þurrkun) skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

0840040 Piparrót“

---

b) Í stað dálkanna fyrir asoxýstróbín, flúroxýpýr, metoxýfenósíð og tríbenúrónmetýl komi eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenni-númer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a)	Asoxýstróbín	Flúroxýpýr (summa flúroxýpýrs, salta þess, estera og tilsvarandi afleiða, gefið upp sem flúroxýpýr) (R) (A)	Metoxýfenósíð (F)	Tríbenúrónmetýl
1)	2)	3)	4)	5)	6)
0100000	**NÝ EÐA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR**				0,01 (*)
0110000	**Sítrusávextir**	15	**0,01** (*)	2	
0110010	Greipaldin				
0110020	Appelsínur				
0110030	Sítrónur				
0110040	Súraldin				

1)	2)	3)	4)	5)	6)
0110050	Mandarínur				
0110990	Annað				
0120000	**Trjáhnetur**		**0,01** (*)	**0,1**	
0120010	Möndlur	**0,01**			
0120020	Parahnetur	**0,01**			
0120030	Kasúhnetur	**0,01**			
0120040	Kastaníuhnetur	**0,01**			
0120050	Kókoshnetur	**0,01**			
0120060	Heslihnetur	**0,01**			
0120070	Goðahnetur	**0,01**			
0120080	Pekanhnetur	**0,01**			
0120090	Furuhnetukjarnar	**0,01**			
0120100	Pistasíuhnetur	1			
0120110	Valhnetur	**0,01**			
0120990	Annað	**0,01**			
0130000	**Kjarnaávextir**	**0,01** (*)		2	
0130010	Epli		**0,05** (*) (+)		
0130020	Perur		**0,01**		
0130030	Kveði		**0,01** (*)		
0130040	Trjámispilsaldin		**0,01** (*)		
0130050	Dúnepli/japansplómur		**0,01** (*)		
0130990	Annað		**0,01** (*)		
0140000	**Steinaldin**	2	**0,01** (*)	**2**	
0140010	Apríkósur				
0140020	Kirsuber (sæt)				
0140030	Ferskjur				
0140040	Plómur				
0140990	Annað				
0150000	**Ber og smá aldin**		**0,01** (*)		
0151000	a) **Þrúgur**	2		1	
0151010	Vínber til neyslu				
0151020	Vínþrúgur				
0152000	b) **Jarðarber**	10		2	

1)	2)	3)	4)	5)	6)
0153000	c) **Klungurber**	5		**0,01** (*)	
0153010	Brómber				
0153020	Daggarber				
0153030	Hindber (rauð og gul)				
0153990	Annað				
0154000	d) **Önnur smá aldin og ber**				
0154010	Bláber	5		4	
0154020	Trönuber	0,5		0,7	
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber	5		**0,01** (*)	
0154040	Stikilsber (græn, rauð og gul)	5		**0,01** (*)	
0154050	Rósaldin	5		**0,01** (*)	
0154060	Mórber (svört og hvít)	5		**0,01** (*)	
0154070	Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispill	*5*		**0,01** (*)	
0154080	Ylliber	5		**0,01** (*)	
0154990	Annað	5		**0,01** (*)	
0160000	**Ýmis aldin með:**		**0,01** (*)		
0161000	a) ***Ætu hýði***			**0,01** (*)	
0161010	Döðlur	**0,01** (*)			
0161020	Fíkjur	**0,01** (*)			
0161030	Ólífur til átu	**0,01** (*)			
0161040	Gullappelsínur	**0,01** (*)			
0161050	Stjörnualdin	0,1			
0161060	Gallaldin	**0,01** (*)			
0161070	Jövuplómur	**0,01** (*)			
0161990	Annað	**0,01** (*)			
0162000	b) **Óætu hýði, lítil**			**0,01** (*)	
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)	**0,01** (*)			
0162020	Litkaber	**0,01** (*)			
0162030	Píslaraldin	4			
0162040	Kaktusfíkjur	**0,01** (*)			
0162050	Stjörnuepli	**0,01** (*)			
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí	**0,01** (*)			
0162990	Annað	**0,01** (*)			

1)	2)	3)	4)	5)	6)
0163000	c) **Óætu hýði, stór**				
0163010	Lárperur	**0,01** (*)		0,7	
0163020	Bananar	2		**0,01** (*)	
([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir grunnefni

Efnið frúktósi, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt sem grunnefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. ágúst 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
Frúktósi CAS-nr.: 57-48-7	β-D-frúktófúranósi	Matvælagæði	1. október 2015	Er einungis samþykkt til notkunar sem grunnefni til að efla náttúrlegar varnir plöntunnar. Nota skal frúktósa í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um frúktósa (SANCO/12680/2014), einkum í I. og II. viðbæti við hana.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
„8.	Frúktósi CAS-nr.: 57-48-7	β-D-frúktófúranósi	Matvælagæði	1. október 2015	Er einungis samþykkt til notkunar sem grunnefni til að efla náttúrlegar varnir plöntunnar. Nota skal frúktósa í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um frúktósa (SANCO/12680/2014), einkum í I. og II. viðbæti við hana.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1396 **2016/EES/05/37**

frá 14. ágúst 2015

um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar virka efnið *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, eins og stofn AQ 713 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 3. mgr. 78. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/6/EB ([2]) var *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, eins og stofn AQ 713, (hér á eftir *Bacillus subtilis*) fært á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) sem virkt efni til notkunar sem sveppaeyðir.

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Hinn 22. janúar 2015 tilkynnti Holland framkvæmdastjórninni að rekstraraðilinn, sem lagði fram beiðni um að *Bacillus subtilis* yrði fært á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, færi fram á að skilyrðin fyrir notkun þess efnis gildi einnig um notkunina sem bakteríueyðir gegn *Erwinia amylovora* (perubrandur), en fyrir mistök vantaði það í skrána í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.

4) Holland komst að raun um að rök styðji þá beiðni.

5) Auk þess var notkun efnisins sem bakteríueyðir metin í ferlinu vegna samþykkisins fyrir virka efninu *Bacillus subtilis* og einnig fjallað um hana í endurskoðunarskýrslunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 216, 15.8.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 305/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/6/EB frá 14. febrúar 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum metrafenóni, *Bacillus subtilis*, spínósaði og þíametoxami (Stjtíð ESB L 43, 15.2.2007, bls. 13).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

6) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 138. línu í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi í stað A-hluta dálksins „Sértæk ákvæði“:

„A-HLUTI

Einungis má leyfa að efnið sé notað sem sveppaeyðir og bakteríueyðir.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. ágúst 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Jean-Claude JUNCKER

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1397 **2016/EES/05/38**

frá 14. ágúst 2015

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu flórasúlami, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samþykkið fyrir virka efninu flórasúlami, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]), rennur út 31. desember 2015.

2) Umsókn um endurnýjun á skráningu flórasúlams í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([4]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

3) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

4) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 25. nóvember 2013.

5) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

6) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að flórasúlam uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 22. desember 2014 ([5]). Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurskoðunarskýrslunni um flórasúlam fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 28. maí 2015.

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr., eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.

8) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir flórasúlami.

9) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir flórasúlami byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda flórasúlam. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem illgresiseyðir.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.
([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).
([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).
([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).
([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(1), 3984. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

10) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

11) Reglugerð þessi ætti að gilda frá og með deginum eftir að samþykkið fyrir virka efninu flórasúlami, sem um getur í 1. forsendu, rennur út.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu flórasúlami, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. ágúst 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Flórasúlam CAS-nr. 145701-23-1 CIPAC-nr. 616	2′,6′,8-tríflúor-5-metoxý-[1,2,4]-tríasól[1,5-*c*]pýrimídín-2-súlfónanilíð	≥ 970 g/kg Óhreinindi: 2,6-DFA að hámarki 2 g/kg	1. janúar 2016	31. desember 2030	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um flórasúlam, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að áhættu fyrir lagarlífverur og landplöntur utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 36 um flórasúlam brott.

2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„90	Flórasúlam CAS-nr. 145701-23-1 CIPAC-nr. 616	2′,6′,8-tríflúor-5-metoxý-[1,2,4]-tríasól[1,5-*c*] pýrimídín-2-súlfónanilíð	≥ 970 g/kg Óhreinindi: 2,6-DFA að hámarki 2 g/kg	1. janúar 2016	31. desember 2030	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um flórasúlam, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að áhættu fyrir lagarlífverur og landplöntur utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 251/2014 **2016/EES/05/39**

frá 26. febrúar 2014

um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á kryddblönduðum vínafurðum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 43. gr. og 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins **([1]),**

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 ([3]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 122/94([4]) hafa reynst árangursríkar við að setja reglur um kryddvín, drykki sem eru að stofni til úr kryddvíni og hanastél blönduð með kryddvíni („kryddblandaðar vínafurðir"). Í ljósi tækninýjunga, markaðsþróunar og breytinga á væntingum neytenda er þó nauðsynlegt að uppfæra reglurnar sem gilda um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á tilteknum kryddblönduðum vínafurðum, jafnframt því að taka tillit til hefðbundinna framleiðsluaðferða.

2) Þörf er á frekari breytingum vegna gildistöku Lissabon-sáttmálans, til að samræma valdheimildirnar sem eru veittar framkvæmdastjórninni samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1601/91, við 290. og 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE). Með tilliti til gildissviðs þessara breytinga þykir rétt að fella úr gildi reglugerð (EBE) nr. 1601/91 og að þessi reglugerð komi í hennar stað. Með reglugerð (EB) nr. 122/94 voru innleiddar reglur um bragðefni og íblöndun alkóhóls sem gilda um nokkrar kryddblandaðar vínafurðir, og til að tryggja skýrleika ætti að fella þessar reglur inn í þessa reglugerð.

3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ([5]) gildir um kynningu og merkingu kryddblandaðra vínafurða, ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð.

4) Kryddblandaðar vínafurðir eru mikilvægar fyrir neytendur, framleiðendur og landbúnaðargeirann í Sambandinu. Þær ráðstafanir, sem varða kryddblandaðar vínafurðir, ættu að vera framlag til þess að ná fram öflugri neytendavernd, koma í veg fyrir villandi viðskiptahætti og ná fram gagnsæi á markaði og sanngjarnri samkeppni. Með þessu munu ráðstafanirnar verða til þess að vernda það orðspor sem kryddblandaðar vínafurðir frá Sambandinu hafa öðlast á innri markaðinum og á heimsmarkaði með því að taka áfram tillit til hefðbundinna vinnsluaðferða sem notaðar eru við framleiðslu kryddblandaðra vínafurða, sem og til aukinna krafna um neytendavernd og upplýsingagjöf. Einnig ætti að taka tillit til tækninýjunga að því er varðar afurðirnar þar sem slík nýsköpun eykur gæði, án þess að það hafi áhrif á hefðbundna eiginleika þeirra kryddblönduðu vínafurða sem um er að ræða.

5) Framleiðsla á kryddblönduðum vínafurðum skapar mikilvægan markað fyrir landbúnaðargeirann í Sambandinu, sem leggja ætti áherslu á í regluramманum.

6) Í þágu neytenda gildir þessi reglugerð um allar kryddblandaðar vínafurðir sem settar eru á markað í Sambandinu, hvort sem þær eru framleiddar í aðildarríkjunum eða í þriðju löndum. Til að viðhalda og bæta orðspor kryddblandaðra vínafurða frá Sambandinu á heimsmarkaði ættu reglurnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð einnig að gilda um kryddblandaðar vínafurðir sem framleiddar eru innan Sambandsins til útflutnings.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 43, 15.2.2012, bls. 67.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. janúar 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 17. febrúar 2014.

([3]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínum, drykkjum blönduðum með kryddvínum og hanastélum blönduðum með kryddvínum (Stjtíð. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 122/94 frá 25. janúar 1994 um tilteknar ítarlegar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1601/91 varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínum, drykkjum blönduðum með kryddvínum og hanastélum blönduðum með kryddvínum (Stjtíð. EB L 21, 26.1.1994, bls. 7).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011., bls. 18).

7) Til að tryggja skýrleika og gagnsæi í löggjöf Sambandsins sem gildir um vínafurðir er nauðsynlegt að skilgreina með skýrum hætti afurðirnar sem falla undir þá löggjöf, viðmiðanir við framleiðslu, lýsingu, kynningu og merkingu á kryddblönduðum vínafurðum og einkum söluheitið. Einnig ætti að mæla fyrir um sértækar reglur varðandi valkvæðu upplýsingarnar um uppruna, til viðbótar við þær sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 1169/2011. Með því að mæla fyrir um slíkar reglur hafa verið settar reglur um öll stig framleiðsluferlisins og neytendur njóta verndar og eru upplýstir á tilhlýðilegan hátt.

8) Í skilgreiningunum á kryddblönduðum vínafurðum ætti áfram að virða hefðbundnar gæðavenjur en þær ætti að uppfæra og bæta í ljósi tækniþróunar.

9) Kryddblandaðar vínafurðir ætti að framleiða í samræmi við tilteknar reglur og takmarkanir sem tryggja að væntingar neytenda að því er varðar gæði og framleiðsluaðferðir séu uppfylltar. Til að uppfylla alþjóðlega staðla á þessu sviði ætti að ákveða framleiðsluaðferðir og framkvæmdastjórnin ætti almennt að taka tillit til staðlanna sem Alþjóðavínstofnunin (OIV) mælir með og birtir.

10) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008/EB ([6]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 ([7]) ættu að gilda um kryddblandaðar vínafurðir.

11) Etanólið, sem notað er til framleiðslu á kryddblönduðum vínafurðum, skal auk þess einvörðungu vera landbúnaðarafurð, til að uppfylla væntingar neytenda og vera í samræmi við gæðavenjur. Þetta mun einnig tryggja markað fyrir grunnlandbúnaðarvörur.

12) Í ljósi þess hversu mikilvægur og flókinn geirinn fyrir kryddblandaðar vínafurðir er þykir rétt að mæla fyrir um sértækar reglur um lýsingu og kynningu á kryddblönduðum vínafurðum til viðbótar við ákvæðin um merkingar sem mælt er um fyrir í reglugerð (ESB) nr. 1169/2011. Þessar sértæku reglur ættu einnig að fyrirbyggja misnotkun á söluheitum kryddblandaðra vínafurða ef um er að ræða afurðir sem uppfylla ekki kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð.

13) Með það fyrir augum að greiða fyrir skilningi neytenda ætti að vera mögulegt að bæta hefðbundnu heiti afurðarinnar, í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011, við söluheitin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

14) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([8]) gildir m.a. um unnar landbúnaðarafurðir sem nota á til matar, þ.m.t. kryddblandaðar vínafurðir. Til samræmis við það er heimilt að setja kryddblandaðar vínafurðir sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð og gerðir sem samþykktar eru samkvæmt henni, á markað sem lífrænar kryddblandaðar vínafurðir.

15) Þegar beitt er gæðastefnu og til að stuðla að háu gæðastigi kryddblandaðra vínafurða með landfræðilegri merkingu ætti aðildarríkjum að vera heimilt að samþykkja strangari reglur en þær sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð um framleiðslu, lýsingu, kynningu og merkingu á kryddblönduðum vínafurðum með landfræðilegum merkingum sem eru framleidd innan þeirra yfirráðasvæðis, að svo miklu leyti sem reglurnar samrýmast lögum Sambandsins.

16) Í ljósi þess að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ([9]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 ([10]) og ákvæði um landfræðilegar merkingar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ([11]) gilda ekki um kryddblandaðar vínafurðir ætti að mæla fyrir um sértækar reglur um vernd landfræðilegra merkinga fyrir kryddblandaðar vínafurðir. Landfræðilegar merkingar ættu að vera notaðar til að tilgreina að kryddblandaðar vínafurðir séu upprunnar á yfirráðasvæði tiltekins lands eða á svæði eða stað innan þess yfirráðasvæðis ef tengja má tiltekin gæði, orðspor eða aðra eiginleika kryddblönduðu vínafurðarinnar sérstaklega við landfræðilegan uppruna hennar og ætti framkvæmdastjórnin að skrá slíkar landfræðilegar merkingar.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34).

([8]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1151/2012 frá 21. nóvember 2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli (Stjtíð. ESB L 343, 14.12.2012, bls. 1).

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).

17) Í þessari reglugerð ætti að mæla fyrir um málsmeðferð fyrir skráningu, reglufylgni, breytingu og hugsanlega niðurfellingu landfræðilegra merkinga þriðju landa og Sambandsins.

18) Yfirvöld aðildarríkis ættu að bera ábyrgð á að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar og sjá ætti til þess að framkvæmdastjórnin geti vaktað og sannreynt að farið sé að ákvæðunum.

19) Fela ætti framkvæmdastjórninni umboð til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í því skyni að bæta við eða breyta tilteknum veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar að því er varðar stofnun framleiðsluferla til framleiðslu kryddblandaðra vínafurða; viðmiðanir til að afmarka landfræðileg svæði og reglur, takmarkanir og undanþágur í tengslum við framleiðslu á slíkum svæðum; við hvaða skilyrði forskriftir fyrir afurð geti innihaldið viðbótarkröfur; ákvörðun á því í hvaða tilvikum stakur framleiðandi getur sótt um vernd landfræðilegrar merkingar og takmarkanirnar sem gilda um það hvers konar umsækjendur geta sótt um slíka vernd; að setja skilyrði sem skal fara eftir að því er varðar umsókn um vernd landfræðilegra merkinga, grannskoðun framkvæmdastjórnarinnar, andmælameðferð, og málsmeðferðarreglur um breytingar og niðurfellingar landfræðilegra merkinga; að setja skilyrði sem gilda um umsóknir sem ná yfir landamæri; að fastsetja dagsetninguna fyrir framlagningu umsóknar eða beiðni, dagsetninguna þegar verndin tekur gildi og dagsetninguna þegar breyting á vernd tekur gildi; að setja skilyrði sem varða breytingar á forskriftum fyrir afurðir, þ.m.t. skilyrði þegar breyting telst minni háttar og skilyrði sem varða umsóknir um breytingar og samþykki fyrir þeim, sem fela ekki í sér breytingar á skjalinu eina; takmarkanirnar að því er varðar hið verndaða heiti; eðli og gerð þeirra upplýsinga sem skal tilkynna um í upplýsingaskiptunum milli aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar, aðferðir við tilkynningar, reglurnar varðandi aðgangsrétt að upplýsingum eða upplýsingakerfum sem gerð eru aðgengileg og fyrirkomulag birtingar á upplýsingunum. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð á meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

20) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar að því er varðar greiningaraðferðirnar til að ákvarða samsetningu kryddblönduðu vínafurðanna; ákvarðanir um að veita vernd fyrir landfræðilegar merkingar og um að hafna umsóknum um slíka vernd; ákvarðanir um að fella niður vernd landfræðilegra merkinga og fyrirliggjandi landfræðilegra sérmerkinga; ákvarðanir um samþykki umsóknar um breytingar ef um er að ræða minni háttar breytingar á forskrift fyrir afurð; upplýsingarnar sem skulu koma fram í forskrift fyrir afurð að því er varðar skilgreiningu á landfræðilegri merkingu; aðferðirnar við að birta ákvarðanir um vernd eða höfnun landfræðilegra merkinga; reglur varðandi framlagningu umsókna sem ná yfir landamæri; eftirlit og sannprófanir sem aðildarríki skulu framkvæma; málsmeðferðina þ.m.t. lögmæti, vegna rannsóknar á umsóknum um vernd eða um samþykki á breytingu á landfræðilegri merkingu, og málsmeðferðina, þ.m.t. lögmæti, vegna beiðna um andmæli, niðurfellingar eða umbreytingar og um framlagningu á upplýsingum sem varða fyrirliggjandi landfræðilegar sérmerkingar; stjórnsýslulegt eftirlit og eftirlit með ástandi sem aðildarríkin framkvæma; og reglur um að veita upplýsingarnar sem nauðsynlegar eru vegna beitingar ákvæðanna um upplýsingaskiptin milli aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar, fyrirkomulag stjórnunar þeirra upplýsinga sem skal tilkynna, og um innihald, form, tímasetningu, tíðni og fresti fyrir tilkynningarnar og fyrirkomulag á því að senda upplýsingar og skjöl eða gera þau aðgengileg aðildarríkjunum, lögbærum yfirvöldum í þriðju löndum eða almenningi; ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu framkvæmdarvaldi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011([12]).

21) Framkvæmdastjórnin ætti, með framkvæmdargerðum og, vegna sérstaks eðlis þeirra, án þess að beita reglugerð (ESB) nr. 182/2011, að birta eina skjalið í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, ákvarða hvort hafna skuli umsókn um vernd landfræðilegrar merkingar á grundvelli þess að hún er ekki tæk og koma á fót og viðhalda skrá yfir landfræðilegar merkingar sem njóta verndar samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. upptaka fyrirliggjandi landfræðilegra merkinga í þá skrá eða fjarlæging þeirra úr skránni.

22) Umskiptin frá reglunum sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 1601/91, yfir í reglurnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð, geta leitt til erfiðleika sem ekki er tekið á í þessari reglugerð. Í því skyni ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja nauðsynlegar umbreytingarráðstafanir.

23) Gefa ætti nægan tíma og gera viðeigandi ráðstafanir til að auðvelda snurðulausa umbreytingu frá reglunum, sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 1601/91, yfir í reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Í öllum tilvikum ætti að leyfa setningu þeirra birgða, sem til eru, á markað eftir að þessi reglugerð kemur til framkvæmda, þar til birgðir eru uppurnar.

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

24) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að setja reglur um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu kryddblandaðra vínafurða og reglur um verndun landfræðilegra merkinga á kryddblönduðum vínafurðum, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu kryddblandaðra vínafurða, sem og um verndun landfræðilegra merkinga á kryddblönduðum vínafurðum.

2. Reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 gildir um kynningu og merkingu kryddblandaðra vínafurða ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð.

3. Þessi reglugerð gildir um allar kryddblandaðar vínafurðir sem settar eru á markað í Sambandinu, hvort sem þær eru framleiddar í aðildarríkjunum eða í þriðju löndum, sem og um þær sem eru framleiddar í Sambandinu til útflutnings.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „söluheiti“: heiti þeirra kryddblönduðu vínafurða sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð,

2) „lýsing“: skráin yfir sérstök einkenni kryddblandaðrar vínafurðar,

3) „landfræðileg merking“: merking sem sýnir að kryddblönduð vínafurð er upprunnin á svæði, tilteknum stað eða í landi þar sem tiltekin gæði, orðspor eða önnur tiltekin einkenni afurðarinnar má rekja í meginatriðum til landfræðilegs uppruna hennar.

II. KAFLI

SKILGREINING, LÝSING, KYNNING OG MERKING KRYDDBLANDAÐRA VÍNAFURÐA

3. gr.

Skilgreining og flokkun kryddblandaðra vínafurða

1. Kryddblandaðar vínafurðir eru afurðir sem fást úr afurðum úr víngeiranum, eins og um getur í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, sem hafa verið bragðbættar. Þær eru flokkaðar í eftirfarandi flokka:

a) kryddvín,

b) drykkir, að stofni til úr kryddvíni,

c) hanastél, blönduð með kryddvíni.

2. Kryddvín er drykkur:

a) sem fenginn er úr einni eða fleiri vínræktarafurðum sem skilgreindar eru í 5. lið IV. hluta II. viðauka og í 1. og 3. til 9. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, að frátöldu „retsina“-víni

b) þar sem vínræktarafurðirnar sem um getur í a-lið nema a.m.k. 75% af heildarrúmmáli,

c) sem vínanda kann að hafa verið bætt í,

d) sem litarefnum kann að hafa verið bætt í,

e) sem þrúgumusti og/eða hlutgerjuðu þrúgumusti kann að hafa verið bætt í,

f) sem sætuefni kann að hafa verið bætt í,

g) sem hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika, miðað við rúmmál, en 14,5% en þó minni en 22% og ekki minni heildaralkóhólstyrkleika en 17,5% miðað við rúmmál.

3. Drykkur, að stofni til úr kryddvíni er drykkur:

a) sem fenginn er úr einni eða fleiri vínræktarafurðum sem skilgreindar eru í 1., 2. og 4. til 9. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 að frátöldum vínum sem eru framleidd með íblöndun alkóhóls og „retsina“-víni,

b) þar sem vínræktarafurðirnar sem um getur í a-lið nema minnst 50% af heildarrúmmáli,

c) sem vínanda hefur ekki verið bætt í, nema kveðið sé á um annað í II. viðauka,

d) sem litarefnum kann að hafa verið bætt í,

e) sem þrúgumusti og/eða hlutgerjuðu þrúgumusti kann að hafa verið bætt í,

f) sem sætuefni kann að hafa verið bætt í,

g) sem hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika, miðað við rúmmál, en 4,5% en þó minni en 14,5%.

4. Hanastél, blandað með kryddvíni er drykkur:

a) sem fenginn er úr einni eða fleiri vínræktarafurðum sem skilgreindar eru í 1., 2. og 4. til 11. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 að frátöldum vínum sem eru framleidd með íblöndun alkóhóls og „retsina"-víni,

b) þar sem vínræktarafurðirnar sem um getur í a-lið nema minnst 50% af heildarrúmmáli,

c) sem vínanda hefur ekki verið bætt við,

d) sem litarefnum kann að hafa verið bætt í,

e) sem sætuefni kann að hafa verið bætt í,

f) sem hefur meiri raunverulegan alkóhólstyrkleika en 1,2% miðað við rúmmál og minni en 10%.

4. gr.

Framleiðsluferli og greiningaraðferðir fyrir kryddblandaðar vínafurðir

1. Kryddblandaðar vínafurðir skulu framleiddar í samræmi við kröfurnar, takmarkanirnar og lýsingarnar sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 33. gr. varðandi stofnun leyfilegra framleiðsluferla til framleiðslu kryddblandaðra vínafurða, með tilliti til væntinga neytenda.

Við stofnun leyfilegu framleiðsluferlanna sem um getur í fyrstu undirgrein skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þeirra framleiðsluferla sem Alþjóðavínstofnunin mælir með og birtir.

3. Framkvæmdastjórnin skal, ef nauðsyn krefur, samþykkja, með framkvæmdargerðum, greiningaraðferðir til að ákvarða samsetningu kryddblönduðu vínafurðanna. Umræddar aðferðir skulu byggjast á einhverri viðeigandi aðferð sem Alþjóðavínstofnunin mælir með og birtir, nema þær séu óskilvirkar eða óviðeigandi með tilliti til þess markmiðs sem stefnt er að. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 34. gr.

Meðan þess er beðið að framkvæmdastjórnin samþykki slíkar aðferðir skal nota þær aðferðir sem hlutaðeigandi aðildarríki leyfir.

4. Vínfræðilegu vinnsluaðferðirnar og takmarkanirnar sem kveðið er á um í samræmi við 74. gr., 75. gr. (4. mgr.) og 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1308/2013 skulu gilda um vínræktarafurðirnar sem notaðar eru við framleiðslu á kryddblönduðum vínafurðum.

5. gr.

Söluheiti

1. Söluheitin sem sett eru fram í II. viðauka skal nota fyrir allar kryddblandaðar vínafurðir sem settar eru á markað í Sambandinu að því tilskildu að þau uppfylli kröfurnar fyrir samsvarandi söluheiti sem mælt er fyrir um í þeim viðauka. Heimilt er að bæta venjubundnu heiti, eins og það er skilgreint í o-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011, við söluheiti.

2. Þegar kryddblandaðar vínafurðir uppfylla kröfurnar fyrir fleiri en eitt söluheiti er aðeins heimilt að nota eitt af þeim söluheitum nema kveðið sé á um annað í II. viðauka.

3. Ekki má lýsa, kynna eða merkja áfengan drykk, sem uppfyllir ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, með orðum eða setningum sem tengja hann við einhver af söluheitunum s.s. „gerð", „tegund", „áþekkur", „framleiddur", „bragð" eða með einhverjum öðrum svipuðum hugtökum.

4. Bæta má landfræðilegri merkingu, sem nýtur verndar samkvæmt þessari reglugerð, við söluheiti eða skipta þeim út fyrir hana.

5. Vernduðum upprunatáknunum eða vernduðum, landfræðilegum merkingum, sem leyfilegar eru fyrir vínafurðir, skal ekki bætt við söluheiti, með fyrirvara um 26. gr.

6. gr.

Upplýsingar til viðbótar við söluheitin

1. Heimilt er að bæta eftirfarandi upplýsingum varðandi sykurinnihald kryddblönduðu vínafurðarinnar við söluheitin sem um getur í 5. gr.:

a) „mjög þurrt": ef um er að ræða afurðir sem hafa minna sykurinnihald en 30 g á hvern lítra og, fyrir flokkinn kryddvín og þrátt fyrir g-lið 2. mgr. 3. gr., 15% lágmarks-heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál,

b) „þurrt": ef um er að ræða afurðir sem hafa minna sykurinnihald en 50 g á hvern lítra og, fyrir flokkinn kryddvín og þrátt fyrir g-lið 2. mgr. 3. gr., minnst 16% heildar-alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál,

c) „hálfþurrt“: ef um er að ræða afurðir sem hafa sykurinnihald á bilinu frá 50 og að 90 g á hvern lítra,

d) „hálfsætt“: ef um er að ræða afurðir sem hafa sykurinnihald á bilinu frá 90 og að 130 g á hvern lítra,

e) „sætt“: ef um er að ræða afurðir sem hafa sykurinnihald 130 g eða meira á hvern lítra.

Sykurinnihaldið sem gefið er upp í a- til e-lið í fyrstu undirgrein er gefið upp sem andsykur.

Með upplýsingunum „hálfsætt“ og „sætt“ má fylgja tilgreining á sykurinnihaldi sem gefið er upp sem grömm af andsykri á hvern lítra.

2. Ef söluheitinu fylgja eða það felur í sér upplýsingarnar „freyðandi“ skal magn freyðivíns ekki vera minna en 95%.

3. Vísanir til helstu bragðefna sem notuð eru geta einnig fylgt söluheitum.

7. gr.

Upplýsingar um uppruna

Ef uppruni kryddblönduðu vínafurðanna er gefinn upp skal hann samsvara þeim stað þar sem kryddblönduðu vínafurðirnar eru framleiddar. Upprunastaður skal gefinn upp með orðunum „framleitt í (...)“, eða með samsvarandi hugtökum, að viðbættu heiti viðkomandi aðildarríkis eða þriðja lands.

8. gr.

Tungumál sem nota má í kynningu og merkingu á kryddblönduðum vínafurðum

1. Söluheitin sem eru með skáletri í II. viðauka skulu ekki þýdd á merkimiðanum eða í kynningunni á kryddblönduðu vínafurðunum.

Viðbótarupplýsingar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skulu, þegar þær eru settar fram með orðum, birtar á a.m.k. einu opinberu tungumáli Sambandsins.

2. Heiti landfræðilegu merkingarinnar sem er vernduð samkvæmt þessari reglugerð skal koma fram á merkimiðanum á því tungumáli eða tungumálum sem það er skráð á, jafnvel þegar landfræðilega merkingin kemur í stað söluheitisins í samræmi við 4. mgr. 5. gr.

Ef heiti landfræðilegu merkingarinnar sem er vernduð samkvæmt þessari reglugerð er ekki skrifað með latnesku letri má heitið einnig koma fram á einu eða fleiri opinberum tungumálum Sambandsins.

9. gr.

Strangari reglur sem aðildarríkin ákveða

Þegar beitt er gæðastefnu fyrir kryddblandaðar vínafurðir með landfræðilegum merkingum, sem njóta verndar samkvæmt þessari reglugerð, sem eru framleiddar innan yfirráðasvæðis aðildarríkis, eða til að koma á fót nýjum landfræðilegum merkingum, er aðildarríkjum heimilt að mæla fyrir um reglur um framleiðslu og lýsingu sem eru strangari en þær sem um getur í 4. gr. og í I. og II. viðauka, svo fremi að þær samrýmist lögum Sambandsins.

III. KAFLI

LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR

10. gr.

Inntak umsókna um vernd

1. Umsóknir um vernd heita sem landfræðilegra merkinga skulu innihalda tækniskjal þar sem er að finna:

a) heitið sem á að njóta verndar,

b) heiti og heimilisfang umsækjanda,

c) forskrift fyrir afurð eins og um getur í 2. mgr. og

d) eitt skjal með samantekt á forskriftinni fyrir afurðina sem um getur í 2. mgr.

2. Til að teljast heyra undir landfræðilega merkingu sem nýtur verndar samkvæmt þessari reglugerð skal afurð uppfylla samsvarandi forskrift fyrir afurð sem skal a.m.k. innihalda:

a) heitið sem á að njóta verndar,

b) lýsingu á afurðinni, einkum helstu greiningareinkenni ásamt upplýsingum um skynmatseinkenni,

c) helstu framleiðsluferli og nákvæmar skilgreiningar, eftir atvikum, ásamt viðeigandi takmörkunum á framleiðslu afurðarinnar,

d) afmörkun á viðkomandi landsvæði,

e) upplýsingar sem sanna tengslin sem um getur í 3. lið 2. gr.,

f) gildandi kröfur, sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins eða landslögum eða, ef aðildarríkin mæla fyrir um það, af hálfu samtaka sem hafa umsjón með vernduðu, landfræðilegu merkingunni, að teknu tilliti til þeirrar staðreyndar að slíkar kröfur skulu vera hlutlægar og án mismununar og samrýmast lögum Sambandsins,

g) upplýsingar um hráefnið sem kryddblandaða vínafurðin er aðallega fengin úr,

h) heiti og heimilisfang þeirra yfirvalda eða stofnana sem sannprófa að farið sé að ákvæðum forskriftarinnar fyrir afurðina og sérstök verkefni þeirra.

11. gr.

Umsókn um vernd sem tengist landsvæði í þriðja landi

1. Ef umsókn um vernd varðar landsvæði í þriðja landi skal henni fylgja, auk þeirra þátta sem kveðið er á um í 10. gr., sönnun þess að heitið sem um ræðir njóti verndar í upprunalandi sínu.

2. Umsóknin um vernd skal send til framkvæmdastjórnarinnar, annað hvort beint frá umsækjanda eða fyrir milligöngu yfirvalda í hlutaðeigandi þriðja landi.

3. Umsóknin um vernd skal lögð fram á einu af opinberum tungumálum Sambandsins eða henni skal fylgja vottuð þýðing á einu af þeim tungumálum.

12. gr.

Umsækjendur

1. Hagsmunahópur framleiðenda eða, í undantekningartilvikum, stakur framleiðandi, má leggja fram umsókn um vernd landfræðilegrar merkingar. Aðrir hagsmunaaðilar mega taka þátt í umsókninni um vernd.

2. Framleiðendur mega einungis leggja fram umsókn um vernd fyrir kryddblandaðar vínafurðir sem þeir framleiða sjálfir.

3. Leggja má fram sameiginlega umsókn um vernd ef um er að ræða heiti sem er tákn fyrir landsvæði sem nær yfir landamæri.

13. gr.

Undanfarandi landsbundin málsmeðferð

1. Umsóknir um vernd landfræðilegrar merkingar á kryddblönduðum vínafurðum, sem eru upprunnar í Sambandinu, skulu lagðar fram með fyrirvara um undanfarandi landsbundna málsmeðferð í samræmi við 2. til 7. mgr. þessarar greinar.

2. Umsókn um vernd skal lögð fyrir aðildarríkið þar sem yfirráðasvæðið liggur sem landfræðilega merkingin er upprunnin í.

3. Aðildarríkið skal taka umsóknina um vernd til meðferðar til að sannreyna hvort hún uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í þessum kafla.

Aðildarríkið skal, með landsbundinni málsmeðferð, tryggja fullnægjandi birtingu á umsókninni um vernd og skal veita a.m.k. tveggja mánaða frest frá útgáfudegi til að einstaklingar eða lögaðilar, sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta og eru búsettir á eða hafa staðfestu á yfirráðasvæði þess, geti andmælt fyrirhugaðri vernd með því að leggja fram yfirlýsingu, sem er rökstudd á viðeigandi hátt, í aðildarríkinu.

4. Ef aðildarríkið telur að landfræðilega merkingin uppfylli ekki viðeigandi kröfur eða samrýmist almennt ekki lögum Sambandsins skal það hafna umsókninni.

5. Ef aðildarríki telur að viðeigandi kröfur séu uppfylltar skal það:

a) birta eina skjalið og forskriftina fyrir afurðina, a.m.k. á Netinu og

b) senda framkvæmdastjórninni umsókn um vernd sem inniheldur eftirfarandi upplýsingar:

   i. heiti og heimilisfang umsækjanda,

   ii. forskriftina fyrir afurð, sem um getur í 2. mgr. 10. gr.,

   iii. eina skjalið sem um getur í d-lið 1. mgr. 10. gr.,

   iv. yfirlýsingu frá aðildarríkinu um að það telji að umsóknin sem umsækjandinn lagði inn uppfylli skilyrðin sem krafist er og

   v. tilvísun í birtingu eins og um getur í a-lið.

Upplýsingarnar sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar skal senda á einu af opinberum tungumálum Sambandsins eða þeim skal fylgja vottuð þýðing á einu af þeim tungumálum.

6. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 28. mars 2015, samþykkja nauðsynleg lög eða stjórnsýslufyrirmæli til að fara að ákvæðum þessarar greinar.

7. Ef engin landslöggjöf um vernd landfræðilegra merkinga er til staðar í aðildarríkinu má aðildarríkið, einungis á umbreytingargrundvelli, veita heitinu vernd, í samræmi við skilyrðin í þessum kafla, á landsvísu. Slík vernd skal taka gildi á þeim degi þegar umsóknin er lögð fyrir framkvæmdastjórnina og fellur niður á þeim degi þegar ákvörðun um skráningu eða synjun er tekin samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

14. gr.

Athugun framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal birta opinberlega framlagningardagsetningu umsóknarinnar um vernd.

2. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka hvort umsóknir um vernd, sem um getur í 5. mgr. 13. gr., uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

3. Telji framkvæmdastjórnin að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, séu uppfyllt skal hún, með framkvæmdargerðum sem eru samþykktar án þess að beitt sé málsmeðferðinni sem um getur í 34. gr. (2. mgr.), birta eina skjalið, sem um getur í 10. gr. (d-lið 1. mgr.), og tilvísunina í birtingu forskriftarinnar fyrir afurðina, sem um getur í 13. gr. (a-lið 5. mgr.), í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. Telji framkvæmdastjórnin að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, séu ekki uppfyllt, skal hún, með framkvæmdargerðum, ákveða að hafna umsókninni. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 34. gr.

15. gr.

Andmælameðferð

Innan tveggja mánaða frá birtingardeginum, sem kveðið er á um í 3. mgr. 14. gr., má aðildarríki eða þriðja land eða einstaklingur eða lögaðili, sem á lögmætra hagsmuna að gæta og er búsettur í eða hefur staðfestu í öðru aðildarríki en því sem sækir um vernd, eða í þriðja landi, andmæla fyrirhugaðri vernd með því að leggja fyrir framkvæmdastjórnina yfirlýsingu, sem er rökstudd á viðeigandi hátt, sem varðar hæfisskilyrðin eins og mælt er fyrir um í þessum kafla.

Ef um er að ræða einstakling eða lögaðila sem er búsettur í eða hefur staðfestu í þriðja landi skal slík yfirlýsing lögð fram, annað hvort beint eða fyrir milligöngu yfirvalda í hlutaðeigandi þriðja landi, innan tveggja mánaða frestsins sem um getur í fyrstu málsgrein.

16. gr.

Ákvörðun um vernd

Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórnin hefur aðgang að við lok andmælameðferðarinnar, sem um getur í 15. gr., skal hún, með framkvæmdargerðum, annað hvort veita vernd fyrir landfræðilegu merkinguna, sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessum kafla og samrýmist lögum Sambandsins, eða hafna umsókninni séu þessi skilyrði ekki uppfyllt. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 34. gr.

17. gr.

Einsheiti

1. Heiti, sem er að öllu leyti eða hluta til einsheiti við heiti sem þegar er skráð samkvæmt þessari reglugerð, sem umsókn um vernd er lögð fram fyrir, skal skráð að teknu tilhlýðilegu tilliti til staðbundinnar og hefðbundinnar notkunar og hættu á ruglingi.

2. Einsheiti, sem kemur neytendum til að halda að afurðirnar komi frá öðru yfirráðasvæði, skal ekki skráð jafnvel þó að heitið sé nákvæmt að því er varðar hið raunverulega yfirráðasvæði, landsvæði eða upprunasvæði viðkomandi afurða.

3. Notkun á skráðu einsheiti skal háð því að nægjanlegur munur sé í raun milli einsheitisins, sem skráð er síðar, og heitisins sem var fyrir í skránni, með hliðsjón af þeirri nauðsyn að meðhöndla viðkomandi framleiðendur á sanngjarnan hátt og til að blekkja ekki neytendur.

18. gr.

Ástæður fyrir synjun um vernd

1. Heiti, sem eru orðin almenn, skulu ekki njóta verndar sem landfræðilegar merkingar.

Í þessum kafla merkir „heiti sem er orðið almennt“ að heiti kryddblandaðrar vínafurðar hefur orðið að almennu heiti á kryddblandaðri vínafurð innan Sambandsins þó að það tengist stað eða landsvæði þar sem þessi afurð var upphaflega framleidd eða sett á markað.

Til að ganga úr skugga um hvort heiti sé orðið almennt skal taka tillit til allra þátta sem skipta máli, einkum:

a) aðstæðna, sem eru fyrir hendi í Sambandinu, einkum á neyslusvæðum,

b) viðeigandi laga Sambandsins eða landslaga.

2. Heiti skal ekki njóta verndar sem landfræðileg merking ef, í ljósi orðspors og orðstírs vörumerkis, vernd er líkleg til að villa um fyrir neytendum að því er varðar raunverulegan uppruna kryddblönduðu vínafurðarinnar.

19. gr.

Tengsl við vörumerki

1. Ef landfræðileg merking nýtur verndar samkvæmt þessari reglugerð skal synja um skráningu vörumerkis, ef notkun þess fellur undir 2. mgr. 20. gr. og tengist kryddblönduðum vínafurðum, ef umsóknin um skráningu vörumerkisins er lögð fram eftir dagsetningu framlagningar umsóknarinnar um vernd landfræðilegu merkingarinnar til framkvæmdastjórnarinnar og landfræðilegu merkingunni hefur í kjölfarið verið veitt vernd.

Ef skráning vörumerkja brýtur gegn ákvæði fyrstu undirgreinar skal ógilda skráninguna.

2. Með fyrirvara um 2. mgr. 17. gr. má halda áfram, þrátt fyrir vernd landfræðilegrar merkingar og ef kveðið er á um þann möguleika í viðkomandi löggjöf, að nota og endurnýja vörumerki með notkun sem fellur undir 2. mgr. 20. gr., hafi verið sótt um skráningu þess, það verið skráð eða öðlast þegnrétt vegna notkunar innan yfirráðasvæðis Sambandsins fyrir þá dagsetningu þegar umsókn um vernd landfræðilegu merkingarinnar var lögð fyrir framkvæmdastjórnina, að því tilskildu að ekki séu fyrir hendi forsendur fyrir ógildingu eða afturköllun vörumerkisins eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/95/EB ([13]) eða reglugerð ráðsins (EB) nr. 207/2009 ([14]).

Í slíkum tilvikum skal heimilt að nota landfræðilegu merkinguna samhliða viðkomandi vörumerki.

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/95/EB frá 22. október 2008 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki (Stjtíð. ESB L 299, 8.11.2008, bls. 25).

([14]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 207/2009 frá 26. febrúar 2009 um vörumerki Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 78, 24.3.2009, bls. 1).

20. gr.

Vernd

1. Allir rekstraraðilar mega nota landfræðilegar merkingar sem njóta verndar samkvæmt þessari reglugerð þegar þeir setja á markað kryddblandaðar vínafurðir sem framleiddar hafa verið í samræmi við samsvarandi forskrift fyrir afurðina.

2. Landfræðilegar merkingar sem njóta verndar samkvæmt þessari reglugerð og kryddblönduðu vínafurðirnar, sem þessi vernduðu heiti eru notuð á í samræmi við forskriftina fyrir afurðina, skulu njóta verndar gegn:

a) allri beinni eða óbeinni notkun á vernduðu heiti í viðskiptalegum tilgangi:

   i. á sambærilegum afurðum sem samræmast ekki forskriftinni fyrir verndaða heitið eða

   ii. að því marki sem slík notkun felst í því að hagnast sé á orðspori landfræðilegrar merkingar,

b) allri misnotkun, eftirlíkingu eða sköpun hugrenningatengsla, jafnvel þó að hinn rétti uppruni afurðarinnar eða þjónustunnar sé tilgreindur eða verndaða heitið er þýtt, umritað á annað tungumál eða annað stafróf eða því fylgir orðalag s.s. „áþekkur“, „tegund“, „aðferð“, „eins og það er framleitt í“, „eftirlíking“, „bragð“, „gerð“ eða svipað orðalag,

c) allri annarri rangri eða blekkjandi vísun til tilkomu, uppruna, eðlis eða grundvallareiginleika afurðarinnar, á innri eða ytri umbúðum, auglýsingaefni eða skjölum sem tengjast viðkomandi vínafurð, og pökkun afurðarinnar í ílát sem líklegt er að muni skapa ranghugmynd um uppruna hennar,

d) öllu öðru sem líklegt er að geti villt um fyrir neytendum að því er varðar réttan uppruna vörunnar.

3. Landfræðilegar merkingar sem njóta verndar samkvæmt þessari reglugerð skulu ekki verða almennar innan Sambandsins í skilningi 1. mgr. 18. gr.

4. Aðildarríki skulu gera viðeigandi stjórnsýslulegar og réttarfarslegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða stöðva ólöglega notkun á landfræðilegum merkingum sem njóta verndar samkvæmt þessari reglugerð eins og um getur í 2. mgr.

21. gr.

Skrá

Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum sem eru samþykktar án þess að beitt sé málsmeðferðarreglunum sem um getur í 2. mgr. 34. gr., koma á fót og viðhalda rafrænni skrá yfir landfræðilegar mælingar, sem njóta verndar samkvæmt þessari reglugerð fyrir kryddblandaðar vínafurðir, sem skal vera aðgengileg almenningi.

Færa má inn í skrána, sem um getur í fyrstu málsgrein, landfræðilegar merkingar sem varða afurðir frá þriðju löndum sem njóta verndar í Sambandinu samkvæmt alþjóðasamningi sem Sambandið er aðili að, sem landfræðilegar merkingar sem njóta verndar samkvæmt þessari reglugerð.

22. gr.

Tilnefning lögbærs yfirvalds

1. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin sem bera ábyrgð á eftirliti að því er varðar skyldurnar sem komið er á með þessum kafla í samræmi við viðmiðin sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ([15]).

2. Aðildarríkin skulu tryggja að allir rekstraraðilar sem fara að ákvæðum þessa kafla eigi rétt á að falla undir eftirlitskerfi.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um lögbært yfirvald eða yfirvöld sem um getur í 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal birta heiti þeirra og heimilisföng opinberlega og uppfæra reglulega.

23. gr.

Sannprófun á því að farið sé að forskriftum

1. Að því er varðar landfræðilegar merkingar sem njóta verndar samkvæmt þessari reglugerð og tengjast landsvæði innan Sambandsins skulu eftirfarandi aðilar tryggja árlega sannprófun á því að farið sé að forskriftinni fyrir afurðina, á meðan á framleiðslu stendur og meðan á formeðhöndlun kryddblönduðu vínafurðarinnar stendur eða að henni lokinni:

a) lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin sem um getur í 22. gr. eða

b) eftirlitsaðili eða -aðilar sem bera ábyrgð á sannprófuninni í skilningi 5. liðar annarrar málsgreinar 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004, sem starfa sem vottunaraðilar fyrir afurðir í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. þeirrar reglugerðar.

Rekstraraðilarnir sem gangast undir slíka sannprófun skulu bera kostnaðinn af henni.

2. Að því er varðar landfræðilegar merkingar sem njóta verndar samkvæmt þessari reglugerð og tengjast landsvæði í þriðja landi skulu eftirfarandi aðilar tryggja árlega sannprófun á því að farið sé að forskriftinni fyrir afurðina, á meðan á framleiðslu stendur og meðan á formeðhöndlun kryddblönduðu vínafurðarinnar stendur eða að henni lokinni:

a) eitt eða fleiri opinber yfirvöld sem þriðja landið tilnefnir eða

b) einn eða fleiri vottunaraðilar.

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1).

3. Aðilarnir sem um getur í b-lið 1. mgr. og b-lið 2. mgr. skulu virða og vera faggiltir í samræmi við Evrópustaðal EN ISO/IEC 17065:2012 (Samræmismat – Kröfur til aðila sem votta vörur, ferli og þjónustu).

4. Ef yfirvaldið eða yfirvöldin, sem um getur í a-lið 1. mgr. og a-lið 2. mgr., staðfesta að forskriftin fyrir afurðina sé virt skulu þau bjóða upp á viðunandi tryggingar um hlutlægni og óhlutdrægni og hafa sér til aðstoðar það sérmenntaða starfsfólk og þau hjálpargögn sem þau þurfa til að sinna verkefnum sínum.

24. gr.

Breytingar á forskriftum fyrir afurðir

1. Umsækjandi sem uppfyllir skilyrðin í 12. gr. getur sótt um samþykki fyrir breytingu á forskrift landfræðilegrar merkingar, sem nýtur verndar samkvæmt þessari reglugerð, einkum til að taka tillit til þróunar vísinda- og tækniþekkingar eða til að endurskilgreina landsvæðið sem um getur í d-lið 2. mgr. 10. gr. Í umsóknum skal lýsa þeim breytingum sem óskað er eftir og rökstyðja þær.

2. Ef fyrirhuguð breyting felur í sér eina eða fleiri breytingar á eina skjalinu sem um getur í d-lið 1. mgr. 10. gr. gilda 13. til 16. gr. að breyttu breytanda um umsóknina um breytingar. Ef fyrirhuguð breyting er einungis minni háttar skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum, ákveða hvort samþykkja skuli umsóknina án þess að beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 14. gr. (2. mgr.) og 15. gr. og ef hún er samþykkt skal framkvæmdastjórnin birta þá þætti sem um getur í 14. gr. (3. mgr.). Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 34. gr.

25. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdastjórnin getur, að eigin frumkvæði eða samkvæmt tilhlýðilega rökstuddri beiðni aðildarríkis, þriðja lands, eða einstaklings eða lögaðila sem á lögmætra hagsmuna að gæta, ákveðið með framkvæmdargerðum að fella niður vernd landfræðilegrar merkingar ef ekki er lengur tryggt að farið sé að samsvarandi forskrift. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 34. gr.

Ákvæði 13. til 16. gr. gilda að breyttu breytanda.

26. gr.

Fyrirliggjandi landfræðilegar sérmerkingar

1. Landfræðilegar sérmerkingar fyrir kryddblandaðar vínafurðir sem skráðar eru í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1601/91 og allar landfræðilegar sérmerkingar sem lagðar eru fyrir aðildarríki og samþykktar af því aðildarríki fyrir 27. mars 2014 skulu sjálfkrafa njóta verndar sem landfræðilegar merkingar samkvæmt þessari reglugerð. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum sem eru samþykktar án þess að beitt sé málsmeðferðarreglunum sem um getur í 2. mgr. 34. gr. þessarar reglugerðar, skrá þær í skrána sem kveðið er á um í 21. gr. þessarar reglugerðar.

2. Aðildarríkin skulu, að því er varðar fyrirliggjandi landfræðilegar sérmerkingar sem þegar njóta verndar, sem um getur í 1. mgr., senda framkvæmdastjórninni:

a) tækniskjölin sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr.,

b) landsbundnu ákvarðanirnar um samþykki.

3. Ef upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., um fyrirliggjandi landfræðilegar sérmerkingar, sem um getur í 1. mgr., eru ekki lagðar fram fyrir 28. mars 2017 skulu þær glata þeirri vernd sem þær njóta samkvæmt þessari reglugerð. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum sem eru samþykktar án þess að beitt sé málsmeðferðarreglunum sem um getur í 2. mgr. 34. gr., beita samsvarandi formlegri ráðstöfun og fjarlægja slík heiti úr skránni sem kveðið er á um í 21. gr.

4. Ákvæði 25. gr. skulu ekki gilda að því er varðar fyrirliggjandi landfræðilegar sérmerkingar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og þegar njóta verndar.

Framkvæmdastjórnin getur, til 28. mars 2018, með framkvæmdargerðum og að eigin frumkvæði, ákveðið að fella niður vernd fyrirliggjandi landfræðilegra merkinga sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar ef þær fara ekki að ákvæðum 3. liðar 2. gr. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 34. gr.

27. gr.

Gjöld

Aðildarríkin geta innheimt gjald til að standa straum af kostnaði sínum, þ.m.t. kostnaði sem til fellur vegna meðferðar á umsóknum um vernd, andmælayfirlýsingum, umsóknum um breytingar og beiðnum um niðurfellingar samkvæmt þessum kafla.

28. gr.

Framselt vald

1. Til að taka tillit til séreinkenna framleiðslu á afmarkaða landsvæðinu skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 33. gr. að því er varðar:

a) viðmiðanir sem varða afmörkun landsvæðisins og

b) reglur, takmarkanir og undanþágur í tengslum við framleiðsluna innan afmarkaða landsvæðisins.

2. Til að tryggja gæði afurða og rekjanleika þeirra skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 33. gr. til að setja skilyrðin fyrir því að forskriftir fyrir afurðir geti innihaldið viðbótarkröfur auk þeirra sem um getur í f-lið 2. mgr. 10. gr.

3. Til að tryggja rétt eða lögmæta hagsmuni framleiðenda eða rekstraraðila skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 33. gr. til að:

a) ákvarða í hvaða tilvikum stakur framleiðandi getur sótt um vernd fyrir landfræðilega merkingu,

b) ákvarða takmarkanirnar sem gilda um það hvers konar umsækjendur geta sótt um vernd fyrir landfræðilega merkingu,

c) setja skilyrði sem skal fylgja að því er varðar umsókn um vernd fyrir landfræðilegar merkingar, grannskoðun framkvæmdastjórnarinnar, andmælameðferð, og málsmeðferðarreglur um breytingar og niðurfellingar landfræðilegra merkinga,

d) setja skilyrði sem gilda um umsóknir sem ná yfir landamæri,

e) ákveða framlagningardagsetningu umsóknar eða beiðni,

f) ákveða dagsetningu fyrir gildistöku verndar,

g) setja skilyrðin um hvenær breyting telst minni háttar eins og um getur í 2. mgr. 24. gr.,

h) ákveða dagsetninguna fyrir gildistöku breytingar,

i) setja skilyrði að því er varðar umsóknir um og samþykki fyrir breytingum á forskriftinni fyrir landfræðilega merkingu sem nýtur verndar samkvæmt þessari reglugerð ef slíkar breytingar fela ekki í sér breytingar á skjalinu eina sem um getur í d-lið 1. mgr. 10. gr.

4. Til að tryggja fullnægjandi vernd skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 33. gr., um takmarkanir í tengslum við verndaða heitið.

29. gr.

Framkvæmdarvald

1. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, samþykkt allar nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við þennan kafla að því er varðar:

a) þær upplýsingar sem skulu koma fram í forskriftum fyrir afurðir með tilliti til tengslanna, sem um getur í 3. lið 2. gr., milli landsvæðis og endanlegrar afurðar,

b) ákvarðanatöku um vernd eða höfnun, sem um getur í 16. gr., sem er aðgengileg almenningi,

c) framlagningu umsókna sem ná yfir landamæri,

d) eftirlit og sannprófanir sem aðildarríkin skulu framkvæma, þ.m.t. prófanir.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 34. gr.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, með framkvæmdargerðum, að samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við þennan kafla að því er varðar málsmeðferðina, þ.m.t. lögmæti, vegna rannsóknar umsókna um vernd eða um samþykki fyrir breytingu á landfræðilegri merkingu, og einnig málsmeðferðina, þ.m.t. lögmæti, vegna beiðna um andmæli, niðurfellingar eða umbreytingar og um framlagningu á upplýsingum sem varða fyrirliggjandi verndaðar, landfræðilegar sérmerkingar, einkum að því er tekur til:

a) fyrirmynda að skjölum og afhendingarsnið,

b) fresta,

c) hvað skal koma fram í þeim staðreyndum, sönnunum og fylgiskjölum sem leggja skal fram til stuðnings umsókn eða beiðni.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 34. gr.

30. gr.

Ótæk umsókn eða beiðni

Þegar umsókn eða beiðni, sem lögð er fram samkvæmt þessum kafla, telst ótæk skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum sem eru samþykktar án þess að beitt sé málsmeðferðarreglunum sem um getur í 2. mgr. 34. gr., ákveða að hafna henni vegna ótækis.

IV. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI OG UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

31. gr.

Eftirlit með og sannprófun á kryddblönduðum vínafurðum

1. Aðildarríkin skulu bera ábyrgð á eftirliti með kryddblönduðum vínafurðum. Þau skulu beita þeim ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar og einkum skulu þau tilnefna lögbært yfirvald eða yfirvöld sem skulu bera ábyrgð á eftirliti að því er varðar þær skuldbindingar sem komið er á með þessari reglugerð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 882/2004.

2. Framkvæmdastjórnin skal, ef þörf krefur, samþykkja, með framkvæmdargerðum, reglur varðandi stjórnsýslueftirlit og eftirlit með ástandi sem aðildarríki skal hafa með höndum til að sannreyna að skyldur, sem leiðir af beitingu þessarar reglugerðar, hafi verið uppfylltar.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 34. gr.

32. gr.

Upplýsingaskipti

1. Aðildarríki og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um allar upplýsingar sem þarf til að beita þessari reglugerð og til að uppfylla alþjóðlegar skyldur varðandi kryddblönduðu vínafurðirnar. Hægt er, eftir því sem við á, að senda eða gera viðkomandi upplýsingar aðgengilegar lögbærum yfirvöldum í þriðju löndum og einnig er hægt að birta þær opinberlega.

2. Til að gera tilkynningarnar sem um getur í 1. mgr., skjótar, skilvirkar, nákvæmar og kostnaðarhagkvæmar skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 33. gr. til að mæla fyrir um:

a) eðli og gerð þeirra upplýsinga sem skal tilkynna um,

b) aðferðirnar við tilkynningar,

c) reglurnar í tengslum við aðgangsréttinn að upplýsingunum eða upplýsingakerfunum sem eru gerð aðgengileg,

d) skilyrði fyrir og aðferðir við birtingu upplýsinganna.

3. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, samþykkja:

a) reglur um að veita upplýsingarnar sem nauðsynlegar eru fyrir beitingu þessarar greinar,

b) fyrirkomulag stjórnunar upplýsinga sem skal tilkynna og reglur um innihald, snið, tímasetningu, tíðni og frest fyrir tilkynningarnar,

c) fyrirkomulag á því að senda upplýsingar og skjöl eða gera þau aðgengileg aðildarríkjunum, lögbærum yfirvöldum í þriðju löndum eða almenningi.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 34. gr.

33. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til þess að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 4. gr. (2. mgr.), 28. gr., 32. gr. (2. mgr.) og 36. gr. (1. mgr.) í fimm ár frá 27. mars 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal þess valds sem um getur í 4. gr. (2. mgr.), 28. gr., 32. gr. (2. mgr.) og 36. gr. (1. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Hún öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmæti framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 4. gr. (2. mgr.), 28. gr., 32. gr. (2. mgr.) og 36. gr. (1. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

34. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um kryddblandaðar vínafurðir. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Ef um er að ræða framkvæmdargerðir sem um getur í 4. gr. (fyrstu undirgrein 3. mgr.) og 29. gr. (b-lið 1. mgr.) og nefndin hefur ekki skilað áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og 5. gr. (þriðja undirgrein 4. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

35. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EBE) nr. 1601/91 er hér með felld úr gildi frá og með 28. mars 2015.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka við þessa reglugerð.

36. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Til að auðvelda umbreytinguna frá reglunum sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 1601/91 yfir í reglurnar sem komið er á fót með þessari reglugerð skal veita framkvæmdastjórnin vald til að samþykkja, þegar við á, framseldar gerðir í samræmi við 33. gr., að því er varðar samþykki ráðstafana til að breyta eða veita undanþágu frá þessari reglugerð, sem skulu halda gildi sínu til 28. mars 2018.

2. Halda má áfram að setja á markað kryddblandaðar vínafurðir sem ekki uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð en hafa verið framleiddar í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1601/91 fyrir 27. mars 2014, þangað til birgðir eru uppurnar.

3. Setja má á markað kryddblandaðar vínafurðir, sem fylgja ákvæðum 1. til 6. gr. og 9. gr. þessarar reglugerðar og hafa verið framleiddar fyrir 27. mars 2014, þangað til birgðir eru uppurnar, að því tilskildu að slíkar afurðir fylgi ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 1601/91 að því er varðar alla þætti sem ekki eru settar reglur um í ákvæðum 1. til 6. gr. og 9. gr. þessarar reglugerðar.

37. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 28. mars 2015. Þó skulu ákvæði 1. og 3. mgr. 36. gr. gilda frá 27. mars 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 26. febrúar 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. KOURKOULAS

forseti.

I. VIÐAUKI

TÆKNILEGAR SKILGREININGAR, KRÖFUR OG TAKMARKANIR

1) Bragðbæting

a) Eftirfarandi afurðir eru leyfðar sem bragðefni í kryddvíni:

i. náttúruleg bragðgefandi efni og/eða bragðefnablöndur, eins og skilgreint er í c-og d-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008,

ii. bragðefni, eins og þau eru skilgreind í a-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, sem:

— eru nákvæmlega eins og vanillín,

— lykta og/eða bragðast eins og möndlur,

— lykta og/eða bragðast eins og apríkósur,

— lykta og/eða bragðast eins og egg, og

iii. ilmandi kryddjurtir og/eða krydd og/eða bragðgefandi matvæli.

b) Eftirfarandi afurðir eru leyfðar sem bragðefni í drykkjum, að stofni til úr kryddvíni og hanastélum, blönduðum með kryddvíni:

i. bragðgefandi efni og/eða bragðefnablöndur, eins og skilgreint er í b- og d-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, og

ii. ilmandi kryddjurtir og/eða krydd og/eða bragðgefandi matvæli.

Þegar slíkum efnum er bætt við þá veitir það lokaafurðinni önnur skynmatseinkenni en þau sem einkenna vín.

2) Sætun

Eftirfarandi afurðir eru leyfðar sem sætuefni í kryddblönduðum vínafurðum:

a) hálfunninn sykur, hvítur sykur, fínhreinsaður sykur, dextrósi, frúktósi, glúkósasíróp, sykurlausn, andsykurslausn og andsykurssíróp eins og skilgreint er í tilskipun ráðsins 2001/111/EB ([16]),

b) þrúgumust, þrúgumustsþykkni og hreinsað þrúgumustsþykkni eins og skilgreint er í 10., 13. og 14. lið II. hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013,

c) brenndur sykur, sem er afurð sem er eingöngu fengin með stýrðri hitun á súkrósa án basa, ólífrænna sýra eða annarra íðefna sem eru notuð sem íblöndunarefni,

d) hunang eins og það er skilgreint í tilskipun ráðsins 2001/110/EB ([17]),

e) karóbsíróp,

f) aðrar náttúrulegar sykrur sem hafa svipuð áhrif og þessar vörur.

3) Íblöndun alkóhóls

Eftirfarandi afurðir eru leyfðar til framleiðslu á sumu kryddvíni og sumum drykkjum, að stofni til úr kryddvíni:

a) etanól úr landbúnaði, eins og skilgreint er í 1. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008, þ.m.t. úr vínrækt,

b) alkóhól úr víni eða alkóhól úr þurrkuðum þrúgum,

c) víneimi eða eimi úr þurrkuðum þrúgum,

d) eimi úr landbúnaði, eins og skilgreint er í 2. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008,

([16]) Tilskipun ráðsins 2001/111/EB frá 20. desember 2001 varðandi tilteknar sykrur til manneldis (Stjtíð. EB L 10, 12.1.2002, bls. 53).
([17]) Tilskipun ráðsins 2001/110/EB frá 20. desember 2001 varðandi hunang (Stjtíð. EB L 10, 12.1.2002, bls. 47).

e) brennt vín, eins og skilgreint er í 4. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008,

f) þrúguhratsbrennivín, eins og skilgreint er í 6. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008,

g) brenndir drykkir eimaðir úr gerjuðum þurrkuðum þrúgum.

Etanólið sem notað er til að þynna eða leysa upp litgjafa, bragðefni eða önnur leyfð aukefni sem notuð eru við framleiðslu kryddblandaðra vínafurða skal vera úr landbúnaði og það skal eingöngu nota í þeim skömmtum sem nauðsynlegt er og telst ekki íblöndun alkóhóls til framleiðslu á kryddblönduðum vínafurðum.

4) Aukefni og litarefni

Reglurnar um aukefni í matvælum, þ.m.t. litarefni, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1333/2008 gilda um kryddblandaðar vínafurðir.

5) Íblöndun vatns

Íblöndun vatns við framleiðslu kryddblandaðra vínafurða er heimil að því tilskildu að það sé notað í þeim skömmtum sem nauðsynlegt er:

— til að tilreiða bragðefnakjarna,

— til að leysa upp litgjafa og sætuefni,

— til að stilla endanlega samsetningu afurðarinnar.

Gæði vatnsins sem við er bætt verður að vera í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/54/EB ([18]) og tilskipun ráðsins 98/83/EB ([19]) og það á ekki að breyta eðli afurðarinnar.

Vatnið má vera eimað, steinefnasneytt, afjónað eða mýkt.

6) Heimilt er að bæta við koltvísýringi í framleiðslu á kryddblönduðum vínafurðum.

7) Alkóhólstyrkleiki

„Alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál“ er hlutfall rúmmáls hreins alkóhóls í viðkomandi vöru við 20 °C miðað við heildarrúmmál vörunnar við sama hitastig.

„Raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál“ er fjöldi rúmmálseininga af hreinu alkóhóli við 20 °C í 100 rúmmálseiningum af afurðinni við sama hitastig.

„Mögulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál“ er fjöldi rúmmálseininga af hreinu alkóhóli við 20 °C, sem unnt er að framleiða með heildargerjun sykranna sem eru í 100 rúmmálseiningum af afurðinni við sama hitastig.

„Heildaralkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál“ er samanlagður raunverulegur og mögulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál.

———————

([18]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/54/EB frá 18. júní 2009 um hagnýtingu og setningu ölkelduvatns á markað (endurútgefin) (Stjtíð. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 45).

([19]) Tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns (Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32).

II. VIÐAUKI

SÖLUHEITI OG LÝSINGAR Á KRYDDBLÖNDUÐUM VÍNAFURÐUM

A. SÖLUHEITI OG LÝSINGAR Á KRYDDVÍNI

1) Kryddvín

Afurðir sem falla undir skilgreininguna sem sett er fram í 2. mgr. 3. gr.

2) Lystaukandi drykkir, að stofni til úr víni

Kryddvín sem vínanda kann að hafa verið bætt í.

Notkun á hugtakinu „lystaukandi“ í þessu samhengi er með fyrirvara um notkun þess við skilgreiningu afurða sem heyra ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar.

3) Vermút

Kryddvín:

— sem vínanda hefur verið bætt við, og

— þar sem sérkennandi bragð hefur fengist með notkun viðeigandi efna úr *Artemisia*-tegundum.

4) Beiskt kryddvín

Kryddvín með sérkennandi beiskt bragð, sem vínanda hefur verið bætt við.

Á eftir söluheitinu „beiskt kryddvín“ skal koma heiti efnisins sem gefur mest af beiska bragðinu.

Heimilt er að bæta við söluheitið „beiskt kryddvín“ eða skipta því út fyrir eftirfarandi hugtök:

— „vín úr kínaberki“, í því er aðalbragðefnið náttúrulegt kínínbragð,

— *„Bitter vino“* , í drykknum er aðalbragðefnið náttúrulegt bragð af maríuvendi og hefur hann verið litaður með leyfilegum gulum og/eða rauðum litarefnum, notkun á orðinu „bitter“ í þessu samhengi er með fyrirvara um notkun þess til við skilgreiningu afurða sem heyra ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar,

— *„Americano“*, í drykknum er bragðið tilkomið vegna náttúrulegra bragðefna sem fengin eru úr malurt og maríuvendi og hefur verið litaður með leyfilegum gulum og/eða rauðum litarefnum.

5) Kryddvín blandað með eggjum

Kryddvín:

— sem vínanda hefur verið bætt við,

— sem fyrsta flokks eggjarauðu eða útdrætti úr henni hefur verið bætt við,

— sem inniheldur meira en 200 g af sykri, sett fram sem andsykur, og

— þar sem lágmarkseggjarauðumagn sem notað er í framleiðslunni er 10 g á hvern lítra.

Heimilt er að nota hugtakið „*cremovo*“ með söluheitinu „kryddvín blandað með eggjum“ ef slík afurð inniheldur vín með vernduðu upprunatáknuninni „Marsala“ í hlutfalli sem er ekki minna en 80% af víninu.

Heimilt er að nota hugtakið „*cremovo zabaione*“ með söluheitinu „kryddvín blandað með eggjum“ ef slík afurð inniheldur vín með vernduðu upprunatáknuninni „Marsala“ í hlutfalli sem er ekki minna en 80% af víninu og það inniheldur ekki minna en 60 g af eggjarauðu á hvern lítra.

6) *Väkevä viiniglögi/Starkvinsglögg*

Kryddvín:

— sem vínanda hefur verið bætt við, og

— þar sem sérkennandi bragð hefur fengist með notkun neguls og/eða kanils.

B. SÖLUHEITI OG LÝSINGAR Á DRYKK, AÐ STOFNI TIL ÚR KRYDDVÍNI

1) Drykkur, að stofni til úr kryddvíni

Afurðir sem falla undir skilgreininguna sem sett er fram í 3. mgr. 3. gr.

2) Drykkir, að stofni til úr kryddvíni, sem hafa verið styrktir

Drykkur, að stofni til úr kryddvíni

— sem vínanda hefur verið bætt við,

— sem hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 7% miðað við rúmmál,

— sem hefur verið sættur,

— sem er fenginn úr hvítvíni,

— sem eimi úr þurrkuðum þrúgum hefur verið bætt við og

— sem hefur eingöngu verið bragðbættur með útdrætti úr kardimommu,

eða

— sem vínanda hefur verið bætt við,

— sem hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 7% miðað við rúmmál,

— sem hefur verið sættur,

— sem er fenginn úr rauðvíni, og

— þar sem bragðefnablöndum, sem eru eingöngu fengnar úr kryddi, ginseng, hnetum, kjarna úr sítrusávöxtum og ilmandi kryddjurtum, hefur verið bætt við.

3) *Sangría/Sangria*

Drykkur, að stofni til úr kryddvíni

— sem er fenginn úr víni,

— sem er kryddblandaður með viðbót af náttúrulegum útdrætti eða kjarna úr sítrusávöxtum, með eða án safa slíkra ávaxta,

— sem kryddi kann að hafa verið bætt við,

— sem koltvísýringi kann að hafa verið bætt við,

— sem hefur ekki verið litaður,

— sem hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika, miðað við rúmmál, en 4,5% en þó minni en 12% og

— sem kann að innihalda agnir úr aldinkjöti sítrusávaxtarins eða berki hans og liturinn verður að koma einungis úr hráefnunum sem eru notuð.

Heitið „*Sangría*“ eða „*Sangria*“ má eingöngu nota sem söluheiti þegar varan er framleidd á Spáni eða í Portúgal. Þegar varan er framleidd í öðrum aðildarríkjum má eingöngu nota „*Sangría*“ eða „*Sangria*“ til viðbótar við söluheitið „drykkur, að stofni til úr kryddvíni“ að því tilskildu að því fylgi orðin: „framleitt í ...“, og þar á eftir komi heiti aðildarríkisins, sem er framleiðsluríki, eða smærra svæðis.

4) *Clarea*

Drykkur, að stofni til úr kryddvíni, sem er fenginn úr hvítvíni með sömu skilyrðum og fyrir *Sangría/Sangria*.

Heitið „*Clarea*“ má eingöngu nota sem söluheiti þegar varan er framleidd á Spáni. Þegar varan er framleidd í öðrum aðildarríkjum má eingöngu nota „*Clarea*“ til viðbótar við söluheitið „drykkur, að stofni til úr kryddvíni“ að því tilskildu að því fylgi orðin: „framleitt í ...“, og þar á eftir komi heiti aðildarríkisins, sem er framleiðsluríki, eða smærra svæðis.

5) *Zurra*

Drykkur, að stofni til úr kryddvíni, sem fæst með því að bæta *brandy* eða brenndu víni, eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 110/2008, við *Sangría/Sangria* og *Clarea*, hugsanlega einnig með ávaxtabitum. Raunverulegur alkóhólstyrkleiki skal ekki vera minni en 9% miðað við rúmmál og minni en 14% miðað við rúmmál.

6) *Bitter soda*

Drykkur, að stofni til úr kryddvíni

— sem er fenginn úr „*bitter vino*“ sem má ekki vera minni en 50% af rúmmáli fullunninnar vöru,

— sem koltvísýringi eða kolsýrðu vatni hefur verið bætt við og

— sem hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika, miðað við rúmmál, en 8% en þó minni en 10,5%.

Notkun á orðinu „bitter“ í þessu samhengi er með fyrirvara um notkun þess til við skilgreiningu afurða sem heyra ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar.

7) *Kalte Ente*

Drykkur, að stofni til úr kryddvíni

— sem er fenginn með því að blanda víni, hálffreyðandi víni eða loftblönduðu, hálffreyðandi víni við freyðivín eða loftblandað freyðivín,

— sem náttúrulegu sítrónuefni eða útdrætti úr því hefur verið bætt við og

— sem hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 7% miðað við rúmmál.

Fullunnin varan verður að innihalda ekki minna en 25%, miðað við rúmmál, af freyðivíninu eða loftblandaða freyðivíninu.

8) *Glühwein*

Drykkur, að stofni til úr kryddvíni

— sem er fenginn eingöngu úr rauðvíni eða hvítvíni,

— sem er bragðbættur einkum með kanil og/eða negul og

— sem hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 7% miðað við rúmmál.

Íblöndun vatns er bönnuð, með fyrirvara um vatnsmagnið sem fylgir beitingu 2. liðar I. viðauka.

Ef hann hefur verið framleiddur úr hvítvíni skal bæta orðum sem tilgreina hvítvín, s.s. orðið „hvítt“ við söluheitið „*Glühwein*“.

9) *Viiniglögi/Vinglögg/Karšštas vynas*

Drykkur, að stofni til úr kryddvíni

— sem er fenginn eingöngu úr rauðvíni eða hvítvíni,

— sem er bragðbættur einkum með kanil og/eða negul, og

— sem hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 7% miðað við rúmmál.

Ef hann hefur verið framleiddur úr hvítvíni skal bæta orðum sem tilgreina hvítvín, s.s. orðið „hvítt“ við söluheitið „*Viiniglögi/Vinglögg/Karšštas vynas*“.

10) *Maiwein*

Drykkur, að stofni til úr kryddvíni

— sem er fenginn úr víni sem þar sem jurtum *Galium odoratum* (L.) Scop. (*Asperula odorata* L.), eða útdrætti úr þeim hefur verið bætt við til að tryggja að bragð af *Galium odoratum* (L.) Scop. (*Asperula odorata* L.) verði ríkjandi og

— sem hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 7% miðað við rúmmál.

11) *Maitrank*

Drykkur, að stofni til úr kryddvíni

— sem er fenginn úr hvítvíni þar sem jurtir *Galium odoratum* (L.) Scop. (*Asperula odorata* L.) hafa verið bleyttar upp eða útdrætti úr þeim hefur verið bætt við ásamt appelsínum og/eða öðrum aldinum, hugsanlega sem safa, þykkni eða útdrætti, þar sem sætun með sykri er að hámarki 5%, og

— sem hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 7% miðað við rúmmál.

12) *Pelin*

Drykkur, að stofni til úr kryddvíni

— sem fenginn er úr rauðvíni eða hvítvíni og tiltekinni blöndu kryddjurta,

— sem hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 8,5% miðað við rúmmál og

— þar sem innihald sykurs, gefið upp sem andsykur, er 45–50 g á hvern lítra og heildarsýruinnihald er ekki minna en 3 g á lítra, gefið upp sem vínsýra.

13) *Aromatizovaný dezert*

Drykkur, að stofni til úr kryddvíni

— sem fenginn er úr hvítvíni eða rauðvíni, sykri og blöndu af eftirréttakryddi (e. *dessert spices*),

— sem hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika, miðað við rúmmál, en 9% en þó minni en 12% og

— þar sem innihald sykurs, gefið upp sem andsykur, er 90–130 g á hvern lítra og heildarsýruinnihald a.m.k. 2,5 g á lítra, gefið upp sem vínsýra.

Heitið „*Aromatizovaný dezert*“ má eingöngu nota sem söluheiti þegar varan er framleidd í Tékklandi. Þegar varan er framleidd í öðrum aðildarríkjum má eingöngu nota „*Aromatizovaný dezert*“ til viðbótar við söluheitið „drykkur, að stofni til úr kryddvíni“ að því tilskildu að því fylgi orðin „framleitt í ...“ og þar á eftir komi heiti aðildarríkisins, sem er framleiðsluríki, eða smærra svæðis.

C. SÖLUHEITI OG LÝSINGAR Á HANASTÉLUM, BLÖNDUÐUM MEÐ KRYDDVÍNI

1) Hanastél, blandað með kryddvíni

Afurð sem fellur undir skilgreininguna sem sett er fram í 4. mgr. 3. gr.

Notkun á hugtakinu „hanastél“ í þessu samhengi er með fyrirvara um notkun þess við skilgreiningu afurða sem heyra ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar.

2) Hanastél, að stofni til úr víni

Hanastél, blandað með kryddvíni

— þar sem hlutfall þrúgumustsþykknis fer ekki yfir 10% af heildarmagni fullunnu vörunnar,

— sem hefur minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 7% miðað við rúmmál og

— þar sem innihald sykurs, gefið upp sem andsykur, er minna en 80 g á hvern lítra.

3) Hálffreyðandi hanastél, blandað með kryddvíni, að stofni til úr þrúgum

Hanastél, blandað með kryddvíni

— sem er fengið eingöngu úr þrúgumusti,

— sem hefur minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 4% miðað við rúmmál og

— sem inniheldur koltvísýring sem fæst eingöngu með gerjun afurðanna sem eru notaðar.

4) Hanastél, að stofni til úr freyðivíni

Hanastél, blandað með kryddvíni, sem er blandað með freyðivíni.

III. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EBE) nr. 1601/91	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
1. til 4. mgr. 2. gr.	3. gr. og II. viðauki
5. mgr. 2. gr.	1. mgr. 6. gr.
6. mgr. 2. gr.	2. mgr. 6. gr.
7. mgr. 2. gr.	—
3. gr.	1. mgr. 4. gr. og I. viðauki
1. til 3. mgr. 4. gr.	1. mgr. 4. gr. og I. viðauki
4. mgr. 4. gr.	3. mgr. 4. gr.
5. gr.	2. mgr. 4. gr.
1. mgr. 6. gr.	1. og 2. mgr. 5. gr.
a-liður 2. mgr. 6. gr.	4. mgr. 5. gr.
b-liður 2. mgr. 6. gr.	1. mgr. 20. gr.
3. mgr. 6. gr.	5. mgr. 5. gr.
4. mgr. 6. gr.	9. gr.
1. og 3. mgr. 7. gr.	—
2. mgr. 7. gr.	3. mgr. 5. gr.
1. mgr. 8. gr.	—
2. mgr. 8. gr.	1. og 2. mgr. 5. gr.
3. mgr. 8. gr.	3. mgr. 6. gr.
—	7. gr.
Fyrsta og önnur málsgrein 4. mgr. 8. gr.	—
Þriðja málsgrein 4. mgr. 8. gr.	Annar liður 3. liðar I. viðauka
4. mgr. a í 8. gr.	—
5. til 8. mgr. 8. gr.	8. gr.
9. mgr. 8. gr.	—
1. til 3. mgr. 9. gr.	31. gr.
4. mgr. 9. gr.	32. gr.
10. gr.	11. gr.
10. gr. a	3. liður 2. gr. og 10. til 30. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1601/91	Þessi reglugerð
11. gr.	3. mgr. 1. gr.
12. til 15. gr.	33. og 34. gr.
—	35. gr.
16. gr.	36. gr.
17. gr.	37. gr.
I. viðauki	a-liður 3. liðar I. viðauka
II. viðauki	—

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 617/2013 **2016/EES/05/40**

frá 26. júní 2013

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun tölva og netþjóna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði við samráðsvettvanginn sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2009/125/EB skal framkvæmdastjórnin mæla fyrir um kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta, hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum til umbóta, að því er varðar umhverfisáhrif án þess að umbótunum fylgi óhóflegur kostnaður.

2) Í a-lið 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin verði, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 19. gr. og viðmiðanirnar sem settar eru fram í 15. gr. og að höfðu samráði við samráðsvettvanginn, eftir því sem við á, að innleiða framkvæmdarráðstöfun fyrir skrifstofubúnað.

3) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn þar sem tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á tölvum. Rannsóknin tók til hagsmunaaðila og hlutaðeigandi aðila frá Sambandinu og þriðju löndum og hafa niðurstöðurnar verið gerðar aðgengilegar öllum.

4) Undirbúningsrannsóknin sýndi að kostnaðarhagkvæmir möguleikar á umbótum í raforkunotkun tölva milli 2011 og 2020 voru áætlaðir um 93 TWh sem samsvarar losun 43 milljóna tonna af koltvísýringi og á bilinu 12,5 TWh til 16,5 TWh á árinu 2020 sem samsvarar losun 5,0-6,5 milljóna tonna af koltvísýringi. Tölvur eru því vöruflokkur sem ætti að setja kröfur varðandi visthönnun um.

5) Þar eð mikið af mögulegum orkusparnaði í léttum borðtölvubiðlurum, vinnustöðvum, litlum netþjónum og netþjónum er tengdur orkunýtni innri aflgjafa þeirra og þar sem tækniforskriftir fyrir innri aflgjafa þessara vara eru svipaðar og fyrir borðtölvur og sambyggðar borðtölvur ættu ákvæðin um orkunýtni innri aflgjafa í þessari reglugerð einnig að gilda um fyrrnefndan búnað. Aðra þætti varðandi vistvænleika léttra borðtölvubiðlara, vinnustöðva, færanlegra vinnustöðva, lítilla netþjóna og netþjóna er þó hægt að fjalla um í sértækari ráðstöfun til framkvæmdar tilskipun 2009/125/EB.

6) Skjáir hafa sérstaka eiginleika og skulu því undanþegnir gildissviði þessarar reglugerðar. Að teknu tilliti til verulegra umhverfisáhrifa þeirra og mikilla möguleika til umbóta er þó hægt að fjalla um þá í annarri ráðstöfun til framkvæmdar tilskipun 2009/125/EB og/eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum ([2]).

7) Kröfur varðandi visthönnun ættu ekki hafa nein umtalsverð neikvæð áhrif á virkni vörunnar eða á neytendur, einkum að því er varðar að varan sé á viðráðanlegu verði, vistferilskostnað og samkeppnishæfni iðnaðarins. Ennfremur ættu kröfurnar ekki að skylda framleiðendur til að nota tækni sem einkaleyfi er á eða leggja óhóflegt stjórnsýsluálag á þá, né heldur hafa neikvæð áhrif á heilbrigði, öryggi og umhverfi.

8) Bæta skal orkunýtni tölva með því að beita fyrirliggjandi, kostnaðarhagkvæmri tækni sem er ekki háð einkaleyfi og getur lækkað samanlagðan kostnað við að kaupa og nota þær.

9) Kröfur varðandi visthönnun skulu innleiddar í áföngum til að veita framleiðendum hæfilegan tímaramma til að endurhanna vörur sem falla undir þessa reglugerð. Tímasetningin skal miða að því að forðast neikvæð áhrif á framboð tölva og að tekið sé tillit til kostnaðaráhrifa á framleiðendur, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki, en jafnframt tryggja að markmið þessarar reglugerðar náist tímanlega.

10) Endurskoðun þessarar reglugerðar er fyrirhuguð eigi síðar en þremur og hálfu ári eftir að hún öðlast gildi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 307/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

([2]) Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1.

11) Orkunýtni tölva skal ákvörðuð með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og bestu tækni, þ.m.t. þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem komið er á í samræmi við gildandi evrópska stöðlunarlöggjöf ([3]).

12) Þar sem kröfur varðandi visthönnun með tilliti til raforkuþarfar raf- og rafeindabúnaðar til heimilis- og skrifstofunota í reiðuham eða þegar slökkt er á honum eiga ekki fyllilega við þegar kemur að eiginleikum tölva ættu kröfur reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 frá 17. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota með tilliti til aflþarfar þeirra í reiðuham eða þegar slökkt er á þeim ([4]) ekki gilda um tölvur. Af þessum sökum ætti að setja sértækar kröfur varðandi orkusparnað tölva, sem og fyrir dvala, þegar slökkt er á þeim og þegar þær eru stilltar á minnstu aflþörf í þessari reglugerð og reglugerð (EB) nr. 1275/2008 breytt til samræmis við það.

13) Þrátt fyrir að tölvur séu undanþegnar gildissviði reglugerðar (EB) nr. 1275/2008, ættu ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 278/2009 frá 6. apríl 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun ytri aflgjafa með tilliti til aflþarfar þeirra í lausagangi og meðalnýtni við álag ([5]) að gilda um ytri aflgjafa sem settir eru á markað með tölvum.

14) Í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB ætti í þessari reglugerð að tilgreina gildandi aðferðir við samræmismat.

15) Til að auðvelda eftirlit með að farið sé að kröfum ætti að fara þess á leit við framleiðendur að þeir veiti upplýsingarnar sem eru í tækniskjölunum, sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

16) Til að tryggja sanngjarna samkeppni, að mögulegur ætlaður orkusparnaður náist og veitingu nákvæmra upplýsinga um orkunýtingu vara til neytenda, ætti í þessari reglugerð að kveða skýrt á um að þau vikmörk sem mælt er fyrir um fyrir landsbundin markaðseftirlitsyfirvöld þegar þau framkvæma raunverulegar prófanir til að ákvarða hvort tiltekin tegund orkutengdrar vöru sé í samræmi við þessa reglugerð skuli ekki notuð af framleiðendum sem svigrúm til að gefa upp að orkunýting tegundarinnar sé betri en þær mælingar og útreikningar sem gefnir eru upp í tæknigögnum vörunnar geta sýnt fram á.

17) Tilgreina ætti viðmiðanir fyrir vörur með góða orkunýtni sem eru á markaði. Þetta mun hjálpa til við að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, sem auðveldar enn frekar samþættingu bestu hönnunartækni og þróun orkunýtnari vara til að draga úr orkunotkun.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja tölvur og netþjóna á markað.

2. Þessi reglugerð gildir um eftirfarandi vörur sem geta dregið afl sitt beint úr riðstraumi rafveitu, þ.m.t. í gegnum ytri eða innri aflgjafa:

a) borðtölvur,

b) sambyggðar borðtölvur,

c) fistölvur (þ.m.t. spjaldtölvur með áföstu lyklaborði, spjaldtölvur án áfasts lyklaborðs, töflutölvur og færanlega léttbiðlara),

d) létta borðtölvubiðlara,

e) vinnustöðvar,

f) færanlegar vinnustöðvar,

g) litla netþjóna,

h) netþjóna.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi vöruflokka:

a) sneiðkerfi og -íhluti,

b) netþjónsbúnað,

c) fjölhnúta netþjóna,

d) netþjóna með fleiri en fjórum örgjörvatenglum,

e) leikjatölvur,

f) tengikvíar.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37).

([4]) Stjtíð. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 45.

([5]) Stjtíð. ESB L 93, 7.4.2009, bls. 3.

2. gr.

Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar skulu gilda:

1) „Tölva“: tæki sem framkvæmir rökaðgerðir og vinnur gögn, getur notað ílagstæki og sent upplýsingar á skjá og hefur venjulega að geyma miðverk til að framkvæma aðgerðir. Ef ekkert miðverk er til staðar verður tækið að starfa sem biðlaragátt fyrir netþjón sem vinnur sem reiknivinnslueining,

2) „Netþjónn“: vara til tölvuvinnslu sem veitir þjónustu og stjórnar nettengdum tilföngum biðlaratækja, s.s. borðtölvum, fistölvum, léttum borðtölvubiðlurum, netsímum eða öðrum netþjónum. Netþjónn er venjulega settur á markað til notkunar í gagnaverum og í skrifstofu-/fyrirtækjaumhverfi. Aðgangur að netþjóni er aðallega fenginn í gegnum nettengingar og ekki með beinum ílagstækjum fyrir notendur eins og lyklaborði eða mús,

   Netþjónn hefur eftirfarandi eiginleika:

   a) hann er hannaður til að styðja stýrikerfi netþjóna og/eða yfirstýrikerfi og ætlaður til að keyra rekstrarforrit sem notendur setja upp,

   b) hann styður leiðréttingarkóða (e. *error-correcting code* (ECC)) og/eða biðvætt minni (þ.m.t. bæði biðvæddar minniskeðjur (e. *dual in-line memory modules (DIMM)) og samskipan með einbiðvæddri minniskeðju (e. buffered on board* (BOB)),

   c) hann er settur á markað með einum eða fleiri riðstraums-/jafnstraumsaflgjöfum,

   d) allir örgjörvar hafa aðgang að sameiginlegu kerfisminni og eru óháð hver öðrum sýnilegir einu stýrikerfi eða yfirstýrikerfi,

3) „Ytri aflgjafi“: búnaður sem hefur eftirfarandi eiginleika:

   a) er hannaður til að breyta innafli með riðstraumi (AC) frá rafkerfinu í jafnstraum (DC) eða riðstraum með lægri útgangsspennu,

   b) getur einungis umbreytt útgangsspennu fyrir einn jafnstraum eða riðstraum í einu,

   c) er ætlaður til notkunar með aðskildum búnaði sem veldur meginálaginu,

   d) er inni í umbúnaði sem er aðskilinn frá búnaðinum sem veldur meginálaginu,

   e) er tengdur við búnaðinn sem veldur meginálaginu með lausum eða fasttengdum karl-/kventengli, kapli, snúru eða annars konar leiðslu og

   f) hefur uppgefið útafl á nafnskilti sem fer ekki yfir 250 W,

4) „Innri aflgjafi“: íhlutur hannaður til að breyta riðstraumspennu frá rafkerfinu í jafnstraumsspennu í þeim tilgangi að knýja tölvuna eða netþjóninn og hefur eftirfarandi eiginleika:

   a) er innan í hlíf tölvunnar eða netþjónsins en er aðskilinn frá móðurborði tölvunnar eða netþjónsins,

   b) aflgjafinn tengist rafkerfinu með einum kapli þar sem engar rásir eru á milli aflgjafans og rafkerfisins og

   c) öll afltengi frá aflgjafanum í íhluti tölvunnar eða netþjónsins að undanskilinni jafnstraumstengingu í skjá í sambyggðri borðtölvu eru innan í tölvuhlífinni.

   Innri jafnstraumbreytar sem eru notaðir til að breyta einni jafnstraumsspennu úr ytri aflgjafa í fjölspennu til notkunar í tölvu eða netþjóni teljast ekki innri aflgjafar,

5) „Borðtölva“: tölva þar sem aðaleiningin er ætluð til staðsetningar á einum stað og er ekki hönnuð til að vera færanleg og sem er hönnuð til notkunar með ytri skjá og ytri jaðarbúnaði, s.s. lyklaborði og mús.

   Eftirfarandi flokkar borðtölva eru skilgreindir að því er varðar þessa reglugerð:

   a) Borðtölva í „flokki A“: borðtölva sem ekki fellur að skilgreiningunni á borðtölvu í flokki B, flokki C eða flokki D,

   b) Borðtölva í „flokki B“: borðtölva með:

      i. tvo raunlæga kjarna í miðverkinu og

      ii. a.m.k. tvö gígabæti í kerfisminni,

   c) Borðtölva í „flokki C“: borðtölva með:

      i. þrjá eða fleiri raunlæga kjarna í miðverkinu og

      ii. samskipan sem felur í sér a.m.k. annað af eftirfarandi tveimur einkennum:

         — að lágmarki tvö gígabæti (GB) í kerfisminni og/eða

         — stakrænt skjákort (dGfx),

   d) Borðtölva í „flokki D“: borðtölva með:

      i. að lágmarki fjóra raunlæga kjarna í miðverkinu og

ii. samskipan sem felur í sér a.m.k. annað af eftirfarandi tveimur einkennum:

— að lágmarki fjögur gígabæti í kerfisminni og/eða

— stakrænt skjákort sem uppfyllir G3 (þar sem skjáminnisgagnavídd (FB) > 128 bita), G4, G5, G6 eða G7 flokkunina,

6) „Sambyggð borðtölva“: tölva þar sem tölvan og skjárinn starfa sem ein eining sem fær riðstraumsafl í gegnum einn kapal. Sambyggðar borðtölvur eru tvenns konar: 1) vara þar sem skjárinn og tölvan eru sambyggð í eina einingu, 2) vara þar sem skjárinn er aðskilinn frá tölvunni en er tengdur við aðalkassann með jafnstraumssnúru. Sambyggð borðtölva er ætluð til staðsetningar á einum stað og er ekki hönnuð til að vera færanleg. Sambyggðar borðtölvur eru ekki fyrst og fremst hannaðar til að birta og taka á móti hljóð- og myndmerkjum.

Eftirfarandi flokkar sambyggðra borðtölva eru skilgreindir að því er varðar þessa reglugerð:

a) Sambyggð borðtölva í „flokki A“: sambyggð borðtölva sem ekki fellur að skilgreiningunni á sambyggðri borðtölvu í flokki B, flokki C eða flokki D,

b) Sambyggð borðtölva í „flokki B“: sambyggð borðtölva með:

i. tvo raunlæga kjarna í miðverkinu og

ii. a.m.k. tvö gígabæti í kerfisminni,

c) Sambyggð borðtölva í „flokki C“: sambyggð borðtölva með:

i. þrjá eða fleiri raunlæga kjarna í miðverkinu og

ii. samskipan sem felur í sér a.m.k. annað af eftirfarandi tveimur einkennum:

— að lágmarki tvö gígabæti (GB) í kerfisminni og/eða

— stakrænt skjákort (dGfx),

d) Sambyggð borðtölva í „flokki D“: sambyggð borðtölva með:

i. að lágmarki fjóra raunlæga kjarna í miðverkinu og

ii. samskipan sem felur í sér a.m.k. annað af eftirfarandi tveimur einkennum:

— að lágmarki fjögur gígabæti í kerfisminni og/eða

— stakrænt skjákort sem uppfyllir G3 (þar sem skjáminnisgagnavídd (FB) > 128 bita), G4, G5, G6 eða G7 flokkunina,

7) „Fistölva“: tölva sem er sérstaklega hönnuð til að vera færanleg og notuð í langan tíma annaðhvort með eða án beinnar tengingar við riðstraumsaflgjafa. Fistölvur nota innbyggðan skjá þar sem sýnileg skjástærð mæld á ská horn í horn er a.m.k. 22,86 sentimetrar (9 tommur) og geta unnið á innbyggðri rafhlöðu eða öðrum færanlegum aflgjafa.

Fistölvur taka einnig til eftirfarandi undirgerða:

a) „Spjaldtölva með áföstu lyklaborði“: vara sem er ákveðin gerð fistölvu sem er bæði með áfastan snertiskjá og áfast raunlægt lyklaborð,

b) „Spjaldtölva án áfasts lyklaborðs“: gerð fistölvu sem er með innbyggðan snertiskjá en ekki með varanlega áfast raunlægt lyklaborð,

c) „Léttur fartölvubiðlari“: gerð fistölvu sem reiðir sig á tengingu við fjargagnavinnslutilföng (t.d. netþjón, fjarvinnustöð) til að gegna meginhlutverki sínu og er ekki með geymslumiðla sem snúast innbyggða í vöruna.

Eftirfarandi flokkar fistölva eru skilgreindir að því er varðar þessa reglugerð:

a) Fistölva í „flokki A“: fistölva sem ekki fellur að skilgreiningunni á fistölvu í flokki B eða flokki C,

b) Fistölva í „flokki B“: fistölva með a.m.k. einu stakrænu skjákorti,

c) Fistölva í „flokki C“: fistölva með a.m.k. eftirfarandi eiginleika:

a) að lágmarki tvo raunlæga kjarna í miðverkinu,

b) a.m.k. tvö gígabæti í kerfisminni og

c) stakrænt skjákort sem uppfyllir G3 (þar sem skjáminnisgagnavídd (FB) > 128 bita), G4, G5, G6 eða G7 flokkunina,

Vörur sem myndu annars falla að skilgreiningu á fistölvu en eru með aflþörf sem er minni en 6 W í aðgerðalausu ástandi teljast ekki vera fistölvur að því er varðar þessa reglugerð,

8) „Léttur borðtölvubiðlari“: tölva sem reiðir sig á tengingu við fjargagnavinnslutilföng (t.d. netþjón, fjarvinnustöð) til

að gegna meginhlutverki sínu og er ekki með geymslumiðla sem snúast innbyggða í vöruna. Aðaleining létts borðtölvubiðlara verður að vera ætluð til staðsetningar á einum stað (t.d. á borði) og ekki til að vera færanleg. Léttir borðtölvubiðlarar geta sent upplýsingar á annað hvort ytri, eða þegar hann fylgir vörunni, innbyggðan skjá.

9) „Vinnustöð“: öflug tölva fyrir einn notanda sem aðallega er notuð fyrir myndvinnslu, tölvustudda hönnun, hugbúnaðarþróun, fjármála- og vísindahugbúnað ásamt öðrum verkefnum sem þarfnast mikillar reiknigetu og hefur eftirfarandi eiginleika:

   a) meðaltími milli bilana (MTBF) er a.m.k. 15 000 klukkustundir,

   b) er með leiðréttingarkóða og/eða biðminni,

   c) hefur þrjá af eftirfarandi fimm eiginleikum:

      1) stuðning við viðbótarafl fyrir umfangsmikla myndvinnslu (þ.e. 6 pinna, 12 V PCI-raufar (e. *peripheral component interconnect* (PCI-E) fyrir viðbótaraflgjöf),

      2) kerfi hennar er með tengingu fyrir fleiri en 4 PCI-E á móðurborðinu til viðbótar við raufar fyrir skjákort og/eða stuðning við PCI-X,

      3) styður ekki myndvinnslu sem notar sameiginlegan minnisaðgang (e. *uniform memory access*, UMA),

      4) hefur fimm eða fleiri PCI, PCI-E eða PCI-X-raufar,

      5) býður upp á fjölörgjörvastuðning fyrir tvö eða fleiri miðverk (verður að styðja raunverulega aðskildar miðverkseiningar/tengla, þ.e. ekki uppfyllt með stuðningi við eitt fjölkjarna miðverk),

10) „Færanleg vinnustöð“: öflug tölva fyrir einn notanda sem aðallega er notuð fyrir myndvinnslu, tölvustudda hönnun, hugbúnaðarþróun, fjármála- og vísindahugbúnað ásamt öðrum verkefnum sem þarfnast mikillar reiknigetu, að undanskildum tölvuleikjum, og sem er sérstaklega hönnuð til að vera færanleg og notuð í langan tíma annaðhvort með eða án beinnar tengingar við riðstraumsaflgjafa. Færanlegar vinnustöðvar nota innbyggðan skjá og geta unnið á innbyggðri rafhlöðu eða öðrum færanlegum aflgjafa. Flestar færanlegar vinnustöðvar nota ytri aflgjafa og flestar hafa innbyggt lyklaborð og benditæki.

    Færanleg vinnustöð hefur eftirfarandi einkenni:

    a) meðaltími milli bilana er a.m.k. 13 000 klukkustundir,

    b) a.m.k. eitt stakrænt skjákort sem uppfyllir G3 (þar sem skjáminnisgagnavídd > 128 bita), G4, G5, G6 eða G7 flokkunina,

    c) styður ísetningu þriggja eða fleiri eininga innri geymslubúnaðar,

    d) styður a.m.k. 32 GB í kerfisminni,

11) „Lítill netþjónn“: gerð tölvu sem venjulega notar borðtölvuíhluti í borðtölvuformi en er aðallega hönnuð til að vera hýsigeymsla fyrir aðrar tölvur, framkvæma aðgerðir eins og að veita netgrunnvirkisþjónustu og hýsa gögn/efni og sem hefur eftirfarandi eiginleika:

    a) er hannaður þannig að hann standi uppréttur, hafi turnlögun eða aðra lögun sem svipar til borðtölva þannig að öll gagnavinnsla, geymsla og netskilfletir séu í einum kassa,

    b) er hannaður til að starfa 24 klukkustundir á sólarhring og 7 daga vikunnar,

    c) er aðallega hannaður til að starfa í fjölnotendaumhverfi og þjóna samtímis nokkrum notendum í gegnum nettengdar biðlaraeiningar,

    d) þegar hann er settur á markað með stýrikerfi er stýrikerfið hannað fyrir notkun hans sem heimanetþjónn eða netþjónn með litla umferð,

    e) er ekki settur á markað með stakrænu skjákorti sem uppfyllir aðra flokkun en G1.

12) „Sneiðkerfi og -íhlutir“: kerfi sem samanstendur af umbúnaði („sneiðagrind“ (e. *blade chassis*)) sem ólíkum gerðum af sneiðgeymslueiningum og -netþjónum er stungið inn í. Umbúnaðurinn veitir sameiginleg tilföng sem netþjónarnir og geymslueiningarnar þurfa. Sneiðkerfi eru hönnuð sem stærðfrjáls lausn til að sameina marga netþjóna eða geymslueiningar í einum umbúnaði og eru hönnuð til að tæknimenn geti með auðveldum hætti bætt við eða skipt út (með gangþjálum skiptum (e. *hot swap*)) sneiðum (t.d. sneiðnetþjónum) á vettvangi,

13) „Netþjónsbúnaður“: netþjónn með fyrir fram uppsettu stýrikerfi og notkunarhugbúnaði sem er notaður til að framkvæma sérhæfðar aðgerðir eða mengi nátengdra aðgerða. Netþjónsbúnaður veitir þjónustu í gegnum eitt eða fleiri net og er venjulega stjórnað í gegnum vef- eða skipanalínuviðmót Samskipan vél- og hugbúnaðar netþjónsbúnaðar er sérsniðin af seljanda til að framkvæma tiltekið verkefni, þ.m.t. nettengingu eða geymslu, og er ekki ætluð til að keyra hugbúnað frá notandanum,

14) „Fjölhnúta netþjónn“: kerfi sem samanstendur af umbúnaði þar sem tveimur eða fleiri sjálfstæðum netþjónum (eða hnútum) er komið fyrir sem deila einum eða fleiri aflgjöfum. Samanlögðu afli fyrir alla hnúta er dreift með sameiginlega aflgjafanum eða aflgjöfunum. Fjölhnúta netþjónn er hannaður og smíðaður sem stakur umbúnaður og er ekki hannaður til að hægt sé að skipta hlutum út með gangþjálum skiptum.

15) „Tvíhnúta netþjónn“: samskipan sameiginlegs fjölhnúta-netþjóns sem samanstendur af tveimur netþjónshnútum,

16) „Netþjónn með fleiri en fjóra örgjörvatengla“: netþjónn sem hefur fleiri en fjóra skilfleti hannaða fyrir uppsetningu örgjörva,

17) „Leikjatölva“: sjálfstætt tæki sem fær afl frá rafkerfinu og er hannað til að hafa það meginhlutverk að spila tölvuleiki. Leikjatölva er venjulega hönnuð til að senda frálagsgögn á ytri skjá sem gegnir hlutverki aðalskjás til leikjaspilunar. Leikjatölvur eru venjulega með miðverk, kerfisminni og myndvinnslueiningar og geta haft harða diska eða annars konar innri geymslumöguleika og ljósdrif. Leikjatölvur nota venjulega lófastjórntæki eða önnur gagnvirk stjórntæki sem helsta ílagstæki frekar en ytra lyklaborð eða mús. Leikjatölvur eru oftast ekki með hefðbundin stýrikerfi ætluð einkatölvum heldur stýrikerfi sniðin að leikjatölvum. Lófaleikjatölvur með sambyggðum skjá sem aðalleikskjá og sem ganga einkum á innbyggðri rafhlöðu eða öðrum færanlegum aflgjafa frekar en beinni tengingu við riðstraumsaflgjafa teljast vera gerð af leikjatölvu,

18) „Tengikví“: stakræn vara sem er hönnuð til að tengjast tölvu til að sinna hlutverkum eins og að auka tengigetu eða sameina tengingar við jaðarbúnað. Tengikvíar geta einnig auðveldað hleðslu innri rafhlaða í tengdu tölvunni,

19) „Miðverk“: íhlutur í tölvu sem stjórnar túlkun og inningu skipana. Í miðverki geta verið einn eða fleiri raunlægir örgjörvar sem kallast „inningarkjarnar“. Inningarkjarni er örgjörvi sem er raunverulega til staðar. „Sýndarörgjörvar“ eða „rökörgjörvar“ sem fengnir eru úr einum eða fleiri inningarkjörnum eru ekki raunlægir kjarnar. Fleiri en einn inningarkjarni getur verið í örgjörvaeiningu sem situr í einum raunlægum miðverkstengli. Heildarfjöldi inningarkjarna í miðverkinu er samtala inningarkjarna í búnaði sem tengdur er við alla raunlæga tengla miðverksins,

20) „Stakrænt skjákort“: stakrænn innri íhlutur sem inniheldur eina eða fleiri myndvinnslueiningar með stýriskilfleti fyrir staðbundið minni og sérhæfðu, staðbundnu minni fyrir myndvinnslu og fellur í einn af eftirfarandi flokkum:

a) G1 (skjáminnisbandvídd ≤ 16),

b) G2 (16 < skjáminnisbandvídd ≤ 32),

c) G3 (32 < skjáminnisbandvídd ≤ 64),

d) G4 (64 < skjáminnisbandvídd ≤ 96),

e) G5 (96 < skjáminnisbandvídd ≤ 128),

f) G6 (skjáminnisbandvídd > 128 (með skjáminnis-gagnavídd < 192 bita)),

g) G7 (skjáminnisbandvídd > 128 (með skjáminnis-gagnavídd ≥ 192 bita)),

„Skjáminnisbandvídd“: það gagnamagn sem unnið er á sekúndu af öllum myndvinnslueiningum á stakræn skjákorti og sem er reiknað með eftirfarandi formúlu:

Skjáminnisbandvídd = ((gagnatíðni × gagnavídd)/(8 × 1000)

þar sem:

a) skjáminnisbandvídd er gefin upp í gígabætum/sekúndu (GB/s),

b) gagnatíðni er virk gagnatíðni minnis í MHz,

c) gagnavídd er skjáminnisgagnavídd, gefin upp í bitum (b),

d) „8“ breytir útreikningnum í bæti,

e) deiling með 1000 breytir megabætum í gígabæti,

21) „Innri geymsla“: íhlutur innan í tölvu sem býður upp á fastheldna geymslu gagna,

22) „Vörugerð“: borðtölva, sambyggð borðtölva, fistölva, léttur borðtölvubiðlari, vinnustöð, færanleg vinnustöð, lítill netþjónn, netþjónn, sneiðkerfi og -íhlutir, fjölhnúta netþjónn, netþjónsbúnaður, leikjatölva, tengikví, innri aflgjafi eða ytri aflgjafi,

23) „Dvalahamur skjás“: aflhamur sem skjávaran fer í eftir að hún fær merki frá tengdum búnaði eða innri örvun (t.d. tímamæli eða viðveruskynjara). Skjávaran getur einnig farið í þennan ham með merki sem er framkallað með notandaílagi. Varan verður að vakna þegar hún fær merki frá tengdum búnaði, neti, fjarstýringu og/eða innri örvun. Á meðan varan er í þessum ham framkallar hún ekki sýnilega mynd, hugsanlega að undanskilinni notendatengdri virkni eða hlífðarvirkni s.s. vöruupplýsingar eða stöðuvísi eða virkni tengdri skynjurum.

Að því varðar viðaukana er mælt fyrir um viðbótarskilgreiningar í I. viðauka.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun

Kröfur varðandi visthönnun tölva og netþjóna eru settar fram í I. viðauka.

Samræmi tölva og netþjóna við kröfur varðandi visthönnun skal mælt í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í II. viðauka.

4. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1275/2008

Í stað 2. liðar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1275/2008 komi eftirfarandi:

„2. Upplýsingatæknibúnaður sem fyrst og fremst er ætlaður til notkunar á heimilum, að undanskildum borðtölvum, sambyggðum borðtölvum og fistölvum eins og þær eru skilgreindar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013(*).

(*) Stjtíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 13.“

5. gr.

Beiting reglugerðar (EB) nr. 278/2009

Í stað g-liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 278/2009 komi eftirfarandi:

„g) hann er ætlaður til notkunar með raf- og rafeindatækjum til heimilis- og skrifstofunota eins og um getur í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1275/2008, eða með tölvum eins og þær eru skilgreindar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013(*).

(*) Stjtíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 13.“

6. gr.

Samræmismat

Aðferðin við samræmismat sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið til að meta samræmi, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

7. gr.

Markaðseftirlit og sannprófunaraðferð

Markaðseftirlit skal fara fram í samræmi við þær reglur sem tilgreindar eru í tilskipun 2009/125/EB.

Athugun á því hvort tölvur og netþjónar uppfylli viðeigandi kröfur varðandi visthönnun skal fara fram í samræmi við sannprófunaraðferðina sem sett er fram í 2. lið III. viðauka við þessa reglugerð.

8. gr.

Leiðbeinandi viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu vörurnar og tæknina á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar eru tilgreindar í IV. viðauka.

9. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og kynna niðurstöður endurskoðunarinnar á samráðsvettvanginum um visthönnun eigi síðar en þremur og hálfu ári eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

Í ljósi þess hversu hröð tækniþróunin er skal þessi endurskoðun taka til athugunar þróun á orkustjörnuáætluninni og tækifæri til að herða kröfur varðandi visthönnun til að draga verulega úr eða afnema alveg leyfilega orkunotkun, einkum fyrir stakræn skjákort, uppfæra skilgreiningar/gildissvið og skoða möguleikann á því að draga úr orkunotkun innbyggðra skjáa.

Ennfremur skal endurskoðunin taka sérstaklega til athugunar ólík stig vistferilsins, hagkvæmni þess að koma á og beita kröfum varðandi visthönnun á aðra mikilvæga umhverfisþætti, s.s. hávaða, nýtni að því er varðar efnisnotkun, þ.m.t. kröfur um endingu, sundurhlutun, endurvinnanleika, staðlaða skilfleti fyrir hleðslutæki auk upplýsingakrafna um hvort tiltekin mikilvæg hráefni séu til staðar og lágmarksfjölda hleðslulotna og atriði í tengslum við rafhlöðuskipti.

10. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Liðir 3 og 6.1 í II. viðauka gilda frá og með gildistöku þessarar reglugerðar.

Liðir 1.1, 1.3, 2, 4, 5.1, 5.2, 6.2.1, 6.2.2, 6.2.3, 6.2.4, 6.2.5, 6.2.6, 7.1, 7.2 og 7.3 í II. viðauka gilda frá og með 1. júlí 2014.

Liðir 1.2 og 1.4 í II. viðauka gilda frá og með 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda að því er varðar viðaukana

1. „Árleg heildarorkunotkun“ (E_{TEC}): raforka sem vara notar á tilgreindum tímabilum í skilgreindum aflham og -ástandi,

2. „Slökkt á tæki“: aflþörf í lágaflsham sem notandi getur ekki slökkt á (haft áhrif á) öðruvísi en með hreyfingu vélræns rofa og sem getur varað í óákveðinn tíma þegar tækið er tengt við rafveitu og notað í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda. Þar sem staðlar fyrir bætt samskipunar- og orkuskil (e. *advanced configuration and power interface* (ACPI)) eiga við samsvarar hamur þegar slökkt er á tæki yfirleitt ACPI-kerfisstigsástandinu G2/S5 (slökkt en til reiðu),

   „P_{off}“: táknar aflþörf í vöttum þegar slökkt er á tæki eins og hún er mæld samkvæmt aðferðunum sem sýndar eru í II. viðauka,

3. „Minnsta aflþarfarstilling“: ástand eða hamur þar sem aflþörf tölvu er lægst. Hægt er að fara í eða úr þessu ástandi eða ham með annað hvort vélrænum aðferðum (t.d. með því að rjúfa afl til tölvunnar með hreyfingu vélræns rofa) eða eftir sjálfvirkum leiðum,

4. „Dvali“: lágaflshamur sem tölva getur farið í sjálfkrafa eftir ákveðið tímabil aðgerðaleysis eða með handvirku vali. Í þessum ham svarar tölvan vakningaratburði. Þar sem staðlar fyrir bætt samskipunar- og orkuskil eiga við samsvarar dvali yfirleitt ACPI-kerfisstigsástandinu G1/S3 (slökkt á öllu nema vinnsluminni),

   „P_{sleep}“: táknar aflþörf í dvala í vöttum eins og hún er mæld samkvæmt aðferðunum sem sýndar eru í II. viðauka,

5. „aðgerðalaust ástand“: ástand tölvu þar sem hleðslu stýrikerfis og annars hugbúnaðar er lokið, notandalýsing hefur verið búin til, tölvan er ekki í dvala og virkni takmarkast við þau grunnforrit sem stýrikerfið ræsir sjálfkrafa,

   „P_{idle}“: táknar aflþörf í vöttum í aðgerðalausu ástandi eins og hún er mæld samkvæmt aðferðunum sem sýndar eru í II. viðauka,

6. „Innri viðbótargeymsla“: allur innri geymslubúnaður, þ.m.t. harðdiskadrif, storkudrif (e. solid state drives (SSD)) og blendingsharðdiskadrif (HHD) sem fylgja í tölvu umfram það fyrsta,

7. „Sjónvarpsmóttakari“: stakrænn innri íhlutur sem gerir tölvu kleift að taka á móti sjónvarpsmerkjum,

8. „Hljóðkort“: stakrænn innri íhlutur sem vinnur ílags- og frálagshljóðmerki til og frá tölvu,

9. „Vakningaratburður“: atburður eða örvun sem notandi framkallar, er áætluð eða kemur utan frá og veldur því að tölva sem slökkt er á eða er í dvala fer yfir í virkan vinnuham. Til vakningaratburða teljast eftirfarandi atburðir, en takmarkast ekki við þá:

   i. hreyfing músarinnar,

   ii. lyklaborðsvirkni,

   iii. ílag frá stjórntæki,

   iv. klukkuatburður í rauntíma,

   v. þrýst er á takka á kassanum og

   vi. ef um er að ræða ytri atburði, örvun sem er gerð með fjarstýringu, í gegnum net eða mótald,

10. „Virkur hamur“: ástand þar sem tölva framkvæmir nýtanlega vinnu sem viðbragð við a) áðurkomnu eða samhliða notandaílagi eða áðurkominni eða samhliða skipun á netinu. Þetta ástand tekur til virkrar vinnslu, leitar að gögnum í geymslu, minni eða skyndiminni, þ.m.t. aðgerðalaust ástand meðan frekara notandaílags er beðið og áður en farið er í lágaflsham,

11. „Fjarvakning“ (e. *Wake On LAN* (WOL)): virkni sem gerir tölvu sem slökkt er á eða er í dvala kleift að skipta úr þeim ham (eða öðrum lágaflsham) þegar hún fær netbeiðni um það yfir íðnet,

12. „UMA“: sameiginlegur minnisaðgangur,

13. „Birting upplýsinga eða stöðu“: sívirk aðgerð sem gefur upplýsingar um eða sýnir stöðu tölvu á skjá, þ.m.t. klukkur,

II. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun og tímaáætlun

1. $\mathbf{E_{TEC}}$

Borðtölva og sambyggð borðtölva

1.1. **Frá 1. júlí 2014**

1.1.1. Árleg heildarorkunotkun (E_{TEC} í KWh/ári) skal ekki vera meiri en:

a) Tölva í flokki A: 133,00,

b) Tölva í flokki B: 158,00,

c) Tölva í flokki C: 188,00,

d) Tölva í flokki D: 211,00.

Árleg heildarorkunotkun skal ákvörðuð með því að nota eftirfarandi formúlu:

$E_{TEC} = (8760/1000) \times (0{,}55 \times P_{off} + 0{,}05 \times P_{sleep} + 0{,}40 \times P_{idle})$.

Fyrir tölvur sem fara ekki í sérstakan dvala, en hafa aflþörf í aðgerðalausu ástandi sem er minni en eða jöfn 10,00 W, er heimilt að nota aflþörf í aðgerðalausu ástandi (P_{idle}) í stað dvala (P_{sleep}) í jöfnunni hér að ofan þannig að í stað formúlunnar komi

$E_{TEC} = (8760/1000) \times (0{,}55 \times P_{off} + 0{,}45 \times P_{idle})$

Öll P_x eru aflgildi í tilgreindum ham/ástandi eins og skilgreint er í skilgreiningahlutanum, mæld í vöttum (W) samkvæmt aðferðunum sem sýndar eru í III. viðauka.

1.1.2. Eftirfarandi aðlaganir með tilliti til virkni gilda:

a) minni: 1 kWh/ári fyrir hvert GB yfir grunnminni þar sem grunnminni er 2 GB (fyrir tölvur í flokki A, B og C) og 4 GB (fyrir tölvur í flokki D),

b) innri viðbótargeymsla: 25 kWh/ári,

c) stakrænn sjónvarpsmóttakari: 15 kWh/ári,

d) stakrænt hljóðkort: 15 kWh/ári,

e) stakrænt skjákort, fyrir fyrsta og hvert stakrænt skjákort til viðbótar:

	Flokkur stakræns skjákorts	Leyfileg heildar-orkunotkun (kWh/ári)
Fyrsta stakræna skjákort	G1	34
	G2	54
	G3	69
	G4	100
	G5	133
	G6	166
	G7	225
Hvert stakrænt skjákort til viðbótar	G1	20
	G2	32
	G3	41
	G4	59
	G5	78
	G6	98
	G7	133

1.1.3. Aðlaganirnar með tilliti til virkni fyrir stakræn skjákort, stakrænan sjónvarpsmóttakara og stakrænt hljóðkort sem um getur í lið 1.1.2 og lið 1.2.2 gilda aðeins um kort og móttakara sem eru virk á meðan að prófun borðtölva eða sambyggðra tölva fer fram.

1.1.4. Borðtölvur og sambyggðar borðtölvur í flokki D sem uppfylla alla eftirfarandi tæknilega mæliþætti eru undanþegnar ákvæðunum sem tilgreind eru í liðum 1.1.1 og 1.1.2 og endurskoðunum þeirra sem tilgreindar eru í lið 1.2:

a) hafa að lágmarki sex raunlæga kjarna í miðverkinu og

b) hafa stakrænt eða stakræn skjákort með heildarskjáminnisbandvídd yfir 320 GB/sek. og

c) hafa a.m.k. 16 GB í kerfisminni og

d) hafa aflgjafa með málútafl sem er a.m.k. 1000 W.

1.2. **Frá 1. janúar 2016**

1.2.1. Eftirfarandi endurskoðanir gilda um árlegu heildarorkunotkunina sem tilgreind er í lið 1.1.1:

Árleg heildarorkunotkun (E_{TEC} í KWh/ári) skal ekki vera meiri en:

a) Tölva í flokki A: 94,00,

b) Tölva í flokki B: 112,00,

c) Tölva í flokki C: 134,00,

d) Tölva í flokki D: 150,00.

1.2.2. Eftirfarandi endurskoðanir gilda um aðlaganir með tilliti til virkni fyrir stakræn skjákort sem tilgreind eru í e-lið liðar 1.1.2:

	Flokkur stakræns skjákorts	Leyfileg heildar-orkunotkun (kWh/ári)
Fyrsta stakræna skjákort	G1	7
	G2	11
	G3	13
	G4	20
	G5	27
	G6	33
	G7	61
Hvert stakrænt skjákort til viðbótar	G1	4
	G2	6
	G3	8
	G4	12
	G5	16
	G6	20
	G7	36

Fistölva

1.3. **Frá 1. júlí 2014**

1.3.1. Árleg heildarorkunotkun (E_{TEC} í KWh/ári) skal ekki vera meiri en:

a) Tölva í flokki A: 36,00,

b) Tölva í flokki B: 48,00,

c) Tölva í flokki C: 80,50,

Árleg heildarorkunotkun skal ákvörðuð með því að nota eftirfarandi formúlu:

E_{TEC} = (8760/1000) × (0,60 × P_{off} + 0,10 × P_{sleep} + 0,30 × P_{idle}) þar sem öll P_x eru aflgildi í tilgreindum ham/ástandi eins og skilgreint er í skilgreiningahlutanum, mæld í vöttum (W) samkvæmt aðferðunum sem tilgreindar eru í III. viðauka.

1.3.2. Eftirfarandi aðlaganir með tilliti til virkni gilda:

a) minni: 0,4 kWh/ári fyrir hvert GB umfram grunnminni, þar sem grunnminni er 4 GB,

b) innri viðbótargeymsla: 3 kWh/ári,

c) stakrænn sjónvarpsmóttakari: 2,1 kWh/ári,

d) stakrænt skjákort (fyrir fyrsta og hvert stakrænt skjákort til viðbótar):

	Flokkur stakræns skjákorts	Leyfileg heildar-orkunotkun (kWh/ári)
Fyrsta stakræna skjákort	G1	18
	G2	30
	G3	38
	G4	54
	G5	72
	G6	90
	G7	122
Hvert stakrænt skjákort til viðbótar	G1	11
	G2	17
	G3	22
	G4	32
	G5	42
	G6	53
	G7	72

1.3.3. Aðlaganir með tilliti til virkni fyrir stakræn skjákort og stakrænan sjónvarpsmóttakara sem um getur í lið 1.3.2 og lið 1.4.2 gilda aðeins um kort og móttakara sem eru virk á meðan að prófun fistölva fer fram.

1.3.4. Fistölvur í flokki C sem uppfylla alla eftirfarandi tæknilega mæliþætti eru undanþegnar ákvæðunum sem tilgreind eru í liðum 1.3.1 og 1.3.2 og endurskoðunum á þeim sem tilgreindar eru í lið 1.4:

a) hafa að lágmarki fjóra raunlæga kjarna í miðverkinu og

b) hafa stakrænt eða stakræn skjákort með heildarskjáminnisbandvídd yfir 225 GB/sek. og

c) hafa a.m.k. 16 GB í kerfisminni.

1.4. **Frá 1. janúar 2016**

1.4.1. Eftirfarandi endurskoðanir gilda um árlegu heildarorkunotkunina sem tilgreind er í lið 1.3.1:

Árleg heildarorkunotkun (E_{TEC} í KWh/ári) skal ekki vera meiri en:

a) Tölva í flokki A: 27,00,

b) Tölva í flokki B: 36,00,

c) Tölva í flokki C: 60,50,

1.4.2. Eftirfarandi endurskoðanir gilda um aðlaganir með tilliti til virkni fyrir stakræn skjákort sem tilgreind eru í d-lið liðar 1.3.2:

	Flokkur stakræns skjákorts	Leyfileg heildar-orkunotkun (kWh/ári)
Fyrsta stakræna skjákort	G1	7
	G2	11
	G3	13
	G4	20
	G5	27
	G6	33
	G7	61
Hvert stakrænt skjákort til viðbótar	G1	4
	G2	6
	G3	8
	G4	12
	G5	16
	G6	20
	G7	36

2. **DVALI**

Borðtölva, sambyggð borðtölva og fistölva

2. **Frá 1. júlí 2014**

2,1. Vara skal bjóða upp á dvala og/eða annað ástand sem býður upp á sömu virkni og dvali og sem fer ekki yfir viðeigandi kröfur um aflþörf í dvala.

2,2. Aflþörf í dvala skal ekki fara yfir 5,00 W í borðtölvum og sambyggðum borðtölvum og 3,00 W í fistölvum.

2,3. Þess er ekki krafist að borðtölvur og sambyggðar borðtölvur með aflþörf í aðgerðalausu ástandi sem er minni en eða jöfn 10,00 W hafi sérstakan kerfisdvala.

2,4. Ef vara er sett á markað með virkni þar sem ræsing yfir staðarnet er virk í dvala:

a) er heimilt að bæta 0,70 W viðbótarheimild við,

b) verður að prófa hana með ræsingarvirknina yfir staðarnet bæði virka og óvirka og hún verður að uppfylla báðar kröfurnar.

2,5. Ef vara er sett á markað án íðnetsvirkni skal prófa hana án þess að ræsing yfir staðarnet sé virk.

3. **MINNSTA AFLÞARFARSTILLING**

Borðtölva, sambyggð borðtölva og fistölva

3. **Frá og með gildistöku reglugerðarinnar**

3,1. Aflþörf í minnstu aflþarfarstillingu skal ekki vera meiri en 0,50 W.

3,2. Vara skal hafa aflstillingu eða -ham sem fer ekki yfir viðeigandi kröfur um aflþörf fyrir lægstu aflþarfarstillingu þegar hún er tengd við rafkerfi.

3,3. Ef vara er sett á markað með upplýsinga- eða stöðuvísi er heimilt að bæta 0,50 W viðbótarheimild við.

	4. **Í HAM ÞEGAR SLÖKKT ER Á BÚNAÐI**
Borðtölva, sambyggð borðtölva og fistölva	**4. Frá 1. júlí 2014** 4,1. Aflþörf í ham þegar slökkt er á búnaði skal ekki vera meiri en 1,00 W. 4,2. Vara skal bjóða upp á að slökkt sé á henni og/eða annað ástand sem fer ekki yfir viðeigandi kröfur um aflþörf þegar slökkt er á vörunni og hún er tengd við rafkerfi. 4,3. Ef vara er sett á markað með virkni þar sem ræsing yfir staðarnet er virk þegar slökkt er: a) er heimilt að bæta 0,70 W viðbótarheimild við, b) verður að prófa hana með ræsingarvirknina yfir staðarnet bæði virka og óvirka og hún verður að uppfylla báðar kröfurnar. 4,4. Ef vara er sett á markað án íðnetsvirkni skal prófa hana án þess að ræsing yfir staðarnet sé virk.
	5 **ORKUNÝTNI INNRI AFLGJAFA**
Borðtölva, sambyggð borðtölva, léttur borðtölvubiðlari, vinnustöð og lítill netþjónn	5.1. **Frá 1. júlí 2014** Innri aflgjafar tölva skulu ekki starfa með minna en: a) 85% orkunýtni við 50% málútafl, b) 82% orkunýtni við 20% og 100% málútafl c) aflstuðli = 0,9 við 100% málútafl. Innri aflgjafar með hámarksmálútafl undir 75 W eru undanþegnir aflstuðulskröfunni
Netþjónar	5.2. **Frá 1. júlí 2014** 5.2.1. Fjölúttaksaflgjafar (riðstraumur-jafnstraumur) skulu ekki starfa með minna en: a) 85% orkunýtni við 50% málútafl b) 82% orkunýtni við 20% og 100% málútafl 5.2.2. Fjölúttaksaflgjafar (riðstraumur-jafnstraumur) skulu ekki starfa með minna en: a) aflstuðli 0,8 við 20% málútafl, b) aflstuðli 0,9 við 50% málútafl, c) aflstuðli 0,95 við 100% málútafl. 5.2.3. Aflgjafar með einni gerð útafls (riðstraumur-jafnstraumur) og málútafl sem fer ekki yfir 500 W skulu ekki starfa með minna en: a) 70% orkunýtni við 10% málútafl, b) 82% orkunýtni við 20% málútafl, c) 89% orkunýtni við 50% málútafl, d) 85% orkunýtni við 100% málútafl. 5.2.4. Aflgjafar með einni gerð útafls (riðstraumur-jafnstraumur) og málútafl sem fer ekki yfir 500 W skulu ekki starfa með minna en: a) aflstuðli 0,8 við 20% málútafl, b) aflstuðli 0,9 við 50% málútafl, c) aflstuðli 0,95 við 100% málútafl. 5.2.5. Aflgjafar með einni gerð útafls (riðstraumur-jafnstraumur) og málútafl sem er yfir 500 W en fer ekki yfir 1000 W skulu ekki starfa með minna en: a) 75% orkunýtni við 10% málútafl, b) 85% orkunýtni við 20% og 100% málútafl, c) 89% orkunýtni við 50% málútafl.

Netþjónar	5.2.6.	Aflgjafar með einni gerð útafls (riðstraumur-jafnstraumur) og málútafl sem er yfir 500 W en fer ekki yfir 1000 W skulu ekki starfa með minna en: a) aflstuðli 0,65 við 10% málútafl, b) aflstuðli 0,8 við 20% málútafl, c) aflstuðli 0,9 við 50% málútafl, d) aflstuðli 0,95 við 100% málútafl.
	5.2.7.	Aflgjafar með einni gerð útafls (riðstraumur-jafnstraumur) og málútafl sem fer yfir 1000 W skulu ekki starfa með minna en: a) 80% orkunýtni við 10% málútafl, b) 88% orkunýtni við 20% og 100% málútafl, c) 92% orkunýtni við 50% málútafl.
	5.2.8.	Aflgjafar með einni gerð útafls (riðstraumur-jafnstraumur) og málútafl sem fer yfir 1000 W skulu ekki starfa með minna en: a) aflstuðli 0,8 við 10% málútafl, b) aflstuðli 0,9 við 20% málútafl, c) aflstuðli 0,9 við 50% málútafl, d) aflstuðli 0,95 við 100% málútafl.
	6. **VIRKJUN ORKUSTJÓRNUNAR**	
Borðtölva, sambyggð borðtölva og fistölva	6.1.	**Frá og með gildistöku reglugerðarinnar** Tölvan skal bjóða upp á orkustjórnunarvirkni eða svipaða virkni sem, þegar meginvirkni tölvunnar er ekki í gangi eða þegar aðrar vörur sem nota orku eru ekki háðar virkni hennar, setur tölvuna sjálfkrafa í aflham sem hefur lægri aflþörf en viðeigandi krafa um aflþörf í dvala.
	6.2.	**Frá 1. júlí 2014**
	6.2.1.	Tölvan skal lækka hraða allra virkra 1 gígabita á sekúndu (Gb/s) íðnetstenginga þegar hún fer í dvala eða ham þar sem slökkt er en ræsing yfir staðarnet er möguleg.
	6.2.2.	Í dvala skal svörun við „vakningaratburðum“ eins og þeim sem berast í gegnum nettengingar eða notendaviðmótstæki, vera með biðtíma sem er ≤ 5 sekúndur frá því að vakningaratburður er settur af stað og þar til kerfið er að fullu nothæft, þ.m.t. myndsetning skjás.
	6.2.3.	Tölvan skal sett á markað með dvalarham skjás stilltan þannig að hann sé virkjaður innan 10 mínútna frá því að notandi aðhafðist eitthvað síðast.
	6.2.4.	Tölva með íðnetsvirkni skal geta gert ræsingu yfir staðarnet virka og óvirka í dvala ef hún er til staðar. Tölva með íðnetsvirkni skal geta gert ræsingu yfir staðarnet virka og óvirka úr ham þegar slökkt er, ef ræsing yfir staðarnet úr ham þegar slökkt er, er studd.
	6.2.5.	Ef sérstakur dvali eða annað ástand sem veitir sömu virkni og dvali er til staðar, skal hann stilltur þannig að hann verði virkur innan 30 mínútna frá því að notandi aðhafðist eitthvað síðast. Þessi orkustjórnunarvirkni skal virkjuð áður en varan er sett á markað.
	6.2.6.	Notendur skulu með auðveldum hætti geta gert þráðlausa nettengingu eða nettengingar virkar og óvirkar og notendum skal gefið skýrt til kynna með tákni, ljósi eða öðru sambærilegu, þegar þráðlaus nettenging eða nettengingar hafa verið gerðar virkar eða óvirkar.

7. **UPPLÝSINGAR SEM FRAMLEIÐENDUM BER AÐ VEITA**	
Borðtölva, sambyggð borðtölva og fistölva	7.1. **Frá 1. júlí 2014** 7.1.1. Framleiðendur skulu veita eftirfarandi upplýsingar í tæknigögnum og gera þær aðgengilegar öllum á vefsetrum með opnum aðgangi: a) vörugerð og flokk eins og skilgreint er í 2. gr. (einn og aðeins einn flokkur), b) nafn framleiðanda, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem hægt er að hafa samband við hann, c) tegundarnúmer vöru, d) framleiðsluár, e) gildi fyrir árlega heildarorkunotkun (kWh) og aðlaganir með tilliti til virkni sem beitt er þegar öll stakræn skjákort eru óvirk og ef kerfið er prófað með breytilegum myndvinnsluham þar sem skjárinn er keyrður í gegnum sameiginlegan minnisaðgang, f) gildi fyrir árlega heildarorkunotkun (kWh) og aðlaganir með tilliti til virkni sem beitt er þegar öll stakræn skjákort eru virk, g) aflþörf í aðgerðalausu ástandi (vött), h) aflþörf í dvala (vött), i) aflþörf í dvala þegar ræsing yfir staðarnet er virk (vött) (þar sem hún er virk), j) aflþörf þegar slökkt er (vött), k) aflþörf þegar slökkt er og ræsing yfir staðarnet er virk (vött) (þar sem hún er virk), l) orkunýtni innri aflgjafa við 10%, 20%, 50% og 100% málútafl, m) orkunýtni ytri aflgjafa, n) hávaðastig (uppgefið A-vegið hljóðaflsstig) tölvunnar, o) lágmarksfjölda hleðslulotna sem rafhlöður þola (gildir aðeins um fistölvur), p) aðferðafræðina við mælingarnar sem notuð er til að ákvarða upplýsingarnar sem um getur í e- til o-lið, q) röð þrepa til að ná stöðugu ástandi að því er varðar aflþörf, r) lýsingu á því hvernig dvali og/eða hamur þegar slökkt er var valinn eða forritaður, s) röð atburða sem þarf til að búnaðurinn skipti sjálfkrafa í dvala og/eða ham þar sem slökkt er, t) hversu lengi aðgerðalaust ástand varir áður en tölvan skiptir sjálfkrafa í dvala eða annað ástand sem fer ekki yfir gildandi kröfur um aflþörf í dvala, u) hversu langur tími líður eftir að notandi hættir að aðhafast nokkuð þar til tölvan kemst sjálfkrafa í aflham með lægri aflþörf en í dvala, v) hversu langur tími líður áður en dvalarhamur skjás er virkjaður eftir að notandi hættir að aðhafast nokkuð, w) notandaupplýsingar um orkusparnaðarmöguleika fólgna í orkustjórnunarvirkni, x) notandaupplýsingar um hvernig virkja eigi orkustjórnunarvirkni, y) fyrir vörur með innbyggðan skjá sem inniheldur kvikasilfur, heildarmagn kvikasilfurs í X,X mg,

	z) prófunarþætti fyrir mælingarnar: — prófunarspenna í V og tíðni í Hz, — heildaryfirsveiflubjögun rafveitukerfisins, — upplýsingar og gögn um tækjabúnað, uppsetningu og straumrásir notaðar við rafmagnsprófun, 7.1.2. Ef vörutegund er sett á markað í fleiri en einni samskipan er heimilt að veita vöruupplýsingarnar sem krafist er samkvæmt lið 7.1.1 einu sinni fyrir hvern vöruflokk (eins og hann er skilgreindur í 2. gr.) fyrir samskipanina með mestu aflþörfina sem fáanleg er innan vöruflokksins. Skrá yfir alla tegundarsamskipan innan tegundarinnar sem upplýsingarnar eru gefnar upp fyrir skal fylgja með upplýsingunum sem veittar eru.
Fistölva	7.2. **Frá 1. júlí 2014** Ef fistölva gengur fyrir rafhlöðu eða rafhlöðum sem notendur sem ekki hafa sérþekkingu geta ekki komist að og skipt um, skulu framleiðendur, til viðbótar við upplýsingarnar sem tilgreindar eru í lið 7.1, veita eftirfarandi upplýsingar í tæknigögnum og á ytri umbúðum fistölvunnar og gera þær aðgengilegar öllum á vefsetrum með opnum aðgangi: „Notendur geta ekki auðveldlega skipt um rafhlöðu/rafhlöður í þessari vöru“. Upplýsingarnar sem veittar eru á ytri umbúðum fistölvunnar skulu vera sýnilegar og auðlæsilegar og skulu veittar á öllum opinberum tungumálum landsins þar sem varan er markaðssett.
Vinnustöð, færanleg vinnustöð, léttir borð-tölvubiðlarar, litlir netþjónar og netþjónar	7.3. **Frá 1. júlí 2014** 7.3.1. Framleiðendur skulu veita eftirfarandi upplýsingar í tæknigögnum og gera þær aðgengilegar öllum á vefsetrum með opnum aðgangi: a) vörugerð eins og skilgreint er í 2. gr. (einn og aðeins einn flokkur), b) nafn framleiðanda, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem hægt er að hafa samband við hann, c) tegundarnúmer vöru, d) framleiðsluár, e) orkunýtni innri/ytri aflgjafa, f) prófunarþætti fyrir mælingarnar: — prófunarspenna í V og tíðni í Hz, — heildaryfirsveiflubjögun rafveitukerfisins, — upplýsingar og gögn um tækjabúnað, uppsetningu og straumrásir notaðar við rafmagnsprófun, g) hámarksafl (vött) h) afl í aðgerðalausu ástandi (vött), i) afl í dvala (vött), j) afl þegar slökkt er (vött), k) hávaðastig (uppgefið A-vegið hljóðaflsstig) tölvunnar, l) aðferðafræðina við mælingarnar sem notuð er til að ákvarða upplýsingarnar sem um getur í e- til k-lið, 7.3.2. Ef vörutegund er sett á markað í fleiri en einni samskipan er heimilt að veita vöruupplýsingarnar sem krafist er samkvæmt lið 7.3.1 einu sinni fyrir hvern vöruflokk (eins og hann er skilgreindur í 2. gr.) fyrir samskipanina með mestu aflþörfina sem fáanleg er innan vöruflokksins. Skrá yfir alla tegundarsamskipan innan tegundarinnar sem upplýsingarnar eru gefnar upp fyrir skal fylgja með upplýsingunum sem veittar eru.

III. VIÐAUKI

Mælingar og sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

1. MÆLINGAR

Vegna uppfyllingar og sannprófunar á uppfyllingu, á viðeigandi kröfum þessarar reglugerðar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og gefa niðurstöður með lítilli óvissu.

Tölvur sem settar eru á markað án stýrikerfis sem getur stutt kerfi sem notar bætt samskipunar- og orkuskil (ACPI) eða sambærilegt kerfi, skulu prófaðar með stýrikerfi sem styður kerfi sem notar bætt samskipunar- og orkuskil (eða sambærilegt kerfi).

2. SANNPRÓFUNARAÐFERÐ

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar varðandi visthönnun í II. viðauka við þessa reglugerð.

E_{TEC}, dvali, þegar slökkt er og lægsta aflþarfarstilling:

2,1. Þar sem kröfur um aflþörf eru meiri en 1,00 W eða þar sem orkunotkunarkröfur settar fram sem heildarorkunotkun leiða til kröfu um aflþörf sem er meiri en 1,00 W í a.m.k. einum aflham skulu yfirvöld aðildarríkis prófa staka einingu sem hér segir:

Tegundarsamskipanin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í liðum 1.1, 1.2, 1.3, 1.4 og 2.3 í II. viðauka ef prófunarniðurstöður fyrir viðeigandi viðmiðunarmörk fara ekki yfir þau um meira en sem nemur 7%.

Tegundarsamskipanin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í lið 2.2 í II. viðauka ef prófunarniðurstöður fyrir viðeigandi viðmiðunarmörk fara ekki yfir þau um meira en sem nemur 7%. Heimilt er að bæta viðbótarheimild eins og um getur í lið 2.4 í II. viðauka við prófunarniðurstöðurnar ef tegundarsamskipanin er sett á markað með ræsingarvirkni yfir staðarnet virka í dvala. Prófa skal tegundarsamskipanina bæði með ræsingarvirknina yfir staðarnet virka og óvirka og hún verður að uppfylla báðar kröfurnar. Tegundarsamskipan sem sett er á markað án íðnetsvirkni skal prófuð án þess að ræsing yfir staðarnet sé virk.

Ef prófunarniðurstöðurnar sem um getur hér að ofan fást ekki, skal prófa þrjár einingar til viðbótar af sömu tegundarsamskipan.

Eftir að þrjá einingar til viðbótar af sömu tegund og samskipan hafa verið prófaðar, skal tegundarsamskipanin teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í liðum 1.1, 1.2, 1.3, 1.4, 2.2 og 2.3 í II. viðauka ef meðaltal prófunarniðurstaðanna fyrir síðarnefndu einingarnar þrjár, fer ekki yfir viðeigandi viðmiðunarmörk um meira en sem nemur 7%.

Ef prófunarniðurstöðurnar sem um getur hér að ofan fást ekki, skal tegundarsamskipanin og allar tegundir sem falla undir sömu vöruupplýsingar (sem um getur í liðum 7.1.2 og 7.3.2 í II. viðauka) ekki teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í liðum 1.1, 1.2, 1.3, 1.4, 2.2 og 2.3 í II. viðauka.

2,2. Að því er varðar aflþörf sem er 1,00 W eða minni skulu yfirvöld í aðildarríki prófa staka einingu sem hér segir:

Tegundarsamskipanin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í lið 3.1 í II. viðauka ef prófunarniðurstöður fyrir viðeigandi viðmiðunarmörk fara ekki yfir þau um meira en sem nemur 0,10 W. Heimilt er að bæta viðbótarheimild eins og um getur í lið 3.3 í II. viðauka við prófunarniðurstöðurnar ef tegundarsamskipanin er sett á markað með „upplýsinga- eða stöðuvísi“.

Tegundarsamskipanin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í lið 4.1 í II. viðauka ef prófunarniðurstöður fyrir viðeigandi viðmiðunarmörk fara ekki yfir þau um meira en sem nemur 0,10 W. Heimilt er að bæta viðbótarheimild eins og um getur í lið 4.3 í II. viðauka við prófunarniðurstöðurnar ef tegundarsamskipanin er sett á markað með ræsingarvirkni yfir staðarnet virka þegar slökkt er. Prófa skal tegundarsamskipanina bæði með ræsingarvirknina yfir staðarnet virka og óvirka og hún verður að uppfylla báðar kröfurnar. Tegundarsamskipan sem sett er á markað án íðnetsvirkni skal prófuð án þess að ræsing yfir staðarnet sé virk.

Ef prófunarniðurstöðurnar sem um getur hér að ofan fást ekki, skal prófa þrjár einingar til viðbótar af sömu tegundarsamskipan.

Eftir að þrjár einingar til viðbótar af sömu tegund og samskipan hafa verið prófaðar, skal tegundarsamskipanin teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í liðum 3.1 og 4.1 í II. viðauka ef meðaltal prófunarniðurstaðnanna fyrir síðarnefndu prófanirnar þrjár, fer ekki yfir viðeigandi viðmiðunarmörk um meira en sem nemur 0,10 W.

Ef prófunarniðurstöðurnar sem um getur hér að ofan fást ekki, skal tegundarsamskipanin og allar tegundir sem falla undir sömu vöruupplýsingar (sem um getur í liðum 7.1.2 og 7.3.2 í II. viðauka) ekki teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í liðum 3.1 og 4.1 í II. viðauka.

Orkunýtni innri aflgjafa

2,3. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu.

Tegundin skal teljast uppfylla ákvæðin sem sett eru fram í lið 5 í II. viðauka ef:

a) meðalgildið fyrir nýtni við álagsskilyrði eins og þau eru skilgreind í II. viðauka fari ekki meira en 2% niður fyrir gildandi viðmiðunarmörk fyrir meðalnýtni við álag og

b) meðalgildið fyrir aflstuðulinn eins og hann er skilgreindur í II. viðauka fari ekki meira en 10% niður fyrir gildandi viðmiðunarmörk fyrir aflstuðulinn.

Ef niðurstöðurnar sem um getur hér að ofan fást ekki skal prófa þrjár einingar til viðbótar af sömu tegund.

Þegar búið er að prófa þrjár einingar til viðbótar af sömu tegund telst tegundin uppfylla ákvæðin sem sett eru fram í lið 5 í II. viðauka að því tilskildu að:

a) meðaltal meðalgildis fyrir nýtni við álagsskilyrði eins og þau eru skilgreind í II. viðauka fari ekki meira en 2% niður fyrir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir meðalnýtni við álag og

b) meðalgildið fyrir aflstuðulinn eins og hann er skilgreindur í II. viðauka fari ekki meira en 10% niður fyrir gildandi viðmiðunarmörk fyrir aflstuðulinn.

Ef niðurstöðurnar sem um getur hér að ofan fást ekki, skal tegundarsamskipanin og allar tegundir sem falla undir sömu vöruupplýsingar (sem um getur í liðum 7.1.2 og 7.3.2 í II. viðauka) ekki teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í lið 5 í II. viðauka.

Virkjun orkustjórnunar

2,4. Að því er varðar kröfurnar sem settar eru fram í lið 6.1 í II. viðauka skulu yfirvöld aðildarríkis nota viðeigandi aðferð til að mæla aflþörf eftir að orkustjórnunarvirkni, eða sambærileg virkni, hefur skipt búnaðinum yfir í viðeigandi aflham.

2,5. Að því er varðar kröfurnar sem settar eru fram í liðum 6.2.1 til 6.2.6 í II. viðauka skulu yfirvöld aðildarríkis prófa staka einingu sem hér segir:

Tegundarsamskipanin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í lið 6.2.1 ef hraði allra virkra 1 gígabita á sekúndu (Gb/s) íðnetstenginga er lækkaður þegar borðtölva, sambyggð borðtölva eða fistölva skiptir yfir í dvala eða ham þar sem slökkt er með hamnum ræsing yfir staðarnet.

Tegundarsamskipanin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í lið 6.2.2 ef borðtölva, sambyggð borðtölva eða fistölva verður að fullu nothæf, þ.m.t. myndsetning allra tengdra skjáa, innan 5 sekúndna eftir að vakningaratburður er settur af stað þegar tölvan er í dvala.

Tegundarsamskipanin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í lið 6.2.3 ef skjár sem tengdur er við borðtölvu, sambyggða borðtölvu eða fistölvu fer í dvala innan 10 mínútna frá því að notandi aðhafðist eitthvað síðast.

Tegundarsamskipanin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í lið 6.2.4 ef hægt er að gera ræsingarvirkni yfir staðarnet í dvala og þegar slökkt er virka og óvirka.

Tegundarsamskipanin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í lið 6.2.5 ef borðtölva, sambyggð borðtölva eða fistölva fer í dvala innan 30 mínútna frá því að notandi aðhafðist eitthvað síðast.

Tegundarsamskipanin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í lið 6.2.6 ef notendur geta með auðveldum hætti gert þráðlausar nettengingar virkar og óvirkar og notendum er gefið skýrt til kynna með tákni, ljósi eða öðru sambærilegu, þegar þráðlaus nettenging eða nettengingar hafa verið gerðar virkar eða óvirkar.

Ef prófunarniðurstöðurnar sem um getur hér að ofan fást ekki, skal prófa þrjár einingar til viðbótar af sömu tegundarsamskipan.

Eftir að þrjár einingar til viðbótar af sömu tegund og samskipan hafa verið prófaðar, skal tegundarsamskipanin teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í liðum 6.2.1 til 6.2.6 í II. viðauka ef allar viðbótareiningarnar þrjár uppfylla kröfurnar.

Ef niðurstöðurnar sem um getur hér að ofan fást ekki, skal tegundarsamskipanin og allar tegundir sem falla undir sömu vöruupplýsingar (sem um getur í liðum 7.1.2 og 7.3.2 í II. viðauka) ekki teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í liðum 6.2.1 til 6.2.6 í II. viðauka.

Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal framleiðandi ekki nota þau sem leyfileg vikmörk fyrir gildin í tæknigögnunum til að ná því að uppfylla kröfurnar. Yfirlýst gildi skulu ekki vera hagstæðari fyrir framleiðandann en tilkynnt gildi í tækniskjölunum.

IV. VIÐAUKI

Leiðbeinandi viðmiðanir

Eftirfarandi leiðbeinandi viðmiðanir eru tilgreindar skv. 2. lið 3. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB.

Þær eiga við bestu, fáanlegu tækni þegar þessi reglugerð er samin.

Besta núverandi orkunýting tölva á markaðinum er:

— E_{TEC} mismunandi eftir flokki — sjá töflu hér á eftir,

— dvali 0,4 W,

— þegar slökkt er 0,0 W.

Tafla

E_{TEC} besta núverandi orkunýting

		E_{TEC} (kWh/ári)([1])
Borðtölva og sambyggð borðtölva	Flokkur A	33,4
	Flokkur B	28,7
	Flokkur C	75,8
	flokkur D	63,5
Fistölva	Flokkur A	10,9
	Flokkur B	18,1
	Flokkur C	26,3

([1]) Nýjustu upplýsingar frá 20. mars 2012.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 665/2013 **2016/EES/05/41**

frá 3. maí 2013

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar ryksugna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum auðföngum ([1]), einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2010/30/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin samþykki framseldar gerðir að því er varðar merkingar orkutengdra vara sem hafa umtalsverða möguleika á orkusparnaði og þar sem mikils misræmis gætir í nothæfisstigi með sambærilega virkni.

2) Orkunotkun ryksugna til heimilisnota er verulegur hluti af heildarorkuþörf í Sambandinu. Unnt er að draga verulega úr orkunotkun ryksugna.

3) Vatnsryksugur, vatns- og þurrryksugur, ryksuguvélmenni, iðnaðarryksugur, miðlægar ryksugur, rafhlöðuknúnar ryksugur, bónvélar og utanhússryksugur hafa sérstaka eiginleika og skulu þær því undanþegnar gildissviði þessarar reglugerðar.

4) Upplýsingarnar sem tilgreindar eru á merkimiðanum skulu fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópskum staðlastofnunum, sem taldar eru upp í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun ([2]).

5) Í þessari reglugerð skal tilgreina samræmda hönnun og innihald merkimiðans fyrir ryksugur.

6) Auk þess skal í þessari reglugerð tilgreina kröfur um tæknigögn og upplýsingablað um ryksugur.

7) Enn fremur ber að tilgreina í þessari reglugerð kröfur um upplýsingar sem veita skal vegna hvers konar fjarsölu, auglýsinga og tæknilegs kynningarefnis um ryksugur.

8) Rétt þykir að kveða á um endurskoðun á ákvæðum þessarar reglugerðar með tilliti til tækniframfara,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar kröfur um merkingar og veitingu viðbótarvöruupplýsinga um ryksugur sem nota rafmagn, þ.m.t. fjölknúnar ryksugur.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) vatnsryksugur, vatns- og þurrryksugur, rafhlöðuknúnar ryksugur, ryksuguvélmenni, iðnaðarryksugur eða miðlægar ryksugur,

b) bónvélar,

c) utanhússryksugur.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar, sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2010/30/ESB, er í þessari reglugerð merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „ryksuga“: tæki sem fjarlægir óhreinindi af yfirborði, sem á að hreinsa, með loftstreymi, sem verður til fyrir tilstilli undirþrýstings, sem myndast inni í tækinu,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 307/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12.

2) „fjölknúin ryksuga“: ryksuga sem getur gengið bæði fyrir rafmagni og rafhlöðum,

3) „vatnsryksuga“: ryksuga sem fjarlægir þurrt og/eða blautt efni (óhreinindi) frá yfirborðinu með því að nota þvotta- og hreinsiefni, sem er að stofni til úr vatni, eða gufu á yfirborðið sem á að hreinsa og sem fjarlægir þvotta- og hreinsiefnið eða gufuna og óhreinindin með loftstreymi, sem verður til fyrir tilstilli undirþrýstings, sem myndast inni í tækinu, þ.m.t. ryksugutegundir sem eru almennt þekktar sem úðasogsryksugur (e. *spray-extraction vacuum cleaners*),

4) „vatns- og þurrryksuga“: ryksuga sem er hönnuð til að fjarlægja meira en 2,5 lítra af vökva og sem hefur auk þess sömu virkni og þurrryksuga,

5) „þurrryksuga“: ryksuga sem er hönnuð til að fjarlægja óhreinindi sem eru aðallega þurrefni (ryk, trefjar, þræðir), þ.m.t. tegundir sem hafa ryksuguhaus með rafhlöðuknúnum bursta (e. *battery operated active nozzle*),

6) „ryksuguhaus með rafhlöðuknúnum bursta“: ryksuguhaus með bursta sem er knúinn rafhlöðum og bætir uppsog óhreininda,

7) „rafhlöðuknúin ryksuga“: ryksuga sem gengur aðeins fyrir rafhlöðum,

8) „ryksuguvélmenni“: rafhlöðuknúin ryksuga, sem getur unnið án mannlegrar íhlutunar innan afmarkaðs svæðis og sem samanstendur af hreyfanlegum hluta og hleðslustöð og/eða öðrum fylgihlutum til að auðvelda notkun hennar,

9) „iðnaðarryksuga“: ryksuga, sem er hönnuð til að vera hluti af framleiðsluferli, hönnuð til að hreinsa upp hættuleg efni, hönnuð til að hreinsa upp þungt ryk sem til fellur frá byggingar-, málmsteypu-, námu- eða matvælaiðnaðinum, eða sem er hönnuð sem hluti af iðnaðarvél eða -tæki og/eða er ryksuga til nota í atvinnuskyni, með bursta sem er yfir 0,50 m á breidd,

10) „ryksuga til nota í atvinnuskyni“: ryksuga sem er ætluð til faglegra hreingerninga og sem ætlast er til að allir geti notað, þ.m.t. starfsfólk eða verktakar sem sjá um ræstingar á skrifstofum, í verslunum, á sjúkrahúsum og á hótelum, og sem framleiðandinn hefur lýst yfir sem slíka í samræmisyfirlýsingunni samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB ([3]),

11) „miðlæg ryksuga“: ryksuga með fastan undirþrýstingsgjafa (ekki færanlegan) og með tengi fyrir ryksugubarka á ákveðnum stöðum í byggingunni,

12) „bónvél“: rafknúið tæki sem er hannað til að verja, slípa og/eða fægja tilteknar gerðir gólfa, yfirleitt notað með bónefni, sem búnaðurinn ber á gólfið, og hefur yfirleitt þá viðbótarvirkni að vera ryksuga,

13) „utanhússryksuga“: tæki sem er hannað til nota utanhúss til að taka upp rusl, s.s. slegið gras og laufblöð, í söfnunarílát með loftstreymi, sem verður til fyrir tilstilli undirþrýstings, sem myndast inni í tækinu og sem getur verið með tætara og einnig virkað sem blásari,

14) „rafhlöðuknúin ryksuga í fullri stærð“: rafhlöðuknúin ryksuga sem getur, þegar hún er fullhlaðin, hreinsað 15 m^2 gólfflöt með tveimur tvöföldum strokum yfir alla hluta gólfsins án þess að endurhleðslu sé þörf,

15) „ryksuga með vatnssíu“: þurrryksuga sem notar meira en 0,5 lítra af vatni sem aðalsíu þar sem sogloftinu er þrýst í gegnum vatnið, sem fangar rykið sem sogað var upp, og bindur það vatninu,

16) „heimilisryksuga“: ryksuga sem er ætluð til heimilisnota og sem framleiðandinn hefur lýst yfir sem slíka í samræmisyfirlýsingu sinni samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/95/EB ([4]),

17) „alhliðaryksuga“: ryksuga sem hefur fastan ryksuguhaus, eða a.m.k. einn lausan ryksuguhaus, sem er hannaður til að þrífa bæði teppi og hörð gólfefni, eða sem hefur a.m.k. einn lausan ryksuguhaus, sem er hannaður sérstaklega til að þrífa teppi, og a.m.k. einn lausan ryksuguhaus til að þrífa hörð gólfefni,

18) „ryksuga fyrir hörð gólfefni“: ryksuga sem hefur fastan ryksuguhaus, sem er hannaður sérstaklega til að þrífa hörð gólfefni, eða hefur aðeins einn eða fleiri lausa ryksuguhausa, sem eru sérstaklega hannaðir til að þrífa hörð gólfefni,

19) „tepparyksuga“: ryksuga sem hefur fastan ryksuguhaus, sem er hannaður sérstaklega til að þrífa teppi, eða hefur aðeins einn eða fleiri lausa ryksuguhausa, sem eru sérstaklega hannaðir til að þrífa teppi,

20) „sambærileg ryksuga“: tegund ryksugu sem sett er á markað með sama innafl, árlega orkunotkun, rykupptöku á teppum og hörðum gólfefnum, ryklosun og hljóðaflsstig og önnur tegund ryksugu sem sami framleiðandi setur á markað undir öðru viðskiptakenninúmeri.

3. gr.

Ábyrgð birgja og tímaáætlun

1. Birgjar skulu sjá til þess að frá 1. september 2014:

a) sé hver ryksuga afhent með prentuðum miða á því sniði og með þeim upplýsingum sem settar eru fram í I. viðauka,

([3]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24.

([4]) Stjtíð. ESB L 374, 27.12.2006, bls. 10.

b) sé vöruupplýsingablað, eins og segir í III. viðauka, gert aðgengilegt,

c) séu tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í III. viðauka, gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni sé þess óskað,

d) innihaldi allar auglýsingar fyrir sérstaka tegund ryksugu orkunýtniflokkinn, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,

e) innihaldi allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar sérstaka tegund ryksugu og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra, orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

2. Snið merkimiða sem sett er fram í II. viðauka gildir samkvæmt eftirfarandi tímaáætlun:

a) merkimiðar ryksugna, sem settar eru á markað frá 1. september 2014, skulu vera í samræmi við merkimiða 1 í II. viðauka,

b) merkimiðar ryksugna, sem settar eru á markað frá 1. september 2017, skulu vera í samræmi við merkimiða 2 í II. viðauka.

4. gr.

Ábyrgð seljenda

Seljendur skulu sjá til þess að frá 1. september 2014:

a) beri hver tegund sem sýnd er á sölustað merkimiða frá birgjum í samræmi við 3. gr. utan á framhlið tækisins eða ofan á því, þannig að hann sjáist greinilega,

b) séu ryksugur sem boðnar eru til sölu, leigu eða kaupleigu þar sem ekki er við því að búast að endanlegir notendur geti séð vöruna, eins og tilgreint er í 7. gr. tilskipunar 2010/30/ESB, markaðssettar með þeim upplýsingum sem birgjar veita í samræmi við V. viðauka þessarar reglugerðar,

c) innihaldi allar auglýsingar fyrir sérstaka tegund ryksugu tilvísun í orkunýtniflokk, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,

d) innihaldi allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar sérstaka tegund ryksugu og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra, tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

5. gr.

Mæliaðferðir

Upplýsingarnar sem veita ber skv. 3. og 4. gr. skulu fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæli- og útreikningsaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæli- og útreikningsaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, eins og sett er fram í VI. viðauka.

6. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríki skulu beita málsmeðferðinni sem sett er fram í VII. viðauka við mat á samræmi tilgreinds orkunýtniflokks, hreinsihæfniflokks, ryklosunarflokks, árlegrar orkunotkunar og hljóðaflsstigs.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara eigi síðar en fimm árum eftir að hún öðlast gildi. Við endurskoðunina skal einkum meta vikmörk sannprófananna sem sett eru fram í VII. viðauka, hvort fella skuli rafhlöðuknúnar ryksugur í fullri stærð undir gildissvið þessarar reglugerðar og hvort gerlegt sé að nota mæliaðferðir fyrir árlega orkunotkun, rykupptöku og ryklosun, sem eru byggðar á mælingu með rykgeymi sem er fylltur að hluta til fremur en með tómum rykgeymi.

8. gr.

Umbreytingarákvæði

Þessi reglugerð gildir um ryksugur með vatnssíu frá og með 1. september 2017.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Orkunýtni-, hreinsihæfni- og ryklosunarflokkar

1. **Orkunýtniflokkar**

Orkunýtniflokkur ryksugu skal ákvarðaður í samræmi við árlega orkunotkun hennar eins og fram kemur í töflu 1. Árleg orkunotkun ryksugu skal ákvörðuð í samræmi við VI. viðauka.

Tafla 1

Orkunýtniflokkar

Orkunýtniflokkur	Árleg orkunotkun (*AE*) [kWh/ári]	
	Merkimiði 1	Merkimiði 2
A+++	Á ekki við	$AE \leq 10{,}0$
A++	Á ekki við	$10{,}0 < AE \leq 16{,}0$
A+	Á ekki við	$16{,}0 < AE \leq 22{,}0$
A	$AE \leq 28{,}0$	$22{,}0 < AE \leq 28{,}0$
B	$28{,}0 < AE \leq 34{,}0$	$28{,}0 < AE \leq 34{,}0$
C	$34{,}0 < AE \leq 40{,}0$	$34{,}0 < AE \leq 40{,}0$
D	$40{,}0 < AE \leq 46{,}0$	$AE > 40{,}0$
E	$46{,}0 < AE \leq 52{,}0$	Á ekki við
F	$52{,}0 < AE \leq 58{,}0$	Á ekki við
G	$AE > 58{,}0$	Á ekki við

2. **Hreinsihæfniflokkar**

Ákvarða skal hreinsihæfniflokk ryksugu í samræmi við rykupptöku (*dpu*) hennar eins og fram kemur í töflu 2. Rykupptaka ryksugu skal ákvörðuð í samræmi við VI. viðauka.

Tafla 2

Hreinsihæfniflokkar

Hreinsihæfniflokkur	Rykupptaka á teppi (dpu_c)	Rykupptaka á hörðu gólfefni (dpu_{hf})
A	$dpu_c \geq 0{,}91$	$dpu_{hf} \geq 1{,}11$
B	$0{,}87 \leq dpu_c < 0{,}91$	$1{,}08 \leq dpu_{hf} < 1{,}11$
C	$0{,}83 \leq dpu_c < 0{,}87$	$1{,}05 \leq dpu_{hf} < 1{,}08$
D	$0{,}79 \leq dpu_c < 0{,}83$	$1{,}02 \leq dpu_{hf} < 1{,}05$
E	$0{,}75 \leq dpu_c < 0{,}79$	$0{,}99 \leq dpu_{hf} < 1{,}02$
F	$0{,}71 \leq dpu_c < 0{,}75$	$0{,}96 \leq dpu_{hf} < 0{,}99$
G	$dpu_c < 0{,}71$	$dpu_{hf} < 0{,}96$

3. Ryklosun

Ákvarða skal ryklosunarflokk ryksugu í samræmi við ryklosun hennar eins og fram kemur í töflu 3. Ryklosun ryksugu skal ákvörðuð í samræmi við VI. viðauka.

Tafla 3

Ryklosunarflokkar

Ryklosunarflokkur	Ryklosun (*dre*)
A	$dre \leq 0{,}02\%$
B	$0{,}02\% < dre \leq 0{,}08\%$
C	$0{,}08\% < dre \leq 0{,}20\%$
D	$0{,}20\% < dre \leq 0{,}35\%$
E	$0{,}35\% < dre \leq 0{,}60\%$
F	$0{,}60\% < dre \leq 1{,}00\%$
G	$dre > 1{,}00\%$


II. VIÐAUKI

Merkimiðinn

1. MERKIMIÐI 1

1.1. **Alhliðaryksugur**

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:



I, II

III

IV

V, VIII

VI, VII

I. Nafn eða vörumerki birgis.

II. Tegundarauðkenni birgis, þar sem „tegundarauðkenni“ merkir kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund ryksugu frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis.

III. Orkunýtniflokkur eins og hann er skilgreindur í I. viðauka, örvaroddurinn sem sýnir orkunýtniflokk ryksugunnar skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á

IV. Árleg meðalorkunotkun, eins og skilgreint er í VI. viðauka.

V. Ryklosunarflokkur, ákvarðaður í samræmi við I. viðauka.


VI. Hreinsihæfniflokkur fyrir teppi, ákvarðaður í samræmi við I. viðauka.

VII. Hreinsihæfniflokkur fyrir hörð gólfefni, ákvarðaður í samræmi við I. viðauka.

VIII. Hljóðaflsstig, eins og það er skilgreint í VI. viðauka.

Hönnun merkimiðanna skal vera í samræmi við lið 4.1 í þessum viðauka. Þrátt fyrir þetta má bæta afriti af umhverfismerki ESB við hafi tegund verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 ([5]).

1.2. **Ryksugur fyrir hörð gólfefni**



I, II

III

IV

V, VIII

VI, VII

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. Nafn eða vörumerki birgis.

II. Tegundarauðkenni birgis, þar sem „tegundarauðkenni“ merkir kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund ryksugu frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis.

III. Orkunýtniflokkur eins og hann er skilgreindur í I. viðauka, örvaroddurinn sem sýnir orkunýtniflokk ryksugunnar skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á

([5]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

IV. Árleg meðalorkunotkun, eins og skilgreint er í VI. viðauka.

V. Ryklosunarflokkur, ákvarðaður í samræmi við I. viðauka.


VI. Tákn fyrir óviðeigandi notkun.

VII. Hreinsihæfniflokkur fyrir hörð gólfefni, ákvarðaður í samræmi við I. viðauka.

VIII. Hljóðaflsstig, eins og það er skilgreint í VI. viðauka.

Hönnun merkimiðanna skal vera í samræmi við lið 4.2 í þessum viðauka. Þrátt fyrir þetta má bæta afriti af umhverfismerki ESB við hafi tegund verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010.

1.3. **Tepparyksugur**



I, II

III

IV

V, VIII

VI, VII

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. Nafn eða vörumerki birgis.

II. Tegundarauðkenni birgis, þar sem „tegundarauðkenni“ merkir kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund ryksugu frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis.

III. Orkunýtniflokkur eins og hann er skilgreindur í I. viðauka, örvaroddurinn sem sýnir orkunýtniflokk ryksugunnar skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á

IV. Árleg meðalorkunotkun, eins og skilgreint er í VI. viðauka.

V. Ryklosunarflokkur, ákvarðaður í samræmi við I. viðauka.

VI. Hreinsihæfniflokkur fyrir teppi, ákvarðaður í samræmi við I. viðauka.


VII. Tákn fyrir óviðeigandi notkun.

VIII. Hljóðaflsstig, eins og það er skilgreint í VI. viðauka.

Hönnun merkimiðanna skal vera í samræmi við lið 4.3 í þessum viðauka. Þrátt fyrir þetta má bæta afriti af umhverfismerki ESB við hafi tegund verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010.

2. MERKIMIÐI 2

2.1. **Alhliðaryksugur**



I, II

III

IV


V, VIII

VI, VII

Upplýsingarnar sem taldar eru upp í lið 1.1 skulu koma fram á þessum merkimiða.

Hönnun merkimiðanna skal vera í samræmi við lið 4.1 í þessum viðauka. Þrátt fyrir þetta má bæta afriti af umhverfismerki ESB við hafi tegund verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010.

2.2. **Ryksugur fyrir hörð gólfefni**



I, II

III

IV


V, VIII

VI, VII

Upplýsingarnar sem taldar eru upp í lið 1.2 skulu koma fram á þessum merkimiða.

Hönnun merkimiðanna skal vera í samræmi við lið 4.2 í þessum viðauka. Þrátt fyrir þetta má bæta afriti af umhverfismerki ESB við hafi tegund verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010.

2.3. **Tepparyksugur**



I, II

III

IV

V, VIII


VI, VII

Upplýsingarnar sem taldar eru upp í lið 1.3 skulu koma fram á þessum merkimiða.

Hönnun merkimiðanna skal vera í samræmi við lið 4.3 í þessum viðauka. Þrátt fyrir þetta má bæta afriti af umhverfismerki ESB við hafi tegund verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010.

3. HÖNNUN MERKIMIÐA

3.1. Hönnun merkimiða fyrir alhliðaryksugur skal vera eftirfarandi:



Þar sem:

a) merkimiðinn skal vera minnst 75 mm á breidd og 150 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan,

b) bakgrunnurinn skal vera hvítur,

c) notuð er CMYK-litaskipan — blár, blárauður, gulur og svartur — í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur,

d) merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammastrik merkimiða ESB:** 3,5 pt – litur: blár 100% – rúnnuð horn: 2,5 mm.

❷ **Kennimerki ESB: Litir:** X-80-00-00 og 00-00-X-00.

❸ **Orkukennimerki:** Litur: X-00-00-00. Skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkukennimerki: breidd: 62 mm, hæð 12 mm.

❹ **Lína undir kennimerki:** 1 pt — litur: blár 100% – lengd: 62 mm.

❺ **Kvarði frá A-G og A+++ - D:**

— **Ör:** hæð: 6 mm, bil: 1 mm — litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00.

– **Texti:** Feitt 13 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit.

❻ **Orkunýtniflokkur**

— **Ör:** breidd: 17 mm, hæð: 9 mm, 100% svört.

— **Texti:** Feitt, 18,5 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; '+' tákn: Feitt, 11 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.

❼ **Orka**

— **Texti:** Hefðbundið, 6 pt Calibri-letur með hástöfum, í svörtum lit.

❽ **Árleg orkunotkun í kWh/ á ári:**

— **Gildi „YZ“:** Feitt 20 pt Calibri-letur, 100% svart,

— **„kWh/á ári“:** Feitt 12 pt Calibri-letur, 100% svart.

❾ **Hreinsihæfni á teppi:**

— **Rammi:** 1,5 pt – litur: blár 100% – rúnnuð horn: 2,5 mm;

— **Bókstafir:** Hefðbundið 13,5 pt Calibri-letur, 100% svart og feitt 18 pt Calibri-letur, 100% svart.

❿ **Hreinsihæfni á hörðu gólfefni:**

— **Rammi:** 1,5 pt – litur: blár 100% – rúnnuð horn: 2,5 mm;

— **Bókstafir:** Hefðbundið 13,5 pt Calibri-letur, 100% svart og feitt 18 pt Calibri-letur, 100% svart.

⓫ **Ryklosun**

— **Rammi:** 1,5 pt – litur: blár 100% – rúnnuð horn: 2,5 mm;

— **Bókstafir:** Hefðbundið 13,5 pt Calibri-letur, 100% svart og feitt 18 pt Calibri-letur, 100% svart.

⓬ **Hljóðaflsstig:**

— **Rammi:** 1,5 pt – litur: blár 100 % – rúnnuð horn: 2,5 mm;

— **Gildi:** Feitt 16 pt Calibri-letur, 100% svart,

— **„dB“:** Hefðbundið 11 pt Calibri-letur 100% svart.

13 **Nafn eða vörumerki birgis**


14 **Tegundarauðkenni birgis**

15 Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 62 x 10 mm rými

16 **Númer reglugerðar og merkimiða:**

— **Texti:** Feitt 8 pt Calibri-letur.

3.2. Hönnun merkimiða fyrir ryksugur fyrir hörð gólfefni skal vera eftirfarandi:




Þar sem:

Hönnun merkimiðans skal vera í samræmi við lið 4.1 í þessum viðauka nema nr. 9 þar sem eftirfarandi á við:

❾ **Hreinsihæfni á teppi:**

— **Tákn fyrir óviðeigandi notkun:** rammi 3 pt – litur: 00-X-X-00 (100% rauður) – þvermál 16 mm.

3.3. Hönnun merkimiða fyrir tepparyksugur skal vera eftirfarandi:



Þar sem:

Hönnun merkimiðans skal vera í samræmi við lið 4.1 í þessum viðauka nema nr. 10 þar sem eftirfarandi á við:

❿ **Hreinsihæfni á hörðu gólfefni:**

— **Tákn fyrir óviðeigandi notkun:** rammi 3 pt – litur: 00-X-X-00 (100% rauður) – þvermál 16 mm.

III. VIÐAUKI

Upplýsingablað

1. Upplýsingarnar á vöruupplýsingablaðinu um ryksuguna skulu veittar í eftirfarandi röð og skulu koma fram í kynningarritum fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni:

   a) nafn eða vörumerki birgis,

   b) tegundarauðkenni birgis, þ.e. kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund ryksugu frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis,

   c) hreinsihæfniflokkur fyrir teppi, ákvarðaður í samræmi við I. viðauka,

   d) árleg orkunotkun í kWh/á ári, námunduð með einum aukastaf, eins og skilgreint er í VI. viðauka, og skal henni lýst sem: „Leiðbeinandi árleg orkunotkun (kWh á ári), á grunni 50 hreinsana með ryksugu. Raunorkunotkun á ári fer eftir því hvernig tækið er notað.“,

   e) fyrir alhliðaryksugur og teppparyksugur: hreinsihæfniflokkur fyrir teppi, sem ákvarðaður er í samræmi við I. viðauka. fyrir ryksugur fyrir hörð gólfefni: yfirlýsingin „meðfylgjandi ryksuguhaus hentar ekki til notkunar á teppi“,

   f) fyrir alhliðaryksugur og ryksugur fyrir hörð gólfefni: hreinsihæfniflokkur fyrir hörð gólfefni, sem ákvarðaður er í samræmi við I. viðauka. fyrir teppparyksugur: yfirlýsingin „meðfylgjandi ryksuguhaus hentar ekki til notkunar á hörð gólfefni“,

   g) ryklosunarflokkur, ákvarðaður í samræmi við I. viðauka,

   h) hljóðaflsstig, eins og það er skilgreint í VI. viðauka,

   i) málinnafl, eins og það er skilgreint í VI. viðauka,

   j) ef ryksugunni hefur verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010, mega þessar upplýsingar koma fram.

2. Eitt upplýsingablað getur náð yfir margar tegundir ryksugna frá sama birgi.

3. Upplýsingarnar á upplýsingablaðinu má veita með því að afrita merkimiðann, annaðhvort í lit eða í svart-hvítu. Þar sem sú er raunin skal einnig veita upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. lið og koma ekki fram á merkimiða.

IV. VIÐAUKI

Tæknigögn

1. Tæknigögnin sem um getur í 3. gr. skulu innihalda:

   a) nafn og heimilisfang birgis,

   b) almenna lýsingu á tegund og/eða gerð ryksugu og/eða viðskiptakenninúmeri þannig að hana megi sanngreina auðveldlega og án nokkurs vafa,

   c) ef við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,

   d) eftir því sem við á, aðra tæknistaðla og -forskriftir sem notast er við,

   e) auðkenni og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn,

   f) tæknilega mæliþætti sem eru mældir og reiknaðir út í samræmi við VI.° viðauka:

      i. sértæk orkunotkun meðan á prófun á teppi stendur, ef við á,

      ii. sértæk orkunotkun meðan á prófun á hörðu gólfefni stendur, ef við á,

      iii. rykupptaka á teppi og á hörðu gólfefni, eftir því sem við á,

      iv. ryklosun,

      v. hljóðaflsstig,

      vi. málinnafl,

      vii. sértæk gildi, sem um getur í 3. og 4. lið VI. viðauka, eftir því sem við á.

   g) niðurstöður útreikninga í samræmi við VI. viðauka.

2. Þegar upplýsinganna í tæknigögnum tiltekinnar tegundar af ryksugu hefur verið aflað með útreikningi á grundvelli annarrar sambærilegrar ryksugu skulu gögnin innihalda upplýsingar um slíka útreikninga og prófanir sem framleiðendur hafa gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna sem gerðir hafa verið. Tækniupplýsingarnar skulu einnig innihalda skrá yfir allar aðrar tegundir ryksugna þar sem upplýsinganna hefur verið aflað á sama grunni.

3. Upplýsingarnar í tæknigögnunum má sameina tæknigögnum sem veitt eru í samræmi við ráðstafanir samkvæmt tilskipun 2009/125/EB.

V. VIÐAUKI

Upplýsingar sem skulu veittar þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna

1. Upplýsingarnar sem um getur í b-lið 4. gr. skulu veittar í eftirfarandi röð:

   a) hreinsihæfniflokkur fyrir teppi, ákvarðaður í samræmi við I. viðauka,

   b) árleg meðalorkunotkun, eins og skilgreint er í VI. viðauka

   c) fyrir alhliðaryksugur og tepparyksugur: hreinsihæfniflokkur fyrir teppi, sem ákvarðaður er í samræmi við I. viðauka. fyrir ryksugur fyrir hörð gólfefni: yfirlýsingin „hentar ekki til notkunar á teppi“,

   d) fyrir alhliðaryksugur og ryksugur fyrir hörð gólfefni: hreinsihæfniflokkur fyrir hörð gólfefni, sem ákvarðaður er í samræmi við I. viðauka. fyrir tepparyksugur: yfirlýsingin „hentar ekki til notkunar á hörð gólfefni“,

   e) ryklosunarflokkur, ákvarðaður í samræmi við I. viðauka,

   f) hljóðaflsstig, eins og það er skilgreint í VI. viðauka.

2. Ef veittar eru frekari upplýsingar, sem er að finna í vöruupplýsingablaðinu, skulu þær veittar með þeim hætti og í þeirri röð sem tilgreind er í III. viðauka.

3. Upplýsingarnar sem um getur í þessum viðauka skulu prentaðar eða sýndar með leturgerð sem er nægilega stór til að vera læsileg.

VI. VIÐAUKI

Aðferðir við mælingar og útreikninga

1. Til þess að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og sannprófa að þær hafi verið uppfylltar skulu mælingar og útreikningar gerð með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum aðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndra mæli- og útreikningsaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. samhæfðum, stöðlum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Tæknilegar skilgreiningar, skilyrði, jöfnur og mæliþættir, sem sett eru fram í þessum viðauka, skulu uppfyllt.

2. **Tæknilegar skilgreiningar**

a) „prófun á hörðu gólfefni“: prófun sem samanstendur af tveimur hreinsunarlotum þar sem ryksuguhaus, sem vinnur á mesta sogaflinu, fer yfir prófunarsvæði sem samanstendur af prófunarplötu úr viði, sem er jafn breið og ryksuguhausinn og af hæfilegri lengd, með prófunarrauf (e. *test crevice*) sem staðsett er skáhalt (45°) á prófunarsvæðinu, þar sem liðinn tími, rafmagnsnotkun og hlutfallsleg staða ryksuguhaussins (mælt frá miðpunkti hans) á prófunarsvæðinu eru stöðugt mæld og skráð með hæfilegu millibili og við lok hverrar hreinsunarlotu er massatap prófunarraufarinnar metið á viðeigandi hátt,

b) „prófunarrauf“ (e. *test crevice*): laust U-laga innskot af viðeigandi stærð sem er fyllt í upphafi hreinsunarlotu með viðeigandi, tilbúnu ryki,

c) „prófun á teppi“: prófun sem samanstendur af viðeigandi fjölda hreinsunarlotna á prófunarbúnaði með Wilton-teppi þar sem ryksuguhaus, sem vinnur á mesta sogaflinu, fer yfir prófunarsvæðið, sem er jafn breitt og ryksuguhausinn og af hæfilegri lengd og hefur prófunarryki af viðeigandi samsetningu verið dreift jafnt yfir svæðið og þrýst hæfilega niður, þar sem liðinn tími, rafmagnsnotkun og hlutfallsleg staða ryksuguhaussins (mælt frá miðpunkti hans) á prófunarsvæðinu eru stöðugt mæld og skráð með hæfilegu millibili og við lok hverrar hreinsunarlotu er massaaukning í rykgeymi ryksugunnar metin á viðeigandi hátt.

d) „breidd ryksuguhauss“: hámarksbreidd ryksuguhaussins (ytra mál), gefin upp í metrum, með nákvæmni upp á þrjá aukastafi,

e) „hreinsunarlota“: fimm tvöfaldar strokur ryksugunnar yfir prófunarsvæði með sérstöku gólfefni („teppi “eða „hart gólfefni“),

f) „tvöföld stroka“: ein samhliða og jöfn hreyfing ryksuguhaussins fram á við og aftur til baka, sem framkvæmd er með samræmdum strokprófunarhraða og tilgreindri strokprófunarlengd,

g) „strokprófunarhraði“: viðeigandi hraði ryksuguhaussins við prófun, mældur í m/h, þar sem rafvélrænn stjórnbúnaður á helst að sjá um hreyfinguna. Reyna skal að láta vörur með sjálfknúinn ryksuguhaus komast eins nálægt og mögulegt er viðeigandi hraða, en frávik eru heimil þegar slíkt kemur skýrt fram í tæknigögnunum,

h) „lengd prófunarstroku“: lengd prófunarsvæðis, mæld í metrum, ásamt þeirri vegalengd sem miðpunktur ryksuguhaussins er dreginn þegar hann fer yfir viðeigandi hröðunarsvæði fyrir framan prófunarsvæðið og aftan við það,

i) „rykupptaka“ (e. *dust pick up* (dpu)): hlutfall tilgreint með nákvæmni upp á þrjá aukastafi, annars vegar milli massa þess tilbúna ryks sem sogað var upp, sem ákvarðað er fyrir teppi með massaaukningu rykgeymisins og fyrir hörð gólfefni með massatapi prófunarraufarinnar, eftir margar tvöfaldar strokur ryksuguhaussins, og hins vegar massa þess tilbúna ryks sem upphaflega var komið fyrir á prófunarsvæði, leiðrétt fyrir tilteknum prófunarskilyrðum ef um er að ræða teppi og leiðrétt fyrir lengd og staðsetningu prófunarraufarinnar ef um er að ræða hörð gólfefni,

j) „viðmiðunarryksugukerfi“ (e. *reference vacuum cleaner system*): rafknúinn búnaður fyrir rannsóknarstofur sem notaður er til að mæla rykupptöku á teppi, sem hefur verið kvörðuð og notuð er til viðmiðunar, með mæliþáttum sem gefnir eru upp fyrir loft til að bæta samanburðarnákvæmni prófunarniðurstaðna,

k) „málinnafl“: rafinnafl sem framleiðandi gefur upp sem W, og hvað varðar tæki, sem einnig er hægt að nota til annars en að ryksuga, gildir aðeins rafinnaflið sem þarf til að ryksuga,

l) „ryklosun“ (e. *dust re-emission*): hlutfallið, gefið upp sem hundraðshluti með nákvæmni upp á tvo aukastafi, milli fjölda allra rykagna í stærð frá 0,3 μm til 10 μm sem ryksuga sleppir frá sér og fjölda allra rykagna í sömu agnastærð, sem koma inn í soginntakið þegar ryksugan er mötuð með ákveðnu magni af ögnum af þessari stærð. Til þessa gildis telst ekki aðeins rykið sem mælt er við úttak ryksugunnar heldur einnig ryk sem sleppur út annars staðar frá, annaðhvort vegna leka eða vegna rykmyndunar í ryksugunni sjálfri.

m) „hljóðaflsstig“: hávaðamengun sem berst í lofti, gefin upp í dB(A) re 1 pW og námunduð að næstu heilu tölu.

3. **Árleg orkunotkun**

Árleg orkunotkun *AE* er reiknuð í kWh/ári og námunduð með einum aukastaf sem hér segir:

að því er varðar tepparyksugur:

$$AE_c = 4 \times 87 \times 50 \times 0{,}001 \times ASE_c \times \left(\frac{1 - 0{,}20}{dpu_c - 0{,}20} \right)$$

að því er varðar ryksugur fyrir hörð gólfefni:

$$AE_{hf} = 4 \times 87 \times 50 \times 0{,}001 \times ASE_{hf} \times \left(\frac{1 - 0{,}20}{dpu_{hf} - 0{,}20} \right)$$

að því er varðar alhliðaryksugur:

$$AE_{gp} = 0{,}5 \times AE_c + 0{,}5 \times AE_{hf}$$

Þar sem:

— ASE_c er meðaltal sértækrar orkunotkunar, gefið upp í Wh/m^2, við prófun á teppi, reiknað eins og tilgreint er hér að neðan,

— ASE_{hf} er meðaltal sértækrar orkunotkunar, gefið upp í Wh/m^2, við prófun á hörðu gólfefni, reiknað eins og tilgreint er hér að neðan,

— dpu_c er rykupptaka á teppi, ákvörðuð í samræmi við 4. lið þessa viðauka,

— dpu_{hf} er rykupptaka á hörðu gólfefni, ákvörðuð í samræmi við 4. lið þessa viðauka,

— 50 er staðalgildið fyrir árlegan fjölda hreinsana með ryksugu,

— 87 er staðalgildið fyrir flatarmál húsnæðis sem á að þrífa, gefið upp í m^2,

— 4 er staðalgildið fyrir fjölda skipta sem ryksuga fer yfir hvern hluta gólfflatarins (tvær tvöfaldar strokur),

— 0,001 er breytistuðullinn frá Wh í kWh,

— 1 er staðalgildið fyrir rykupptöku,

— 0,20 er staðalgildið fyrir mismuninn milli rykupptöku eftir annars vegar fimm og hins vegar eftir tvær tvöfaldar strokur.

Meðaltal sértækrar orkunotkunar (ASE)

Meðaltal sértækrar orkunotkunar við prófun á teppi (ASE_c) og við prófun á hörðu gólfefni (ASE_{hf}) skal ákvarðað sem meðaltal sértækrar orkunotkunar við fjölda hreinsunarlotna, sem prófun samanstendur af annars vegar á teppi og hins vegar á hörðu gólfefni. Almenna jafnan, sem nota skal til að reikna út sértæka orkunotkun *SE* fyrir tepparyksugur, ryksugur fyrir hörð gólfefni og alhliðaryksugur í Wh á hvern fermetra (m^2) prófunarsvæðis með viðeigandi viðskeytum og með nákvæmni upp á þrjá aukastafi, er eftirfarandi:

$$SE = \frac{(P + NP) \times t}{A}$$

Þar sem:

— *P* er meðalafl í W, með nákvæmi upp á tvo aukastafi, á þeim tíma innan hreinsunarlotu þegar miðpunktur ryksuguhaussins fer yfir prófunarsvæðið,

— *NP* er meðaltal jafngilds afls í W, með nákvæmni upp á tvo aukastafi, fyrir ryksuguhausa með rafhlöðuknúnum bursta, ef ryksugan er búin slíkum búnaði, reiknað út með þeim hætti sem tilgreindur er hér að neðan,

— *t* er heildartími í klukkustundum, með nákvæmni upp á fjóra aukastafi, í hreinsunarlotu þar sem miðpunktur ryksuguhaussins, þ.e. staður mitt á milli hliðar- fram- og afturbrúna ryksuguhaussins, fer yfir prófunarsvæðið,

— *A* er yfirborðsflöturinn, gefinn upp í m^2 með nákvæmni upp á þrjá aukastafi, sem ryksuguhausinn fer yfir í hreinsunarlotu, reiknað sem tífalt margfeldi breiddar ryksuguhaussins og viðeigandi lengdar prófunarsvæðis. Ef heimilisryksuga hefur ryksuguhaus sem er breiðari en 0,320 m þá skal nota töluna 0,320 m í staðinn fyrir breidd ryksuguhaussins við útreikninginn.

Í tengslum við prófanir á hörðum gólfefnum skal nota viðskeytið hf og heiti mæliþáttanna SE_{hf}, P_{hf}, NP_{hf}, t_{hf} og A_{hf} í jöfnunni hér að framan. Í tengslum við prófanir á teppi skal nota viðskeytið c og heiti mæliþáttanna SE_c, P_c, NP_c, t_c og A_c í jöfnunni hér að framan. Fyrir hverja hreinsunarlotu skal gefa upp gildin fyrir SE_{hf}, P_{hf}, NP_{hf}, t_{hf}, A_{hf} og/eða SE_c, P_c, NP_c, t_c, A_c í tæknigögnunum, eins og við á.

Jafngilt afl fyrir ryksuguhausa með rafhlöðuknúnum bursta (NP)

Nota skal eftirfarandi almenna jöfnu til að reikna út meðaltal jafngilds afls í W fyrir ryksuguhausa með rafhlöðuknúnum bursta, NP, fyrir tepparyksugur, ryksugur fyrir hörð gólfefni og alhliðaryksugur með viðeigandi viðskeyti:

$$NP = \frac{E}{tbat}$$

Þar sem:

— *E* er sú raforkunotkun sem þarf til að upphaflega fullhlaðin rafhlaða ryksuguhauss með rafhlöðuknúnum bursta verði fullhlaðin á ný eftir hreinsunarlotu, gefin upp í Wh, með nákvæmni upp á þrjá aukastafi,

— *tbat* er heildartími í hreinsunarlotu þar sem ryksuguhausinn með rafhlöðuknúnum bursta er virkur í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda, gefinn upp í klukkustundum með nákvæmni upp á fjóra aukastafi,

Ef ryksugan er ekki búin ryksuguhaus með rafhlöðuknúnum bursta verður gildi *NP* jafnt og núll.

Hvað varðar prófanir á hörðum gólfefnum skal nota viðskeytið *hf* og heiti mæliþáttanna NP_{hf}, E_{hf}, $tbat_{hf}$ í jöfnunni hér að framan. Hvað varðar prófanir á teppum skal nota viðskeytið *c* og heiti mæliþáttanna NP_c, E_c, $tbat_c$ í jöfnunni hér að framan. Fyrir hverja hreinsunarlotu skulu gildi E_{hf}, $tbat_{hf}$ og/eða E_c, $tbat_c$, eins og við á, tilgreind í tæknigögnunum.

4. **Rykupptaka**

Rykupptaka á hörðu gólfefni (dpu_{hf}) skal ákvörðuð sem meðaltal niðurstaðna úr tveimur hreinsunarlotum sem framkvæmdar eru við prófun á hörðu gólfefni.

Rykupptaka á teppi (dpu_c) skal ákvörðuð sem meðaltal niðurstaðna úr tveimur hreinsunarlotum sem framkvæmdar eru við prófun á teppi. Til að leiðrétta frávik frá upprunalegum eiginleikum teppisins skal reikna út rykupptöku á teppi (dpu_c) með eftirfarandi jöfnu:

$$dpu_c = dpu_m \times \left(\frac{dpu_{cal}}{dpu_{ref}} \right)$$

Þar sem:

— dpu_m er mæld rykupptaka ryksugunnar,

— dpu_{cal} er rykupptaka viðmiðunarryksugukerfisins, sem mæld var þegar teppið, sem notað var við prófunina, var í upprunalegu ástandi,

— dpu_{ref} er mæld rykupptaka viðmiðunarryksugukerfisins.

Í tæknigögnunum skal tilgreina gildin fyrir dpu_m eftir hverja hreinsunarlotu ásamt gildunum fyrir dpu_c, dpu_{cal} og dpu_{ref}.

5. **Ryklosun**

Ryklosun skal ákvörðuð meðan ryksugan er í notkun við hámarksloftstreymi.

6. **Hljóðaflsstig**

Hljóðaflsstig skal ákvarðað á gólfteppum.

7. **Fjölknúnar ryksugur**

Hvað varðar fjölknúnar ryksugur skulu allar mælingar framkvæmdar með ryksuguna tengda við rafmagn og hugsanlega með ryksuguhaus með rafhlöðuknúnum bursta.

VII. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Í þeim tilgangi að meta samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr. skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð:

1. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu af hverri tegund.
2. Ryksugutegundin telst uppfylla viðeigandi ákvæði sem sett eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð ef gildin og flokkarnir á merkimiðanum og á vöruupplýsingablaðinu eru í samræmi við gildin í tæknigögnunum og ef prófun á viðeigandi mæliþáttum í töflu 4, sem skipta máli fyrir tegundina, sýnir fram á að kröfur eru uppfylltar hvað alla þessa mæliþætti varðar.
3. Ef niðurstöðurnar sem um getur í 2. lið nást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja, af handahófi, þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti má velja þessar þrjár viðbótareiningar af einni tegund eða fleiri sem hafa verið skráðar sem sambærilegar ryksugur í tæknigögnum framleiðanda.
4. Ryksugutegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef prófun á viðeigandi mæliþáttum í töflu 4, sem skipta máli fyrir tegundina, sýnir fram á að kröfur eru uppfylltar hvað alla þessa mæliþætti varðar.
5. Ef niðurstöðurnar sem um getur í 4. lið fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar ryksugutegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og útreikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VI. viðauka.

Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk í því skyni að mæla gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

Tafla 4

Mæliþáttur	Vikmörk við sannprófun
Árleg orkunotkun	Ákvarðað gildi ([1]) er ekki meira en 10% hærra en yfirlýst gildi.
Rykupptaka á teppi	Ákvarðað gildi ([1]) er ekki meira en 0,03 lægra en yfirlýst gildi.
Rykupptaka á hörðu gólfefni	Ákvarðað gildi ([1]) er ekki meira en 0,03 lægra en yfirlýst gildi.
Ryklosun	Ákvarðað gildi ([1]) er ekki meira en 15% hærra en yfirlýst gildi.
Hljóðaflsstig	Ákvarðað gildi ([1]) er ekki hærra en yfirlýst gildi.

([1]) Þegar þrjár viðbótareiningarnar eru prófaðar, í samræmi við 3. lið, notast meðalgildi ákvarðaðra gilda.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 666/2013 **2016/EES/05/42**

frá 8. júlí 2013

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun ryksugna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði við samráðsvettvanginn sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2009/125/EB skal framkvæmdastjórnin setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur, sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta, hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum til umbóta, að því er varðar umhverfisáhrif þeirra, án þess að umbótunum fylgi óhóflegur kostnaður.

2) Í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin verði, eftir því sem við á, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 19. gr. og viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. mgr. 15. gr. og að höfðu samráði á samráðsvettvanginum, að innleiða framkvæmdarráðstafanir fyrir heimilistæki, þ.m.t. ryksugur.

3) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn þar sem þar sem tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á ryksugum, sem venjulega eru notaðar á heimilum og í atvinnuhúsnæði. Rannsóknin var þróuð ásamt hagsmunaaðilum og hlutaðeigandi aðilum frá Sambandinu og þriðju löndum og hafa niðurstöðurnar verið gerðar aðgengilegar öllum.

4) Vatnsryksugur, vatns- og þurrryksugur, ryksuguvélmenni, iðnaðarryksugur, miðlægar ryksugur, rafhlöðuknúnar ryksugur, bónvélar og utanhússryksugur hafa sérstaka eiginleika og skulu þær því undanþegnar gildissviði þessarar reglugerðar.

5) Umhverfisþættir varanna, sem rannsóknin tók til og taldir eru mikilvægir hvað varðar þessa reglugerð, eru orkunotkun á notkunartíma, rykupptaka (e. *dust pick-up*), ryklosun (e. *dust re-emission*), hávaði (hljóðaflsstig) og ending. Árleg raforkunotkun vara sem falla undir þessa reglugerð var áætluð 18 TWh í Sambandinu á árinu 2005. Ef ekki verður gripið til sértækra ráðstafana er því spáð að raforkunotkunin verði 34 TWh árið 2020. Undirbúningsrannsóknin sýnir að draga má umtalsvert úr orkunotkun vara sem falla undir þessa reglugerð.

6) Undirbúningsrannsóknin sýnir að kröfur varðandi aðra mæliþætti visthönnunar, sem um getur í 1. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, eru ekki nauðsynlegar fyrir ryksugur.

7) Bæta skal orkunotkun ryksugna með því að beita fyrirliggjandi, kostnaðarhagkvæmri tækni sem er ekki háð einkaleyfi og getur lækkað samanlagðan kostnað við að kaupa og nota þessar vörur.

8) Kröfur varðandi visthönnun skulu ekki hafa áhrif á virkni frá sjónarhóli endanlegs notanda og skulu ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði, öryggi eða umhverfið. Einkum skal ávinningurinn af því að draga úr orkunotkun á notkunartíma vera meiri en öll viðbótarumhverfisáhrif á framleiðslu- og förgunarstigi.

9) Kröfur varðandi visthönnun skulu innleiddar í áföngum til að veita framleiðendum hæfilegan tímaramma til að endurhanna vörur sem falla undir þessa reglugerð. Tímasetningin skal miða að því að forðast neikvæð áhrif á virkni búnaðar á markaði og að tekið sé tillit til kostnaðaráhrifa á endanlega notendur og framleiðendur, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki, en jafnframt tryggja að markmið þessarar reglugerðar náist tímanlega.

10) Endurskoðun þessarar reglugerðar er fyrirhuguð eigi síðar en fimm árum eftir að hún öðlast gildi og eigi síðar en 1. september 2016 hvað varðar tvö ákvæði hennar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 307/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

11) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 327/2011 frá 30. mars 2011 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun viftna sem ganga fyrir hreyflum með rafinnafl á bilinu 125 W og 500 kW ([2]) skal breytt þannig að viftur, sem eru innbyggðar í ryksugur, falli ekki undir gildissvið hennar til að koma í veg fyrir að sértækar kröfur varðandi visthönnun fyrir sömu vörurnar sé að finna í tveimur aðskildum reglugerðum.

12) Mælingar á viðeigandi mæliþáttum vara skulu gerðar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópskum staðlastofnunum, sem taldar eru upp í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun ([3]).

13) Í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal í þessari reglugerð tilgreina gildandi aðferðir við samræmismat.

14) Til að auðvelda eftirlit með að farið sé að kröfum skulu framleiðendur veita upplýsingarnar sem tilgreindar eru í tækniskjölunum sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

15) Til viðbótar við þær lagalega bindandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal tilgreina viðmiðanir fyrir bestu, fáanlegu tækni til að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum um vistvænleika vara sem falla undir þessa reglugerð á vistferlinum.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað ryksugur sem nota rafmagn, þ.m.t. fjölknúnar ryksugur.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) vatnsryksugur, vatns- og þurrryksugur, rafhlöðuknúnar ryksugur, ryksuguvélmenni, iðnaðarryksugur eða miðlægar ryksugur,

b) bónvélar,

c) utanhússryksugur.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar, sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2009/125/EB, er í þessari reglugerð merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „ryksuga“: tæki sem fjarlægir óhreinindi af yfirborði, sem á að hreinsa, með loftstreymi, sem verður til fyrir tilstilli undirþrýstings, sem myndast inni í tækinu,

2) „fjölknúin ryksuga“: ryksuga sem getur gengið bæði fyrir rafmagni og rafhlöðum,

3) „vatnsryksuga“: ryksuga sem fjarlægir þurrt og/eða blautt efni (óhreinindi) frá yfirborðinu með því að nota þvotta- og hreinsiefni, sem er að stofni til úr vatni, eða gufu á yfirborðið sem á að hreinsa og sem fjarlægir þvotta- og hreinsiefnið eða gufuna og óhreinindin með loftstreymi, sem verður til fyrir tilstilli undirþrýstings, sem myndast inni í tækinu, þ.m.t. ryksugutegundir sem eru almennt þekktar sem úðasogsryksugur (e. *spray-extraction vacuum cleaners*),

4) „vatns- og þurrryksuga“: ryksuga sem er hönnuð til að fjarlægja meira en 2,5 lítra af vökva og sem hefur auk þess sömu virkni og þurrryksuga,

5) „þurrryksuga“: ryksuga sem er hönnuð til að fjarlægja óhreinindi sem eru aðallega þurrefni (ryk, trefjar, þræðir), þ.m.t. tegundir sem hafa ryksuguhaus með rafhlöðuknúnum bursta (e. *battery operated active nozzle*),

6) „ryksuguhaus með rafhlöðuknúnum bursta“: ryksuguhaus með bursta sem er knúinn rafhlöðum og bætir uppsog óhreininda,

7) „rafhlöðuknúin ryksuga“: ryksuga sem gengur aðeins fyrir rafhlöðum,

8) „ryksuguvélmenni“: rafhlöðuknúin ryksuga, sem getur unnið án mannlegrar íhlutunar innan afmarkaðs svæðis og sem samanstendur af hreyfanlegum hluta og hleðslustöð og/eða öðrum fylgihlutum til að auðvelda notkun hennar,

9) „iðnaðarryksuga“: ryksuga, sem er hönnuð til að vera hluti af framleiðsluferli, hönnuð til að hreinsa upp hættuleg efni, hönnuð til að hreinsa upp þungt ryk sem til fellur frá byggingar-, málmsteypu-, námu- eða matvælaiðnaðinum, eða sem er hönnuð sem hluti af iðnaðarvél eða -tæki og/eða er ryksuga til nota í atvinnuskyni, með bursta sem er yfir 0,50 m á breidd,

([2]) Stjtíð. ESB L 90, 6.4.2011, bls. 8.
([3]) Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12.

10) „ryksuga til nota í atvinnuskyni“: ryksuga sem er ætluð til faglegra hreingerninga og sem ætlast er til að allir geti notað, þ.m.t. starfsfólk eða verktakar sem sjá um ræstingar á skrifstofum, í verslunum, á sjúkrahúsum og á hótelum, og sem framleiðandinn hefur lýst yfir sem slíka í samræmisyfirlýsingunni samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB ([4]),

11) „miðlæg ryksuga“: ryksuga með fastan undirþrýstingsgjafa (ekki færanlegan) og með tengi fyrir ryksugubarka á ákveðnum stöðum í byggingunni,

12) „bónvél“: rafknúið tæki sem er hannað til að verja, slípa og/eða fægja tilteknar gerðir gólfa, yfirleitt notað með bónefni, sem búnaðurinn ber á gólfið, og hefur yfirleitt þá viðbótarvirkni að vera ryksuga,

13) „utanhússryksuga“: tæki sem er hannað til nota utanhúss til að taka upp rusl, s.s. slegið gras og laufblöð, í söfnunarílát með loftstreymi, sem verður til fyrir tilstilli undirþrýstings, sem myndast inni í tækinu og sem getur verið með tætara og einnig virkað sem blásari,

14) „rafhlöðuknúin ryksuga í fullri stærð“: rafhlöðuknúin ryksuga sem getur, þegar hún er fullhlaðin, hreinsað 15 m^2 gólfflöt með tveimur tvöföldum strokum yfir alla hluta gólfsins án þess að endurhleðslu sé þörf,

15) „ryksuga með vatnssíu“: þurrryksuga sem notar meira en 0,5 lítra af vatni sem aðalsíu þar sem sogloftinu er þrýst í gegnum vatnið, sem fangar rykið sem sogað var upp, og bindur það vatninu,

16) „heimilisryksuga“: ryksuga sem er ætluð til heimilisnota og sem framleiðandinn hefur lýst yfir sem slíka í samræmisyfirlýsingunni samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/95/EB ([5]),

17) „alhliðaryksuga“: ryksuga sem hefur fastan ryksuguhaus, eða a.m.k. einn lausan ryksuguhaus, sem er hannaður til að þrífa bæði teppi og hörð gólfefni, eða sem hefur a.m.k. einn lausan ryksuguhaus, sem er hannaður sérstaklega til að þrífa teppi, og a.m.k. einn lausan ryksuguhaus til að þrífa hörð gólfefni,

18) „ryksuga fyrir hörð gólfefni“: ryksuga sem hefur fastan ryksuguhaus, sem er hannaður sérstaklega til að þrífa hörð gólfefni, eða hefur aðeins einn eða fleiri lausa ryksuguhausa, sem eru sérstaklega hannaðir til að þrífa hörð gólfefni,

19) „tepparyksuga“: ryksuga sem hefur fastan ryksuguhaus, sem er hannaður sérstaklega til að þrífa teppi, eða hefur aðeins einn eða fleiri lausa ryksuguhausa, sem eru sérstaklega hannaðir til að þrífa teppi,

20) „sambærileg ryksuga“: tegund ryksugu sem sett er á markað með sama innafl, árlega orkunotkun, rykupptöku á teppum og hörðum gólfefnum, ryklosun, hljóðaflsstig, endingu barka og endingartíma mótors og önnur tegund ryksugu sem sami framleiðandi setur á markað undir öðru viðskiptakenninúmeri.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun

1. Kröfurnar varðandi visthönnun ryksugna eru settar fram í I. viðauka. Þær gilda í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

a) frá 1. september 2014: eins og tilgreint er í a-lið 1. liðar og 2. lið I. viðauka,

b) frá 1. september 2017: eins og tilgreint er í b-lið 1. liðar og 2. lið I. viðauka,

2. Samræmi við kröfur varðandi visthönnun skal mælt og reiknað í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í II. viðauka.

4. gr.

Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar samræmismat skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu tækniskjölin innihalda afrit af útreikningunum sem settir eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. Þegar upplýsinganna í tæknigögnum tiltekinnar tegundar af ryksugu hefur verið aflað með útreikningi á grundvelli sambærilegrar ryksugu skulu tæknigögnin innihalda upplýsingar um slíka útreikninga og prófanir sem framleiðendur hafa gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna sem gerðir hafa verið. Í slíkum tilvikum skulu tæknigögnin einnig innihalda skrá yfir allar sambærilegar tegundir ryksugna þar sem upplýsinganna í tæknigögnunum hefur verið aflað á sama grundvelli.

([4]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24.
([5]) Stjtíð. ESB L 374, 27.12.2006, bls. 10.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríkin skulu beita sannprófunaraðferðinni sem lýst er í III. viðauka við þessa reglugerð við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB til að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Leiðbeinandi viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu ryksugurnar sem eru á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar eru settar fram í IV. viðauka.

7. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og kynna niðurstöður endurskoðunarinnar á samráðsvettvanginum um visthönnun eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku hennar. Við endurskoðunina skal einkum meta vikmörk sannprófananna, sem sett eru fram í III. viðauka, og hvort fella skuli rafhlöðuknúnar ryksugur í fullri stærð undir gildissvið þessarar reglugerðar og hvort gerlegt sé að ákvarða kröfur um árlega orkunotkun, rykupptöku og ryklosun, sem eru byggðar á mælingu með rykgeymi sem er fylltur að hluta til fremur en með tómum rykgeymi.

2. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessar sértæku kröfur varðandi visthönnun í tengslum við endingu barkans og endingartíma mótorsins og kynna niðurstöður endurskoðunarinnar á samráðsvettvanginum eigi síðar en 1. september 2016.

8. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 327/2011

Reglugerð (ESB) nr. 327/2011 er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í lok 3. mgr. 1. gr.:

„e) hannaðar til notkunar með bestu orkunýtni við 8000 eða fleiri snúninga á mínútu.“

Eftirfarandi falli brott úr 4. mgr. 3. gr.:

„a) með bestu orkunýtni við 8000 eða fleiri snúninga á mínútu,“.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

1. **Sértækar kröfur varðandi visthönnun**

Ryksugur skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) Frá 1. september 2014:

— árleg orkunotkun skal vera undir 62,0 kWh/ári,

— málinnafl skal vera undir 1600 W,

— rykupptaka á teppum (dpu_c) skal vera 0,70 eða hærri, Þessi mörk gilda ekki um ryksugur fyrir hörð gólfefni,

— rykupptaka á hörðum gólfefnum (dpu_{hf}) skal vera 0,95 eða hærri, Þessi mörk gilda ekki um tepparyksugur.

Þessi mörk gilda ekki um ryksugur með vatnssíu.

b) Frá 1. september 2017:

— árleg orkunotkun skal vera undir 43,0 kWh/ári,

— málinnafl skal vera undir 900 W,

— rykupptaka á teppum (dpu_c) skal vera 0,75 eða hærri, Þessi mörk gilda ekki um ryksugur fyrir hörð gólfefni,

— rykupptaka á hörðum gólfefnum (dpu_{hf}) skal vera 0,98 eða hærri, Þessi mörk gilda ekki um tepparyksugur,

— ryklosun skal ekki vera meiri en 1,00%,

— hljóðaflsstig skal vera 80 dB(A) eða minna,

— barkinn, ef hann er til staðar, skal vera endingargóður þannig að hann sé enn nothæfur eftir að hafa verið sveiflað til 40 000 sinnum undir álagi,

— endingartími mótors skal vera 500 klst. eða meiri.

Árleg orkunotkun, málinnafl, dpu_c (rykupptaka á teppum), dpu_{hf} (rykupptaka á hörðum gólfefnum), ryklosun, hljóðaflsstig, ending barka og endingartími mótors skulu mæld og reiknuð út í samræmi við II. viðauka.

2. **Upplýsingar sem framleiðendum ber að veita**

a) Í tæknigögnum, bæklingum með leiðbeiningum og á vefsetrum með opnum aðgangi, sem framleiðendur, viðurkenndir fulltrúar þeirra, eða innflytjendur halda úti, skulu eftirfarandi atriði koma fram:

— upplýsingar í tengslum við ryksuguna sem ber að birta samkvæmt framseldum gerðum, sem samþykktar eru samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB ([6]),

— stuttur titill eða vísun í aðferðirnar sem notaðar voru við mælingar og útreikninga til að staðfesta samræmi við kröfurnar hér að framan,

— hvað varðar ryksugur fyrir hörð gólfefni, vekja athygli á því að meðfylgjandi ryksuguhaus henti ekki til notkunar á teppi,

— hvað varðar tepparyksugur, vekja athygli á því að meðfylgjandi ryksuguhaus henti ekki til notkunar á hörð gólfefni,

— hvað varðar tæki, sem einnig er hægt að nota til annars en að ryksuga, upplýsingar um rafinnafl þegar ryksugað er, ef það er lægra en málinnafl tækisins,

— upplýsingar um hverja af eftirfarandi þremur tegundum ryksugna skuli prófa: alhliðaryksugu, ryksugu fyrir hörð gólfefni eða tepparyksugu.

([6]) Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1.

b) Í tæknigögnum og í þeim hluta sem ætlaður er fyrir fagfólk á vefsetrum með opnum aðgangi, sem framleiðendur, viðurkenndir fulltrúar þeirra, eða innflytjendur halda úti, skulu eftirfarandi atriði koma fram:

— upplýsingar um sundurhlutun án eyðileggingar vegna viðhalds, einkum í tengslum við barkann, soginntakið, mótorinn, hlífina og snúruna,

— upplýsingar um sundurhlutun, einkum í tengslum við mótorinn og rafhlöður, endurvinnslu, endurnýtingu, og förgun þegar varan er úr sér gengin.

II. VIÐAUKI

Aðferðir við mælingar og útreikninga

1. Til þess að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og sannprófa að þær hafi verið uppfylltar skulu mælingar og útreikningar gerð með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum aðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndra mæli- og útreikningsaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. samhæfðum, stöðlum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Þær skulu uppfylla tæknilegar skilgreiningar, skilyrði, jöfnur og mæliþætti, sem sett eru fram í þessum viðauka.

2. **Tæknilegar skilgreiningar**

a) „prófun á hörðu gólfefni“: prófun sem samanstendur af tveimur hreinsunarlotum þar sem ryksuguhaus, sem vinnur á mesta sogaflinu, fer yfir prófunarsvæði sem samanstendur af prófunarplötu úr viði, sem er jafn breið og ryksuguhausinn og af hæfilegri lengd, með prófunarrauf (e. *test crevice*) sem staðsett er skáhalt (45°) á prófunarsvæðinu, þar sem liðinn tími, rafmagnsnotkun og hlutfallsleg staða ryksuguhaussins (mælt frá miðpunkti hans) á prófunarsvæðinu eru stöðugt mæld og skráð með hæfilegu millibili og við lok hverrar hreinsunarlotu er massatap prófunarraufarinnar metið á viðeigandi hátt.

b) „prófunarrauf“ (e. *test crevice*): laust U-laga innskot af viðeigandi stærð sem er fyllt í upphafi hreinsunarlotu með viðeigandi, tilbúnu ryki,

c) „prófun á teppi“: prófun sem samanstendur af viðeigandi fjölda hreinsunarlotna á prófunarbúnaði með Wilton-teppi þar sem ryksuguhaus, sem vinnur á mesta sogaflinu, fer yfir prófunarsvæðið, sem er jafn breitt og ryksuguhausinn og af hæfilegri lengd og hefur prófunarryki af viðeigandi samsetningu verið dreift jafnt yfir svæðið og þrýst hæfilega niður, þar sem liðinn tími, rafmagnsnotkun og hlutfallsleg staða ryksuguhaussins (mælt frá miðpunkti hans) á prófunarsvæðinu eru stöðugt mæld og skráð með hæfilegu millibili og við lok hverrar hreinsunarlotu er massaaukning í rykgeymi ryksugunnar metin á viðeigandi hátt.

d) „breidd ryksuguhauss“: hámarksbreidd ryksuguhaussins (ytra mál), gefin upp í metrum, með nákvæmni upp á þrjá aukastafi,

e) „hreinsunarlota“: fimm tvöfaldar strokur ryksugunnar yfir prófunarsvæði með sérstöku gólfefni („teppi “eða „hart gólfefni“),

f) „tvöföld stroka“: ein samhliða og jöfn hreyfing ryksuguhaussins fram á við og aftur til baka, sem framkvæmd er með samræmdum hraða prófunarstroku og tilgreindri lengd prófunarstroku,

g) „strokprófunarhraði“: viðeigandi hraði ryksuguhaussins við prófun, mældur í m/h, þar sem rafvélrænn stjórnbúnaður á helst að sjá um hreyfinguna. Reyna skal að láta vörur með sjálfknúinn ryksuguhaus komast eins nálægt og mögulegt er viðeigandi hraða, en frávik eru heimil þegar slíkt kemur skýrt fram í tæknigögnunum,

h) „lengd prófunarstroku“: lengd prófunarsvæðis, mæld í metrum, ásamt þeirri vegalengd sem miðpunktur ryksuguhaussins er dreginn þegar hann fer yfir viðeigandi hröðunarsvæði fyrir framan prófunarsvæðið og aftan við það,

i) „rykupptaka“ (e. *dust pick up* (*dpu*)): hlutfall tilgreint með nákvæmni upp á þrjá aukastafi, annars vegar milli massa þess tilbúna ryks sem sogað var upp, sem ákvarðað er fyrir teppi með massaaukningu rykgeymisins eða fyrir hörð gólfefni með massatapi prófunarraufarinnar, eftir margar tvöfaldar strokur ryksuguhaussins, og hins vegar massa þess tilbúna ryks sem upphaflega var komið fyrir á prófunarsvæði, leiðrétt fyrir tilteknum prófunarskilyrðum ef um er að ræða teppi og leiðrétt fyrir lengd og staðsetningu prófunarraufarinnar ef um er að ræða hörð gólfefni,

j) „viðmiðunarryksugukerfi“ (e. *reference vacuum cleaner system*): rafknúinn búnaður fyrir rannsóknarstofur sem notaður er til að mæla rykupptöku á teppi, sem hefur verið kvörðuð og notuð er til viðmiðunar, með mæliþáttum sem gefnir eru upp fyrir loft til að bæta samanburðarnákvæmni prófunarniðurstaðna,

k) „málinnafl“: rafinnafl sem framleiðandi gefur upp sem W, og hvað varðar tæki, sem einnig er hægt að nota til annars en að ryksuga, gildir aðeins rafinnaflið sem þarf til að ryksuga,

l) „ryklosun“ (e. *dust re-emission*): hlutfallið, gefið upp sem hundraðshluti með nákvæmni upp á tvo aukastafi, milli fjölda allra rykagna í stærð frá 0,3 µm til 10 µm sem ryksuga sleppir frá sér og fjölda allra rykagna í sömu agnastærð, sem koma inn í soginntakið þegar ryksugan er mötuð með ákveðnu magni af ögnum af þessari stærð. Til þessa gildis telst ekki aðeins rykið sem mælt er við úttak ryksugunnar heldur einnig ryk sem sleppur út annars staðar frá, annaðhvort vegna leka eða vegna rykmyndunar í ryksugunni sjálfri.

m) „hljóðaflsstig“: hávaðamengun sem berst í lofti, gefin upp í dB(A) re 1 pW og námunduð að næstu heilu tölu.

3. **Árleg orkunotkun**

Árleg orkunotkun *AE* er reiknuð í kWh/ári og námunduð með einum aukastaf sem hér segir:

að því er varðar tepparyksugur:

$$AE_c = 4 \times 87 \times 50 \times 0{,}001 \times ASE_c \times \left(\frac{1 - 0{,}20}{dpu_c - 0{,}20} \right)$$

að því er varðar ryksugur fyrir hörð gólfefni:

$$AE_{hf} = 4 \times 87 \times 50 \times 0{,}001 \times ASE_{hf} \times \left(\frac{1 - 0{,}20}{dpu_{hf} - 0{,}20} \right)$$

að því er varðar alhliðaryksugur:

$$AE_{gp} = 0{,}5 \times AE_c + 0{,}5 \times AE_{hf}$$

þar sem:

— ASE_c er meðaltal sértækrar orkunotkunar, gefið upp í Wh/m^2, við prófun á teppi, reiknað eins og tilgreint er hér að neðan

— ASE_{hf} er meðaltal sértækrar orkunotkunar, gefið upp í Wh/m^2, við prófun á hörðu gólfefni, reiknað eins og tilgreint er hér að neðan

— dpu_c er rykupptaka á teppi, ákvörðuð í samræmi við 4. lið þessa viðauka

— dpu_{hf} er rykupptaka á hörðu gólfefni, ákvörðuð í samræmi við 4. lið þessa viðauka

— 50 er staðalgildið fyrir árlegan fjölda hreinsana með ryksugu sem standa yfir í eina klukkustund

— 87 er staðalgildið fyrir flatarmál húsnæðis sem á að þrífa, gefið upp í m^2

— 4 er staðalgildið fyrir fjölda skipta sem ryksuga fer yfir hvern hluta gólfflatarins (tvær tvöfaldar strokur)

— 0,001 er breytistuðullinn úr Wh í kWh

— 1 er staðalgildið fyrir rykupptöku

— 0,20 er staðalgildið fyrir mismuninn milli rykupptöku eftir annars vegar fimm og hins vegar eftir tvær tvöfaldar strokur.

Meðaltal sértækrar orkunotkunar (ASE)

Meðaltal sértækrar orkunotkunar við prófun á teppi (ASE_c) og við prófun á hörðu gólfefni (ASE_{hf}) skal ákvarðað sem meðaltal sértækrar orkunotkunar við fjölda hreinsunarlotna, sem prófun samanstendur af annars vegar á teppi og hins vegar á hörðu gólfefni. Almenna jafnan, sem nota skal til að reikna út sértæka orkunotkun *SE* fyrir tepparyksugur, ryksugur fyrir hörð gólfefni og alhliðaryksugur í Wh á hvern fermetra (m^2) prófunarsvæðis með viðeigandi viðskeytum og með nákvæmni upp á þrjá aukastafi, er eftirfarandi:

$$SE = \frac{(P + NP) \times t}{A}$$

þar sem:

— *P* er meðalafl í W, með nákvæmi upp á tvo aukastafi, á þeim tíma innan hreinsunarlotu þegar miðpunktur ryksuguhaussins fer yfir prófunarsvæðið

— *NP* er meðaltal jafngilds afls í W, með nákvæmni upp á tvo aukastafi, fyrir ryksuguhausa með rafhlöðuknúnum bursta, ef ryksugan er búin slíkum búnaði, reiknað út með þeim hætti sem tilgreindur er hér að neðan

— *t* er heildartími í klukkustundum, með nákvæmni upp á fjóra aukastafi, í hreinsunarlotu þar sem miðpunktur ryksuguhaussins, þ.e. punktur mitt á milli hliðar-, fram- og afturbrúna ryksuguhaussins, fer yfir prófunarsvæðið

— *A* er yfirborðsflöturinn, gefinn upp í m^2 með nákvæmni upp á þrjá aukastafi, sem ryksuguhausinn fer yfir í hreinsunarlotu, reiknað sem tífalt margfeldi breiddar ryksuguhaussins og viðeigandi lengdar prófunarsvæðis. Ef heimilisryksuga hefur ryksuguhaus sem er breiðari en 0,320 m þá skal nota töluna 0,320 m í staðinn fyrir breidd ryksuguhaussins við útreikninginn.

Í tengslum við prófanir á hörðum gólfefnum skal nota viðskeytið hf og heiti mæliþáttanna SE_{hf}, P_{hf}, NP_{hf}, t_{hf} og A_{hf} í jöfnunni hér að framan. Í tengslum við prófanir á teppi skal nota viðskeytið c og heiti mæliþáttanna SE_c, P_c, NP_c, t_c og A_c í jöfnunni hér að framan. Fyrir hverja hreinsunarlotu skal gefa upp gildin fyrir SE_{hf}, P_{hf}, NP_{hf}, t_{hf}, A_{hf} og/eða SE_c, P_c, NP_c, t_c, A_c í tæknigögnunum, eins og við á.

Jafngilt afl fyrir ryksuguhausa með rafhlöðuknúnum bursta (NP)

Nota skal eftirfarandi almenna jöfnu til að reikna út meðaltal jafngilds afls í W fyrir ryksuguhausa með rafhlöðuknúnum bursta, NP, fyrir tepparyksugur, ryksugur fyrir hörð gólfefni og alhliðaryksugur með viðeigandi viðskeyti:

$$NP = \frac{E}{tbat}$$

þar sem:

— *E* er sú raforkunotkun sem þarf til að upphaflega fullhlaðin rafhlaða ryksuguhauss með rafhlöðuknúnum bursta verði fullhlaðin á ný eftir hreinsunarlotu, gefin upp í Wh, með nákvæmni upp á þrjá aukastafi,

— *tbat* er heildartími í hreinsunarlotu þar sem ryksuguhausinn með rafhlöðuknúnum bursta er virkur í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda, gefinn upp í klukkustundum með nákvæmni upp á fjóra aukastafi,

Ef ryksugan er ekki búin ryksuguhaus með rafhlöðuknúnum bursta verður gildi *NP* jafnt og núll.

Hvað varðar prófanir á hörðum gólfefnum skal nota viðskeytið *hf* og heiti mæliþáttanna NP_{hf}, E_{hf}, $tbat_{hf}$ í jöfnunni hér að framan. Hvað varðar prófanir á teppum skal nota viðskeytið *c* og heiti mæliþáttanna NP_c, E_c, $tbat_c$ í jöfnunni hér að framan. Fyrir hverja hreinsunarlotu skulu gildi E_{hf}, $tbat_{hf}$ og/eða E_c, $tbat_c$, eins og við á, tilgreind í tæknigögnunum.

4. **Rykupptaka**

Rykupptaka á hörðu gólfefni (dpu_{hf}) skal ákvörðuð sem meðaltal niðurstaðna úr tveimur hreinsunarlotum sem framkvæmdar eru við prófun á hörðu gólfefni.

Rykupptaka á teppi (dpu_c) skal ákvörðuð sem meðaltal niðurstaðna úr tveimur hreinsunarlotum sem framkvæmdar eru við prófun á teppi. Til að leiðrétta frávik frá upprunalegum eiginleikum teppisins skal reikna út rykupptöku á teppi (dpu_c) með eftirfarandi jöfnu:

$$dpu_c = dpu_m \times \left(\frac{dpu_{cal}}{dpu_{ref}} \right)$$

þar sem:

— dpu_m er mæld rykupptaka ryksugunnar,

— dpu_{cal} er rykupptaka viðmiðunarryksugukerfisins, sem mæld var þegar teppið, sem notað var við prófunina, var í upprunalegu ástandi,

— dpu_{ref} er mæld rykupptaka viðmiðunarryksugukerfisins.

Í tæknigögnunum skal tilgreina gildin fyrir dpu_m eftir hverja hreinsunarlotu ásamt gildunum fyrir dpu_c, dpu_{cal} og dpu_{ref}.

5. **Ryklosun**

Ryklosun skal ákvörðuð meðan ryksugan er í notkun við hámarksloftstreymi.

6. **Hljóðaflsstig**

Hljóðaflsstig skal ákvarðað á gólfteppum.

7. **Ending barka**

Barkinn skal teljast nothæfur eftir að hafa verið sveiflað til 40 000 sinnum undir álagi, ef engar sýnilegar skemmdir sjást á honum eftir þessar sveiflur. Álagi verður beitt með því að bæta við þyngd upp á 2,5 kg.

8. **Endingartími mótors**

Ryksugan skal látin ganga, með rykgeymi sem fylltur er til hálfs, með hléum, í 14 mínútur og 30 sekúndur og þar á eftir er gert hlé í 30 sekúndur. Rykgeymum og síum skal skipt út með viðeigandi millibili. Prófunina má stöðva eftir 500 klst. og hún skal stöðvuð eftir 600 klst. Heildartíminn sem ryksugan er í gangi skal skráður og færður inn í tæknigögnin. Loftstreymi, undirþrýstingur og innafl skal ákvarðað með viðeigandi millibili og gildin skulu, ásamt endingartíma mótorsins, færð inn í tæknigögnin.

9. **Fjölknúnar ryksugur**

Hvað varðar fjölknúnar ryksugur skulu allar mælingar framkvæmdar með ryksuguna tengda við rafmagn og hugsanlega með ryksuguhaus með rafhlöðuknúnum bursta.

III. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar í II. viðauka:

1. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu af hverri tegund.

2. Ryksugutegundin telst uppfylla viðeigandi ákvæði sem sett eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð ef gildin í tæknigögnunum eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þeim viðauka og ef prófun á viðeigandi mæliþáttum í I. viðauka og töflu 1, sem skipta máli fyrir tegundina, sýnir fram á að kröfur eru uppfylltar hvað allar þessa mæliþætti varðar.

3. Ef niðurstöðurnar sem um getur í 2. lið nást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja, af handahófi, þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti má velja þessar þrjár viðbótareiningar af einni tegund eða fleiri sem, í samræmi við 4. gr., hafa verið skráðar sem sambærilegar ryksugur í tæknigögnum framleiðanda.

4. Ryksugutegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð ef prófun á viðeigandi mæliþáttum í I. viðauka og töflu 1, sem skipta máli fyrir tegundina, sýnir fram á að kröfur eru uppfylltar hvað alla þessa mæliþætti varðar.

5. Ef niðurstöðurnar sem um getur í 4. lið fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar ryksugutegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og útreikningsaðferðirnar sem settar eru fram í II. viðauka.

Vikmörk sannprófana, sem skilgreind eru í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal framleiðandi eða innflytjandi ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum.

Tafla 1

Mæliþáttur	Vikmörk við sannprófun
Árleg orkunotkun	Ákvarðað gildi ([1]) er ekki meira en 10% hærra en yfirlýst gildi.
Rykupptaka á teppi	Ákvarðað gildi ([1]) er ekki meira en 0,03 lægra en yfirlýst gildi.
Rykupptaka á hörðu gólfefni	Ákvarðað gildi ([1]) er ekki meira en 0,03 lægra en yfirlýst gildi.
Ryklosun	Ákvarðað gildi ([1]) er ekki meira en 15% hærra en yfirlýst gildi.
Hljóðaflsstig	Ákvarðað gildi ([1]) er ekki hærra en yfirlýst gildi.
Endingartími mótors	Ákvarðað gildi ([1]) er ekki meira en 5% lægra en yfirlýst gildi.

([1]) Þegar þrjár viðbótareiningarnar eru prófaðar, í samræmi við 3. lið, notast meðalgildi ákvarðaðra gilda.

IV. VIÐAUKI

Viðmiðanir

Á þeim tíma sem þessi reglugerð öðlaðist gildi var bestu, fáanlegu tækni á markaðnum fyrir heimilisryksugur, hvað varðar sértæka orkunotkun þeirra, að finna í standandi 650 w ryksugu með 0,28 m breiðan ryksuguhaus, sem þýðir að sértæk orkunotkun hennar er 1,29 Wh/m^2 en hljóðaflsstig hennar mælist þó yfir 83 dB.

Ekki liggja fyrir gögn um rykupptöku og ryklosun fyrir framangreinda ryksugu sem samræmast þeim aðferðum sem skilgreindar eru og vísað er til í þessari reglugerð. Besta gildið fyrir rykupptöku ryksugna, sem tiltækar eru á markaði, er í kringum 1,08 á hörðum gólfefnum með rauf og 0,90 á teppum. Besta gildið fyrir ryklosun ryksugna, sem tiltækar eru á markaði, er í kringum 0,0002%. Besta hljóðaflsstigið er 62 dB.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 801/2013 **2016/EES/05/43**

frá 22. ágúst 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1275/2008 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota með tilliti til aflþarfar þeirra í reiðuham eða þegar slökkt er á þeim og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 642/2009 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á sjónvörpum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um visthönnun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB ([2]) er kveðið á um framkvæmdarráðstafanir þar sem ráðstafanir til að draga úr orkutapi í reiðuham hjá tilteknum vöruflokkum eru meðal forgangsráðstafana.

2) Fjallað var um aflþörf raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota í nettengdum reiðuham í rannsókn þar sem tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á orkutapi tækja í reiðuham og þegar slökkt er á þeim, sem var framkvæmd árin 2006-2007. Niðurstaðan var sú að það yrði sífellt algengara að tæki til heimilis- og skrifstofunota væru nettengd. Stjórnsýslunefndin um visthönnun vara sem nota orku mælti með því 21. júní 2008 að fjallað yrði sérstaklega um spurninguna um nettengdan reiðuham vegna skorts á gögnum á þeim tíma.

3) Í vinnuáætluninni um visthönnun 2009-2011 er nettengdur reiðuhamur skilgreindur sem forgangsmál. Til samræmis við það lét framkvæmdastjórnin fara fram undirbúningsrannsókn á árunum 2010 til 2011 þar sem tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á nettengdum reiðuham. Rannsóknin var þróuð í samstarfi við hagsmunaaðila og hlutaðeigandi aðila frá ESB og löndum utan Sambandsins og niðurstöðurnar voru gerðar aðgengilegar öllum.

4) Í rannsókninni var áætluð aflþörf raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota, sem eru seld í Bandalaginu og tengjast aðstæðum sem leiða til þess að nettengdur reiðuhamur verði 54 TWh árið 2010, sem jafngildir losun 23 miljóna tonna af koltvísýringi. Ef ekki verður gripið til sértækra ráðstafana er því spáð að aflþörfin aukist í 90 TWh árið 2020. Niðurstaðan var sú að mögulegt er að draga verulega úr raforkunotkun í tengslum við nettengdan reiðuham. Reglugerð þessari er ætlað að auka útbreiðslu á markaði á tækni sem bætir orkunýtni tækja í nettengdum reiðuham og leiðir þar með til áætlaðs orkusparnaðar sem nemur 36 TWh árið 2020 og 49 TWh árið 2025, miðað við óbreyttar aðstæður.

5) Rannsóknin leiddi einkum í ljós að orkusparnaðaraðgerð, sem skiptir búnaðinum sjálfkrafa yfir í nettengdan reiðuham þegar meginaðgerð búnaðarins er ekki virk, er nauðsynleg svo hægt sé ná mögulegum sparnaði. Viðurkennt er að búnaður sem er endurvirkjaður með ytri eða innri kveikju, getur verið í virkum ham í takmarkaðan tíma, óháð meginaðgerð(-um), t.d. í tengslum við viðhald eða niðurhal á hugbúnaði. Orkusparnaður ætti að tryggja að varan fari aftur í nettengdan reiðuham þegar aðgerðunum er lokið.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 225, 23.8.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

([2]) Stjtíð. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 29.

6) Undirbúningsrannsóknin leiddi í ljós að nauðsynlegt væri að aðgreina kröfurnar um nettengdan reiðuham eftir tiltækileika nets. Í því skyni var auðkenndur takmarkaður fjöldi HiNA-búnaðar, m.a. beinir, netskiptir, aðgangsstaður að þráðlausu neti, netald og mótald, sem hafa vinnslu netumferðar sem meginaðgerð. Þar sem búist er við að þessi búnaður bregðist tafarlaust við þeirri umferð sem kemur inn, getur nettengdur reiðuhamur verið sambærilegur við aðgerðarlausan ham.

7) Í ljósi þess að virknin í reiðuham og nettengdum reiðuham tengist og viðkomandi vörur eru sambærilegar, studdi samráðsvettvangur um visthönnun hinn 14. september 2011 álitið um að setja ætti fram kröfur um visthönnun að því er varðar nettengdan reiðuham með breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008([3]).

8) Endurskoða ætti samtímis kröfurnar um reiðuham, þegar slökkt er á búnaði og nettengdan reiðuham. Í ljósi þess að endurskoðunardagsetningin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1275/2008 er áður en fyrsti áfangi krafnanna um nettengdan reiðuham öðlast gildi, ætti að fresta endurskoðunardagsetningu reglugerðarinnar um eitt ár.

9) Í ljósi þess að sjónvörp, sem falla undir framkvæmdarráðstöfun um visthönnun sem varðar tiltekna vöru, voru undanþegin gildissviði reglugerðar (EB) nr. 1275/2008, eru kröfur varðandi visthönnun að því er varðar nettengdan reiðuham í tengslum við sjónvörp, felldar inn í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 642/2009 ([4]). Í rannsókninni þar sem gerð var tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining á nettengdum reiðuham var áætlað að kröfurnar varðandi visthönnun að því er varðar nettengdan reiðuham í sjónvörpum myndu fela í sér sparnað sem nemur 10 TWh árið 2020.

10) Að því er varðar kaffivélar studdi samráðsvettvangurinn um visthönnun ([5]), 16. desember 2011 og 18. apríl 2012, það álit að ekki ætti að samþykkja framkvæmdarráðstöfun sem varðar tiltekna vöru, en að kröfurnar um reiðuham í reglugerð (EB) nr. 1275/2008 ætti að skýra að því er varðar kaffivélar.

11) Í þessari reglugerð eru teknar upp forskriftir fyrir beitingu krafna um orkusparnað að því er varðar kaffivélar, með tilliti til sjálfgefins biðtíma, áður en búnaðurinn fer sjálfkrafa í reiðuham eða slekkur á sér.

12) Ráða má af tækni-, umhverfis- og efnahagsgreiningunni á kaffivélum til heimilisnota, sem framkvæmd var samkvæmt tilskipuninni um visthönnun, að það að takmarka biðtímann, sem líður áður en kaffivélar fara sjálfkrafa í reiðuham eða slökkva á sér, muni leiða til frekari árlegs sparnaðar sem nemur meira en 2 TWh árið 2020. Ekki var tekið tillit til þessa í sparnaðarforsendunum fyrir reglugerð (EB) nr. 1275/2008.

([3]) Stjtíð. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 45.
([4]) Stjtíð. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 42.
([5]) Stjtíð. ESB L 190, 18.7.2008, bls. 22.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008

Reglugerð (EB) nr. 1275/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað titilsins komi eftirfarandi:

„Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 frá 17. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota með tilliti til aflþarfar þeirra í reiðuham eða þegar slökkt er á þeim og í nettengdum reiðuham“,

2) Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

Efni og gildissvið

Með þessari reglugerð eru settar kröfur varðandi visthönnun með tilliti til aflþarfar tækja í reiðuham og þegar slökkt er á þeim og í nettengdum reiðuham, að því er varðar setningu raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota á markað.

Reglugerð þessi gildir ekki um raf- og rafeindatæki til heimilis- og skrifstofunota sem sett eru á markað með ytri lágspennuaflgjafa til að geta starfað eins og til er ætlast.“,

3) Eftirfarandi skilgreiningar bætast við 2. gr.:

„10. „Net“: fjarskiptavirki með tengingaskipan, högun, þ.m.t. raunlægum þáttum, skipulagslegum grunnreglum, samskiptaaðferðum og -sniði (samskiptareglur).

11. „Nettengdur reiðuhamur“: ástand þar sem búnaður getur hafið aðgerð á ný með fjarstýrðri kveikju í gegnum nettengingu.

12. „Fjarstýrð kveikja“: merki sem verður til utan búnaðarins og er sent í hann í gegnum net.

13. „Nettengi“: raunlægur skilflötur nettengingar, annað hvort fasttengdur eða þráðlaus, sem er staðsettur á búnaðinum og hægt er að virkja með fjarstýringu.

14. „Röklegt nettengi“: nettækni sem er keyrð á raunlægu nettengi.

15. „Raunlægt nettengi“: raunlægur (vélbúnaður) hluti nettengis. Raunlægt nettengi getur hýst tvenns konar eða fleiri nettækni.

16. „Tiltækileiki nets“: geta búnaðar til að hefja aðgerðir að nýju eftir að nettengi hefur greint fjarstýrða kveikju.

17. „Nettengdur búnaður“: búnaður sem getur tengst neti og hefur eitt eða fleiri nettengi.

18. „Nettengdur búnaður með fjölþætta netvirkni“ (HiNA-búnaður): búnaður sem hefur eingöngu eina eða fleiri af eftirfarandi aðgerðum sem meginaðgerð(-ir): beinir, netskiptir, aðgangsstaður að þráðlausu neti, netald, mótald, netsími (VoIP), myndsími.

19. „Búnaður með virkni nettengds búnaðar með fjölþætta netvirkni“: (búnaður með virkni HiNA-búnaðar): búnaður sem hefur virkni beinis, netskiptis, aðgangsstaðar að þráðlausu neti eða samsetningar þessa búnaðar, en er ekki HiNA-búnaður.

20. „Beinir“: nettæki sem hefur þá meginvirkni að ákvarða bestu leiðina sem beina ætti netumferð. Beinar áframsenda pakka frá einu neti til annars á grundvelli netlagsupplýsinga (L3).

21. „Netskiptir“: nettæki sem hefur þá meginvirkni að sía, áframsenda og dreifa römmum á grundvelli ákvörðunarvistfangs hvers ramma. Allir skiptar starfa a.m.k. í greinalaginu (L2).

22. „Aðgangsstaður að þráðlausu neti“: tæki sem hefur þá meginvirkni að veita mörgum biðlurum tengjanleika í samræmi við IEEE 802.11 (Wi-Fi) staðalinn.

23. „Netald“: nettæki sem inniheldur mörg tengi og er notað til að tengja hluta staðarnets.

24. „Mótald“: tæki sem hefur þá meginvirkni að senda og taka á móti stafrænt mótuðum hliðrænum merkjum yfir fasttengt net.

25. „Prentunarbúnaður“: búnaður sem prentar pappír út frá rafrænu ílagi. Prentunarbúnaður getur haft viðbótarvirkni og má markaðssetja sem fjölnota tæki eða fjölnota vöru.

26. „Prentunarbúnaður fyrir stórt snið“: prentunarbúnaður sem er hannaður til prentunar á miðla í stærð A2 og stærra sniði, þ.m.t. búnaður sem er hannaður fyrir miðla í samfelldu formi sem eru a.m.k. 406 mm á breidd.

27. „Fjarfundakerfi“: sérhæft kerfi fyrir háskerpumyndfundi og samstarf, sem felur í sér notendaviðmót, háskerpumyndavél, skjá, hljóðkerfi og vinnslugetu fyrir kóðun og afkóðun myndar og hljóðs.

28. „Kaffivél til heimilisnota“: tæki til að laga kaffi, sem ekki er notað í viðskiptalegum tilgangi.

29. „Kaffivél til heimilisnota, með síu“: kaffivél til heimilisnota, þar sem kaffi er lagað með því að láta vatn streyma í gegnum síu sem er fyllt með kaffidufti.

30. „Hitald“: íhlutur kaffivélarinnar sem breytir rafmagni í varma til að hita vatn.

31. „Upphitun bolla“: aðgerð til að hita upp bolla sem eru geymdir á kaffivélinni.

32. „Lögunarlota“: ferlið sem þarf að ljúka til að búa til kaffi.

33. „Sjálfhreinsun“: ferli sem kaffivélin framkvæmir til að hreinsa vélina að innan. Þetta ferli getur annað hvort verið einföld skolun eða þvottur með tilteknum íblöndunarefnum.

34. „Afkölkun“: ferli sem kaffivélin framkvæmir til að fjarlægja, að öllu leyti eða að hluta til, kalkútfellingar innan í vélinni.

35. „Léttur borðtölvubiðlari“: tölva sem reiðir sig á tengingu við fjargagnavinnslubúnað (t.d. netþjón, fjarvinnustöð) til að gegna meginhlutverki sínu og er ekki með geymslumiðla sem snúast innbyggða í vöruna. Aðaleining létts borðtölvubiðlara verður að vera ætluð til staðsetningar á einum stað (t.d. á borði) og ekki til að vera færanleg. Léttir borðtölvubiðlarar geta sent upplýsingar á annað hvort ytri, eða þegar hann fylgir vörunni, innbyggðan skjá.

36. „Vinnustöð“: öflug tölva fyrir einn notanda sem aðallega er notuð fyrir myndvinnslu, tölvustudda hönnun, hugbúnaðarþróun, fjármála- og vísindahugbúnað ásamt öðrum verkefnum sem þarfnast mikillar reiknigetu og hefur eftirfarandi eiginleika:

    a) meðaltími milli bilana (MTBF) er a.m.k. 15 000 klukkustundir,

    b) er með leiðréttingarkóða og/eða biðminni,

    c) hefur þrjá af eftirfarandi fimm eiginleikum:

        1) stuðning við viðbótarafl fyrir umfangsmikla myndvinnslu (þ.e. 6 pinna, 12 V PCI-raufar (e. *peripheral component interconnect* (PCI-E) fyrir viðbótaraflgjöf),

        2) kerfi hennar er með tengingu fyrir fleiri en 4 PCI-E á móðurborðinu til viðbótar við raufar fyrir skjákort og/eða stuðning við PCI-X,

3) styður ekki myndvinnslu sem notar sameiginlegan minnisaðgang (e. *uniform memory access*, UMA),

4) hefur fimm eða fleiri PCI, PCI-E eða PCI-X-raufar,

5) býður upp á fjölörgjörvastuðning fyrir tvö eða fleiri miðverk (verður að styðja raunverulega aðskildar miðverkseiningar/tengla, þ.e. ekki uppfyllt með stuðningi við eitt fjölkjarna miðverk),

37. „Færanleg vinnustöð“: öflug tölva fyrir einn notanda sem aðallega er notuð fyrir myndvinnslu, tölvustudda hönnun, hugbúnaðarþróun, fjármála- og vísindahugbúnað ásamt öðrum verkefnum sem þarfnast mikillar reiknigetu, að undanskildum tölvuleikjum, og sem er sérstaklega hönnuð til að vera færanleg og notuð í langan tíma annaðhvort með eða án beinnar tengingar við riðstraumsaflgjafa. Færanlegar vinnustöðvar nota innbyggðan skjá og geta unnið á innbyggðri rafhlöðu eða öðrum færanlegum aflgjafa. Flestar færanlegar vinnustöðvar nota ytri aflgjafa og flestar hafa innbyggt lyklaborð og benditæki.

Færanleg vinnustöð hefur eftirfarandi einkenni:

a) meðaltími milli bilana er a.m.k. 13 000 klukkustundir,

b) a.m.k. eitt stakrænt skjákort sem uppfyllir G3 (þar sem skjáminnisgagnavídd > 128 bita), G4, G5, G6 eða G7 flokkunina,

c) styður ísetningu þriggja eða fleiri eininga innri geymslubúnaðar,

d) styður a.m.k. 32 GB í kerfisminni.

38. „Lítill netþjónn“: gerð tölvu sem venjulega notar borðtölvuíhluti í borðtölvuformi en er aðallega hönnuð til að vera hýsigeymsla fyrir aðrar tölvur, framkvæma aðgerðir eins og að veita netgrunnvirkisþjónustu og hýsa gögn/efni og sem hefur eftirfarandi eiginleika:

a) er hannaður þannig að hann standi uppréttur, hafi turnlögun eða aðra lögun sem svipar til borðtölva þannig að öll gagnavinnsla, geymsla og netskilfletir séu í einum kassa,

b) er hannaður til að starfa 24 klukkustundir á sólarhring og 7 daga vikunnar,

c) er aðallega hannaður til að starfa í fjölnotendaumhverfi og þjóna samtímis nokkrum notendum í gegnum nettengdar biðlaraeiningar,

d) þegar hann er settur á markað með stýrikerfi er stýrikerfið hannað fyrir notkun hans sem heimanetþjónn eða netþjónn með litla umferð,

e) er ekki settur á markað með stakrænu skjákorti sem uppfyllir aðra flokkun en G1.

39. „Netþjónn“: gagnavinnsluvara sem veitir þjónustu og stjórnar nettengdum tilföngum biðlaratækja, s.s. borðtölvum, fistölvum, léttum borðtölvubiðlurum, netsímum eða öðrum netþjónum. Netþjónn er venjulega settur á markað til notkunar í gagnaverum og í skrifstofu-/fyrirtækjaumhverfi. Aðgangur að netþjóni er aðallega fenginn í gegnum nettengingar og ekki með beinum ílagstækjum fyrir notendur eins og lyklaborði eða mús,

Netþjónn hefur eftirfarandi eiginleika:

a) hann er hannaður til að styðja stýrikerfi netþjóna og/eða yfirstýrikerfi og ætlaður til að keyra rekstrarforrit sem notendur setja upp,

b) hann styður leiðréttingarkóða (e. *error-correcting code* (ECC)) og/eða biðvætt minni (þ.m.t. bæði biðvæddar minniskeðjur (e. *dual in-line memory modules (DIMM)) og samskipan með einbiðvæddri minniskeðju (e. buffered on board* (BOB)),

c) hann er settur á markað með einum eða fleiri riðstraums-/jafnstraumsaflgjöfum,

d) allir örgjörvar hafa aðgang að sameiginlegu kerfisminni og eru óháð hver öðrum sýnilegir einu stýrikerfi eða yfirstýrikerfi.“,

4) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun

Kröfur varðandi visthönnun með tilliti til aflþarfar tækja í reiðuham og þegar slökkt er á þeim og þegar þau eru í nettengdum reiðuham, eru settar fram í II. viðauka.“,

5) Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og kynna niðurstöður endurskoðunarinnar á samráðsvettvanginum eigi síðar en 7. janúar 2016. Endurskoðunin mun einkum fjalla um gildissvið og kröfur að því er varðar reiðuham og þegar slökkt er á tækjum og hvort kröfurnar eigi við um nettengdan reiðuham og hversu strangar þær eru með tilliti til þriðja áfanga framkvæmdarinnar (2019).

Í endurskoðuninni er m.a. mögulegt að fjalla um sérfræðibúnað og vörur búnar rafmagnshreyflum, sem er stjórnað með fjarstýringu.“,

6) Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Liður 1 í II. viðauka gildir frá og með 7. janúar 2010.

Liður 2 í II. viðauka gildir frá og með 7. janúar 2013.

Liður 3 í II. viðauka gildir frá og með 1. janúar 2015.

Liður 4 í II. viðauka gildir frá og með 1. janúar 2017.

Liður 5 í II. viðauka gildir frá og með 1. janúar 2019.

Liður 6 í II. viðauka gildir frá og með 1. janúar 2015.

Liður 7 í II. viðauka gildir frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.“,

7) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað d-liðar í 2. lið komi eftirfarandi:

„d) Orkusparnaður fyrir allan búnað annan en nettengdan búnað

Í búnaði skal vera orkusparnaðaraðgerð eða sambærileg aðgerð, nema það hæfi ekki fyrirhugaðri notkun búnaðarins. Þegar meginaðgerð búnaðarins er ekki virk og þegar aðrar vörur sem nota orku eru ekki háðar aðgerðum hans, skal orkusparnaðaraðgerðin skipta búnaðinum sjálfkrafa eins fljótt og mögulegt er, með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar, yfir í:

— reiðuham, eða

— ham þegar slökkt er á búnaðinum, eða

— annað ástand án þess að farið sé yfir gildandi kröfur um aflþörf þegar slökkt er á búnaðinum og/eða hann er í reiðuham og þegar búnaðurinn er tengdur rafkerfinu.

Orkusparnaðaraðgerð skal gerð virk.“,

b) Eftirfarandi 3., 4., 5., 6. og 7. liður bætist við:

„3. Frá og með 1. janúar 2015:

a) Möguleikinn að gera þráðlausa nettengingu óvirka

Í öllum nettengdum búnaði sem hægt er að tengja við þráðlaust net skal notandanum boðið upp á möguleikann á að gera þráðlausu nettenginguna óvirka. Þessi krafa gildir ekki um vörur sem treysta á eina þráðlausa nettengingu fyrir fyrirhugaða notkun og hafa ekki fasttengda nettengingu.

b) Orkusparnaður fyrir nettengdan búnað

Í búnaði skal vera orkusparnaðaraðgerð eða sambærileg aðgerð, nema það hæfi ekki fyrirhugaðri notkun búnaðarins. Þegar meginaðgerð búnaðarins er ekki virk og þegar aðrar vörur sem nota orku eru ekki háðar aðgerðum hans, skal orkusparnaðaraðgerðin skipta búnaðinum sjálfkrafa eins fljótt og mögulegt er, með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar, yfir í nettengdan reiðuham.

Í nettengdum reiðuham getur orkusparnaðaraðgerðin skipt búnaðinum sjálfkrafa yfir í reiðuham eða slökkt á honum, eða annan ham sem fer ekki yfir gildandi kröfur um aflþörf í reiðuham eða þegar slökkt er á búnaðinum.

Orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, skal vera tiltæk fyrir öll nettengi nettengda búnaðarins.

Orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, skal virkjuð, nema öll nettengin séu óvirk. Í síðarnefnda tilvikinu skal orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, virkjuð ef einhver af nettengjunum eru virk.

Tíminn sem líður áður en orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, skiptir búnaðinum sjálfkrafa yfir í nettengdan reiðuham skal ekki vera lengri en 20 mínútur.

c) Nettengdur búnaður sem hefur einn reiðuham eða fleiri skal uppfylla kröfur þessara reiðuhama þegar öll nettengi eru óvirk.

d) Annar netbúnaður en HiNA-búnaður skal uppfylla ákvæði d-liðar í 2. lið þegar öll nettengi eru óvirk.

e) Aflþörf í nettengdum reiðuham:

Aflþörf HiNA-búnaðar, eða búnaðar með virkni HiNA-búnaðar, þegar orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, hefur skipt búnaðinum yfir í nettengdan reiðuham, skal ekki vera umfram 12 W.

Aflþörf annars nettengds búnaðar, þegar orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, hefur skipt búnaðinum yfir í nettengdan reiðuham, skal ekki vera umfram 6 W.

Takmörkun á aflþörf, sem mælt er fyrir um í e-lið gildir ekki um:

i. prentunarbúnað með aflgjafa sem hefur málafl yfir 750 W,

ii. prentunarbúnað fyrir stórt snið,

iii. fjarfundakerfi,

iv. létta borðtölvubiðlara,

v. vinnustöðvar,

vi. færanlegar vinnustöðvar,

vii. litla netþjóna,

viii. netþjóna.

4. Frá og með 1. janúar 2017:

Til viðbótar við kröfurnar sem eru settar fram í a- og b-lið 3. liðar gilda eftirfarandi ákvæði:

a) Nettengdur búnaður sem hefur einn reiðuham eða fleiri skal uppfylla kröfur þessara reiðuhama þegar öll fasttengd nettengi hafa verið tekin úr sambandi og þegar öll þráðlaus nettengi hafa verið gerð óvirk.

b) Annar nettengdur búnaður en HiNA-búnaður skal uppfylla ákvæði d-liðar í 2. lið þegar öll fasttengd nettengi hafa verið tekin úr sambandi og þegar öll þráðlaus nettengi hafa verið gerð óvirk.

c) Aflþörf í „nettengdum reiðuham“:

Aflþörf HiNA-búnaðar, eða búnaðar með virkni HiNA-búnaðar, þegar orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, hefur skipt búnaðinum yfir í nettengdan reiðuham, skal ekki vera umfram 8 W.

Aflþörf annars nettengds búnaðar, þegar orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, hefur skipt búnaðinum yfir í nettengdan reiðuham, skal ekki vera umfram 3 W.

Takmörkun á aflþörf, sem mælt er fyrir um í c-lið gildir ekki um:

i. prentunarbúnað fyrir stórt snið,

ii. létta borðtölvubiðlara,

iii. vinnustöðvar,

iv. færanlegar vinnustöðvar,

v. litla netþjóna,

vi. netþjóna.

5. Frá og með 1. janúar 2019:

Til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í a- og b-lið 3. liðar og a-, b- og c-lið 4. liðar, gilda eftirfarandi ákvæði um annan nettengdan búnað en HiNA-búnað eða annan búnað með virkni HiNA-búnaðar:

Aflþörf annars nettengds búnaðar en HiNA-búnaðar, eða búnaðar með virkni HiNA-búnaðar, þegar orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, hefur skipt búnaðinum yfir í nettengdan reiðuham, skal ekki vera umfram 2 W.

6. Frá og með 1. janúar 2015:

Að því er varðar kaffivélar skal biðtíminn áður en vörunni er sjálfkrafa skipt yfir í ham, sem um getur í d-lið 2. liðar í II. viðauka, vera eftirfarandi:

— að því er varðar kaffivélar til heimilisnota, með síu, sem geyma kaffi í einangraðri könnu, að hámarki 5 mínútur eftir að síðustu lögunarlotu er lokið eða 30 mínútur eftir að afkölkunar- eða sjálfhreinsunarferli er lokið,

— að því er varðar kaffivélar til heimilisnota, með síu, sem geyma kaffi í óeinangraðri könnu, að hámarki 40 mínútur eftir að síðustu lögunarlotu er lokið eða 30 mínútur eftir að afkölkunar- eða sjálfhreinsunarferli er lokið,

— að því er varðar aðrar kaffivélar til heimilisnota en kaffivélar með síu, að hámarki 30 mínútur eftir að síðustu lögunarlotu er lokið eða að hámarki 30 mínútur eftir að hitaldið hefur verið virkjað, eða að hámarki 60 mínútur eftir að aðgerðin upphitun bolla hefur verið virkjuð eða að hámarki 30 mínútur eftir að afkölkunar- eða sjálfhreinsiferli er lokið, nema viðvörun hafi farið í gang sem krefst þess að notandi grípi inn í til að koma í vega fyrir hugsanlegar skemmdir eða slys.

Kröfurnar varðandi visthönnun, sem settar eru fram í d-lið 2. liðar II. viðauka, gilda ekki fram að framangreindri dagsetningu.

7. Kröfur um vöruupplýsingar

Frá og með 1. janúar 2015 skulu eftirfarandi upplýsingar um nettengdan búnað vera sýnilegar á vefsetrum framleiðenda með opnum aðgangi:

a) fyrir hvern reiðuham og/eða þegar slökkt er á búnaðinum og nettengdan reiðuham sem orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, skiptir búnaðinum yfir í:

— gögn um aflþörf í vöttum með einum aukastaf,

— tíminn sem líður áður en orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, skiptir búnaðinum sjálfkrafa yfir í reiðuham og/eða slekkur á búnaðinum og/eða skiptir yfir í nettengdan reiðuham,

b) aflþörf vörunnar í nettengdum reiðuham ef öll fasttengd nettengi eru tengd og ef öll þráðlaus nettengi eru virk,

c) leiðbeiningar um hvernig á virkja og gera þráðlaus nettengi óvirk.

Aflþörf vörunnar í nettengdum reiðuham, sem um getur í b-lið, og leiðbeiningarnar, sem um getur í c-lið, skulu einnig vera í notendahandbókinni.“,

c) Í stað 3. liðar komi nýr 8. liður:

„8. Mælingar

Aflþörfin, sem um getur í a- og b-lið 1. liðar, a- og b-lið 2. liðar, e-lið 3. liðar og c-lið 4. liðar og 5. lið, og biðtímanarnir, sem um getur í 6. lið, skulu ákvörðuð með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndrar nýjustu og fullkomnustu tækni.“,

d) Í stað 4. liðar komi nýr 9. liður:

„9. Upplýsingar sem framleiðendum ber að veita

Að því er varðar samræmismat skv. 4. gr. skulu tækniskjölin innihalda eftirfarandi þætti:

a) að því er varðar hvern reiðuham eða þann ham þegar slökkt er á búnaði:

— gögn um aflþörf í vöttum með einum aukastaf,

— mæliaðferðina sem var notuð,

— lýsingu á því hvernig hamur búnaðarins var valinn eða forritaður,

— röð atburða sem leiða til þess að búnaðurinn skiptir sjálfkrafa úr einum ham í annan,

— allar athugasemdir um notkun búnaðarins, t.d. upplýsingar um hvernig notandinn skiptir búnaðinum yfir í nettengdan reiðuham,

— ef við á, sjálfgefni tíminn sem líður áður en orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, skiptir búnaðinum yfir í viðeigandi lágaflsham,

b) að því er varðar nettengdan búnað:

— fjöldi og gerð nettengja og, að undanskildum þráðlausum nettengjum, hvar þessi tengi eru staðsett á búnaðinum, einkum skal tilgreina hvort að sama raunlæga nettengið geti hýst tvær eða fleiri gerðir nettengja,

— hvort öll nettengi séu gerð óvirk fyrir afhendingu,

— hvort að búnaður teljist vera HiNA-búnaður eða með virkni HiNA-búnaðar, séu engar upplýsingar veittar, er ekki talið að svo sé,

og fyrir hverja gerð nettengis:

— sjálfgefni tíminn sem líður áður en orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, skiptir búnaðinum yfir í nettengdan reiðuham,

— kveikja sem er notuð til að endurvirkja búnaðinn,

— (hámarks-) forskriftir varðandi afköst,

— (hámarks-) aflþörf búnaðarins í nettengdum reiðuham, sem orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, mun skipta búnaðinum yfir í, aðeins ef þetta tengi er notað fyrir fjarvakningu,

— samskiptareglurnar sem búnaðurinn notar,

Ef engar upplýsingar eru veittar er búnaðurinn ekki talinn vera nettengdur búnaður nema hann geti sinnt aðgerðum beinis, netskiptis, aðgangsstaðar að þráðlausu neti (sem er ekki endabúnaður), netalds, mótalds, netsíma, myndsíma.

c) prófunarþætti fyrir mælingarnar:

— umhverfishiti,

— prófunarspenna í V og tíðni í Hz,

— heildaryfirsveiflubjögun rafveitukerfisins,

— upplýsingar og gögn um tækjabúnað, uppsetningu og straumrásir notaðar við rafmagnsprófun,

d) Þeir eiginleikar búnaðar sem máli skipta við mat á samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í c-lið 1. liðar eða kröfurnar sem settar eru fram í c- og/eða d-lið 2. liðar og eða b-lið 3. liðar, eftir því sem við á, þ.m.t. tíminn sem það tekur fyrir búnaðinn að skipta sjálfkrafa yfir í reiðuham, eða þann ham þegar slökkt er á búnaðinum, eða annað ástand, án þess að farið sé yfir gildandi kröfur um aflþörf búnaðar í reiðuham eða þegar slökkt er á honum.

Einkum skulu tæknileg rök lögð fram, ef við á, um að kröfurnar í c-lið 1. liðar, eða kröfurnar í c- og/eða d-lið 2. liðar og eða b-lið 3. liðar eigi ekki við fyrirhugaða notkun búnaðarins. Nauðsyn þess að viðhalda tveimur eða fleiri nettengingum eða að bíða eftir kveikju sem er sett af stað með fjarvakningu er ekki talin fullnægjandi tæknileg rök fyrir undanþágu frá kröfunum sem eru settar fram í d-lið 2. liðar þegar um er að ræða búnað sem er ekki skilgreindur af framleiðanda sem nettengdur búnaður.“

8) Eftirfarandi bætist við í III. viðauka:

„Að því er varðar kröfurnar sem settar eru fram í d-lið 2. liðar í II. viðauka skulu yfirvöld í aðildarríki nota viðeigandi aðferð til að mæla aflþörf eftir að orkusparnaðaraðgerð, eða sambærileg aðgerð, hefur skipt búnaðinum yfir í viðeigandi ham.

Að því er varðar kröfurnar sem eru settar fram í c-lið 3. liðar og a-lið 4. liðar í II. viðauka skulu yfirvöld í aðildarríkjunum nota viðeigandi aðferð, sem nefnd er hér að framan, eftir að öll nettengi einingarinnar hafa verið gerð óvirk og/eða þau tekin úr sambandi.

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB(*) skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar sem settar eru fram í 3. og 4. lið í II. viðauka, eftir því sem við á.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu sem hér segir:

Ef búnaðurinn hefur, eins og tilgreint er í tæknigögnunum, eina gerð nettengis og ef tvö eða fleiri tengi af þeirri gerð eru tiltæk, er eitt þessara tengja valið af handahófi og það tengi er tengt við viðeigandi net í samræmi við hámarksforskrift tengisins. Ef um er að ræða mörg þráðlaus nettengi af sömu gerð, skal gera önnur þráðlaus tengi óvirk ef mögulegt er. Ef um er að ræða mörg fasttengd nettengi af sömu gerð, skal vegna sannprófunar á kröfunum sem settar eru fram í 3. lið í II. viðauka, gera önnur nettengi óvirk ef mögulegt er. Ef aðeins eitt nettengi er tiltækt skal það tengi tengt við viðeigandi net í samræmi við hámarksforskrift tengisins.

Kveikt er á einingunni. Þegar eining sem kveikt er á er farin að starfa rétt er heimilt að skipta yfir í nettengdan reiðuham og mæla aflþörfina. Síðan er viðeigandi kveikja send í búnaðinn í gegnum nettengið og athugað hvort að búnaðurinn hafi verið endurvirkjaður.

Ef búnaðurinn hefur, eftir því sem tilgreint er í tæknigögnunum, fleiri en eina gerð af nettengi, skal endurtaka eftirfarandi aðferð fyrir hverja gerð nettengis. Ef tvær eða fleiri gerðir af nettengjum eru tiltæk er eitt tengi valið af handahófi fyrir hverja gerð nettengis og það tengi er tengt viðeigandi neti í samræmi við hámarksforskrift tengisins.

Ef einungis eitt tengi er tiltækt fyrir tiltekna gerð nettengis skal það tengi tengt við viðeigandi net, sem er í samræmi við hámarksforskrift tengisins. Ef mögulegt er skulu þráðlaus tengi sem eru ekki í notkun gerð óvirk. Ef um er að ræða sannprófun á kröfum sem settar eru fram í 3. lið í II. viðauka skulu þráðlaus nettengi sem eru ekki í notkun, gerð óvirk ef mögulegt er.

Kveikt er á einingunni. Þegar eining sem kveikt er á er farin að starfa rétt er heimilt að skipta yfir í nettengdan reiðuham og mæla aflþörfina. Síðan er viðeigandi kveikja send í búnaðinn í gegnum nettengið og athugað hvort að búnaðurinn hefur verið endurvirkjaður. Ef tvær eða fleiri gerðir (röklegs) nettengis deila einu raunlægu nettengi er þessi aðferð endurtekin fyrir hverja gerð röklegs nettengis á meðan hin röklegu tengin eru röklega aftengd.

Tegundin telst vera í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar ef niðurstöðurnar fyrir hverja gerð nettengis víkja ekki meira en 10% frá viðmiðunarmörkunum.

Að öðrum kosti skulu þrjár einingar til viðbótar prófaðar. Tegundin skal teljast uppfylla þessa reglugerð ef meðaltal niðurstaðna fyrir hverja gerð nettengis úr þremur síðari prófununum fer ekki meira en 10% yfir viðmiðunarmörkin.

Að öðrum kosti telst varan ekki uppfylla kröfurnar.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu gefa yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni upp niðurstöður úr prófunum og aðrar viðeigandi upplýsingar innan eins mánaðar frá því að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæðin liggur fyrir.

Til viðbótar við aðferðirnar sem settar eru fram hér að framan, skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. aðferðir sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.“

9) Í IV. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir síðasta málsliðnum:

„Nettengdur reiðuhamur: 3 W ef um er að ræða HiNA-búnað, 1 W eða minna ef um er að ræða búnað sem er ekki HiNA-búnaður.“

2. gr.

Breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 642/2009

Reglugerð (EB) nr. 642/2009 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi skilgreiningar bætast við 2. gr.:

„12. „Net“: fjarskiptavirki með tengingaskipan, högun, þ.m.t. raunlægum þáttum, skipulagslegum grunnreglum, samskiptaaðferðum- og sniði (samskiptareglur).

13. „Nettengi“: raunlægur skilflötur nettengingar, annað hvort fasttengdur eða þráðlaus, sem er staðsettur á sjónvarpinu og hægt er að virkja með fjarstýringu.

14. „Nettengt sjónvarp“: sjónvarp sem getur tengst neti og hefur eitt eða fleiri nettengi.

15. „Tiltækileiki nets“: geta sjónvarps til að hefja aðgerðir að nýju eftir að nettengi hefur greint fjarstýrða kveikju.

16. „Fjarstýrð kveikja“: merki sem verður til utan sjónvarpsins og er sent í það í gegnum net.

17. „Nettengdur reiðuhamur“: ástand þar sem sjónvarp getur hafið aðgerð á ný með fjarstýrðri kveikju í gegnum nettengingu,

18. „Nettengt sjónvarp með virkni nettengds sjónvarps með fjölþætta netvirkni“ (sjónvarp með virkni HiNA-búnaðar): sjónvarp sem hefur virkni beinis, netskiptis, aðgangsstaðar að þráðlausu neti (en er ekki endabúnaður) eða samsetningu þessa búnaður.

19. „Beinir“: nettæki sem hefur þá meginvirkni að ákvarða bestu leiðina sem beina ætti netumferð. Beinar áframsenda pakka frá einu neti til annars á grundvelli netlagsupplýsinga (L3).

20. „Netskiptir“: nettæki sem hefur það að meginvirkni að sía, áframsenda og dreifa römmum á grundvelli ákvörðunarvistfangs hvers ramma. Allir skiptar starfa a.m.k. í greinalaginu (L2).

21. „Aðgangsstaður að þráðlausu neti“: tæki sem hefur það að meginvirkni að veita mörgum biðlurum tengjanleika í samræmi við IEEE 802.11 (Wi-Fi) staðalinn.“,

2) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við sem nýr 3. liður:

„3. AFLÞÖRF Í NETTENGDUM REIÐUHAM

Eftirfarandi kröfur gilda að því er varðar nettengd sjónvörp:

1. Frá og með 1. janúar 2015:

a) Möguleikinn að gera þráðlausa nettengingu óvirka

Ef nettengt sjónvarp getur tengst þráðlausu neti skal notandinn hafa möguleikann á því að gera þráðlausu nettenginguna óvirka. Þessi krafa gildir ekki um vörur sem treysta á eina þráðlausa nettengingu fyrir fyrirhugaða notkun og hafa ekki fasttengda nettengingu.

b) Orkusparnaður nettengdra sjónvarpa

Nettengd sjónvörp skulu bjóða upp á aðgerð með eftirfarandi eiginleikum:

Þegar kveikt hefur verið á sjónvarpinu í að hámarki 4 klukkustundir frá síðustu aðgerð notanda og/eða frá því að notandi skipti um rás skal sjónvarpið sjálfkrafa skipta frá þeim ham yfir í nettengdan reiðuham eða annað ástand, án þess að farið sé yfir gildandi kröfur um aflþörf í nettengdum reiðuham.

Sjónvörp skulu birta viðvörunarmerki áður en sjónvarpið skiptir sjálfkrafa úr ham þar sem kveikt er á sjónvarpinu yfir í viðeigandi ástand/ham. Þessi aðgerð skal vera sjálfgefin stilling.

Í nettengdum reiðuham getur orkusparnaðaraðgerðin skipt sjónvarpinu sjálfkrafa yfir í reiðuham eða í ham þar sem er slökkt á honum, eða annað ástand, án þess að farið sé yfir gildandi kröfur um aflþörf í reiðuham eða þegar slökkt er á búnaðinum.

Orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, skal vera tiltæk fyrir öll nettengi nettengda sjónvarpsins.

Orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, skal virkjuð, nema öll þráðlaus nettengi séu óvirk. Í því tilviki skal orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, virkjuð ef einhver af nettengjunum eru virk.

c) Nettengt sjónvarp sem hefur einn reiðuham eða fleiri skal uppfylla kröfur þessara reiðuhama þegar öll þráðlaus nettengi eru óvirk.

d) Aflþörf í nettengdum reiðuham:

Aflþörf sjónvarps með virkni HiNA-búnaðar, þegar orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, hefur skipt sjónvarpinu yfir í nettengdan reiðuham, skal ekki vera umfram 12 W.

Aflþörf sjónvarps sem hefur ekki virkni HiNA-búnaðar, þegar orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, hefur skipt sjónvarpinu yfir í nettengdan reiðuham, skal ekki vera umfram 6 W.

2. Frá og með 1. janúar 2017:

Til viðbótar við kröfurnar sem eru settar fram í a- og b-lið 1. liðar gilda eftirfarandi ákvæði:

a) Nettengt sjónvarp sem hefur einn reiðuham eða fleiri skal uppfylla kröfur þessara reiðuhama þegar öll fasttengd nettengi hafa verið tekin úr sambandi og þegar öll þráðlaus nettengi eru óvirk.

b) Nettengt sjónvarp skal uppfylla ákvæði d-liðar í lið 2.2 þegar öll fasttengd nettengi hafa verið tekin úr sambandi og þegar öll nettengi eru óvirk.

c) Aflþörf í nettengdum reiðuham:

Aflþörf sjónvarps með virkni HiNA-búnaðar, þegar orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, hefur skipt sjónvarpinu yfir í nettengdan reiðuham, skal ekki vera umfram 8 W.

Aflþörf sjónvarpa sem hafa ekki virkni HiNA-búnaðar, þegar orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, hefur skipt sjónvarpinu yfir í nettengdan reiðuham, skal ekki vera umfram 3 W.

3. Frá og með 1. janúar 2019:

Til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í a- og b-lið 1. liðar og a-, b- og c-lið 2. liðar, gilda eftirfarandi ákvæði um önnur nettengd sjónvörp en HiNA-búnað eða nettengd sjónvörp með virkni HiNA-búnaðar:

Aflþörf sjónvarpa sem hafa ekki virkni HiNA-búnaðar, þegar orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, hefur skipt sjónvarpinu yfir í nettengdan reiðuham, skal ekki vera umfram 2 W.“,

b) 3. liður verður 4. liður,

c) 4. liður verður 5. liður,

d) 5. liður verður 6. liður,

e) Eftirfarandi bætist við sem e-liður, á eftir d-lið í lið 5.1. (nýr liður 6.1):

„e) að því er varðar nettengdan reiðuham:

— fjöldi og gerð nettengja og, að undanskildum þráðlausum nettengjum, hvort þessi tengi eru staðsett á sjónvarpinu, einkum skal taka fram hvort að sama raunlæga nettengið geti hýst tvær eða fleiri gerðir nettengja,

— hvort öll nettengi séu gerð óvirk fyrir afhendingu,

— hvort sjónvarpið geti talist vera sjónvarp með virkni HiNA-búnaðar og ef engar upplýsingar eru veittar þá telst sjónvarpið ekki vera HiNA-búnaður eða sjónvarp með virkni HiNA-búnaðar.“,

f) Eftirfarandi bætist við sem nýr f-liður, á eftir e-lið í lið 5.1. (nýr liður 6.1):

„f) fyrir hverja gerð nettengis:

— sjálfgefni tíminn sem líður áður en orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, skiptir sjónvarpinu yfir í nettengdan reiðuham,

— kveikja sem er notuð til að endurvirkja búnaðinn,

— (hámarks-) forskriftir varðandi afköst,

— (hámarks-) aflþörf sjónvarpsins í nettengdum reiðuham, sem orkusparnaðaraðgerðin, eða sambærileg aðgerð, mun skipta búnaðinum yfir í, aðeins ef þetta tengi er notað fyrir fjarvakningu.

Ef ekki eru veittar neinar upplýsingar þá er sjónvarpið ekki talið vera nettengt sjónvarp.“,

g) Ákvæði e-liðar í lið 5.1. verða nýr g-liður í lið 6.1.

h) Í stað annars undirliðar í lið 5.2 (nýr liður 6.2) komi eftirfarandi:

„— gögn um aflþörf í vöttum í reiðuham og/eða þegar slökkt er og í nettengdum reiðuham með tveimur aukastöfum.“,

3) Í stað 2. liðar í II. viðauka komi eftirfarandi:

„2. Mælingar á aflþörf í reiðuham/þegar slökkt er og í nettengdum reiðuham

Mælingar á aflþörfinni sem um getur í 2. og 3. hluta I. viðauka skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

Aflþörfin, sem um getur í a- og b-lið liðar 2.1, a- og b-lið liðar 2.2 og d-lið liðar 3.1. og c-lið liðar 3.2, skal ákvörðuð með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndrar nýjustu og fullkomnustu tækni.“,

4) Í stað III. viðauka komi eftirfarandi:

„III. VIÐAUKI

SANNPRÓFUNARAÐFERÐ

A. *Sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar í 1., 2., 4. og 5. hluta I. viðauka*

1) Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB(*) skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar sem settar eru fram í 1., 2., 4. og 5. hluta I. viðauka.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka sjónvarpseiningu.

Tegundin skal teljast uppfylla ákvæði I. viðauka að því tilskildu að:

a) niðurstaða mælinga á aflþörf þegar kveikt er á sjónvarpinu fari ekki meira en 7% yfir gildandi viðmiðunarmörk sem sett eru fram í 1. og 2. lið í 1. hluta, og

b) niðurstaða mælinga í reiðuham/þegar slökkt er á sjónvarpinu, eftir því sem við á, fari ekki meira en 0,10 W yfir gildandi viðmiðunarmörk sem sett eru fram í a- og b-lið 1. liðar og a- og b-lið 2. liðar í 2. hluta I. viðauka og

c) niðurstaða mælingar á hlutfalli hámarksljóma sem sett er fram í 5. hluta I. viðauka fari ekki niður fyrir 60%.

Ef niðurstöðurnar sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. liðar fást ekki skal prófa þrjár einingar til viðbótar af sömu tegund.

2) Þegar búið er að prófa þrjár einingar til viðbótar af sömu tegund telst tegundin uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka að því tilskildu að:

a) meðaltal niðurstaðna síðastnefndu eininganna þriggja, að því er varðar aflþörf þegar kveikt er á þeim, fari ekki meira en 7% yfir gildandi viðmiðunarmörk sem sett eru fram í 1. og 2. lið í 1. hluta I. viðauka og

b) meðaltal niðurstaðna síðastnefndu eininganna þriggja, að því er varðar mælingar í reiðuham/í ham þar sem slökkt er á þeim, eftir því sem við á, fari ekki meira en 0,10 W yfir gildandi viðmiðunarmörk sem sett eru fram í a- og b-lið 1. liðar og a- og b-lið 2. liðar í 2. hluta I. viðauka og

c) meðaltal niðurstaðna síðastnefndu eininganna þriggja að því er varðar hlutfall hámarksljóma sem sett er fram í 5. hluta I. viðauka fari ekki niður fyrir 60%.

Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a-, b- og c-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin ekki uppfylla kröfurnar.

B. *Sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar í 3. hluta I. viðauka*

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar sem settar eru fram í d-lið 1. liðar og c-lið 2. liðar 3. hluta, eftir því sem við á. Nota skal gildandi aðferðir hér fyrir neðan, eftir að öll nettengi einingarinnar hafa verið gerð óvirk og/eða aftengd eftir því sem við á

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu sem hér segir:

Ef sjónvarpið hefur, eins og tilgreint er í tæknigögnunum, eina gerð nettengis og ef tvö eða fleiri tengi af þeirri gerð eru tiltæk, er eitt þessara tengja valið af handahófi og það tengi er tengt við viðeigandi net í samræmi við hámarksforskrift tengisins. Ef um er að ræða mörg þráðlaus nettengi af sömu gerð, skal gera önnur þráðlaus tengi óvirk ef mögulegt er. Í tilvikum sem um er að ræða mörg þráðlaus nettengi af sömu gerð, að því er varðar kröfurnar um sannprófun, sem settar eru fram í 2. lið I. viðauka, skal gera önnur nettengi óvirk ef mögulegt er. Ef aðeins eitt nettengi er tiltækt skal það tengi tengt við viðeigandi net í samræmi við hámarksforskrift tengisins.

Kveikt er á einingunni. Þegar eining sem kveikt er á er farin að starfa rétt er heimilt að skipta yfir í nettengdan reiðuham og mæla aflþörfina. Síðan er viðeigandi kveikja send í sjónvarpið í gegnum nettengið og athugað hvort að sjónvarpið hafi verið endurvirkjað.

Ef sjónvarpið hefur, eftir því sem tilgreint er í tæknigögnunum, fleiri en eina gerð af nettengi skal endurtaka eftirfarandi aðferð fyrir hverja gerð nettengis. Ef tvær eða fleiri gerðir af nettengjum eru tiltæk er eitt tengi valið af handahófi fyrir hverja gerð nettengis og það tengi er tengt viðeigandi neti í samræmi við hámarksforskrift tengisins.

Ef einungis eitt tengi er tiltækt fyrir tiltekna gerð nettengis skal það tengi tengt við viðeigandi net, sem er í samræmi við hámarksforskrift tengisins. Ef mögulegt er skulu þráðlaus tengi sem eru ekki í notkun gerð óvirk. Ef um er að ræða sannprófun á kröfum sem settar eru fram í 3. lið í II. viðauka skulu þráðlaus nettengi sem eru ekki í notkun, gerð óvirk ef mögulegt er.

Kveikt er á einingunni. Þegar eining sem kveikt er á er farin að starfa rétt er heimilt að skipta yfir í nettengdan reiðuham og mæla aflþörfina. Síðan er viðeigandi kveikja send í sjónvarpið í gegnum nettengið og athugað hvort að sjónvarpið hafi verið endurvirkjað.

Ef tvær eða fleiri gerðir (röklegs) nettengis deila einu raunlægu nettengi er þessi aðferð endurtekin fyrir hverja gerð röklegs nettengis á meðan hin röklegu tengin eru röklega aftengd.

Tegundin telst vera í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar ef niðurstöðurnar fyrir hverja gerð nettengis víkja ekki meira en 7% frá viðmiðunarmörkunum.

Að öðrum kosti skulu þrjár einingar til viðbótar prófaðar. Tegundin skal teljast uppfylla þessa reglugerð ef meðaltal niðurstaðna fyrir hverja gerð nettengis úr þremur síðari prófununum fer ekki meira en 7% yfir viðmiðunarmörkin.

Að öðrum kosti telst varan ekki uppfylla kröfurnar.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu gefa yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni upp niðurstöður úr prófunum og aðrar viðeigandi upplýsingar innan eins mánaðar frá því að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæðin liggur fyrir.

C. *Athugun á samræmi*

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu, í þeim tilgangi að kanna samræmi við kröfurnar, beita aðferðinni sem um getur í II. viðauka og áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. aðferðir sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.“

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. ágúst 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 812/2013 2016/EES/05/44

frá 18. febrúar 2013

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar vatnshitara, geymslutanka fyrir heitt vatn og pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum ([1]), einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2010/30/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin samþykki framseldar gerðir að því er varðar merkingar orkutengdra vara sem hafa umtalsverða möguleika á orkusparnaði en þar sem mikils misræmis gætir í nothæfisstigi með sambærilega virkni.

2) Orkan sem vatnshitarar og geymslutankar fyrir heitt vatn nota er verulegur hluti af heildarorkuþörf í Sambandinu og að því er varðar orkunýtni vatnshitunar og fast tap gætir mikils misræmis í vatnshiturum og geymslutönkum fyrir heitt vatn, sem hafa sambærilega virkni. Möguleikarnir til að draga úr orkunotkun þeirra eru miklir og fela m.a. í sér að sameina vatnshitara viðeigandi búnaði sem nýtir sólarorku. Kröfur um orkumerkingar ættu því að ná yfir vatnshitara, geymslutanka fyrir heitt vatn og pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku.

3) Vatnshitarar sem hannaðir eru til að notast aðallega við loftkennt eða fljótandi eldsneyti (umfram 50%) sem framleitt er úr lífmassa hafa sérstaka tæknilega eiginleika sem gera það að verkum að þörf er á frekari tækni-, efnahags- og umhverfisgreiningum. Með hliðsjón af útkomu greininganna ætti að ákveða kröfur um orkumerkingar að því er varðar þessa vatnshitara síðar, ef við á.

4) Mæla ætti fyrir um samræmd ákvæði um merkingar og staðlaðar vörulýsingar að því er varðar orkunýtni vatnshitara og geymslutanka fyrir heitt vatn til að veita framleiðendum hvata til að bæta orkunýtni þessara vara, til að hvetja endanlega notendur til að kaupa orkunýtnar vörur og stuðla að starfsemi innri markaðarins.

5) Að því er varðar verulegan orkusparnað og kostnaðarlækkanir fyrir hverja gerð vatnshitara og geymslutanka fyrir heitt vatn ætti með þessari reglugerð að taka upp nýjan kvarða fyrir merkingar frá A til G fyrir hefðbundna vatnshitara, vatnshitara sem nýta sólarorku og vatnshitara með varmadælu sem og fyrir geymslutanka fyrir heitt vatn. Til að hraða markaðssókn vatnshitara og geymslutanka fyrir heitt vatn sem hafa mesta orkunýtni ætti að bæta við kvikum A^+ flokki við flokkunina að tveimur árum liðnum.

6) Reglugerð þessi ætti að tryggja að neytendur fái nákvæmari samanburðarupplýsingar um orkunýtingu vatnshitara sem nýta sólarorku og vatnshitara með varmadælu í þremur evrópskum loftslagsbeltum.

7) Hljóðaflsstig vatnshitara getur verið mikilvægur þáttur fyrir endanlega notendur. Á merkimiðum vatnshitara ættu að vera upplýsingar um hljóðaflsstig.

8) Gert er ráð fyrir að samanlögð áhrif þessarar reglugerðar og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 814/2013 frá 2. ágúst 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun vatnshitara og geymslutanka fyrir heitt vatn ([2]) muni leiða til áætlaðs árlegs orkusparnaðar sem nemur u.þ.b. 450 PJ (u.þ.b. 11 miljón tonn olíugilda) árið 2020, sem samsvarar u.þ.b. losun 26 miljóna tonna af koltvísýringi, samanborið við það sem myndi gerast ef ekki væri gripið til neinna ráðstafana.

9) Upplýsingarnar sem koma fram á merkimiðum ættu að vera fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum og reikningsaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða og reikningsaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópskum staðlastofnunum, að ósk framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu([3]), í þeim tilgangi að setja kröfur um visthönnun.

10) Í þessari reglugerð ætti að tilgreina samræmda hönnun og innihald merkimiða fyrir vatnshitara og geymslutanka fyrir heitt vatn.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 83. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 239, 6.9.2013 bls. 162.

([3]) Stjtíð. EB L 204, 21.7. 1998, bls. 37.

11) Að auki ætti í þessari reglugerð að tilgreina kröfur um vöruupplýsingablað og tæknigögn um vatnshitara og geymslutanka fyrir heitt vatn.

12) Enn fremur ber að tilgreina í þessari reglugerð kröfur um upplýsingar sem veita skal vegna hvers konar fjarsölu vatnshitara og geymslutanka fyrir heitt vatn, auglýsinga og tæknilegs kynningarefnis um slíkar vörur.

13) Til viðbótar við merkimiðana og vöruupplýsingablöðin fyrir vatnshitara og geymslutanka fyrir heitt vatn sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ættu merkimiðar á pökkum og upplýsingablöðum, sem byggja á vöruupplýsingablöðum frá birgjum, að tryggja að endanlegur notandi hafi greiðan aðgang að upplýsingum um orkunýtingu vatnshitara sem eru tengdir búnaði sem nýtir sólarorku. Mögulegt er að slíkur pakki nái flokki A^{+++}, sem er flokkurinn með mesta orkunýtni.

14) Rétt þykir að kveða á um endurskoðun á ákvæðum þessarar reglugerðar með tilliti til tækniframfara,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar kröfur um orkumerkingar og veitingu viðbótarvöruupplýsinga um vatnshitara með nafnvarmaafköst ≤ 70 kW, geymslutanka fyrir heitt vatn sem eru ≤ 500 lítrar að rúmmáli og pakka með vatnshitara ≤ 70 kW og búnaði sem nýtir sólarorku.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) vatnshitara sem sérstaklega eru hannaðir til að nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti sem er að mestu framleitt úr lífmassa,

b) vatnshitara sem nota eldsneyti í föstu formi,

c) vatnshitara sem falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB([4]),

d) sambyggða hitara eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013([5]),

e) vatnshitara sem uppfylla ekki a.m.k. álagslýsinguna með lægstu viðmiðunarorku, eins og tilgreint er í töflu 3 í VII. viðauka,

f) vatnshitara sem eru eingöngu hannaðir til að laga heita drykki og/eða mat.

([4]) Stjtíð. EB L 334, 17.12. 2010, bls. 17.
([5]) Stjtíð. ESB L 239, 6.9.2013 bls. 1.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar, sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2010/30/ESB, er í þessari reglugerð merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „vatnshitari“: tæki sem:

a) tengist ytri birgðum af drykkjarvatni eða grávatni,

b) framleiðir og flytur varma til að skila drykkjarvatni eða heitu grávatni við tiltekið hitastig, í ákveðnu magni og tilteknu streymi innan tiltekins tíma,

c) búið er einum eða fleiri varmagjöfum,

2) „varmagjafi“: sá hluti vatnshitara sem framleiðir varma með einu eða fleiri af eftirfarandi ferlum:

a) bruna jarðefnaeldsneytis og/eða lífmassaeldsneytis,

b) nýtingu júl-áhrifa í rafviðnámshitöldum,

c) upptöku varma úr lofti, vatni eða jörðu og/eða frávarma,

3) „nafnvarmaafköst“: tilgreind varmaafköst vatnshitara þegar vatn er hitað við stöðluð málgildisskilyrði, gefin upp í kW,

4) „rúmmál“ (*V*): málgildi rúmmáls geymslutanks fyrir heitt vatn, gefið upp í lítrum,

5) „stöðluð málgildisskilyrði“: vinnsluskilyrði vatnshitara til að ákvarða nafnvarmaafköst, orkunýtni vatnshitunar og hljóðaflsstig og að því er varðar geymslutanka fyrir heitt vatn til að ákvarða fast tap,

6) „lífmassi“: lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og efnaleifa af líffræðilegum uppruna frá landbúnaði (þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu), skógrækt og tengdum atvinnugreinum, þ.m.t. sjávarútvegur og lagareldi, auk lífbrjótanlegs hluta iðnaðarúrgangs og heimilis- og rekstrarúrgangs,

7) „lífmassaeldsneyti“: loftkennt eða fljótandi eldsneyti sem framleitt er úr lífmassa,

8) „jarðefnaeldsneyti“: loftkennt eða fljótandi eldsneyti úr jarðefnum,

9) „geymslutankur fyrir heitt vatn“: ílát til að geyma heitt vatn til vatns- og/eða rýmishitunar, þ.m.t. öll íblöndunarefni, sem ekki er búið neinum varmagjafa nema hugsanlega einum eða fleiri varahitakólfum,

10) „varahitakólfur“: rafviðnámshitari sem notast við júláhrif og er hluti af geymslutanki fyrir heitt vatn og framleiðir aðeins varma þegar röskun verður á ytri varmagjafa (þ.m.t. á meðan á viðhaldstímabili stendur) eða varmagjafi bilar, eða sem er hluti af geymslutanki fyrir heitt vatn sem hitað er með sólarorku og framleiðir varma þegar varmagjafi sem nýtir sólarorku nægir ekki til að uppfylla kröfur,

11) „búnaður sem nýtir sólarorku“: kerfi sem nýtir eingöngu sólarorku, sólargleypir, geymslutankur fyrir heitt vatn, sem hitað er með sólarorku eða dæla í hringrás sólargleypis, sem sett eru á markað sérstaklega,

12) „kerfi sem nýtir eingöngu sólarorku“: búnaður sem er búinn einum eða fleiri sólargleypum og geymslutönkum fyrir heitt vatn, sem er hitað með sólarorku og hugsanlega dælum í hringrás sólargleypis og öðrum hlutum, sem er settur á markað sem ein eining og er ekki búinn neinum varmagjafa nema hugsanlega einum eða fleiri varahitakólfum,

13) „pakki með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku“: pakki sem boðinn er endanlegum notanda og hefur einn eða fleiri vatnshitara og einn eða fleiri búnað sem nýtir sólarorku,

14) „orkunýtni vatnshitunar“ (η_{wh}): hlutfallið á milli notorkunnar sem vatnshitarinn eða pakkinn með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku gefa og orkunnar sem nauðsynleg er til að framleiða hana, gefið upp í %,

15) „hljóðaflsstig“ (L_{WA}): A-vegið hljóðaflsstig, innan og/eða utandyra, gefið upp í dB,

16) ‘fast tap’ (S): hitunarafl sem tapast í geymslutanki fyrir heitt vatn við tiltekið hitastig vatns og umhverfis, gefið upp í W,

17) „vatnshitari með varmadælu“: vatnshitari sem notar umhverfisvarma frá lofti, vatni eða jörðu, og/eða frávarma til að framleiða varma.

Viðbótarskilgreiningar að því er varðar II. til IX. viðauka eru settar fram í I. viðauka.

3. gr.

Ábyrgð birgja og tímaáætlun

1. Frá 26. september 2015 skulu birgjar sem setja vatnshitara á markað og eða taka þá í notkun, þ.m.t. þá sem eru hluti af pökkum með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku, tryggja að:

a) prentaður merkimiði sem uppfyllir kröfur um snið og innihald upplýsinga sem settar eru fram í lið 1.1 í III. viðauka, fylgi hverjum vatnshitara sem uppfyllir kröfur um vatnshitunarorkunýtniflokk sem settar eru fram í 1. lið II. viðauka, þar sem: að því er varðar vatnshitara með varmadælu, prentaði merkimiðinn fylgi a.m.k. umbúðum varmagjafans, að því er varðar vatnshitara sem ætlaðir eru til nota í pökkum með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku fylgi annar merkimiði, sem uppfyllir kröfur um snið og innihald upplýsinga sem settar eru fram í 3. lið III. viðauka, hverjum vatnshitara,

b) vöruupplýsingablað, eins og sett er fram í 1. lið IV. viðauka fylgi hverjum vatnshitara, þar sem: að því er varðar vatnshitara með varmadælu, vöruupplýsingablaðið fylgi a.m.k. varmagjafanum, að því er varðar vatnshitara sem ætlaðir eru til nota í pökkum með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku fylgi annað vöruupplýsingablað, eins og mælt er fyrir um í 4. lið IV. viðauka,

c) tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í 1. lið III. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni sé þess óskað,

d) allar auglýsingar sem varða sérstaka tegund vatnshitara og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar innihaldi tilvísun í vatnshitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund.

e) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund vatnshitara og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra innihaldi tilvísun í vatnshitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund.

Frá 26. september 2017 skal prentaður merkimiði, sem uppfyllir kröfur um snið og innihald upplýsinga sem settar eru fram í lið 1.2 í III. viðauka, fylgja öllum vatnshiturum sem uppfylla kröfur um vatnshitunarorkunýtniflokk sem settar eru fram í 1. lið II. viðauka, þar sem: að því er varðar vatnshitara með varmadælu, prentaði merkimiðinn fylgi a.m.k. umbúðum varmagjafans.

2. Frá 26. september skulu birgjar sem setja á markað og/eða taka í notkun geymslutanka fyrir heitt vatn tryggja að:

a) prentaður merkimiði sem uppfyllir kröfur um snið og innihald upplýsinga sem settar eru fram í lið 2.1 í III. viðauka fylgi hverjum geymslutanki fyrir heitt vatn sem uppfyllir kröfur um orkunýtniflokk sem settar eru fram í 2. lið II. viðauka,

b) vöruupplýsingablað, eins og sett er fram í 2. lið IV. viðauka, fylgi,

c) tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í 2. lið III. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni sé þess óskað,

d) allar auglýsingar sem varða sérstaka tegund geymslutanks fyrir heitt vatn og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar,

e) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund geymslutanks fyrir heitt vatn og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

Frá 26. september 2017 skal prentaður merkimiði sem uppfyllir kröfur um snið og innihald upplýsinga sem settar eru fram í lið 2.2 í III. viðauka fylgja öllum geymslutönkum fyrir heitt vatn sem uppfylla kröfur um orkunýtniflokk sem settar eru fram í 2. lið II. viðauka.

3. Frá 26. september skulu birgjar sem setja á markað og/eða taka í notkun búnað sem nýtir sólarorku tryggja að:

a) vöruupplýsingablað, eins og sett er fram í 3. lið IV. viðauka, fylgi,

b) tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í 3. lið III. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni sé þess óskað.

4. Frá 26. september 2015 skulu birgjar sem setja á markað og/eða taka í notkun vatnshitara og búnað sem nýtir sólarorku tryggja að:

a) prentaður merkimiði sem uppfyllir kröfur um snið og innihald upplýsinga sem settar eru fram í lið 3 í III. viðauka fylgi hverjum pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku sem uppfyllir kröfur um vatnshitunarorkunýtniflokk sem settar eru fram í 1. lið II. viðauka,

b) vöruupplýsingablað, eins og sett er fram í 4. lið IV. viðauka, fylgi hverjum pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku,

c) tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í 4. lið III. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni sé þess óskað,

d) allar auglýsingar sem varða sérstaka tegund pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar innihaldi tilvísun í vatnshitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund,

e) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum hans innihaldi tilvísun í vatnshitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund.

4. gr.

Ábyrgð seljenda

1. Seljendur vatnshitara skulu sjá til þess að:

a) allir vatnshitarar beri á sölustað merkimiða frá birgjum í samræmi við 1. mgr. 3. gr., eins og sett er fram í 1. lið III. viðauka, utan á framhlið tækisins, þannig að hann sjáist greinilega,

b) vatnshitarar sem boðnir eru til sölu, leigu eða kaupleigu þar sem ekki er við því að búast að endanlegir notendur geti séð þá séu markaðssettir með þeim upplýsingum sem birgjar veita í samræmi við 1. lið VI. viðauka,

c) allar auglýsingar sem varða sérstaka tegund vatnshitara og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar innihaldi tilvísun í vatnshitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund.

d) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund vatnshitara og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra innihaldi tilvísun í vatnshitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund.

2. Seljendur geymslutanka fyrir heitt vatn skulu sjá til þess að:

a) allir geymslutankar fyrir heitt vatn beri á sölustað merkimiða frá birgjum í samræmi við 2. mgr. 3. gr., eins og sett er fram í 2. lið III. viðauka, utan á framhlið tækisins, þannig að hann sjáist greinilega,

b) geymslutankar fyrir heitt vatn sem boðnir eru til sölu, leigu eða kaupleigu þar sem ekki er við því að búast að endanlegir notendur geti séð þá séu markaðssettir með þeim upplýsingum sem birgjar veita í samræmi við 2. lið VI. viðauka,

c) allar auglýsingar sem varða sérstaka tegund geymslutanks fyrir heitt vatn og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar,

d) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund geymslutanks fyrir heitt vatn og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

3. Seljendur pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku skulu, byggt á þeim merkimiða og vöruupplýsingum sem birgjar veita í samræmi við 1., 3. og 4. mgr. 3. gr. tryggja að:

a) öll tilboð um tiltekinn pakka feli í sér orkunýtni vatnshitunar og vatnshitunarorkunýtniflokk fyrir þann pakka við miðlungs, kaldari eða heitari loftslagsskilyrði, eftir því sem við á, með því að sýna, með pakkanum, merkimiðann sem settur er fram í 3. lið III. viðauka og vöruupplýsingablaðið sem sett er fram í 4. lið IV. viðauka, fyllt út á viðeigandi hátt samkvæmt eiginleikum þess pakka,

b) pakkar með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku sem boðnir eru til sölu, leigu eða kaupleigu þar sem ekki er við því að búast að endanlegir notendur geti séð þá séu markaðssettir með þeim upplýsingum sem veittar eru í samræmi við 3. lið VI. viðauka,

c) allar auglýsingar sem varða sérstaka tegund pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku og innihalda orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar innihaldi tilvísun í vatnshitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund,

d) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum hans innihaldi tilvísun í vatnshitunarorkunýtniflokk við miðlungs loftslagsskilyrði, fyrir þá tegund.

5. gr.

Aðferðir við mælingar og útreikninga

Upplýsingarnar sem veita ber skv. 3. og 4. gr. skulu fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæli- og útreikningsaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæli- og útreikningsaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, eins og sett er fram í VII. og VIII. viðauka.

6. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríki skulu beita málsmeðferðinni sem sett er fram í IX. viðauka við mat á samræmi tilgreinds vatnshitunarorkunýtniflokks, orkunýtni vatnshitunar, árlegrar orkunotkunar og hljóðaflsstigs vatnshitara og tilgreinds orkunýtniflokks og fasts taps geymslutanka fyrir heitt vatn.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara eigi síðar en fimm árum eftir að hún öðlast gildi. Við endurskoðunina skal einkum meta allar verulegar breytingar á markaðshlutdeild ýmissa tegunda tækja og hvort vöruupplýsingar pakka og merkimiðar sem sett eru fram í 3. lið III. viðauka og 4. lið IV. viðauka séu viðeigandi.

8. gr.

Gildistaka og beiting

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda að því er varðar II. til IX. viðauka

Í II. til IX. viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „hefðbundinn vatnshitari“: vatnshitari sem framleiðir varma með bruna jarðefnaeldsneytis og/eða lífmassaeldsneytis og/eða með nýtingu júl-áhrifa í rafviðnámshitöldum,

2) „vatnshitari sem nýtir sólarorku“: vatnshitari sem búinn er einum eða fleiri sólargleypum, geymslutönkum fyrir heitt vatn sem hitað er með sólarorku, varmagjöfum og hugsanlega dælum í hringrás sólargleypis og öðrum hlutum, vatnshitari sem nýtir sólarorku er settur á markað sem ein eining,

3) „álagslýsing“: tiltekin röð vatnsúttekta, eins og tilgreint er í töflu 3 í VII. viðauka, hver vatnshitari uppfyllir a.m.k. eina álagslýsingu,

4) „vatnsúttekt“: tilgreind samsetning á notrennslishraða vatns, nothita vatns, notorkuinnihaldi og hámarkshitastigi, eins og tilgreint er í töflu 3 í VII. viðauka,

5) „notrennslishraði vatns“ (*f*): lágmarksrennslishraði, gefinn upp í lítrum á mínútu, á heitu vatni til viðmiðunarorku, eins og tilgreint er í töflu 3 í VII. viðauka,

6) „nothiti vatns“ (T_m): hitastig vatns, gefið upp í gráðum á selsíus, þegar heitt vatn byrjar að leggja til viðmiðunarorkunnar, eins og tilgreint er í töflu 3 í VII. viðauka,

7) „notorkuinnihald“ (Q_{tap}): orkuinnihald heits vatns, gefið upp í kW, sem afhent er við hitastig sem er jafnt eða hærra en nothiti vatns og við rennslishraða vatns sem er jafn eða meiri en notrennslishraði vatns, eins og tilgreint er í töflu 3 í VII. viðauka,

8) „orkuinnihald heits vatns“: margfeldi tiltekinnar varmarýmdar vatns, meðaltal hitamismunar á milli úttektar heits vatns og kalda vatnsins sem tekið er inn og heildarmassa heita vatnsins sem er afhent,

9) „toppgildi hitastigs“ (T_p): lágmarkshitastig vatns, gefið upp í gráðum á selsíus, sem þarf að ná við vatnsúttekt, eins og tilgreint er í töflu 3 í VII. viðauka,

10) „viðmiðunarorka“ (Q_{ref}): samanlagt notorkuinnihald vatnsúttekta, gefið upp í kW, í tiltekinni álagslýsingu, eins og tilgreint er í töflu 3 í VII. viðauka,

11) „hámarksálagslýsing“: álagslýsing með mestu viðmiðunarorku sem vatnshitari getur gefið frá sér samhliða því að uppfylla skilyrði þeirrar álagslýsingar um hitastig og rennslishraða,

12) „tilgreind álagslýsing“: álagslýsingin sem notuð er þegar orkunýtni vatnshitunar er ákvörðuð,

13) „umreiknistuðull“ (*CC*): stuðull sem endurspeglar áætlaða 40% meðalframleiðslunýtni í ESB, sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB ([6]) en gildi stuðulsins er *CC* = 2,5.

14) „dagleg raforkunotkun“ (Q_{elec}): notkun raforku í 24 klst. samfleytt, við tilgreinda álagslýsingu og við tiltekin loftslagsskilyrði, gefin upp í kWh með tilliti til endanlegrar orku,

15) „dagleg eldsneytisnotkun“ (Q_{fuel}): eldsneytisnotkun í 24 klst. samfleytt við tilgreinda álagslýsingu og við tiltekin loftslagsskilyrði, gefin upp í kWh með tilliti til heildarvarmagildis og, að því er varðar 4. lið VIII. viðauka, gefið upp í GJ með tilliti til heildarvarmagildis,

16) „heildarvarmagildi“ (*GCV*): heildargildi varmalosunar einingarmagns af eldsneyti við algjöran bruna þess með súrefni og þegar afurðum brennslunnar er aftur komið í umhverfishita og þetta magn felur í sér þéttivarma allrar vatnsgufu í eldsneytinu og vatnsgufu sem myndast vegna bruna vetnis sem er í eldsneytinu,

17) „snjallstýring“: búnaður sem lagar ferli vatnshitunar sjálfkrafa að einstökum notkunarskilyrðum með það að markmiði að draga úr orkunotkun,

([6]) Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1.

18) „uppfyllir skilyrði snjallstýringar“ (smart): mat á því hvort vatnshitari með snjallstýringu uppfyllir þær viðmiðanir sem settar eru fram í 5. lið VIII. viðauka,

19) „snjallstýringarstuðull“ (SCF): aukin orkunýtni vatnshitunar vegna snjallstýringar samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í 3. lið VII. viðauka,

20) „vikuleg raforkunotkun með snjallstýringu“ ($Q_{elec,week,smart}$): vikuleg raforkunotkun vatnshitara sem er með snjallstýringu virka, gefin upp í kWh með tilliti til endanlegrar orku,

21) „vikuleg eldsneytisnotkun með snjallstýringu“ ($Q_{fuel,week,smart}$): vikuleg eldsneytisnotkun vatnshitara sem er með snjallstýringu virka, gefin upp í kWh með tilliti til heildarvarmagildis,

22) „vikuleg raforkunotkun án snjallstýringar“ ($Q_{elec,week}$): vikuleg raforkunotkun vatnshitara sem er með snjallstýringu óvirka, gefin upp í kWh með tilliti til endanlegrar orku,

23) „vikuleg eldsneytisnotkun án snjallstýringar“ ($Q_{fuel,week}$): vikuleg eldsneytisnotkun vatnshitara sem er með snjallstýringu óvirka, gefin upp í kWh með tilliti til heildarvarmagildis,

24) „árleg raforkunotkun“ (AEC): árleg raforkunotkun vatnshitara við tilgreinda álagslýsingu og við tiltekin loftslagsskilyrði, gefin upp í kWh með tilliti til endanlegrar orku,

25) „árleg eldsneytisnotkun“ (AFC): árleg notkun vatnshitara á jarðefna- og/eða lífmassaeldsneyti við tilgreinda álagslýsingu og við tiltekin loftslagsskilyrði, gefin upp í GJ með tilliti til heildarvarmagildis,

26) „leiðréttingarliður vegna staðsetningar“ (Q_{cor}): hugtak sem tekur tillit til þess þegar vatnshitari er settur upp á stað þar sem ekki er jafnhiti, gefið upp í kWh,

27) „varmatap í reiðuham“ (P_{stby}): varmatap vatnshitara með varmadælu í notkunarham án varmaeftirspurnar, gefið upp í kW,

28) „miðlungs loftslagsskilyrði“, „kaldari loftslagsskilyrði“ og „heitari loftslagsskilyrði“: hitaskilyrði og hnattrænn ágeislunarstyrkur sólar sem einkenna borgirnar Strassborg, Helsinki og Aþenu í þeirri röð,

29) „árleg orkunotkun“ (Q_{tota}): árleg orkunotkun vatnshitara sem nýtir sólarorku, gefin upp í kWh fyrir frumorku og/eða í kWh fyrir heildarvarmagildi,

30) „árlegt varmaframlag án sólarorku“ (Q_{nonsol}): árlegt framlag raforku (gefið upp í kWh fyrir frumorku) og/eða eldsneytis (gefið upp í kWh fyrir heildarvarmagildi) til notvarmaframleiðslu vatnshitara sem nýtir sólarorku eða pakka vatnshitara og búnaðar sem nýtir sólarorku, með tilliti til árlegrar varmaupptöku sólargleypis og varmataps geymslutanks fyrir heitt vatn sem hitað er með sólarorku,

31) „sólargleypir“: búnaður sem hannaður er til að gleypa hnattrænan ágeislunarstyrk sólar og flytja varmaorku sem verður þannig til í vökva sem fer í gegnum hann, hann einkennist af ljósopsflatarmáli sólargleypis, orkunýtni við umhverfishitastig, fyrsta stigs stuðlum, annars stigs stuðlum og aðfallshornsstilli,

32) „hnattrænn ágeislunarstyrkur sólar“: samanlögð sólarorka, bæði bein og dreifð, á fleti gleypis með 45 gráðu halla í suðlæga stefnu að yfirborði jarðar, gefinn upp í $W/m^{2,}$

33) „ljósopsflatarmál sólargleypis“ (A_{sol}): hámarksvarpflötur sem óþjöppuð sólargeislun fer í gegnum á leið inn í gleypinn, gefið upp í m^2;

34) „orkunýtni við umhverfishitastig“ (η_0): orkunýtni sólargleypis, þegar meðalhitastig vökva í sólargleypi er jafnt umhverfishita,

35) „fyrsta stigs stuðull“ (a_1): stuðull varmataps í sólargleypi, gefið upp í $W/(m^2\ K)$,

36) „annars stigs stuðull“ (a_2): stuðullinn sem mælir sambandið á milli hitastigs í fyrsta stigs stuðli, gefið upp í $W/(m^2\ K^2)$;

37) „aðfallshornsstillir“ (*IAM*): hlutfall notvarmaframleiðslu sólargleypis við tiltekið aðfallshorn og notvarmaframleiðslu hans við 0 gráðu aðfallshorn,

38) „aðfallshorn“: hornið á milli áttar að sólu og þeirrar áttar sem er hornrétt á ljósopsflatarmál sólargleypis,

39) „geymslutankur fyrir heitt vatn sem hitað er með sólarorku“ geymslutankur fyrir heitt vatn sem geymir varmaorku sem framleidd er með einum eða fleiri sólargleypum,

40) „orkunýtni varmagjafa við hitun vatns“ ($\eta_{wh,nonsol}$): orkunýtni varmagjafa sem er hluti af vatnshitara sem nýtir sólarorku, við hitun vatns, gefin upp í % og ákvörðuð við miðlungs loftslagsskilyrði og án notkunar varmaafls frá sólarorku,

41) „aukaraforkunotkun (Q_{aux})“: að því er varðar mynd 1 í IV. viðauka sem merkt er „aukaraforka“, árleg raforkunotkun vatnshitara sem nýtir sólarorku eða kerfis sem nýtir eingöngu sólarorku, sem rekja má til aflþarfar dælu og aflþarfar í reiðuham, gefin upp í kWh með tilliti til endanlegrar orku,

42) „aflþörf dælu“ (*solpump*): málraforkunotkun dælu í hringrás sólargleypis í vatnshitara sem nýtir sólarorku eða í kerfi sem nýtir eingöngu sólarorku, gefin upp í W,

43) „aflþörf í reiðuham” (solstandby): málraforkunotkun vatnshitara sem nýtir sólarorku eða kerfis sem nýtir eingöngu sólarorku þegar dæla og varmagjafi eru óvirk, gefin upp í W,

44) „tegundarauðkenni“: kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund vatnshitara, geymslutanks fyrir heitt vatn, búnaðar sem nýtir sólarorku eða pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafn birgis eða söluaðila.

———

II. VIÐAUKI

Orkunýtniflokkar

1. VATNSHITUNARORKUNÝTNIFLOKKAR VATNSHITARA

Vatnshitunarorkunýtniflokkur vatnshitara skal ákvarðaður á grunni orkunýtni vatnshitunar eins og sett er fram í töflu 1.

Orkunýtni vatnshitara til vatnshitunar skal reiknuð út í samræmi við 3. lið VIII. viðauka, hvað varðar vatnshitara sem nýta sólarorku og vatnshitara með varmadælu, við miðlungs loftslagsskilyrði.

Tafla 1

Vatnshitunarorkunýtniflokkar vatnshitara, flokkaðir eftir tilgreindri álagslýsingu, n_{wh} í %

	3XS	XXS	XS	S	M	L	XL	XXL
A^{+++}	$\eta_{wh} \geq 62$	$\eta_{wh} \geq 62$	$\eta_{wh} \geq 69$	$\eta_{wh} \geq 90$	$\eta_{wh} \geq 163$	$\eta_{wh} \geq 188$	$\eta_{wh} \geq 200$	$\eta_{wh} \geq 213$
A^{++}	$53 \leq \eta_{wh} < 62$	$53 \leq \eta_{wh} < 62$	$61 \leq \eta_{wh} < 69$	$72 \leq \eta_{wh} < 90$	$130 \leq \eta_{wh} < 163$	$150 \leq \eta_{wh} < 188$	$160 \leq \eta_{wh} < 200$	$170 \leq \eta_{wh} < 213$
A^{+}	$44 \leq \eta_{wh} < 53$	$44 \leq \eta_{wh} < 53$	$53 \leq \eta_{wh} < 61$	$55 \leq \eta_{wh} < 72$	$100 \leq \eta_{wh} < 130$	$115 \leq \eta_{wh} < 150$	$123 \leq \eta_{wh} < 160$	$131 \leq \eta_{wh} < 170$
A	$35 \leq \eta_{wh} < 44$	$35 \leq \eta_{wh} < 44$	$38 \leq \eta_{wh} < 53$	$38 \leq \eta_{wh} < 55$	$65 \leq \eta_{wh} < 100$	$75 \leq \eta_{wh} < 115$	$80 \leq \eta_{wh} < 123$	$85 \leq \eta_{wh} < 131$
B	$32 \leq \eta_{wh} < 35$	$32 \leq \eta_{wh} < 35$	$35 \leq \eta_{wh} < 38$	$35 \leq \eta_{wh} < 38$	$39 \leq \eta_{wh} < 65$	$50 \leq \eta_{wh} < 75$	$55 \leq \eta_{wh} < 80$	$60 \leq \eta_{wh} < 85$
C	$29 \leq \eta_{wh} < 32$	$29 \leq \eta_{wh} < 32$	$32 \leq \eta_{wh} < 35$	$32 \leq \eta_{wh} < 35$	$36 \leq \eta_{wh} < 39$	$37 \leq \eta_{wh} < 50$	$38 \leq \eta_{wh} < 55$	$40 \leq \eta_{wh} < 60$
D	$26 \leq \eta_{wh} < 29$	$26 \leq \eta_{wh} < 29$	$29 \leq \eta_{wh} < 32$	$29 \leq \eta_{wh} < 32$	$33 \leq \eta_{wh} < 36$	$34 \leq \eta_{wh} < 37$	$35 \leq \eta_{wh} < 38$	$36 \leq \eta_{wh} < 40$
E	$22 \leq \eta_{wh} < 26$	$23 \leq \eta_{wh} < 26$	$26 \leq \eta_{wh} < 29$	$26 \leq \eta_{wh} < 29$	$30 \leq \eta_{wh} < 33$	$30 \leq \eta_{wh} < 34$	$30 \leq \eta_{wh} < 35$	$32 \leq \eta_{wh} < 36$
F	$19 \leq \eta_{wh} < 22$	$20 \leq \eta_{wh} < 23$	$23 \leq \eta_{wh} < 26$	$23 \leq \eta_{wh} < 26$	$27 \leq \eta_{wh} < 30$	$27 \leq \eta_{wh} < 30$	$27 \leq \eta_{wh} < 30$	$28 \leq \eta_{wh} < 32$
G	$\eta_{wh} < 19$	$\eta_{wh} < 20$	$\eta_{wh} < 23$	$\eta_{wh} < 23$	$\eta_{wh} < 27$	$\eta_{wh} < 27$	$\eta_{wh} < 27$	$\eta_{wh} < 28$

2. ORKUNÝTNIFLOKKAR GEYMSLUTANKA FYRIR HEITT VATN

Orkunýtniflokkur geymslutanks fyrir heitt vatn skal ákvarðaður á grunni fasts taps hans eins og fram kemur í töflu 2.

Tafla 2

Orkunýtniflokkar geymslutanka fyrir heitt vatn

Orkunýtniflokkur	Fast tap *S* í vöttum, með rúmmálið V í lítrum
A+	$S < 5{,}5 + 3{,}16 \cdot V^{0,4}$
A	$5{,}5 + 3{,}16 \cdot V^{0,4} \leq S < 8{,}5 + 4{,}25 \cdot V^{0,4}$
B	$8{,}5 + 4{,}25 \cdot V^{0,4} \leq S < 12 + 5{,}93 \cdot V^{0,4}$
C	$12 + 5{,}93 \cdot V^{0,4} \leq S < 16{,}66 + 8{,}33 \cdot V^{0,4}$
D	$16{,}66 + 8{,}33 \cdot V^{0,4} \leq S < 21 + 10{,}33 \cdot V^{0,4}$
E	$21 + 10{,}33 \cdot V^{0,4} \leq S < 26 + 13{,}66 \cdot V^{0,4}$
F	$26 + 13{,}66 \cdot V^{0,4} \leq S < 31 + 16{,}66 \cdot V^{0,4}$
G	$S > 31 + 16{,}66 \cdot V^{0,4}$


III. VIÐAUKI

Merkimiðarnir

1. VATNSHITARAR

1.1. **Merkimiði 1**

1.1.1. Hefðbundnir vatnshitarar í vatnshitunarorkunýtniflokkum A til G



I, II

III

IV

VI, V

VII

a) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki birgis,

II. tegundarauðkenni birgis,

III. vatnshitunarvirknin, þ.m.t. tilgreind álagslýsing, gefin upp með viðeigandi bókstaf, í samræmi við töflu 3 í VII. viðauka,

IV. vatnshitunarorkunýtniflokkur sem ákvarðaður er í samræmi við 1. lið II. viðauka, örvaroddurinn sem sýnir vatnshitunarorkunýtniflokk skal vera í sömu hæð og oddur þess orkunýtniflokks sem við á,


V. árleg raforkunotkun í kWh með tilliti til endanlegrar orku og/eða árleg eldsneytisnotkun í GJ með tilliti til heildarvarmagildis, námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 4. lið VIII. viðauka,

VI. hljóðaflsstig LWA í dB, innandyra, námundað að næstu heilu tölu,

VII. hvað varðar hefðbundna vatnshitara sem aðeins geta starfað á tímabilum þegar ekki er hámarksálag, má bæta við skýringarmyndinni sem um getur í 10. lið D-liðar í 4. lið þessa viðauka.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir hefðbundna vatnshitara skulu vera í samræmi við 4. lið þessa viðauka.

1.1.2. Vatnshitarar sem nýta sólarorku í vatnshitunarorkunýtniflokkum A til G



I, II

III

IV

VII, V

VI

a) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki birgis,

II. tegundarauðkenni birgis,

III. vatnshitunarvirknin, þ.m.t. tilgreind álagslýsing, gefin upp með viðeigandi bókstaf, í samræmi við töflu 3 í VII. viðauka,

IV. vatnshitunarorkunýtniflokkur, við miðlungs loftslagsskilyrði, sem ákvarðaður er í samræmi við 1. lið í II. viðauka, örvaroddurinn sem sýnir vatnshitunarorkunýtniflokk skal vera í sömu hæð og oddur þess orkunýtniflokks sem við á,


V. árleg raforkunotkun í kWh með tilliti til endanlegrar orku eða árleg eldsneytisnotkun í GJ með tilliti til heildarvarmagildis, við miðlungs, kaldari og heitari loftslagsskilyrði, námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 4. lið VIII. viðauka,

VI. Evrópskt sólarkort sem sýnir þrjú leiðbeinandi svæði fyrir hnattrænan ágeislunarstyrk sólar,

VII. hljóðaflsstig LWA í dB, innandyra, námundað að næstu heilu tölu.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir vatnshitara sem nýta sólarorku skulu vera í samræmi við 5. lið þessa viðauka.

1.1.3. Vatnshitarar með varmadælu í vatnshitunarorkunýtniflokkum A til G



I, II

III

IV

VII, V

VIII, VI

a) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki birgis,

II. tegundarauðkenni birgis,

III. vatnshitunarvirknin, þ.m.t. tilgreind álagslýsing, gefin upp með viðeigandi bókstaf, í samræmi við töflu 3 í VII. viðauka,

IV. vatnshitunarorkunýtniflokkur, við miðlungs loftslagsskilyrði, sem ákvarðaður er í samræmi við 1. lið í II. viðauka, örvaroddurinn sem sýnir vatnshitunarorkunýtniflokk skal vera í sömu hæð og oddur þess orkunýtniflokks sem við á,

V. árleg raforkunotkun í kWh með tilliti til endanlegrar orku og/eða árleg eldsneytisnotkun í GJ með tilliti til heildarvarmagildis, við kaldari og heitari loftslagsskilyrði, námundað að næstu heilu tölu og reiknað út í samræmi við 4. lið VIII. viðauka,

VI. hitastigskort fyrir Evrópu sem sýnir þrjú leiðbeinandi hitastigssvæði,

VII. hljóðaflsstig LWA í dB, innandyra (ef við á) og utandyra, námundað að næstu heilu tölu,


VIII. hvað varðar vatnshitara með varmadælu sem aðeins geta starfað á tímabilum þegar ekki er hámarksálag, má bæta við skýringarmynd sem um getur í 11. lið D-liðar í 6. lið þessa viðauka.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir vatnshitara með varmadælu skulu vera í samræmi við 6. lið þessa viðauka. Með undanþágu má bæta afriti af umhverfismerki ESB við hafi tegund verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 ([7]).

([7]) Stjtíð. ESB L 27, 30:1.2010, bls. 1.

1.2. **Merkimiði 2**

1.2.1. *Hefðbundnir vatnshitarar í vatnshitunarorkunýtniflokkum A+ til F*



I, II

III

IV


VI, V

VII

a) Upplýsingarnar sem taldar eru upp í a-lið í lið 1.1.1 í þessum viðauka skulu koma fram á merkimiðanum.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir hefðbundna vatnshitara skulu vera í samræmi við 4. lið þessa viðauka.

1.2.2. Vatnshitarar sem nýta sólarorku í vatnshitunarorkunýtniflokkum A+ til F



I, II

III

IV


VII, V

VI

a) Upplýsingarnar sem taldar eru upp í a-lið í lið 1.1.2 í þessum viðauka skulu koma fram á merkimiðanum.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir vatnshitara sem nýta sólarorku skulu vera í samræmi við 5. lið þessa viðauka.

1.2.3. Vatnshitarar með varmadælu í vatnshitunarorkunýtniflokkum A+ til F



I, II

III

IV

VII, V


VIII, VI

a) Upplýsingarnar sem taldar eru upp í a-lið í lið 1.1.3 í þessum viðauka skulu koma fram á merkimiðanum.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir vatnshitara með varmadælu skulu vera í samræmi við 6. lið þessa viðauka.

2. GEYMSLUTANKAR FYRIR HEITT VATN

2.1. **Merkimiði 1 fyrir geymslutanka fyrir heitt vatn í orkunýtniflokkum A til G**



I, II

III

IV

V

VI

a) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki birgis,

II. tegundarauðkenni birgis,

III. vatnsgeymisvirknin,


IV. orkunýtniflokkur sem ákvarðaður er í samræmi við 2. lið II. viðauka, örvaroddurinn sem sýnir orkunýtniflokk geymslutanks fyrir heitt vatn skal vera í sömu hæð og oddur þess orkunýtniflokks sem við á,

V. fast tap í W, námundað að næstu heilu tölu,

VI. rúmmál geymslutanks fyrir heitt vatn í lítrum, námundað að næstu heilu tölu.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir geymslutanka fyrir heitt vatn skulu vera í samræmi við 7. lið þessa viðauka.

2.2. Merkimiði 2 fyrir geymslutanka fyrir heitt vatn í orkunýtniflokkum A+ til F



I, II

III

IV

V


VI

a) Upplýsingarnar sem taldar eru upp í a-lið í lið 2.1 í þessum viðauka skulu koma fram á merkimiðanum.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir geymslutanka fyrir heitt vatn skulu vera í samræmi við 7. lið þessa viðauka.

3. PAKKAR MEÐ VATNSHITARA OG BÚNAÐI SEM NÝTIR SÓLARORKU

Merkimiði fyrir pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku í vatnshitunarorkunýtniflokkum A+++ til G



a) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki seljanda og/eða birgis,

II. tegundarauðkenni seljanda og/eða birgis,

III. vatnshitunarvirknin, þ.m.t. tilgreind álagslýsing, gefin upp með viðeigandi bókstaf, í samræmi við töflu 3 í VII. viðauka,


IV. vatnshitunarorkunýtniflokkur vatnshitara, ákvarðaður í samræmi við 1. lið II. viðauka,

V. upplýsingar um hvort sólargleypir og geymslutankur fyrir heitt vatn megi vera hluti af pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku,

VI. vatnshitunarorkunýtniflokkur pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku, sem ákvarðaður er í samræmi við 4. lið IV. viðauka, örvaroddurinn sem sýnir vatnshitunarorkunýtniflokk pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku skal vera í sömu hæð og oddur þess orkunýtniflokks sem við á.

b) Hönnunarþættir merkimiðans fyrir pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku skulu vera í samræmi við 8. lið þessa viðauka. Að því er varðar pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku í vatnshitunarorkunýtniflokkum A+++ til D, má sleppa síðustu flokkunum E til G á A+++ til G kvarðanum.

4. Hönnun merkimiðans fyrir hefðbundna vatnshitara skal vera eftirfarandi:



Þar sem:

a) Merkimiðinn skal vera minnst 105 mm á breidd og 200 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.

b) Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

c) Notuð er CMYK-litaskipan — blár, blárauður, gulur og svartur — í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammastrik merkimiða ESB:** 4 pt, litur: blár 100%, rúnnuð horn: 3,5 mm.

❷ **Kennimerki ESB:** Litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.

❸ **Orkumerkimiði:** Litur: X-00-00-00. Skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkumerkimiði: breidd: 86 mm, hæð: 17 mm.

❹ Lína undir kennimerki: 1 pt, litur: blár 100%, lengd: 86 mm.

❺ **Vatnshitunarvirkni:**

– Skýringarmynd eins og sýnd er, þ.m.t. tilgreind álagslýsing, gefin upp með viðeigandi bókstaf, í samræmi við töflu 3 í VII. viðauka: Feitt 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

❻ **A-G eða A+-F kvarði:**

– Ör: hæð: 7 mm, bil: 1 mm, Litir:

Hæsti flokkur:

X-00-X-00,

12) Í reglugerð þessari ætti að tilgreina kröfur um upplýsingar sem veita skal vegna hvers konar fjarsölu, auglýsinga og tæknilegs kynningarefnis fyrir bakarofna til heimilisnota (þ.m.t. þegar þeir eru hluti af eldavélum) sem og fyrir rafmagnsgufugleypa, einnig þegar þeir eru notaðir í öðrum tilgangi en til heimilisnota.

13) Rétt þykir að kveða á um endurskoðun á ákvæðum þessarar reglugerðar með tilliti til tækniframfara og einkum hvort sú aðferð sem fylgt er við ákvörðun á orkunýtniflokkum bakarofna til heimilisnota sé skilvirk og viðeigandi,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar kröfur um merkingar og veitingu viðbótarvöruupplýsinga um rafmagns- og gasbakarofna til heimilisnota (þ.m.t. þegar þeir eru hluti af eldavélum) og fyrir rafmagnsgufugleypa, þ.m.t. þegar þeir eru seldir til annars en heimilisnota.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) bakarofna sem nota aðra orkugjafa en rafmagn eða gas,

b) bakarofna sem bjóða upp á aðgerðina „örbylgjuhitun“,

c) litla bakarofna,

d) færanlega bakarofna,

e) bakarofna til að halda heitu,

f) bakarofna þar sem meginhitunarvirknin er hitun með gufu,

g) bakarofna sem hannaðir eru eingöngu fyrir notkun gass í „þriðja flokki“ (própan og bútan).

([4]) Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar, sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2010/30/ESB, er í þessari reglugerð merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „bakarofn“: tæki eða hluti tækis sem hefur eitt eða fleiri hólf, sem notar rafmagn og/eða gas og matvæli eru tilreidd í með hefðbundnum ham eða blástursham,

2) „hólf“: lokað rými þar sem hægt er að stýra hita til að tilreiða matvæli,

3) „bakarofn með fleiri en eitt hólf“: bakarofn með tvö eða fleiri hólf sem hituð eru hvert fyrir sig,

4) „lítill bakarofn“: bakarofn þar sem öll hólf hafa breidd og dýpt sem er minni en 250 mm eða hæð sem er minni en 120 mm,

5) „færanlegur bakarofn“: bakarofn sem er innan við 18 kíló að þyngd, að því tilskildu að hann sé ekki hannaður til að vera innbyggður,

6) „örbylgjuhitun“: hitun matvæla með rafsegulorku,

7) „hefðbundinn hamur“: notkunarhamur bakarofns sem aðeins notast við náttúrulegt varmastreymi til að dreifa hituðu lofti innan hólfs bakarofnsins,

8) „blástursham ur“: hamur bakarofns þar sem innbyggð vifta dreifir hituðu lofti innan hólfs bakarofnsins,

9) „lota“: hitunartími á stöðluðu magni í hólfi bakarofns við skilgreindar aðstæður,

10) „eldavél“: tæki sem samanstendur af bakarofni og helluborði sem notast við gas eða rafmagn,

11) „notkunarhamur“: staða bakarofns á meðan á notkun stendur,

12) „varmagjafi“: megin orkuform til hitunar á bakarofni,

13) „gufugleypir“: tæki sem er knúið af hreyfli sem það stjórnar og er ætlað að safna menguðu lofti yfir helluborði eða sem felur í sér niðursogskerfi sem ætlað er til innsetningar við hlið eldavéla, helluborða og sambærilegra vara til eldunar, sem dregur gufu niður í innri útblástursrás,

14) „sjálfvirkur hamur á meðan á eldun stendur“: ástand þar sem loftstreymi gufugleypis, á meðan á eldun stendur, er stýrt sjálfkrafa með nemum, þ.m.t. að því er varðar raka, hitastig, o.s.frv.,

15) „gufugleypir sem er að fullu sjálfvirkur“: gufugleypir með stillingar fyrir loftstreymi og/eða aðrar aðgerðir sem er stýrt sjálfvirkt með nemum allan sólarhringinn, þ.m.t. á meðan á eldun stendur,

16) „besta orkunýtni“ (BEP): vinnslustig gufugleypis við hámarksorkunýtni vökvastreymis (FDE_{hood}),

17) „nýtni lýsingar “ (LE_{hood}): hlutfall á milli meðallýsingar lýsingarkerfis gufugleypis til heimilisnota og afls lýsingarkerfisins í lúx/W,

18) „fitusíunarafköst“ (GFE_{hood}): sá hluti fitu sem verður eftir í fitusíu gufugleypis,

19) „slökkt á búnaði“: ástand þar sem búnaðurinn er tengdur rafkerfinu en engin aðgerð er virk, eða gefur einungis til kynna að slökkt sé á búnaði eða gefur einungis til kynna virkni sem ætlað er að tryggja rafsegulsviðssamhæfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB([5]),

20) „Reiðuhamur“: ástand þar sem tækið er tengt rafkerfinu, er háð raforku frá rafkerfinu til þess að geta starfað eins og til er ætlast og gerir eingöngu kleift að framkvæma endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk og/eða birtingu upplýsinga eða stöðu, sem geta varað ótímabundið,

21) „endurvirkjunaraðgerð“: aðgerð sem gerir kleift að virkja aðra hami, þ.m.t. virkan ham, með fjarstýrðum rofa, þ.m.t. fjarstýringu, innbyggðum nema eða tímamæli, í því skyni að gera viðbótaraðgerðir mögulegar, þ.m.t. meginaðgerð,

22) „birting upplýsinga eða stöðu“: sívirk aðgerð sem gefur upplýsingar um eða sýnir stöðu búnaðar á skjá, þ.m.t. klukkur,

23) „endanlegur notandi“: neytandi sem er kaupandi eða væntanlegur kaupandi að vöru,

24) „sölustaður“: staður þar sem tækin eru til sýnis og/eða boðin til sölu eða leigu,

25) „sambærileg tegund“: tegund sem sett er á markað með sömu tæknilegu mæliþætti og önnur tegund sem sami framleiðandi eða innflytjandi setur á markað undir öðru viðskiptakenninúmeri.

3. gr.

Ábyrgð birgja og tímaáætlun

Birgjar skulu sjá til þess að:

1) að því er varðar merkimiða, upplýsingablöð og tæknigögn

   a) fyrir bakarofna til heimilisnota:

      i. hverjum bakarofni til heimilisnota fylgi prentaður merkimiði (eða merkimiðar) sem inniheldur upplýsingar á því sniði sem sett er fram í 1. lið III. viðauka, fyrir hvert hólf bakarofnsins,

      ii. vöruupplýsingablað, eins og sett er fram í A-lið IV. viðauka, sé gert aðgengilegt fyrir bakarofna til heimilisnota sem settir eru á markað,

      iii. tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í A-lið V. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna, sé þess óskað,

      iv. allar auglýsingar fyrir sérstaka tegund bakarofns til heimilisnota innihaldi orkunýtniflokkinn, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,

      v. allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar sérstaka tegund bakarofns til heimilisnota og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra, innihaldi orkunýtniflokk þeirrar tegundar,

      vi. rafrænn merkimiði á þessu sniði sem inniheldur upplýsingarnar sem settar eru fram í 1. lið III. viðauka sé gerður aðgengilegur söluaðilum fyrir hvert hólf í hverri tegund bakarofna til heimilisnota,

      vii. rafrænt vöruupplýsingablað, eins og sett er fram í A-lið IV. viðauka, sé gert aðgengilegt söluaðilum fyrir hverja tegund bakarofna til heimilisnota,

   b) fyrir gufugleypa til heimilisnota:

      i. hverjum gufugleypi til heimilisnota fylgi prentaður merkimiði sem inniheldur upplýsingar á því sniði sem sett er fram í 2. lið III. viðauka,

      ii. vöruupplýsingablað, eins og sett er fram í B-lið IV. viðauka, sé gert aðgengilegt fyrir gufugleypa til heimilisnota sem settir eru á markað,

      iii. tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í B-lið V. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna, sé þess óskað,

      iv. allar auglýsingar fyrir sérstaka tegund gufugleypis til heimilisnota innihaldi orkunýtniflokkinn, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,

      v. allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar sérstaka tegund gufugleypis til heimilisnota og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra, innihaldi orkunýtniflokk þeirrar tegundar,

      vi. rafrænn merkimiði á þessu sniði sem inniheldur upplýsingarnar sem settar eru fram í 2. lið III. viðauka sé gerður aðgengilegur söluaðilum fyrir hverja tegund gufugleypa til heimilisnota,

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB frá 15. desember 2004 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulsviðssamhæfi og um niðurfellingu tilskipunar 89/336/EBE (Stjtíð. EB L 390, 31.12.2004, bls. 24).

vii. rafrænt vöruupplýsingablað, eins og sett er fram í B-lið IV. viðauka, sé gert aðgengilegt söluaðilum fyrir hverja tegund gufugleypa til heimilisnota,

2) að því er varðar nýtniflokka:

a) fyrir bakarofna til heimilisnota skal orkunýtniflokkur hólfs bakarofnsins ákvarðaður í samræmi við 1. lið I. viðauka og 1. lið II. viðauka,

b) fyrir gufugleypa til heimilisnota:

i. orkunýtniflokkar skulu ákvarðaðir í samræmi við a-lið 2. liðar I. viðauka og lið 2.1 í II. viðauka,

ii. orkunýtniflokkar vökvastreymis skulu ákvarðaðir í samræmi við b-lið 2. liðar I. viðauka og lið 2.2 í II. viðauka,

iii. orkunýtniflokkar lýsingar skulu ákvarðaðir í samræmi við c-lið 2. liðar I. viðauka og lið 2.3 í II. viðauka,

iv. afkastaflokkar fitusíunar skulu ákvarðaðir í samræmi við d-lið 2. liðar I. viðauka og lið 2.4 í II. viðauka,

3) að því er varðar snið merkimiða:

a) að því er varðar bakarofna til heimilisnota skal snið merkimiðans fyrir hólf bakarofns vera eins og sett er fram í 1. lið III. viðauka, fyrir tæki sem sett eru á markað frá 1. janúar 2015,

b) fyrir gufugleypa til heimilisnota, skal snið merkimiðans vera eins og sett er fram í 2. lið III. viðauka, samkvæmt eftirfarandi tímaáætlun:

i. fyrir gufugleypa til heimilisnota sem settir eru á markað frá 1. janúar 2015 í orkunýtniflokkum A, B, C, D, E, F og G skulu merkimiðar vera í samræmi við lið 2.1.1 í III. viðauka (merkimiði 1) eða, þar sem birgjar telja það viðeigandi, við lið 2.1.2 í sama viðauka (merkimiði 2),

ii. fyrir gufugleypa til heimilisnota sem settir eru á markað frá 1. janúar 2016 í orkunýtniflokkum A^{+}, A, B, C, D, E og F skulu merkimiðar vera í samræmi við lið 2.1.2 í III. viðauka (merkimiði 2) eða, þar sem birgjar telja það viðeigandi, við lið 2.1.3 í sama viðauka (merkimiði 3),

iii. fyrir gufugleypa til heimilisnota sem settir eru á markað frá 1. janúar 2018 í orkunýtniflokkum A^{++}, A^{+}, A, B, C, D og E skulu merkimiðar vera í samræmi við lið 2.1.3 í III. viðauka (merkimiði 3) eða, þar sem birgjar telja það viðeigandi, við lið 2.1.4 í sama viðauka (merkimiði 4),

iv. fyrir gufugleypa til heimilisnota sem settir eru á markað frá 1. janúar 2020 í orkunýtniflokkum A^{+++}, A^{++}, A^{+}, A, B, C og D skulu merkimiðar vera í samræmi við lið 2.1.4 í III. viðauka (merkimiði 4).

4. gr.

Ábyrgð seljenda

Seljendur skulu sjá til þess að:

1) fyrir bakarofna til heimilisnota:

a) setji birgjar, fyrir alla bakarofna sem sýndir eru á sölustað, merkimiða fyrir hvert hólf í samræmi við i. lið a-liðar í 1. mgr. 3. gr., framan eða ofan á tækið eða í nálægð við það, þannig að það sé auðgreinanlegt og vel sjáanlegt að þetta sé merkimiðinn sem tilheyrir þeirri tegund án þess að þurfa að lesa tegundarheiti og tegundarnúmer á merkimiðanum,

b) séu bakarofnar sem eru boðnir til sölu eða leigu markaðssettir með þeim upplýsingum sem birgjar veita í samræmi við A-lið VI. viðauka við þessa reglugerð, í þeim tilfellum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna, eins og tilgreint er í 7. gr. tilskipunar 2010/30/ESB, nema þeir séu boðnir til sölu eða leigu á Netinu en þá gilda ákvæði VII. viðauka,

c) allar auglýsingar fyrir öll snið og miðla í fjarsölu og markaðssetningu er varða sérstaka tegund bakarofna til heimilisnota innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,

d) allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar sérstaka tegund og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum bakarofna, innihaldi orkunýtniflokk þeirrar tegundar,

2) fyrir gufugleypa til heimilisnota:

a) öllum gufugleypum sem sýndir eru á sölustað fylgi merkimiði frá birgjum í samræmi við i. lið b-liðar í 1. mgr. 3. gr., framan eða ofan á tækinu eða í nálægð við það, þannig að það sé auðgreinanlegt og vel sjáanlegt að þetta sé merkimiðinn sem tilheyrir þeirri tegund án þess að þurfa að lesa tegundarheiti og tegundarnúmer á merkimiðanum,

b) gufugleypar til sölu eða leigu séu markaðssettir með þeim upplýsingum sem birgjar veita í samræmi við B-lið VI. viðauka við þessa reglugerð, í þeim tilfellum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna, eins og tilgreint er í 7. gr. tilskipunar 2010/30/ESB, nema þegar þeir eru boðnir til sölu eða leigu á Netinu en þá gilda ákvæði VII. viðauka,

c) allar auglýsingar fyrir öll snið og miðla í fjarsölu og markaðssetningu er varða sérstaka tegund gufugleypa til heimilisnota innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,

d) allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar sérstaka tegund og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum gufugleypa til heimilisnota, innihaldi orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

5. gr.

Aðferðir við mælingar og útreikninga

Upplýsingarnar sem veita ber skv. 3. og 4. gr. skulu fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra útreikninga og mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni.

6. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Þegar markaðseftirlitsprófanir eru framkvæmdar til að sjá hvort þær kröfur sem settar eru fram í reglugerð þessari eru uppfylltar skulu yfirvöld aðildarríkis beita sannprófunaraðferðinni sem lýst er í VIII. viðauka.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara eigi síðar en 1. janúar 2021.

8. gr.

Niðurfelling

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/40/EB falli úr gildi frá og með 1. janúar 2015.

9. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Bakarofnar til heimilisnota, sem eru í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og settir eru á markað eða boðnir til sölu, leigu eða kaupleigu fyrir 1. janúar 2015, skulu teljast uppfylla kröfur tilskipunar 2002/40/EBE.

2. Frá 1. janúar til 1. apríl 2015 mega birgjar beita b-lið 1. mgr. 4. gr. vegna tiltekinna bakarofna sem falla undir þau ákvæði.

3. Frá 1. janúar til 1. apríl 2015 mega birgjar beita b-lið 2. mgr. 4. gr. vegna tiltekinna gufugleypa sem falla undir þau ákvæði.

10. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún gildir frá og með 1. janúar 2015. Ákvæði iv. og v. liðar í a-lið 1. mgr. 3. gr., iv. og v. liðar í b-lið 1. mgr. 3. gr., b-, c- og d-liðar 1. mgr. 4. gr. og b, c, og d-liðar 2. mgr. 4. gr. gilda þó frá 1. apríl 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Orkunýtniflokkar

1. BAKAROFNAR TIL HEIMILISNOTA

Orkunýtniflokkar bakarofna til heimilisnota skulu ákvarðaðir sérstaklega fyrir hvert hólf í samræmi við gildin sem sett eru fram í töflu 1 í þessum viðauka. Orkunýtniflokkur bakarofna skal ákvarðaður í samræmi við 1. lið II. viðauka.

Tafla 1

Orkunýtniflokkar bakarofna til heimilisnota

Orkunýtniflokkur	Orkunýtnistuðull (EEI_{cavity})
A+++ (hámarksnýtni)	$EEI_{cavity} < 45$
A++	$45 \leq EEI_{cavity} < 62$
A+	$62 \leq EEI_{cavity} < 82$
A	$82 \leq EEI_{cavity} < 107$
B	$107 \leq EEI_{cavity} < 132$
C	$132 \leq EEI_{cavity} < 159$
D (lakasta nýtni)	$EEI_{cavity} \geq 159$

2. GUFUGLEYPAR TIL HEIMILISNOTA

a) Orkunýtniflokkar gufugleypa til heimilisnota skulu ákvarðaðir í samræmi við gildin sem sett eru fram í töflu 2 í þessum viðauka. Orkunýtnistuðull (EEI_{hood}) gufugleypa til heimilisnota skal reiknaður út í samræmi við lið 2.1 í II. viðauka.

Tafla 2

Orkunýtniflokkar gufugleypa til heimilisnota

Orkunýtni-flokkur	Orkunýtnistuðull (EEI_{hood})			
	Merkimiði 1	Merkimiði 2	Merkimiði 3	Merkimiði 4
A+++ (hámarks-nýtni)				$EEI_{hood} < 30$
A++			$EEI_{hood} < 37$	$30 \leq EEI_{hood} < 37$
A+		$EEI_{hood} < 45$	$37 \leq EEI_{hood} < 45$	$37 \leq EEI_{hood} < 45$
A	$EEI_{hood} < 55$	$45 \leq EEI_{hood} < 55$	$45 \leq EEI_{hood} < 55$	$45 \leq EEI_{hood} < 55$
B	$55 \leq EEI_{hood} < 70$	$55 \leq EEI_{hood} < 70$	$55 \leq EEI_{hood} < 70$	$55 \leq EEI_{hood} < 70$
C	$70 \leq EEI_{hood} < 85$	$70 \leq EEI_{hood} < 85$	$70 \leq EEI_{hood} < 85$	$70 \leq EEI_{hood} < 85$
D	$85 \leq EEI_{hood} < 100$	$85 \leq EEI_{hood} < 100$	$85 \leq EEI_{hood} < 100$	$EEI_{hood} \geq 85$
E	$100 \leq EEI_{hood} < 110$	$100 \leq EEI_{hood} < 110$	$EEI_{hood} \geq 100$	
F	$110 \leq EEI_{hood} < 120$	$EEI_{hood} \geq 110$		
G (lakasta nýtni)	$EEI_{hood} \geq 120$			

b) Orkunýtniflokkar vökvastreymis fyrir gufugleypi til heimilisnota skulu ákvarðaðir í samræmi við vökvastreymisorkunýtni hans (FDE_{hood}) eins og í eftirfarandi töflu 3. Orkunýtni vökvastreymis fyrir gufugleypa til heimilisnota skal ákvörðuð í samræmi við lið 2.2 í II. viðauka.

Tafla 3

Orkunýtniflokkar vökvastreymis fyrir gufugleypa til heimilisnota

Orkunýtniflokkur vökvastreymis	Orkunýtniflokkur vökvastreymis (FDE_{hood})
A (hámarksnýtni)	$FDE_{hood} > 28$
B	$23 < FDE_{hood} \leq 28$
C	$18 < FDE_{hood} \leq 23$
D	$13 < FDE_{hood} \leq 18$
E	$8 < FDE_{hood} \leq 13$
F	$4 < FDE_{hood} \leq 8$
G (lakasta nýtni)	$FDE_{hood} \leq 4$

c) Nýtniflokkar lýsingar fyrir gufugleypi til heimilisnota skulu ákvarðaðir í samræmi við nýtni lýsingar (LE_{hood}) eins og í eftirfarandi töflu 4. Nýtni lýsingar fyrir gufugleypa til heimilisnota skal ákvörðuð í samræmi við lið 2.3 í II. viðauka.

Tafla 4

Nýtniflokkar lýsingar fyrir gufugleypa til heimilisnota

Nýtniflokkur lýsingar	Nýtni lýsingar (LE_{hood})
A (hámarksnýtni)	$LE_{hood} > 28$
B	$20 < LE_{hood} \leq 28$
C	$16 < LE_{hood} \leq 20$
D	$12 < LE_{hood} \leq 16$
E	$8 < LE_{hood} \leq 12$
F	$4 < LE_{hood} \leq 8$
G (lakasta nýtni)	$LE_{hood} \leq 4$

d) Afkastaflokkar fitusíunar fyrir gufugleypi til heimilisnota skulu ákvarðaðir í samræmi við fitusíunarafköst (GFE_{hood}) eins og í eftirfarandi töflu 5. Fitusíunarafköst fyrir gufugleypa til heimilisnota skulu ákvörðuð í samræmi við lið 2.4 í II. viðauka.

Tafla 5

Afkastaflokkar fitusíunar (GFE_{hood}) fyrir gufugleypa til heimilisnota

Afkastaflokkur fitusíunar	Fitusíunarafköst (%)
A (hámarksafköst)	$GFE_{hood} > 95$
B	$85 < GFE_{hood} \leq 95$
C	$75 < GFE_{hood} \leq 85$
D	$65 < GFE_{hood} \leq 75$
E	$55 < GFE_{hood} \leq 65$
F	$45 < GFE_{hood} \leq 55$
G (lökustu afköst)	$GFE_{hood} \leq 45$

II. VIÐAUKI

Mælingar og útreikningar

Til þess að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og sannprófa að þær hafi verið uppfylltar skulu mælingar og útreikningar gerð með áreiðanlegri, nákvæmri og samanburðarnákvæmri aðferð sem tekur tillit til almennt viðurkenndra mæli- og útreikningsaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. samhæfðum, stöðlum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Þær skulu uppfylla tæknilegar skilgreiningar, skilyrði, jöfnur og mæliþætti, sem sett eru fram í þessum viðauka.

1. BAKAROFNAR TIL HEIMILISNOTA

Orkunotkun hólfs í bakarofni til heimilisnota skal mæld í einni staðlaðri lotu, í hefðbundnum ham og blástursham, sé hann til staðar, með því að hita staðlað magn sem búið er að bleyta í vatni. Sannreyna skal að hitinn innan í hólfi bakarofnsins nái hitastigsstillingu hitastillis og/eða stýriskjá bakarofnsins á meðan á prófunarlotunni stendur. Orkunotkun á lotu sem samsvarar orkunýtnasta ham (hefðbundnum ham eða blástursham) skal notuð við eftirfarandi útreikninga.

Fyrir hvert hólf bakarofns skal reikna út orkunýtnistuðul (EEI_{cavity}) samkvæmt eftirfarandi formúlum:

fyrir rafmagnsbakarofna til heimilisnota:

$$EEI_{cavity} = \frac{EC_{electric\ cavity}}{SEC_{electric\ cavity}} \times 100$$

$$SEC_{electric\ cavity} = 0{,}0042 \times V + 0{,}55\ (\text{í kWh})$$

fyrir gasbakarofna til heimilisnota:

$$EEI_{cavity} = \frac{EC_{gas\ cavity}}{SEC_{gas\ cavity}} \times 100$$

$$SEC_{gas\ cavity} = 0{,}044 \times V\ 3{,}53\ (\text{í MJ})$$

þar sem:

— EEI_{cavity} = orkunýtnistuðull fyrir hvert hólf í bakarofni til heimilisnota, gefið upp í % og námundað með einum aukastaf,

— $SEC_{electric\ cavity}$ = stöðluð orkunotkun (rafmagn) sem þarf til að hita staðlað magn í hólfi rafmagnsbakarofna til heimilisnota, á meðan á lotu stendur, gefið upp í kWh, námundað með tveimur aukastöfum,

— $SEC_{gas\ cavity}$ = Stöðluð orkunotkun sem þarf til að hita staðlað magn í hólfi gasbakarofna til heimilisnota, á meðan á lotu stendur, gefið upp í MJ, námundað með tveimur aukastöfum,

— V = rúmmál hólfs bakarofns í lítrum (L), námundað að næstu heilu tölu,

— $EC_{electric\ cavity}$ = Orkunotkun sem þarf til að hita staðlað magn í hólfi rafmagnsbakarofna til heimilisnota, á meðan á lotu stendur, gefið upp í kWh, námundað með tveimur aukastöfum,

— $EC_{gas\ cavity}$ = Orkunotkun sem þarf til að hita staðlað magn í hólfi gasbakarofna til heimilisnota, á meðan á lotu stendur, gefið upp í MJ, námundað með tveimur aukastöfum.

2. GUFUGLEYPAR TIL HEIMILISNOTA

2.1. **Útreikningur orkunýtnistuðuls (EEI_{hood})**

Orkunýtnistuðull (EEI_{hood}) er reiknaður út sem:

$$EEI_{hood} = \frac{AEC_{hood}}{SAEC_{hood}} \times 100$$

og námundað að einum aukastaf.

þar sem:

— $SAEC_{hood}$ = stöðluð, árleg orkunotkun gufugleypis til heimilisnota, gefið upp í kWh/ári og námunduð með einum aukastaf,

— AEC_{hood} = árleg orkunotkun gufugleypis til heimilisnota, gefið upp í kWh/ári og námunduð með einum aukastaf.

Stöðluð, árleg orkunotkun ($SAEC_{hood}$) gufugleypis til heimilisnota skal reiknuð út sem:

$$SAEC_{hood} = 0{,}55 \times (W_{BEP} + W_L) + 15{,}3$$

þar sem:

— W_{BEP} er rafinnafl gufugleypis til heimilisnota við bestu orkunýtni, gefið upp í vöttum og námundað með einum aukastaf,

— W_L er nafnrafinnafl fyrir lýsingarkerfi gufugleypa til heimilisnota á yfirborðinu sem eldað er á, gefið upp í vöttum og námundað með einum aukastaf.

Árleg orkunotkun (AEC_{hood}) gufugleypa til heimilisnota skal reiknuð út sem:

i. fyrir gufugleypa til heimilisnota sem eru alveg sjálfvirkir:

$$AEC_{hood} = \left[\frac{(W_{BEP} \times t_H \times f) + (W_L \times t_L)}{60 + 1000} + \frac{P_o \times (1440 - t_H \times f)}{2 \times 60 = 1000} + \frac{P_S \times (1440\ t_H - \times f)}{2 \times 60 = 1000} \right] \times 365$$

ii. fyrir alla aðra gufugleypa til heimilisnota:

$$AEC_{hood} = \frac{[W_{BEP} \times (t_H \times f)\ W_L \times t_L]}{60 \times 1000} \times 365$$

þar sem:

— t_L er meðallýsingartími á dag, í mínútum ($t_L = 120$),

— t_H er meðalgangtími gufugleypa til heimilisnota á dag, í mínútum ($t_H = 60$),

— P_o er rafinnafl þegar slökkt er á gufugleypi til heimilisnota, gefið upp í vöttum og námundað með tveimur aukastöfum,

— P_s er rafinnafl í reiðuham fyrir gufugleypi til heimilisnota, gefið upp í vöttum og námundað með tveimur aukastöfum,

— f er tímaaukningarstuðullinn, reiknaður út og námundaður að einum aukastaf, sem:

$$f = 2 - (FDE_{hood} \times 3{,}6)/100)$$

2.2. **Útreikningur á orkunýtni vökvastreymis (FDE_{hood})**

Orkunýtni vökvastreymis (FDE_{hood}) við mestu nýtni er reiknuð út samkvæmt eftirfarandi formúlu og er námunduð með einum aukastaf:

$$FDE_{hood} = \frac{Q_{BEP} \times P_{BEP}}{3600 \times W_{BEP}} \times 100$$

þar sem:

— Q_{BEP} er streymi gufugleypis til heimilisnota við bestu orkunýtni, gefið upp í m^3/klst. og námundað með einum aukastaf,

— P_{BEP} er kyrruþrýstingsmunur gufugleypis til heimilisnota við bestu orkunýtni, gefinn upp í Pa og námundaður að næstu heilu tölu,

— W_{BEP} er rafinnafl gufugleypa til heimilisnota við bestu orkunýtni, gefið upp í vöttum og námundað með einum aukastaf.

2,3. **Útreikningur á nýtni lýsingar (LE_{hood})**

Nýtni lýsingar (LE_{hood}) gufugleypis til heimilisnota er hlutfallið á milli meðallýsingar og nafnrafinnafls lýsingarkerfisins. Það skal reiknað út í lúx á hvert vatt og námundað að næstu heilu tölu, sem:

$$LE_{hood} = \frac{E_{middle}}{W_L}$$

þar sem:

— E_{middle} er meðallýsing lýsingarkerfis á yfirborðið sem eldað er á, mælt við staðalskilyrði, í lúx og námundað að næstu heilu tölu,

— W_L er nafnrafinnafl fyrir lýsingarkerfi gufugleypa til heimilisnota á yfirborðinu sem eldað er á, gefið upp í vöttum og námundað með einum aukastaf.

2.4. **Útreikningur á fitusíunarafköstum (GFE_{hood})**

Fitusíunarafköst (GFE_{hood}) gufugleypis til heimilisnota er hlutfallslegt magn fitu sem verður eftir innan hverrar fitusíu gufugleypis. Hún skal reiknuð út og námunduð með einum aukastaf sem:

$$GFE_{hood} = [w_g/(w_r + w_t + w_g)] \times 100\ [\%])$$

þar sem:

— w_g = massi olíunnar sem verður eftir í fitusíunni, þ.m.t. allri lausri klæðningu, gefinn upp í g og námundaður með einum aukastaf,

— w_r = massi olíunnar sem verður eftir í loftbrautum gufugleypa, gefinn upp í g og námundaður með einum aukastaf,

— w_r = massi olíunnar sem verður eftir í föstu síunni (e. *absolute filter)*, gefinn upp í g og námundaður með einum aukastaf.

2.5. **Hávaði**

Hávaðagildi (í dB) er mælt sem hljóðeðlisfræðileg A-vegin hljóðaflslosun sem berst í lofti (vegið meðalgildi — L_{WA}) frá gufugleypi til heimilisnota á hæstu stillingu fyrir hefðbundna notkun, námundað að næstu heilu tölu.


III. VIÐAUKI

Merkimiðinn

1. MERKIMIÐI FYRIR BAKAROFNA TIL HEIMILISNOTA

1.1. **Rafmagnsbakarofnar til heimilisnota**

1.1.1. *Framsetning merkimiða — fyrir hvert hólf rafmagnsbakarofns til heimilisnota*



1.1.2. *Upplýsingar á merkimiða— rafmagnsbakarofnar til heimilisnota*

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. Nafn eða vörumerki birgis,

II. Tegundarauðkenni birgis, þar sem „tegundarauðkenni“ merkir kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund bakarofns til heimilisnota frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis,

III. Orkugjafi bakarofns til heimilisnota,


IV. Orkunýtniflokkur hólfs sem ákvarðaður er í samræmi við I. viðauka. Örvaroddurinn með viðeigandi kennistaf skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,

V. Nýtanlegt rúmmál hólfs í lítrum, námundað að næstu heilu tölu,

VI. Orkunotkun á hverja lotu gefin upp í kWh/lotu (raforkunotkun) fyrir hitunarvirkni (hefðbundna og ef hún er til staðar blástursvirkni) hólfs, miðað við staðlað magn, ákvörðuð í samræmi við prófunaraðferðir og námunduð með tveimur aukastöfum ($EC_{electric\ cavity}$).

1.1.3. *Hönnun merkimiða— rafmagnsbakarofnar til heimilisnota*

Hönnun merkimiða fyrir hvert hólf rafmagnsbakarofna til heimilisnota skal vera eins og sýnt er á eftirfarandi mynd:



Þar sem:

i. Merkimiðinn skal vera minnst 85 mm á breidd og 170 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.

ii. Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

iii. Nota skal CMYK-litaskipan: blár, blárauður, gulur og svartur, í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

iv. Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammastrik:** 4 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3 mm.

❷ **Kennimerki ESB:** litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.

❸ **Orkukennimerki:** litur: X-00-00-00, skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkumerkimiði: breidd: 70 mm, hæð: 14 mm.

❹ **Lína undir kennimerki:** 1,5 pt — litur: blár 100% — lengd: 70 mm.

❺ **Kvarði orkuflokka**

— Ör: hæð: 5,5 mm, bil: 1 mm — litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00

— *Texti:* Feitt, 18 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; „+“ tákn: Feitt, 12 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.

❻ **Orkunýtniflokkur**

— Ör: breidd: 20 mm, hæð: 10 mm, 100% svartur,

— *Texti:* Feitt, 24 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; „+“ tákn: Feitt, 18 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.

❼ **Orkunotkun fyrir hverja lotu**

— *Rammi:* 1,5 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3 mm.

— *Gildi:* Feitt 19 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 10 pt Calibri-letur, 100% svart.

❽ **Rúmmál**

— *Rammi:* 1,5 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3 mm.

— *Gildi:* Feitt 20 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 10 pt Calibri-letur, 100% svart.

❾ **Stjarna:** Hefðbundið 6 pt Calibri-letur 100% svart.

❿ **Númer reglugerðarinnar:** Feitt 10 pt Calibri-letur, 100% svart


⓫ **Nafn eða vörumerki birgis**

⓬ **Tegundarauðkenni birgis**

⓭ Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 70 x 13 mm rými.

1.2. ***Gasbakarofnar til heimilisnota***

1.2.1. *Framsetning merkimiða — fyrir hvert hólf gasbakarofns til heimilisnota*



1.2.2. *Upplýsingar á merkimiða*

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. Nafn eða vörumerki birgis,

II. Tegundarauðkenni birgis, þar sem „tegundarauðkenni“ merkir kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund bakarofns til heimilisnota frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis,

III. Orkugjafi bakarofns til heimilisnota,


IV. Orkunýtniflokkur hólfs sem ákvarðaður er í samræmi við I. viðauka. Örvaroddurinn með viðeigandi kennistaf skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,

V. Nýtanlegt rúmmál hólfs í lítrum, námundað að næstu heilu tölu,

VI. Orkunotkun á hverja lotu gefin upp í MJ/lotu og í kWh/lotu([6]) (gasnotkun) fyrir hitunarvirkni (hefðbundna og ef hún er til staðar, blástursvirkni) hólfs, miðað við staðlað magn, ákvörðuð í samræmi við prófunaraðferðir og námunduð með tveimur aukastöfum ($EC_{gas\ cavity}$).

1.2.3. *Hönnun merkimiða— gasbakarofnar til heimilisnota*

Hönnun merkimiða fyrir hvert hólf gasbakarofna til heimilisnota skal vera eins og sýnt er á eftirfarandi mynd:



([6]) 1 kWh/lotu = 3,6 MJ/lotu.

Þar sem:

i. Merkimiðinn skal vera minnst 85 mm á breidd og 170 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.

ii. Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

iii. Nota skal CMYK-litaskipan: blár, blárauður, gulur og svartur, í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

iv. Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammastrik:** 4 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3 mm.

❷ **Kennimerki ESB:** litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.

❸ **Orkukennimerki:** litur: X-00-00-00, skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkumerkimiði: breidd: 70 mm, hæð: 14 mm.

❹ **Lína undir kennimerki:** 1,5 pt — litur: blár 100% — lengd: 70 mm.

❺ **Kvarði orkuflokka**

— **Ör:** hæð: 5,5 mm, bil: 1 mm — litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00

— **Texti:** Feitt, 18 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; „+“ tákn: Feitt, 12 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.

❻ **Orkunýtniflokkur**

— **Ör:** breidd: 20 mm, hæð: 10 mm, 100% svartur,

— **Texti:** Feitt, 24 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; „+“ tákn: Feitt, 18 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.

❼ **Orkunotkun fyrir hverja lotu**

— **Rammi:** 1,5 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3 mm.

— **Gildi:** Feitt 19 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 10 pt Calibri-letur, 100% svart.

❽ **Rúmmál**

— **Rammi:** 1,5 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3 mm.

— **Gildi:** Feitt 20 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 10 pt Calibri-letur, 100% svart.

❾ **Stjarna:** Hefðbundið 6 pt Calibri-letur 100% svart.

❿ **Númer reglugerðarinnar:** Feitt 10 pt Calibri-letur, 100% svart

⓫ **Nafn eða vörumerki birgis**


⓬ **Tegundarauðkenni birgis**

⓭ Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 70 x 13 mm rými.

2. MERKIMIÐI FYRIR GUFUGLEYPI TIL HEIMILISNOTA

2.1. **Snið merkimiða**

2.1.1. *Gufugleypar til heimilisnota í orkunýtniflokkum A til G (merkimiði 1)*




I, II

III

IV

V, VI, VII, VIII

2.1.2. *Gufugleypar til heimilisnota í orkunýtniflokkum A+ til F (merkimiði 2)*




I, II

III


IV

V, VI, VII, VIII

2.1.3. *Gufugleypar til heimilisnota í orkunýtniflokkum A++ til E (merkimiði 3)*



2.1.4. *Gufugleypar til heimilisnota í orkunýtniflokkum A+++ til D (merkimiði 4)*



2.2. **Upplýsingar á merkimiða— gufugleypar til heimilisnota**

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. Nafn eða vörumerki birgis,

II. Tegundarauðkenni birgis, þar sem „tegundarauðkenni“ merkir kóða, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund gufugleypis til heimilisnota frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis,

III. Orkunýtniflokkur gufugleypa til heimilisnota sem ákvarðaður er í samræmi við I. viðauka. Örvaroddurinn sem sýnir orkunýtniflokk gufugleypis til heimilisnota skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,

IV. Árleg orkunotkun (AEC_{hood}) reiknuð út í samræmi við II. viðauka, í kWh, námunduð að næstu heilu tölu,

V. Orkunýtniflokkur vökvastreymis, ákvarðaður í samræmi við I. viðauka,


VI. Nýtniflokkur lýsingar, ákvarðaður í samræmi við I. viðauka,

VII. Afkastaflokkur fitusíunar, ákvarðaður í samræmi við I. viðauka,

VIII. Hávaðagildi ákvarðað í samræmi við lið 2.5 í II. viðauka, námundað að næstu heilu tölu.

2.3. **Hönnun merkimiða — gufugleypar til heimilisnota**

Hönnun merkimiðans skal vera eins og sýnt er á eftirfarandi mynd:



Þar sem:

i. Merkimiðinn skal vera minnst 60 mm á breidd og 120 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.

ii. Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

iii. Nota skal CMYK-litaskipan: blár, blárauður, gulur og svartur, í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

iv. Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammastrik:** 3 pt — litur: Blár 100% — rúnnuð horn: 2 mm.

❷ **Kennimerki ESB:** litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.

❸ **Orkukennimerki:** litur: X-00-00-00, skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkumerkimiði: breidd: 51 mm, hæð: 10 mm.

❹ **Lína undir kennimerki:** 1 pt — litur: Blár 100% — lengd: 51 mm.

❺ **Kvarði orkuflokka**

— ***Ör:*** hæð: 4 mm, bil: 0,75 mm — litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00

— **Texti:** Feitt, 10 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; „+“ tákn: Feitt, 7 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.

❻ **Orkunýtniflokkur**

— **Ör:** breidd: 15 mm, hæð: 8 mm, 100% svartur,

— **Texti:** Feitt, 17 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; „+“ tákn: Feitt, 12 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.

❼ **Árleg orkunotkun**

— **Rammi:** 1 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 2,5 mm.

— **Gildi:** Feitt 21 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 8 pt Calibri-letur, 100% svart.

❽ **Orkunýtni vökvastreymis**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er**

— **Rammi:** 1 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 2,5 mm.

— **Gildi:** Hefðbundið 6 pt Calibri-letur, 100% svart og feitt 11,5 pt Calibri-letur, 100% svart.

❾ **Nýtni lýsingar**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er**

— **Rammi:** 1 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 2,5 mm.

— **Gildi:** Hefðbundið 6 pt Calibri-letur, 100% svart og feitt 11,5 pt Calibri-letur, 100% svart.

❿ **Fitusíunarafköst**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er**

— **Rammi:** 1 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 2,5 mm.

— **Gildi:** Hefðbundið 10 pt Calibri-letur, 100% svart og feitt 14 pt Calibri-letur, 100% svart.

⓫ **Hávaðastig**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er**

— **Rammi:** 1 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 2,5 mm.

— **Gildi:** Hefðbundið 6 pt Calibri-letur, 100% svart og feitt 11,5 pt Calibri-letur, 100% svart.

⓬ **Númer reglugerðarinnar:** Feitt 8 pt Calibri-letur, 100% svart

⓭ **Nafn eða vörumerki birgis**

⓮ **Tegundarauðkenni birgis**

⓯ Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 51 x 9 mm rými.

IV. VIÐAUKI

Upplýsingablað

A. UPPLÝSINGABLAÐ FYRIR BAKAROFNA TIL HEIMILISNOTA

1. Upplýsingar í vöruupplýsingablaði fyrir bakarofna til heimilisnota sem um getur í ii. lið a-liðar í 1. mgr. 3. gr. skulu veittar með þeim hætti sem skilgreindur er að neðan og í þeirri röð sem tilgreind er að neðan og skulu koma fram í kynningarritum fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni:

   a) nafn eða vörumerki birgis,

   b) tegundarauðkenni birgis er kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund bakarofns til heimilisnota frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafn birgis en annað yfirlýst gildi fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem koma fram á merkimiða fyrir bakarofn til heimilisnota (1. liður III. viðauka),

   c) orkunýtnistuðull (EEI_{cavity}) fyrir hvert hólf tegundarinnar sem reiknaður er út í samræmi við 1. lið II. viðauka og námundaður með einum aukastaf, tilgreindur orkunýtnistuðull skal ekki fara yfir þann stuðul sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,

   d) orkunýtniflokkur tegundarinnar fyrir hvert hólf, eins og hann er skilgreindur í töflu 1 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,

   e) orkunotkun á hverja lotu fyrir hvert hólf, ef hún er í boði í hefðbundnum ham og blástursham (mæld orkunotkun skal gefin upp í kWh (rafmagns- og gasbakarofnar) og í MJ (gasbakarofnar) og námunduð með tveimur aukastöfum), yfirlýst gildi skal ekki vera lægra en það gildi sem skráð er í tæknigögnum í V. viðauka,

   f) fjöldi hólfa, varmagjafa á hvert hólf og rúmmál hvers hólfs.

2. Hafi tegund verið úthlutað umhverfismerki ESB í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009([7]) má bæta afriti af umhverfismerkinu við með fyrirvara um kröfur reglugerðarinnar um veitingu umhverfismerkisins.

3. Eitt upplýsingablað getur náð yfir margar tegundir bakarofna frá sama birgi.

4. Upplýsingarnar á upplýsingablaðinu má veita með því að afrita merkimiðann fyrir hvert hólf (annaðhvort í lit eða í svart-hvítu). Þar sem sú er raunin skal einnig veita upplýsingarnar sem taldar eru upp í lið 1 og koma ekki fram á merkimiða.

B. UPPLÝSINGABLAÐ FYRIR GUFUGLEYPI TIL HEIMILISNOTA

1. Upplýsingarnar á vöruupplýsingablaði fyrir gufugleypa til heimilisnota sem um getur í ii. lið a-liðar í 1. mgr. 3. gr. skulu veittar með þeim hætti sem skilgreindur er að neðan og í þeirri röð sem tilgreind er að neðan og skulu koma fram í kynningarritum fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni:

   a) nafn eða vörumerki birgis,

   b) tegundarauðkenni birgis er kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund gufugleypis til heimilisnota frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafn birgis en annað yfirlýst gildi fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem koma fram á merkimiða fyrir gufugleypi til heimilisnota (2. liður III. viðauka),

   c) árleg orkunotkun (AEC_{hood}) reiknuð út skv. 2. lið II. viðauka, gefin upp í kWh/á ári og námunduð með einum aukastaf, yfirlýst gildi skal ekki vera lægra en gildið sem skráð er í tæknigögnum í V. viðauka,

   d) orkunýtniflokkur, eins og hann er skilgreindur í töflu 2 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,

   e) Orkunýtni vökvastreymis (FDE_{hood}) reiknuð út skv. 2. lið II. viðauka og námunduð með einum aukastaf, yfirlýst gildi skal ekki vera hærra en gildið sem skráð er í tæknigögnum í V. viðauka,

   f) orkunýtniflokkur vökvastreymis, eins og hann er skilgreindur í töflu 3 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,

([7]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

g) nýtni lýsingar (LE_{hood}) reiknuð út skv. 2. lið II. viðauka, gefin upp í lúx/vatt og námunduð með einum aukastaf, yfirlýst gildi skal ekki vera hærra en tilkynnta gildið í tæknigögnunum í V. viðauka,

h) nýtniflokkur lýsingar, eins og hann er skilgreindur í töflu 4 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem er skráður í tæknigögnum í V. viðauka,

i) fitusíunarafköst reiknuð út skv. 2. lið II. viðauka, gefin upp í hundraðshlutum og námunduð með einum aukastaf, yfirlýst gildi skal ekki vera hærra en gildið sem skráð er í tæknigögnum í V. viðauka,

j) afkastaflokkur fitusíunar, eins og hann er skilgreindur í töflu 5 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,

k) loftstreymi (í m^3/klst. og námundað að næstu heilu tölu) við lágmarks- og hámarkshraða við hefðbundna notkun, hamur með aukinni virkni undanskilinn, yfirlýst gildi skulu ekki vera hærri en gildin sem skráð eru í tæknigögnum í V. viðauka,

l) ef það er til staðar, loftstreymi (í m^3/klst. og námundað að næstu heilu tölu) í ham með aukinni virkni, yfirlýst gildi skulu ekki vera hærri en gildin sem skráð eru í tæknigögnum í V. viðauka,

m) hljóðeðlisfræðileg A-vegin hljóðaflslosun sem berst í lofti (í dB, námunduð að næstu heilu tölu), við lágmarks- og hámarkshraða við hefðbundna notkun, yfirlýst gildi skal ekki vera lægra en gildið sem skráð eru í tæknigögnum í V. viðauka,

n) ef það er til staðar, hljóðeðlisfræðileg A-vegin hljóðaflslosun sem berst í lofti (í dB og námunduð að næstu heilu tölu) í ham með aukinni virkni, yfirlýst gildi skal ekki vera lægri en gildin sem skráð eru í tæknigögnum í V. viðauka,

o) ef við á, orkunotkun þegar slökkt er á tæki (P_o), gefin upp í vöttum og námunduð með tveimur aukastöfum, yfirlýst gildi skulu ekki vera lægri en gildin sem skráð eru í tæknigögnum í V. viðauka,

p) ef við á, orkunotkun þegar tækið er í reiðuham (P_s), gefin upp í vöttum og námunduð með tveimur aukastöfum, yfirlýst gildi skulu ekki vera lægri en gildin sem skráð eru í tæknigögnum í V. viðauka.

2. Eitt upplýsingablað getur náð yfir margar tegundir gufugleypa til heimilisnota, frá sama birgi.

3. Upplýsingarnar á upplýsingablaðinu má veita með því að afrita merkimiðann (annaðhvort í lit eða í svart-hvítu). Þar sem sú er raunin skal einnig veita upplýsingarnar sem taldar eru upp í lið 1 og koma ekki fram á merkimiða.

V. VIÐAUKI

Tæknigögn

A. TÆKNIGÖGN FYRIR BAKAROFNA TIL HEIMILISNOTA

1. Í tæknigögnunum sem um getur í c-lið 1. mgr. 3. gr. skulu koma fram a.m.k.:

   a) nafn og heimilisfang birgis,

   b) almenn lýsing á tegund tækis þannig að hana megi sanngreina auðveldlega og án nokkurs vafa, þ.m.t. tegundarauðkenni birgis (þ.e. kóði, venjulega alstafa) sem greinir tiltekna tegund bakarofns til heimilisnota frá öðrum tegundum sem hafa sama vörumerki eða nafn birgis en annað yfirlýst gildi fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem koma fram á merkimiða fyrir bakarofn til heimilisnota (1. liður III. viðauka),

   c) tæknilegir mæliþættir við mælingar svo sem:

      i. fjöldi hólfa, rúmmál hvers hólfs, varmagjafar í hverju hólfi, hitunarvirkni (hefðbundin og/eða blástursvirkni) í hverju hólfi,

      ii. orkunotkun á hverja lotu fyrir hvert hólf, ef hefðbundin virkni og blástursvirkni eru mögulegar (mæld orkunotkun skal gefin upp í kWh (rafmagns- og gasbakarofnar) og í MJ (gasbakarofnar) og námunduð með tveimur aukastöfum,

      iii. orkunýtnistuðull (EEI_{cavity}) fyrir hvert hólf bakarofns til heimilisnota, reiknaður út í samræmi við 1. lið II. viðauka og námundaður með einum aukastaf,

      iv. orkunýtniflokkur fyrir hvert hólf bakarofns til heimilisnota, eins og hann er skilgreindur í töflu 1 í I. viðauka,

   d) afrit af útreikningum og niðurstöðum útreikninga sem gerðir eru í samræmi við II. viðauka,

   e) ef við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,

   f) eftir því sem við á, aðra tæknistaðla og -forskriftir sem notast er við,

   g) auðkenni og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn.

2. Birgjar geta bætt viðbótarupplýsingum aftan við framangreindan lista.

B. TÆKNIGÖGN FYRIR GUFUGLEYPA TIL HEIMILISNOTA

1. Í tæknigögnunum sem um getur í iii. lið b-liðar í 1. mgr. 3. gr. skulu koma fram a.m.k.:

   a) nafn og heimilisfang birgis,

   b) almenn lýsing á tegund tækis þannig að hana megi sanngreina auðveldlega og án nokkurs vafa, þ.m.t. tegundarauðkenni birgis (þ.e. kóði, venjulega alstafa) sem greinir tiltekna tegund gufugleypis til heimilisnota frá öðrum tegundum sem hafa sama vörumerki eða nafn birgis en annað yfirlýst gildi fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem koma fram á merkimiða fyrir gufugleypi til heimilisnota (2. liður III. viðauka),

   c) tæknilegir mæliþættir við mælingar svo sem:

      1) orkunýtnistuðull (EEI_{hood}) reiknaður út í samræmi við 2. lið II. viðauka og námundaður með einum aukastaf,

      2) orkunýtniflokkur eins og hann er skilgreindur í 2. lið I. viðauka,

      3) árleg orkunotkun (AEC_{hood}) reiknuð út í samræmi við 2. lið II. viðauka, gefin upp í kWh/á ári og námunduð með einum aukastaf,

      4) tímaaukningarstuðull (*f*) í samræmi við 2. lið II. viðauka og námundaður með einum aukastaf,

      5) orkunýtni vökvastreymis (FDE_{hood}) reiknuð út í samræmi við 2. lið II. viðauka og námunduð með einum aukastaf,

      6) orkunýtniflokkur vökvastreymis eins og hann er skilgreindur í 3. lið I. viðauka,

      7) mælt streymi gufugleypis til heimilisnota við bestu orkunýtni (Q_{BEP}), gefið upp í m^3/klst. og námundað með einum aukastaf,

8) mæligildi kyrruþrýstingsmunar gufugleypis til heimilisnota við bestu orkunýtni (P_{BEP}), gefið upp í Pa og námundað að næstu heilu tölu,

9) mæligildi rafinnafls gufugleypis til heimilisnota við bestu orkunýtni (W_{BEP}), gefið upp í vöttum og námundað með einum aukastaf,

10) meðallýsing lýsingarkerfis á yfirborðið sem eldað er á (E_{middle}), gefin upp í lúx og námunduð að næstu heilu tölu,

11) nafnorkunotkun lýsingarkerfis á yfirborðið sem eldað er á (W_L), gefið upp í vöttum og námundað með einum aukastaf,

12) mæligildi nýtni lýsingar (LE_{hood}) reiknað út skv. 2. lið II. viðauka, gefið upp í lúx/vöttum og námundað að næstu heilu tölu,

13) nýtniflokkur lýsingar eins og hann er skilgreindur í 4. lið I. viðauka,

14) mæligildi fitusíunarafkasta (GFE_{hood}) reiknað út skv. 2. lið II. viðauka og námundað með einum aukastaf,

15) afkastaflokkur fitusíunar eins og hann er skilgreindur í 5. lið I. viðauka,

16) ef við á, aflþörf þegar slökkt er á tæki (P_o), gefin upp í vöttum og námunduð með tveimur aukastöfum,

17) ef við á, aflþörf í reiðuham (P_s), gefin upp í vöttum og námunduð með tveimur aukastöfum,

18) hljóðeðlisfræðileg A-vegin hljóðaflslosun sem berst í lofti, á mögulegum lágmarks- og hámarkshraða við hefðbundna notkun, gefin upp í dB og námunduð að næstu heilu tölu,

19) hljóðeðlisfræðileg A-vegin hljóðaflslosun sem berst í lofti, í ham með aukinni virki, ef hann er til staðar, gefin upp í dB og námunduð að næstu heilu tölu,

20) loftstreymisgildi gufugleypis til heimilisnota á mögulegum lágmarks- og hámarkshraða við hefðbundna notkun, gefið upp í m^3/klst. og námundað með einum aukastaf,

21) loftstreymisgildi gufugleypis til heimilisnota í ham með aukinni virkni, ef hann er til staðar, gefið upp í m^3/klst. og námundað með einum aukastaf,

d) afrit af útreikningum og niðurstöðum útreikninga sem gerðir er í samræmi við II. viðauka,

e) ef við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,

f) eftir því sem við á, aðra tæknistaðla og -forskriftir sem notast er við,

g) auðkenni og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn.

2. Birgjar mega láta viðbótarupplýsingar fylgja með.

VI. VIÐAUKI

Upplýsingar sem skulu veittar í þeim tilfellum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna, nema á Netinu

A. BAKAROFNAR TIL HEIMILISNOTA

1. Upplýsingarnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr. skulu veittar í eftirfarandi röð:

   a) nafn eða vörumerki birgis,

   b) tegundarauðkenni birgis, þ.e. tegundarauðkenni tilgreinds bakarofns til heimilisnota sem tölurnar sem vísað er í að neðan eiga við um,

   c) orkunýtniflokkur tegundarinnar fyrir hvert hólf, eins og hann er skilgreindur í töflu 1 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,

   d) orkunotkun á hverja lotu fyrir hvert hólf, ef hefðbundin virkni og blástursvirkni eru mögulegar (mæld orkunotkun skal gefin upp í kWh (rafmagns- og gasbakarofnar) og í MJ (gasbakarofnar) og námunduð með tveimur aukastöfum), yfirlýst gildi skal ekki vera lægra en það gildi sem skráð er í tæknigögnum í V. viðauka,

   e) fjöldi hólfa, varmagjafa á hvert hólf og rúmmál hvers hólfs.

2. Ef veittar eru frekari upplýsingar, sem er að finna í vöruupplýsingablaðinu, skulu þær veittar með þeim hætti og í þeirri röð sem tilgreind er í IV. viðauka.

3. Allar upplýsingar sem um getur í þessum viðauka skulu prentaðar eða sýndar með leturgerð sem er nægilega stór til að vera vel læsileg.

B. GUFUGLEYPAR TIL HEIMILISNOTA

1. Upplýsingarnar sem um getur í b-lið 2. mgr. 4. gr. skulu veittar í eftirfarandi röð:

   a) nafn eða vörumerki birgis,

   b) tegundarauðkenni birgis, þ.e. tegundarauðkenni tilgreinds gufugleypis sem tölurnar sem vísað er í að neðan eiga við um,

   c) orkunýtniflokkur tegundarinnar eins og hann er skilgreindur í töflu 2 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,

   d) árleg orkunotkun tegundarinnar í kWh, eins og hún er skilgreind í lið 2.1 í II. viðauka, yfirlýst gildi skal ekki vera lægra en gildið sem skráð er í tæknigögnum í V. viðauka,

   e) Orkunýtniflokkur vökvastreymis tegundarinnar eins og hann er skilgreindur í töflu 3 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,

   f) lýsingarnýtniflokkur tegundarinnar eins og hann er skilgreindur í töflu 4 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,

   g) fitusíunarafkastaflokkur tegundarinnar eins og hann er skilgreindur í töflu 5 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,

   h) hljóðeðlisfræðileg A-vegin hljóðaflslosun sem berst í lofti (vegið meðalgildi – L_{WA}) gufugleypis til heimilisnota á mögulegum lágmarks- og hámarkshraða við hefðbundna notkun, gefin upp í dB og námunduð að næstu heilu tölu, yfirlýst gildi skal ekki vera lægra en gildið sem skráð er í tæknigögnum í V. viðauka.

2. Ef veittar eru frekari upplýsingar, sem er að finna í vöruupplýsingablaðinu, skulu þær veittar með þeim hætti og í þeirri röð sem tilgreind er í IV. viðauka.

3. Allar upplýsingar sem um getur í þessum viðauka skulu prentaðar eða sýndar með leturgerð sem er nægilega stór til að vera vel læsileg.

VII. VIÐAUKI

Upplýsingar sem veita skal ef um er að ræða sölu, leigu eða kaupleigu í gegnum Netið

1. Í liðum 2 til 5 í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

   a) „birtingarkerfi“: allir skjáir, þ.m.t. snertiskjáir eða önnur sjónræn tækni sem notuð er til að sýna notendum efni á Netinu,

   b) „földuð birting“: sjónrænt viðmót þar sem mynd eða gagnasafn er nálgast með því að smella með músinni á það, músarbendli er haldið yfir eða með útvíkkun frá annari mynd eða gagnasafni, á snertiskjá,

   c) „snertiskjár“: skjár sem bregst við snertingu, svo sem á spjaldtölvu (e. *tablet computer*), pennatölvu (e. *slate computer*) eða snjallsíma,

   d) „annar texti“: texti sem notaður er sem annar valkostur við myndræna útfærslu og gerir það kleift að veita upplýsingar með öðrum hætti en myndrænum þegar birtingartæki ráða ekki við myndirnar eða til að bæta aðgengi, svo sem ílag fyrir raddgervlaforrit.

2. Viðeigandi merkimiði sem birgir gerir aðgengilegan í samræmi við vi. lið a-liðar í 1. mgr. 3. gr. eða vi. lið b-liðar í 1. mgr. 3. gr. skal vera til sýnis í birtingarkerfi í nálægð við verð vörunnar í samræmi við tímaáætlunina sem sett er fram í 3. mgr. 3. gr. Fyrir bakarofna skal viðeigandi merkimiði sýndur fyrir hvert hólf bakarofnsins. Stærðin skal vera þannig að merkimiðinn sé auðsýnilegur og læsilegur og skal vera í réttu hlutfalli við stærðina sem tilgreind er í III. viðauka. Merkimiðinn má vera sýndur með faldaðri birtingu en þá skal myndin sem notuð er til að nálgast merkimiðann vera í samræmi við forskriftirnar sem mælt er fyrir um í 3. lið þessa viðauka. Ef notast er við faldaða birtingu skal merkimiðinn birtast þegar fyrst er smellt með músinni á hann, um leið músarbendli er haldið yfir eða við fyrstu útvíkkun myndarinnar á snertiskjá.

3. Myndin sem notuð er til að nálgast merkimiðann ef um er að ræða faldaða birtingu skal:

   a) vera ör í lit sem samsvarar orkunýtniflokki vörunnar á merkimiðanum,

   b) gefa til kynna orkunýtniflokk vörunnar á örinni, með hvítu letri sem samsvarar því sem notað er til að sýna verð, og

   c) vera á öðru af tveimur eftirfarandi sniðum:



4. Ef um er að ræða faldaða birtingu skal röðin sem merkimiðinn er sýndur í vera eins og hér segir:

   a) myndin sem um getur í 3. lið þessa viðauka skal vera sýnd í birtingarkerfi í nálægð við verð vörunnar,

   b) myndin skal vera hlekkur á merkimiðann,

   c) merkimiðinn skal sýndur eftir að fyrst er smellt með músinni á hann, eftir að músarbendli er haldið yfir eða eftir fyrstu útvíkkun á myndinni á snertiskjá,

   d) merkimiðinn skal sýndur í sprettiglugga, nýjum flipa, nýrri síðu eða með skjámynd,

   e) til að stækka merkimiðann á snertiskjám skulu almennar aðferðir tækisins til stækkunar gilda,

   f) til að hætta að sýna miðann skal vera lokunarvalmöguleiki eða önnur stöðluð aðferð til að loka honum,

   g) annar texti í stað myndrænnar útfærslu, sem sýndur er þegar mistekst að sýna merkimiðann, skal tilgreina orkunýtniflokk vörunnar í sambærilegri leturstærð og þeirri sem notuð er til að sýna verð.

5. Viðeigandi vöruupplýsingablað sem birgir gerir aðgengilegt í samræmi við vii. lið a-liðar í 1. mgr. 3. gr. eða vii. lið b-liðar í 1. mgr. 3. gr. skal sýnt í birtingarkerfi í nálægð við verð vörunnar. Stærðin skal vera þannig að vöruupplýsingablaðið sé auðsýnilegt og læsilegt. Sýna má vöruupplýsingablaðið í faldaðri birtingu en þá skal hlekkurinn sem notaður er til að nálgast það vera auðsýnilegur og tilgreina með læsilegum hætti „vöruupplýsingablað“. Ef notast er við faldaða birtingu skal vöruupplýsingablaðið birtast þegar fyrst er smellt á það með músinni, um leið og músarbendli er haldið yfir eða við fyrstu útvíkkun á hlekknum á snertiskjá.

VIII. VIÐAUKI

Málsmeðferð markaðseftirlitsyfirvalda við samræmisathugun vöru

Í þeim tilgangi að meta samræmi vara við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi aðferð:

1. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu af hverri tegund.
2. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur:
   a) ef gildin og flokkarnir á merkimiðum og í vöruupplýsingablaðinu eru ekki hagstæðari fyrir birginn en gildin í tæknigögnunum, þ.m.t. prófunarskýrslum, og
   b) ef prófun á viðeigandi mæliþáttum tegundarinnar, þar sem vikmörkunum sem skráð eru í töflu 6 er beitt, sýnir fram á að allir þessir mæliþættir uppfylli kröfur.
3. Ef niðurstöðurnar sem um getur í a-lið 2. liðar fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.
4. Ef niðurstöðurnar sem um getur í b-lið 2. liðar fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti má velja þessar þrjár viðbótareiningar af einni tegund eða fleiri sem hafa verið skráðar sem sambærileg vara í tæknigögnum birgis.
5. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef prófun á viðeigandi mæliþáttum í töflu 6, sem skipta máli fyrir tegundina, sýnir fram á að kröfur eru uppfylltar hvað alla þessa mæliþætti varðar.
6. Ef niðurstaðan sem um getur í 5. lið fæst ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.s Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu gefa yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni upp niðurstöður úr prófunum og aðrar viðeigandi upplýsingar innan eins mánaðar frá því að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæðin liggur fyrir.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu nota mæli- og útreikningsaðferðirnar sem settar eru fram í II. viðauka.

Vikmörkum sem sett eru fram í þessum viðauka skal aðeins beitt við sannprófun yfirvalda aðilarríkis á mældum þáttum sem standa fyrir leyfð frávik frá niðurstöðum mælinga í sannprófun og skal birgir ekki nota þau við að ákvarða gildi í tæknigögnum eða við túlkun þessara gilda með það í huga að fá betri merkingu vegna flokkunar eða til að gefa til kynna betri nýtingu með neinum hætti.

Tafla 6

Vikmörk við sannprófun

Mældir þættir	Vikmörk við sannprófun
Massi bakarofns (M)	Ákvarðaða gildið skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið M en sem nemur 5%.
Rúmmál hólfs í bakarofni (V)	Ákvarðaða gildið skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið V en sem nemur 5%.
$EC_{electric\ cavity}$, $EC_{gas\ cavity}$	Ákvarðaða gildið skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $EC_{electric\ cavity}$, $EC_{gas\ cavity}$ en sem nemur 5%.
W_{BEP}, W_L	Ákvarðaða gildið skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið W_{BEP}, W_L en sem nemur 5%.
Q_{BEP}, P_{BEP}	Ákvarðaða gildið skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið Q_{BEP}, P_{BEP} en sem nemur 5%.
Q_{max}	Ákvarðaða gildið skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið Q_{max} en sem nemur 8%.
E_{middle}	Ákvarðaða gildið skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið E_{middle} en sem nemur 5%.
GFE_{hood}	Ákvarðaða gildið skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið GFE_{hood} en sem nemur 5%.
P_o, P_s	Ákvarðað gildi aflþarfar P_o og P_s skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10%. Ákvarðað gildi aflþarfar P_o og P_s sem er jafnt og eða minna en 1,00 W skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 0,10 W.
Hljóðaflsstig L_{WA}	Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýst gildi.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 66/2014 **2016/EES/05/46**

frá 14. janúar 2014

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun bakarofna, helluborða og gufugleypa til heimilisnota (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum, sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þess er krafist í tilskipun 2009/125/EB að framkvæmdastjórnin setji fram kröfur varðandi visthönnun, að því er varðar orkutengdar vörur sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta, hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum til umbóta með hönnun að því er varðar umhverfisáhrif þeirra, án þess að umbótunum fylgi óhóflegur kostnaður.

2) Í a-lið 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin ætti, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 19. gr. og viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. mgr. 15. gr. og að höfðu samráði á samráðsvettvanginum, að innleiða, eftir því sem við á, framkvæmdarráðstafanir sem gefa mikla möguleika á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á kostnaðarhagkvæman hátt, svo sem frá heimilistækjum, þ.m.t. bakaraofnum, helluborðum og gufugleypum.

3) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsóknir þar sem tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á eldunartækjum til heimilisnota, svo sem bakarofnum, helluborðum og gufugleypum. Rannsóknirnar tóku til hagsmunaaðila og hlutaðeigandi aðila frá Sambandinu og þriðju löndum og hafa niðurstöðurnar verið gerðar aðgengilegar öllum.

4) Megin umhverfisþáttur umræddra vara sem talinn er mikilvægur hvað varðar þessa reglugerð er orkunotkun á notkunartíma.

5) Stór hluti af heildaraflþörf eldunartækja til heimilisnota, svo sem bakarofna, helluborða og gufugleypa, getur verið þegar þau eru í reiðuham og þegar slökkt er á þeim. Hvað varðar slík tæki er aflþörf þeirra í þessum hömum hluti af lágmarkskröfum um orkunýtingu. Kröfur varðandi bakarofna og helluborð til heimilisnota í reiðuham eða þegar slökkt er á þeim eru settar fram á grundvelli krafna varðandi visthönnun í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 frá 17. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota með tilliti til aflþarfar þeirra í reiðuham, þegar slökkt er á þeim eða í nettengdum reiðuham([2]).

6) Árleg orkunotkun bakarofna, helluborða og gufugleypa til heimilisnota var áætluð 755 PJ (frumorkunotkun) innan ESB árið 2010. Ef ekki verður gripið til sértækra ráðstafana er gert ráð fyrir að árlega orkunotkunin verði 779 PJ árið 2020. Undirbúningsrannsóknir sýna að draga má umtalsvert úr orkunotkun þessara vara.

7) Gert er ráð fyrir að til samans leiði kröfur varðandi visthönnun sem settar eru fram í þessari reglugerð og kröfur um orkumerkingar í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 65/2014([3]) til árlegs frumorkusparnaðar sem nemur 27 PJ/ári fyrir árið 2020 sem eykst svo í 60 PJ/á ári eigi síðar en 2030.

8) Undirbúningsrannsóknir sýna að kröfur varðandi aðra mæliþætti visthönnunar sem um getur í lið 1.3 í 1. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB eru ekki nauðsynlegar þar sem raforku- og gasnotkun eldunartækja til heimilisnota svo sem bakarofna, helluborða og gufugleypa á notkunartíma er langmikilvægasti umhverfisþátturinn.

9) Vörur sem falla undir þessa reglugerð ætti að gera orkunýtnari með því að beita fyrirliggjandi, kostnaðarhagkvæmri tækni sem er ekki háð einkaleyfi og getur lækkað samanlagðan kostnað við að kaupa og nota þessar vörur.

10) Kröfur varðandi visthönnun ættu ekki að hafa áhrif á virkni frá sjónarhóli endanlegs notanda og ættu ekki að hafa neikvæð áhrif á heilbrigði, öryggi eða umhverfið. Einkum ætti ávinningurinn af því að draga úr orkunotkun á notkunartíma að vera meiri en öll möguleg viðbótarumhverfisáhrif á framleiðslustigi og þegar förgun fer fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 29, 31.1.2014, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 311/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

([2]) Stjtíð. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 45.

([3]) Stjtíð. ESB L 29, 31.1.2014, bls. 1.

11) Kröfur varðandi visthönnun ættu að vera innleiddar smám saman í þremur áföngum til að veita framleiðendum hæfilegan tímaramma til að endurhanna vörur sem falla undir þessa reglugerð. Slíkur tímarammi ætti að miða að því að forðast neikvæð áhrif á virkni búnaðar á markaði og að tekið sé tillit til kostnaðar sem endanlegir notendur og framleiðendur stofna til, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, en jafnframt tryggja að markmið þessarar reglugerðar náist tímanlega.

12) Mæliþætti vöru ætti að mæla og reikna út með því að nota áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka mið af viðurkenndum mæli- og reikniaðferðum sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. samhæfðum stöðlum, þar sem þeir eru fyrir hendi, sem eru samþykktir af evrópskum staðlastofnunum sem skráðar eru í I viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun ([4]).

13) Í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB eru gildandi aðferðir við samræmismat tilgreindar í þessari reglugerð.

14) Til að auðvelda eftirlit með að farið sé að kröfum ættu framleiðendur að veita upplýsingarnar sem tilgreindar eru í tækniskjölunum, sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

15) Til að tryggja sanngjarna samkeppni, og með það í huga að ná fyrirhuguðum orkusparnaði og að veita neytendum nákvæmar upplýsingar um orkunýtingu, ætti í þessari reglugerð að kveða skýrt á um að þau vikmörk sem mælt er fyrir um fyrir landsbundin markaðseftirlitsyfirvöld þegar þau framkvæma raunverulegar prófanir til að ákvarða hvort tiltekin tegund orkutengdrar vöru sé í samræmi við þessa reglugerð ættu ekki að vera notuð af framleiðendum sem svigrúm til að gefa upp að orkunýting tegundarinnar sé betri en þær mælingar og útreikningar sem gefnir eru upp í tæknigögnum vörunnar geta sýnt fram á.

16) Til viðbótar við þær lagalega bindandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti að tilgreina viðmiðanir fyrir vistvænustu tækni á markaði til að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum um þá umhverfisþætti sem skipta mestu máli fyrir vistvænleika vara sem falla undir þessa reglugerð á vistferlinum.

17) Rétt þykir að kveða á um endurskoðun ákvæða þessarar reglugerðar með tilliti til tækniframfara og einkum hvort þeirri aðferð sem fylgt er við ákvörðun á orkunýtni bakaraofna sé skilvirk og viðeigandi.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í reglugerð þessari eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað og taka í notkun bakarofna (þ.m.t. þegar þeir eru hluti af eldavélum), helluborð og gufugleypa til heimilisnota sem einnig eiga við þegar þessir hlutir eru ekki seldir til heimilisnota.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) tæki sem nota aðra orkugjafa en rafmagn eða gas,

b) tæki sem bjóða upp á aðgerðina „örbylgjuhitun“,

c) litla bakarofna,

d) færanlega bakarofna,

e) bakarofna til að halda heitu,

f) bakarofna þar sem meginhitunarvirknin er hitun með gufu,

g) lokaða gasbrennara í helluborðum,

h) eldunartæki til nota utandyra,

i) tæki sem hönnuð eru eingöngu fyrir notkun gass í „þriðja flokki“ (própan og bútan),

j) grill.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar, sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2009/125/EB, er í þessari reglugerð merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „bakarofn“: tæki eða hluti tækis sem hefur eitt eða fleiri hólf, sem notar rafmagn og/eða gas og matvæli eru tilreidd í með hefðbundnum ham eða blástursham,

2) „hólf“: lokað rými þar sem hægt er að stýra hita til að tilreiða matvæli,

3) „bakarofn með fleiri en eitt hólf“: bakarofn með tvö eða fleiri hólf sem hituð eru hvert fyrir sig,

([4]) Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12.

4) „lítill bakarofn“: bakarofn þar sem öll hólf hafa breidd og dýpt sem er minni en 250 mm eða hæð sem er minni en 120 mm,

5) „færanlegur bakarofn“: bakarofn sem er innan við 18 kíló að þyngd, að því tilskildu að hann sé ekki hannaður til að vera innbyggður,

6) „örbylgjuhitun“: hitun matvæla með rafsegulorku,

7) „hefðbundinn hamur“: notkunarhamur bakarofns sem aðeins notast við náttúrulegt varmastreymi til að dreifa hituðu lofti innan hólfs bakarofnsins,

8) „blásturshamur“: hamur þar sem innbyggð vifta dreifir hituðu lofti innan hólfs bakarofnsins,

9) „lota“: hitunartími á stöðluðu magni í hólfi bakarofns við skilgreindar aðstæður,

10) „eldavél“: tæki sem samanstendur af bakarofni og helluborði sem notast við gas eða rafmagn,

11) „notkunarhamur“: staða bakarofns eða helluborðs á meðan á notkun stendur,

12) „varmagjafi“: megin orkuform til hitunar á bakarofni eða helluborði,

13) „rafmagnshelluborð“: tæki eða hluti tækis sem hefur eitt eða fleiri eldunarsvæði og/eða eldunarfleti, þ.m.t. stýribúnað og er hitað með rafmagni,

14) „gashelluborð“: tæki eða hluti tækis sem hefur eitt eða fleiri eldunarsvæði þ.m.t. stýribúnað og er hitað með gasbrennurum með 1,16 kW lágmarksafl,

15) „helluborð“: „rafmagnshelluborð“, „gashelluborð“ eða „blandað helluborð“,

16) „lokaðir gasbrennarar“: lokaðir eða innsiglaðir gasbrennarar undir slitþolnu gleri eða keramiki sem myndar slétt og heildregið yfirborð til að elda á,

17) „blandað helluborð“: tæki með eitt eða fleiri rafhituð eldunarsvæði eða einn eða fleiri eldunarfleti og eitt eða fleiri eldunarsvæði sem hituð eru af gasbrennurum,

18) „eldunarsvæði“: hluti helluborðs sem hefur a.m.k. 100 mm þvermál, þar sem eldunarbúnaði er komið fyrir og er hitað þannig að ekki séu fleiri en einn eldunarbúnaður hitaður í einu, hluti eldunarsvæðisins getur verið sýnilega merktur á yfirborði helluborðs,

19) „eldunarflötur“: hluti flatar rafmagnshelluborðs sem hitaður er með spansegulsviði þar sem eldunarbúnaði er komið fyrir til hitunar án sérstakrar merkingar fyrir eldunarbúnaðinn og þar sem hægt er að nota fleiri en einn eldunarbúnað á sama tíma,

20) „gufugleypir“: tæki sem er knúið af hreyfli sem það stjórnar og er ætlað að safna menguðu lofti yfir helluborði eða sem felur í sér niðursogskerfi sem ætlað er til innsetningar við hlið eldavéla, helluborða og sambærilegra vara til eldunar, sem dregur gufu niður í innri útblástursrás,

21) „sjálfvirkur hamur á meðan á eldun stendur“: ástand þar sem loftstreymi gufugleypis, á meðan á eldun stendur, er stýrt sjálfkrafa með nemum, þ.m.t. að því er varðar raka, hitastig, o.s.frv.,

22) „gufugleypir sem er að fullu sjálfvirkur“: gufugleypir með stillingar fyrir loftstreymi og/eða aðrar aðgerðir sem er stýrt sjálfvirkt með nemum allan sólarhringinn, þ.m.t. á meðan á eldun stendur,

23) „besta orkunýtni“ (BEP): vinnslustig gufugleypis við hámarksorkunýtni vökvastreymis (FDE_{hood}),

24) „meðallýsing“ (E_{middle}): meðallýsing frá lýsingarkerfi gufugleypis á yfirborðið sem eldað er á, mælt í lúx,

25) „slökkt á búnaði“: ástand þar sem búnaðurinn er tengdur rafkerfinu en engin aðgerð er virk, eða gefur einungis til kynna að slökkt sé á búnaði eða gefur einungis til kynna virkni sem ætlað er að tryggja rafsegulsviðssamhæfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB([5]),

26) „reiðuhamur“: ástand þar sem búnaður er tengdur rafkerfinu, er háður raforku frá rafkerfinu til þess að geta starfað eins og til er ætlast og gerir eingöngu kleift að framkvæma endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk og/eða birtingu upplýsinga eða stöðu, sem geta varað ótímabundið,

27) „endurvirkjunaraðgerð“: aðgerð sem gerir kleift að virkja aðra hami, þ.m.t. virkan ham, með fjarstýrðum rofa, þ.m.t. fjarstýringu, innbyggðum nema eða tímamæli, í því skyni að gera viðbótaraðgerðir mögulegar, þ.m.t. meginaðgerð,

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB frá 15. desember 2004 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulsviðssamhæfi og um niðurfellingu tilskipunar 89/336/EBE (Stjtíð. EB L 390, 31.12.2004, bls. 24).

28) „birting upplýsinga eða stöðu“: sívirk aðgerð sem gefur upplýsingar um eða sýnir stöðu búnaðar á skjá, þ.m.t. klukkur,

29) „endanlegur notandi“: neytandi sem er kaupandi eða væntanlegur kaupandi að vöru,

30) „sambærileg tegund“: tegund sem sett er á markað með sömu tæknilegu mæliþætti og önnur tegund sem sami framleiðandi eða innflytjandi setur á markað undir öðru viðskiptakenninúmeri.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun og tímaáætlun

1. Kröfur varðandi visthönnun, þ.m.t. um tímasetningar, fyrir bakarofna, helluborð og gufugleypa eru settar fram í I. viðauka.

2. Samræmi við kröfur varðandi visthönnun skal mælt og reiknað í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í II. viðauka.

4. gr.

Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar samræmismat skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu tækniskjölin innihalda afrit af útreikningunum sem settir eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. Þegar upplýsinganna í tæknigögnum tegundar hefur verið aflað með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á öðrum sambærilegum tækjum, eða hvoru tveggja, skulu gögnin innihalda upplýsingar um slíka útreikninga eða framreikninga, eða hvort tveggja, og prófanir sem framleiðendur hafa gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna sem gerðir hafa verið. Í slíkum tilvikum skulu tæknigögnin einnig innihalda skrá yfir allar sambærilegar tegundir þar sem upplýsinganna í tæknigögnunum hefur verið aflað á sama grundvelli.

4. Ef framleiðandi eða innflytjandi setja sambærilegar tegundir á markað skulu þeir láta skrá yfir allar sambærilegar tegundir fylgja með.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Yfirvöld aðildarríkja skulu beita sannprófunaraðferðinni sem lýst er í III. viðauka við þessa reglugerð við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB til að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Leiðbeinandi viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu tækin sem eru á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar eru settar fram í IV. viðauka.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og kynna niðurstöður endurskoðunarinnar á samráðsvettvanginum um visthönnun eigi síðar en 7 árum eftir gildistöku reglugerðarinnar. Við endurskoðun skal m.a. leggja mat á hagkvæmni: mögulegra krafna til að efla endurnýtingu og endurvinnslu tækjanna, krafna um endingu og endingartíma, þess að fella tæki sem eru notuð af fagmönnum og tæki sem eru notuð í atvinnuskyni undir reglugerðina og krafna um að fjarlægja eitraðar lofttegundir og lykt.

8. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún kemur til framkvæmda einu ári frá gildistökudegi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

1. KRÖFUR UM ORKUNÝTNI, LOFTSTREYMI OG LÝSINGU

1.1. **Fyrir bakarofna til heimilisnota**

Hólf bakarofna (þ.m.t. þegar þeir eru hluti af eldavél) skulu vera í samræmi við hámarksviðmiðunarmörk orkunýtnistuðuls eins og tilgreint er í töflu 1.

Tafla 1

Viðmiðunarmörk orkunýtnistuðuls fyrir hólf bakarofna til heimilisnota (EEI_{cavity})

	Rafmagns- og gasbakarofnar til heimilisnota
Frá 1 ári eftir gildistöku	$EEI_{cavity} < 146$
Frá 2 árum eftir gildistöku	$EEI_{cavity} < 121$
Frá 5 árum eftir gildistöku	$EEI_{cavity} < 96$

Frá 5 árum eftir gildistöku skal a.m.k. eitt hólf í bakarofnum með fleiri en einu hólfi (þ.m.t. þegar þeir eru hluti af eldavél) vera í samræmi við hámarksorkunýtnistuðul, eins og tilgreint er í töflu 1 að eigi við frá 5 árum eftir gildistöku, hin hólfin skulu hinsvegar vera í samræmi við hámarksorkunýtnistuðul, eins og tilgreint er í töflu 1 að eigi við frá 2 árum eftir gildistöku.

1.2. **Fyrir helluborð til heimilisnota**

Helluborð til heimilisnota skulu hafa hámarksviðmiðunarmörk fyrir orkunotkun rafmagnshelluborða ($EC_{electric\ hob}$) og lágmarksviðmiðunarmörk fyrir orkunýtni gashelluborða ($EE_{gas\ hob}$) eins og tilgreint er í töflu 2.

Tafla 2

Viðmiðunarmörk fyrir orkunýtni helluborða til heimilisnota ($EC_{electric\ hob}$ og $EE_{gas\ hob}$)

	Rafmagnshelluborð ($EC_{electric\ hob}$ í Wh/kg)	Gaskynt helluborð ($EE_{gas\ hob}$ í %)
Frá 1 ári eftir gildistöku	$EC_{electric\ hob} < 210$	$EE_{gas\ hob} > 53$
Frá 3 árum eftir gildistöku	$EC_{electric\ hob} < 200$	$EE_{gas\ hob} > 54$
Frá 5 árum eftir gildistöku	$EC_{electric\ hob} < 195$	$EE_{gas\ hob} > 55$

1.3. **Fyrir gufugleypa til heimilisnota**

1.3.1. *Orkunýtnistuðull (EEI_{hood}) og orkunýtni vökvastreymis (FDE_{hood})*

Gufugleypar til heimilisnota skulu hafa hámarksviðmiðunarmörk orkunýtnistuðuls EEI_{hood} og lágmarksviðmiðunarmörk orkunýtni vökvastreymis FDE_{hood} eins og tilgreint er í töflu 3.

Tafla 3

Orkunýtnistuðull (EEI_{hood}) og orkunýtni vökvastreymis (FDE_{hood}) fyrir gufugleypa til heimilisnota

	EEI_{hood}	FDE_{hood}
Frá 1 ári eftir gildistöku	$EEI_{hood} < 120$	$FDE_{hood} > 3$
Frá 3 árum eftir gildistöku	$EEI_{hood} < 110$	$FDE_{hood} > 5$
Frá 5 árum eftir gildistöku	$EEI_{hood} < 100$	$FDE_{hood} > 8$

1.3.2. *Loftstreymi*

Frá1 ári eftir gildistöku, skulu gufugleypar til heimilisnota sem hafa hámarksloftstreymi í einhverri stillingu yfir 650 m^3/klst. sjálfkrafa skipta yfir í loftstreymi sem er lægra en eða jafnt og 650 m^3/klst. á þeim tíma t_{limit} sem skilgreindur er í II. viðauka.

1.3.3. *Lágaflshamur gufugleypa til heimilisnota*

1) Frá 18 mánuðum eftir gildistöku:

— Aflþörf þegar „slökkt er á búnaði“: aflþörf þegar slökkt er á búnaði skal ekki fara yfir 1,00 W.

— Aflþörf í reiðuham:

— Aflþörf í sérhverju ástandi sem býður aðeins upp á endurvirkjunaraðgerð, eða býður aðeins upp á endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk skal ekki fara yfir 1,00 W.

— Aflþörf búnaðar í sérhverju ástandi sem býður aðeins upp á birtingu upplýsinga eða stöðu, eða býður aðeins upp á samsetningu endurvirkjunaraðgerðar og birtingu upplýsinga eða stöðu skal ekki fara yfir 2,00 W.

— Tiltækileiki „reiðuhams“ og hamsins „slökkt á búnaði“: gufugleypar til heimilisnota skulu hafa möguleikana slökkt á búnaði og/eða reiðuham innbyggða og/eða annað ástand þar sem aflþörf fer ekki yfir gildandi kröfur um slíka þörf í reiðuham eða þegar slökkt er á búnaðinum, þegar hann er tengdur rafkerfinu.

2) Frá 3 árum og 6 mánuðum eftir gildistöku:

— Aflþörf þegar „slökkt er á búnaði“: aflþörf þegar slökkt er á búnaði skal ekki fara yfir 0,50 W.

— Aflþörf í „reiðuham“: Aflþörf í sérhverju ástandi sem býður aðeins upp á endurvirkjunaraðgerð, eða býður aðeins upp á endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk skal ekki fara yfir 0,50 W.

Aflþörf búnaðar í sérhverju ástandi sem býður aðeins upp á birtingu upplýsinga eða stöðu, eða býður aðeins upp á samsetningu endurvirkjunaraðgerðar og birtingu upplýsinga eða stöðu skal ekki fara yfir 1,00 W.

— Orkusparnaður: þegar meginaðgerð gufugleypa til heimilisnota er ekki virk eða þegar aðrar vörur sem nota orku eru ekki háðar aðgerðum hans, skal hann, nema það hæfi ekki fyrirhugaðri notkun, bjóða upp á orkusparnaðaraðgerðir, eða sambærilega aðgerð, sem skiptir búnaðinum sjálfkrafa eins fljótt og mögulegt er, með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar, yfir í:

— „reiðuham“, eða

— „ham þegar slökkt er á búnaðinum“, eða

— annað ástand án þess að farið sé yfir gildandi kröfur um aflþörf þegar slökkt er á búnaðinum og/eða hann er í reiðuham og þegar búnaðurinn er tengdur rafkerfinu.

— Orkusparnaðaraðgerð skal gerð virk áður en varan er afhent.

— Hvað varðar gufugleypa sem annað hvort hafa sjálfvirka stillingu á meðan á eldun stendur eða eru að fullu sjálfvirkir skal biðtíminn, þar til varan skiptir sjálfkrafa yfir í ham og ástand eins og um getur í fyrri lið, vera ein mínúta frá því að slökkt var bæði á mótor og lýsingu, annað hvort sjálfkrafa eða handvirkt.

1.3.4. *Lýsing*

Frá 1 ári eftir gildistöku skal meðallýsing lýsingarkerfis á yfirborðið sem eldað er á (E_{middle}), að því er varðar gufugleypa með lýsingu á það yfirborð, vera meiri en 40 lúx þegar mælt er við staðalskilyrði.

2. KRÖFUR UM VÖRUUPPLÝSINGAR

Frá 1 ári eftir gildistöku skulu eftirfarandi vöruupplýsingar veittar í tæknigögnum vörunnar, leiðbeiningabæklingi og á vefsetri með opnum aðgangi sem framleiðandi bakarofna, helluborða og gufugleypa til heimilisnota halda úti, eða viðurkenndur fulltrúi hans eða innflytjandi:

a) stuttur titill eða vísun í aðferðirnar sem notaðar voru við mælingar og útreikninga til að staðfesta samræmi við kröfurnar hér að framan,

b) upplýsingar er varða notendur til þess að draga úr heildarumhverfisáhrifum (t.d. orkunotkun) eldunarferlis.

Frá 1 ári eftir gildistöku skulu tæknigögn og sá hluti vefseturs framleiðanda, viðurkenndra fulltrúa hans eða innflytjenda, með opum aðgangi, sem ætlaður er fagmönnum innihalda upplýsingar um sundurhlutun án eyðileggingar vegna viðhalds og upplýsingar um sundurhlutun, einkum í tengslum við mótorinn, ef við á, og rafhlöður, endurvinnslu, endurnýtingu og förgun þegar varan er úr sér gengin.

2.1. **Fyrir bakarofna til heimilisnota**

Tafla 4

Upplýsingar fyrir bakarofna til heimilisnota

	Tákn	Gildi	Eining
Auðkenning tegundar			
Tegund bakarofns			
Massi tækis	M	X,X	kg
Fjöldi hólfa		X	
Varmagjafi í hverju hólfi (rafmagn eða gas)			
Rúmmál hvers hólfs	V	X	l
Orkunotkun (rafmagn) sem þarf til að hita staðlaða magn í hólfi rafmagnsbakarofns í lotu í hefðbundnum ham, fyrir hvert hólf (endanleg raforka)	$EC_{electric\ cavity}$	X,XX	kWh/lotu
Orkunotkun sem þarf til að hita staðlað magn í hólfi rafmagnsbakarofns í lotu í blástursham, fyrir hvert hólf (endanleg raforka)	$EC_{electric\ cavity}$	X,XX	kWh/lotu
Orkunotkun sem þarf til að hita staðlað magn í gaskyntu hólfi bakarofns í lotu í hefðbundnum ham, fyrir hvert hólf (endanleg gasorka)	$EC_{gas\ cavity}$	X,XX X,XX	MJ/lotu kWh/lotu[1]
Orkunotkun sem þarf til að hita staðlað magn í gaskyntu hólfi bakarofns í lotu í blástursham, fyrir hvert hólf (endanleg gasorka)	$EC_{gas\ cavity}$	X,XX X,XX	MJ/lotu kWh/lotu
Orkunýtnistuðull í hverju hólfi	EEI_{cavity}	X,X	

([1]) 1 kWh/lotu = 3,6 MJ/lotu.

2.2. **Fyrir helluborð til heimilisnota**

2.2.1. *Rafmagnshelluborð til heimilisnota*

Tafla 5a

Upplýsingar fyrir rafmagnshelluborð til heimilisnota

	Tákn	Gildi	Eining
Auðkenni tegundar			
Tegund helluborðs			
Fjöldi eldunarsvæða og/eða -flata		X	

	Tákn	Gildi	Eining
Hitunartækni (spaneldunarsvæði og -fletir, eldunarsvæði með geislahitun, fastar hellur)			
Hvað varðar hringlaga eldunarsvæði og -fleti: þvermál nothæfs yfirborðsflatar á hvert rafhitað eldunarsvæði, námundað að næstu 5 mm	Ø	X,X	cm
Hvað varðar eldunarsvæði eða -fleti sem ekki eru hringlaga: lengd og breidd nothæfs yfirborðsflatar á hvert rafhitað eldunarsvæði eða -flöt, námundað að næstu 5 mm	L W	X,X X,X	cm
Orkunotkun á hvert eldunarsvæði eða -flöt, reiknað út á hvert kíló	$EC_{electric\ cooking}$	X,X	Wh/kg
Orkunotkun fyrir helluborð, reiknað út á hvert kíló	$EC_{electric\ hob}$	X,X	Wh/kg

2.2.2. *Gashelluborð til heimilisnota*

Tafla 5b

Upplýsingar fyrir gaskynt helluborð til heimilisnota

	Tákn	Gildi	Eining
Auðkenni tegundar			
Tegund helluborðs			
Fjöldi gasbrennara		X	
Orkunýtni á hvern gasbrennara	$EE_{gas\ burner}$	X,X	
Orkunýtni fyrir gashelluborðið	$EE_{gas\ hob}$	X,X	

2.2.3. *Blönduð rafmagns- og gashelluborð til heimilisnota*

Tafla 5c

Upplýsingar fyrir blönduð helluborð til heimilisnota

	Tákn	Gildi	Eining
Auðkenni tegundar			
Tegund helluborðs			
Fjöldi eldunarsvæða og/eða -flata sem nota rafmagn		X	
Hitunartækni (spaneldunarsvæði og -fletir, eldunarsvæði með geislahitun, fastar hellur) á hvert eldunarsvæði og/eða -flöt sem notar rafmagn			
Hvað varðar hringlaga rafmagnseldunarsvæði: þvermál nothæfs yfirborðsflatar á hvert rafhitað eldunarsvæði, námundað að næstu 5 mm	Ø	X,X	cm

	Tákn	Gildi	Eining
Hvað varðar rafmagnseldunarsvæði eða -fleti sem ekki eru hringlaga: lengd og breidd nothæfs yfirborðsflatar á hvert rafhitað eldunarsvæði eða -flöt, námundað að næstu 5 mm	L W	X,X X,X	cm
Orkunotkun á hvert eldunarsvæði og -flöt sem notar rafmagn, reiknað út á hvert kíló	$EC_{electric\ cooking}$	X	Wh/kg
Fjöldi gaskyntra brennara		X	
Orkunýtni á hvern gasbrennara	$EE_{gas\ burner}$	X,X	

2.3. **Fyrir gufugleypa til heimilisnota**

Tafla 6

Upplýsingar fyrir gufugleypa til heimilisnota

	Tákn	Gildi	Eining
Auðkenni tegundar			
Árleg orkunotkun	AEC_{hood}	X,X	kWh/a
Tímaaukningarstuðull	f	X,X	
Orkunýtni vökvastreymis	FDE_{hood}	X,X	
Orkunýtnistuðull	EEI_{hood}	X,X	
Mælt loftstreymi við bestu orkunýtni	Q_{BEP}	X,X	m^3/h
Mældur loftþrýstingur við bestu orkunýtni	P_{BEP}	X	Pa
Hámarksloftstreymi	Q_{max}	X,X	m^3/h
Mælt rafinnafl við bestu orkunýtni	W_{BEP}	X,X	W
Nafnafl lýsingarkerfis	W_L	X,X	W
Meðallýsing lýsingarkerfis á yfirborðið sem eldað er á	E_{middle}	X	lúx
Mæld aflþörf í reiðuham	P_s	X,XX	W
Mæld aflþörf þegar slökkt er á búnaði	P_o	X,XX	W
Hljóðaflsstig	L_{WA}	X	dB

II. VIÐAUKI

Mælingar og útreikningar

Til þess að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og sannprófa að þær hafi verið uppfylltar skulu mælingar og útreikningar gerð með áreiðanlegri, nákvæmri og samanburðarnákvæmri aðferð sem tekur tillit til almennt viðurkenndra mæli- og útreikningsaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. samhæfðum, stöðlum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Þær skulu uppfylla tæknilegar skilgreiningar, skilyrði, jöfnur og mæliþætti, sem sett eru fram í þessum viðauka.

1. BAKAROFNAR TIL HEIMILISNOTA

Orkunotkun hólfs í bakarofni til heimilisnota skal mæld í einni staðlaðri lotu, í hefðbundnum ham og blástursham, sé hann til staðar, með því að hita staðlað magn sem búið er að bleyta í vatni. Sannreyna skal að hitinn innan í hólfi bakarofnsins nái hitastigsstillingu hitastillis og/eða stýriskjá bakarofnsins á meðan á prófunarlotunni stendur. Orkunotkun á lotu sem samsvarar orkunýtnasta ham (hefðbundnum ham eða blástursham) skal notuð við eftirfarandi útreikninga.

Fyrir hvert hólf bakarofns skal reikna út orkunýtnistuðul (EEI_{cavity}) samkvæmt eftirfarandi formúlum:

fyrir rafmagnsbakarofna til heimilisnota:

$$EEI_{cavity} = \frac{EC_{electric\ cavity}}{SEC_{electric\ cavity}} \times 100$$

$$SEC_{electric\ cavity} = 0{,}0042 \times V + 0{,}55 \text{ (í kWh)}$$

fyrir gasbakarofna til heimilisnota:

$$EEI_{cavity} = \frac{EC_{gas\ cavity}}{SEC_{gas\ cavity}} \times 100$$

$$SEC_{gas\ cavity} = 0{,}044 \times V\ 3{,}53 \text{ (í MJ)}$$

þar sem:

— EEI_{cavity} = Orkunýtnistuðull fyrir hvert hólf í bakarofni til heimilisnota, námundað með einum aukastaf,

— $SEC_{electric\ cavity}$ = Stöðluð orkunotkun (rafmagn) sem þarf til að hita staðlað magn í hólfi rafmagnsbakarofna til heimilisnota, á meðan á lotu stendur, gefið upp í kWh, námundað með tveimur aukastöfum,

— $SEC_{gas\ cavity}$ = Stöðluð orkunotkun sem þarf til að hita staðlað magn í hólfi gasbakarofna til heimilisnota, á meðan á lotu stendur, gefið upp í MJ, námundað með tveimur aukastöfum,

— V = rúmmál hólfs bakarofns í lítrum (L), námundað að næstu heilu tölu,

— $EC_{electric\ cavity}$ = Orkunotkun sem þarf til að hita staðlað magn í hólfi rafmagnsbakarofna til heimilisnota, á meðan á lotu stendur, gefið upp í kWh, námundað með tveimur aukastöfum,

— $EC_{gas\ cavity}$ = Orkunotkun sem þarf til að hita staðlað magn í hólfi gasbakarofna til heimilisnota, á meðan á lotu stendur, gefið upp í MJ, námundað með tveimur aukastöfum.

2. HELLUBORÐ TIL HEIMILISNOTA

2.1. **Rafmagnshelluborð til heimilisnota**

Orkunotkun rafmagnshelluborðs til heimilisnota ($EC_{electric\ hob}$) er mæld í Wh á kg af vatni sem hitað er við staðlaða mælingu (Wh/kg) með tilliti til allra hluta eldunarbúnaðar við stöðluð prófunarskilyrði og námundað með einum aukastaf.

2.2. **Gashelluborð til heimilisnota**

Orkunýtni gasbrennara í helluborðum til heimilisnota er reiknuð út með eftirfarandi hætti:

$$EE_{gas\ burner} = \frac{E_{theoretic}}{E_{gas\ burner}} \times 100$$

þar sem:

— $EE_{gas\ burner}$ = orkunýtni gasbrennara í % og námundað með einum aukastaf,

— $E_{gas\ burner}$ = orkuinnihald þess gass sem nýtt er við hitun sem mælt er fyrir um, gefið upp í MJ og námundað með einum aukastaf,

— $E_{theoretic}$ = fræðileg lágmarksorka sem þarf til samsvarandi hitunar sem mælt er fyrir um, gefið upp í MJ og námundað með einum aukastaf.

Orkunýtni gashelluborðs ($EE_{gas\ hob}$) er reiknuð út sem meðaltal orkunýtni mismundandi gasbrennara ($EE_{gas\ burner}$) helluborðsins.

2.3. **Blönduð rafmagns-/gashelluborð til heimilisnota**

Farið er með blönduð rafmagns-/gashelluborð til heimilisnota sem tvö aðskilin tæki. Um eldunarsvæði og eldunarfleti blandaðra helluborða til heimilisnota sem nota rafmagn gilda þau ákvæði sem áður voru sett fram í lið 2.1 og um eldunarsvæði sem hituð eru með gasbrennurum gilda þau ákvæði sem áður voru sett fram í lið 2.2.

3. GUFUGLEYPAR TIL HEIMILISNOTA

3.1. **Útreikningur orkunýtnistuðuls (EEI_{hood})**

Orkunýtnistuðull (EEI_{hood}) er reiknaður út sem:

$$EEI_{hood} = \frac{AEC_{hood}}{SAEC_{hood}} \times 100$$

og námundað með einum aukastaf.

þar sem:

— $SAEC_{hood}$ = Stöðluð, árleg orkunotkun gufugleypa til heimilisnota, gefin upp í kWh/ári og námunduð með einum aukastaf,

— AEC_{hood} = Árleg orkunotkun gufugleypa til heimilisnota, gefin upp í kWh/ári og námunduð með einum aukastaf.

Stöðluð, árleg orkunotkun ($SAEC_{hood}$) gufugleypis til heimilisnota skal reiknuð út sem:

$$SAEC_{hood} = 0{,}55 \times (W_{BEP} + W_L) + 15{,}3$$

þar sem:

— W_{BEP} er rafinnafl gufugleypis til heimilisnota við bestu orkunýtni, gefið upp í vöttum og námundað með einum aukastaf,

— W_L er nafnrafinnafl fyrir lýsingarkerfi gufugleypa til heimilisnota á yfirborðinu sem eldað er á, gefið upp í vöttum og námundað með einum aukastaf.

Árleg orkunotkun (AEC_{hood}) gufugleypa til heimilisnota skal reiknuð út sem:

i. fyrir gufugleypa til heimilisnota sem eru alveg sjálfvirkir:

$$AEC_{hood} = \left[\frac{(W_{BEP} \times t_H \times f) + (W_L \times t_L)}{60 \times 1000} + \frac{P_0 \times (1440 - t_H \times f)}{2 \times 60 = 1000} + \frac{P_S \times (1440 - t_H \times f)}{2 \times 60 = 1000} \right] \times 365$$

ii. fyrir alla aðra gufugleypa til heimilisnota:

$$AEC_{hood} = \frac{W_{BEP} \times [(t_H \times f) \times W_L \times t_L]}{60 \times 1000} \times 365$$

þar sem:

— t_L er meðallýsingartími á dag, í mínútum ($t_L = 120$),

— t_H er meðalgangtími gufugleypa til heimilisnota á dag, í mínútum ($t_H = 60$),

— P_o er rafinnafl þegar slökkt er á gufugleypi til heimilisnota, gefið upp í vöttum og námundað með tveimur aukastöfum,

— P_s er rafinnafl í reiðuham fyrir gufugleypi til heimilisnota, gefið upp í vöttum og námundað með tveimur aukastöfum,

— f er tímaaukningarstuðullinn, reiknaður út og námundaður að einum aukastaf, sem:

$$f = 2 - (FDE_{hood} \times 3{,}6)/100$$

3.2. **Útreikningur á orkunýtni vökvastreymis (FDE_{hood})**

Orkunýtni vökvastreymis FDE_{hood} við bestu nýtni er reiknuð út samkvæmt eftirfarandi formúlu og er námunduð með einum aukastaf:

$$FDE_{hood} = \frac{Q_{BEP} \times P_{BEP}}{3600 \times W_{BEP}} \times 100$$

þar sem:

— Q_{BEP} er streymi gufugleypis til heimilisnota við bestu orkunýtni, gefið upp í m^3/klst. og námundað með einum aukastaf,

— P_{BEP} er kyrruþrýstingsmunur gufugleypis til heimilisnota við bestu orkunýtni, gefinn upp í Pa og námundaður að næstu heilu tölu,

— W_{BEP} er rafinnafl gufugleypa til heimilisnota við bestu orkunýtni, gefið upp í vöttum og námundað með einum aukastaf.

3.3. **Útreikningur á takmörkun útblásturslofts**

3.3.1. Gufugleypar til heimilisnota sem hafa hámarksloftstreymi í einhverri stillingu yfir 650 m^3/klst. skulu sjálfkrafa skipta yfir í loftstreymi sem er lægra en eða jafnt og 650 m^3/klst. á tímanum (t_{limit}) Þetta eru tímamörkin fyrir gufugleypi til heimilisnota með loftstreymi sem er meira en 650 m^3/klst. til að soga upp rúmmál lofts sem nemur 100 m^3, áður en skipt er sjálfkrafa yfir í loftstreymi sem er jafnt og eða minna en 650 m^3/klst. Það er reiknað, gefið upp í mínútum og námundað að næstu heilu tölu á eftirfarandi hátt:

$$t_{limit} = \frac{6000\ m^3}{Q_{max}}\ (^1)$$

þar sem:

— Q_{max} er hámarksloftstreymi gufugleypis til heimilisnota, þ.m.t. í ham með aukinni virkni ef hann er til staðar, gefið upp í m^3/klst. og námundað með einum aukastaf.

Það telst ekki nóg til að uppfylla þessa kröfu að hafa handvirkan rofa eða stillingu til að minnka loftstreymi tækisins í gildi sem er minna en eða jafnt og 650 m^3/klst.

3.3.2. Fyrir gufugleypa til heimilisnota sem hafa sjálfvirkan ham á meðan á eldun stendur:

— skal eingöngu vera mögulegt að virkja sjálfvirkan ham með handvirkri aðgerð notandans, annað hvort á gufugleypinum eða annars staðar,

— sjálfvirkur hamur skal skipta yfir í handvirkan stjórnbúnað eigi síðar en 10 mínútum frá þeim tíma sem sjálfvirkur hamur slekkur á mótor.

3.4. **Lýsing lýsingarkerfis (E_{middle})**

Meðallýsing lýsingarkerfis á yfirborðið sem eldað er á (E_{middle}) er mæld við staðalskilyrði, gefin upp í lúx og námunduð að næstu heilu tölu.

3.5. **Hávaði**

Hávaðagildi (í dB) er mælt sem hljóðeðlisfræðileg A-vegin hljóðaflslosun sem berst í lofti (vegið meðalgildi — L_{WA}) frá gufugleypi til heimilisnota á hæstu stillingu fyrir hefðbundna notkun, hamur með aukinni virkni undanskilinn, námundað að næstu heilu tölu.

---

(1) Sjá $V = \int_0^t \frac{Q_{max}}{60} \times dt$ sem hægt er að einfalda í $t_{limit} = \frac{V_{max}}{Q_{max}} \times 60$

þar sem:
— V_{max} er hámarksrúmmál lofs sem er sogað út, stillt á 100 m^3,
— Q_{max} er hámarksloftstreymi gufugleypis, þ.m.t. í ham með aukinni virkni, sé hann til staðar,
— t er tíminn gefinn upp í mínútum og námundaður að næstu heilu tölu,
— dt er heildartíminn þar til rúmmáli lofts sem nemur 100 m^3 er náð,
— t_{limit} er sá tími sem þarf til að ná 100 m^3, gefinn upp í mínútum og námundaður að næstu heilu tölu.

III. VIÐAUKI

Málsmeðferð markaðseftirlitsyfirvalda við samræmisathugun vöru

Í þeim tilgangi að meta samræmi vara við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og um getur í 2. mgr. 3. gr. í tilskipun 2009/12/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi málsmeðferð:

1. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu af hverri tegund.

2. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur:

   a) ef gildin sem koma fram í vöruupplýsingunum eins og krafist er í þessari reglugerð eru ekki hagstæðari fyrir framleiðandann en gildin í tæknigögnunum, þ.m.t. prófunarskýrslum, og

   b) ef prófun á viðeigandi mæliþáttum tegundarinnar, þar sem vikmörkunum sem skráð eru í töflu 7 er beitt, sýnir fram á að allir þessir mæliþættir uppfylli kröfur.

3. Ef niðurstöðurnar sem um getur í a-lið 2. liðar fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

4. Ef niðurstöðurnar sem um getur í b-lið 2. liðar fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti má velja þessar þrjár viðbótareiningar af einni tegund eða fleiri sem hafa verið skráðar sem sambærileg vara í tæknigögnum birgis.

5. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef prófun á viðeigandi mæliþáttum í töflu 7, sem skipta máli fyrir tegundina, sýnir fram á að kröfur eru uppfylltar hvað alla þessa mæliþætti varðar.

6. Ef niðurstaðan sem um getur í 5. lið fæst ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu gefa yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni upp niðurstöður úr prófunum og aðrar viðeigandi upplýsingar innan eins mánaðar frá því að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæðin liggur fyrir.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu nota mæli- og útreikningsaðferðirnar sem settar eru fram í II. viðauka.

Vikmörkum sem sett eru fram í þessum viðauka skal aðeins beitt við sannprófun yfirvalda aðilarríkis á mældum þáttum sem standa fyrir leyfð frávik frá niðurstöðum mælinga í sannprófun og skal framleiðandi ekki nota þau við að ákvarða gildi í tæknigögnum eða við túlkun þessara gilda með það í huga að fá betri merkingu vegna flokkunar eða til að gefa til kynna betri nýtingu með neinum hætti.

Tafla 7

Vikmörk við sannprófun

Mældir þættir	Vikmörk við sannprófun
Massi bakarofna til heimilisnota (M)	Ákvarðaða gildið skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið M en sem nemur 5%.
Rúmmál hólfs í bakarofni (V)	Ákvarðaða gildið skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið V en sem nemur 5%.
$EC_{electric\ cavity}$, $EC_{gas\ cavity}$	Ákvarðaða gildið skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $EC_{electric\ cavity}$, $EC_{gas\ cavity}$ en sem nemur 5%.
$EC_{electric\ hob}$	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið $EC_{electric\ hob}$ en sem nemur 5%.
$EE_{gas\ hob}$	Mæligildið skal ekki vera lægra en málgildið $EE_{gas\ hob}$ en sem nemur 5%.
W_{BEP}, W_L	Mæligildið skal ekki vera meira en málgildið W_{BEP}, W_L en sem nemur 5%.

Mældir þættir	Vikmörk við sannprófun
Q_{BEP}, P_{BEP}	Ákvarðaða gildið skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið Q_{BEP}, P_{BEP} en sem nemur 5%.
Q_{max}	Ákvarðaða gildið skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið Q_{max} en sem nemur 8%.
E_{middle}	Ákvarðaða gildið skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið E_{middle} en sem nemur 5%.
Hljóðaflsstig L_{WA}	Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýst gildi.
P_o, P_s	Mæligildi aflþarfar *Po* og *Ps* skal ekki vera hærra en málgildið en sem nemur 10%. Mæligildi aflþarfar *Po* og *Ps* sem er jafnt og eða lægra en 1,00 W skal ekki vera hærra en málgildið en sem nemur 0,10 W.

IV. VIÐAUKI

Leiðbeinandi viðmiðanir

Við gildistöku þessarar reglugerðar voru vistvænustu bakarofnar, helluborð og gufugleypar á markaðinum hvað varðar orkunýtingu skilgreind sem hér segir:

Bakarofnar til heimilisnota	Rafmagns	$EEI_{cavity} = 70,7$
	Gas	$EEI_{cavity} = 75,4$
Helluborð til heimilisnota	Rafmagns	$EC_{electric\ cooking} = 169,3$
	Gas	$EE_{gas\ burner} = 63,5\%$
Gufugleypar til heimilisnota	Loftstreymi	$FDE_{hood} = 22$
	Hávaði	51 dB við 550 m^3/h; 57 dB við 750 m^3/h

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/05/47**

frá 1. mars 2013

um viðmiðunarreglur fyrir aðildarríki vegna útreiknings á endurnýjanlegri orku frá varmadælum með mismunandi varmadælutækni skv. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB

(tilkynnt með númeri C(2013) 1082)

(2013/114/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB([1]), einkum 4. mgr. 5. gr. í tengslum við VII. viðauka,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2009/28/EB er sett fram markmið ESB um að hlutfall endurnýjanlegrar orku í heildarorkunotkun nái 20% eigi síðar en 2020 og þar kom fram markmið fyrir hvert aðildarríki varðandi endurnýjanlega orku, og leiðbeinandi áfangamarkmið.

2) Nauðsynlegt er að setja fram viðeigandi aðferðafræði fyrir hagskýrslugerð vegna orkumála til að mæla notkun endurnýjanlegrar orku.

3) Í VII. viðauka við tilskipun 2009/28/EB eru settar fram reglur um útreikning á orku frá varmadælum og þar er þess krafist að framkvæmdastjórnin setji fram viðmiðunarreglur um það hvernig aðildarríki meta nauðsynlegar breytur, þar sem tillit er tekið til ólíkra loftslagsskilyrða, einkum mjög kalds loftslags.

4) Aðferðin við útreikning á endurnýjanlegri orku frá varmadælum skal byggjast á bestu fyrirliggjandi vísindaaðferðum og vera eins nákvæm og mögulegt er án þess að vera of flókin eða framkvæmd hennar of kostnaðarsöm.

5) Einungis andrúmsloft, þ.e. utanhúss, getur verið orkugjafi varmadælu sem nýtir loft. Ef orkugjafinn er hins vegar sambland úrgangsorku og umhverfisorku (t.d. útblástursloft frá tækjum fyrir hringrás lofts) skal aðferð til útreiknings á endurnýjanlegri orku sem afhent er endurspegla það.

6) Tvívirkar varmadælur í heitara loftslagi eru oft settar upp til kælingar innanhúss þótt einnig megi nota þær til hitunar á vetrum. Einnig er hægt að setja slíkar varmadælur upp samhliða því hitakerfi sem fyrir er. Við slíkar aðstæður endurspeglar uppsett afkastageta eftirspurn eftir kælingu fremur en fenginn hita. Þar sem uppsett afkastageta er notuð sem mælikvarði á eftirspurn eftir hita í þessum viðmiðunarreglum má líta svo á að tölfræðilegar upplýsingar um uppsetta afkastagetu ofmeti magn fengins hita. Þetta þarf að aðlaga með viðeigandi hætti.

7) Með þessum viðmiðunarreglum er aðildarríkjum gert kleift að gera grein fyrir og reikna út þá endurnýjanlegu orku sem fæst með varmadælutækni. Einkum kemur fram í þeim hvernig aðildarríki skulu meta tvær breytur Q_{usable}, áætlaðan nýtilegan heildarvarma frá varmadælum, og SPF-stuðul, árstíðabundinn afkastastuðul, þar sem tekið er tillit til ólíkra loftslagsskilyrða, einkum mjög kalds loftslags.

8) Rétt er að heimila aðildarríkjum að gera eigin útreikninga og kannanir til að bæta áreiðanleika landshagskýrslna umfram það sem telst mögulegt með þeirri aðferðafræði sem fram kemur í þessari ákvörðun.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðmiðunarreglur um mat á framleiðslu endurnýjanlegrar orku með mismunandi varmadælutækni, eins og krafist er í VII. viðauka við tilskipun 2009/28/EB, eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Framkvæmdastjórnin getur endurskoðað og bætt við viðmiðunarreglurnar fram til 31. desember 2016 ef nauðsynlegt reynist í ljósi framfara á sviði hagskýrslna, tækni og vísinda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 62, 6.3.2013, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 314/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günther OETTINGER

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Viðmiðunarreglur fyrir aðildarríki vegna útreiknings á endurnýjanlegri orku frá varmadælum með mismunandi varmadælutækni skv. 5. gr. tilskipunar 2009/28/EB

1. INNGANGUR

Í VII. viðauka við tilskipun 2009/28 um endurnýjanlega orku (hér á eftir nefnd „tilskipunin“) er sett fram grunnaðferð við útreikning á endurnýjanlegri orku frá varmadælum. Í VII. viðauka eru settar fram þrjár breytur sem eru nauðsynlegar við útreikning á endurnýjanlegri orku frá varmadælum sem telja skal með í tengslum við markmið um endurnýjanlega orku.

a) Skilvirkni orkukerfisins (η eða eta).

b) Áætlaður nýtilegur varmi frá varmadælum (Q_{usable}).

c) „Árstíðabundinn afkastastuðull“ (SPF).

Vinnuhópur um hagtölur yfir endurnýjanlega orku samþykkti([2]) aðferðafræði við að ákvarða skilvirkni orkukerfisins (η). Þau gögn, sem nauðsynleg eru vegna útreiknings á skilvirkni orkukerfisins, falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 frá 22. október 2008([3]) um hagskýrslur um orkumál. Skilvirkni orkukerfisins (η) er fastsett við 0,455 (eða 45,5%), byggt á nýjustu gögnum frá 2010([4]), sem er það gildi sem nota á fram til 2020.

Þessar viðmiðunarreglur eru því settar fram um það hvernig aðildarríki skulu meta breyturnar tvær, Q_{usable}, áætlaðan nýtilegan heildarvarma frá varmadælum, og SPF-stuðul, árstíðabundinn afkastastuðul, þar sem tekið er tillit til ólíkra loftslagsskilyrða, einkum mjög kalds loftslags. Með þessum viðmiðunarreglum er aðildarríkjum gert kleift að reikna út það magn endurnýjanlegrar orku sem fæst með varmadælutækni.

2. SKILGREININGAR

Í ákvörðun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„Q_{usable}“: áætlaður nýtilegur heildarvarmi frá varmadælum, reiknað sem margfeldi málafkasta vegna hitunar (P_{rated}) og árlegs jafngildis varmadælustunda (H_{HP}), gefið upp sem GWh,

„árlegt jafngildi varmadælustunda“ (H_{HP}): ætlaður árlegur fjöldi stunda sem varmadælan hefur til að framleiða varma á málafköstum til að búa til nýtanlegan heildarvarma með varmadælum, gefið upp sem h,

„málafköst“ (P_{rated}): kæli- eða hitunarafköst gufuþjöppunarhringrásar eða sogshringrásar einingarinnar við stöðluð málgildisskilyrði,

„SPF“: áætlað meðaltal árstíðabundins afkastastuðuls sem vísar til „hreins árstíðabundins nýtnistuðuls fyrir virkan ham“ ($SCOP_{net}$) fyrir rafdrifnar varmadælur eða „hreins árstíðabundins frumorkuhlutfalls fyrir virkan ham“ ($SPER_{net}$) fyrir hitadrifnar varmadælur.

3. ÁÆTLAÐ SPF OG Q_{USABLE}

3.1. **Meginreglur aðferðafræðinnar**

Aðferðafræðin fylgir þremur meginreglum:

a) aðferðafræðin byggir á traustri tækni,

b) nálgunin verður að vera raunsæ þar sem gætt er jafnvægis milli nákvæmni og kostnaðarhagkvæmni,

c) fastsetja skal staðalgildi til útreiknings á framlagi endurnýjanlegrar orku frá varmadælum með varfærnum hætti til að draga úr hættu á því að ofmeta framlag endurnýjanlegrar orku frá varmadælum.

([2]) Sjá lið 4.5 í fundargerðinni frá 23. október 2009, sem nálgast má hér: https://circabc.europa.eu/w/browse/be80a323-0f89-4ab7-b8f7-888e3ff351ed

([3]) Stjtíð. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 1.

([4]) Gildið fyrir η á árinu 2010 er 45,5% (var 44,0% árið 2007, 44,7% árið 2008 og 45,1% árið 2009), sem leiðir til SPF-gildis 2,5 á árinu 2010. Þetta er varfærið mat þar sem áætlað er að skilvirkni orkukerfisins aukist fram til 2020. Þar sem grundvöllur mats á skilvirkni orkukerfisins (η) breytist í kjölfar uppfærslna á undirliggjandi hagtölum er fyrirsjáanlegra að fastsetja gildi η til þess að komast hjá ruglingi varðandi lágmarkskröfur fyrir SPF (skapa réttarvissu) og einnig til þess að greiða fyrir þróun aðferðafræðinnar í aðildarríkjum (sjá lið 3.10). Ef nauðsyn krefur má endurskoða η í samræmi við 2. gr. (endurskoðun viðmiðunarreglna ef nauðsyn krefur eigi síðar en 31. desember 2016).

Aðildarríki eru hvött til að bæta varfærin staðalgildi með því að laga þau að aðstæðum í hverju landi/svæði, þ.m.t. þróun nákvæmari aðferðafræði. Gefa skal framkvæmdastjórninni skýrslu um slíkar umbætur og birta þær opinberlega.

3.2. **Yfirlit yfir aðferðafræðina**

Reikna skal út það magn endurnýjanlegrar orku, sem fæst með varmadælutækni, með eftirfarandi formúlu í samræmi við VII. viðauka tilskipunarinnar:

$E_{RES} = Q_{usable} * (1 – (1/SPF))$

$Q_{usable} = H_{HP} * P_{rated}$:

Þar sem:

— Q_{usable} = áætluð heildarnýting varma sem fæst með varmadælum [GWh],

— H_{HP} = jafngildi rekstrarstunda með fullu álagi [h],

— P_{rated} = afkastageta uppsettra varmadælna, með hliðsjón af endingartíma ólíkra tegunda varmadælna [GW],

— SPF = áætlað meðaltal árstíðabundins afkastastuðuls ($SCOP_{net}$ eða $SPER_{net}$).

Staðalgildi fyrir H_{HP} og varfærin staðalgildi fyrir SPF eru sett fram í töflu 1 og 2 í lið 3.6.

3.3. **Lágmarksafköst varmadælna sem koma til álita sem endurnýjanleg orka samkvæmt tilskipuninni**

Í samræmi við VII. viðauka við tilskipunina skulu aðildarríki sjá til þess að einungis sé tekið tillit til varmadælna með SPF-gildi yfir 1,15 * 1/η.

Þegar skilvirkni orkukerfis (η) er fastsett við 45,5% (sjá 1. lið og 3. nmgr.) felur það í sér að lágmarksgildi SPF með rafdrifnum varmadælum ($SCOP_{net}$), sem litið er á sem endurnýjanlega orku samkvæmt tilskipuninni, er 2,5.

Skilvirkni orkukerfisins (η) er jafnt og 1 fyrir varmadælur sem ganga fyrir varmaorku (annaðhvort beint eða með bruna eldsneytis). Lágmarksgildi SPF fyrir slíkar varmadælur ($SPER_{net}$) er 1,15 til þess að líta megi á það sem endurnýjanlega orku samkvæmt tilskipuninni.

Aðildarríki skulu, einkum að því er varðar loftvarmadælur, skoða hversu stór hluti uppsettrar afkastagetu varmadælna hefur SPF-gildi yfir lágmarksafkastagetu. Í því mati geta aðildarríkin stuðst við bæði prófunargögn og mælingar þótt skortur á gögnum geti í mörgum tilvikum leitt til þess að matið takmarkast við sérfræðiálit hvers aðildarríkis. Slíkt sérfræðiálit skal vera varfærið en með því er átt við að í matinu er framlag varmadælna([5]) fremur vanáætlað en ofáætlað. Þegar um er að ræða vatnshitara, sem nýta loft, hafa slíkar varmadælur SPF-gildi yfir lágmarksmörkum venjulega einungis í undantekningartilvikum.


3.4. **Kerfismörk vegna mælinga á orku frá varmadælum**

Kerfismörk vegna mælinga taka til kælihringrásar, kælidælu og, að því er varðar frásog/ísog, einnig sogshringrásar og leysiefnadælu. Ákvarða skal SPF-gildi samkvæmt árstíðabundnum nýtnistuðli ($SCOP_{net}$) samkvæmt EN 14825:2012 eða árstíðabundnu frumorkuhlutfalli ($SPER_{net}$) samkvæmt EN 12309. Þetta felur það í sér að taka verður tillit til notkunar á raforku eða eldsneyti til reksturs varmadælunnar og kælihringrásar. Samsvarandi kerfismörk eru sýnd á mynd 1 hér á eftir sem $SPFH_2$, auðkennt með rauðu.

([5]) Gæta verður sérstaklega að tvívirkum loftvarmadælum þar sem fyrir liggja nokkrar leiðir til ofmats, einkum þessar: a) ekki eru allar tvívirkar varmadælur notaðar til hitunar eða aðeins að takmörkuðu leyti og b) eldri (og síður skilvirkar) einingar gætu haft skilvirknistuðul (SPF) undir lágmarksmörkunum sem eru 2,5.

Mynd 1

Kerfismörk vegna mælinga á SPF og Q_{usable}



Heimild: SEPEMO build.

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í mynd 1:

$E_{S\_fan/pump}$ Orka sem er notuð til að knýja viftu og/eða dælu sem annast hringrás kælimiðilsins

E_{HW_hp} Orka sem er notuð til að knýja varmadæluna sjálfa

E_{bt_pump} Orka sem er notuð til að knýja dæluna sem annast hringrás miðils sem sogar í sig umhverfisorku (á ekki við um allar varmadælur)

E_{HW_bu} Orka sem er notuð til að knýja viðbótarvarmabúnað (á ekki við um allar varmadælur)

$E_{B\_fan/pump}$ Orka sem er notuð til að knýja viftu og/eða dælu sem annast hringrás miðils sem gefur endanlegan nýtilegan varma

Q_{H_hp} Varmi sem fæst frá varmagjafa um varmadæluna

Q_{W_hp} Varmi sem fæst með vélrænni orku sem er notuð til að knýja varmadæluna

Q_{HW_hp} Varmi sem fæst með viðbótarvarmabúnaði (á ekki við um allar varmadælur)

E_{RES} Endurnýjanlegur loftvarmi, jarðvarmi eða vatnsvarmi (varmagjafi) sem varmadælan gerir nýtilegan

E_{RES} $E_{RES} = Q_{usable} - E_{S\_fan/pump} - E_{HW\_hp} = Q_{usable} * (1 - (1/SPF))$

Q_{usable} $Q_{usable} = Q_{H\_hp} + Q_{W\_hp}$

Af þeim kerfismörkum, sem að framan greinir, leiðir að útreikningur á endurnýjanlegri orku sem fæst með varmadælunni reiðir sig einungis á varmadæluna en ekki varmakerfið sem varmadælan er hluti af. Óskilvirk notkun á orku frá varmadælunni varðar því orkunýtni og ætti þar af leiðandi ekki að hafa áhrif á útreikning á þeirri endurnýjanlegu orku sem varmadælan gefur.


3.5. **Loftslagsskilyrði**

Skilgreiningin á miðlungs, köldu og heitu loftslagi fylgir þeirri aðferð sem lögð er til í drögum að framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um orkumerkingar katla([6]), þar sem „miðlungsloftslag“, „kalt loftslag“ og „heitt loftslag“ vísa til þess hitastigs sem einkennir borgirnar Strassborg, Helsinki og Aþenu, eftir því sem við á. Í mynd 2 hér á eftir er gerð tillaga að loftslagssvæðum.

([6]) Framkvæmdastjórnin hefur ekki enn samþykkt drögin (janúar 2013). Drögin má finna í gagnagrunni Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO): http://members.wto.org/crnattachments/2012/tbt/EEC/12_2119_00_e.pdf

Mynd 2

Loftslagssvæði



Þegar margs konar loftslagsskilyrði ríkja innan sama aðildarríkis ættu aðildarríkin að meta uppsetta afkastagetu varmadælna á viðkomandi loftslagssvæði.

3.6. **Staðalgildi fyrir SPF og Q_{usable} að því er varðar varmadælur**

Staðalgildi fyrir H_{HP} og SPF ($SCOP_{net}$) að því er varðar rafdrifnar varmadælur eru sett fram í töflunni hér á eftir:

Tafla 1

Staðalgildi fyrir H_{HP} og SPF ($SCOP_{net}$) að því er varðar rafdrifnar varmadælur

		Loftslagsskilyrði					
		Heitt loftslag		Miðlungsloftslag		Kalt loftslag	
Orkugjafi varmadælu:	Orkugjafi og dreifingarmiðill	H_{HP}	SPF ($SCOP_{net}$)	H_{HP}	SPF ($SCOP_{net}$)	H_{HP}	SPF ($SCOP_{net}$)
Loftvarmaorka	Loft-loft	1200	2,7	1770	2,6	1970	2,5
	Loft-vatn	1170	2,7	1640	2,6	1710	2,5
	Loft-loft (tvívirkar)	120	2,7	710	2,6	1970	2,5
	Loft-vatn (tvívirkar)	120	2,7	660	2,6	1710	2,5
	Útblástursloft-loft	760	2,7	660	2,6	600	2,5
	Útblástursloft-vatn	760	2,7	660	2,6	600	2,5
Jarðvarmaorka	Jörð-loft	1340	3,2	2070	3,2	2470	3,2
	Jörð-vatn	1340	3,5	2070	3,5	2470	3,5
Vatnsvarmi	Vatn-loft	1340	3,2	2070	3,2	2470	3,2
	Vatn-vatn	1340	3,5	2070	3,5	2470	3,5

Staðalgildi fyrir H_{HP} og SPF ($SPER_{net}$) að því er varðar varmaorkudrifnar varmadælur eru sett fram í töflunni hér á eftir:

Tafla 2

Staðalgildi fyrir H_{HP} og SPF ($SCOP_{net}$) að því er varðar varmaorkudrifnar varmadælur

		Loftslagsskilyrði					
		Heitt loftslag		Miðlungsloftslag		Kalt loftslag	
Orkugjafi varmadælu:	Orkugjafi og dreifingarmiðill	H_{HP}	SPF ($SPER_{net}$)	H_{HP}	SPF ($SPER_{net}$)	H_{HP}	SPF ($SPER_{net}$)
Loftvarmaorka	Loft-loft	1200	1,2	1770	1,2	1970	1,15
	Loft-vatn	1170	1,2	1640	1,2	1710	1,15
	Loft-loft (tvívirkar)	120	1,2	710	1,2	1970	1,15
	Loft-vatn (tvívirkar)	120	1,2	660	1,2	1710	1,15
	Útblástursloft-loft	760	1,2	660	1,2	600	1,15
	Útblástursloft-vatn	760	1,2	660	1,2	600	1,15
Jarðvarmaorka	Jörð-loft	1340	1,4	2070	1,4	2470	1,4
	Jörð-vatn	1340	1,6	2070	1,6	2470	1,6
Vatnsvarmi	Vatn-loft	1340	1,4	2070	1,4	2470	1,4
	Vatn-vatn	1340	1,6	2070	1,6	2470	1,6

Staðalgildin, sem eru sett fram í töflu 1 og 2 hér að framan, eru dæmigerð fyrir þann hluta varmadælna þar sem SPF-gildi er yfir lágmarksmörkum, en með því er átt við að ekki hefur verið tekið tillit til varmadælna þar sem SPF-gildi er undir 2,5 þegar dæmigerð gildi hafa verið sett fram([7]).

3.7. **Athugasemdir varðandi varmadælur sem eru ekki rafdrifnar**

Varmadælur, sem nota ekki rafmagn en nota annaðhvort vökva eða loftkennt eldsneyti til að knýja þjöppuna eða nota frásogs-/ísogsaðferð (knúið með bruna vökvaeldsneytis eða loftkennds eldsneytis eða með notkun jarðvarmaorku/sólarorku eða úrgangsvarma), gefa af sér endurnýjanlega orku svo fremi að „hreint árstímabundið frumorkuhlutfall í virkum fasa“ ($SPER_{net}$) sé 115% eða hærra en það gildi([8]).

3.8. **Athugasemdir í tengslum við varmadælur sem nota útblástursloft sem orkugjafa**

Varmadælur sem nota útblástursloft sem orkugjafa nota umhverfisorku og því gefa slíkar varmadælur frá sér endurnýjanlega orku. Samtímis þessu nýta varmadælurnar orku í útblásturslofti sem er ekki loftvarmaorka samkvæmt þessari tilskipun([9]). Af þessum sökum er einungis loftvarmaorka talin vera endurnýjanleg orka. Þetta er leiðrétt með því að leiðrétta H_{HP}-gildin fyrir slíkar varmadælur eins og fram kemur í lið 3.6.

3.9. **Athugasemdir að því er varðar loftvarmadælur**

H_{HP}-gildin, sem eru sýnd í töflu 1 og 2 hér að framan, eru byggð á H_{HE}-gildum sem taka ekki einungis til þeirra stunda sem varmadælan er notuð heldur einnig þeirra stunda þegar viðbótarvarmabúnaðurinn er notaður. Þar sem viðbótarvarmabúnaðurinn er utan kerfismarkanna, sem er lýst í lið 3.4, eru H_{HE}-gildi fyrir allar loftvarmadælur aðlagaðar með viðeigandi hætti þannig að einungis sé tekið tillit til nýtanlegs hita sem varmadælan sjálf gefur. Aðlöguð H_{HP}-gildi eru sýnd í töflu 1 og 2 hér að framan.

([7]) Þetta felur það í sér að aðildarríki geta litið á gildin, sem eru sett fram í töflu 1 og 2, sem meðalgildi fyrir rafdrifnar varmadælur sem hafa SPF-gildi yfir lágmarksgildinu 2,5.

([8]) Sjá lið 3.3.

([9]) Sjá 4. mgr. 5. gr. og skilgreiningu á „loftvarmaorku“ í b-lið 2. gr. tilskipunarinnar.

Nota ætti H_{HE}-gildin([10]) þegar um er að ræða loftvarmadælur sem búa yfir afkastagetu sem er gefin upp í tengslum við hönnunarskilyrði (og ekki fyrir staðalprófunarskilyrði).

Einungis andrúmsloft, þ.e. utanhúss, getur verið orkuuppspretta loftvarmadælu.

3.10. **Athugasemdir varðandi tvívirkar varmadælur**

Í fyrsta lagi eru tvívirkar varmadælur í heitara loftslagi og að einhverju marki miðlungsloftslagi oft settar upp til kælingar innanhúss þótt einnig megi nota þær til hitunar á vetrum. Þar sem kæliþörf er hærri á sumrum en hitunarþörf er á vetrum endurspegla málafköst eftirspurn eftir kælingu fremur en hitunarþörf. Þar sem uppsett afkastageta er notuð sem mælikvarði á eftirspurn eftir hita má líta svo á að tölfræðilegar upplýsingar um uppsetta afkastagetu endurspegli ekki uppsetta afkastagetu til hitunar. Enn fremur eru varmadælur oft settar upp samhliða fyrirliggjandi hitakerfi sem gefur til kynna að þessar varmadælur eru ekki alltaf notaðar til hitunar.

Aðlaga skal báða þættina með viðeigandi hætti. Gert er ráð fyrir varfærinni lækkun([11]) í 10% fyrir heitt loftslag og 40% fyrir miðlungsloftslag í töflum 1 og 2 hér að framan. Þó veltur raunveruleg lækkun verulega á landsbundnum venjum varðandi hitakerfi og skal af þeim sökum nota tölur frá aðildarríki þegar það er unnt. Þegar annars konar tölur eru notaðar skal leggja þær fyrir framkvæmdastjórnina, ásamt skýrslu þar sem lýst er þeirri aðferð og þeim gögnum sem notuð eru. Framkvæmdastjórnin lætur þýða skjölin og birta þau á gagnsæisvettvangnum ef nauðsyn krefur.

3.11. **Framlag blandaðra varmadælukerfa til endurnýjanlegrar orku**

Hætt er við að útreikningur á endurnýjanlegri orku verði ónákvæmur að því er varðar blönduð varmadælukerfi þar sem varmadælan starfar í tengslum við aðra tækni fyrir endurnýjanlega orku (t.d. sólarvarmabúnaður notaður sem forhitari). Af þeim sökum skulu aðildarríki sjá til þess að útreikningur á endurnýjanlegri orku í blönduðum varmadælukerfum sé réttur og þá einkum að engin endurnýjanleg orka sé talin oftar en einu sinni.

3.12. **Leiðbeiningar varðandi þróun nákvæmari aðferðafræði**

Horft er til þess og aðildarríkin hvött til að gera eigið mat á bæði SPF og H_{HP}. Ef unnt er að bæta mat skal slík landsbundin/svæðisbundin nálgun byggð á nákvæmum ályktunum, nægilega stóru dæmigerðu úrtaki sem leiðir til umtalsvert betra mats á endurnýjanlegri orku frá varmadælum borið saman við matið sem fékkst með þeirri aðferð sem er sett fram í þessari ákvörðun. Byggja má þessa bættu aðferðafræði á ítarlegum útreikningi sem aftur byggist á tæknilegum gögnum þar sem ásamt öðru er tekið tillit til uppsetningarárs, gæða uppsetningar, þjöpputegundar, rekstrarháttar, hitadreifikerfis, tvígildispunkts (e. bivalence point) og loftslags á svæðinu.

Ef mælingar liggja einungis fyrir við önnur kerfismörk en þau sem sett eru fram í lið 3.4 skulu viðeigandi aðlaganir gerðar.

Einungis þær varmadælur sem hafa orkunýtni yfir lágmarksmörkum, eins og sett er fram í VII. viðauka við tilskipunina, skulu taldar með í þeim útreikningi á endurnýjanlegri orku sem gerður er vegna þessarar tilskipunar.

Þegar notuð er önnur aðferðafræði og/eða gildi er aðildarríkjum heimilt að leggja þau fyrir framkvæmdastjórnina ásamt skýrslu þar sem lýst er þeirri aðferð og gögnum sem notuð eru. Framkvæmdastjórnin lætur þýða skjölin og birta þau á gagnsæisvettvangnum ef nauðsyn krefur.

4. DÆMI UM ÚTREIKNING

Í töflunni hér á eftir er sýnt hugsað dæmi um aðildarríki sem er á svæði þar sem miðlungsloftslag ríkir og þar sem sett hefur verið upp þrenns konar varmadælutækni.

([10]) Þessi gildi eru 1336, 2066 og 3465 fyrir heitt, miðlungs og kalt loftslag eftir því sem við á.

([11]) Í ítalskri rannsókn (sem um getur á bls. 48 í „Outlook 2011 — European Heat Pump Statistics“) er komist að þeirri niðurstöðu að í innan við 10% tilvika voru varmadælur eina uppsetta hitunartækið. Þar sem tvívirkar loftvarmadælur er algengasta uppsetta varmadælutæknin (60% af öllum uppsettum einingum, einkum settar upp á Ítalíu, Spáni og í Frakklandi, auk Svíþjóðar og Finnlands), er mikilvægt að aðlaga tölurnar með viðeigandi hætti. Í áhrifamati í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2012 frá 6. mars 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun loftræstisamstæðna og viftna (Stjtíð. ESB L 72, 10.3.2012, bls. 7) er gert ráð að í ESB séu 33% af tvívirkum varmadælum ekki notaðar til hitunar. Auk þess má ályktа að stór hluti 67% af tvívirkum varmadælum séu einungis notaður að hluta til til hitunar þar sem varmadælan er sett upp við hlið annars hitunarkerfis. Því eru þau gildi sem lögð eru til viðeigandi til að draga úr hættu á ofmati.

				Loft-loft (tvívirkt)	Vatn-vatn	Útblásturs-loft-vatn
Útreikningur	**Lýsing**	**Breyta**	**Eining**			
	Afkastageta uppsettra varmadælna	P_{rated}	GW	255	74	215
	þar af er SPF yfir lágmarksmörkum	P_{rated}	GW	150	70	120
	Jafngildi rekstrarstunda með fullu álagi	H_{HP}	h	852[1]	2070	660
$P_{rated} * H_{HP} = Q_{usable}$	Áætluð heildarnýting varma sem fæst með varmadælum	Q_{usable}	GWh	127800	144900	79200
	Áætlaður stuðull árstíðabundinnar meðalafkastagetu	SPF		2,6	3,5	2,6
$E_{RES} = Q_{usable} * (1 – (1/SPF))$	Magn endurnýjanlegrar orku sem fæst með hverri varmadælutækni	E_{RES}	GWh	78646	103500	48738
	Heildarmagn endurnýjanlegrar orku sem fæst með varmadælum	E_{RES}	GWh		230885	

([1]) Aðildarríkið í þessu hugsaða dæmi lét gera könnun á uppsettum tvívirkum loft-loft varmadælum og komst að þeirri niðurstöðu að jafngildi 48% af afkastagetu uppsettrar tvívirkrar varmadælu var notuð að fullu til hitunar, í stað þeirra 40% sem gert er ráð fyrir í þessum viðmiðunarreglum. HHP-gildið er því aðlagað upp á við frá 710 stundum, sem gerir ráð fyrir 40% og fram kemur í töflu 1, að 852 stundum sem er dæmigert fyrir áætlun upp á 48%.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/05/48**

frá 30. október 2013

um breytingu á ákvörðun 2007/742/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur

(tilkynnt með númeri C(2013) 7154)

(2013/633/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum c-lið 3. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun 2007/742/EB ([2]) fellur úr gildi 31. desember 2013.

2) Unnið hefur verið mat til að leggja mat á mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna og það hversu viðeigandi þær eru, sem og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem komið var á með þessari ákvörðun. Með tilliti til þess á hvaða stigi þessi ákvörðun er stödd í endurskoðunarferlinu er rétt að framlengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem settar eru fram í henni. Framlengja ætti gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, sem settar eru fram í ákvörðun 2007/742/EB, til 31. október 2014.

3) Því ber að breyta ákvörðun 2007/742/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2007/742/EB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. október 2014.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 78, 24.3.2015, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 319/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/742/EB frá 9. nóvember 2007 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur (Stjtíð. ESB L 301, 20.11.2007, bls. 14).

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/05/49**

frá 23. febrúar 2010

um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki

(tilkynnt með númeri C(2010) 972)

(2010/115/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki ([1]), einkum b-lið 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2000/53/EB er lagt bann við notkun blýs, kvikasilfurs, kadmíums og sexgilds króms í smíðaefnum og íhlutum ökutækja sem sett eru á markað eftir 1. júlí 2003 nema í þeim tilvikum sem skráð eru í II. viðauka við tilskipunina og með þeim skilyrðum sem þar eru tilgreind. Samkvæmt b-lið 2. mgr. 4. gr. í tilskipun 2000/53/EB ætti framkvæmdastjórnin að aðlaga II. viðauka þeirrar tilskipunar reglubundið að framförum í tækni og vísindum.

2) Í II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB er skrá yfir smíðaefni og íhluti ökutækja sem eru undanþegin banninu sem sett er fram í a-lið 2. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar. Ökutæki sem sett voru á markað fyrir daginn sem undanþágan féll úr gildi geta innihaldið blý, kvikasilfur, kadmíum eða sexgilt króm í smíðaefnum og íhlutum sem talin eru upp í II. viðauka tilskipunar 2000/53/EB. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/689/EB frá 1. ágúst 2008 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki ([2]) er tekið fram að ef um er að ræða lóðningarefni í prentplötum og öðrum rafbúnaði að undanskildu gleri, eins og lýst er í lið 8a, og lóðningarefni í rafbúnaði á gleri, eins og lýst er í lið 8b, ætti að endurskoða undanþágurnar á árinu 2009.

3) Sýnt hefur verið fram á með tæknilegu og vísindalegu mati að skipta ætti þessum tveimur undanþágum í tíu nánar tiltekin notkunarsvið. Af þeim ættu fimm smíðaefni og íhlutir sem innihalda blý að vera áfram tímabundið undanþegin banninu sem sett er fram í a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/53/EB þar sem enn er ekki unnt, tæknilega og vísindalega, að komast hjá notkun efnanna í þessum tilteknu smíðaefnum og íhlutum. Því er rétt að framlengja lokadagsetningu þessara undanþága þar til unnt er að komast hjá því að nota efni sem eru bönnuð.

4) Önnur fimm smíðaefni og íhlutir sem innihalda blý ættu áfram að vera undanþegin frá banninu sem sett er fram í a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/53/EB án þess að settur sé dagur þegar undanþágan fellur úr gildi þar sem ekki er unnt, tæknilega og vísindalega, að komast hjá notkun slíkra efna í þeim tilteknu smíðaefnum og íhlutum og ekki er gert ráð fyrir öðrum hagkvæmum kostum í náinni framtíð. Þessar undanþágur ætti að endurskoða á árinu 2014 í ljósi tæknilegra og vísindalegra framfara til að leggja mat á hvenær unnt er að komast hjá því að nota þessi efni. Endurskoða ætti undanþágu varðandi blý í lóðningarefni í rafbúnaði á gleri í rúðum, að undanskildri lóðun á lagskiptum rúðum, fyrir 1. janúar 2012 þar eð til eru staðgönguefni til þessarar notkunar en nauðsynlegt er að framkvæma á þeim frekari prófanir til staðfestingar á tæknilegum eiginleikum þeirra.

5) Ef um er að ræða blý og blýsambönd í íhlutum í viðloðunarefni fyrir teygjuefni í aflrásarbúnaði sem inniheldur allt að 0,5% blý miðað við þyngd, ætti ekki að framlengja undanþáguna því að unnt er að komast hjá notkun blýs í slíkum tilvikum.

6) Í II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB er kveðið á um að varahlutir sem settir eru á markað eftir 1. júlí 2003, sem notaðir eru í ökutæki sem sett voru á markað fyrir 1. júlí 2003, séu undanþegnir banninu sem sett er fram í a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/53/EB. Þessi undanþága

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 48, 25.2.2010, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 30.6.2011, bls. 51.

([1]) Stjtíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34.

([2]) Stjtíð. ESB L 225, 23.8.2008, bls. 10.

leyfir viðgerðir á ökutækjum sem sett voru á markað áður en bannið í a-lið 2. mgr. 4. gr. öðlaðist gildi, með varahlutum sem uppfylla sömu gæði og öryggiskröfur og þeir hlutir sem upphaflega voru í ökutækjunum.

7) Varahlutir í ökutæki sem sett eru á markað eftir 1. júlí 2003 en fyrir lokadagsetningu tiltekinnar undanþágu sem kveðið er á um í II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB falla ekki undir þá undanþágu. Varahlutir í slík ökutæki verða því að vera lausir við þungmálm jafnvel þó að þeir séu notaðir í stað hluta sem innihéldu upphaflega þungmálma.

8) Í vissum tilvikum er tæknilega ómögulegt að gera við ökutæki með öðrum varahlutum en þeim upprunalegu, þar sem slíkt myndi krefjast breytinga á eiginleikum alls kerfisins í ökutækinu hvað varðar stærð og virkni. Slíkir varahlutir geta ekki passað inn í ökutækjakerfi sem upphaflega voru framleidd með hlutum sem innihéldu þungmálma og því er ekki hægt að gera við þau ökutæki, sem gæti þá leitt til ótímabærrar förgunar þeirra. Þar eð rýmkun endingartíma vara er í þágu neytendaöryggis og umhverfis þykir rétt að leyfa viðgerðir á þeim ökutækjaíhlutum með upprunalegu hlutunum.

9) Því ætti að breyta tilskipun 2000/53/EB til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang ([1]).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB komi texti viðaukans við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Smíðaefni og íhlutir sem eru undanþegin a-lið 2. mgr. 4. gr.

Smíðaefni og íhlutir	Gildissvið og hvaða dag undanþágan fellur úr gildi	Skulu merkt eða auðkennd í samræmi við iv. lið b-liðar 2. mgr. 4. gr.
Blý sem hluti málmblendis		
1. Stál, sem notað er til vinnslu, og galvanhúðað stál sem inniheldur allt að 0,35% af blýi miðað við þyngd		
2 a). Ál, sem notað er til vinnslu, með blýinnihaldi sem er allt að 2%, miðað við þyngd	Sem varahlutir í ökutæki sem sett voru á markað fyrir 1. júlí 2005	
2 b). Ál með blýinnihaldi sem er allt að 1,5% miðað við þyngd	Sem varahlutir í ökutæki sem sett voru á markað fyrir 1. júlí 2008	
2 c). Ál með blýinnihaldi sem er allt að 0,4% miðað við þyngd		
3. Koparblendi sem inniheldur allt að 4% af blýi miðað við þyngd		
4 a). Legubakkar og -fóðringar	Sem varahlutir í ökutæki sem sett voru á markað fyrir 1. júlí 2008	
4 b). Legubakkar og -fóðringar í hreyflum, gírskiptingu og loftræstiþjöppum	1. júlí 2011 og eftir þá dagsetningu sem varahlutir í ökutæki sem sett voru á markað fyrir 1. júlí 2011	
Blý og blýsambönd í íhlutum		
5. Rafgeymar		X
6. Titringsdeyfar		X
7 a). Súlfunarefni og stöðgarar í teygjuefnum í hemlaslöngum, eldsneytisslöngum, loftræstislöngum, teygjuefnis-/málmhlutum í undirvögnum og hreyfilfestingum	Sem varahlutir í ökutæki sem sett voru á markað fyrir 1. júlí 2005	
7 b). Súlfunarefni og stöðgarar í teygjuefnum í hemlaslöngum, eldsneytisslöngum, loftræstislöngum, teygjuefnis-/málmhlutum í undirvögnum og hreyfilfestingum sem innihalda allt að 0,5% af blýi miðað við þyngd	Sem varahlutir í ökutæki sem sett voru á markað fyrir 1. júlí 2006	
7 c). Viðloðunarefni fyrir teygjuefni í aflrásarbúnaði sem inniheldur allt að 0,5% af blýi miðað við þyngd	Sem varahlutir í ökutæki sem sett voru á markað fyrir 1. júlí 2009	
8 a). Blý í lóðmálmi til að festa rafmagns- og rafeindaíhluti við prentplötur og blý í húðun á tengjum íhluta annarra en rafkleyfra álþétta, í pinnum í íhlutum og á prentplötum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2016, og varahlutir fyrir þessi ökutæki	X ([1])

Smíðaefni og íhlutir	Gildissvið og hvaða dag undanþágan fellur úr gildi	Skulu merkt eða auðkennd í samræmi við iv. lið b-liðar 2. mgr. 4. gr.
8 b). Blý í lóðmálmi fyrir rafbúnað annan en til lóðunar á prentplötu eða gler	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2011, og varahlutir fyrir þessi ökutæki	X ([1])
8 c). Blý í húðun á tengjum rafkleyfra álþétta	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2013, og varahlutir fyrir þessi ökutæki	X ([1])
8 d). Blý notað í lóðun á gler í loftmassaskynjurum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2015, og varahlutir fyrir slík ökutæki	X ([1])
8 e). Blý í lóðmálmi með háu bræðslumarki (t.d. málmblendi sem eru að stofni til úr blýi og innihalda allt að 85% af blýi miðað við þyngd)	([2])	X ([1])
8 f). Blý í tengikerfi með sveigjanlegum pinnum	([2])	X ([1])
8 g). Blý í lóðmálmi til að koma á stöðugri raftengingu milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum	([2])	X ([1]) |
8 h). Blý í lóðmálmi til að festa varmadreifara við varmasvelgi í hálfleiðaraeiningum, með flögustærð sem er a.m.k. 1 cm^2 ofanvarpsflötur og nafnþéttleika straums sem er a.m.k. 1 A/mm^2 af fleti kísilflögu	([2])	X ([1]) |
8 i). Blý í lóðmálmi fyrir rafbúnað á gleri að undanskildri lóðun á lagskiptum rúðum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2013, og varahlutir fyrir þessi ökutæki ([3])	X ([1]) |
8 j). Blý í lóðmálmi til að lóða lagskiptar rúður	([2])	X ([1]) |
9. Ventilsæti	Sem varahlutir fyrir hreyflagerðir sem þróaðar voru fyrir 1. júlí 2003	
10. Rafmagnsíhlutir sem innihalda blý í uppistöðuefnasamböndum glers eða keramíks, nema gler í perum og glerungur í kertum		X ([4]) (í íhluti aðra en þrýstirafíhluti í hreyflum)
11. Sprengihleðslur	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. júlí 2006, og varahlutir fyrir þessi ökutæki	
Sexgilt króm		
12 a). Tæringarvarnarhúð	Sem varahlutir í ökutæki sem sett voru á markað fyrir 1. júlí 2007	
12 b). Tæringarvarnarhúð fyrir bolta og rær til festingar á hlutum í undirvögnum	Sem varahlutir í ökutæki sem sett voru á markað fyrir 1. júlí 2008	
13. Ísogskælar í húsbílum		

Smíðaefni og íhlutir	Gildissvið og hvaða dag undanþágan fellur úr gildi	Skulu merkt eða auðkennd í samræmi við iv. lið b-liðar 2. mgr. 4. gr.
Kvikasilfur		
14 a). Úrhleðslulampar í aðalljóskerjum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. júlí 2012, og varahlutir fyrir þessi ökutæki	
14 b). Flúrperur sem notaðar eru í álestrarbúnaði í mælaborði	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. júlí 2012, og varahlutir fyrir þessi ökutæki	
Kadmíum		
15. Rafgeymar fyrir rafknúin ökutæki	Sem varahlutir í ökutæki sem sett voru á markað fyrir 31. desember 2008	

([1]) Sundurhlutun ef farið er yfir meðalviðmiðunarmörkin 60 grömm á ökutæki í tengslum við 10. færslu. Að því er varðar beitingu þessa ákvæðis skal aðeins taka tillit til verksmiðjuuppsetts rafeindabúnaðar.
([2]) Þessa undanþágu skal endurskoða árið 2014.
([3]) Þessa undanþágu skal endurskoða fyrir 1. janúar 2012.
([4]) Sundurhlutun ef farið er yfir meðalviðmiðunarmörkin 60 grömm á ökutæki í tengslum við færslur 8a). til 8j). Að því er varðar beitingu þessa ákvæðis skal aðeins taka tillit til verksmiðjuuppsetts rafeindabúnaðar.

Athugasemdir:

Viðunandi hámarksgildi fyrir styrk skal vera allt að 0,1%, miðað við þyngd og þegar um einsleitt efni er að ræða, fyrir blý, sexgilt króm og kvikasilfur, og allt að 0,01%, miðað við þyngd og þegar um einsleitt efni er að ræða, fyrir kadmíum.

Endurnotkun ökutækjahluta, sem voru þegar á markaði er undanþága féll úr gildi, skal vera heimil án takmarkana þar sem hún fellur ekki undir a-lið 2. mgr. 4. gr.

Varahlutir, sem settir eru á markað eftir 1. júlí 2003 og notaðir eru í ökutæki sem sett eru á markað fyrir 1. júlí 2003, eru undanþegnir ákvæðum a-liðar 2. mgr. 4. gr. (*).

(*) Þetta á ekki við um jafnvægisstillingarlóð fyrir hjól, burstakol fyrir rafmagnshreyfla og hemlaborða.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 676/2006 **2016/EES/05/50**

frá 2. maí 2006

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1980/2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skilgreiningar og uppfærslu á skilgreiningum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 frá 16. júní 2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC)([1]), einkum c-lið 2. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1177/2003 er settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins um tekjur og lífskjör sem tekur til samanburðarhæfra og tímanlegra þversniðs- og langsniðsgagna um tekjur og sem tekur til umfangs og samsetningar fátæktar og félagslegrar útilokunar á innlendum vettvangi og á vettvangi Evrópusambandsins.

2) Vegna inngöngu nýrra aðildarríkja í Evrópubandalagið 1. maí 2004 hefur reglugerð (EB) nr. 1177/2003 verið breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1553/2005 ([2]), til að aðlaga stærð raunúrtaka og til að gefa nýjum aðildarríkjum tíma til að aðlaga viðeigandi kerfi sín að samræmdum aðferðum og skilgreiningum sem notaðar eru við samantekt hagskýrslna Bandalagsins.

3) Enn fremur virðast nokkur hinna nýju aðildarríkja, sem og nokkur aðildarríki sem nú þegar eru í Bandalaginu, þurfa lengri tíma til að afhenda öll gögn um vergar tekjur eins og tilgreint er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1980/2003 ([3]).

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1980/2003 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað fyrsta undirliðar 3. liðar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1980/2003 komi eftirfarandi:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. eru Grikkland, Spánn, Frakkland, Ítalía, Portúgal, Pólland og Lettland undanþegin því að afhenda gögn um vergar tekjur fyrir fyrsta árið sem aðgerðin stendur. Þessi lönd skulu þó afhenda þessi gögn eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 2007.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. maí 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 118, 3.5.2006, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2006 frá 27. október 2006 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 21.12.2006, bls. 8.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1553/2005 (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 6).

([2]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 6.

([3]) Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 1.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2016/EES/05/51

frá 10. febrúar 2012

um setningu reglna sem varða landsbundnar umbreytingaráætlanir sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði

(tilkynnt með númeri C(2012) 612)

(2012/115/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) ([1]), einkum b-lið 41. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 32. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er kveðið á um að aðildarríkjunum sé heimilt, á tímabilinu frá 1. janúar 2016 til 30. júní 2020, að semja og koma í framkvæmd landsbundinni umbreytingaráætlun sem nær yfir tiltekin brennsluver og skal áætlunin ná yfir losun eins eða fleiri af eftirfarandi mengunarvöldum: köfnunarefnisoxíðs, brennisteinsdíoxíðs og ryks. Að því er varðar gashverfla skal aðeins losun á köfnunarefnisoxíði falla undir áætlunina.

2) Brennsluver sem falla undir landsbundnu umbreytingaáætlunina geta verið undanþegin samræmi við viðmiðunarmörkin fyrir losun sem um getur í 2. mgr. 30. gr. tilskipunar 2010/75/ESB fyrir mengunarefni sem falla undir áætlunina eða, eftir atvikum, við hlutföll brennisteinshreinsunar sem um getur í 31. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

3) Til að tryggja samræmda framkvæmd 32. gr. tilskipunar 2010/75/EB ætti að samþykkja framkvæmdarreglur.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 75. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Brennsluver sem eiga að falla undir landsbundnar umbreytingaráætlanir

Í samræmi við ítarleg ákvæði, sem mælt er fyrir um í 1. lið viðaukans við þessa ákvörðun, skal landsbundin umbreytingaráætlun einungis ná yfir brennsluverin í heild sinni, sem falla undir III. kafla tilskipunar 2010/75/ESB, að teknu tilliti til ákvæða 1. mgr. 32. gr. og samlegðarreglna sem kveðið er á um í 29. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

2. gr.

Efni landsbundinna umbreytingaráætlana

1. Hver landsbundin umbreytingaráætlun skal ná yfir eftirfarandi upplýsingar í samræmi við 2. lið viðaukans við þessa ákvörðun:

a) skrá yfir öll brennsluver sem falla undir áætlunina, þ.m.t. allar viðeigandi upplýsingar um rekstrareiginleika þeirra,

b) útreiknað tillag hvers einstaks brennsluvers til efri marka losunar á árunum 2016 og 2019,

c) töflu þar sem fram koma efri mörk losunar fyrir hvert mengunarefni sem áætlunin tekur til fyrir árin 2016, 2017, 2018 og 2019 og fyrir fyrri helming ársins 2020,

d) nánari upplýsingar um útreikning á þessum efri mörkum losunar.

Auk þess skal landsbundin umbreytingaráætlun innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsingu á því hvernig skuli vakta og gefa skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar til framkvæmdastjórnarinnar,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 52, 24.2.2012, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.

b) skrá yfir ráðstafanir sem skal beita til að tryggja að öll brennsluver, sem falla undir áætlunina, fari, eigi síðar en 1. júlí 2020, að gildandi viðmiðunarmörkum fyrir losun sem koma fram í V. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB.

2. Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skulu aðildarríkin nota sniðmátið í töflu A.1 í viðbæti A við viðaukann við þessa ákvörðun.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skulu aðildarríkin nota sniðmátið í töflu B.3 í viðbæti B við viðaukann við þessa ákvörðun.

3. gr.

Setning efri marka losunar í landsbundnum umbreytingaráætlunum

1. Að því er varðar 3. mgr. 32. gr. tilskipunar 2010/75/ESB skal reikna út efri mörk losunar í samræmi við aðferðirnar sem koma fram í 3. lið viðaukans við þessa ákvörðun.

2. Aðildarríkin skulu nota sniðmátið í töflu B.1 í viðbæti B við viðaukann við þessa ákvörðun til að sýna viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun og lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar, útreiknað tillag hvers brennsluvers til efri marka losunar á árinu 2016 og efri mörk losunar í heild fyrir árið 2016.

Í eftirfarandi tilvikum skulu aðildarríkin, í þeim dálki sniðmátsins sem merktur er „athugasemdir“, veita viðbótarupplýsingar um efri mörk losunar sem notuð eru fyrir útreikninginn:

a) ef viðmiðunarmörk fyrir losun, sem getið er í athugasemdunum við töflu C.1 og C.2 í viðbæti C við viðaukann við þessa ákvörðun, hafa verið notuð,

b) ef ver nota margs konar eldsneytistegundir eða eru sambland af margs konar gerðum vera.

3. Aðildarríkin skulu nota sniðmátið í töflu B.2 í viðbæti B við viðaukann við þessa ákvörðun til að sýna viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun og lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar, útreiknað tillag hvers brennsluvers til efri marka losunar á árinu 2019 og efri mörk losunar í heild fyrir árið 2019.

Í eftirfarandi tilvikum skulu aðildarríkin, í þeim dálki sniðmátsins sem merktur er „athugasemdir“, veita viðbótarupplýsingar um efri mörk losunar sem notuð eru fyrir útreikninginn:

a) ef viðmiðunarmörk fyrir losun, sem getið er í athugasemdunum við töflu D.1 og D.2 í viðbæti D við viðaukann við þessa ákvörðun, hafa verið notuð,

b) ef ver nota margs konar eldsneytistegundir eða eru sambland af margs konar gerðum vera.

4. gr.

Framkvæmd landsbundinnar umbreytingaráætlunar

Í samræmi við aðra og þriðju undirgrein 5. mgr. 32. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er aðildarríki einungis heimilt að hrinda landsbundinni umbreytingaráætlun sinni í framkvæmd að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar.

5. gr.

Síðari breytingar á landsbundinni umbreytingaráætlun

1. Aðildarríkin skulu koma á fyrirkomulagi sem gerir kleift að greina allar breytingar, sem skipta máli, á brennsluverum, sem falla undir landsbundna umbreytingaráætlun, sem geta haft áhrif á gildandi efri mörk losunar.

2. Að því er varðar 6. mgr. 32. gr. tilskipunar 2010/75/ESB skulu aðildarríkin upplýsa framkvæmdastjórnina um allar síðari breytingar á áætluninni, sem hafa áhrif á gildandi efri mörk losunar, í samræmi við 4. lið viðaukans við þessa ákvörðun.

6. gr.

Vöktun með samræmi, aðgerðir til úrbóta og skýrslugjöf til framkvæmdastjórnarinnar

1. Að því er varðar 4. mgr. 32. gr. tilskipunar 2010/75/ESB skulu lögbær yfirvöld vakta losun köfnunarefnisoxíða, brennisteinsdíoxíða og ryks frá hverju brennsluveri sem fellur undir landsbundna umbreytingaráætlun með því að sannreyna gögn er varða vöktun eða útreikninga frá rekstraraðilum brennsluveranna.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að losun köfnunarefnisoxíða, brennisteinsdíoxíða og ryks frá brennsluverum, sem falla undir landsbundna umbreytingaráætlun, sé takmörkuð að því marki að ekki sé farið yfir efri mörk losunar. Ef um er að ræða áhættu á að farið sé yfir efri mörk losunar skulu aðildarríkin grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir að losun fari yfir þessi mörk.

3. Aðildarríki, sem hrinda í framkvæmd landsbundinni umbreytingaráætlun, skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu innan 12 mánaða um þær árlegu upplýsingar fyrir hvert ver, sem eru tilgreindar í 3. mgr. 72. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, fyrir öll brennsluver sem falla undir áætlunina.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

1. **Brennsluver sem eiga að falla undir landsbundna umbreytingaráætlun**

Hlutar brennsluvera (t.d. ein eða fleiri einstakar brennslueiningar sem nota reykháf sameiginlega með öðrum einingum eða eru í aðstöðu eins og sett er fram í 2. mgr. 29. gr. tilskipunar 2010/75/ESB) skulu ekki falla undir landsbundna umbreytingaráætlun ([2]).

Að því er varðar annan undirlið b-liðar 1. mgr. 32. gr. tilskipunar 2010/75/ESB teljast ver, sem eru ekki starfrækt af rekstraraðila hreinsunarstöðvar heldur eru staðsett innan hreinsunarstöðvarinnar og nota eldsneyti sem um getur í þeim lið, vera brennsluver sem falla undir ákvæðin.

Brennsluver, sem munu falla undir ákvæði IV. kafla tilskipunar 2010/75/ESB sem varða sorpbrennslustöðvar og sorpsambrennslustöðvar á einhverju stigi á meðan landsbundinni umbreytingaráætlun er beitt, skulu ekki falla undir landsbundnu umbreytingaráætlunina.

2. **Gögn um brennsluver sem eiga að falla undir landsbundna umbreytingaráætlun**

Landsbundin umbreytingaráætlun skal innihalda skrá yfir öll brennsluver sem hún tekur til og öll gögn, sem varða þessi ver, sem voru notuð til að reikna út efri mörk losunar.

Upplýsingar um hvert ver, sem eiga að koma fram, tengjast heildarnafnvarmaafli, eldsneyti sem notað er og rekstrareiginleikum hvers brennsluvers á tímabilinu á meðan landsbundin umbreytingaráætlun er í framkvæmd.

Að lágmarki skulu eftirtalin gögn koma fram í landsbundinni umbreytingaráætlun fyrir hvert brennsluver sem fellur undir hana:

1) Heiti og staðsetning brennsluversins ([3]).

2) Dagsetning þegar fyrsta leyfið fyrir brennsluverinu var veitt.

3) Dagsetning þegar umsókn um fyrsta leyfið fyrir brennsluverinu var lögð fram ásamt dagsetningunni þegar rekstur hófst í brennsluverinu í fyrsta sinn.

Athugasemd: Þessara upplýsinga er einungis krafist ef brennsluverið fékk fyrsta leyfið eftir 27. nóvember 2002 en var tekið í rekstur eigi síðar en 27. nóvember 2003.

4) Öll stækkun, sem nemur a.m.k. 50 MW af heildarnafnvarmaafli brennsluversins, sem átti sér stað á bilinu 27. nóvember 2002 til 31. desember 2010 (tilgreinið viðbætta getu í MW) ([4]).

5) Heildarnafnvarmaafl (MW) hvers brennsluvers 31. desember 2010.

6) Árlegur fjöldi rekstrarstunda ([5]) hvers brennsluvers, reiknað meðaltal tímabilsins 2001–2010.

Athugasemd: Þessara upplýsinga er einungis krafist ef sértæk viðmiðunarmörk fyrir losun, fyrir brennsluver sem eru starfrækt í minna en 1 500 klst. á ári, eru notuð til að reikna út tillag brennsluversins til efri marka losunar.

7) Mengunarefni sem landsbundin umbreytingaráætlun nær ekki yfir að því er varðar viðkomandi brennsluver (ef einhver eru) ([6]).

([2]) Sama regla gildir að því er varðar 33., 34. og 35. gr tilskipunar 2010/75/ESB. Af þessum sökum getur hluti brennsluvers ekki fallið undir ákvæði 33., 34. eða 35. gr. meðan annar hluti (eða hlutar) versins fellur undir landsbundna umbreytingaráætlun.

([3]) Eins og tilkynnt hefur verið um í skrám um losun sem teknar voru saman samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB frá 23. október 2001 um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið (Stjtíð. EB L 309, 27.11.2001, bls. 1).

([4]) Þörf er á þessum upplýsingum með það fyrir augum að ákvarða viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir losun 1. janúar 2016, eins og sett er fram í 10. gr. tilskipunar 2001/80/EB.

([5]) „Rekstrarstundir“: sá tími, gefinn upp sem klukkustundir, sem brennsluver, í heild eða að hluta, er í rekstri og losar útblástur út í andrúmsloftið, að frátöldum gangsetningar- og stöðvunartímabilum.

([6]) Til dæmis geta gashverflar einungis fallið undir landsbundna umbreytingaráætlun að því er varðar losun þeirra á köfnunarefnisoxíðum. Önnur ver geta fallið undir landsbundna umbreytingaráætlun vegna einhverra mengunarefna þó að þau falli undir viðmiðunarmörk fyrir losun í V. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB að því er varðar önnur mengunarefni.

8) Árlegt magn eldsneytis (TJ/ár) sem notað er, reiknað meðaltal tímabilsins 2001–2010, skipt eftir 6 eldsneytistegundum: harðkol, brúnkol, lífmassi, önnur eldsneyti í föstu formi, fljótandi eldsneyti, loftkennt eldsneyti ([7]).

9) Árlegt streymi úrgangslofts (Nm^3/ár), reiknað meðaltal tímabilsins 2001–2010 ([8]).

1. athugasemd: Ef um er að ræða brennsluver sem brenna margs konar eldsneytistegundum og/eða eru sambland af margs konar gerðum vera þarf að gefa upp á aðgreindan hátt streymi úrgangslofts fyrir hverja eldsneytistegund og/eða tegund brennsluvers ([9]).

2. athugasemd: Ef streymi úrgangslofts er reiknað út frá magni eldsneytis sem er notað (og ekki byggt á raunverulegu vöktuðu streymi úrgangslofts) þarf að gefa upp stuðulinn (eða stuðlana ef um er að ræða margs konar eldsneyti eða gerðir brennsluvera) sem er notaður við útreikninginn (Nm^3/GJ).

10) Magn brennisteinsílags í innlendu eldsneyti í föstu formi ([10]) sem er notað (tonn S/ár), reiknað meðaltal tímabilsins 2001–2010.

Athugasemd: Þessara upplýsinga er einungis krafist ef brennsluverið notar innlent eldsneyti í föstu formi og ef lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar er notað til að reikna út tillag brennsluversins til efri marka losunar fyrir brennisteinsdíoxíð (fyrir 2016 og/eða 2019).

Ef brennsluver, sem falla undir landsbundna umbreytingaráætlun, eru gashverflar eða gashreyflar skal taka það sérstaklega fram í landsbundnu umbreytingaráætluninni.

3. Ákvörðun efri marka losunar

3.1. *Aðferð við útreikning á tillagi einstakra vera til efri marka losunar á árunum 2016 og 2019*

3.1.1. Almennt tilvik

Til að ákvarða gildandi efri mörk losunar fyrir mengunarefni fyrir árin 2016 og 2019 skal reikna út tillag hvers brennsluvers, gefið upp sem tonn á ári (tpa), með því að nota eftirfarandi jöfnu:

Tillag til efri marka (tonn á ári (tpa)) = streymi úrgangslofts (Nm^3pa) × viðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm^3) × $1{,}0 \times 10^{-9}$

þar sem:

— „Streymi úrgangslofts“ er rúmmálsstreymi úrgangslofts, gefið upp í rúmmetrum á ári (Nm^3pa), reiknað meðaltal áranna 2001–2010. Það er gefið upp við staðalhita (273 K) og -þrýsting (101,3 kPa) með viðeigandi viðmiðunarinnihald súrefnis (þ.e. það sama og notað er fyrir viðmiðunarmörk fyrir losun (ELV)) og eftir að leiðrétt hefur verið fyrir vatnsgufuinnihald.

— „Viðmiðunarmörk fyrir losun (ELV)“ eru viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir viðkomandi mengunarefni, gefin upp í mg/Nm^3, þar sem gert er ráð fyrir 6% súrefnisinnihaldi (miðað við rúmmál) í úrgangsloftinu ef um er að ræða fast eldsneyti og 3% þegar um loftkennt og fljótandi eldsneyti er að ræða (fyrir brennsluver önnur en gashverfla og gashreyfla) og 15% ef um er að ræða gashverfla og gashreyfla.

Nánari upplýsingar um hvernig á að ákvarða viðmiðunarmörk fyrir losun til að reikna út efri mörk losunar fyrir árin 2016 og 2019 er að finna í lið 3.2 og 3.3.

3.1.2. Sérstakt tilvik sem varðar brennsluver sem brenna margs konar eldsneytistegundum og/eða eru sambland af margs konar gerðum vera

Jöfnuna, sem um getur í lið 3.1.1, er ekki hægt að nota fyrir brennsluver sem brenndu margs konar eldsneytistegundum á tímabilinu 2001–2010 (samtímis eða ekki) eða eru sambland af margs konar gerðum vera

([7]) Að því er varðar brennsluver, sem hafa á einhverjum tímapunkti á tímabilinu 2001–2010 sambrennt úrgang (annan en úrgang sem er „lífmassi“ samkvæmt skilgreiningunni í b-lið 31. mgr. 3. gr. tilskipunar 2010/75/ESB og féllu síðar undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs (Stjtíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91)), skal magn úrgangs, sem er brennt á þessu tímabili, ekki tekið með undir þessum lið.

([8]) Sjá lið 3.1.1 í þessum viðauka að því er varðar gildandi viðmiðunaraðstæður.

([9]) Sjá lið 3.1.2 í þessum viðauka.

([10]) „Innlent eldsneyti í föstu formi“: eldsneyti í föstu formi sem finnst í náttúrulegu umhverfi og er brennt í brennsluveri sem er sérstaklega hannað fyrir það eldsneyti og er dregið út á staðnum.

Nota þarf annars konar viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir þessi brennsluver og/eða viðmiðunaraðstæður til að reikna út tillag þeirra til efri marka losunar. Þess vegna skal nota eftirfarandi aðferð.

$$\text{Tillag til efri marka (tonn á ári (tpa))} = \Sigma\ [\text{streymi úrgangslofts } (Nm^3pa) \times \text{viðmiðunarmörk fyrir losun } (mg/Nm^3) \times 1{,}0 \times 10^{-9}]$$

Þessi jafna felur í sér, að því er varðar hverja eldsneytistegund sem notuð er á tímabilinu 2001–2010, að ársmeðaltal fyrir rúmmál úrgangslofts (Nm^3 á ári) sé margfaldað með viðkomandi viðmiðunarmörkum fyrir losun (svarar til heildarnafnvarmaafls alls brennsluversins). Síðan er niðurstöðum þessarar margföldunar bætt við fyrir allar tegundir eldsneytis sem eru notaðar.

Það skal tryggt, að því er varðar hverja eldsneytistegund, að rúmmál úrgangslofts og viðmiðunarmörk fyrir losun sem eru margfölduð séu gefin upp með sama viðmiðunarinnihald súrefnis.

Sama nálgun á við á tímabilinu 2001–2010, að teknu tilliti til 1. og 2. mgr. 29. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, í tilvikum þar sem eitt brennsluver samanstóð af samblandi af mismunandi gerðum vera. Skýringardæmi:

— einn eða fleiri gashverflar sem tengjast einni eða fleiri gerð brennsluvera,

— einn eða fleiri gashreyflar sem tengjast einni eða fleiri gerð brennsluvera.

3.1.3. Lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar (MDR)

Jöfnuna, sem um getur í lið 3.1.1, er ekki hægt að nota fyrir brennsluver sem brenna innlendu eldsneyti í föstu formi ([11]) og sem geta ekki náð samræmi við viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun, sem eru fastsett fyrir brennisteinsdíoxíð í tilskipun 2010/75/ESB, vegna eiginleika þessa eldsneytis.

Að því er varðar slík ver má byggja útreikning á tillagi þeirra til efri marka losunar, sem á við um brennisteinsdíoxíð, á notkun viðkomandi lágmarkshlutfalls brennisteinshreinsunar ([12]) fremur en á viðmiðunarmörkum fyrir losun brennisteinsdíoxíðs.

Í því tilviki skal reikna út tillag brennsluversins til efri marka losunar á brennisteinsdíoxíði, gefið upp sem tonn á ári (tpa), með því að nota eftirfarandi jöfnu:

$$\text{Tillag til efri marka } SO_2 \text{ (tonn á ári (tpa))} = \text{brennisteinsílag (tonn á ári)} \times (1 - (MDR/100)) \times 2$$

þar sem:

— „Brennisteinsílag“ er árlegt magn brennisteins (S) í innlendu eldsneyti í föstu formi sem var notað í brennsluverinu, gefið upp í tonnum á ári (tpa), reiknað meðaltal tímabilsins 2001–2010.

— „Lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar (MDR)“ er viðkomandi lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar, gefið upp sem hundraðshluti.

Nánari upplýsingar um hvernig eigi að ákvarða viðeigandi lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar til að reikna út efri mörk losunar fyrir brennisteinsdíoxíð á árunum 2016 og 2019 er að finna í lið 3.2 og 3.3.

3.2. *Viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun og lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar til útreiknings á efri mörkum losunar fyrir árið 2016*

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. tilskipunar 2010/75/ESB skal reikna út efri mörk losunar fyrir árið 2016 á grundvelli viðkomandi viðmiðunarmarka fyrir losun, sem sett eru fram í III. til VII. viðauka við tilskipun 2001/80/EB, eða, eftir atvikum, á grundvelli lágmarkshlutfalls brennisteinshreinsunar sem sett er fram í III. viðauka við tilskipun 2001/80/EB. Þess vegna er útreikningur á efri mörkum losunar fyrir árið 2016 byggður á viðkomandi viðmiðunarmörkum fyrir losun og lágmarkshlutfalli brennisteinshreinsunar, sem hefði verið í gildi 1. janúar 2016 fyrir viðkomandi brennsluver samkvæmt tilskipun 2001/80/EB, að teknu tilliti til eftirfarandi ákvæða ([13]).

([11]) Þetta gildir um brennsluver sem hafa brennt innlendu eldsneyti í föstu formi á tímabilinu 2001–2010.

([12]) „Hlutfall brennisteinshreinsunar“: það hlutfall magns af brennisteini á tilteknu tímabili sem brennsluver losar ekki út í andrúmsloftið á móti brennisteinsmagninu í því eldsneyti í föstu formi sem kemur inn í brennsluverið og er notað í verinu á sama tímabili.

([13]) Viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun til að reikna út efri mörk losunar verða ekki fyrir áhrifum þó að ver sé fellt undir landsbundna áætlun um skerðingu á losun skv. 6. mgr. 4. gr. tilskipunar 2001/80/EB.

Ákvarða skal viðmiðunarmörk fyrir losun og lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar á grundvelli heildarnafnvarmaafls alls brennsluversins 31. desember 2010, tegundar eða tegunda eldsneytis sem eru notaðar og reiknaðs meðaltals árlegs fjölda rekstrarstunda á tímabilinu 2001–2010. Ef brennsluver hefur verið stækkað, sem nemur a.m.k. 50 MW á tímabilinu frá 27. nóvember 2002 til 31. desember 2010, skal beita reglum um útreikning á viðkomandi viðmiðunarmörkum fyrir losun sem settar eru fram í 10. gr. tilskipunar 2001/80/EB.

Að því er varðar alla gashverfla, sem falla undir landsbundna umbreytingaráætlun, eru viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun, að því er varðar köfnunarefnisoxíð, þau sem sett eru fram í B-hluta VI. viðauka við tilskipun 2001/80/EB, án tillits til j-liðar 7. mgr. 2. gr. tilskipunar 2001/80/EB.

Þar eð ekki hafa verið sett fram nein viðmiðunarmörk fyrir losun, að því er varðar gashreyfla, í tilskipun 2001/80/EB eru viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun, að því er varðar köfnunarefnisoxíð, þau sem sett eru fram í 1. hluta V. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB.

Að því er varðar brennsluver, sem hafa notað mismunandi eldsneytistegundir á tímabilinu 2001–2010, skal skrá viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir hvert eldsneyti fyrir sig. Í lið 3.1.2 er að finna nánari upplýsingar um aðferðina sem á að nota til að reikna út tillag hvers vers fyrir sig til efri marka losunar.

Með tilskipun 2001/80/EB er tilteknum brennsluverum, sem eru starfrækt í minna en 1 500 klukkustundir (hlaupandi meðaltal á fimm ára tímabili), heimilað að fylgja vægari viðmiðunarmörkum fyrir losun. Einungis er hægt að nota síðarnefnda kostinn til að reikna út tillag einstaks vers til efri marka losunar 2016 ef meðaltal rekstrarstunda í verinu á árunum 2001–2010 er minna en 1 500 klst. á ári.

Yfirlit yfir viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun, eins og fram kemur í III. til VII. viðauka við tilskipun 2001/80/EB, og viðkomandi lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar, sem er fastsett í III. viðauka við tilskipun 2001/80/EB, er að finna í töflum C.1, C.2 og C.3 í viðbæti C við þennan viðauka ([14]).

3.3. *Viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun og lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar til útreiknings á efri mörkum losunar fyrir árið 2019*

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. tilskipunar 2010/75/ESB skal reikna út efri mörk losunar fyrir árið 2019 á grundvelli viðkomandi viðmiðunarmarka fyrir losun, sem sett eru fram í 1. hluta V. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB, eða, eftir atvikum, viðkomandi lágmarkshlutfalls brennisteinshreinsunar sem sett er fram í 5. hluta V. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB. Þess vegna er útreikningur á efri mörkum losunar fyrir árið 2019 byggður á viðkomandi viðmiðunarmörkum fyrir losun og lágmarkshlutfalli brennisteinshreinsunar sem eiga, samkvæmt tilskipun 2010/75/ESB, að gilda um viðkomandi brennsluver 1. janúar 2019.

Ákvarða skal viðmiðunarmörk fyrir losun og lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar á grundvelli heildarnafnvarmaafls alls brennsluversins 31. desember 2010, tegundar eða tegunda eldsneytis sem eru notaðar og reiknaðs meðaltals árlegs fjölda rekstrarstunda á tímabilinu 2001–2010.

Yfirlit yfir viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun, eins og fram kemur í 1. hluta V. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB, og viðkomandi lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar, sem er fastsett í 5. hluta V. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB, er að finna í töflum D.1, D.2 og D.3 í viðbæti D við þennan viðauka.

Að því er varðar brennsluver, sem hafa notað mismunandi eldsneytistegundir á tímabilinu 2001–2010, skal skrá viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir hvert eldsneyti fyrir sig. Í lið 3.1.2 er að finna nánari upplýsingar um aðferðina sem á að nota til að reikna út tillag hvers vers fyrir sig til efri marka losunar.

Með tilskipun 2010/75/ESB er tilteknum brennsluverum, sem eru starfrækt í minna en 1 500 klukkustundir (hlaupandi meðaltal á fimm ára tímabili), heimilað að fylgja vægari viðmiðunarmörkum fyrir losun. Einungis er hægt að beita síðarnefnda kostinum til að reikna út tillag vers til efri marka losunar á árinu 2019 ef meðaltal rekstrarstunda í verinu á árunum 2001–2010 er minna en 1 500 klst. á ári.

3.4. *Útreikningur á efri mörkum losunar*

3.4.1. Útreikningur á efri mörkum losunar fyrir árin 2016 og 2019

Að því er varðar árin 2016 og 2019 skal ákvarða efri mörk losunar í heild fyrir hvert mengunarefni með því að leggja saman tillag hvers vers fyrir sig til viðkomandi efri marka:

$$efrimörk2016\ (\text{tonn á ári (tpa)}) = \Sigma\ [\text{tillag einstaks vers til efri marka fyrir árið 2016}]$$

$$efrimörk2019\ (\text{tonn á ári (tpa)}) = \Sigma\ [\text{tillag einstaks vers til efri marka fyrir árið 2019}]$$

([14]) Þetta yfirlit er ekki tæmandi. Þetta á m.a. ekki við um aðstæður þar sem brennsluver hafa verið stækkuð sem nemur a.m.k. 50 MW á bilinu frá 27. nóvember 2002 til 31. desember 2010 en í því tilviki eru viðmiðunarmörk fyrir losun, sem eru skráð í B-hluta III. til VII. viðauka við tilskipun 2001/80/EB, einnig mikilvæg (beiting 10. gr. tilskipunar 2001/80/EB).

3.4.2. *Útreikningur á efri mörkum losunar fyrir árin 2017, 2018 og 2020*

Reikna skal út efri mörk fyrir árið 2017 (efrimörk2017) með því að nota eftirfarandi jöfnu:

$$efrimörk2017 = efrimörk2016 - \frac{(efrimörk2016 - efrimörk2019)}{3}$$

Reikna skal út efri mörk fyrir árið 2018 (efrimörk2018) með því að nota eftirfarandi jöfnu:

$$efrimörk2018 = efrimörk2016 - \frac{2 * (efrimörk2016 = efrimörk2019)}{3}$$

Efri mörk fyrir fyrri helming ársins 2020 (efrimörk2020) eru helmingur af efri mörkum fyrir árið 2019:

$$efrimörk2020 = \frac{efrimörk2019}{2}$$

4. **Síðari breytingar á landsbundnum umbreytingaráætlunum**

Aðildarríkin skulu a.m.k. upplýsa framkvæmdastjórnina um eftirfarandi:

a) brennsluver sem velja undanþágu vegna takmarkaðs rekstrartíma í samræmi við 33. gr. tilskipunar 2010/75/ESB,

Athugasemd: Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni landsbundnar umbreytingaráætlanir sínar eigi síðar en 1. janúar 2013 en rekstraraðilar hafa tíma til 1. janúar 2014 til að tilkynna lögbæru yfirvaldi um það hvort þeir leiti eftir því að velja undanþágu vegna takmarkaðs rekstrartíma. Þess vegna getur brennsluver upphaflega fallið undir landsbundna umbreytingaráætlun, sem send er framkvæmdastjórninni, áður en hún er felld undir undanþágu vegna takmarkaðs rekstrartíma. Þá skal fella brennsluverið brott úr landsbundinni umbreytingaráætlun um leið og rekstraraðili brennsluversins hefur tilkynnt lögbæru yfirvald um þá ákvörðun að velja undanþágu vegna takmarkaðs rekstrartíma. Tillag hvers brennsluvers til gildandi efri marka losunar, sem myndi falla undir 33. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, skal þá dregið frá efri mörkum losunar, eins og þau eru reiknuð út í nýjustu samþykktu útgáfu landsbundinnar umbreytingaráætlunar (eða, ef slík áætlun hefur ekki verið samþykkt, reiknuð út á sama hátt og í nýjustu útgáfu landsbundinnar umbreytingaráætlunar sem lögð hefur verið fyrir framkvæmdastjórnina).

b) brennsluver sem eru lokuð (þ.e. ver sem hafa endanlega hætt rekstri) eða ver þar sem heildarnafnvarmaafl hefur minnkað niður fyrir 50 MW,

c) brennsluver sem hefja sambrennslu úrgangs eftir 31. desember 2015 og myndu þ.a.l. falla undir IV. kafla tilskipunar 2010/75/ESB.

Athugasemd: Ef veri sem fellur undir landsbundna umbreytingaráætlun, eins og getið er í 3. mgr. 32. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, er lokað eða ef það fellur ekki lengur undir gildissvið III. kafla tilskipunar 2010/75/ESB skal það ekki leiða til aukningar á árlegri heildarlosun frá þeim verum, sem eftir eru, sem falla undir landsbundnu umbreytingaráætlunina.

Að því er varðar 6. mgr. 32. gr. tilskipunar 2010/75/ESB eru aðildarríkin ekki skuldbundin til að senda framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar þar eð síðari breytingar, sem þar er vísað til, ættu ekki að hafa áhrif á gildandi efri mörk losunar:

— minnkun eða aukning á heildarnafnvarmaafli eftir 31. desember 2010 (fyrir utan minnkun niður fyrir 50 MW),

— fækkun eða fjölgun á fjölda árlegra rekstrarstunda eftir árið 2010,

— breytingar á eldsneytisnotkun (tegund, magn) sem á sér stað eftir árið 2010 (annað en umskipti yfir í brennslu á úrgangi sem myndu gera verið að sorpsambrennslustöð sem yrði til þess að fella hana brott úr landsbundnu umbreytingaráætluninni).

Gefa skal skýrslu um breytingar sem hafa áhrif á heiti versins (t.d. vegna breytinga á rekstraraðila) með skrám um losun sem aðildarríkin eiga að leggja fram í samræmi við 3. mgr. 6. gr. þessarar ákvörðunar og 3. mgr. 72. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Viðbætir A

Tafla A.1

Sniðmát fyrir skrána yfir brennsluver sem eiga að falla undir landsbundna umbreytingaráætlun

A	B	C	D		E	F	G	H
Númer	Heiti vers	Staðsetning vers (heimilisfang)	Dagsetning þegar umsókn um fyrsta leyfið fyrir verinu var lögð fram ásamt dagsetningunni þegar rekstur hófst í verinu í fyrsta sinn	EÐA Dagsetning þegar fyrsta leyfið fyrir verinu var veitt	Öll stækkun, sem nemur a.m.k. 50 MW af heildarnafnvarmaafli brennsluversins, sem átti sér stað á bilinu 27. nóvember 2002 til 31. desember 2010 (heildarstækkun í MW)	Heildarnafnvarmaafl 31.12.2010 (MW)	Árlegur fjöldi rekstrarstunda (meðaltal 2001–2010)	Mengunarefni (brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisoxíð, ryk) sem landsbundin umbreytingaráætlun nær EKKI yfir að því er varðar viðkomandi ver

A	I	J						K	L	M
Númer	Tilgreinið hvort verið sé gashverfill eða gashreyfill	Árlegt magn eldsneytis sem notað er (meðaltal 2001–2010)						Ársmeðaltal fyrir streymi úrgangslofts (meðaltal 2001–2010)	Árlegt magn brennisteins í innlendu eldsneyti í föstu formi, sem notað er, sem kemur inn í brennsluverið (meðaltal 2001–2010)	Breytistuðull eða -stuðlar sem eru notaðir ef streymi úrgangslofts var útreiknað út frá eldsneytisílagi (eftir eldsneytistegund)
		(Árlegt magn eldsneytis (TJ)/ár)						(Nm^3/ár)	(tonn á ári (tpa))	(Nm^3/GJ)
		Harðkol	Brúnkol	Lífmassi	Annað eldsneyti í föstu formi	Fljótandi eldsneyti	Loftkennt eldsneyti			

Viðbætir B

Tafla B.1

Sniðmát fyrir útreikning á efri mörkum losunar fyrir árið 2016

A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K
Númer	Heiti	Viðmiðunarinnihald súrefnis	Viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun (ELV) fyrir brennisteinsdíoxíð (SO_2)	Viðkomandi hlutfall brennisteins-hreinsunar	Tillag versins til efri marka brennisteinsdíoxíðs fyrir árið 2016	Viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun (ELV) fyrir köfnunarefnisoxíð (NO_x)	Tillag versins til efri marka köfnunarefnisoxíðs fyrir árið 2016	Viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun (ELV) fyrir ryk	Tillag versins til efri marka ryks fyrir árið 2016	Athugasemdir
		(%)	(mg/Nm^3)	(þar sem við á)	(tonn á ári (tpa))	(mg/Nm^3)	(tonn á ári (tpa))	(mg/Nm^3)	(tonn á ári (tpa))	
(upplýsingar fyrir hvert ver)										
SUMMA					SAMTALS EFRI MÖRK FYRIR BRENNISTEINS-DÍOXÍÐ		SAMTALS EFRI MÖRK FYRIR KÖFNUNAR-EFNISOXÍÐ		SAMTALS EFRI MÖRK FYRIR ryk	

Tafla B.2

Sniðmát fyrir útreikning á efri mörkum losunar fyrir árið 2019

A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K
Númer	Heiti	Viðmiðunarinnihald súrefnis	Viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun (ELV) fyrir brennisteinsdíoxíð (SO_2)	Viðkomandi hlutfall brennisteins-hreinsunar	Tillag versins til efri marka brennisteinsdíoxíðs fyrir árið 2019	Viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun (ELV) fyrir köfnunarefnisoxíð (NO_x)	Tillag versins til efri marka köfnunarefnisoxíðs fyrir árið 2019	Viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun (ELV) fyrir ryk	Tillag versins til efri marka ryks fyrir árið 2019	Athugasemdir
		(%)	(mg/Nm^3)	(þar sem við á)	(tonn á ári (tpa))	(mg/Nm^3)	(tonn á ári (tpa))	(mg/Nm^3)	(tonn á ári (tpa))	
(upplýsingar fyrir hvert ver)										
SUMMA					SAMTALS EFRI MÖRK FYRIR BRENNISTEINS-DÍOXÍÐ		SAMTALS EFRI MÖRK FYRIR KÖFNUNAR-EFNISOXÍÐ		SAMTALS EFRI MÖRK FYRIR ryk	

Tafla B.3

Yfirlit yfir efri mörk losunar

(*tonn á ári*)

	2016	2017	2018	2019	2020 (1. janúar–30. júní)
Brennisteinsdíoxíð					
Köfnunarefnisoxíð					
Ryk					

Viðbætir C

Tafla C.1

Viðmiðunarmörk fyrir losun sem skipta máli fyrir útreikning á einstökum tillögum til efri marka losunar fyrir árið 2016 að því er varðar brennsluver önnur en gashverfla og gashreyfla

Mengunar-efni	Tegund eldsneytis	Viðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm^3)			
		50–100 MW	> 100–300 MW	> 300-500 MW	> 500 MW
Brenni-steinsdíoxíð	Fast efni	2 000	2 000 til 400 (línulegur kvarði) (1. athugasemd)		400
	Vökvi	1 700		1 700 til 400 (línulegur kvarði)	400
	Loftkennt	35 almennt 5 fyrir fljótandi gas 800 fyrir koksofnagas og háofnagas			
Köfnunar-efnisoxíð (6. athuga-semd)	Fast efni (2. athugasemd)	600			200 (3. athugasemd)
	Vökvi	450			400
	Loftkennt	300			200
Ryk	Fast efni	100			50 (4. athugasemd)
	Vökvi	50 (5. athugasemd)			
	Loftkennt	5 almennt 10 fyrir háofnagas 50 fyrir stáliðnaðargas sem hægt er að nota annars staðar			

Viðmiðunarinnihald súrefnis er 6% fyrir eldsneyti í föstu formi og 3% fyrir loftkennt og fljótandi eldsneyti.

Athugasemdir:

1. 800 mg/Nm^3 fyrir ver með nafnvarmaafl sem er meira en eða jafnt og 400 MW, sem ekki eru starfrækt í meira en 1 500 klst. á ári.

2. 1 200 mg/Nm^3 fyrir ver sem brenndu og brenna áfram á 12 mánaða tímabili, sem lauk 1. janúar 2001, eldsneyti í föstu formi sem í er < 10% af rokgjörnum efnum.

3. 450 mg/Nm^3 fyrir ver sem ekki eru starfrækt í meira en 1 500 klst. á ári.

4. 100 mg/Nm^3 fyrir ver þar sem upphaflegt byggingarleyfi eða, ef slík málsmeðferð er ekki fyrir hendi, upphaflegt rekstrarleyfi var veitt fyrir 1. júlí 1987 og sem brenna eldsneyti í föstu formi sem hefur minna varmagildi en 5 800 kJ/kg, rakainnihald > 45% miðað við þyngd, samanlagt raka- og öskuinnihald > 60% miðað við þyngd og kalsíumoxíðinnihald > 10%.

5. 100 mg/Nm^3 fyrir ver með nafnvarmaafl sem er undir 500 MW og brenna fljótandi eldsneyti með > 0,06% öskuinnihaldi.

6. Að því er varðar ver sem eru staðsett í frönsku umdæmunum handan hafsins, Asoreyjum, Madeira eða Kanaríeyjum, gilda eftirfarandi viðmiðunarmörk fyrir losun: Eldsneyti í föstu formi almennt: 650 mg/Nm^3. Eldsneyti í föstu formi með < 10% af rokgjörnum efnasamböndum: 1 300 mg/Nm^3. Fljótandi eldsneyti: 450 mg/Nm^3. Loftkennt eldsneyti: 350 mg/Nm^3.

Tafla C.2

Viðmiðunarmörk fyrir losun sem skipta máli fyrir útreikning á einstökum tillögum til efri marka losunar fyrir árið 2016 að því er varðar köfnunarefnisoxíð fyrir gashverfla og gashreyfla

	Viðmiðunarmörk fyrir losun (ELV) fyrir köfnunarefnisoxíð (NO_x) (mg/Nm^3)
Gashreyflar (sem brenna loftkenndu eldsneyti)	100
Gashverflar (þ.m.t. samvinnsla með gashverfli) sem brenna eftirtöldu eldsneyti:	
Jarðgas (1. athugasemd)	50 (2. og 3. athugasemd)
Loftkennt eldsneyti annað en jarðgas	120
Léttar og meðalléttar olíur	120

Viðmiðunarinnihald súrefnis er 15%.

Athugasemdir:

1. Náttúrlegt metan sem inniheldur ekki meira en 20% (miðað við rúmmál) af hvarftregum lofttegundum og öðrum efnisþáttum.

2. 75 mg/Nm^3 í eftirfarandi tilvikum (þar sem nýtni gashverfilsins er ákvörðuð við grunnálagsskilyrði samkvæmt ISO-staðli):

   — gashverflar sem eru notaðir í samþættum varma- og raforkuvinnslukerfum þar sem heildarnýtnin er yfir 75%,

   — gashverflar sem eru notaðir í samþættum verum þar sem árleg heildarnýtni raforku er yfir 55%,

   — gashverflar sem knýja véldrif.

3. Að því er varðar gashverfla með einfalt vinnsluferli, sem falla ekki í einhvern þeirra flokka sem nefndir eru undir 2. athugasemd en hafa meiri nýtni en 35% (grunnálagsskilyrði samkvæmt ISO-staðli), skulu viðmiðunarmörk fyrir losun (ELV) vera $50 \times \eta/35$ þar sem η er nýtni gashverfilsins (við grunnálagsskilyrði samkvæmt ISO-staðli), gefin upp sem hundraðshluti.

Tafla C.3

Lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar sem skiptir máli fyrir útreikning á einstökum tillögum til efri marka losunar fyrir brennisteinsdíoxíð á árinu 2016 ef um er að ræða brennsluver, sem brenna innlendu eldsneyti í föstu formi, sem geta ekki fylgt viðmiðunarmörkum fyrir losun brennisteinsdíoxíðs sem um getur í 2. og 3. mgr. 30. gr. tilskipunar 2010/75/ESB vegna eiginleika þessa eldsneytis

Heildarnafnvarmaafl	Lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar
50-100 MW	60%
> 100–300 MW	75%
> 300-500 MW	90%
> 500 MW	94% almennt 92% fyrir ver þar sem fyrir liggur samningur um uppsetningu búnaðar fyrir brennisteinshreinsun útblásturs eða kalkinnsprautun og uppsetning búnaðarins hefur hafist fyrir 1. janúar 2001.

Viðbætir D

Tafla D.1

Viðmiðunarmörk fyrir losun sem skipta máli fyrir útreikning á einstökum tillögum til efri marka losunar fyrir árið 2019 að því er varðar brennsluver önnur en gashverfla og gashreyfla

Mengunar-efni	Tegund eldsneytis	Viðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm^3)			
		50-100 MW	> 100–300 MW	> 300-500 MW	> 500 MW
Brenni-steinsdíoxíð	Kol, brúnkol og annað eldsneyti í föstu formi (1. athugasemd)	400	250	200	
	Lífmassi (1. athugasemd)	200			
	Mór (1. athugasemd)	300		200	
	Vökvi	350 (2. athugasemd)	250 (2. athugasemd)	200 (3. athugasemd)	
	Loftkennt	35 almennt 5 fyrir fljótandi gas 400 fyrir koksofnagas með lágt varmagildi 200 fyrir háofnagas með lágt varmagildi			
Köfnunar-efnisoxíð	Kol, brúnkol og annað eldsneyti í föstu formi	300 (4. og 5. athugasemd)	200 (5. athugasemd)		200 (6. athugasemd)
	Lífmassi og mór	300 (5. athugasemd)	250 (5. athugasemd)	200 (5. athugasemd)	200 (6. athugasemd)
	Vökvi	450	200 (5. og 7. athugasemd)	150 (5. og 7. athugasemd)	150 (3. athugasemd)
	Jarðgas (8. athugasemd)	100			
	Aðrar lofttegundir	300			200
Ryk	Kol, brúnkol og annað eldsneyti í föstu formi	30	25	20	
	Lífmassi og mór	30	20		
	Vökvi	30	25	20	
	Loftkennt	5 almennt 10 fyrir háofnagas 30 fyrir gas sem fellur til í stáliðnaði og nota má annars staðar			

Viðmiðunarinnihald súrefnis er 6% fyrir eldsneyti í föstu formi og 3% fyrir loftkennt og fljótandi eldsneyti.

Athugasemdir:

1. 800 mg/Nm^3 fyrir ver sem ekki eru starfrækt í meira en 1 500 rekstrarstundir á ári.
2. 850 mg/Nm^3 fyrir ver sem ekki eru starfrækt í meira en 1 500 rekstrarstundir á ári.
3. 400 mg/Nm^3 fyrir ver sem ekki eru starfrækt í meira en 1 500 rekstrarstundir á ári.
4. 450 mg/Nm^3 þegar um er að ræða brennslu á brúnkoladufti.
5. 450 mg/Nm^3 fyrir ver sem ekki eru starfrækt í meira en 1 500 rekstrarstundir á ári.

6. 450 mg/Nm^3 fyrir ver sem fengu leyfi fyrir 1. júlí 1987 og sem ekki eru starfrækt í meira en 1 500 rekstrarstundir á ári.

7. 450 mg/Nm^3 fyrir ver í efnaverksmiðjum sem nota fljótandi framleiðsluleifar sem eldsneyti, sem ekki er markaðseldsneyti, til eigin þarfa.

8. Náttúrlegt metan sem inniheldur ekki meira en 20% (miðað við rúmmál) af hvarftregum lofttegundum og öðrum efnisþáttum.

Tafla D.2

Viðmiðunarmörk fyrir losun sem skipta máli fyrir útreikning á einstökum tillögum til efri marka losunar fyrir árið 2019 að því er varðar köfnunarefnisoxíð fyrir gashverfla og gashreyfla

	Viðmiðunarmörk fyrir losun (ELV) fyrir köfnunarefnisoxíð (NO_x) (mg/Nm^3)
Gashreyflar (sem brenna loftkenndu eldsneyti)	100
Gashverflar (þ.m.t. samvinnsla með gashverfli) sem brenna eftirtöldu eldsneyti:	
Jarðgas (1. athugasemd)	50 (2., 3. og 4. athugasemd)
Loftkennt eldsneyti annað en jarðgas	120 (5. athugasemd)
Léttar og meðalléttar olíur	90 (5. athugasemd)

Viðmiðunarinnihald súrefnis er 15%.

Athugasemdir:

1. Jarðgas er náttúrulegt metan sem inniheldur ekki meira en 20% (miðað við rúmmál) af hvarftregum efnum og öðrum efnisþáttum.

2. 75 mg/Nm^3 í eftirfarandi tilvikum (þar sem nýtni gashverfilsins er ákvörðuð við grunnálagsskilyrði samkvæmt ISO-staðli):

   — gashverflar sem eru notaðir í samþættum varma- og raforkuvinnslukerfum þar sem heildarnýtnin er yfir 75%,

   — gashverflar sem eru notaðir í samþættum verum þar sem árleg heildarnýtni raforku er yfir 55%,

   — gashverflar sem knýja véldrif.

3. Að því er varðar gashverfla með einfalt vinnsluferli, sem falla ekki í einhvern þeirra flokka sem nefndir eru undir 2. athugasemd en hafa meiri nýtni en 35% (grunnálagsskilyrði samkvæmt ISO-staðli), skulu viðmiðunarmörk fyrir losun (ELV) vera 50 × η/35 þar sem η er nýtni gashverfilsins (við grunnálagsskilyrði samkvæmt ISO-staðli), gefin upp sem hundraðshluti.

4. 150 mg/Nm^3 fyrir ver sem ekki eru starfrækt í meira en 1 500 rekstrarstundir á ári.

5. 200 mg/Nm^3 fyrir ver sem ekki eru starfrækt í meira en 1 500 rekstrarstundir á ári.

Tafla D.3

Lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar sem skiptir máli fyrir útreikning á einstökum tillögum til efri marka losunar fyrir brennisteinsdíoxíð á árinu 2019 ef um er að ræða brennsluver, sem brenna innlendu eldsneyti í föstu formi, sem geta ekki fylgt viðmiðunarmörkum fyrir losun brennisteinsdíoxíðs sem um getur í 2. og 3. mgr. 30. gr. tilskipunar 2010/75/ESB vegna eiginleika þessa eldsneytis

Heildarnafnvarmaafl	Lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar
50-100 MW	80%
> 100–300 MW	90%
> 300 MW	96% almennt 95% fyrir ver sem brenna olíuleirsteini

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1391 2016/EES/05/52

frá 13. ágúst 2015

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1200/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði að því er varðar reiknistuðla búfjáreininga og skilgreiningar á einkennum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 frá 19. nóvember 2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði, einkum 4. mgr. 7. gr. og 7. mgr. 11. gr. ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1166/2008 er komið á ramma til þess að veittar séu samanburðarhæfar hagskýrslur Sambandsins um framleiðsluskipan á búum og um könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 715/2014([2]) er sett fram ný skrá yfir skráningaratriði sem á að safna í könnuninni á framleiðsluskipan á bújörðum fyrir árið 2016. Því er nauðsynlegt að breyta skilgreiningunum.

3) Vegna samanburðarhæfis þarf að skilja og beita hugtökum á skránni yfir skráningaratriði, sem um getur í 2. forsendu, á samræmdan hátt alls staðar innan Sambandsins. Því er nauðsynlegt að breyta skilgreiningum skráningaratriðanna sem nota á í könnuninni á framleiðsluskipan á bújörðum.

4) Laga ætti II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2009([3]) að nýju skránni yfir skráningaratriði sem um getur í 2. forsendu.

5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1200/2009 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 72/279/EBE([4]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1200/2009 komi textinn sem er settur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 215, 14.8.2015, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 291/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 321, 1.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 715/2014 frá 26. júní 2014 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði að því er varðar skrána yfir skráningaratriði sem á að safna í könnuninni á framleiðsluskipan á bújörðum fyrir árið 2016 (Stjtíð. ESB L 190, 28.6.2014, bls. 8).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2009 frá 30. nóvember 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði að því er varðar reiknistuðla búfjáreininga og skilgreiningar á einkennum (Stjtíð. ESB L 329, 15.12.2009, bls. 1).

([4]) Ákvörðun ráðsins 72/279/EBE frá 31. júlí 1972 um að koma á fót fastanefnd um landbúnaðarskýrslur (Stjtíð. EB L 179, 7.8.1972, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. ágúst 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Skilgreiningar á skráningaratriðum fyrir kannanir Sambandsins á framleiðsluskipan á bújörðum([5])

I. **ALMENN SKRÁNINGARATRIÐI**

Staðsetning búrekstrareiningarinnar

Staðsetning búsins er skilgreint í e-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1166/2008.

Flokkun hagskýrslusvæða, svæði 3 (NUTS 3)

Svæði 3 í flokkun hagskýrslusvæða (NUTS 3) (samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 31/2011([6])) þar sem búrekstrareiningin er staðsett.

Er búrekstrareiningin á harðbýlu landbúnaðarsvæði?

Veita á upplýsingar um harðbýl landbúnaðarsvæði í samræmi við 32. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1305/2013([7]).

L — búrekstrareiningin er á harðbýlu landbúnaðarsvæði, öðru en fjallendi, og stendur frammi fyrir náttúrulegum takmörkunum, eða er á öðru svæði með sértækum takmörkunum.

M — búrekstrareiningin er á harðbýlu svæði í fjallendi.

N — venjulegt svæði (ekki harðbýlt landbúnaðarsvæði).

Lögformleg staða búrekstrareiningarinnar

Lögformleg staða búrekstrareiningarinnar er háð stöðu eiganda.

Er búrekstrareiningin á sameiginlegu landi?

Sérstök „bú sem er á sameiginlegu landi“ — raunveruleg eining sem er búin til í þeim tilgangi að afla og skrá gögn, samanstendur af hagnýttu landbúnaðarsvæði í notkun á búrekstrareiningunni en sem tilheyrir henni ekki beint, þ.e. þar sem sameignarréttindi gilda.

Er lagaleg og efnahagsleg ábyrgð búrekstrareiningarinnar í umsjá:

einstaklings sem er eini eigandi búrekstrareiningarinnar með sjálfstæðan rekstur?

Einn einstaklingur sem er eigandi búrekstrareiningar sem tengist ekki búrekstrareiningum annarra ábúenda, hvorki með sameiginlegri stjórnun né áþekku fyrirkomulagi.

Ef svarið við spurningunni að ofan er „já“ er sá einstaklingur (eigandi) jafnframt bústjóri?

Ef sá einstaklingur er ekki bústjóri, er bústjórinn í fjölskyldu eigandans?

Ef bústjórinn er í fjölskyldu eigandans er bústjórinn maki eigandans?

eins eða fleiri einstaklinga sem eru samstarfsaðilar á búrekstrareiningu með sameiginlegan rekstur?

Samstarfsaðili eða -aðilar á búrekstrareiningu með sameiginlegan rekstur eru einstaklingar sem eiga, leigja eða stjórna á annan hátt í sameiningu einu búi eða stjórna í sameiningu einstökum búrekstrareiningum sínum eins og um eina búrekstrareiningu væri að ræða. Slíkt samstarf verður að vera í samræmi við lög eða samkvæmt skriflegum samningi.

([5]) Grunnskilgreiningar búa og búfjáreininga skulu vera þær sem eru settar fram í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1166/2008.

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 31/2011 frá 17. janúar 2011 um breytingu á viðaukum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS). (Stjtíð ESB L 13, 18.1.2011, bls. 3).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1305/2013 frá 17. desember 2013 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1698/2005 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 487).

lögaðila?

Lögaðili sem er ekki einstaklingur en hefur venjuleg réttindi og skyldur einstaklings, s.s. hæfi til að lögsækja eða vera lögsóttur (almennt gerhæfi).

Tegund ábúðar (sem snýr að eiganda) og búrekstur

Hagnýtt landbúnaðarsvæði:

Hagnýtt landbúnaðarsvæði er heildarsvæði í notkun á búrekstrareiningunni sem akurland eða fastagraslendi fyrir fjölærar nytjaplöntur og fyrir matjurtagarð, óháð tegund ábúðar eða hvort það er notað sem hluti sameiginlegs lands.

Sjálfseignarbúskapur

Hagnýtt landbúnaðarsvæði sem er í rekstri búrekstrareiningarinnar og er í eigu eigandans eða hann hefur afnotarétt af því eða erfðaleigurétt á til langs tíma eða samkvæmt annarri sambærilegri tegund ábúðar.

Leigubúskapur

Hagnýtt landbúnaðarsvæði í leigu búrekstrareiningarinnar gegn fastri leigu sem samið er um fyrir fram (í peningum, í fríðu eða á annan hátt) og gerður hefur verið (skriflegur eða munnlegur) leigusamningur um. Hagnýtt landbúnaðarsvæði telst aðeins til einnar búrekstrareiningar. Hagnýtt landbúnaðarsvæði telst að jafnaði til búrekstrareiningarinnar sem það tilheyrir á viðmiðunardegi könnunar eða þeirrar búrekstrareiningar sem nýtti það lengst á viðmiðunarárinu ef það er leigt út til fleiri en einnar búrekstrareiningar á viðmiðunarári .

Samvinnubúskapur eða annar búskapur

a) Landbúnaðarsvæði til samvinnubúskapar er það hagnýta landbúnaðarsvæði (sem getur talist heil búrekstrareining) sem er ræktað í samvinnu leigusala og leiguliða samkvæmt skriflegum eða munnlegum samningi um samvinnubúskap. Afrakstur (annaðhvort fjárhagslegur eða áþreifanlegur) samvinnubúskaparsvæðis skiptist á milli tveggja aðila samkvæmt samkomulagi.

b) Hagnýtt landbúnaðarsvæði í notkun fyrir annars konar ábúð er hagnýtt landbúnaðarsvæði sem fellur ekki undir fyrrgreinda liði.

Sameiginlegt land

Hagnýtt landbúnaðarsvæði, sem er í notkun á búinu en sem tilheyrir því ekki beint, þ.e. þar sem sameignarréttindi gilda.

Lífrænn búskapur

Ræktunaraðferð samkvæmt tilteknum stöðlum og reglum sem eru skilgreindar í i. reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007([8]), eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf, og ii. samsvarandi innlendum framkvæmdarreglum um lífræna framleiðslu.

Hagnýtt landbúnaðarsvæði á búrekstrareiningunni í heild sinni þar sem lífrænum framleiðsluaðferðum er beitt og þær vottaðar í samræmi við innlendar reglur eða reglur Evrópusambandsins

Sá hluti hagnýtts landbúnaðarsvæðis búrekstrareiningarinnar þar sem framleiðsluaðferðir sem notaðar eru uppfylla allar grundvallarreglur um lífræna framleiðslu á býli sem eru settar fram í i. lið í reglugerð (EB) nr. 834/2007 eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf, og ii. lið í samsvarandi innlendum framkvæmdarreglum um vottun á lífrænni framleiðslu.

Hagnýtt landbúnaðarsvæði á búrekstrareiningunni í heild sinni þar sem verið er að hverfa til lífrænna framleiðsluaðferða sem votta skal samkvæmt innlendum reglum eða reglum Evrópusambandsins

Sá hluti hagnýtts landbúnaðarsvæðis búrekstrareiningar þar sem lífrænum búskaparháttum er beitt en ólokið er umbreytingartímabili sem nauðsynlegt er til að teljast uppfylla allar grundvallarreglur um lífræna framleiðslu á býli, sem eru settar fram í i. lið í reglugerð (EB) nr. 834/2007 eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf, og ii. lið í samsvarandi innlendum framkvæmdarreglum um vottun á lífrænni framleiðslu.

([8]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

Svæði búrekstrareiningar þar sem lífrænum framleiðsluaðferðum, samkvæmt innlendum reglum eða reglum Evrópusambandsins, er annaðhvort beitt og þær vottaðar eða verið er að vinna að vottun

Sá hluti hagnýtts landbúnaðarsvæðis búrekstrareiningarinnar þar sem lífrænum framleiðsluaðferðum er annaðhvort beitt og þær vottaðar eða verið er að vinna að undirbúningi að vottun samkvæmt tilteknum stöðlum og reglum sem eru skilgreindar í i. lið í reglugerð (EB) nr. 834/2007 eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf, og ii. lið í samsvarandi landsreglum um lífræna framleiðslu sem er sundurliðuð eftir nytjaplöntuflokkum.

Mismunandi ræktunarflokkar fyrir lífræna framleiðslu eru taldir upp hér á eftir. Vinsamlegast athugið að nytjaplöntur eru skilgreindar í II. þætti. Á landi.

Kornjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. sáðkorn)

Þurrkaðar belgjurtir og prótínjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. fræ og blöndur úr korni og belgjurtum)

Kartöflur (þ.m.t. sumarkartöflur og útsæði)

Sykurrófur (þó ekki fræ)

Olíufræsjurtir

Ferskt grænmeti, melónur og jarðarber

Bithagi og engi til beitar, þó ekki rýrt beitiland

Ávaxta- og berjaekrur

Sítrusplantekrur

Ólífuekrur

Vínekrur

Önnur uppskera (trefjaplöntur o.s.frv.) þ.m.t. rýrt beitiland

Lífrænar framleiðsluaðferðir sem beitt er við búfjárframleiðslu og eru vottaðar samkvæmt innlendum reglum eða reglum Evrópusambandsins

Fjöldi dýra sem eru alin á búrekstrareiningu þar sem öll búfjárframleiðsla, eða hluti hennar, uppfyllir allar grundvallarreglur um lífræna framleiðslu á býli, sem eru settar fram í i. lið í reglugerð (EB) nr. 834/2007 eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf, og ii. lið í samsvarandi landsreglum um vottun á lífrænni framleiðslu sem er sundurliðuð eftir dýraflokkum.

Búfé er skilgreint í III. þætti. Búfé.

Nautgripir

Svín

Sauðfé og geitur

Alifuglar

Önnur dýr

Ráðstöfun á framleiðslu búrekstrareiningarinnar

Á heimili er neytt meira en 50% af virði endanlegra afurða búrekstrareiningarinnar

Heimilið er fjölskyldueining sem eigandinn tilheyrir og þar sem heimilismenn eru með sameiginlegar vistarverur, samnýta allar, eða hluta af, tekjur sínar, og fjármuni, og nota tilteknar vörur og þjónustu í sameiningu, einkum húsnæði og matvæli.

Endanleg framleiðsla, eins og um getur samkvæmt þessu skráningaratriði, fylgir skilgreiningu á nothæfri framleiðslu í þjóðhagsreikningum fyrir landbúnað ([9]).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004 frá 5. desember 2003 um hagreikninga landbúnaðarins í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2004, bls. 1).

Bein sala til lokaneytenda er meira en 50% af heildarsölu búrekstrareiningarinnar

Bein sala til lokaneytenda á við um sölu búrekstrareiningar á eigin landbúnaðarafurðum, unnum eða ekki, beint til neytenda til eigin neyslu. Hundraðshlutinn verður reiknaður út frá verðgildi í peningum, óháð því hvort greitt hafi verið fyrir söluna með peningum, í fríðu eða á annan hátt.

II. **LAND**

Heildarsvæði búrekstrareiningar er hagnýtt landbúnaðarsvæði (akurland, fastagraslendi, land undir fjölærar nytjaplöntur og matjurtagarðar) og annað land (land sem er ekki hagnýtt, skóglendi og annað land).

Akurland

Land sem er ræktað (plægt eða rutt) reglulega, að jafnaði við skiptirækt.

Við skiptiræktun er skipt árlega um nytjaplöntur á tilteknum akri, eftir fyrirfram ákveðnu mynstri eða í röð eftir ræktunarárum svo að nytjaplöntur sömu tegundar séu ekki ræktaðar án hlés á sama akri. Að öllu jöfnu er skipt um nytjaplöntur árlega en þær geta einnig verið ræktaðar í nokkur ár samfleytt. Viðmiðunarmörkin, til að greina akurland frá landi undir fjölærar nytjaplöntur eða fastagraslendi, skulu vera fimm ár. Í þessu felst að reitur telst ekki vera akurland ef hann er notaður undir sömu nytjaplöntu í fimm ár eða lengur, án þess að fyrri nytjaplanta sé fjarlægð og nýrri plantað.

Kornjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. sáðkorn)

Hér skal skrá öll svæði þar sem kornjurtir eru uppskornar þroskaðar, óháð notkun (þ.m.t. kornjurtir sem eru notaðar til vinnslu endurnýjanlegrar orku).

Hveiti og spelt

Triticum aestivum L. emend. Fiori et Paol., *Triticum spelta* L. og *Triticum monococcum* L.

Harðhveiti

Triticum durum Desf.

Rúgur

Secale cereale L., þ.m.t. blöndur af rúgi og öðrum kornjurtum sem sáð er að hausti (meslín).

Bygg

Hordeum vulgare L.

Hafrar

Avena sativa L., þ.m.t. blöndur af höfrum og öðrum kornjurtum sem sáð er að vori.

Maískorn

Maís (*Zea mays* L.) sem er ræktaður vegna kornsins.

Hrísgrjón

Oryza sativa L.

Aðrar kornjurtir til kornframleiðslu

Kornjurtir sem er sáð til í hreinni ræktun, uppskornar sem þroskað korn og eru ekki skráðar annars staðar í fyrri liðum.

Þurrkaðar belgjurtir og prótínjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. fræ og blöndur úr korni og belgjurtum)

Nytjaplöntur sem er sáð til og þær uppskornar einkum vegna prótíninnhalds þeirra.

Hér skal skrá öll svæði þar sem þurrkaðar belgjurtir og prótínjurtir eru uppskornar þroskaðar, óháð notkun (þ.m.t. nytjaplöntur sem eru notaðar til vinnslu endurnýjanlegrar orku).

sem eru ertur, gráertur og sætar úlfabaunir

Pisum sativum L., *Vicia faba* L., *Lupinus* spp., sem sáð er í hreinni ræktun og uppskornar þroskaðar.

Kartöflur (þ.m.t. sumarkartöflur og útsæði)

Solanum tuberosum L.

Sykurrófur (þó ekki fræ)

Beta vulgaris L. ætlað fyrir sykuriðnaðinn og til að framleiða alkóhól (þ.m.t. til orkuvinnslu).

Fóðurrófur og fóðurkál (þó ekki fræ)

Fóðursykurrófur (*Beta vulgaris* L.) og jurtir af Brassicae-ættinni sem eru einkum uppskornar sem dýrafóður, hvort sem er um að ræða rót eða stilkur, og aðrar plöntur sem eru einkum ræktaðar vegna rótanna sem eru ætlaðar í fóður, ót.a.

Iðnaðarplöntur

Nytjaplöntur sem eru að öllu jöfnu ekki seldar beint til neyslu þar sem þær þurfa að fara í vinnslu áður en til neyslu kemur.

Öll ræktuð svæði með iðnaðarplöntum, óháð notkun, skal skrá hér (þ.m.t. nytjaplöntur sem eru notaðar til vinnslu endurnýjanlegrar orku).

Tóbak

Nicotiana tabacum L.

Humlar

Humulus lupulus L.

Baðmull

Gossypum spp., uppskorin vegna trefja og vegna olíufræja.

Repja og akurfrækál

Brassica napus L. (partim) og *Brassica rapa* L. var. *sylvestris* (Lam.) Briggs, ræktað til framleiðslu á olíu, uppskorið sem þroskað korn.

Sólblóm

Helianthus annuus L., uppskorið sem þroskað korn.

Soja

Glycine max L. Merril, uppskorið sem þroskað korn.

Hörfræ (olíulín)

Linum usitatissimum L., yrki sem eru einkum ræktuð til að framleiða olíu, uppskorin sem þroskað korn.

Aðrar olíufræsjurtir

Aðrar nytjaplöntur sem eru einkum ræktaðar vegna olíuinnihalds þeirra og uppskornar sem þroskað korn, ót.a.

Hör

Linum usitatissimum L., yrki sem eru einkum ræktuð til að framleiða trefjar.

Hampur

Cannabis sativa L.

Aðrar trefjaplöntur

Aðrar plöntur sem eru einkum ræktaðar vegna trefjainnihalds þeirra, ót.a.

Ilmjurtir, lækninga- og matjurtir

Plöntur eða plöntuhlutar til lyfjagerðar, ilmvatnsframleiðslu eða til manneldis.

Jurtir til matreiðslu eru frábrugðnar grænmeti þar sem þær eru notaðar í litlu magni og frekar til að gefa bragð en matarefni.

Aðrar iðnaðarplöntur, ót.a.

Aðrar iðnaðarplöntur sem ekki hefur verið getið annars staðar.

Ræktunarsvæði sem eru einungis notuð til vinnslu endurnýjanlegrar orku eru þar með talin.

Ferskt grænmeti, melónur og jarðaber sem eru:

Úti eða undir lágu (ómanngengu) skýli

Ferskt grænmeti, melónur, jarðarber, úti eða undir lágu (ómanngengu) skýli.

Á opnum akri

Ferskt grænmeti, melónur og jarðarber í skiptirækt á akurlandi með öðrum nytjaplöntum.

Garðyrkja í atvinnuskyni

Ferskt grænmeti, melónur og jarðarber í skiptirækt á akurlandi með einungis nytjaplöntum í garðyrkju.

Undir gleri eða öðru (manngengu) skýli

Nytjaplöntur sem vaxa allan eða stærsta hluta líftíma síns í gróðurhúsi eða undir föstu eða færanlegu skýli (úr gleri eða stífu eða sveigjanlegu plasti).

Blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum)

Úti eða undir lágu (ómanngengu) skýli

Blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum), úti eða undir lágu (óaðgengilegu) skýli

Undir gleri eða öðru (manngengu) skýli

Blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum) sem vaxa allan eða stærsta hluta líftíma síns í gróðurhúsi eða undir föstu eða færanlegu skýli (úr gleri eða stífu eða sveigjanlegu plasti).

Plöntur sem eru skornar áður en þær verða fullþroska

Allar nytjaplöntur á akurlandi sem eru skornar áður en þær verða fullþroska og einkum ætlaðar í dýrafóður, vinnsla endurnýjanlegrar orku (t.d. vinnsla lífmassa úr grænfóðurmaís) eða grænáburðar teljast með hér, þ.e. korntegundir, grös, belgjurtir eða iðnaðarplöntur og aðrar nytjaplöntur á akurlandi sem eru skornar og/eða notaðar áður en þær verða fullþroska.

Rækta skal nytjaplönturnar í skiptirækt með öðrum nytjaplöntum, á sömu landspildu skemur en í fimm ár (einærar eða fjölærar fóðurplöntur).

Nytjaplöntur sem eru ekki notaðar á búrekstrareiningunni heldur seldar, annaðhvort til beinnar notkunar á annarri búrekstrareiningu eða til iðnaðar, eru meðtaldar.

Skammær grös

Grasplöntur fyrir beit, hey eða vothey sem eru meðtaldar sem hluti af venjulegri skiptirækt í a.m.k. eitt ár og skemur en í fimm ár og sáð er til ásamt grasi eða grasblöndum. Áður en sáð er að nýju í þessi svæði eru þau plægð eða rudd eða plöntunum er fargað á annan hátt t.d. með illgresiseyði.

Blöndur að stærstum hluta úr grasplöntum og öðrum fóðurjurtum (yfirleitt belgjurtum), sem eru nýttar til beitar, sem grænfóður eða þurrhey, eru meðtaldar hér.

Aðrar plöntur sem eru skornar áður en þær verða fullþroska

Aðrar einærar eða fjölærar (skemur en í fimm ár) nytjaplöntur sem eru skornar áður en þær verða fullþroska, eins og lýst er í „Plöntur sem eru skornar áður en þær verða fullþroska".

Grænfóðurmaís

Allar gerðir maíss (*Zea mays* L.) sem eru einkum ræktaðar fyrir vothey og eru ekki skornar í korn (heilir stönglar, plöntuhlutar eða heilar plöntur).

Þar er með talinn grænfóðurmaís sem er notaður beint í dýrafóður (ekki votverkaður) og heilir kólfar (korn, blómskipunarstilkur, hýði) skornir í fóður, votverkaðir eða til vinnslu endurnýjanlegrar orku.

Belgjurtir

Belgjurtir sem eru ræktaðar og skornar í heilu lagi áður en þær verða fullþroska, einkum til notkunar sem fóður, orka eða grænáburður.

Hér eru meðtaldar blöndur að stærstum hluta úr belgfóðurjurtum (yfirleitt > 80%) og grasplöntum, uppskornar áður en þær verða fullþroskaðar eða sem þurrhey.

Aðrar plöntur sem eru uppskornar áður en þær verða fullþroska, ót.a.

Aðrar nytjaplöntur á akurlandi einkum ætlaðar í dýrafóður, uppskornar áður en þær verða fullþroska, ót.a.

Fræ og ungplöntur á akurlandi

Svæði sem gefa af sér fræ og ungplöntur til sölu, þó ekki korn, hrísgrjón, belgjurtir, kartöflur eða olíufræ. Hér eru meðtalin svæði með grænfóðri, uppskorið sem fræ, rætur uppskornar sem fræ, fræ og ungplöntur sem grænmeti og blóm til sölu, o.s.frv.

Aðrar akurplöntur á akurlandi

Akurplöntur, ót.a.

Hvíldarland

Tekur til alls akurlands, annaðhvort til skiptiræktunar eða þess sem er viðhaldið í góðu landbúnaðar- og umhverfisástandi (GAEC([10])), hvort sem það er ræktað eða ekki, þar sem ekki á að skera upp á ræktunarárinu.

Grundvallareinkenni hvíldarlands er að það er hvílt svo að það nái sér, að jafnaði í heilt ræktunarár.

Hvíldarland getur verið:

1. autt land án nokkurrar uppskeru,

2. land með sjálfsprottinn gróður sem unnt er að nota sem fóður eða plægja niður,

3. land sem einungis er sáð í til framleiðslu grænáburðar (grænt hvíldarland).

Matjurtagarðar

Svæði notuð til ræktunar afurða til heimilisnota eiganda á bújörðinni og heimilis hans og að öllu jöfnu aðskilin frá öðru landi bújarðarinnar og auðþekkjanleg sem matjurtagarðar.

Einungis tilfallandi umframframleiðsla af þessu svæði er seld út frá búrekstrareiningunni. Fari stöðug sala afurða svæðisins fram á markaði skulu þau tilheyra öðrum liðum, jafnvel þótt eigandinn og heimili hans neyti hluta afurðanna.

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 frá 17. desember 2013 um fjármögnun, stjórnun og eftirlit með sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 352/78, (EB) nr. 165/94, (EB) nr. 2799/98, (EB) nr. 814/2000, (EB) nr. 1290/2005 og (EB) nr. 485/2008 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 549)

Fastagraslendi

Land sem er nýtt til fastrar ræktunar (í fimm ár eða lengur) jurtkenndra fóðurjurta, með ræktun (sáningu) eða náttúrlega (sjálfsáningu) og er ekki notað í skiptirækt á búrekstrareiningunni.

Nota má landið til beitar, slá það til vinnslu votheys og þurrheys eða endurnýjanlegrar orku.

Graslendi og engi, þó ekki rýrt beitiland

Fastabithagar þar sem jarðvegur er góður eða meðalgóður. Yfirleitt er hægt að nota þessi svæði til þéttbærrar beitar.

Rýrt beitiland

Fastagraslendi með lítinn afrakstur, yfirleitt þar sem jarðvegur er rýr, t.d. á hæðóttu landi og hálendi sem er yfirleitt ekki bætt með áburði, ræktun, sáningu eða framræslu.

Að öllu jöfnu er einungis hægt að nota þessi svæði til dreifbærrar beitar og þau eru að öllu jöfnu ekki slegin eða einungis dreifbært, þau þola ekki þétta beit dýra.

Fastagraslendi sem ekki er lengur notað í framleiðsluskyni og fellur undir reglur um greiðslur styrkja

Svæði með fastagraslendi eða engi sem ekki eru lengur notuð til framleiðslu og, í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1782/2003 ([11]) eða eftir atvikum í nýjustu löggjöf, viðhaldið í góðu landbúnaðar- og umhverfisástandi og uppfylla skilyrði um fjárstuðning.

Fjölærar nytjaplöntur

Nytjaplöntur sem eru ekki í skiptirækt (á þó ekki við um fastagraslendi), eru ræktaðar í langan tíma og gefa uppskeru í nokkur ár.

Ávaxta- og berjaekrur

Svæði með trjám, runnum og öðrum fjölærum berjaplöntum en jarðarberjum til framleiðslu á ávöxtum. Í aldingörðum getur ýmist verið stutt eða langt bil á milli trjánna.

Ávaxtategundir, þar af:

Ávextir frá tempruðu beltunum

Plantekrur með ávaxtatrjám, venjulega í tempruðu loftslagi, til framleiðslu á ávöxtum.

Ávextir frá heittempruðu beltunum

Plantekrur með ávaxtatrjám, venjulega í heittempruðu loftslagi, til framleiðslu á ávöxtum.

Berjategundir

Berjaplantekrur, venjulega í bæði tempruðu og heittempruðu loftslagi, til framleiðslu á berjum.

Hnetur

Plantekrur með hnetutrjám, venjulega í bæði tempruðu og heittempruðu loftslagi.

Sítrusplantekrur

Plantekrur fyrir *Citrus* spp.

([11]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1782/2003 frá 29. september 2003 um sameiginlegar reglur um bein stuðningskerfi samkvæmt sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og um innleiðingu tiltekinna stuðningskerfa fyrir bændur og um breytingu á reglugerðum (EBE) nr. 2019/93, (EB) nr. 1452/2001, (EB) nr. 1453/2001, (EB) nr. 1454/2001, (EB) nr. 1868/94, (EB) nr. 1251/1999, (EB) nr. 1254/1999, (EB) nr. 1673/2000, (EBE) nr. 2358/71 og (EB) nr. 2529/2001 (Stjtíð. ESB L 270, 21.10.2003, bls. 1).

Ólífuplantekrur

Plantekrur fyrir *Olea europaea* L.

Gefa að jafnaði af sér ólífur til átu

Plantekrur fyrir yrki sem eru að jafnaði ræktuð til að gefa af sér ólífur til átu.

Gefa að jafnaði af sér ólífur til olíuframleiðslu

Plantekrur fyrir yrki sem eru að jafnaði ræktuð til ólífuolíuframleiðslu.

Vínekrur, sem gefa að jafnaði af sér:

Plantekrur fyrir *Vitis vinifera* L.

Gæðavín

Ræktun þrúguyrkja, að jafnaði til að framleiða vín með verndaða upprunatáknun (VUT) sem uppfyllir kröfur i. liðar í reglugerð ráðsins (EB) nr. 479/2008([12]) eða, eftir atvikum, nýjustu löggjafar og ii. lið í samsvarandi landsreglum.

Ræktun þrúguyrkja, að jafnaði til að framleiða vín með verndaða landfræðilega merkingu (VLM) sem uppfyllir kröfur i. liðar í reglugerð (EB) nr. 479/2008 eða, eftir atvikum, nýjustu löggjafar og ii. lið í samsvarandi landsreglum.

Annað vín

Ræktun þrúguyrkja til framleiðslu annars víns en þess sem er með verndaða upprunatáknun (VUT) eða verndaða landfræðilega merkingu (VLM).

Vínber til neyslu

Ræktun þrúguyrkja sem eru að jafnaði til framleiðslu ferskra þrúgna.

Rúsínur

Ræktun þrúguyrkja sem eru að jafnaði til framleiðslu rúsína.

Gróðrarstöðvar

Svæði þar sem ungar, viðarkenndar plöntur eru ræktaðar undir berum himni til umplöntunar síðar:

a) gróðrarstöðvar fyrir vínviðar- og frumstofna,

b) gróðrarstöðvar fyrir ávaxtatré og ber,

c) gróðrarstöðvar fyrir skrautjurtir,

d) gróðrarstöðvar reknar í atvinnuskyni fyrir skógartré (þó ekki þau sem eru í skóglendi og er ætlað að uppfylla þarfir búrekstrareiningarinnar),

e) tré og runnar til að gróðursetja í görðum, almenningsgörðum og meðfram vegum og ám, (t.d. limgerði, rósarunnar og aðrir skrautrunnar og skrautbarrtré), þ.m.t. í öllum tilvikum stofnar þeirra og ungplöntur.

Aðrar fjölærar nytjaplöntur

Fjölærar nytjaplöntur í ræktun utanhúss, aðrar en þær sem eru skráðar undir fyrri fyrirsögn, einkum þær sem eru notaðar til að flétta eða vefa úr og eru að jafnaði uppskornar á hverju ári, einnig tré sem eru gróðursett í atvinnuskyni á hagnýttu landbúnaðarsvæði sem jólatré.

Fjölærar nytjaplöntur ræktaðar í gróðurhúsi

([12]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 479/2008 frá 29. apríl 2008 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir vín, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1493/1999, (EB) nr. 1782/2003, (EB) nr. 1290/2005, (EB) nr. 3/2008 og niðurfellingu á reglugerðum (EBE) nr. 2392/86 og (EB) nr. 1493/1999 (Stjtíð. ESB. L 148, 6.6.2008, bls. 1).

Annað land

„Annað land“ er landbúnaðarland sem ekki er hagnýtt (landbúnaðarland sem ekki er lengur nytjað af efnahagslegum, félagslegum eða öðrum ástæðum og ekki notað til skiptiræktunar), skóglendi og annað land með byggingum, bæjarhlöðum, vegum, tjörnum, grjótnámum, gróðursnauðu landi, land með grýttum jarðvegi o.s.frv.

Landbúnaðarland sem ekki er hagnýtt

Svæði sem áður var nýtt í landbúnaði en var á viðmiðunarárinu ekki lengur ræktað af efnahagslegum, félagslegum eða öðrum ástæðum og er ekki notað við skiptiræktun, þ.e. land sem er ekki ætlað til nota í landbúnaði.

Hægt er að hefja ræktun á þessu landi á ný með því að nýta þá framleiðsluþætti sem að jafnaði eru fyrir hendi á búinu.

Skóglendi

Svæði sem eru þakin trjám eða skógarrunnum, þ.m.t. aspaekrur og plantekrur annarra svipaðra trjáa, í skógi eða ekki, og gróðrarstöðvar fyrir skógartré í skóglendi sem er ætlað að uppfylla þarfir búrekstrareiningarinnar og einnig aðstaða í skógum (vegir, geymslustaðir fyrir timbur, o.s.frv.).

þar af með stuttan skiptiræktunartíma

Skóglendi fyrir ræktun viðarplantna þar sem skiptiræktunartíminn er 20 ár eða minna.

Skiptiræktunartímabilið er tíminn frá fyrstu sáningu/plöntun trjánna fram að uppskeru endanlegrar afurðar þar sem eðlilegar ræktunaraðgerðir, s.s. grisjun, eru ekki meðtaldar.

Annað land (með byggingum, bæjarhlöðum, vegum, tjörnum, grjótnámum, gróðursnauðu landi, grýttum jarðvegi o.s.frv.)

Allir hlutar heildarsvæðisins, sem tilheyrir búinu og teljast hvorki hagnýtt landbúnaðarsvæði, landbúnaðarsvæði sem ekki er hagnýtt né skóglendi.

Ætisveppir

Ræktaðir ætisveppir, ræktaðir í byggingum sem hafa verið sérstaklega reistar eða lagaðar í þeim tilgangi, sem og í neðanjarðarrými, hellum og kjöllurum.

Orkuplöntur (til vinnslu á lífeldsneyti eða annarri endurnýjanlegri orku)

Ræktunarsvæði sértækra orkuplantna, sem eru ekki notaðar til annars en orkuvinnslu og eru ræktaðar á ræktanlegu landbúnaðarlandi.

Áveitusvæði

Heildaráveitusvæði

Heildarhámark hagnýtts landbúnaðarsvæðis sem hægt væri að vökva á viðmiðunarárinu með þeim búnaði og vatnsmagni sem að jafnaði er fyrir hendi á búrekstrareiningunni.

Heildarsvæði ræktaðs lands sem hefur verið vökvað a.m.k. einu sinni á undangengnum 12 mánuðum

Ræktunarsvæði sem hefur verið vökvað a.m.k. einu sinni á undangengnum 12 mánuðum fyrir viðmiðunardag könnunarinnar.

Vökvunaraðferðir sem eru notaðar:

Yfirborðsáveita (flóð, skurðir)

Vatni er veitt með jörðinni, annaðhvort með því að láta flæða yfir allt svæðið eða veita vatni í litla skurði á milli plönturaðanna með hjálp þyngdaraflsins.

Úðavökvun

Plöntur eru vökvaðar með því að vatni er sprautað við mikinn þrýsting yfir landspildurnar.

Dreypivökvun

Plöntur eru vökvaðar með dreypivökvun á neðsta plöntuhlutann eða með örúðunar- eða þokuúðatækni.

Vatnslindir til vökvunar í búrekstrareiningunni:

Hvaðan allt eða mest allt vatn til vökvunar á búrekstrareiningunni er fengið.

Grunnvatn á býlinu

Vatnslindir, sem eru á eða nærri búrekstrareiningunni, þar sem vatni er dælt úr borholum eða brunnum eða úr rennandi, náttúrlegum grunnvatnsuppsprettum o.þ.h.

Yfirborðsvatn á býlinu

Litlar, náttúrlegar tjarnir eða manngerð uppistöðulón sem eru að öllu leyti á búrekstrareiningunni eða eingöngu ein búrekstrareining notar.

Yfirborðsvatn utan býlis úr vötnum, ám eða vatnsföllum

Ferskt yfirborðsvatn (stöðuvötn, ár, önnur vatnsföll) sem ekki er manngert til áveitu.

Vatn utan býlis úr sameiginlegu vatnsveitukerfi

Vatnsgjafar utan búrekstrareiningarinnar, aðrir en þeir sem um getur í „Yfirborðsvatn utan býlis úr vötnum, ám eða vatnsföllum“ sem a.m.k. tvær búrekstrareiningar hafa aðgang að.

Aðrar uppsprettur

Aðrir vatnsgjafar til vökvunar, ót.a. Þessir vatnsgjafar geta verið mjög saltir, t.d. Atlantshafið eða Miðjarðarhafið, og þarf þá að meðhöndla vatnið til að draga úr saltmagninu (afsöltun) fyrir notkun, eða ísaltir (með litlu saltmagni), t.d. Eystrasaltið og tilteknar ár, og þarf þá ekki að meðhöndla þá fyrir notkun. Vatnið kann einnig að hafa verið meðhöndlað til hreinsunar skólps og kemur til notanda sem endurnýtt skólp.

III. **BÚFÉ**

Fjöldi búfjár sem er í beinni vörslu eða umsjá búrekstrareiningarinnar á viðmiðunardegi könnunarinnar.

Dýrin þurfa ekki að vera í eigu eigandans. Þessi dýr geta verið á búrekstrareiningunni (á hagnýttu landbúnaðarsvæði eða í gripahúsum sem búrekstrareiningin notar) eða utan hennar (á sameiginlegu beitarlandi eða í árstíðabundnum flutningum o.s.frv.).

Dýr af hestaætt

Húsdýr af hestaætt sem falla undir ættkvíslina *Equus* af ættinni Equidae, (hross, asnar o.s.frv.).

Nautgripir

Húsdýr af tegundunum *Bos taurus* og *Bubalus bubalus*, þ.m.t. blendingar eins og nautundar (Beefalo).

Nautgripir yngri en eins árs, naut og kvígur

Naut sem eru a.m.k. eins árs en yngri en tveggja ára

Kvígur sem eru a.m.k. eins árs en yngri en tveggja ára

Naut, tveggja ára og eldri

Kvígur, tveggja ára og eldri

Kvígur, tveggja ára og eldri, sem hafa enn ekki borið.

Mjólkurkýr

Bornar kvígur (þ.m.t. þær sem eru yngri en tveggja ára) sem vegna kyns síns eða tiltekinna eiginleika eru einungis eða að mestu leyti haldnar til mjólkurframleiðslu til manneldis eða vegna vinnslu mjólkurafurða.

Aðrar kýr

Bornar kvígur (þ.m.t. þær sem eru yngri en tveggja ára) sem vegna kyns síns eða tiltekinna eiginleika eru einungis eða að mestu leyti haldnar til undaneldis og er mjólk þeirra hvorki ætluð til manneldis né vinnslu mjólkurafurða.

Sauðfé og geitur

Sauðfé (á öllum aldri)

Húsdýr af ættkvíslinni *Ovis aries*.

Ær til undaneldis

Lembdar ær og gimbrar, sem hleypt er til.

Annað sauðfé

Allt annað sauðfé en ær til undaneldis.

Geitur (á öllum aldri)

Húsdýr af undirtegundinni *Capra aegagrus hircus*.

Ær til undaneldis

Huðnur sem hafa borið og kiðfullar geitur.

Aðrar geitur

Allar aðrar geitur en huðnur til undaneldis.

Svín

Húsdýr af ættkvíslinni *Sus scrofa domesticus*.

Smágrísir undir 20 kílóum að þyngd

Grísir almennt undir 20 kílóum að þyngd.

Gyltur til undaneldis sem vega 50 kíló og meira

Kvenkyns svín ætluð til undaneldis, sem vega 50 kíló og meira, óháð því hvort þau hafi gotið eða ekki.

Önnur svín

Svín sem eru ekki tilgreind annars staðar.

Alifuglar

Holdakjúklingar

Húsdýr af tegundinni *Gallus gallus* sem eru haldin til kjötframleiðslu.

Varphænur

Húsdýr af tegundinni *Gallus gallus* sem hafa náð varpaldri og eru haldin til eggjaframleiðslu.

Aðrir alifuglar

Alifuglar sem eru ekki tilgreindir undir holdakjúklingum eða varphænum.

Kalkúnar

Húsdýr af ættkvíslinni *Meleagris*.

Endur

Húsdýr af tegundunum *Anas* og *Cairina moschat*a.

Gæsir

Húsdýr af tegundinni *Anser anser dom*.

Strútar

Strútar (*Struthio camelus*).

Aðrir alifuglar, ót.a.

Kanínur, kvendýr til undaneldis

Kvenkanínur (af ættkvíslinni *Oryctolagu*s) til framleiðslu holdakanína, sem hafa eignast unga.

Býflugur

Fjöldi býflugnabúa með býflugum (Apis mellifera) sem haldnar eru til framleiðslu á hunangi.

Búfé, ót.a.

Annar búfénaður til fæðuframleiðslu sem er ót.a. í þessum þætti.

IV. **VINNUAFL**

i. STÖRF Í BÚREKSTRAREININGUNNI

Vinnuafl við býli

Til vinnuafls teljast allir einstaklingar sem hafa lokið skyldunámi (hafa náð þeim aldri er skólaskyldu lýkur) og sinntu störfum á búrekstrareiningunni á 12 mánaða tímabili fyrir viðmiðunardag könnunarinnar.

Ef lágmarksaldur skólaskyldu í fullu námi og hlutanámi er ekki tilgreindur telst almennri skólaskyldu ljúka við 15 ára aldur.

Einu eigendur búrekstrareininga sem starfa ekki á búrekstrareiningunni eru skráðir í könnuninni en eru ekki taldir með í „Samtals vinnuafl í landbúnaði“.

Allir einstaklingar á eftirlaunaaldri, sem starfa áfram á búrekstrareiningunni, teljast til vinnuafls á býlinu.

Einstaklingar á búrekstrareiningunni sem starfa fyrir þriðja aðila eða samkvæmt fyrirkomulagi um gagnkvæma aðstoð (t.d. starfsmenn verktaka eða samvinnufélaga í landbúnaði) eru ekki meðtaldir.

Landbúnaðarstörf

Landbúnaðarstörf eru öll störf á búrekstrareiningunni sem framlag til i. starfsemi eins og hún er skilgreind í I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1166/2008, ii. þess að viðhalda framleiðsluþáttum, eða iii. starfsemi sem leiðir af þessari framleiðslu.

Tími sem fer í landbúnaðarstörf á búrekstrareiningunni

Tími sem fer í landbúnaðarstörf á búrekstrareiningunni er sá vinnutími sem í raun fer í landbúnaðarstörf á búrekstrareiningunni, þó ekki vinna á heimili eiganda eða bústjóra.

Ársverk

Jafngildi fullrar vinnu, þ.e. er heildarfjöldi vinnustunda deilt með meðalfjölda vinnustunda í fullu starfi í landinu.

Fullt starf merkir lágmarksstundafjöldi sem krafist er í innlendum ákvæðum um ráðningarsamninga. Ef stundafjöldi á ári er ekki tekinn fram í þessum ákvæðum skulu 1800 stundir teljast lágmarksfjöldi (225 átta stunda vinnudagar).

Eigandi

Eigandinn er sá einstaklingur, hópur einstaklinga eða lögaðili sem rekur búrekstrareininguna fyrir eigin reikning og í eigin nafni og sem ber lagalega og fjárhagslega ábyrgð á búrekstrareiningunni, þ.e. tekur fjárhagslega áhættu vegna búrekstrareiningarinnar.

Eigandinn getur átt búrekstrareininguna beint, leigt hana, verið leigutaki að erfðum til langs tíma eða með nýtingarrétt eða verið vörslumaður.

Kyn

Aldur

Störf á búrekstrareiningunni (að heimilisstörfum undanskildum)

Bústjóri

Bústjóri er sá einstaklingur sem ber ábyrgð á hefðbundinni, daglegri fjárhags- og framleiðslustjórnun viðkomandi búrekstrareiningar.

Kyn

Aldur

Störf á búrekstrareiningunni (að heimilisstörfum undanskildum)

Þjálfun bústjóra

Búfræðimenntun bústjóra

Eingöngu hagnýt reynsla af landbúnaði

Reynsla fengin með hagnýtri vinnu á búi.

Undirstöðunám í búfræði

Allt nám sem lokið er við í landbúnaðarháskóla og/eða stofnun sem sérhæfir sig í tilteknum greinum (þ.m.t. garðyrkja, vínrækt, skógrækt, fiskeldi, dýralæknisfræði, landbúnaðartækni og tengdar greinar). Búfræðinám á námssamningi, sem er lokið, telst til undirstöðunáms.

Fullt búfræðinám

Allt nám sem samsvarar a.m.k. tveggja ára fullu námi að loknu skyldunámi og sem stundað var við landbúnaðarsérskóla eða -háskóla eða aðra æðri menntastofnun í búfræði, garðyrkju, vínrækt, skógrækt, fiskeldi, dýralæknisfræði, landbúnaðartækni og tengdum greinum.

Starfsþjálfun sem bústjóri hefur undirgengist á undangengnum 12 mánuðum

Starfsþjálfun er nám eða æfing, þar sem meginmarkmið er að öðlast nýja færni, vegna starfsemi á bújörðum eða starfsemi tengdri búrekstrareiningunni beint, eða til að æfa og bæta færni sem fyrir er, undir leiðsögn þjálfara eða hjá þjálfunarstofnun.

Fjölskyldumeðlimir einu eigenda sem starfa við búrekstrareininguna

Fjölskyldumeðlimir eina eigandans, þ.m.t. maki, sem sinna landbúnaðarstörfum á búrekstrareiningunni en búa ekki endilega á búrekstrareiningunni.

Að öllu jöfnu eru fjölskyldumeðlimir eiganda maki, ættmenni í beinan legg (þ.m.t. með giftingu og ættleiðingu) og bræður og systur eiganda eða maka hans.

Farið er með tvo einstaklinga í sambúð, sem eru ógiftir, eins og um maka væri að ræða.

Fjölskyldumeðlimir einu eigenda sem starfa við búrekstrareininguna: karlar

— Störf á búrekstrareiningunni (að heimilisstörfum undanskildum)

Fjölskyldumeðlimir einu eigenda sem starfa við búrekstrareininguna: konur

— Störf á búrekstrareiningunni (að heimilisstörfum undanskildum)

Fastráðið utanaðkomandi vinnuafl

Allir þeir sem vinna landbúnaðarstörf fyrir og þiggja hvers kyns þóknun (laun, hagnað eða aðrar greiðslur, þ.m.t. greiðslur í fríðu) frá búinu, aðrir en eigandinn og fjölskylda hans/hennar.

Fastráðnir starfsmenn eru einstaklingar sem sinntu landbúnaðarstörfum á búrekstrareiningunni í hverri viku á 12 mánaða tímabilinu sem lýkur á viðmiðunardegi könnunarinnar, án tillits til lengdar vinnuvikunnar.

Einstaklingar, sem voru fastráðnir hluta þess tímabils en hafa ekki getað unnið allt tímabilið af eftirfarandi ástæðum, eru einnig meðtaldir:

1. sérstakar framleiðsluaðstæður eru á búrekstrareiningunni (t.d. bújörðum sérhæfðum í ólífu- eða þrúgurækt, ræktun ávaxta og grænmetis í blandaðri akuryrkju eða eldis nautgripa á graslendi og þar sem einungis er þörf á starfsmönnum í nokkra mánuði),

2. þeir voru fjarverandi vegna orlofs, herþjónustu, veikinda eða slyss eða eru látnir,

3. þeir voru að hefja störf eða hætta störfum á búrekstrareiningunni (tekur einnig til launafólks sem hætti að vinna á einu búi til að hefja störf á annarri á 12 mánaða tímabilinu fyrir viðmiðunardag könnunarinnar),

4. vegna algjörrar vinnustöðvunar á búrekstrareiningunni af óviðráðanlegum orsökum (vegna flóða, bruna o.s.frv.).

Aðrir utanaðkomandi fastráðnir starfsmenn: karlar

— Störf á búrekstrareiningunni (að heimilisstörfum undanskildum)

Aðrir utanaðkomandi fastráðnir starfsmenn: konur

— Störf á búrekstrareiningunni (að heimilisstörfum undanskildum)

Aðrir utanaðkomandi starfsmenn sem ekki eru fastráðnir: karlar og konur

Lausráðnir starfsmenn eru þeir sem unnu ekki í hverri viku á búinu, á 12 mánaða tímabilinu sem lýkur á viðmiðunardegi könnunarinnar, af öðrum ástæðum en þeim sem taldar eru upp fyrir aðra utanaðkomandi fastráðna starfsmenn.

Vinnudagar sem unnir eru af öðrum utanaðkomandi starfsmönnum sem eru ekki fastráðnir, vísa til allra daga sem eru það langir að starfsmanni eru greidd laun eða hvers kyns þóknun (kaup, hagnað eða aðrar greiðslur, þ.m.t. greiðslur í fríðu) fyrir heilsdagsvinnu og felur í sér að unnin vinna er þess eðlis að henni hefði alla jafna verið sinnt af landbúnaðarverkamanni í fullu starfi. Orlofs- og veikindadagar teljast ekki sem vinnudagar.

Fullur vinnudagur er venjulegur vinnudagur fastráðinna starfsmanna sem eru í fullu starfi.

ii. ÖNNUR TEKJUSKAPANDI STARFSEMI: ÖNNUR STÖRF EN LANDBÚNAÐARSTÖRF Í BÚREKSTRAREININGUNNI (SEM TENGJAST BÚREKSTRAREININGUNNI EKKI BEINT) OG STÖRF UTAN BÚREKSTRAREININGARINNAR

Önnur tekjuskapandi starfsemi er öll starfsemi sem er sinnt fyrir þóknun (laun, kaup, hagnað eða aðrar greiðslur, þ.m.t. greiðslur í fríðu í samræmi við veitta þjónustu) önnur en landbúnaðarstörf á búrekstrareiningunni sem skilgreind er í i-lið IV. þáttar og annarri tekjuskapandi starfsemi sem er skilgreind í i.-lið V. þáttar.

Landbúnaðarstörf sem starfsfólk á einu búi sinnir fyrir annað bú eru meðtalin.

Upplýsingum er einungis safnað ef um er að ræða um búrekstrareiningu þar sem eini eigandinn er einstaklingur (þ.e. þar sem eigandinn er einnig bústjóri) og ef um er að ræða bújarðir með sameiginlegan rekstur. Upplýsingum er ekki safnað ef um er að ræða búrekstrareiningu þar sem eini eigandinn er ekki bústjóri og ef um lögaðila er að ræða.

Skráðar eru upplýsingar um aðra tekjuskapandi starfsemi um eigendann og aðra fjölskyldumeðlimi eina eigandans. Þær eru einungis skráðar ef þær tengjast landbúnaðarstörfum eða störfum sem tengjast búrekstrareiningunni beint.

Tekjur af óaðskiljanlegri aukastarfsemi, sem er ekki tengd landbúnaði á búrekstrareiningunni, eru ekki meðtaldar þar sem þær eru taldar með landbúnaðarstörfum.

Sú starfsemi sem er meðtalin hér eru flokkuð sem:

— Meginstarfsemi — starfsemi sem meiri eða jafnmikill tími fer í en landbúnaðarstörf á búrekstrareiningunni,

— Aukastarfsemi — starfsemi sem minni tími fer í en landbúnaðarstörf á búrekstrareiningunni.

Önnur tekjuskapandi starfsemi eigandans sem einnig er bústjóri:

Öll tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni ekki beint og eigandinn stundar það að aukastarfsemi að vera einnig bústjóri.

Önnur tekjuskapandi starfsemi aðstandenda eina eigandans:

Meginstarfsemi

Fjöldi einstaklinga (annaðhvort maki eina eigandans eða aðrir fjölskyldumeðlimir úr fjölskyldu eina eigandans) sem stunda aðra tekjuskapandi starfsemi er tengist ekki meginstarfsemi búrekstrareiningarinnar.

Aukastarfsemi

Fjöldi einstaklinga (annaðhvort maki eina eigandans eða aðrir fjölskyldumeðlimir úr fjölskyldu eina eigandans) sem stunda aðra tekjuskapandi starfsemi er tengist ekki aukastarfsemi búrekstrareiningarinnar.

V. ÖNNUR TEKJUSKAPANDI STARFSEMI Á BÚREKSTRAREININGUNNI (SEM TENGIST BÚREKSTRAREININGUNNI BEINT)

i. SKRÁ YFIR AÐRA TEKJUSKAPANDI STARFSEMI

Önnur tekjuskapandi starfsemi á búrekstrareiningunni samanstendur af allri starfsemi annarri en landbúnaðarstörfum sem tengist búrekstrareiningunni beint og hefur efnahagsleg áhrif á hana.

„Starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint“: starfsemi þar sem annaðhvort eru notaðir framleiðsluþættir búrekstrareiningarinnar (svæði, byggingar, vélbúnaður o.s.frv.) eða afurðir hennar. Starfsmennirnir teljast vinna eftir tvenns konar aðskildu fyrirkomulagi og telst því starfsemin ekki vera í beinum tengslum við búrekstrareininguna ef einungis er notast við vinnuafl býlisins sjálfs (aðstandendur og utanaðkomandi) og engir aðrir framleiðsluþættir búrekstrareiningarinnar eru notaðir.

Meðtalin er bæði starfsemi sem er ekki landbúnaðarstörf og landbúnaðarstörf fyrir aðrar búrekstrareiningar.

Tekjuskapandi starfsemi á, í þessu samhengi, við um virka vinnu og eru hreinar fjárfestingar því undanskildar. Útleiga á landi til ýmiss konar starfsemi án frekari þátttöku í þeirri starfsemi er einnig undanskilin.

Framboð á heilbrigðis- og félagsþjónustu og menntamálum

Öll starfsemi sem er tengd framboði á heilbrigðis- og félagsþjónustu og menntamálum og/eða félagslegri atvinnustarfsemi þar sem notaðir eru annaðhvort framleiðsluþættir búrekstrareiningarinnar eða vörur á forstigi framleiðslunnar.

Ferðaþjónusta, gistiaðstaða og önnur frístundastarfsemi

Öll starfsemi í ferðaþjónustu, gistiþjónustu, skoðunarferðir á búrekstrareininguna fyrir ferðamenn eða aðra hópa, íþrótta- eða tómstundastarf o.s.frv. þar sem land, byggingar eða aðrir framleiðsluþættir búrekstrareiningarinnar eru notaðir.

Handverk

Handunnar vörur sem annaðhvort eigandi, fjölskyldumeðlimir tengdir honum eða utanaðkomandi vinnuafl framleiðir á búrekstrareiningunni, að því tilskildu að viðkomandi sinni einnig landbúnaðarstörfum, óháð því hvernig afurðirnar eru seldar.

Vinnsla landbúnaðarafurða

Öll vinnsla á aukaafurðum úr landbúnaðarhráefnum á bújörðinni, óháð því hvort hráefnin eru framleidd á búrekstrareiningunni eða aðkeypt. Þar er með talin kjötvinnsla, ostagerð o.s.frv.

Öll vinnsla landbúnaðarafurða heyrir til þessa liðar nema vinnslan teljist til landbúnaðarstarfsemi. Víngerð og framleiðsla á ólífuolíu er því undanskilin nema verulegur hluti vínsins eða ólífuolíunnar sé aðkeyptur.

Vinnsla endurnýjanlegrar orku

Vinnsla endurnýjanlegrar orku fyrir markaðinn, þ.m.t. lífgas, lífeldsneyti eða rafmagn, með vindhverflum, með öðrum búnaði eða úr hráefni úr landbúnaði.

Endurnýjanleg orka, sem er eingöngu framleidd til notkunar á búrekstrareiningunni, er ekki meðtalin hér.

Timburvinnsla (t.d. sögun)

Vinnsla á búrekstrareiningunni á óunnum viði til sölu á markaði (sögun á viði o.s.frv.).

Lagareldi

Framleiðsla á fiski, vatnakröbbum o.s.frv. á búrekstrareiningunni. Starfsemi sem felst eingöngu í fiskveiðum er ekki meðtalin.

Verktakavinna (með notkun á framleiðsluþáttum búrekstrareiningarinnar)

Verktakavinna, með tækjum í eigu búrekstrareiningarinnar, þar sem vinna innan eða utan landbúnaðargeirans er aðgreind, t.d. snjóruðningur, farmflutningar, landslagsvernd, landbúnaðar- og umhverfisþjónusta o.s.frv.

Tengd landbúnaði (fyrir aðrar búrekstrareiningar)

Ótengd landbúnaði

Skógrækt

Vinna við skógrækt þar sem bæði er nýtt vinnuafl búsins og vélar og búnaður búrekstrareiningarinnar sem er jafnan nýtt í landbúnaði.

Annað

Önnur tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint og er ót.a.

Þátttakendur

Sú starfsemi sem er meðtalin hér eru flokkuð sem:

— meginstarfsemi — starfsemi sem meiri eða jafnmikill tími fer í en landbúnaðarstörf á búrekstrareiningunni,

— aukastarfsemi — starfsemi sem minni tími fer í en landbúnaðarstörf á búrekstrareiningunni.

Eigandi sem er einnig bústjóri

Aðrir fjölskyldumeðlimir eina eigandans, sem meginstarfsemi þeirra

Aðrir fjölskyldumeðlimir eina eigandans, sem aukastarfsemi þeirra

Aðilar utan fjölskyldunnar sem starfa reglulega á búrekstrareiningunni, sem er meginstarfsemi þeirra

Aðilar utan fjölskyldunnar sem starfa reglulega á búrekstrareiningunni, sem er aukastarfsemi þeirra

ii. MIKILVÆGI ANNARRAR TEKJUSKAPANDI STARFSEMI SEM TENGIST BÚREKSTRAREININGUNNI BEINT

Hundraðshluti af endanlegum afurðum búrekstrareiningarinnar

Mikilvægi annarrar tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint í framleiðslu búrekstrareiningarinnar er talið vera hlutfall veltunnar er kemur til vegna annarrar tekjuskapandi starfsemi sem er tengd búrekstrareiningunni beint í heildarveltu búrekstrareiningarinnar og beinna greiðslna þeirrar búrekstrareiningar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EU) nr. 1307/2013 ([13]).

$$\text{HLUTFALL} = \frac{\text{Velta af annarri tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint}}{\text{Heildarvelta beinna greiðslna búrekstrareiningarinnar (frá landbúnaði og annarri tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint) + beinar greiðslur}}$$

VI. STUÐNINGUR VIÐ DREIFBÝLISÞRÓUN

Á síðastliðnum þremur árum hefur búrekstrareiningin notið góðs af einni af eftirfarandi ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar

Ráðstafanir þar sem bóndinn er styrkþegi eru tilgreindar í III. bálki, 1. kafla reglugerðar (EB) nr. 1305/2013.

Upplýsinga skal aflað, hvort sem búrekstrareiningin hefur notið góðs af einni af eftirfarandi ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar á síðastliðnum þremur árum eða ekki, samkvæmt tilteknum stöðlum og reglum í nýjustu löggjöf.

Þátttaka bænda í gæðakerfum fyrir matvæli

Ákvæði 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013: Gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli

Greiðslur tengdar Evrópuneti verndarsvæða og rammatilskipun um vatn ([14])

Ákvæði 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013: Greiðslur samkvæmt Evrópuneti verndarsvæða og rammatilskipunar um vatn

Greiðslur fyrir umhverfisvænan landbúnað — greiðslur vegna loftslags

Ákvæði 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013: Umhverfisvænn landbúnaður — loftslag

Lífrænn búskapur

Ákvæði 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013: Lífrænn búskapur

Greiðslur vegna velferðar dýra

Ákvæði 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013: Velferð dýra

Fjárfestingar í efnislegum eignum

Ákvæði 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013: Fjárfestingar í efnislegum eignum

Forvarnir og enduruppbygging á landbúnaðarframleiðslu sem hefur orðið fyrir skaða vegna náttúruhamfara og hamfara

Ákvæði 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013: Að koma að nýju á landbúnaðarframleiðslu þar sem tjón hefur orðið af völdum náttúruhamfara og hamfara og að taka upp viðeigandi forvarnir

Landbúnaðar- og fyrirtækjaþróun

Ákvæði 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013: Landbúnaðar- og fyrirtækjaþróun

Fjárfestingar í þróun skógarsvæða og lífvænleika skóga

Ákvæði 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013: Fjárfestingar í þróun skógarsvæða og lífvænleika skóga

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 frá 17. desember 2013 um að koma á reglum um beingreiðslur til bænda samkvæmt stuðningskerfum innan ramma sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 637/2008 og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 73/2009 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 608)

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1)

Nýskógrækt og gerð skóglendis

Ákvæði 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013: Nýskógrækt og gerð skóglendis

Landbúnaðarskógræktarkerfum komið á fót

Ákvæði 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013: Kerfum landbúnaðarskógræktar komið á fót

Forvarnir og enduruppbygging vegna skaða á skógum

Ákvæði 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013: Forvarnir og enduruppbygging á skógum sem hafa orðið fyrir skaða vegna skógarelda og náttúruhamfara og hamfara

Fjárfestingar sem bæta viðnámsþrótt og umhverfislegt gildi skóga

Ákvæði 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013: Fjárfestingar sem bæta viðnámsþrótt og umhverfislegt gildi skógarvistkerfa

Fjárfestingar í tækniþekkingu í skógrækt og úrvinnsla til virkjunar og markaðssetningar á skógræktarafurðum

Ákvæði 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013: Fjárfestingar í tækniþekkingu í skógrækt og úrvinnsla til virkjunar og markaðssetningar á skógarafurðum

Greiðslur til svæða sem standa frammi fyrir náttúrulegum takmörkunum eða öðrum sértækum takmörkunum

Ákvæði 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013: Greiðslur til svæða sem standa frammi fyrir náttúrulegum takmörkunum eða öðrum sértækum takmörkunum

Þjónusta á sviði umhverfisvænnar skógræktar og til verndunar skóga

Ákvæði 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013: Þjónusta á sviði umhverfisvænnar skógræktar og til verndunar skóga

Áhættustýring

Ákvæði 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013: Áhættustýring

VII. STARFSVENJUR VEGNA MEÐHÖNDLUNAR JARÐVEGS OG HÚSDÝRAÁBURÐAR Á BÚUM

Jarðvinnsluaðferðir á akurlandi utanhúss

Hefðbundin jarðvinnsla

Akurland þar sem jarðvegi er umturnað með hefðbundinni jarðvinnslu, að öllu jöfnu fyrst með því að nota vendiplóg eða diskaplóg til jarðvinnslu og síðar diskaherfi.

Lítil jarðvinnsla

Akurland þar sem (lítil) jarðvinnsla til verndunar fer fram, þ.e. sú aðferð eða -kerfi þar sem plöntuleifar (minnst 30%) eru skildar eftir á yfirborði jarðvegs til að takmarka jarðvegseyðingu og binda raka, yfirleitt með því að umturna ekki jarðvegi.

Engin jarðvinnsla (að undanskildu akurlandi úti á svæðum sem eru þakin fjölærum plöntum)

Akurland þar sem engin jarðvinnsla fer fram á milli uppskeru og sáningar.

Þekjandi jarðlag úti á akurlandi

Það hvernig akurland er þakið plöntum eða plöntuleifum eða skilið eftir bert að vetri til.

Venjuleg vetraruppskera

Akurland þar sem nytjaplöntum er sáð að hausti og vaxa að vetri (venjulegar haustplöntur, svo sem hausthveiti), yfirleitt uppskorið eða notað til beitar.

Þekjuplöntur eða milliræktun

Akurland þar sem plöntum er sáð sérstaklega til að binda jarðveg og takmarka tap á næringarefnum og plöntuvarnarefnum að vetri eða á öðrum tíma þegar landið væri annars autt eða berskjaldað gagnvart tapi. Þessar plöntur hafa ekki mikið efnahagslegt gildi og er helsta markmiðið vernd jarðvegs og næringarefna.

Að öllu jöfnu eru þær plægðar niður að vori áður en sáð er fyrir öðrum nytjaplöntum og eru hvorki uppskornar né notaðar til beitar.

Jurtaleifar

Akurland sem er þakið plöntuleifum eða stubbum síðasta uppskerutímabils yfir veturinn. Milliræktun og þekjuplöntur eru undanskilin.

Ber jarðvegur

Akurland sem er plægt eða rutt á annan hátt að hausti og ekki sáð í eða þakið yfir veturinn með neinum plöntuleifum, og það skilið eftir autt þar til landbúnaðarstarfsemi hefst aftur fyrir sáningu eða með sáningu á næsta vori.

Akurland úti á svæðum með fjölærum plöntum

Akurland utandyra á svæðum með fjölærum plöntum *sem er ekki sáð eða þær ræktaðar á viðmiðunarárinu*.

Skiptiræktun á akurlandi

Við skiptiræktun er skipt um nytjaplöntur á tilteknum akri, eftir *fyrirfram ákveðnu mynstri eða í röð* eftir ræktunarárum svo að nytjaplöntur sömu tegundar séu ekki ræktaðar án hlés á sama akri.

Hlutfallsspönn akurlands sem er nýtt í skiptiræktun

Akurland er hluti af skipulagðri skiptiræktun.

Vistfræðilegt áherslusvæði – heildarflatarmál jaðarsvæða, öryggissvæða, trjáa, hvíldarlands, lífvista, svæða þar sem nýskógrækt er stunduð og einkenna í landslagi

Svæði sem bústjóri búrekstrareiningarinnar tryggir að séu vistfræðileg áherslusvæði, eins og lýst er í 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013. Heildarflatarmál jaðarsvæða, öryggissvæða, trjáa, hvíldarlands, lífvista, svæða þar sem nýskógrækt er stunduð og einkenna í landslagi

Einungis ætti að vera tilkynnt um frá býlum sem eru með meira en 15 hektara akurland.

Tækni við dreifingu húsdýraáburðar

Hundraðshluti af heildarmagni húsdýraáburðar á býlinu (framleiðsla auk innflutnings, að frádregnum útflutningi) sem er dreift á land til landbúnaðar með mismunandi aðferðum.

Breiðdreifing

Húsdýraáburði dreift á yfirborð lands eða á uppskeru án þess að nota tækni ábreiðslu eða ídælingar

Engin niðurfelling

Hundraðshluti af heildarmagni húsdýraáburðar þegar ekki hefur átt sér stað niðurfelling inn í jarðveginn. Hafi húsdýraáburðurinn ekki verið niðurfelldur innan 24 klukkustunda eftir breiðdreifingu, er það meðtalið hér.

Niðurfelling innan 4 klukkustunda

Hundraðshluti af heildarmagni húsdýraáburðar, sem hefur verið blandað í jarðveginn með vélvirkum hætti innan 4 klukkustunda frá dreifingu

Niðurfelling eftir 4 klukkustundir

Hundraðshluti af heildarmagni húsdýraáburðar, sem hefur verið blandað í jarðveginn með vélvirkum hætti eigi síðar en 4 klukkustundum frá dreifingu. Hafi húsdýraáburðurinn ekki verið niðurfelldur innan 24 klukkustunda eftir breiðdreifingu, fellur niðurfellingin ekki undir þessa fyrirsögn en fellur í stað undir: Engin niðurfelling.

Ábreiðsla

Fljótandi húsdýraáburður eða blanda fasts og fljótandi húsdýraáburðar er borinn á svæði í samsíða rákum, með engum húsdýraáburði á milli rákanna, með því að nota tæki (við ábreiðslu) sem fest er aftan á tankbifreið eða dráttarvél til að dreifa fljótandi húsdýraáburði eða blöndu fasts og fljótandi húsdýraáburði á jörðu.

Ábreiðsluslanga

Tegund af tæki til að nota við ábreiðslu og samanstendur það af mörgum slöngum sem eru festar á bómu, án þess að nota tæki sem eru hönnuð til að aðskilja nytjaplöntur eða grasstrá.

Niðurfellingarskór

Tegund af tæki til að nota við ábreiðslu og samanstendur það af tæki sem er í laginu eins og fótur eða skór og er festur á bómu, hannað til að aðskilja nytjaplöntur eða grasstrá, til að setja húsdýraáburðinn í rákir á yfirborðið en lágmarka smitun á nytjaplönturnar eða grasið.

Ídæling

Fljótandi húsdýraáburður eða blanda fasts og fljótandi húsdýraáburðar er borinn á í mismunandi djúpar raufir sem gerðar hafa verið í jarðveginn út frá tegund dreifingar.

Grunn/opin-rauf

Raufarnar eru grunnar, að jafnaði um 50 mm djúpar. Þær eru skildar eftir opnar eftir notkun.

Djúp/lokuð-rauf

Raufarnar eru dýpri, að jafnaði um 150 mm djúpar. Þeim er lokað eftir notkun.

Innflutningur/útflutningur húsdýraáburðar úr búrekstrareiningunni

Heildarframleiðsla húsdýraáburðar sem flutt er úr búrekstrareiningunni

Magn húsdýraáburðar sem flutt er úr búrekstrareiningunni.

Innflutningur húsdýraáburðar til búrekstrareiningarinnar

Magn húsdýraáburðar sem fært er á búrekstrareininguna til að nota í landbúnaði, án tillits til þess hvort greitt hafi verið fyrir hann eða hann fenginn án endurgjalds.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1730 **2016/EES/05/53**

frá 28. september 2015

um að samþykkja vetnisperoxíð sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 3, 4, 5 og 6 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir vetnisperoxíð.

2) Vetnisperoxíð hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([3]) fyrir notkun í vöruflokki 1, sæfivörur í hreinlætisvörum fyrir menn, vöruflokki 2, sótthreinsiefni og aðrar sæfivörur til einkanota og til nota innan heilsugæslunnar, vöruflokki 3, sæfivörur í hreinlætisvörum fyrir dýr, vöruflokki 4, sótthreinsiefni til notkunar á svæðum fyrir matvæli og fóður, vöruflokki 5, sótthreinsiefni fyrir drykkjarvatn, og vöruflokki 6, rotvarnarefni fyrir vörur í ílátum, eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvara, eftir því sem við á, vöruflokkum 1, 2, 3, 4, 5 og 6 eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Finnland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði matsskýrslur, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 2. ágúst 2013 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 ([4]).

4) Í samræmi við b-lið 1. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 2. febrúar 2015, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt þeim álitum má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokkum 1, 2, 3, 4, 5 og 6 og innihalda vetnisperoxíð, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tiltekin skilyrði sem varða notkun þess séu uppfyllt.

6) Því er rétt að samþykkja vetnisperoxíð til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 3, 4, 5 og 6, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

7) Að því er varðar notkun í vöruflokk 4 fjallaði matið ekki um íblöndun sæfivara, sem innihalda vetnisperoxíð í efnivið og hluti sem ætlað er að komast með beinum eða óbeinum hætti í snertingu við matvæli í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 ([5]). Fyrir slíkan efnivið gæti reynst nauðsynlegt að setja sértæk mörk fyrir flæði yfir í matvæli, eins og um getur í e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004. Samþykkið ætti því ekki að ná yfir slíka notkun, nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett slík mörk eða sýnt hafi verið fram á samkvæmt þeirri reglugerð að slík mörk séu ekki nauðsynleg.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).

8) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna ([6]) gildir um vetnisperoxíð.

9) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Vetnisperoxíð er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 3, 4, 5 og 6, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. september 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna (Stjtíð. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 1).

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði
Vetnisperoxíð	IUPAC-heiti: Vetnisperoxíð EB-nr.: 231-765-0 CAS-númer: 7722-84-1	Framleitt, virkt efni er vatnslausn sem inniheldur 350– < 700 g/kg (35– < 70% miðað við þyngd) af vetnisperoxíði. Fræðileg (reiknuð) þurrvigt: lágmarkshreinleiki vetnisperoxíðs er 995 g/kg (99,5% miðað við þyngd).	1. febrúar 2017	31. janúar 2027	1	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Leyfi fyrir sæfivörum skulu vera með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 98/2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna. 2) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir þá sem meðhöndla þykktu vörurnar í atvinnuskyni.
					2	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Leyfi fyrir sæfivörum skulu vera með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 98/2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna. 2) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði
					3	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Leyfi fyrir sæfivörum skulu vera með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 98/2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna. 2) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una.
					4	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Leyfi fyrir sæfivörum skulu vera með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 98/2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna. 2) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði
						3) Ekki skal blanda vörum í efnivið og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett sértæk mörk fyrir flæði vetnisperoxíðs yfir í matvæli eða sýnt hafi verið fram á, samkvæmt þeirri reglugerð, að slík mörk séu ekki nauðsynleg.
					5	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Leyfi fyrir sæfivörum skulu vera með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 98/2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna. 2) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una.
					6	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sértæk skilyrði
						Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Leyfi fyrir sæfivörum skulu vera með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 98/2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna. 2) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörum skal nota viðeigandi persónuhlífar þegar ekki er unnt að draga á annan hátt úr váhrifum þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.